Við 1. *Afgjald af jarðeignum landssjóðs* hefur numið brúttó að meðaltali á 5 ára tímabilinu 1901—1905 . . . . . kr. 36,613,93
að frádregnum umboðslaunum, prestmötu, húsabótastyrk o. fl. . — 13,305,21
Nettó kr. 23,308,72

á 3ja ára tímabilinu 1903—1905 brúttó . . . . . kr. 37,567,23
að frádregnum umboðslaunum, prestmötu, húsabótastyrk o. fl. . . — 14,495,73
Nettó kr. 23,071,50

Vegna þess, að margar þjóðjarðir hafa nú verið gerðar falar ábúendum, og búast má við, að fleiri jarðir verði seldar, þykir eigi rjett að ætla þennan tekjulið hærri en 21,000 kr. Afgjald þeirra jarða, sem þegar hafa verið gerðar falar, nemur liðugum 3000 krónum.

Við 2. *Tekjur af kirkjum.* Þessar tekjur eru aðeins af tveimur kirkjum, Langholtskirkju og Þykkvabæjarklausturskirkju og hafa síðustu árin verið undir 100 kr. á ári, og eru því taldar 65 kr. á ári eins og á núgildandi fjárlögum.

Við 3. *Tekjur af silfurbergsnámum í Helgustaðafjalli* hafa numið að meðaltali árin 1901—1905 1632 kr. 17 a. Þær eru því taldar 1600 kr.

Við 4. gr.

Við 1. Hjer skal sýnt yfirlit yfir tekjur þær, sem ætla má, að landssjóður hafi af viðlagasjóði árin 1908 og 1909, en jafnframt skal þess getið, að eftir landsreikningunum fyrir fjárhagstímabilið 1904 og 1905 er tekjuafgangur 530 kr. 40 a., og að peningaforði landssjóðs var 31. desbr. 1905 590,506 kr. 52 aur., og voru þar af 370,000 kr. á hlaupareikningi í landsbankanum og 140,000 kr. á hlaupareikningi í Íslandsbanka.

1.	Vextir af $3^1/_2{}^0/_0$ ríkisskuldabrjefum samkvæmt innritunarskírteini að upphæð 215,200 kr. og er sú upphæð tryggingarfje veðdeildar landsbankans samkv. lögum 12. janúar 1900 ... ... kr.	7532,00	7532,00
2.	Vextir af bankavaxtabrjefum viðlagasjóðs að upphæð 100,000 kr. .. .. —	4500,00	4500,00
3.	Vextir af lánum með hálfs árs uppsagnarfresti... — Höfuðstóll $^{31}/_{12}$ 1905 255,419 kr. 12 a.	9839,00	9839,00
	Flyt kr.	21871,00	21871,00

	Fluttar	kr. 21871,00	21871,00
4.	Vextir af almennum afborgunarlánum... ... ... Höfuðstóll 31. desbr. 1905 148,224 kr. 48 a.	— 5505,80	5240,80
5.	Vextir af lánum til amta, sýslna og hreppa o. fl. Höfuðstóll $^{31}/_{12}$ 1905 118,996 kr. 77 a.	— 3837,44	3411,89
6.	Vextir af tóvjelalánum ... ... Höfuðstóll $^{31}/_{12}$ 1905 83,925 kr. 77 a.	— 3764,16	3674,65
7.	Vextir af rjómabúalánum ... ... Höfuðstóll $^{31}/_{12}$ 1905 53,185 kr.	— 2078,25	2039,70
8.	Vextir af lánum til prestakalla, kirkna og skóla Höfuðstóll $^{31}/_{12}$ 1905 88,679 kr. 94 a.	— 3038,52	2789,21
9.	Vextir af þurrabúðarmannalánum... ... ... Höfuðstóll $^{31}/_{12}$ 1905 7544 kr. 75 a.	— 259,00	250,34
		40,354,17	39,727,59

Tekjur þessar virðist því mega telja 40,000 kr. árið 1908 og 39,000 kr. árið 1909.

Það skal tekið fram, að lán til þilskipakaupa hafa á árinu 1906 verið tekin úr viðlagasjóði og lögð til fiskiveiðasjóðsins samkv. lögum nr. 52, 10. nóvbr. 1905 um stofnun Fiskiveiðasjóðs Íslands.

Íshúslán verða væntanlega að fullu endurgreidd fyrir árslok 1907.

Af skuldabrjefum þeim, sem nefnd eru í töluliðunum 4—9 verða á árunum 1908 og 1909 borgaðar samkvæmt ákvæðum þeirra, þessar fjárupphæðir:

	1908.	1909.
Af þeim sem talin eru í tölulið 4	6624 kr. 44 a.	6874 kr. 67 a.
— — — — — - — 5	10639 — 20 -	9245 — 37 -
— — — — — - — 6	2338 — 32 -	4671 — 66 -
— — — — — - — 7	1284 — 97 -	1518 — 38 -
— — — — — - — 8	6233 — 09 -	5785 — 84 -
— — — — — - — 9	347 — 50 -	357 — 50 -
Samtals	27,467 kr. 52 a.	28453 kr. 42 a.

Alþingi mun verða gefinn kostur á að kynna sjer fullkomna skrá, er gjaldkeri landssjóðs hefur samið yfir þessi skuldabrjef, og skýrir hún frá upphæðum hinna einstöku lána, afborgunarskilmálum o. fl.

Við 2. Eins og í núgildandi fjárlögum sbr. lög nr. 12, 12. janúar 1900.

Við 3. Það virðist eins og á stendur mega telja þessar tekjur 10,000 kr. árlega.

Við 5. gr.

Tekjuliðirnir eru taldir eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 6. gr.

Tillagið úr ríkissjóði er talið samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 2. janúar 1871.

Við 7. gr.

Upphæðir þær, sem í fjárlagafrumvarpi þessu og í frumv. til fjáraukalaga fyrir 1906 og 1907 er farið fram á, að veittar sjeu til nýrra ritsíma- og talsímasambanda og til nýrra viðauka við núverandi símasambönd landssjóðs, nema samtals fullum 575 þúsund krónum, (þaraf Vestfjarðaálman yfir 360 þús.), og þótt gjört sje ráð fyrir, að hjeruð þau og sveitir, sem liggja fyrir utan hinn eiginlega aðalsíma landsins frá landtökustað sæsímans til Reykjavíkur og Ísafjarðar leggi talsvert fje fram, þá nemur þó framlag landssjóðs á fjárhagstímabilinu til nýbygginga þessara yfir hálfa miljón króna. Með því að hjer er að ræða um kostnað eitt skifti fyrir öll, sem á að koma eftirfarandi árum að notum, þykir ekki rjett að taka hann allan af eins fjárhagstímabilstekjum, heldur virðist í alla staði sanngjarnara og rjettara gagnvart gjaldendum, að skifta honum niður á nokkur ár. Það er því lagt til, að nú sje notuð lánsheimild sú, sem stjórninni er veitt í lögum um lántöku fyrir landssjóð frá 19. desbr. 1903, sem enn hefur eigi þurft til að taka, þannig að tekið sje 500,000 kr. lán, sem vonandi fæst með 4% vöxtum, og sje lánið endurborgað á 10 árum frá 1. jan. 1910 að telja. Þetta er því síður varhugavert, sem ætla má að fyrirtæki þau, sem hjer er um að ræða, gefi talsverðar beinar tekjur í landssjóð árlega, og gæti sá tekjuauki gengið til afborgunar skuldinni.

---

2. kafli.

Útgjöld:

Við 9. gr.

1. Laun ráðherrans, risnufje og uppbót fyrir embættishústað er talið samkvæmt 2. gr. laga nr. 17, 3. oktbr. 1903.

2. Til utanferða ráðherrans er áætlað eins og í núgildandi fjárlögum. Að vísu hefur kostnaðurinn orðið nokkru meiri en 2000 kr. árlega árin 1904 og 1905, en það stafar aðallega af tveimur aukaferðum, sem ráðherrann þá þurfti að fara. Árið 1906 var kostnaður þessi eigi nema 1100 kr., og hann stafar eingöngu af utanför ráðherrans út af konungaskiftunum. Upphæð þessi, sem að öðru leyti er áætluð, er því látin halda sjer.

3.—4. Laun landritara og þriggja skrifstofustjóra eru talin samkvæmt lögum nr. 17, 3. oktbr. 1903, 4. gr.

5. Það er farið fram á, að auka skrifstofufjeð upp í 16,000 kr. árlega. Hin áætlaða upphæð sbr. lög nr. 17, 3. oktbr. 1903, 4. gr. hefur eigi reynst nægileg; árið 1905 var skrifstofukostnaðurinn 15,008 kr. 03 og árið 1906 eitthvað umfram áætlun; og þar við bætist, að störfin vaxa stöðugt, svo að það mun eigi líða á löngu, að taka þarf mann til aðstoðar, að minsta kosti við og við, á 2. skrifstofu, auk þess, sem öll sanngirni mælir með því að bæta dálítið launakjör aðstoðarmanna, eftir aldri þeirra og verðleikum, því laun þeirra út af fyrir sig eru ekki nægileg til að framfæra fjölskyldu á sómasamlegan hátt, eins og allar lífsnauðsynjar fara nú hækkandi í verði.

6. Eins og í núgildandi fjárlögum sbr. 6. gr. laga nr. 17, 3. oktbr. 1903.

7. Það er farið fram á, að hækka þennan lið um 500 kr. á ári. Skjalasöfn landshöfðingja, amtmanna og stjórnarráðsins í Kaupmannahöfn, sem nauðsynlegt er að hafa við hendina fyrst um sinn, eru afarstór og komast því eigi fyrir í stjórnarráðshúsinu í klefum þeim þar, sem til þess eru innrjettaðir, og er því eins og nú stendur mjög ilt aðgöngu. Úr þessu mætti bæta mikið, með því að leggja gólf á efsta loft, sem nú er alveg óinnrjettað, og setja þakglugga, mætti þá fá góða geymslu handa söfnunum. Gluggar á húsinu á 1. lofti sunnanverðu, þar sem skjalasafnið er geymt, eru mjög litlir, svo að hætt er við, að erfitt verði að bjarga út um þá, ef eldur kemur npp. Til þess að stækka gluggana og gera við á öðru lofti eins og að framan greinir, er farið fram á hækkun þessa.

Við 10. gr.

Það hefur verið álitið nauðsynlegt að færa upphæðina upp í 50 þúsund, enda nam kostnaðurinn við síðasta alþing þeirri upphæð. Hækkunin stafaði af því, að allur kostnaður við prentun stjórnarfrumvarpa bæði fyrir þing og í skjalaparti þingtíðindanna, svo og prentun danskra þýðinga á stjórnarfrumvörpunum lendir nú á landssjóði; en kostnaður þessi var áður, meðan stjórnarráðið var í Kaupmannahöfn, greiddur af ríkissjóði.

Við 11. gr.

Við A. 1. a. *til dómara og sýslumanna.* Þessi útgjöld liðast sundur á sama hátt og áður, sjá athugasemdir við frv. til fjárlaga 1906 og 1907, Alþ.tíð. 1905 A. bls. 35—36. — Laun dómenda í yfirrjettinum eru talin samkv. lögum 15. oktbr. 1875, 10. gr. og lögum um breyting á þeim lögum 9. desbr. 1889, 3. og 7. gr., en laun sýslumanna og bæjarfógeta samkv. lögum 14. desbr. 1877, 4., 5. og 7. gr., sbr. lög 8. maí 1894, lög 11. nóvbr. 1899 og lög 13. sept. 1901.

Við A. 1. b. Gjöld þessi hafa á árunum 1902—'04 numið 7,608,34 að meðaltali árlega, og eru því talin 8,000 kr. eins og í núgildandi fjárlögum.

Við A. 2. Upphæð þessi er talin eins og í margra ára undanfarandi fjárlögum.

Við A. 3. a.—j. Gjöld þessi eru talin eins og í núgildandi fjárlögum, nema liður b. fellur burtu, með því að núverandi fangavörður hefur fengið lausn frá 1. septbr. þ. á.

Við A. 4. *Kostnaður við viðhald fangelsanna.* Bæjarfógetinn á Ísafirði hefur skýrt frá, að fangelsið þar væri orðið mjög hrörlegt, trjeklæðning fúin og feigð utan, og víða ónýt innan og húsið svo gisið og kalt, að ólíft sje þar á vetrum, þó lagt sje í ofna, enda sje umbúningur þeirra þannig, að þeir rjúki allir. Bæjarfógetinn telur bráðnauðsynlegt að járnklæða húsið að utan, pappaklæða það innan og leggja þar klæðning innan á, setja nýjan reykháf í það, gera nýjan skíðgarð utan um það og mála það utan og innan. Trjesmiður, sem skoðað hefur húsið og gert áætlun um kostnaðinn við þessa aðgerð, telur að hún muni kosta 1790 kr., en bæjarfógeti hyggur, að 1600 kr. muni hrökkva, og er því farið fram á þessa upphæð fyrra árið.

Við A. 5. a.—g. Þessi gjöld eru hin sömu og í núgildandi fjárlögum.

Við B. 1. a.—d. Gjöld þessi, til þess að gefa út Stjórnartíðindi og Landshagsskýrslur, eru talin hin sömu og í gildandi fjárlögum.

Við B. 2. Það er óhjákvæmilegt, nú þegar símasambönd eru komin á, að embættismenn, sjerstaklega sýslumenn og læknar, noti símana í embættisnafni, og getur það ekki komið til mála, að þeir borgi kostnað fyrir skeytasendingar úr sínum eigin vasa, þar sem þeir gætu notað þjónustufrímerki á brjef um sama efni, og það því síður, sem þeir með því að nota símana, geta sparað landssjóði fje oft og einatt, svo sem sendiferðir, ferðakostnað o. s. frv. Kostnað við embættisskeytasendingar verður því að skoða á sama hátt og endurgjald fyrir burðareyri undir embættisbrjef og er farið fram á að hækka þennan lið um 2500 kr. árlega, en sú upphæð er að eins áætlanarupphæð og sennilega of lág, en reynsla er enn engin fyrir því, hve miklu þetta nemi.

Við B. 3.—5. Liðir þessir eru tilfærðir hjer með sömu upphæð og í núgildandi fjárlögum

Við 6. Þennan gjaldlið þykir mega færa niður í 500 kr. árlega eftir fyrri ára reynslu.

Við 7. Eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 12. gr.

Við 1. Þessi gjöld sundurliðast á sama hátt og greint er frá í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið 1906—1907 með skírskotun til þar tilgreindra laga, að því viðbættu, að samkvæmt lögum nr. 40 20. okt. 1905 bætast 1300 kr. við til læknis á Bíldudal.

Við 2—3. Styrksupphæðunum til aðstoðarlækna á Akureyri og í Hafnarfirði er haldið óbreyttum, eins og í síðustu fjárlögum, með þeirri breytingu, að þeir sjeu skipaðir af stjórnarráðinu (sbr. ástæður fyrir stjórnarfrumvarpi um breyting á skipun læknishjeraða).

Við 4 a—b. *Styrkur til augnlæknis Björns Ólafssonar.*

Við 5. *Styrkur til tannlæknis í Reykjavík.*
Þessir 2 liðir eru eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 6. *Útgjöld við holdsveikraspítalann:*

a. Laun starfsmanna. Stjórn spítalans hefir farið fram á, að laun húsmóðurinnar, frk. Harriet Kjær, yrðu hækkuð upp í 1000 kr. árlega, en eftir samningi við hana á hún að fá 900 kr. árlega frá 1. maí 1908, og færir það til, að frk. Kjær hafi sýnt frábæran dugnað og samviskusemi í stöðu sinni og sjerstaka umhyggju fyrir sjúklingunum. Stjórnarráðið verður samt að álíta, að hið umsamda kaup sje fullsæmilegt og getur eigi að svo stöddu farið lengra en að leggja það til, að hún fái launaviðbótina eða 900 kr. frá ársbyrjun.

Þá hefir spítalastjórnin lagt það til, að kaup ráðskonu, sem nú er 300 kr. árlega, yrði hækkað upp í 400 kr., og að vinnuhjúakaup yrði hækkað um 125 kr. árlega. Það hefir gengið mjög illa að halda ráðskonum með þessu kaupi og hafa því skifti á þeim orðið mjög tíð, til mikils óleiks fyrir stofnunina. Stjórnarráðinu hefir því fundist ástæða til að sinna þessari ósk, og eins þeirri, að hækka kaupgjald hjúa, sem er óhjákvæmilegt, og leggur því til, að þessi liður hækki um 225 kr. að viðbættum 100 kr. til frk. Kjær eftir samningi, eða alls um 325 kr.

Við 6—b. Viðurværi. Þessi liður hefir hingað til verið sundurliðaður í fjárlögunum sem kostnaður til viðurværis handa sjúklingum og handa starfsmönnum. Það þykir nú rjettara að draga þessa liði saman í eitt, því það virðist lítt mögulegt að gera slíka sundurliðun með nokkurri nákvæmni. Eftir fyrri ára reynslu eru áætlaðir 48 aurar á dag að meðaltali handa þessum mönnum, og hækkar þá þessi liður um 925 kr. 80 a. Hækkun þessi stafar af því, að verðlag á innlendri matvöru hefir hækkað mjög í seinni tíð.

Við c—g. Þessir liðir eru eins og í núgildandi fjárlögum, nema viðbótin fyrir 1906 fellur burt.

Við h. Húsbúnaður og áhöld. Stjórn spítalans hefir farið fram á, að þessi liður yrði hækkaður um 200 kr. árlega, og hefir stjórnarráðinu þótt ástæða til að verða við þeirri ósk, og er þessi liður því þannig hækkaður.

Við i—n og p. Þessir liðir eru hinir sömu og áður.

Við o. Skattar og brunabótagjöld. Yfirstjórn spítalans hefir lagt til að hækka þennan lið um 205 kr. vegna hækkunar á vátryggingargjöldum og telefóngjalds. Vegna hins fyrnefnda þykir nægilegt að hækka liðinn upp

í 800 kr. En síðara gjaldið ber að greiða af ýmislegum útgjöldum, sjá athugasemdir við fjárlagafrumvarpið 1906 og 1907.

Við 7. *Tillag til geðveikrahælisins á Kleppi* er sett samkvæmt áætlun nefndarinnar á alþingi 1905 (Alþt. 1905 A, bls. 392).

Við 8. *Útgjöld við bólusetningar.* Þessi gjöld verða eftir tveggja síðustu ára reynslu eigi sett lægra en 1000 kr. Árið 1904 voru þau 1187 kr. og 1905 1064 kr. 28 a.

Við 9. *Önnur útgjöld.* Liðirnir a—f og h eru eins og í núgildandi fjárlögum. Gjaldlið g ætti eftir síðustu ára reynslu að hækka að mun, en stjórnarráðið álítur þó, að nægja megi að hækka hann að þessu sinni um helming, eða upp í 4000 kr. af sömu ástæðum, sem teknar eru fram í athugasemdum við fjárlagafrumvarpið 1906 og 1907.

Við 13. gr.

A.

Til útgjalda við póststjórnina.

Við 1. a. *Laun póstmeistara.*

Póstmeistari hefur farið fram á að fá laun sín aukin um 1500 krónur árlega, af því að síðasta alþingi hafi bygt sjer út úr pósthúsinu, án þess að bæta kjör sín á annan hátt.

Hann hefur og fært það til, að póstmeistarastaðan sje mjög ábyrgðarmikil staða, og störf póstmeistara og ábyrgð, fari vaxandi ár frá ári og megi búast við, að þetta aukist þó enn betur á næsta fjárhagstímabili, þar sem í ráði er að gjöra póstávísana viðskifti miklu almennari, en hingað til hefur verið, og bæta nýjum viðskiftagreinum við (eftirkröfu). Stjórnarráðið verður að vera þeirrar skoðunar, að laun póstmeistara mættu ekki minni vera en 3000 kr., þótt hann hefði ekki öðrum störfum að gegna, en eiginlegum póstmeistarastörfum fyrir Reykjavík. En auk þess starfs er póstmeistarinn forstjóri póstmálanna fyrir Ísland alt, og hefur í því mikið og ábyrgðarríkt aukastarf, sem rjett virðist, að hann hafi aukaborgun fyrir, og álíst hún eftir öllum atvikum, sjerstaklega með tilliti til persónulegra verðleika núverandi póstmeistara, og fjártjóns þess, sem hann hafur beðið við það að missa svo gott sem ókeypis bústað í pósthúsinu, og aukagreiðslur, sem hann hefur orðið að inna af hendi vegna ónógs skrifstofufjár, eigi geta verið minna en 1500 kr., svo að laun og persónuleg viðbót fyrir núverandi póstmeistara yrði samtals 4500 kr.

Það athugast, að eftir launalögunum frá 1875 eru laun póstmeistarans 1700 kr. og hefur þeirri ákvörðun launanna eigi verið breytt síðan, öðruvísi en á fjárlögum. Núverandi póstmeistara var þó veitt staðan með 2400 kr. launum, og laun hans þegar 1899 hækkuð á fjárlögum upp í 3000 kr. Strangt tekið er því alt það, sem er umfram 1700 kr. persónuleg launaviðbót fyrir núverandi póstmeistara, en það liggur í augum uppi, að 1700 kr. laun eru óhæfileg eftir því, sem embættinu hagar nú. Það hefur þó eigi þótt þörf á að koma nú fram

með breyting á launalögunum. Það því fremur, sem búast má við, að endurskoða þurfi launalögin í heild sinni innan skamms, og er því enn sama formi haldið í fjárlagafrumv. eins og að undanförnu, um þetta efni.

Við 1. b. 1. Póstmeistari hefur farið fram á að bæta 4 póstafgreiðslumönnum við í Reykjavík, þannig að einn hafi 2000 kr. eins og nú, 4 hafi 1200 kr. hver í árslaun og tveir 1000 krónur, og verður það alls 8800 kr. árlega í stað 4200 kr. eins og nú er. Byggir póstmeistari þessar kröfur á þeirri reynslu, sem hann hafi haft og hafi dags daglega, og útlistar það ítarlega, hvað sje að gera á pósthúsinu við komu pósta og afgreiðslu á sjó eða landi, og mun þinginu gefinn kostur á að kynna sjer erindi póstmeistara.

Stjórnarráðinu er það nú fullkunnugt, að störfin á pósthúsinu hafa vaxið stórkostlega, og fara stöðugt í vöxt, en því virðist þó eigi ástæða til að stofna svo margar póstafgreiðslumannasýslanir, en álítur að nægilegt sje að auka skrifstofufje póstmeistara. Með því ætti hann að geta trygt sjer nægilega hjálp við afgreiðsluna bæði af föstum starfsmönnum og með aukahjálp, þegar svo ber undir. Í þessu skyni leggur stjórnin til, að skrifstofufje hans sje aukið um 3000 kr., en, að þessi liður standi óhaggaður.

Við 1. b. 2. Póstmeistari hefur lagt til að hækka þennan lið úr 11,000 kr. upp í 14,900 kr. bæði af því að póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur hefur verið fjölgað og af því, að þeir sem nú hafa póstafgreiðslu á hendi, hafa margir hverjir lýst því yfir, að þeir segðu lausu starfinu, nema þeir fengju ríflega viðbót, sumir enda alt að helmingi. Störf þessara manna fara stöðugt vaxandi einkum í kaupstöðum og kauptúnum, og er því óhjákvæmilegt að rífka laun þeirra, en óheppilegt að skifta oft um. Stjórnin telur þó nægilegt að hækka þennan lið upp í 13,800 krónur.

Við 1. c. Af sömu ástæðum sem nú voru greindar ber einnig nauðsyn til að hækka laun brjefhirðingarmanna; póstmeistari leggur til, að liðurinn verði færður upp í 8,500 kr., en stjórnarráðið álítur, að 7,500 kr. muni nægja næstu tvö árin.

Við 2. *Póstflutningur* er talinn eins og í núgildandi fjárlögum að því undanskildu, að eigi er unt að miða 8000 kr. aukatillagið til póstflutninga við tiltekin nöfn, meðan alt er óafgert um það, hverjir takist gufuskipaferðir á hendur næsta fjárhagstímabil.

Hinsvegar er álitið, að nauðsynlegt muni þykja, að skip, sem sigla eftir fastri áætlun, geti tekið bögglapóst og ábyrgðarsendingar, þó að þau sjeu ekki í föstum samningum við hið opinbera um ferðirnar.

Við 3. *Til póstvagnaferða frá Reykjavík austur að Ægissíðu.* Póstmeistari hefur farið fram á, að styrkur þessi verði aftur hækkaður upp í 600 kr. eins og hann var í nokkur ár, vegna þess, að ómögulegt muni verða að fá mann til að taka ferðirnar að sjer fyrir minni styrk. Þar sem hjer er um mjög litla upphæð að ræða, og líkindi eru til, að almenningur sakni þessara ferða, ef þær leggjast niður, þá er hjer lagt til að hækka liðinn um 100 kr. en jafnframt er tíminn lengdur um $^1/_2$ mánuð frá 1. til 15. október.

Við 4. a—i. *Önnur útgjöld.* Á þessum liðum er gerð sú breyting, að liður a, skrifstofukostnaður er hækkaður upp í 5000 krónur samkvæmt því sem tekið er fram áður; liður f til brjefaburðar í Reykjavík er hækkaður um 800 krónur. Póstmeistari hefur fært sönnur á það, að burðargjöld fyrir innanbæjarbrjef í Reykjavík, sem send eru gegnum póstinn sje á síðustu árum komin upp í 1500—1600 krónur á ári, þar sem tala innanbæjarbrjefa hefur hækkað úr 6314 árið 1900 upp í 30279 árið 1906. Tvo fyrstu mánuði þessa árs (1907) var tala innanbæjarbrjefa orðin um 10,000. Það er því auðsætt að auk þeirra miklu þæginda, sem bæjarmenn mundu missa, yrði það og beint peningatap fyrir landssjóð, ef þessi brjefburður legðist niður, eða prívatmenn tækju hann að sjer. Hinsvegar gerir fje það, sem nú er veitt, naumast betur en að hrökkva fyrir útburð brjefa, er hingað berast með póstum, og er eftir skýrslu póstmeistara eigi unt að fá þetta hvorttveggja int forsvaranlega af hendi fyrir minna en 1600 kr. á ári; liður i til viðhalds húsi og áhöldum er eftir ósk póstmeistara hækkaður um 200 kr. árlega. Loks er bætt við eftir ósk hans nýjum lið k til að útvega járnskápa 700 kr. fyrra árið; eiga 400 krónur af þessari upphæð að ganga til þess að kaupa 4 járnkistur handa 4 nýjum póstafgreiðslumönnum, en afgangurinn til þess að kaupa járnskáp handa póststofunni.

B.

Til vegabóta.

Við I. *Kostnaður við stjórn og undirbúning vegagerða.*

1—4. Um ástæðurnar fyrir upphæðunum í þessum lið vísast til álitsskjals frá verkfræðingi landsins um verklegan undirbúning vegagerða og framkvæmd þeirra, sem prentað er sem fylgiskjal.

Við II. Til verkfróðra aðstoðarmanna hafa að undanförnu verið ætlaðar 1500 kr. á ári, en sú upphæð hefur ekki verið notuð nema að nokkru. Það virðist því eigi þurfa að ætla til þessa nema 1000 kr. hvot árið.

Við III.

1. Við byrjun yfirstandandi fjárhagstímabils var áætlað, að til þess að fullgera Fagradalsveginn þyrfti 70 þús. kr., þar af eru veittar á fjárlögunum fyrir 1906 og 1907 30 þús. kr., og brúkaðar sumarið 1906 rúmar 20 þús. kr. Fullgerðir eru nú um 11.7 km. og er það að vísu örðugasti kafli leiðarinnar, en þó álítur verkfræðingur landsins, að þær 50 þús. kr., sem samkvæmt áætluninni er eftir, muni ekki hrökkva til þess að fullgera veginn. Við lok ársins 1907 er búist við að eftir verði nálega 20 km. af vegalengdinni, og muni eigi veita af 55 þús. kr. til að fullgera þann kafla, og er það c. 15000 kr. meira, en ætlað var á síðasta þingi.

2. Flutningabrautin upp Borgarfjörð kemst væntanlega upp í nánd við Gljúfurá 1907. Svo er til ætlað, að þeim 10000 kr., sem ætlaðar eru fyrra árið, verði varið til að brúa Gljúfurá, og til þess að koma veginum niður í Sigmundarnes við Norðurá, en seinna árið verði byrjað á brúargerð yfir Norðurá (hjá Stafholtskastala).

3. Það virðist ekki geta dregist lengur að byrja á flutningabrautinni frá Húsavík að Einarsstöðum, og er þá ekki gagn í að byrja smærra en svo, að lokið verði kaflanum frá Húsavík, skamt inn fyrir Laxamýri, að lengd $9^1/_2$ km., á fjárhagstímabilinu, því sá kafli er oft erfiður yfirferðar á vetrum, þó að gott akfæri sje úr því honum sleppir. Þessi kafli mun kosta full 20 þús. kr. Svo er til ætlað, að jafnframt sje brúuð Reykjakvísl, sem er rjett fyrir innan Laxamýri, og er því farið fram á 25 þús. kr. til þessarar brautar á fjárhagstímabilinu.

4. Upphæðin til viðhalds flutningabrauta er óbreytt eins og í núgildandi fjárlögum.

Við IV. *Til þjóðvega.*

1. a. Af vegafjenu er ætlað til vegagerða í Mosfellssveit 4000 kr. hvort árið gegn jöfnu tillagi annarstaðar frá. Af allri vegalengdinni upp að Leirvogsá eru eftir 8.7 km.; fyrir 16 þús. kr. má ætla, að vegurinn komist að minsta kosti upp að Köldukvísl, Til vegagerðar milli Rauðalækjar og Ytri-Rangár er ætlað 9000 kr. fyrra árið, til þess að fullgera akveg að brúarstæðinu á Ægissíðufossi, áður brúin er gerð þar 1909, og til viðhalds og viðgerða 2000 kr. hvort árið.

1. b. Brú á Ytri-Rangá. Verkfræðingur landsins hefur enn á síðastliðnu sumri rannsakað nákvæmlega brúarstæði á á þessari, og af þeim brúarstæðum, sem til tals hafa komið, geta að hans áliti að eins tvö komið til greina, nfl. á Ægissíðuhöfða, rjett hjá Ægissíðuvaði, og á Ægissíðufossi, skamt fyrir neðan Ægissíðu. Hið þriðja, brúarstæðið hjá Árbæ, liggur meira úr leið, og brú þar mundi verða dýrari.

Eftir áætlunum verkfræðingsins, sem lagðar munu verða fyrir þingið, kostar brú á Ægissíðuhöfða 55 þús. kr., en brú á Ægissíðufossi 29 þús. kr.. Við samanburð á þessum brúarstæðum þarf enn fremur að taka þetta til greina:

1. Vegalengdin öll frá Rauðalæk í Holtum ag Eystri-Rangá hjá Djúpadalsvaði (þar er brúarstæði) verður 13.34 km., ef tekið er brúarstæðið á Ægissíðuhöfða, en 14.44 km., eða 1.1 km. meiri, ef Ægissíðufoss er valinn.

2. Ef Ytri-Rangá verður brúuð á Ægissíðufossi, má ætla að til vegagerða milli Rauðalækjar og Eystri-Rangár þurfi þessar upphæðir *umfram* það sem þarf, ef brúin er gerð á Ægissíðuhöfða.

Til vega milli Rauðalækjar og Ytri-Rangár, 2000 faðmar á kr. 4,50	9000 kr.
Austan við Hróarslæk, 350 faðmar á 4 kr.	1400 —
Lögun á sandinum frá Ægissíðufossi að Varmadal . .	600 —
Samtals	11,000 kr.

Þessi mismunur stafar einkum af því, að frá Rauðalæk og svo að segja að brúarstæðinu á Ægissíðuhöfða er sýsluvegur, sem með litlum viðgerðum má teljast viðunandi. En alt um það er kostnaðarmismunurinn 15000 kr., sem brú á Ægissíðuhöfða yrði dýrari og með því að bugurinn niður á Ægissíðufoss samkvæmt mælingu verkfræðingsins er óverulegur, virðist einsætt að velja brúarstæði á Ægissíðufossi.

2. Í Vestfirðingafjórðungi er ætlað til framhalds vegagerðarinnar frá Borgarnesi til Stykkishólms 9000 kr síðara árið, og 3000 kr. hvort árið til viðhalds og viðgerða. Ætlast er til, að Stykkishólmsveginum sje haldið áfram akfærum vestur yfir Hnappadalssýslu.

3. a. Í Norðlendingafjórðungi er ætlast til, að 9000 kr. sje varið til að halda áfram Kræklingahlíðarveginum. Með þeirri upphæð er talið, að hann muni komast út á Moldhaugnaháls, og sje þá þeirri vegagerð lokið um sinn, þótt ganga megi að því vísu, að veginum verði seinna haldið áfram fram Þelamörkina.

b. Brú á Fnjóská. Það virðist eigi mega dragast lengur að brúa á þessa, sem einatt er allmikill farartálmi. Verkfræðingur landsins hefur í sumar rannsakað brúarstæði á ánni, og kosið brúarstæði það við Vothamar, sem ingeniör Sig. Thoroddsen hefur áður bent á, og gert áætlun um, og áætla báðir kostnaðinn við járnbrú 30 þús. kr. Verkfræðingurinn hefur þó lagt það til, að bygð sje á ána brú úr járnbendri steinsteypu með járnhandriði, sem kostar um 33000 kr. Steinsteypubrýr hafa verið bygðar víða erlendis á seinni árum, og reynst að öllu vel. Viðhaldskostnaður þeirra hefur reynst mun minni en viðhaldskostnaður járnbrúa, og með því að við brúarstæðið hjá Vothamri er hentugt efni í steinsteypu, álíst heppilegt, að gera tilraun með þetta hjer. Frá firmanu Christiani & Nielsen í Kaupmh. hefur komið teikning og tilboð, sem lagt mun verða fyrir þingið; gerir verkfræðingurinn ráð fyrir, að tilboðið muni vera tiltölulega hátt, þar sem mennirnir eru öllum staðháttum hjer ókunnugir, og að steinsteypubrýr mundu geta orðið tiltölulega ódýrar, ef innlend kunnátta til þess að byggja þær væri fyrir hendi. Sú kunnátta fæst naumast með öðru móti, en að útlendingum sje fyrst gefinn kostur á að byggja hjer fleiri eða færri slíkar brýr, og læri innlendir menn af þeim.

4. Í Suður-Múlasýslu er mjög slæmur vegur víða á leiðinni frá Skriðdalsbotni suður yfir Lónsheiði. Er ætlast til, að varið verði 4000 kr. til vegabóta á þeim kafla hvort árið, einkum í því skyni, að lag-

færður verði vegurinn yfir Lónsheiði og fram með Berufirði. 3000 kr. eru ætlaðar til viðhalds og smærri viðgerða hvort árið.

Við V. Upphæðin til fjallvega, 5000 kr. hvort árið, er ætlast til að gangi til vörðuhleðslu, vegaruðnings og sæluhúsbygginga eftir því sem til vinst og mest þörf er talin.

Við VI. Upphæðin til áhalda er tekin óbreytt eftir núgildandi fjárlögum. Eftirleiðis mun það fyrirkomulag verða tekið upp á reikningum hinna eiginlegu vegagerða, að kostnaður til verkfæra og áhalda sje talinn með öðrum vegagerðakostnaði. Þessi fjárveiting verður þá að eins til þess að kosta áhöld til viðhalds vega og til minni háttar vegabóta, svo og til þess að geta haft fyrirliggjandi næg verkfæri til hinna sameiginlegu vegagerða og brúargerða. Væri núverandi reikningsfyrirkomulagi haldið óbreyttu, mundi eigi veita af 4000 kr. hvort árið til áhalda.

Við VII. Síðastliðið sumar ljet stjórnarráðið verkfræðing Th. Krabbe gera bráðabirgðarannsókn á svæðinu frá Reykjavík austur í Rangárvallasýslu til þess að geta gert sjer hugmynd um, hvort unt væri að koma mjósporuðum járnbrautum að á þessu svæði. Eftir að verkfræðingurinn hafði komist að þeirri niðurstöðu, að þetta væri engan veginn ókleyft, og hafði bent á ýmsar leiðir, sem fara mætti, sneri stjórnarráðið sjer til hermálaráðgjafans með ósk um, að landmælingadeild herforingjaráðsins ljeti mælingamenn þá, sem hjer eru við mælingar á sumrin, búa til nákvæman uppdrátt, sjerstaklega að því er hæðamælingar snertir á svæðinu frá Reykjavík austur að Þingvallavatni milli Esjunnar og línu dreginnar frá henni austur á Þingvelli og Selvogs og þaðan í línu austur að Sogi, og var álitið, að mæliborðsuppdráttur $^1/_{50000}$ væri nægilegur. Hermálaráðgjafinn tók vel í málið, og hjet að leggja fyrir landmælingadeildina hjer að inna af hendi verk þetta, ef lagt yrði fram af Íslands hálfu sá sjerstaki aukakostnaður, er þessu yrði samfara, að upphæð 16,500 kr., og gegn því að sleppa mætti á þessu svæði bæjamælingu í hinni áður ákveðnu stærð 1 : 10,000.

Með því að stjórnarráðið telur þetta mál svo mikils varðandi, að vel sje tilvinnandi að leggja út þennan kostnað, og hins vegar hitt skilyrðið um, að minka hlutfallastærðina á hinum sjerstöku bæjamælingum, ekki virðist óaðgengilegt, einkum þar sem almenningur á Íslandi eigi virðist gefa bæjamælingunum mikinn gaum, þá verður stjórnin að leggja það eindregið til, að upphæð þessi verði veitt.

Við VIII. *Til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum* er óbreytt eins og í núgildandi fjárlögum.

C.

1. *Til gufuskipaferða.*

Það fyrirkomulag, sem nú er á strandferðunum eftir ákvörðun alþingis 1905, hefir valdið mikilli óánægju, almenningi hefir þótt það mikil afturför frá

því sem áður var, og heimtað, að úr því yrði bætt sem bráðast. Stjórnarráðið verður að vera sömu skoðunar, að strandferðirnar sjeu hvorki fullnægjandi nje þeim haganlega fyrir komið eins og nú er, en því þótti við nánari íhugun málsins ekki að eins ástæða til að breyta til um hinar eiginlegu strandferðir, þ. e. ferðir »Hóla« og »Skálholts«, heldur einnig millilandaferðirnar. Eins og nú er koma skip fjelaga þeirra, er senda gufuskip til Íslands, oft í einni bendu til Reykjavíkur, og jafnvel líka skip hins sameinaða gufuskipafjelags, sem koma beint þangað frá útlöndum eða kringum landið, koma oft fleiri í einu, svo að það ber við, að höfuðstaðurinn hefir ekkert samband við útlönd svo vikum skiftir. Þar við bætist, að engar strandferðir eru að vetrinum, og enda sjaldan, að millilandaskipin fari kringum landið að vetri til, og er þetta þó enginn ógerningur, því skip Thorefjelagsins og O. Wathnes erfingja hafa í mörg ár farið allan veturinn reglulegar ferðir austur og norður um land alt að Sauðárkrók, og gufuskipafjelagið hefir farið reglulegar ferðir vestur á Ísafjörð, svo að það er eiginlega svæðið milli Ísafjarðar og Sauðárkróks, sem orðið hefir út undan. En það virðist eigi hættulegra að fara fyrir Horn en fyrir Langanes.

Stjórnarráðið ákvað því, til þess að þingið hefði alveg frjálsar og óbundnar hendur, að segja upp samningnum við hið sameinaða gufuskipafjelag frá árslokum 1907, og jafnframt fór það þess á leit við innanríkisstjórnina að fá umráð yfir fje því, sem veitt er í hinum dönsku fjárlögum til póstferða milli Danmerkur og Íslands, svo að það gæti samið um þann styrk í heild sinni, Þetta hefir innanríkisstjórnin samþykt nú með skilyrðum, sjerstaklega að því er Færeyjar snertir, sem eigi virðast athugaverð.

Jafnframt þessu samdi stjórnarráðið uppkast til ferðaáætlunar, sem að þess áliti bætir úr þeim helstu annmörkum, sem menn hafa hingað til talið á ferðaáætlun skipa sameinaða fjelagsins; Reykjavík kemst í tíðara og hentugra samband en áður, eigi einungis við útlönd, heldur einnig við önnur kauptún innanlands; hringferðir í sambandi við millilandaferðir eru tíðari árið um kring, og ferðunum skipað hagkvæmar niður en áður og settar í nánara samband. Áætlun þessa sendi stjórnarráðið um síðastu áramót til Kaupmannahafnar, til þess að fá tilboð, en þar eð þau hafa engin komið enn, þegar fjárlagafrumvarpið er samið, þá hefir þótt rjett að láta liðinn standa óbreyttan, en landsstjórnin áskilur sjer að koma fram með breytingar samkvæmt væntanlegum tilboðum.

Við 2—3. Þó að hagkvæmari skipun kæmist á standferðirnar, þá mundu gufubátarnir á flóum inni vera eins nauðsynlegir eftir sem áður, og eru þessir liðir því látnir halda sjer, enda hefir eigi verið farið fram á neinar breytingar á þeim.

D.

Til ritsíma og talsíma.

Við I. Greiðslan til mikla norræna ritsímafjelagsins telst frá 25. ágúst f. á., er sæsíminn var tilbúinn og tekinn til afnota fyrir almenning. Fyrir árið 1906 bar því að greiða 12106,16 kr. og síðasta greiðsla fer fram árið 1926 með 22893,84 kr.

Greiðslan er sundurliðuð eftir þeirri tiltölu, sem lögð er til grundvallar í 6. gr. leyfisskrárinnar, þar sem miðað er við það, að 20 ára *amortisation* á framlagi fjelagsins til landsíma Íslands mundi nema 23,000 kr. á ári með 4% vöxtum. En þetta er ekki svo að skilja, að þessar 300,000 kr. sje skuld, sem undir öllum kringumstæðum eigi að endurborga, heldur reiknast öll upphæðin, 35,000 kr. á ári samkvæmt ritsímasamningnum sem tillag, sem færa má niður samkvæmt 7. gr. leyfisskrárinnar, og getur fallið burtu með öllu áður leyfistíminn er á enda, samkvæmt 2. og 12, gr. leyfisskrárinnar.

Við II, 1. Samkvæmt þingsályktun E. d. 1905 var sumarið 1906 verkfræðingur látinn ferðast um Vesturland og rannsaka og gera áætlanir um landsímaleiðina frá Stað í Hrútafirði um Steingrímsfjörð til Ísafjarðar, bæði nyrðri leiðina og líka syðri leiðina um Barðastrandarsýslu endilanga, og sömuleiðis sjerstaka símaleið milli Patreksfjarðar og Ísafjarðar. Verk þetta var falið á hendur hjeraðsverkfræðingi Halvorsen, og mun ferðaskýrsla hans verða lögð fyrir þingið. Verkfræðingurinn kemst að þeirri niðurstöðu, að hin svonefnda syðri leið, um Barðastrandarsýslu, væri ótæk, og hefir hann miðað áætlanir sínar við símalagning norður með Hrútafirði, nálægt Guðlaugsvík, fyrir Bitrufjörð, nálægt Óspakseyri, Felli, Kirkjubóli, Kálfhamri, Hrófbergi, um Staðar-Sunnudal yfir Steingrímsfjarðarheiði, um Laugaból í Ísafirði, fyrir Ísafjarðarbotn yfir Hestakleif, út með Mjóafirði eins og leið liggur um Ögur, yfir Skötufjörð utanverðan og Hestfjörð hjá Hesti, yfir eyðið og út með Seyðisfirði, yfir Kambsnes og Álftafjörð hjá Langeyri, um Súðavík yfir Arnarnesháls, inn fyrir Skutulsfjörð til Ísafjarðar. Er það tillaga verkfræðingsins, að fyrra árið sje að eins lagður ritsími frá Borðeyri til Ísafjarðar, með einföldum $4^1/_2$ mm. járnþræði, en síðara árið bætt við til talsímasambands tvöföldum koparþræði alla leið. Eftir áætlunum verkfræðingsins, sem lagðar munu verða fyrir þingið, kostar ritsímalagningin frá Borðeyri til Ísafjarðar árið 1908 ásamt ritsímastöðvum á Ísafirði og Borðeyri og 6 millistöðvum . . . . . kr. 162,309,50
Járnþráður frá Borðeyri til Reykjavíkur vegna Ísafjarðarálmunnar — 21,200,00
Kr. 183,509,50

Koparþræðirnir til talsímasambands frá Borðeyri til Ísafjarðar 1909 kr. 94,548,00
Samtals kr. 278,057,50

Af þessari upphæð er kostnaður við innkaup og flutning hingað til lands á 5500 staurum tekinn upp í fjáraukalög fyrir 1906 og 1907 . . . . . — 41,250,00
Mismunurinn kr. 236,807,50

er sú upphæð (142,200+94,600) sem lagt er til að veitt sje á þessum lið.

Það er svo til ætlað, að ritsímalína þessi verði enn einu sinni yfirfarin og rannsökuð í haust, ef fje það fæst, sem í því skyni er farið fram á í fjáraukalagafrumvarpinu, og það er að áliti forstjóra landssímans sennilegt, eptir þeirri reynslu, sem fengin er við bygging landssímans frá Seyðisfirði, að kostnaðurinn verði nokkuð lægri en talið er í sumum greinum áætlunarinnar, þótt eigi hafi þótt fært að lækka upphæðirnar nú þegar fyrir fram.

Viðvíkjandi þörfinni á því, að setja í samband við bygging vesturlandsálmunnar sjerstakan ritsímaþráð til Reykjavíkur, skírskotast til ástæðna þeirra,

sem fyrir þessu eru færðar ýtarlega í ástæðum fyrir frumvarpi stjórnarinnar til fjáraukalaga fyrir 1906 og 1907. Það er tilætlunin, að setja þegar upp talsímatæki á millistöðvum svo og á Ísafirði og Borðeyri. Með 4.5 mm. járnþráðarleiðslu geta þá allar millistöðvarnar hæglega skiftst símtölum á, og sent talsímaskeyti til næstu ritsímastöðva, á Ísafirði eða Borðeyri, og símtöl geta farið fram alla leið frá Ísafirði til Borðeyrar. Enn fremur er talið víst, að með straumbreyting á Borðeyri frá einfalda símanum yfir í tvöfalda bronsesímann megi hafa þolanlegt talsímasamband milli Ísafjarðar og Reykjavíkur og milli Ísafjarðar og Akureyrar. Ísafirði ætti þannig fyrst um sinn að vera borgið með 4,5 mm. járnsímalagning, og má fullyrða, að það sje fult eins hentugt fyrir viðskiftaþörf Ísafjarðar að fá strax örugt ritsímasamband, þótt talsímasambandið yrði fyrst í stað lakara, eins og að fá strax fullkomið talsímasamband með tveim koparþráðum, er jafnframt væru notaðir til ritsímasambandsins, því að fjöll og heiðar eru svo erfiðar á þeirri leið, og vetrarríki er svo mikið, að viðgerðir yrðu oft erfiðar og bilunarhættan talsverð, en hún er miklu meiri á koparþræði en öflugum járnþræði, þar sem mikið er um fannfergi og klakaþyngsli.

Halvorsen verkfræðingur hefir í áætlun sinni gert ráð fyrir 4 mm. símaþræði, en hjer er lagt til að nota 4,5 mm. síma, bæði af þeirri ástæðu, að sá þráður er öflugri að þola þyngsli, og eins af hinu, að hann hefir meira leiðslumagn, sem sjerstaklega þarf á að halda til þess að nota megi símann einnig sem talsíma í bráðina.

Það skal loks tekið fram, að auk þess sem járnþráður sá, sem farið er fram á frá Reykjavík til Borðeyrar í sambandi við Ísafjarðarálmuna, er liður í þeirri breytingu, að aðskilja ritsímann frá talsímanum alla leið til Seyðisfjarðar, verður hann einnig út af fyrir sig nauðsynlegur, þegar þau viðskifti bætast við, sem vesturlandsálman hefir í för með sjer, vegna þess að þeir þræðir, sem nú eru, mundu þá ekki með köflum geta annað viðskiftaþörfinni, og líka yrði mjög örðugt að koma svo fyrir, að hægt væri að yfirfæra símritun frá járnþræðinum yfir í bronseþræðina á Borðeyri ásamt talsímasambandi.

Með því að setja tvístrengdan koparþráð frá Borðeyri til Ísafjarðar, sem lagt er til að bíði þangað til seinna árið, sjerstaklega til þess, að fá áður en hann er lagður, vetrarreynslu um hina sjerstöku erfiðleika, sem eru á þessari leið, (ísingarlög, skriður, snjóflóð, vatnavexti m. m.), er talsímasamband Vesturlandsins við aðra landshluta fullkomnað. Það er lagt til að nota 3.3 mm. harðdreginn koparþráð, sem er seigur og hefir reynst vel í Noregi. Er ætlað að hann muni eiga betur við loftslag hjer, með þeim snöggu veðrabrigðum, sem hjer eru svo tíð, heldur en bronseþráðurinn, sem notaður hefir verið í aðallínuna, jafnvel þó að sá þráður sje alment talinn sterkari að burðarmagni.

Við 2. Það er mjög mikilsvarðandi fyrir Vestfirðina frá og með Patreksfirði til Ísafjarðar, að komast í símasamband við landið og útlönd samtímis eins og Ísafjörður, enda hefir komið fram hinn mesti áhugi á því frá ýmsum málsmetandi mönnum, er hlut eiga að máli. Þegar það nú bregst, að Vestfirðirnir geti komist inn í símasambandið á þann hátt, að leggja aðalsímann syðri leiðina eftir endilangri Barðastrandarsýslu og frá Bíldudal norður á Ísafjörð, sem ýmsir höfðu von um að gæti orðið, en nú má teljast frágangssök af ýmsum ástæðum, verður eigi annað fyrir en að leggja talsíma vestur yfir frá Ísafirði, vestur til Patreksfjarðar. Þessi leið hefir, eins og fyr er getið, verið rannsökuð,

og með tveim 4 mm. járnþráðum og sæsimaspottum yfir Önundarfjörð, Dýrafjörð, Arnarfjörð og Tálknafjörð er áætlað, að lína þessi muni kosta um 103500 kr.; með tvísettum koparþræði mundi hún vera um 17000 kr. dýrari.

Að fenginni ábyrgð frá ýmsum málsmetandi mönnum í Barðastrandarsýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu hefur stjórnarráðið þegar látið kaupa staura til þessarar línu; er andvirði þeirra 15,000 kr. tilfært á frumv. stjórnarinnar til fjáraukalaga fyrir 1906 og 1907, og er sá hluti kostnaðarins ekki meðtalinn í þeirri upphæð sem tilfærð er á þessum fjárlagalið.

Það þykir ekki fært að leggja það til, að fje sje veitt til þessarar línu á þessu fjárhagstímabili, nema sæmilegt framlag komi á móti frá hjeruðum þeim, sem hlut eiga að máli, í líking við það, sem átt hefur sjer stað við aðrar aukalínur fyrir utan aðallínuna milli lendingarstaðar sæsímans og kaupstaðanna, sem alþingi áður hefur ákvarðað, að setja skuli í samband við útlönd, enda eru allar ástæður til að álíta, að hjeruðin muni bregðast vel við því. Stjórnarráðið hefur skrifað sýslumönnunum í Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu, og lagt fyrir þá að útvega yfirlýsing frá hlutaðeigandi hjeraðsstjórnum og sveitarstjórnum um það, hve mikið þau vilji fram leggja, en svar er enn ókomið, og er því hjer miðað við þriðjungs framlag, sem virðist hæfilegt fyrir þennan kafla, eptir stærð hans, þótt aðrar minni aukalínur hafi boðið talsvert meira tiltölulega. Jafnvel þótt tekjur verði talsverðar af Vestfjarðarálmunni, er þó og hins að gæta, að rekstur hennar og viðhald, sem er allörðugt landshátta vegna mun lengi vel fyrst um sinn gleypa þær tekjur algjörlega, og er því mjög eðlilegt, að hjeruðin, sem notin hafa af línunni, taki sjerstakan þátt í upphaflega kostnaðinum við að koma sambandinu á.

Auk framlagsins er ætlast til, að hlutaðeigandi hreppar sjái um starfrækslu talsímastöðva, á sama hátt og nú tíðkast um talsímastöðvar til sveita á aðallínunni.

Með 4 mm. járnsíma fæst ágætt talsímasamband milli Patreksfjarðar og Ísafjarðar; útlandaskeyti verða send með talsíma til Ísafjarðar og ritsíma þaðan. Það er ekki sennilegt, að talsímasamband frá þessari línu til stöðva á aðallínunni geti orðið verulega að notum fyrri en tvíþráða talsími er kominn milli Ísafjarðar og Borðeyrar, auk ritsímans.

Við 3. Þessi kafli er liður í sjerstöku ritsímasambandi alla leið til Seyðisfjarðar, og vísast um það til þess, sem sagt hefur verið hjer að framan við 1. lið (sbr. athugasemdir við fjáraukalög fyrir 1906 og 1907).

Við 4. Það hefur enn ekki gefist tóm til þess, að rannsaka og mæla nákvæmlega símaleiðina frá Reykjavík til Ægissíðu, en það verður gjört fyrir þing. Með því að engir sjerstakir erfiðleikar eða torfærur eru á þessari leið, þykir þó mega treysta því, að áætlun sú, sem forstjóri ritsímanna hefur gjört, og lögð verður fyrir þingið, sje nærri sanni.

Það er lagt til, að hafa tvíþættan koparsíma 3,3 mm. á kaflanum frá Reykjavík að Selfossi og miðstöð þar, en 4 mm. járnsíma frá Selfossi til Ægisíðu, og er þá kostnaðurinn áætlaður þannig:

1, frá Reykjavík að Selfossi með miðstöð þar		46,000
2, frá Selfossi að Ægissíðu		20,700
	Flyt Kr.	66,700

Flutt kr. 66,700

Af þessum kostnaði eru tilfærðar til staurakaupa í sumar á fjáraukalögum fyrir 1906 og 1907 ... ... — 15,000

Mismunurinn kr. 51,700

er talinn í þessum lið sem vantandi fje til línunnar.

Það er talið sanngjarnt, að hlutaðeigandi hjeruð leggi fram tillag til línunnar, og vísast um það til þess, er sagt hefur verið um Vestfjarðaálmuna. Svör er ókomin frá Árness- og Rangárvallasýslu um það, hve mikið þau hjeruð vilja leggja fram til þess, að fá línu þessa þegar á næsta fjárhagstímabili, og er hjer því miðað við þriðjungsframlag af þeirra hálfu.

Það væri að vísu miklu hentugra að hafa þessa álmu ekki í smíðum samtímis eins og Vestfjarðaálmuna, bæði vegna yfirmanna, eftirlits og útlendra verkmanna, sem taka þarf miklu fleiri, ef báðar álmurnar eru gjörðar í einu, og vegna þess, að meira þarf að kaupa af verkfærum, tjöldum og öllum útbúnaði, ef svo mikið er undir í einu. En samt er lagt til, að bygging línunnar fari fram þegar 1908, ef hjeruðin vilja leggja fram tillag það, sem að framan um getur. Þess skal getið, að tekin er upp í 21. gr. tillaga um heimild til lánveitinga af landssjóði til sýslufjelaga til símaframlaga.

Það er álitið nauðsynlegt að hafa tvíþættan koparsíma að Selfossi, til þess að gott talsímasamband fáist milli stöðva á austurálmunni og annara stöðva á landsímalínunni.

Við 5. Það er vafalaust, að talsímakerfi í kaupstöðum og verslunarstöðum borga sig, ef þau eru vel gjörð og vel rekin. Það hefur þegar komið í ljós, að talsímakerfið í Reykjavík er vel arðsamt fyrirtæki. Að vísu hefur landssjóður eptir samningi, sem gjörður var við talsímafjelagið áður en kerfið var bygt, rjett til að kaupa það fyrir það verð, sem það stendur fjelaginu í með hæfilegu tilliti til slits. En þó er ekki lagt til að kaupa það að svo stöddu, og ber einkum til þess það, að kerfið er orðið dýrt og þarf þó dýrra umbóta við, því að það er að eins einþætt, en landsímastjórinn telur nauðsynlegt að hafa kerfið tvíþætt, ef það eigi að geta komið að fullum notum til beins sambands við landssímann, enda útgjöld ærin á þessum lið í þetta skifti.

En auk þess stendur svo á, að miðstöðvarborð fjelagsins er alt of lítið, svo að margir, sem gjörast vilja fastir notendur komast ekki að. Hinsvegar er húsrúmið, sem nú er notað, svo lítið, að ómögulegt er að koma þar við stærra borði, og er því óhjákvæmilegt, að flytja í annað húsnæði um leið og stærra miðstöðvarborð er keypt. En flutningur á endastöð kerfis hefur mikil umsvif og kostnað í för með sjer. Ef lagt væri til, að landið keypti kerfið nú, mundi fjelagið láta hina nauðsynlegu stækkun og flutning bíða, og ætla það kaupanda á sínum tíma, en slík töf væri Reykjavíkurbúum, er í sambandið vilja komast, til allmikils baga. Það hefur því orðið að samkomulagi milli stjórnarráðsins og talsímafjelagsins, að stjórnin taki ekki á fjárlagafrumvarpið tillögu um kaup á kerfinu í þetta sinn, gegn því að fjelagið gjöri nú þegar í vor gangskör að því, að fá nýtt og nægilega stórt miðstöðvarborð, er keypt sje í samráði við forstjóra landsímanna, og flytji sig í húsnæði, sem láta má fjelaginu í tje í herbergjum landsímans í pósthúsinu gegn 600 kr. húsaleigu á ári, og fái í haust, svo framarlega, sem alþingi ekki ályktar að kaupa kerfið strax samkvæmt hinum eldri samningum, leyfisskrá fyrir Reykjavík um 5 ára tímabil frá 1. jan. 1908 að telja, með þeim skilmálum, *að* fjelagið greiði í landssjóð 6 kr. gjald á ári fyrir

hvern fastan notanda, og 15% af gjaldi þeirra, er greiða meira en venjulegt notkunargjald fyrir eitt tæki, gjöri öll sambönd tvíþætt, sem sett verða hjer eftir, og breyti öllum þeim samböndum, sem nú eru, í tvíþætt sambönd, áður leyfistíminn er á enda. Að útrunnu leyfi er svo ætlast til, að landið kaupi kerfið, ef alþingi vill, fyrir það verð, sem kerfið þá kostar, að frádreginni hæfilegri upphæð fyrir slit, eftir því sem segir í 3. og 4. lið í 2. gr. ritsímalaganna, og þyrfti þá að ætla fje til þess á fjárlögunum fyrir 1912 og 1913.

Að því er snertir talsímakerfi á Akureyri og Seyðisfirði hefur frá upphafi verið gengið út frá því, að landið keypti þau nú þegar. Þau eru því gjörð undir umsjón símastjórnarinnar og eru tvíþætt og vönduð að öllu leyti, einmitt með það fyrir augum, að þau fullnægi þeim kröfum, sem símastjórnin verður að gjöra til síma landsins. Hlutaðeigendur gengu að því að leggja fje fram með þeim skilmálum, að þeir fengju leyfisskrá, er gilti að eins til ársloka 1907, þó að því tilskildu, að þeir fengju leyfisskrárnar framlengdar til 10 ára, svo framarlega sem landið keypti kerfin eigi fyrir 1. jan. 1908. Verði kerfin því eigi innleyst nú, þá er eigi hægt að innleysa þau með aðgengilegum kjörum fyrr en 1. jan. 1918.

Bæjarsímakerfið á Akureyri kostar nú c. 12,000 kr. og hefur 50 fasta notendur, er hver greiðir í árgjald 36 kr., er nemur á ári ... ... kr. 1,800
ennfremur 10 notendur er greiða 20 kr. ... ... — 200
kr. 2,000

Landsíminn leggur til miðstöðvarborð og starfrækslu, gegn því að fjelagið greiðir til ársloka 1907 10 kr. fyrir hvern notanda ... kr. 600
Önnur útgjöld fjelagsins nema um ... ... — 200 — 800
Afgangur... kr. 1,200

þ. e. fjelagið hefur 10% í hreinan ágóða, árið 1907. Árið 1908 eða helst strax í sumar, þyrfti að færa út kvíarnar, með c. 3000 kr. tilkostnaði, og má þá búast við svo mikilli notendafjölgun, að tekjur mundu hækka upp í 2800 kr. með óbreyttu árgjaldi, og meira, ef gjaldið væri fært upp í 42 kr. á ári, sem vel gæti komið til mála.

Þau kjör, sem Akureyrarfjelagið sætir nú, að því er snertir miðstöðvarborð og starfrækslu, standa ekki nema til ársloka 1907, svo að ef fjelagið þá fengi leyfisframlenging þá, er að framan um getur, mætti setja því alt önnur kjör. Þær 10 kr. sem nú eru greiddar fyrir hvern notanda, er lítið á móts við þann kostnað, sem fjelagið yrði að hafa, ef það annaðist þetta sjálft. Í Reykjavík mun kostnaður þessi nema alt að 20 kr. fyrir notanda, og ætti Akureyrarfjelagið að greiða afgjald fyrir hvern notanda eins og Reykjavíkurfjelagið, auk fulls miðstöðvarkostnaðar, þá hyggist stórt skarð í tekjurnar, svo eftirsjáin fyrir fjelagið er ekki svo mikil þótt landssjóður kaupi. En fyrir landssjóð, sem hefur stöðina, miðstöðvarborð og starfsmenn hvort sem er, bæði til daglegrar starfrækslu og til viðhalds og viðgerðar, er alt öðru máli að gegna, og má því ganga út frá því sem vísu, að landssjóður fái í hreinar tekjur 10—15% af því fje, er símakerfið með nauðsynlegum viðauka kostar.

Símakerfið á Seyðisfirði kostar 6000 kr., og er um það hið sama að segja, eins og Akureyrarsímann. Það er bersýnilegur hagur fyrir landssjóð að eiga kerfi þessi, og er því lagt til, að fje sje veitt til þess að innleysa þau nú þegar.

Í samræmi við tillöguna um kaup á þessum bæjarsímum er stungið upp á að setja upp bæjarsíma á Ísafirði á landssjóðs kostnað, í sambandi við landsímastöðina. Með því að engar eftirgrenslanir hafa farið fram viðvíkjandi síma-

lengd eða væntanlegum notendafjölda, eru tölur þær, sem hjer eru settar, ágiskun ein, og ekki bygðar á neinni sundurliðaðri áætlun,

Við 6. Það verður að álítast heppilegt og jafnvel nauðsynlegt, að stjórnin hafi til umráða nokkurt fje til nauðsynlegra umbóta og útfærslu, þar á meðal til að byggja minni aukalínur, sem rífleg framlög fást til annarstaðar frá, til stofnunar nýrra stöðva þar sem slíkt er hentugt o. s. frv. Sjerstaklega fyrstu árin er algjörlega ómögulegt að sjá fyrirfram ýmsar þarfir og breytingar, sem komið geta fyrir á fjárhagstímabilinu.

Við 7. Frá íbúum Búðaþorps í Fáskrúðsfirði hefir komið beiðni um, að talsímasamband sje sett milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Símaleiðin hefur verið mæld og rannsökuð af verkfræðing, og áætlun gjörð, sem lögð mun verða fyrir þingið. Eftir henni kostar línan með 4 mm. járnsíma 17,700 kr., og hafa umsækjendur skuldbundið sig til að greiða eða ábyrgjast greiðslu á helmingi kostnaðar eða alt að 9000 kr.

Þar sem Fáskrúðsfirðingar vilja svo mikið í sölurnar leggja til þess að komast í símasamband landsins þegar á næsta fjárhagstímabili, má ætla að þörfin sje mikil, og þykir því rjett að verða við tilmælunum.

Við III. *Starfræksla landsímanna.*

1. Laun forstjóra eru sett samkvæmt því, sem áætlað var og veitt á síðasta þingi, og samkvæmt frumvarpi því um stjórn landsímanna, sem lagt er fyrir þingið.

2. Það hefur reynst ómögulegt fyrir einn mann að komast yfir öll störf aðalskrifstofu landsímanna ásamt forstjórninni fyrir ritsíma- og talsímastöðinni í Reykjavík. Yfirstjórnin hefir í för með sjer allmiklar og viðtækar brjefaskriftir og reikningsfærslu, sem eykst með vaxandi notkun símanna. Hjer við bætast útreikningar og áætlanir um nýbyggingar og það, sem stendur í sambandi við undirbúning og framkvæmd þeirra. Þau nýju sambönd, sem farið er fram á að stofnsett verði 1908 og 1909 baka aðalskrifstofunni mjög aukið erfiði, Þar sem þau ennfremur hafa það í för með sjer, að forstjórinn verður að vera fjarverandi hjeðan oft löngum tímum saman, álíst nauðsynlegt, að fenginn sje fær maður, sem komið geti í forstjóra stað í fjarveru hans og látið aðstoð í tje með sjálfstæðu starfi. Með því mundi kostnaður við framkvæmdarstjórn nýrra línubygginga minka nokkuð, því að talsvert af henni mundi verða framkvæmt af aðalskrifstofunni. Það er því lagt til að veitt sje fje í þessu skyni, og sundurliðast 2. liður þannig:

a.	Borgun til aðstoðarmanns og annar kostnaður við aðalskrifstofuna	3000 kr.
b.	Laun tveggja símritara, 1400 kr. til hvers, þar af 400 kr. viðbót fyrir þá sjálfa	2800 —
c.	Laun tveggja talsímameyja, alt að	1400 —
d.	Sendiboði	400 —
e.	Aukaþjónusta	500 —
f.	Viðhald húsakynna, ljós og hiti	600 —
g.	Ýmisleg útgjöld	400 —
		9100 —

Um b. og c. Byrjunarlaun símritara eru ákveðin 1000 kr., en með því að þeir 4 símritarar, er utan voru sendir til að læra símritun, gáfu sig við starfi þessu og sleptu sumir öðrum viðunanlegum störfum í því trausti, að launin yrðu 1400 kr. eins og ráð var fyrir gert í áætlun nefndarinnar á þingi 1905 og fjárveiting þeirri, sem á því var bygð, þykir sanngjarnt að þeir fái 400 kr. hver sem viðbót fyrir þá sjálfa, enda mundi naumast hægt að halda þeim að öðrum kosti. Tvær stúlkur, sem nú eru við landssímastöðina, hafa 600 kr. hver; en með því að önnur þeirra að minsta kosti verður að geta gegnt ritsímastörfum, álíst rjett að hægt sje að hækka launin fyrir aðra upp í 800 kr. eins og gjört hefur verið á Seyðisfirði og Akureyri fyrir þá af talsímameyjunum, sem numið hefur símritun og jafnframt sinnir ritsímastörfum.

Um d. og e. Það er viðbúið, að störfin verði sumarmánuðina meiri en svo, að fastir starfsmenn geti rönd við reist að gegna þeim fullnægjandi, og verður þá að taka aukastarfsmenn um lengri eða skemri tíma. Sendiboðinn hefur í kaup 360 kr. en vænta má að aukasendla þurfi, og eru til þess ætlaðar 40 kr.

Um f. og g. Eftir fenginni reynslu er álitið að þessar upphæðir muni nægja.

Um 3. Upphæðin sundurliðast þannig:

		1908	1909	
a.	Laun stöðvarstjóra	1800	2000	kr.
b.	— aðstoðarmanns	1000	1000	—
c.	— tveggja talsímameyja, annarar jafnframt símritara	1400	1400	—
d.	Aukavinna	600	600	—
e.	Sendiboði	400	400	—
f.	Húsaleiga, eldiviður, ljós og ræsting	850	850	—
g.	Ýms útgjöld	450	450	—
		6500	6700	—

Um a. Laun stöðvarstjóra eru eigi sett nema 1800 kr. fyrra árið, af því að sennilegt er, að fremur ungur maður verði tekin til þess starfs, en það er álitið nauðsynlegt að hækka launin upp í 2000 kr. síðara árið, til þess að geta haldið honum, ef hann reynist vel, enda er mjög áríðandi, að vel fær maður sje í þessari stöðu.

Um b. og c. Það er álitið nauðsynlegt að bæta við einum símritara, með 1000 kr. launum. Laun talsímameyjanna eru óbreytt eins og nú 800 og 600 krónur.

Um d. Vegna síldveiðanna og þarafleiðandi margmennis við Eyjafjörð er fyrirsjáanlegt, að aukaþjónustu muni þurfa þann tíma, og hana ekki all-litla, ef einkasíminn frá Siglufirði kemst á, eins og við er búist og málaleitun hefur þegar komið um.

Um e.—g. Sendiboðinn hefur 300 kr. kaup. 100 kr. eru ætlaðar til aukasendiferða. Ýmisleg útgjöld eru áætluð í hærra lagi vegna kaupa á bæjarsímakerfinu.

Um 4. Upphæðin sundurliðast þannig:

a.	Laun stöðvarstjóra og húsnæði fyrir hann	2570 kr.
b.	Tveir símritarar 1400 kr. hvor, þar af 400 kr. persónuleg viðbót	2800 —
c.	2 talsímameyjar, önnur jafnframt símritari	1400 —
d.	Sendiboði	600 —
e.	Húsaleiga, eldiviður, ljós og ræsting	380 —
f.	Ýmisleg útgjöld	400 —
		8150 —

Um þessa liði er ekki annað að athuga en það, að samningurinn, sem gjörður hefur verið við Mikla norræna ritsímafjelagið um sameiginlega starfrækslu á Seyðisfirði mun verða lagður fyrir þingið til athugunar. Kaup sendiboða er hærra hjer en annarstaðar, af því að sú þjónusta fæst þar ekki ódýrari, enda er álitið hentugt, að hafa þar til starfsins fullorðinn mann, sem jafnframt hefur á hendi eftirlit á línunni.

		1908	1909	
Um 5.	Liðurinn sundurliðast þannig:			
a.	Stöðvarstjóri, laun	600	1800	kr.
b.	2 talsímameyjar	500	1400	—
c.	Sendiboði, alt að	100	400	—
d.	Húsaleiga, eldiviður, ljós og ræsting	300	850	—
e.	Ýmisleg útgjöld	100	400	—
		1600	4850	—

Um 6.	Liðurinn sundurliðast þannig:			
a.	Stöðvarstjóri, laun	500	1600	—
b.	1 talsímamey	200	600	—
c.	Húsaleiga, eldiviður, ljós og ræsting	200	500	—
d.	Ýmisleg útgjöld	50	100	—
		950	2800	—

Þegar Vestfjarðaálman tekur til starfa, verður óhjákvæmilegt að hafa ritsímastöð á Borðeyri. Þar koma svo margar línur saman, og fyrirkomulagið á samskeyting línanna í þeim margvíslegu kringumstæðum, er fyrir koma, einkum þegar bilanir koma fyrir og skeyti safnast fyrir frá einhverri línunni, er svo margbrotið, að til þess þarf æfðan mann. Launin álítast hæfilega sett 1600 kr.

Um 7. Vegna hinna nýju lína, sem lagt er til að byggja 1908 og 1909, fjölgar talsímastöðvum í sveitum, svo að talið er nauðsynlegt, að hækka útgjöldin til þeirra upp í 1200 og 1400 kr. þessi ár.

Við IV. Kostnaður til eyðublaða, prentkostnaður og til ritfanga hefur orðið meiri en við var búist; bæði er prentun dýrari, og meira sem prenta þarf, en ráð var fyrir gert, enda fer prentun símaskráa og eyðublaða vaxandi, eptir því sem símasamböndin aukast.

Við V. Hjer undir fellur kostnaður við ferðir til að líta eptir línum og stöðvum, fyrirskipaðar ferðir starfsmanna í þjónustuerindum og yfir höfuð nauðsynlegar ferðir, sem að starfrækslunni lúta.

Við VI. Þessar upphæðir eru lægri en sem svari þeirri % tölu af stofnfjenu, sem ráð var fyrir gert sem viðhaldskostnaði í nefndaráliti meiri hlutans 1905, og kemur það til af því, að búist er við að kostnaður þessi verði minni fyrst um sinn, meðan línurnar eru nýjar, enda er enginn vafi á því, að svo muni reynast, ef ekki ófyrirsjeð óhöpp valda því, að skipta þurfi um þráð á lengri spottum.

Við VII. Tillag til skrifstofu alþjóðarsambandsins í Bern. Allsherjar-ritsímasambandinu var 1906 tilkynnt að Ísland gengist undir alþjóðasamning þann um ritsímamálefni, sem gjörður var í St. Pjetursborg 10.—22. júlí 1875, sem land með sjálfstæðri ritsímastjórn. Eigi hefur þó verið gjörð krafa um sjerstakan fulltrúa fyrir Ísland er mæti á allsherjarfundunum í Bern, heldur hefur samgöngumálastjórn ríkisins verið falið, með samningi milli samgöngumálaráðherrans og ráðherra Íslands, dags. 30. júlí 1906, að gæta hagsmuna Íslands gagnvart alþjóðasambandinu fyrir hönd hinnar sjerstöku íslensku ritsímastjórnar. Kostnaður við hluttöku Íslands í alþjóðasambandinu, er því að svo stöddu að eins tillag það, sem greint er í þessum lið, svo og aukagjöld, er fulltrúinn á alsherjarfundunum kynni að hafa Íslands vegna.

Vegna vegalengdar og erfiðleika við landsímahald á Íslandi var terminaltaxti Íslands samkvæmt ósk landsstjórnarinnar ákveðinn 10 Centimes fyrir orð hvert innan taxtasvæðis Norðurálfu, og 15 Centimes fyrir orð hvert utan þess.

E.

Til vita.

Við a.—c. Þessir liðir eru eins og á núgildandi fjárlögum.

Við d. *Til vitans á Skagatá.*

Samkvæmt tillögum umsjónarmanns vitanna við Faxaflóa er lagt til að hækka laun vitavarðar um 200 krónur. Laun hans eru nú als með hlunnindum um 700 krónur, en af þessari upphæð verður hann, auk þess að framfæra fjölskyldu sína, að borga aðstoðarmanni. Stjórninni virðist því full ástæða til að hækka laun vitavarðar. Aðrir liðir eru eins og á núgildandi fjárlögum nema 7. liður fellur auðvitað burtu.

Við e. *Til vitans við Gróttu.*

Hjer er af sömu ástæðum og nú voru tilfærðar farið fram á, að hækka laun vitavarðar um 100 kr., en aðrir liðir eru óbreyttir.

Við f. *Til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga.*

Þessi liður er óbreyttur.

Við g. *Til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð.*

Eftir tillögum eftirlitsmanns eru gerðar þessar breytingar, að 3. liður til viðhalds á húsum og áhöldum er lækkaður ofan í 100 kr., því viðhaldskostnaður hefur enn eigi farið fram úr 50 krónum, en hins vegar eru áætlaðar 50 krónur fyrir steinkol, með því að rjett virðist að láta vitavörð við þennan vita fá kol og olíu ókeypis, eins og aðra vitaverði.

Við h. *Til vitans á Arnarnesi.*

Vitavörður hefur sótt um 200 króna launahækkun og virðist stjórninni af sömu ástæðum og áður eru tilfærðar rjett að bæta kjör hans að nokkru, og leggur því til, að laun hans verði hækkuð um 100 kr. árlega. Að öðru leyti er þessi liður óbreyttur.

Við i.—l. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við m. *Til vitans á Vestmannaeyjum.*

Það er eigi með vissu hægt að segja, hver útgjöldin verði við þennan vita, því reynsla er enn engin fengin í því efni; liðirnir 2.—4. eru því settir eftir ágiskun, en munu eigi fara mjög fjarri. Laun vitavarðar eru sett 600 krónur, því að það hefur reynst ómögulegt að fá duglegan og áreiðanlegan mann til þess að gegna þessari stöðu fyrir minni laun.

Við 14. gr.

A. Í þarfir andlegu stjetttarinnar.

Við A. a. *Laun biskupsins* eru samkvæmt lögum 25. oktbr. 1875, 9. gr. og lögum 9. desbr. 1889, 1. og 7. gr. talin þannig: laun 5000 kr. og viðbót við núverandi biskup 2000 kr. Skrifstofukostnaður er talinn eins og áður.

Við A. b. 1. *Tillög til prestakalla* samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr. Þessi gjöld hafa verið árið 1904 kr. 9,328, 31 og 1905 9668,51, þau eru því talin 9,500 kr. hvort árið eins og í gildandi fjárlögum.

Við A. b. 2.—4. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við A b 5. Dómkirkjupresturinn í Reykjavík hefir fyrir hönd sóknarnefndar Reykjavíkur farið þess á leit, að keyptur yrði bær Bjarna hringjara Mathiesen, sem stendur inni í kirkjugarðinum, og hann fluttur þaðan, svo að lóðin geti orðið notuð fyrir grafreit. Þykir sóknarnefndinni það með öllu ótilhlýðilegt og ótækt, að hafa þannig lagaða íbúð í kirkjugarðinum, sem hljóti að valda því, að hann verði eigi nægilega friðaður, og hneyksla og særa tilfinningar manna fyrir grafarhelginni.

Stjórnarráðið verður að vera samdóma sóknarnefndinni í því, að það sje með öllu ótilhlýðilegt, að hafa íbúð í kirkjugarðinum, og leggur því til, að hin umbeðna fjárupphæð sje veitt í þessu skyni.

B.

Til kenslumála:

I. Til prestaskólans.

Við a. *Laun.* Útgjöldin sundurliðast á sama hátt sem að undanförnu, og eru talin samkvæmt lögum 9. desbr. 1889, 5. gr.

Við b. 1.—8. Þessir liðir eru allir eins og á núgildandi fjárlögum.

II. Til læknaskólans.

Við a. *Laun.* Þessi liður sundurliðast á sama hátt sem að undanförnu.

Við b. 1.—8. Eftir tillögum landlæknis eru gerðar þær breytingar, er nú skulu greindar:

1. liður, húsaleigustyrkur er hækkaður um 160 kr. árlega; landlæknir hefur að vísu farið fram á, að liðurinn verði hækkaður um 400 kr., en stjórnarráðið verður að telja 160 kr. hækkun nægilega að sinni. Við liðinn er sett athugasemd um, að styrkur til hvers nemanda megi ekki fara fram úr 80 krónum, sama og nú stendur í athugasemd við 5. lið, sem þar var ranglega sett í meðferð alþingis á síðasta þingi. Þar undir 5. lið er þessi athugasemd als eigi viðeigandi.

Þá er lagt til að hækka 3. lið um 250 krónur. Sú upphæð, sem áður var veitt til eldiviðar, ljósa og ræstingar 300 krónur, hefur reynst ónóg, einkum vegna þess, að húsið er kalt, en ofnar gamlir og kolafrekir.

Þá er eftir tillögum landlæknis lagt til að hækka 4. lið um 300 kr. upp í 800 krónur. Ástæðan fyrir hækkuninni er aðallega sú, að útvega þarf talsvert af glerilátum, til þess að geyma í líkamshluti og annað því um líkt, er nota þarf við kensluna; hingað til hefur eigi verið rúm í skólahúsinu fyrir slíkt safn, en nú er herbergi til þessa. Auk þess þarf forstöðumaður læknaskólans, sem nýlega hefur dvalið í útlöndum til að kynna sjer nýjungar í grein sinni, að fá ýms kensluáhöld.

III. Lagaskólinn.

Ætlast er til, að kensla í lagaskólanum geti byrjað 1. okt. 1908. Launaupphæðin og borgun fyrir aukakenslu er sett samkv. lögum nr. 3 4. marz 1904. Forstöðumannsembættið ætti að veita frá 1. júlí 1908 og frá sama tíma væri

nauðsynlegt að geta varið aukakenslufje, svo bæði forstöðumaður og aukakennari geti búið sig undir fyrirlestra. Hinar aðrar upphæðir eru settar eftir áætlun, og í samræmi við það, sem hinum æðri skólunum er ætlað. Húsnæði er búist við að fáist leigt í iðnskólanum.

IV. Hinn almenni mentaskóli.

Við a. *Laun* eru eins talin og áður og samkvæmt lögum 9. desbr. 1889, 6. gr.

Við b. *Aðstoðarfje.* Þessir liðir eru hinir sömu og á núgildandi fjárlögum.

Við c. 1. *Til bókasafns skólans.* Þessi liður er eftir tillögum skólameistara hækkaður um 100 kr. árlega, með skírskotun til þess, að gagngerð breyting er að fara fram á kenslunni, og þörf er á að kaupa margar nýjar skólabækur, kort og veggjamyndir.

Við c. 2.—8. Þessir liðir eru óbreyttir að upphæðinni til, en 4. lið er skift í tvo liði.

9. lið í gildandi fjárlögum telur skólameistari nú vera orðinn óþarfan, og er hann því feldur burt.

Aðrir liðir eru óbreyttir.

V. Til gagnfræðaskólans á Akureyri.

Við a. Laun. Þau sundurliðast á sama hátt og sýnt er í athugasemdum við núgildandi fjárlög, og eru ásamt persónulegum uppbótum talin samkvæmt lögum nr. 38 10. nóvbr. 1903. 3. gr.

Við b. *Önnur útgjöld.*

Af þessum liðum er lagt til að hækka 3. lið til tímakenslu um 600 kr. eftir tillögu skólastjóra; næsta ár bætist við 3. bekkur, og má þá búast við, að kenslan aukist um þriðjung, og 5. lið ýmisleg útgjöld um 200 kr.; skólastjóri hefur að vísu stungið upp á helmingi hærri hækkun en stjórnarráðið telur þessa upphæð nægja. Aðrir liðir eru óbreyttir.

VI. Til stýrimannaskólans.

Við a. *Laun.*

Við b. *Önnur útgjöld.*

Báðir þessir liðir eru taldir eins og í núgildandi fjárlögum.

VII. Til annara kenslu.

Við a. *til kvennaskóla.*

Þessir liðir 1—4 eru óbreyttir.

Við b. 1. *Til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum.*

Styrk þennan er farið fram á að hækka um 2000 kr. fyrra árið og um 5000 kr. eða upp í 15000 kr. síðara árið eftir tillögum umsjónarmannsins með fræðslumálum landsins. Verði frv. til laga um fræðslu barna, sem stjórnarráðið nú leggur fyrir þingið, samþykt, þá vaxa mjög útgjöld skólanna ekki síst til kennara, þar sem sá kenslueyrir, sem þeim þar er ætlaður minst, er töluvert hærri en nú er algengt. Auk þess má búast við, að skólum þessum fjölgi og mun því eigi verða unt að komast af með minni uppæð. Við athugasemdina er bætt því skilyrði, að skólarnir hafi nauðsynlegustu kensluáhöld svo sem landafræðiskort, og myndir við kenslu í náttúrufræði. Að vísu er þetta skilyrði tekið upp í nefnt lagafrumvarp, en það þykir þó nauðsynlegt að taka það upp hjer vegna þess hluta fyrra ársins, þá er alþýðufræðslulögin eigi geta verið gengin í gildi, þó samþykt verði.

Við 2. *Styrkur til sveitakennara.* Upphæðin er óbreytt, en inn í athugasemdina er bætt sama skilyrðinu um nauðsynleg kensluáhöld, en þau hafa eftir skýrslu umsjónarmanns verið harla lítil hjá sveitakennurum. Þeir hafa látið sjer nægja »að hlýða yfir« landafræði og náttúrusögu á sama hátt og kverið.

Við 3. *Til unglingaskóla.* Þessir skólar eru enn í bernsku en fara fjölgandi, og þar sem þeir eru nauðsynlegur milliliður milli barnamentunarinnar og lýðskóla bæði fyrir konur og karla, þá þykir ástæða til að auka tillag til þeirra; er því farið fram á 3000 kr. styrk til þeirra árlega.

Við 4. *Styrkur til að byggja barnaskóla í sveitum.* Eftir skýrslu umsjónarmanns fræðslumálanna, sem prentað er sem fylgiskjal, eru barnaskólahús þau, sem nú eru til, í mjög ljelegu ástandi, og sumstaðar svo, að óhætt sje að fullyrða, að þau hafi skaðleg áhrif á heilsu barnanna, bæði sakir þess, hve lítil þau sjeu, dimm og loftlaus og eins vegna þess hve köld þau eru; á hverjum vetri komi það fyrir, að börn geti ekki unnið (t. d. ekki skrifað) vegna kulda. Eina ráðið til þess að kippa þessu í lag, sje það, að landssjóður leggi fram fje til að byggja skólahúsin. Stjórnarráðið er samdóma umsjónarmanni í þessu, og er því farið fram á, að veita 5,000 kr. árlega í þessu skyni. Veitingin til hvers skóla ætti að vera alt að helmingi byggingarkostnaðar, og auðvitað bundin því skilyrði, að húsin væru gerð eftir fyrirmælum yfirstjórnarinnar,

Við 5. Jafnvel þó búast megi við því, að barnaskólahús verði reist sem víðast og fastir heimangönguskólar komist á, þá er það þó víst að, farkensla verður enn um stund allmikið notuð, auk þess sem hún er óhjákvæmileg þar, sem svo hagar til, að ómögulegt er að hafa heimangönguskóla. Eftir skýrslu umsjónarmanns fer farkenslan fram ýmist í baðstofum eða í framhýsum, og er

auðsætt að kenslan getur ekki orðið viðunandi á þann hátt. Umsjónarmaður leggur því til, að veitt sje fje til þess að byggja smáskólahús til sveita til farkenslunnar, þar sem eigi verður komið upp reglulegum barnaskólum, og er því farið fram á, að veittar sjeu 3000 kr. árlega í þessu skyni með sömu skilyrðum og til heimangönguskóla.

Við 6. *Til framhaldskenslu handa kennurum.* Þó frumvarp til laga um kennaraskóla, sem landsstjórnin leggur fyrir þingið verði innan skamms að lögum, þá má búast við því, að langur tími líði þangað til kennarar, sem notið hafa mentunar í slíkum skóla, eru komnir um land alt og er því auðsætt, að heill hópur manna með engri sjermentun, og margir með lítilli almennri mentun muni verða við kenslu enn um langan tíma. Handa þessum mönnum virðist mesta nauðsyn á, að stofna til nokkurra vikna árlegrar kenslu, sem ætti að fara fram að vorinu til í Reykjavík; ætti sú kensla að vera bæði bókleg og verkleg. Til slíkrar kennarafræðslu er farið fram á að veita 2000 kr. árlega.

Við b. 7. Þessi liður er eins og á núgildandi fjárlögum.

Við c.—f. Liðir þessir eru látnir standa óbreyttir af sömu ástæðum og teknar eru fram um þá í athugasemdum við frv. til fjárlaga fyrir 1906—07. Alþtíð 1907, A, bls. 62.

Við g—h. Liðir þessir eru óbreyttir.

Við i. Upphæðin er látin halda sjer, en athugasemdin er feld burt, með því búast má við, að lestrarbókin komi bráðlega út.

Við j—n. Þessir liðir eru óbreyttir, nema að því, er bætt er við liðinn k, 300 kr. á ári til kenslu blinds drengs. Sjerstaklega skal þess getið um lýðháskólann í Bakkakoti, sem nú er talinn á Hvítárbakka, að veturinn 1905—1906 voru 14 nemendur í skólanum, en nú í vetur 1906—07, 26, jafnt piltar og stúlkur úr 7 sýslum als. Í ráði er að stækka húsnæði skólans næsta sumar því það hefir reynst ónógt.

VII. Til sundkenslu.

Við a— b. Þessir liðir eru eins og á núgildandi fjárlögum.

VIII. Eins og á núgildandi fjárlögum, nema það er felt burt að nefna teikning sjerstaklega.

Við 15. gr.

Til vísinda og bókmenta.

Við 1. *Til landsbókasafnsins.*

Haustið 1908 er gert ráð fyrir, að hið nýja safnahús verði að öllu leyti

fullbúið, og leiðir þar af að gera þarf ýmsar breytingar á útgjöldum til safna þeirra, er þar eiga að vera.

Stjórnarnefnd landsbókasafnsins hefir lagt það til, að bæta við einum aðstoðarbókaverði við safnið, af því að störf við það fari eðlilega stórum vaxandi, þegar það kemur í hentugra húsnæði; en af því að störf þessi sjeu afaráríðandi, megi ekki hafa þau lengur í hjáverkum, og verði því að launa starfsmönnum viðunanlega, svo hægt sje bæði að heimta af þeim fult verk, og að það sjeu menn, sem sjeu starfi sínu svo vel vaxnir, sem best sjeu föng á. Nefndin leggur því til, að yfirbókaverði verði launað með 3000 kr., 1. aðstoðarbókaverði með 2000 kr. og 2. aðstoðarmanni með 1500 kr. Stjórnarráðið er yfirstjórninni samdóma í þessum atriðum, en álítur, að hæfileg byrjunarlaun handa 1. aðstoðarbókaverði sjeu 1500 kr. og handa hinum 900 kr., og leggur því til, að þessar upphæðir sjeu veittar að helmingi fyrra árið og að fullu seinna árið; með því að gera verður ráð fyrir, að nokkurn undirbúning þurfi fyrir flutning safnsins, og talsverð störf sjeu því samfara, þá þykir rjett að launahækkunin byrji á miðju ári 1908.

Bæði bóka- og skjalasafnið hafa lengi fundið til þess óhagræðis og þeirrar áhættu, sem því er samfara, að þurfa að senda skjalabækur, handrit og dýrmætar bækur burt frá söfnunum til bókbands viðsvegar um bæinn, en úr þessu verður ekki bætt nema á þann hátt, að bókbandsstofa verði sett í hinu nýja húsi með sjerstökum bókbindara. Þar sem sjerstakt húsnæði er ætlað bókbindara í hinu nýja húsi og ríkisskjalavörður Dana hefir boðið ókeypis kenslu hjá bókbindara ríkisskjalasafnsins í þeirri meðferð gamalla skjala, sem nú er talin hin besta og varanlegasta, og sem búist er við, að sá maður, sem ætlaður er til að hafa framvegis á hendi bókband fyrir söfnin, muni færa sjer í nyt, þá þykir stjórninni það sjálfsagt að hafa sjerstaka bókbandsstofu við söfnin, og er því farið fram á 2000 kr. fjárveitingu fyrra árið, til þess að kaupa bókbandsverkfæri; minni upphæð telja kunnugir menn ekki nægja í þessu skyni.

Það má búast við, að talsverður kostnaður verði því samfara að flytja söfnin í hið nýja hús, langmestur verður hann við bókasafnið, og því er flutningskostnaður hjer tekinn í einu og áætlaður 2000 kr. fyrra árið.

Aðrar upphæðir eru óbreyttar. Liður i til eldiviðar og áhalda er færður upp í 1000 kr. síðara árið.

Við 2 a—c. *Til bókasafna.*

Með því að ömtin nú leggjast niður, verður að breyta nafninu og virðist þá sjálfsagt að kenna söfnin við kaupstaði þá og verslunarstað, er þau eru í. Í athugasemdinni er gerð sú breyting, að jafnmikill styrkur komi frá hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd.

Við 3. *Til sýslubókasafna.* Þessi liður er óbreyttur.

Við 4. *Til landsskjalasafnsins.* Landsskjalavörður hefur í ýtarlegu erindi til stjórnarráðsins bent á það, að óhjákvæmilegt sje og nauðsynlegt að halda safninu miklu lengur opið en nú er, þegar það er komið í hið nýja hús. Nú sem stendur er ekki skylt að hafa safnið opið fyrir almenning meira en 3 klukkutíma á viku, og er það gersamlega ónógt, og telur skjalavörður, að ekki veiti af að

hafa safnið opið 5 klukkustundir á dag. Stjórnarráðið er samdóma skjalaverði um, að safnið þurfi að vera almenningi opið 3—4 kl.tíma á dag, og býst við að svo verði fyrirskipað á sínum tíma. Af þessari lengingu starfstímans leiðir, að hækka verður laun skjalavarðar, og að hann þarf að hafa aðstoð. Skjalavörður hefur eigi stungið upp á launaupphæðinni handa sjálfum sjer, en stjórnarráðinu þykir 2000 kr. árslaun hæfileg upphæð, og leggur til, að sú upphæð sje veitt frá miðju ári 1908. Til aðstoðar hefur skjalavörður farið fram á að fá 500 kr. og lagt til, að liður b. verði hækkaður um þessa upphæð í þessu skyni, og bætt inn í hann »til aðstoðar«. Þetta virðist stjórnarráðinu sanngjarnt og hefur tekið þessar breytingar upp í frumvarpið fyrir s. á.

Þá hefur skjalavörður farið fram á, að í lið c. væri feld burt orðin »að útvega«, en að nýr liður kæmi þar á eftir, til að kaupa bækur og handrit 300 kr. Þetta hefur skjalavörður áður oft farið fram á, en stjórnin ekki sjeð sjer fært að sinna því, og enn í þetta sinn finnur stjórnarráðið eigi ástæðu til að taka þessa beiðni til greina, þar sem svo margar nauðsynlegar kvaðir kalla að. Hinir liðirnir eru því óbreyttir.

Við 5. og 6. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við 7. *Til forngripasafnsins.* Af flutningi safnanna leiðir það einnig, að hækka þarf launin til umsjónar, og er farið fram á að launa umsjónarmanni með 1800 kr. frá miðju ári 1908, en þá jafnframt honum gert að skyldu að hafa safnið opið 2 tíma á hverjum degi frá 15. júní til 15. sept., en í 1 tíma á dag hinn tíma ársins, og er athugasemdinni breytt samkvæmt þessu. Húsaleiga fellur niður síðara árið, en hiti verður sameiginlegur fyrir öll söfnin.

Við 8.—15. Allir þessir liðir eru eins og á núgildandi fjárlögum.

Við 16. *Sigfús Einarsson* hefur í erindi til stjórnarráðsins farið þess á leit, að fá 2000 kr. styrk árlega til þess að setjast að í Reykjavík fyrir fult og fast, og starfa í þarfir sönglistarinnar hjer á landi, og hugsar hann til að haga starfi sínu þannig:

1. Hann vill kenna þeim söng, sem söngkenslu hafa á hendi í skólum, eða eiga að takast hana á hendur; hjer í er fólgin tilsögn í einsöng þ. e. notkun raddfæranna (tónmyndun) og listmætum framburði (Foredrag), — söngfræði og söngstjórn. Harmoníumspil telur hann sjálfsagt að kenna að einhverju leyti, því að harmóníum muni verða notað við söng í skólum víðast hvar. Kenslan ætti að fara fram í Reykjavík á vetrum, og auk þess einn mánuð í sumarleyfinu fyrir þá, sem bundnir eru við kenslu vetrarlangt.

2. Hann vill veita söngkennurum og söngstjórum um land alt leiðbeiningar munnlega og brjeflega t. a. m. um kensluáhöld, aðferð, söngvaval o. s. frv., ennfremur að svo miklu leyti því yrði við komið, með því að ferðast þangað, sem söngfjelög eru fyrir og taka sjálfur við kenslu og söngstjórn um stuttan tíma.

3. Hann vill kenna þeim ókeypis, er kynnu að hafa afburða hæfileika til söngs, en geta eigi notið kenslu að öðrum kosti, fátæktar vegna.

4. Hann vill gangast fyrir samsöngum í Reykjavík, svo að þar sje kostur á að heyra sem oftast góðan söng, og sem mest af merkum sönglistarverkum.

5. Hann vill sjá um útgáfu söngbóka, sem sjeu sniðnar við okkar hæfi og þarfir.

6. Hann vill leggja kapp á að koma á fjelagsskap meðal allra söngflokka landsins innbyrðis, og hugsar hann sjer, að flokkarnir mæltu sjer mót í Reykjavík t. a. m. þriðja hvert ár og hjeldu samsöngva í sameiningu. Telur hann, að slíkt muni að vísu verða mjög erfitt að framkvæma, en þó vel gjörlegt, og mundi það hafa stórmikla þýðingu fyrir veg og gengi sönglistarinnar hjer á landi.

Þótt fjárhagur landsins sje nú eigi sem glæsilegastur, og margar verklegar framkvæmdir kalli að, og því sje viðsjárvert að stofna nýjar stöður eða embætti, eða veita styrki sem án má vera, þá telur stjórnarráðið efling sönglistarinnar hjer á landi svo þýðingarmikið mál og svo mentandi, lyftandi og göfgandi fyrir þjóðina, að það verði eigi með neinu móti sagt, að því fje sje á glæ kastað, er miðar að því að koma því í framkvæmd, sem umsækjandi telur upp hjer að framan, og þar sem hins vegar enginn vafi er á því, að hann er fullfær um að geta komið þessu í verk, og hefir mikinn áhuga á þessu máli, þá hefir stjórnarráðinu þótt rjett að taka upp á fjárlögin veitingu til þess, og leggur til, að honum sjeu veittar 1800 kr. árlega til þess að koma því í framkvæmd, og er það nefnt »til eflingar og útbreiðslu sönglistar og söngþekkingar hjer á landi«.

Við 17—21. Allir þessir liðir eru óbreyttir eins og í núgildandi fjárlögum.

Við 22. Leikkonan frú *Stefanía Guðmundsdóttir* hefir farið þess á leit við stjórnina, að fá styrk til að geta gefið sig betur við leikment sinni en áður. Frú Stefanía hefir í mörg ár leikið hjer í bæ, og sýnt að hún hefir ágæta leikhæfileika, og hefir því jafnan verið talin í fremstu röð allra leikenda hjer. Á umliðnum vetri ljek hún aðalhlutverkið í hinu nafnfræga leikriti »Camelíufrúin« með frábærri snild, og voru flestöll blöðin sammála um, að slík list hefði aldrei fyr sjest hjer. Stjórninni virðist full ástæða til að veita frú Stefaníu sjerstaklega 400 kr., bæði í viðurkenningarskyni, og til þess að hún geti gefið sig enn meir við list þeirri, er henni lætur svo vel.

Við 23. Styrkur til *Boga Melsted.* Liðurinn er óbreyttur, en það skal tekið fram, að árið 1906 hefir komið út fyrsta hefti af öðru bindi af Íslendingasögu, og að í ár mun koma út áframhald; annað bindi verður um söguöldina 930—1030, og verður í þremur heftum. Þriðja bindi á að ná fram að 1264.

Við 24—25. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við 26. Skólakennari Bjarni Sæmundsson hefur auk þess að æskja þess, að fá hinn venjulega styrk til fiskirannsókna, farið þess á leit að fá styrk til aðstoðar og áhalda við fiskirannsóknir alt að 1700 kr. fyrra árið og 1300 kr. síðara árið.

Fiskirannsóknaskipið danska »Thor« kemur eigi framar hingað til lands til rannsókna, og er þó mikið eftir órannsakað þrátt fyrir hinar víðtæku og mikilsverðu rannsóknir, sem gerðar hafa verið frá skipi þessu. Tekur umsækjandi það sjerstaklega fram, að enn sjeu stór svæði, sem lítið eða ekkert hafi verið könnuð

með tilliti til ungfiskis og dvalarstaða þess, eftir að það hættir uppsjávarlífi sínu, og leitar botnsins og strandanna. Þessi svæði eru einkum Húnaflói innanverður, Ísafjarðardjúp innanvert, Breiðifjörður og nokkur hluti Faxaflóa. Þessi svæði álítur hann að æskilegt sje að, rannsaka sem fyrst, en til þess þarf mótorbát, aðstoðarmann, veiðarfæri ýmisleg og mælingaáhöld. Fer hann því fram á, að sjer verði veitt fje á næsta fjárhagstímabili í þessu skyni. Með því að stjórnarráðið verður að vera umsækjanda samdóma um, að það væri mjög æskilegt, að slík rannsókn gæti fram farið, leggur það til, að þessi styrkur verði veittur; erindi B. Sæmundssonar verður lagt fyrir þingið.

Við 27. Þessi liður er óbreyttur.

29. liður í núgildandi fjárlögum er ekki tekinn upp, af því engin þar að lútandi málaleitun hefur komið til stjórnarráðsins.

Við 28. *Til Helga Pjeturssonar,* Þessi liður er óbreyttur.

Við 29. Helgi Jónsson hefur farið þess á leit, að sjer verði veittar 3000 kr. árlega á næsta fjárhagstímabili, til þess að halda áfram mýrarannsóknum og öðrum grasafræðisiðkunum hjer á landi, af þeim ástæðum, að hann hafi ekki von um að fá lengur styrk frá Danmörku, sem hann hingað til hefur haft, og að efnafræðisrannsóknirnar kosti allmikið; ætlast hann til, að 1000 kr. af þessari upphæð gangi til ferðalaga og til efnarannsókna, en 2000 kr. sjeu til að lifa af. — Með því að stjórnarráðið verður að telja það mjög þýðingarmikið fyrir landbúnaðinn, að mýrarannsóknunum sje haldið áfram, þykir því fylsta ástæða, að leggja það til, að þessi upphæð sje veitt, eins og umsækjandi ter fram á, en telur jafnframt rjett að gera honum að skyldu, að halda fyrirlestra í Reykjavík ókeypis um rannsóknir sínar og árangur þeirra.

Við 30. Þessi liður er óbreyttur.

Við 31. »International seismologiske Association« hefur sent erindi til stjórnarráðsins þess efnis, að sett yrði landskjálftastöð á fót hjer á landi, og boðist til þess að leggja verkfæri til. Eftir að dr. phil. Helgi Pjetursson, sem málið var borið undir, hafði lýst því yfir, að æskilegt væri að fá hjer upp verkfæri til jarðskjálftaathugana, og að heppilegast mundi að koma verkfærunum fyrir í stýrimannaskólanum, hefur verkfræðingur Jón Þorláksson gert áætlun um kostnaðinn. Svo er ráð fyrir gert, að koma verkfærunum fyrir í kjallaranum undir stýrimannaskólanum og þarf þá að stækka hann nokkuð, og er kostnaður við það áætlaður 250 krónur; flutningur, niðursetning og umbúnaður verkfæra er talið að kosta 250 kr.; stofnkostnaður því alls 500 kr. Árleg útgjöld eru 300 kr.. 250 kr. til umsjónarmanns og 50 kr. fyrir efni, burðareyri og fl. Þar sem hjer er um litla upphæð að ræða annarsvegar, en hins vegar um málefni, sem getur haft mikla vísindalega þýðingu, hefur stjórnarráðinu þótt rjett að taka þennan lið upp í fjárlagafrumvarpið.

Við 16. gr.

Til verklegra fyrirtækja.

Við 1. og 2. *Til bændaskólanna á Hólum og Hvanneyri.* Skólar þessir eru settir á stofn með lögum nr. 48, 10. nóvbr. 1905 og er búist við, að hinir eldri búnaðarskólar þar verði afhentir nú í næstu fardögum (1907), launin eru talin samkvæmt nefndum lögum en önnur útgjöld eru ágiskuð. Eftir 3. gr. laganna skal útvega skólunum sem fullkomnust kensluáhöld, og mun þá eigi veita af 1000 kr. til hvors skóla um sig fyrra árið, og 300 kr. síðara árið. Þá þykir og rjett að ákveða styrk til nemenda eins og við hina aðra skóla, og þykir sá styrkur hæfilega settur 300 kr. um árið í samanburði við gagnfræðaskólann á Akureyri.

Við 3. *Til búnaðarfjelaga.* Er óbreytt eins og á núgildandi fjárlögum.

Við 4. *Til Búnaðarfjelags Íslands.* Stjórn þess fjelags hefur farið fram á, að auk 3000 króna hvort árið til kenslu í mjólkurmeðferð, sje fjelaginu veittur 45,000 kr. styrkur hvort árið. Jafnvel þó stjórnarráðið viðurkenni, að Búnaðarfjelagið hafi margar kvaðir og eigi örðugt með að fullnægja þeim öllum, þá sjer það eigi fært að hækka styrkinn á næsta fjárhagstímabili, einkum þar sem margt annað kallar að, og með tilliti til, að styrkurinn var mjög hækkaður á þessu fjárhagstímabili. Styrkurinn er því talinn með sömu upphæð samanlagðri á báðum þessum liðum, sem nú.

Við 5. *Til skóggræðslu.*

Við A. Í frumvarpi því sem, stjórnin leggur fyrir þingið um skóggræðslu, er gert ráð fyrir, að sjerstakur skógræktarstjóri verði skipaður, er hafi 5000 kr. laun árlega, og hæfilega margir skógarverðir með launum, er ákveðin sjeu á fjárlögunum. Að vísu hafa þeir próf. Prytz og kapt. Ryder gert ráð fyrir 4 skógarvörðum með 1500 kr. launum að frádregnu gjaldi fyrir húsnæði, eða eftirgjald eftir jörð, en stjórnarráðið lítur svo á, að nægilegt sje að hafa þrjá verði næsta fjárhagstímabil, og að hæfilegt sje að launa þeim með 1200 kr. árlega hverjum. Samkvæmt þessu eru launin hjer ákveðin.

Við B. 1.—8. Þessir liðir eru allir settir eftir tillögum þeirra próf. Prytz og kapt. Ryder, er alþingi mun fá tækifæri til að kynnast. Að því er lið 2. snertir, þá er það tilætlunin að kaupa æðistórt landflæmi við Rauðavatn fyrir sunnan veginn, sem er falt og álitið heppilegt til tilrauna. Upphæðin er ætluð til kaupa á lóðinni til að girða hana og til þess að undirbúa hana til gróðursetningar. Upphæðin við lið 4. er helmingi hærri en hið fyrra árið, og er þessi hækkun ætluð til girðingar.

Hallormsstaðaskógur hefur verið girtur á tvo vegu að norðan og sunnan, en þetta hefur reynst ónógt gegn ágangi sauðfjár, og verður því nauðsynlegt að girða hann á alla vegu og er talið, að það muni kosta 3500 krónur.

Á eftirlitsferðum sínum um landið, þykir sanngjarnt, að yfirskógarvörður fái, auk venjulegs ferðakostnaðar, einnig borgun fyrir kost á leiðinni, og því er þessi upphæð talin svo há.

Við 6. a.—h. *Til sandgræðslu.*

Þessir liðir eru settir eftir áætlun, er þeir hafa samið kapt. Ryder og próf. Prytz, og mun álit þeirra verða lagt fyrir þingið, og vísast því til þess; einungis skal það tekið fram um 1. lið, að það er talið afaráríðandi að setja girðingu frá Pjórsá og til fjalla móts við Búrfell; á þann hátt má verja fyrir ágangi að norðan það svæði, sem er mest hætta búin. Þar sem svæði það er girða þarf, er aðeins um $^1/_2$ míla, er talið að girðingu megi koma upp fyrir 3000 kr.

Við 7. Samkvæmt því, sem til var ætlast á síðasta þingi, er hjer stungið upp á lækkandi upphæðum, með því að gengið er út frá því, að styrkur þessi fari smámsaman minkandi, og hverfi áður langt um líður með öllu.

Við 8.—15. Þessir liðir eru eins og tilsvarandi liðir á núgildandi fjárlögum.

Við 16. Yfirstjórn verslunarskólans í Reykjavík hefur sótt um, að skólanum verði veittar 5000 krónur hvort árið eins og iðnskólanum, með því að hann hefði enn meiri kostnað en iðnskólinn, og mundi hafa eins marga nemendur, ef hann hefði rýmra húsnæði. Stjórnarráðinu virðist ástæða til að auka styrkinn til skólans, en sjer þó ekki fært að leggja til, að styrkurinn sje hærri en 3000 krónur hvort árið.

Við 17.—19. Þessir liðir eru óbreyttir.

Við 20. *Til efnarannsóknarstofu í Reykjavík.*

Liðirnir a.—b. sem eru samhljóða tilsvarandi liðum í núgildandi fjárlögum, eru óbreyttir, en liður c. til húsaleigu er talinn með jafnmikilli upphæð bæði árin.

Við 21. Upphæðin er óbreytt, en orðunum er vikið lítið eitt við eftir ósk bæjarstjórnarinnar á Akureyri. Í Oddeyrarbót er þegar búið að gjöra bryggju, sem er þannig, að hún eftir vottorði verkfræðings getur veitt skipum vetrarlegu, og er einn liður í fyrirhugaðri skipakví, en eins og orð fjárlaganna hljóða, er hæpið að heimilt sje fyrir stjórnina, að borga styrkinn út. En þar sem verkið uppfyllir þann tilgang sem ætlað var að veita styrkinn til, og búið er að verja stórfje af bæjarins hálfu til þess, og búast má við, að enn meira verði unnið að verkinu, er farið fram á breytingu í þá átt, að heimilt sje að borga út styrkinn til þess verks, sem sumpart er þegar unnið og verður unnið á þessu ári.

Við 22. Liðurinn er óbreyttur.

Við 23. Lending er mjög ill á Skipaskaga eins og kunnugt er, og hefur því þörf á öflugri steinbryggju lengi verið alltilfinnanleg. Hreppsnefndin hefur nú fengið áætlun frá Erlendi Zakaríassyni um það, að öflug steinbryggja mundi kosta 5494 krónur, og því næst farið þess á leit, að veittar yrðu 3000 kr. úr landssjóði,

en hitt ætlar hreppurinn og sýslusjóður að leggja til. Stjórnarráðinu þykir ástæða til að verða við þessari beiðni, þar sem alþingi hefur oft áður styrkt hjeruð til slíkra fyrirtækja, en virðist hæfilegt, að hjeraðsbúar leggi fram $^2/_3$ kostnaðarins, sem telja má víst, að verði 6000 kr. og leggur því til, að veitt sje í þessu skyni alt að 2000 krónur.

Við 17. gr, Greinin er óbreytt.

Við 18. gr. Fangaverði Sigurði Jónssyni hefur eftir ósk hans verið veitt lausn frá þeim starfa frá 1. septbr. næstkomandi. Jafnframt hefur hann sótt um, að sjer yrðu veitt hæfileg eftirlaun. Honum var veitt þessi sýslan haustið 1873, og hefur hann því gegnt henni um 34 ár, er hann fær lausn. Þennan langa tíma hefur hann staðið vel í stöðu sinni, og þar sem hann er nú hniginn á efri aldur, og hefur jafnan haft mikla fjölskyldu fram að færa, og er því fátækur maður, þykir stjórnarráðinu ástæða vera til, að honum verði veitt hæfileg eftirlaun. Hans föstu laun eru 1000 kr. og í allmörg ár hefur hann haft 200 kr. í launaviðbót, eftir því ætti hann, ef hann að lögum hefði eftirlaunarjett, að fá eftir hinum eldri eftirlaunalögum 666 kr. 67 aur., en ef viðbótin er tekin með 800 kr., og virðist þá stjórnarráðinu rjett að fara bil beggja og leggja það til, að hann fái 700 kr. í eftirlaun. Ef eftirlaunin væru reiknuð eftir hinum nýju eftirlaunalögum mundu þau verða talsvert hærri.

Við 19. gr. Útgjöldin hafa verið hækkuð upp í 10,000 kr. Þar sem sektir fyrir fiskiveiðabrot eru taldar sem sjerstök tekjugrein í 2. gr. 17, er sjálfsagt að áætla gjaldamegin upphæð fyrir þeim $^2/_3$ hlutum af sektum og andvirði upptæks afla og veiðarfæra, sem renna eiga í ríkissjóð.

Við 21. gr. Orðalaginu við lánsheimildina til skipakvíar í Oddeyrarbót hefur verið breytt á sama hátt og gjört var við styrkinn, sem farið er fram á að endurveita í 16. gr. 21. lið, af ástæðum þeim, sem þar eru teknar fram.

Samkvæmt tillögum umsjónarmanns fræðslumálanna er lagt til að lána megi alt að 50000 kr. úr viðlagasjóði til að byggja barnaskólahús. Um ástæður vísast til þess, sem tekið er fram hjer að framan um styrkveitingu í þessu skyni, og til skýrslu umsjónarmannsins.

Þegar stórkaupmaður Thor E. Tulinius fjekk leyfi til þess að setja á stofn og starfrækja einkalínu frá Eskifirði til Egilsstaða fjekk hann að láni staura og ýmislegt annað efni til byggingar línunnar af efni því, sem pantað hafði verið til landsímalagningar,og lofaði landsstjórnin honum um leið, að leita samþykkis alþingis til þess, að skuldin fengi að standa fyrst um sinn, gegn árlegri afborgun og tryggingu í línunni. Með því að hjer var um mjög þýðingarmikið samband fyrir viðkomandi hjeruð að ræða, en um leið mjög kostnaðarsamt, fanst stjórninni það mjög sanngjarnt, að landssjóður ljetti undir þetta verk með láni á þennan hátt, og væntir því, að alþingi samþykki þessa lánsheimild.

Eins og tekið er fram hjer að framan, er lagt til að það sje gert að skilyrði fyrir stofnun símasambanda fyrir utan aðallínuna, eða aukalína út frá henni, að hlutaðeigandi hjeruð leggi fram ríflega upphæð í því skyni, og þurfa þau að geta fengið lán til þess. Eins og nú er, er eigi hægt að fá lán í bönkum, nema gegn hárri rentu og fljótri afborgun, og virðist því sanngjarnt að heimild sje gefin til þess, að veita

lán úr landssjóði í þessu skyni. Alitið er að 60,000 króna lánsupphæð muni nægja.

Eftir að fjárlagafrumvarpið var fullbúið af hendi stjórnarráðsins hafa komið fram ýms erindi um styrk og fjárframlög, sem stjórnarráðið hefði að einhverju leyti tekið til greina, ef fyr hefði komið. Þar á meðal er erindi frá bæjarfógetanum í Reykjavík um miðstöðvarhitun í fangahúsinu, og erindi frá verkfræðingi Th. Krabbe um 3000 kr. til smámælinga og uppkaststeikning til járnbrautar austur yfir heiði. Stjórnarráðið mun því undir meðferð fjárlaganna á þingi koma fram með nokkrar viðbótartillögur til nefndarinnar í Nd., eða breytingartillögur.

Fylgiskjal I.

Skrá

yfir

eftirlaun þau til embættismanna og embættismannaekkna og barna, sem hvíldu á landssjóði í árslok 1906.

	A. Embættismenn:	kr. a.
1	Adolph Christian Braumann, sýslumaður í Gullbringu og Kjósarsýslu ... ... kr. a. 982, 18 kon. úrsk. 19/11 1860.	
2	Benedikt Gröndal. kennari við lærða skólann í Reykjavík. ... ... 800, » kon. úrsk. 13/4. 1883.	
3	Páll Melsteð, sögukennari . ... 1,800, » Lög 16/9. 1893.	
4	Skúli Thoroddsen, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði ... ... 1,500, 54 kon. úrsk. 31/5. 1895.	
5	Þorgrímur Johnsen, hjeraðslæknir í 11. læknishjeraði ... ... 1,586, 20 kon. úrsk. 14/4. 1896.	
6	Einar Thorlacius, sýslumaður í Norður-Múlasýslu 1,593, 78 kon. úrsk. 29/5. 1896.	
7	Franz Siemsen, sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu ... ... 1,601, 40 kon. úrsk. 1/8. 1899.	
8	Þorvaldur Jónsson, hjeraðslæknir í Ísafjarðarhjeraði ... ... 1,626, 66 kon. úrsk. 15/11. 1900.	
9	Magnús Stephensen, landshöfðingi . ... 6,222, 22 Biðlaun frá 1/2 1904.	
10	Björn Magnús Ólsen, rektor við lærða skólann í Reykjavík ... ... 2,255, 56 kon. úrsk. 25/4. 1904.	
	Flyt	19,968,54

		kr. a.	kr. a.
	Fluttar	19,968, 54	
11	Júlíus Havsteen, amtmaður í Suður- og Vesturamtinu	4,000, »	
	Biðlaun frá 1/10. 1904.		
12	Árni Thorsteinsson, landfógeti	3,645, 81	
	kon. úrsk. 9/9. 1904.		
13	Þorsteinn Jónsson, hjeraðslæknir í Vestmannaeyjum	1,639, 91	
	kon. úrsk. 2/9. 1905.		
14	Júlíus Halldórsson, hjeraðslæknir í Blönduóshjeraði	1,133, 33	
	kon. úrsk. 19/4. 1906.		
15	Jónas Jónassen, landlæknir	2,875, 55	
	kon. úrsk. 19/7. 1906.		33,263,14

B. Embættismanna ekkjur og börn.

		kr. a.	
1	Ragnheiður Thorarensen, ekkja sýslumanns V. Thorarensen í Strandasýslu, frá 1. ágúst 1854	100, 79	
2	Anna María Johnsen, ekkja hjeraðslæknis Eggerts Johnsen, frá 1. ág. 1855	138, 75	
3	Clara Margrethe Henriette Snæbjörnsson, ekkja sýslumanns Jóns Snæbjörnssonar í Borgarfjarðarsýslu, frá 1. sept. 1860 kr. a. 212, 87		
	Ennfremur styrkur til húsaleigu á ári 40, »	252, 87	
4	Ingibjörg Schulesen, ekkja kammerráðs sýslumanns S. Schulesen í Þingeyjarsýslu frá 1. maí 1872	416, 60	
5	Maren Ragnheiður Friðrikka Lárusdóttir, ekkja sýslumanns Jóhannesar Guðmundssonar í Mýra- og Hnappadalssýslu frá 1. apríl 1869	289, 83	
6	Ragnheiður Thorarensen, ekkja hjeraðslæknis, kancelliráðs Skúla Thorarensens frá 1. maí 1872	273, 33	
7	Camilla Tómasson, ekkja hjeraðslæknis kr. a. Þórðar Tómassonar frá 1. desbr. 1873	197, »	
8	Kristjana Havstein, ekkja amtmanns Pjeturs Havstein frá 1. júlí 1875	529, 16	
9	Hildur Solveig Bjarnadóttir, ekkja sýslumanns B. E. Magnússonar, frá 1. júlí 1876	538, 27	
	Flyt	2,736, 60	33,263,14

		kr. a.	kr. a.
	Fluttar	2,736, 60	33,263, 14
10	Lovise Emilie Mariane Weywadt, ekkja hjeraðslæknis Weywadt, frá 1. nóv. 1881	81, 25	
11	Sigríður Blöndal, ekkja sýslumanns G. Blöndal í Barðastrandarsýslu frá 1. júní 1884	300, 45	
12	Elínborg Thorberg, ekkja landshöfðingja Bergs Thorberg, frá 1. febr. 1886	919, 17	
13	Christiane Caroline Bolbroe, ekkja fyrv. hjeraðslæknis Bolbroe í Vestmannaeyjum frá 1. maí 1888	75, »	
14	Kristín Skúladóttir, ekkja hjeraðslæknis Boga Pjeturssonar í 18. læknishjeraði frá 1. jan. 1890	187, 50	
15	Caroline Rosa Jónassen, ekkja amtmanns E. Th. Jónassen, frá 1. október 1891	750, »	
16	Ragnheiður Guðjohnsen, ekkja hjeraðslæknis Einars Guðjohnsen í 13. læknishjeraði, frá 1. ág. 1891	187, 50	
17	Þórhildur Tómasdóttir, ekkja lektors theol., forstöðumanns prestaskólans Helga Hálfdánarsonar, frá 1. febr. 1894	575, »	
18	Ásta Hallgrímsson, ekkja læknaskólakennara Tómasar Hallgrímssonar, frá 1. jan. 1894 350 kr. Samkv. kon. úrsk. 9. nóv. 1894 handa Tómasi syni hennar fæddum 9 ágúst 1894 til fullra 18 ára . ... 100 —	450, »	
19	Ingunn Halldórsdóttir, ekkja sýslumanns H. E. Johnson í Rangárvallasýslu frá 1. maí 1894	412, 59	
20	Kristín Blöndal, ekkja sýslumanns Lárusar Blöndal í Húnavatnssýslu, frá 1. maí 1894	582, 45	
21	Ingibjörg Jensdóttir, ekkja hjeraðslæknis Hjörts Jónssonar í 4 læknishjeraði, frá 1. maí 1894	305, »	
22	Þuríður Johnsen, ekkja sýslumanns Jóns Johnsen í Suður-Múlasýslu, frá 1. nóvbr. 1895	430, 80	
23	Sigþrúður Friðriksdóttir, ekkja justitiarii Jóns Pjeturssonar, frá 1. febr. 1896	725, »	
24	Elísabet Ragnhildur Jónsdóttir, ekkja hjeraðslæknis Ólafs Sigvaldasonar. frá 1. júní 1896	187, 50	
25	María Kristín Finsen, ekkja Ó. Finsen póstmeistara, frá 1. apríl 1897	300, »	
26	Margrjet Guðmundsdóttir ekkja Jóhannesar Ólafssonar, sýslumanns í Skagafjarðarsýslu, frá 1. apríl 1897 . ... kr. a. 398, 47 Samkvæmt konungsúrskurði 11. jan. 1898 handa börnum hennar til fullra 18 ára:		
	Flyt 398, 37	9,205, 81	33,263, 14

			kr. a.	kr. a.
	Fluttar	398, 37	9,205, 81	33,263, 14
	1. Sigrúnu f. 1. ágúst 1889	100, »		
	2. Valdemar Davíð, f. 18. sept. 1896	100, »	598, 37	
27	Ragnhildur Sverrisson, ekkja sýslumanns Sigurðar Sverrisson í Strandasýslu, frá 1. febr. 1899		328, 58	
28	Charlotte Caroline Leopoldine Friðriksson, ekkja yfirkennara við lærða skólann í Reykjavík Halldórs Kr. Friðrikssonar frá 1. apríl 1902		400, »	
29	Elín Guðrún Blöndal, ekkja hjeraðslæknis Páls Blöndal í 3 læknishjeraði, frá 1. febr. 1903		187, 50	
30	Henriette Louise Jensson, ekkja Björns Jenssonar kennara við lærða skólann í Reykjavík frá 1.			
		kr. a.		
	marz 1904	350, »		
	Samkv. kon. úrsk. 21. apríl 1904 handa börnum hennar til fullra 18 ára:			
	1. Haraldi Viggo, f. 30. okt. 1889 ...	80, »		
	2. Þórdísi, f. 22. febr. 1892	80, »		
	3. Ágústu f. 14. febr. 1894	80, »		
	4. Arndísi, f. 17. marz 1895	80, »		
	5. Soffíu, f. 25. apríl 1899	80, »	750, »	
31	Sigríður Lydía Helgason, ekkja hjeraðslæknis			
		kr. a.		
	Tómasar Helgasonar frá 1. júlí 1904	187 50		
	Samkv. kon. úrsk. 9. sept.br. 1904 handa börnum hennar til fullra 16 ára:			
	1. Helga Hagbarth, f. 25. sept. 1896	80, »		
	2. Sigríði Þórhildi, f. 24. júlí 1899 ...	80, »		
	3. Astu Þórdísi, f. 21. sept. 1900 ...	80, »	427, 50	
32	Álfheiður Briem, ekkja amtmanns Páls Briem			
		kr. a.		
	frá 1/1. 1905	625 00		
	Samkv. kon. úrsk. 21/3. 1905 handa börnum hennar til fullra 18 ára:			
	1. Þórhildi, f. 7. des. 1896	100, 00		
	2. Eggert, f. 6. jan. 1898	100, 00		
	3. Friede, f. 7. okt. 1900	100, 00		
	4. Helga, f. 18. júní 1902	100, 00		
	5. Kristínu, f. 1. apríl 1904	100, 00	1125, 00	
33	Margrjet Egilsdóttir, ekkja Halldórs Bjarnasonar sýslum. í Barðastrandarsýslu frá 1. mars 1905		351, 50	
34	Margrjet Magnúsdóttir, ekkja Ólafs Guðmundssonar hjeraðslæknis í Rangárhjeraði frá 1. apríl 1906		187, 50	13,561, 76
			Flyt:	46,824, 90

			kr. a.
	Fluttar:		46,824, 90
	C. Uppgjafaprestar.		
1	Jón Jónsson, fyrv. prestur að Stað á Reykjanesi frá fardögum 1895	kr. a. 250, 00	
2	Daníel Halldórsson, fyrv. prestur að Hólmum í Reyðarfirði frá fardögum 1895, sbr. lög 13. desbr. 1895	583, 33	
3	Halldór Þorsteinsson, fyrv. prestur í Landeyjaþingum: frá fardögum 1898	250, 00	
4	Stefán Stephensen, fyrv. prestur að Mosfelli: frá fardögum 1900	208, 65	
5	Lárus Benediktsson, fyrv. prestur að Selárdal: frá fardögum 1902	54, 29	
6	Tómas Björnsson, fyrv. prestur að Barði: frá fardögum 1902	405, 28	
7	Jón Þorláksson, fyrv. prestur að Tjörn: frá fardögum 1903	410, 26	
8	Jakob Benediktsson, fyrv. prestur að Glaumbæ: frá fardögum 1900	33, 34	
9	Ingvar Nikulásson, fyrv. prestur að Gaulverjabæ: frá fardögum 1903	100, »	
10	Ólafur Stephensen, fyrv. prestur að Mosfelli: frá fardögum 1903	145, 56	
11	Jón Magnússon, fyrv. prestur að Ríp: frá fardögum 1904	230, »	
12	Arnór Árnason, fyrv. prestur að Felli: frá fardögum 1904	155, 96	
13	Gísli Kjartansson, fyrv. prestur í Mýrdalsþingum: frá fardögum 1904	131, 78	
14	Páll Sivertsen, fyrv. prestur að Stað í Aðalvík: frá fardögum 1905	477, 73	
			3,436, 38
	D. Prestsekkjur:		
	Eftir landsreikningnum fyrir 1905 numu eftirlaunin til prestsekkna við árslok...	kr. a. 3,972, 86	
	Af þeim hafa síðan fallið burtu...	100, 00	
		3,872, 86	
	en bæst við	70, 47	
			3,943, 33
	Flyt:		54,204, 41

			kr.	a.
		Fluttar:	54,204,	41
E. Samkvæmt 17. gr. fjárlaganna:				
		kr. a.		
Eftirlaun ekkjufrúar Jakobínu Thomsen		300, 00		
Viðbót við eftirlaun ekkjufrúar Önnu Johnsen ...		150, 00		
— — — prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur...		105, 40		
Styrkur til ekkjufrúar Torfhildar Holm		200, 00		
— — — Bjargar Jónsdóttur		300, 00		
— — — Valgerðar Þorsteinsdóttur		250, 00		
— — — Solveigar Þórðardóttur ...		200, 00		
— — — Magneu Ásgeirsson		200, 00		
— — — Elínborgar Friðriksdóttur		200, 00		
— — — Sigríðar Þorkelsdóttur ...		200, 00		
Til prof. dr. phil. Þ. Thoroddsen		2,000, 00		
— sjera Mattíasar Jochumssonar		2,000, 00		
— Sumarliða pósts...		200, 00		
— Hannesar pósts		200, 00	6,505,	40
			60,709,	81

Fylgiskjal II.

Álitsskjal

um verklegan undirbúning vegagerða og framkvæmd þeirra.

Fyrirkomulaginu á vegagerðum landssjóðs, eins og þær eru nú, má í fám orðum lýsa þannig. Verkstjóri er sendur af stað að vorinu, með verkamenn, verkfæri og tiltekna fjárupphæð, og er honum sagt að verja peningunum og sumrinu til vegagerðar í einhverju tilteknu bygðarlagi. Þegar hann kemur á vættvanginn, verður hann venjulega að byrja með því að segja sjer sjálfur hvar vegurinn á að liggja; frá yfirboðurum sínum fær hann sjaldnast nákvæmari upplýsingar en það, að honum er sagt t. d. yfir hvaða fjöll vegurinn á að liggja, ef um fjallveg er að ræða, frá hvaða kauptúni og til hvaða sveitar, ef um flutningabraut er að ræða, o. s. frv. Vegarstæðið er venjulega óákveðið, og því hvorki mælt nje mörkuð lega þess. Til þess að koma verkinu áfram, verður verkstjórinn að vinna margt í einu; hann verður að ákveða hvar vegurinn skuli liggja, hvernig hann skuli vera gerður (hæð hans á hverjum einum stað, hallann á honum, hvar taka skuli efni til hans, hvernig frárensli skuli haga o. s. frv.); hann verður að stjórna vinnu manna sinna, þ. e. bæði halda þeim til vinnu og sjá um, að verkið sje unnið eftir því, sem hann leggur fyrir; hann verður að halda alla reikninga yfir kostnað við verkið og annast allar útborganir; og loks verður hann að vera í útvegum um hvað eina, sem vanta kann, hvort er menn, verkfæri, hestar, vistarföng eða annað. Að haustinu gerir hann svo skilagrein fyrir þeim peningum, sem honum hefur verið trúað fyrir, og máske gefur hann einhverja lauslega skýrslu um, hvað unnist hafi fyrir peningana.

Tryggingin fyrir því að vegafjenu, sem er ekki lítið á seinni árum, sje hagkvæmlega varið, er ekki mikil með þessu fyrirkomulagi. Alt er undir verkstjóranum komið. Þess eru dæmi, að verkstjórar hafa ráðstafað þannig yfir 20 þús. kr. á einu sumri, svo að segja alveg eftir eigin geðþótta, og mun mega fullyrða, að ekki sje öðrum trúað fyrir meiru af hálfu hins opinbera nú á tímum.

Nú eru verkstjórarnir valdir meðal æfðra vegagerðarmanna, og er við valið einkum gengist fyrir því þrennu, að þeir sjeu áreiðanlegir menn, sem trúa má fyrir peningum, að þeir sjeu svo ritfærir og reikningsfærir, að þeir geti gert reikningsskil, og að þeir sjeu hagsýnir og ötulir við að skipa niður vinnunni og halda mönnum til hennar. Meira verður heldur ekki heimtað. Það er með öðrum orðum alls ekki mögulegt að fá til verkstjóra menn, sem eru færir um að ákveða, hvar hentugast sje að leggja vegi eða hvernig þeir eigi helst að vera gerðir á hverjum stað. Og þótt mögulegt væri að fá menn, sem hefðu alla

þá kunnáttu, sem þarf til þess að leysa vel af hendi það, sem verkstjórunum er ætlað nú, þá má fullyrða að enginn maður getur, svo í lagi sje, komið hvorutveggju í verk samtímis, að ákveða vegarstæði og gerð vegarins, og að stjórna framkvæmd verksins.

Eigi vegagerðirnar að komast í viðunanlegt horf, er óhjákvæmilegt, að hver einstök vegagerð sje að fullu undirbúin, áður en farið er að framkvæma hana. Undirbúningurinn er í því fólginn, 1. Að ákveða hvar vegurinn skuli liggja, og merkja þá leið svo að auðvelt sje að finna hana, og 2. Að ákveða að öllu leyti, hvernig vegurinn skuli vera á hverjum stað, og sýna það á uppdráttum svo greinilega að fara megi algerlega eftir því við framkvæmd verksins. Þetta undirbúningsstarf er ekki annara meðfæri en verkfræðinga, og skal jeg, til þess að gefa mönnum hugmynd um í hverju það er fólgið, skýra stuttlega frá hvernig því er hagað í Noregi.

Fyrst er verkfræðingur látinn skoða vandlega svæði það, sem á að leggja veg um; eru þá sjerstaklega athuguð brúarstæði á ám og torfærur á leiðinni; kemur það þá venjulega í ljós, að um fleiri en eitt vegarstæði er að gera, og er þá hvert þeirra rannsakað fyrir sig.

Fyrst fer fram svokölluð bráðabirgða eða samanburðar-rannsókn (Hovedplansundersögelse). Markmið hennar er að komast að niðurstöðu um það, hvert vegarstæðið sje álitlegast, og hvert gagn megi verða að vegarlagningunni yfirleitt; einnig á hún að gefa nokkra hugmynd um kostnaðinn. Við þessa rannsókn er:

1. Hallinn á vegarstæðinu mældur lauslega með einföldum hallamæli.
2. Rannsakað hvar efni sje að fá til vegarins, sjerstaklega ofaníburð (möl) og grjót.
3. Vegalengdin mæld með keðju.
4. Hæðir og vegalengdir dregnar upp á rúðupappír.
5. Ætlast á um hve mikið hver meter af veginum kosti á hverjum kafla fyrir sig.
6. Teiknaður yfirlitsuppdráttur, sem sýnir afstöðu vegarstæðisins eða vegarstæðanna.

Með þessu móti fæst lausleg áætlun um kostnaðinn við vegagerðina, og venjulega nokkurnveginn nóg rök til þess að ráða úr, hvert vegarstæðið sje álitlegast, þegar um fleiri er að velja. Fjárveiting er í Noregi stundum miðuð við þessa kostnaðaráætlun, en þó er það tíðast nú, að fjárveiting er ekki gefin fyrri en fram hefur farið fullnaðarrannsókn (Detailplansundersögelse), og að minsta kosti er hún ávalt framkvæmd áður en byrjað er á verki.

Við fullnaðarrannsóknina er fyrst athugað vandlega vegarstæði það, sem kosið hefur verið, hvort hvergi sje ástæða til að breyta neitt til vegna hallans, snjóþyngsla, landslagstálmana, eða af öðrum ástæðum. Því næst er jarðvegur á leiðinni og í nánd við hana rannsakaður til fullnustu, svo að enginn efi sje á hvar fá megi efni til vegarins. Þessu næst er línan merkt með háum stikum, þannig að hún verði alveg bein þar sem ekki er ástæða til annars, en hringbogum skotið inn þar sem krókar þurfa að koma. Þá er vegalengdin mæld með stálkeðju eða stálbandi, og reknir niður hælar eða sett önnur merki með 10 metra millibilum. Jafnframt fer fram hallamæling eða hæðamæling á línunni, þannig að mæld er hæð hvers þeirra hæla, sem settir voru með 10 metra millibilum, og svo margra púnkta þeirra í milli, sem þörf gerist. Þessi hæðamæling er jafnóðum teiknuð á rúðupappír. Jafnframt þessu, eða á eftir, er og mældur

hliðarhallinn á vegarstæðinu (með 10 metra millibilum eða minna) og teiknaður á rúðupappírinn um leið. Ef ekki liggja fyrir nógu nákvæm yfirlitskort, er og gerður uppdráttur af landinu umhverfis vegarstæðið.

Þar með er útivinnu undirbúningsins lokið. Innivinnan er svo í því fólgin, að teikna línu, sem sýnir yfirborð vegarins á lengdarhallamáli vegarstæðisins; teikna síðan þvermál vegarins (fyllingar eða graftar) á þverhallamynd vegarstæðisins í hverjum hallamálspúnkti, þ. e. venjulega með 10 metra millibilum. Á hverjum þessara þverskurða er svo mælt flatarmál uppfyllingarinnar fyrir sig og graftarins fyrir sig, og eftir þessu *reiknað út rúmmál graftar og fyllingar* milli hverra tveggja hæla, eða *fyrir hverja 10 metra af lengd vegarins.* Þessi rúmmál eru rituð á teikninguna, og áætlað verð fyrir hvern teningsmeter sömuleiðis ritað á teikninguna. Með þessu móti fæst nákvæm áætlun um jarðraskið að undirbygging vegarins og um kostnað við það, og þessari áætlun er fylgt þegar til þess kemur að vinna verkið, því að þá er hver vegarspotti fyrir sig látinn í akkorð fyrir hið áætlaða verð.

Á teikningunni er sömuleiðis gerð grein fyrir öllum ræsum og skurðum, og gerð áætlun um vinnuna að þeim á sama hátt; sjerstök áætlun er gerð um ofaníburðinn (eða púkkið), svo og um allar brýr; af þeim eru og gerðar sjerstakar teikningar.

Með þessu móti fæst góð trygging fyrir því, að vegafjenu sje vel varið. Undirbúningurinn tekur yfir talsverðan tíma, og er því hægt að leita upplýsinga um hvað eina hjá kunnugum mönnum, en þess er sjaldan gætt sem skyldi þegar öllu er flaustrað af í einu, undirbúningi og framkvæmd. Þá er og mögulegt að ákveða fyrirfram hver vera skuli hinn mesti halli á veginum, og að velja það vegarstæðið, sem er hentugast að því leyti, en undir þessu er notagildi veganna að miklu leyti komið. Þá er og hægt að fá nákvæmar kostnaðaráætlanir fyrir fram, og ef þær reynast ekki rjettar, þá sjest þegar í stað um hvað hefur verið rangt áætlað, og má notfæra sjer þá reynslu við seinni áætlanir. Fyrirkomulag það, sem er á vegareikningum hjer nú, gefur engar upplýsingar um, hvað hver einstakur hluti verksins kosti, og er því lítið hægt að læra af þeim. Loks hefur þetta undirbúningsfyrirkomulag þann mikla kost, að með því er hægt að láta alla vegavinnu vera akkorðsvinnu, en án þess er það ómögulegt svo í lagi sje.

Í Noregi er hjer um bil öll vegavinna akkorðsvinna nú; við undirbúninginn er vinnan öll liðuð sundur í einstaka parta og verðlag sett á hvað eina, eins og áður var getið. Verkstjórinn hefur allar þessar upplýsingar í höndum þegar byrja skal á verkinu. Meðal verkamannanna eru svo valdir hinir æfðustu og áreiðanlegustu, og gerast þeir »formenn« eða flokksstjórar; hver flokksstjóri útvegar sjer 6—8 menn í flokk, og þessi flokkur tekur að sjer að vinna vissan hluta verksins fyrir tiltekið verð, venjulega hið áætlaða, og er um það gerður samningur á þar til ætluðum eyðublöðum. Að loknu verki skiftist akkorðsupphæðin jafnt niður á öll þau dagsverk, sem hafa gengið til þess, flokksstjórans einnig. Reikningurinn er gerður upp á sjerstöku eyðublaði, og kemur þar fram hversu hátt dagkaupið hafi orðið við akkorðsvinnuna. Auk síns hluta af akkorðsupphæðinni fær svo flokksstjórinn vissa þóknun, 5—15 aura fyrir hvert dagsverk, sem gengið hefur til akkorðsins. Þessa formannsþóknun ber að skoða sem borgun til flokksstjórans fyrir að segja flokki sínum fyrir verkum, og ber hann ábyrgð á því, að unnið sje samkvæmt teikningunum og fyrirmælum verkstjórans.

Yfirburðir þessa fyrirkomulags fram yfir það, er nú tíðkast, eru auðsæir.

Muninum á akkorðsvinnu og daglaunavinnu þarf ekki að lýsa, en akkorðsvinna getur ekki komist á, nema þessi nákvæma mæling og uppdráttur með tilheyrandi útreikningum liggi fyrir.

Það má óhætt segja að ókostur þessa fyrirkomulags er að eins einn, og hann er sá, að undirbúningur þessi kostar talsvert fje. En jeg er sannfærður um, að sá tilkostnaður muni margborga sig; það er hægt að benda á ýmsar vegagerðir hjer, þar sem stórfje hefur verið illa varið, eingöngu vegna undirbúningsleysis.

Nú er einum manni ætlað að hafa á hendi allan undirbúning vega- og brúargerða, umsjón með framkvæmdum öllum þar að lútandi og endurskoðun flestra eða allra reikninga því viðvíkjandi. Má gott þykja ef hann getur annast hinar stærri brúargerðir svo i lagi sje, auk annara óhjákvæmilegra starfa er framkvæmd vegagerðanna áhræra; undirbúningi eiginlegra vegagerða getur hann ekki sint frekar en tíðkast hefur til þessa.

Eigi að komast betra lag á þetta, verður að bæta við manni, verkfræðingi, sem ætti að vera beinlínis aðstoðarmaður verkfræðings landsins við undirbúning og framkvæmdir vegagerða. Ennfremur verður að koma á fót sjerstakri skrifstofu — fyrir verkfræðinginn og aðstoðarmann hans — þar sem öll undirbúningsvinnan fer fram, teikningar og skjöl sjeu geymd, svo að gagn megi verða eftirleiðis að reynslu þeirri, sem smámsaman fæst.

Með því einu móti, að bætt sje við manni, er og tiltök að hafa nokkurt eftirlit útivið með vegagerðum alment og viðhaldi vega. Æskilegt væri að verkfræðingur væri svo nærstaddur öllum hinum stærri vegagerðum, að verkstjóri gæti náð til hans hvenær sem væri alt sumarið, því að margt kemur fyrir, sem verkstjóra er ofætlun að ráða fram úr. Nauðsynlegt er að minsta kosti að svo sje á skipað verkfræðingum, að þeir geti snúist við því að koma í framkvæmd ýmsum breytingum á vegagerðinni, sem eru bráðnauðsynlegar, svo sem er nýtt byggingarlag á rennum og smábrúm (yfirbygging úr steini, járni eða steinsteypu, eftir því sem best á við, í stað timburs). Jeg treysti mjer ekki til að koma slíkum nauðsynlegum nýjungum á, nema jeg geti varið nokkrum tíma til þess beinlínis að vera við vegagerðina, meðan verkamennirnir eru að læra þetta, eða jeg hafi annan mann til að senda, sem er verkinu vaxinn.

Sem stendur mun ekki vera völ á neinum verkfræðingi innlendum til þessa. Teldi jeg því heppilegt að fenginn væri norskur verkfræðingur, er hefði nokkra reynslu einmitt í vegamælingum, og hygg jeg að fá mætti slíkan mann fyrir 2700 kr. árslaun.

Að vísu mætti nú sem stendur fá innlendan verkfræðing um tíma að sumrinu, en það er ekki nóg. Vetrarvinnan er ekki minni en sumarvinnan við undirbúningsstarfið, enda má ætla að nóg verkefni verði fyrir hendi þótt 3 menn sjeu einhvern part sumarsins, ekki síst þá er stórbrýr eru í smíðum.

Kostnaðinn við skrifstofuhaldið áætla jeg þannig:

Húsaleiga	360 kr.
Eldsneyti og ljósmeti	100 —
Ræsting	100 —
Pappír, bækur, teikniföng etc. .	240 —
Árlegur kostnaður alls	800 kr.

Auk þess 1000 krónur eitt skifti fyrir öll til útbúnaðar (húsbúnaðar og áhalda).

Við mæling á vegarstæðum þarf verkfræðingurinn að hafa með sjer 4—6 verkamenn, og gefur því að skilja að ekki er allur kostnaður talinn þar sem eru laun hans. Svo framarlega sem þetta nýja fyrirkomulag verður tekið upp, hygg jeg að eigi veiti af að áætla 1500 kr. á ári í því skyni til undirbúnings vegagerða.

Hinn aukni árlegi kostnaður við undirbúning og stjórn vegagerða, sem hjer er farið fram á, er þá þessi:

Laun aðstoðarmanns	2700	kr.
Skrifstofukostnaður	800	—
Til undirbúnings vegagerða	1500	—
Samtals	5000	kr.

Reykjavík, 28. jan. 1907.

Jón Þorláksson.

Fylgiskjal III.

Skýrsla

til stjórnarráðsins um ferðir mínar til kenslueftirlits árið 1906.

Nokkrar athugasemdir og tillögur.

1. Á tímabilinu frá 24. jan. til 17. mars 1906, heimsótti jeg alla barnaskóla í Gullbringu- og Kjósarsýslu, nema skólann í Grindavík og á Kjalarnesi, svo og skólana á Eyrarbakka, Stokkseyri og Akranesi (Skipaskaga), samtals 16 skóla.

2. 30. maí til 17. júní fór jeg um Vestfirði, og skoðaði á þeirri ferð 12 skóla í Barðastrandarsýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu og í Ísafjarðarsýslu.

3. Frá 27. júní til 12. ágúst fór jeg um þessar sýslur: Mýra- og Borgarfjarðar, Dala,- Stranda,- Húnavatns,- Skagafjarðar,- Eyjafjarðar,- Þingeyjar,- og Múlasýslur. Á þessari ferð skoðaði jeg 5 skóla.

4. Loks fór jeg ferð austur um Árness,- Rangárvalla,- og Vesturskaftafellssýslu, 20. til 30. ágúst, og kom í 4 skóla, sem haldnir voru síðastliðinn vetur; áður hafði jeg skoðað skólana á Eyrarbakka og Stokkseyri, og kom þar því ekki á þessari ferð.

Jeg hefi þannig á þessu ári farið meira og minna um allar sýslur landsins, nema Austurskaftafellssýslu.

Í skólum þeim, sem jeg heimsótti, meðan á kenslu stóð, hlustaði jeg á kenslu, og reyndi að öðru leyti að kynna mjer sem best hag skólanna, og vinnuna í þeim. Skýrsla um skólahúsin er þegar fyrir hendi, frá því í fyrra, en samt sem áður skoðaði jeg þau og bar saman við fyrirliggjandi skýrslu, sem er ábyggileg það sem hún nær. Kensluáhöld skoðaði jeg, og mátti þar sumstaðar fljótt yfir sögu fara með því að þau voru víðast fá, sumstaðar alls engin.

Ýmist átti jeg fund með *skólanefndunum*, eða átti tal við þann, eða þá menn, sem sjerstakleg afskifti höfðu af hverjum skóla, og benti þeim á, hverju mjer þætti ábótavant, og brýndi fyrir þeim að ráða bót á því. Eins átti jeg tal við *kennarana* um kensluna og skólahaldið í heild sinni, og leitaðist jeg við að gefa þeim gagnlegar bendingar eftir því sem mjer var unt. — *Fyrirlestra* hjelt jeg fyrir allmiklu fjölmenni á Skipaskaga og á Eyrarbakka.

Ferðir mínar á tímabilinu frá 30. maí til 30. ágúst, fór jeg til þess *að* kynna mjer skólahús og kensluáhöld, þar sem fastir skólar eru; *að* fræðast eftir föngum um farkensluna, bæði að því er snertir kenslutæki, hús og áhöld og eins

það, hvernig kenslunni er hagað í ýmsum sveitum, og hvern árangur hún þykir bera; *að* rannsaka að svo miklu leyti sem verða mætti á svo hraðri yfirferð, hvar nú er komið heimilisfræðslunni; *að* færa í tal við svo marga málsmetandi menn, sem til næði, ýmsar endurbætur á lýðmentuninni, einkum með tilliti til þeirra frumvarpa til alþýðumentunarlaga, sem síðasta alþing hafði til meðferðar; *að* grenslast eftir með eigin sjón, og með viðræðum við kunnuga menn að hve miklu leyti tiltækilegt væri að stofna fasta heimangönguskóla víðar en þeir eru nú.

Auðvitað leitaði jeg einkum til þeirra manna, sem sjerstaklega hafa afskifti af kenslumálum, og sjerstaklega þá til presta, skólanefnda og kennara. Nokkra kennarafundi hjelt jeg á þessari ferð, svo sem í Hjarðarholti í Dölum og á Hvanneyri, en erfitt reyndist að ná kennurum saman, jafnvel þó að jeg boðaði fyrir fram komu mína og fundarstað og tíma.

1. Skólahús og kensluáhöld.

Skólahúsin eru víðast hvar í mjög ljelegu standi. Þó að fyrir manni liggi skýrsla um stærð þeirra, birtu og upphitunartæki o. s. frv., þá gefur hún oftast nær ekki glögga hugmynd um ástand hússins, eins og það er. Þau eru tíðast verri en skýrslan gefur hugmynd um. Skólahúsunum er og víða valinn svo ömurlega óheppilegur staður, að furðu gegnir, og oft alls óskiljanlegt, hvað ráðið hefir. Að eins fá sæmileg skólahús eru til á landinu. Slæm skólahús standa skólum ávalt fyrir þrifum. Skólahús þau, sem hjer er sumstaðar notast við, eru svo ljeleg, að óhætt má fullyrða, að þau hafi þar að auki skaðleg áhrif á heilsufar barnanna, bæði sakir þess, hve lítil þau eru, dimm og loftlaus, og eins vegna þess, hve köld þau eru. Á hverjum vetri kemur það fyrir, að börn geta ekki unnið (t. d. ekki skrifað) fyrir kulda. Þessu verður að kippa í lag, og tel jeg það eina ráðið, að landssjóður leggi fram fje til að endurreisa skólahúsin; mætti hugsa sjer eitt af tvennu, að skólarnir fengju lán úr landssjóði með vægum borgunarskilmálum, eða að lagt verði fram fje í eitt skifti, einhver ákveðinn partur af verði skólahússins, að því áskildu, að húsin væru svo gerð eftir fyrirmælum stjórnarinnar. Hafi stjórn og þing engin afskifti af skólahúsbyggingum, er hætt við að lengi megi bíða þess, að skólahúsin verði viðunanleg.

Kensluáhöld eru nær því undantekningarlaust svo fá og ómerkileg, að furðu gegnir. Sumstaðar kvarta kennararnir auðvitað sáran um þetta áhaldaleysi, og finna til þess, hve mjög það stendur kenslunni fyrir þrifum. En sumstaðar finna þeir ekkert til þess, og mundu ekki geta hagnýtt sjer kensluáhöld, þó að þau væru lögð upp í hendurnar á þeim. Þeir »hlýða yfir« náttúrufræði og landafræði rjett eins og kverið. Kenslan ekki fólgin í öðru.

Allir skólar þurfa að eiga nægileg kensluáhöld og kennararnir þurfa að kunna að brúka þau. Eins þarf við farkenslu að hafa nauðsynlegustu kensluáhöld. Með vaxandi mentun kennaranna og vaxandi skilningi þeirra, sem að skólunum standa, á skólavinnunni, ræðst að líkindum nokkuð fram úr mestu vandræðunum, hvað kensluáhöldin snertir. En afar seinfara breyting verður það, ef stjórnin lætur það afskiftalaust. Sem stendur eru talsverðir erfiðleikar á því að útvega kensluáhöld til skólanna, og velja þau hentugustu og bestu, sem kostur væri á, enda þó að fje sje fyrir hendi. Þeir, sem skólanna gæta, vita ekki hvar áhöldin eru fáanleg, nje hver þau ættu að vera; þegar til kemur reyna þeir, að kensluáhöldin eru alls ekki fáanleg hjer á landi, það verður að panta þau frá útlöndum.

Til þess að ráða bót á þessum vandræðum, tel jeg heilla ráð, að stofna til ofurlítils *áhaldasafns í Reykjavík*. Þar ætti að vera til sýnis kennurum og skólanefndum alt það af áhöldum, sem skólar þurfa á að halda, og ætti þar að mega panta öll skólaáhöld eftir þörfum og efnahag hvers skóla, eftir þeim sýnishornum, sem áhaldasafnið hefði að geyma. Með þessu móti tel jeg víst, að skólarnir fengju best og ódýrust kensluáhöld.

2. Farkenslan.

Á Efrihúsum í Önundarfirði og á Þorfinnsstöðum í Valþjófsdal (í Önundarfirði) hafa verið reist fyrir tveimur árum vel viðunanleg skólahús til að reka í farkenslu í hreppnum handa þeim börnum, sem ekki geta náð til Flateyrarskólans. Kensluáhöld við þessa skóla eru og nokkur. Annars varð jeg ekki annars var, en að farkenslan færi fram ýmist í baðstofum eða framhýsum, og áhaldalaust með öllu, nema kennarinn ætti sjálfur landabrjef eða dýramyndir, er hann flytti með sjer. Sje spurt um það, hvern árangur kenslan beri, verða svörin á eina leið þau, að hún beri nokkurn árangur, en misjafnt er af því látið. Það, sem auðsælega stendur henni fyrir þrifum, næst því að góða kenslukrafta og húsnæði vantar, er það, að börnin njóta tilsagnar *of stuttan tíma*, fjöldi barna ekki nema 2—3 vikur á öllu árinu.

Í sumum hreppum er verið að leitast við að ráða bót á þessu með því, að ráða marga kennara í einu í sömu sveit, en það er afardýrt, og sumstaðar er reynt að hópa börnin saman, en það strandar mjög víða á *húsnæðisleysi*.

3. Heimiliskenslan.

Mjer þótti ekki ástæðulaust að grenslast eftir, hve staðgóð og viðtæk heimiliskenslan mundi vera alment, þarsem sumir menn virðast halda því fram í fullri alvöru, að á henni eigi að byggja framtíðarmentun íslensku þjóðarinnar. En þessi rannsókn er afarerfið á svo hraðri yfirferð, sem jeg varð að hafa. Jeg bjóst við að prestarnir og jafnvel kennarar, gætu manna best greitt úr þeirri spurningu. Um það atriði átti jeg tal við rjett 30 presta, og milli 20 og 30 kennara. Og þessum mönnum bar furðu vel saman. Af viðræðum við þá, get jeg ekkert annað ráðið en það, að heimiliskenslan er yfirleitt svo ljeleg, að með henni einni næði yfirborðið af unglingum alls ekki því fræðslutakmarki, sem lögin frá 1880 setja. Svo langt er frá því, að hærra fræðslumarki verði náð með því að byggja einvörðungu á henni, eins og hún er nú. Að þetta er rjett, kemur og ljóslega fram í því, að farkennararnir hafa einkum það hlutverk að vinna, að búa börnin undir fermingu. Og ekki er auðið að sjá, að von sje til að heimilisfræðslan breytist til batnaðar, því að það er tvent, sem sjerstaklega háir henni: fyrst það, að yfirborðið af heimilum er svo illa liðað að kenslukröftum, og svo hitt, að þó að einhver sje sá á heimilinu, sem sagt gæti til börnum með góðum árangri, þá hefur hann ekki tíma til þess. Svo fast sverfur fólkseklan að.

4. Endurbætur og lagasetning.

Það þykist jeg mega fullyrða, að töluvert almennur áhugi sje vaknaður á endurbótum á alþýðumentuninni, og allvíða varð jeg þess var, að menn vildu talsvert í sölur leggja til þess að bæta hana. Hinu brá líka auðvitað fyrir, að menn töldu vandkvæði svo mikil á öllu, sem til verulegra bóta mætti horfa, að þeim þótti ekki gjörlegt að ráðast í neinar tilraunir.

Víða færði jeg í tal *stofnun heimavistarskóla.* Tvo presta og einn bónda hitti jeg fyrir, sem vildu ráðast í stofnun heimavistarskóla um land alt, þar sem heimangönguskólum yrði ekki við komið, með því að þeir töldu slíka skóla eina ráðið, sem dygði til frambúðar. Annars töldu menn ýmist slíkar mentastofnanir óbærilegar kostnaðarins vegna, og ýmist svo miklum öðrum annmörkum bundnar, að þeim þótti sú leiðin frágangssök. Það mun og við því búið að heimavistarskólar, nokkuð fjölmennir, fyrir börn og unglinga, mundu hafa ýmsa annmarka, þó að fje skorti ekki til að reisa þá og reka þá; en aðalatriðið er það, að vjer höfum ekki að svo stöddu kennara sem staðið gætu fyrir slíkum skólum.

Fjölgun heimangönguskóla og *ýms lagfæring á farkenslunni* verða þá þau ráðin sem til verður að gripa.

Heimangönguskólum má víða við koma þar sem nú er notast við farkenslu. Þarf ekki annað en reisa skólahús á hentugum stað. Jeg skal til dæmis nefna nokkrar sveitir, þar sem sækja mætti sama skóla frá 10—12 bæjum: Vatnsdal og Langadal í Húnavatnssýslu, Svarfaðardal í Eyjafirði, Landeyjum, Þykkvabæ, Reykjadal í Þingeyjarsýslu, í Fljótshlíð, í Gaulverjabæjarhreppi, undir Eyjafjöllum, á Berjadalsá, á Snæfjallaströnd og á Hofi í Öræfum. Enginn skóli er nú í neinni af þessum sveitum, en víðtæka athugun á þessu atriði gat jeg ekki haft á ferðum mínum í sumar. Það þarf að athuga betur og nákvæmar um land alt.

En þar sem sæmilega stórum heimangönguskólum verður ekki við komið, virðist í lófa lagið, að færa farkensluna í miklu fastara og betra lag en nú á sjer stað, *með því að reisa smáhús til kenslu til sveita,* líkt og þegar hefur verið gert í Önundarfirði, eins og áður er getið. Væri kennarinn ráðinn til 8 mánaða, gæti hann kent í 4 skólum sama veturinn, sína tvo mánuðina í hverjum. Til þess að sem flest börn gætu notið tilsagnar í þessum smáskólum, væri nauðsynlegt að koma börnum frá fjarlægustu og afskektustu bæjum, fyrir á þeim bæjum, sem næstir eru skólanum.

Hve víða þessu fyrirkomulagi yrði við komið, er órannsakað, en það þarf að rannsaka og útvega nákvæma skýrslu um það. Það er ástæða til að ætla, að með þessu fyrirkomulagi mundi yfirborð allra barna á landinu, á aldrinum 10—14 ára, geta notið 2—4 mánaða kenslu á ári, þeirra er ekki eiga kost á lengri skólagöngu í heimangönguskólum.

Því fræðslumarki, sem sett var með frumvörpum þeim, er síðasta alþing hafði til meðferðar, þótti gjörlegt að ná með tveggja mánaða skólagöngu á ári, á aldrinum 10 til 14 ára, og ætti því að vera mögulegt að ná því fræðslumarki alstaðar þar, sem þessu fyrirkomulagi yrði viðkomið.

Þar sem 2 eða 3 skólahús þyrfti að reisa í sama hreppi, mundi kostnaðurinn vaxa í augum, og hann yrði þá að vísu talsverður, en landssjóður verður þá að bera eitthvað meira eða minna af honum. Að ýmsu leyti væri það æskilegt, að landssjóður bæri að nokkru leyti kostnaðinn við skólahúsabyggingar yfirleitt; það þætti þá meðal annars eðlilegt og sjálfsagt, að landsstjórnin skipaði fyrir um gerð skólahúsa; en það er nauðsynlegt að hún geri, ef skólahúsin eiga að komast í viðunanlegt lag, eins og áður er ávikið. En hvaða leið sem farin verður, til að ná settu fræðslumarki, er nauðsynlegt að setja lög um alþýðufræðsluna og verð jeg enn að telja frumvarp það, sem stjórnin lagði fyrir síðasta þing, vel til þess fallið að veita nauðsynlegt aðhald um alþýðufræðsluna, og tryggingu fyrir verulegri rjettarbót.

Jeg ljet ekkert tækifæri ónotað til að leita álits manna um lagasetning um alþýðufræðsluna, og þó einkum frumvörp síðasta þings. Og skal jeg lýsa yfir því, að yfirborð allra þeirra manna, sem jeg átti tal við, aðhyltist í öllum meginatriðum frumvarp stjórnarinnar. Þeir fáu, sem við lauslega athugun, höfðu hugsað sjer efri deildar frumvarpið tiltækilegra, virtust hafa komist til þeirrar niðurstöðu af því, að þeir höfðu misskilið ákvæðið um skólaskyldu í frumvarpi stjórnarinnar. Eftir að þeim var bent á þann misskilning, fjellust þeir á, að stjórnarfrumvarpið veitti meiri tryggingu fyrir verulegri rjettarbót, og væri að engu leyti óaðgengilegra en hitt.

En því furðanlegra er það, að svo margir sýslunefndarfundir hafa komist til gagnstæðrar niðurstöðu. Sje þess nú samt sem áður gætt, hvernig þetta mál var undirbúið sýslufundina, og hver tími því hefir verið ætlaður á flestum fundunum, þá er vel skiljanlegt að alt annað gæti víða orðið ofan á en fundirnir hefðu óskað, ef þeim hefði gefist tími til að athuga málið betur.

Frumvörpin höfðu að vísu verið prentuð og ásamt nefndarálitunum verið send út um land í tæka tíð, en samt sem áður rak jeg mig víða á það, að sýslunefndarmenn höfðu ekki haft tækifæri til að kynna sjer þau, nje nefndarálitin, áður en þeir komu á sýslufund. Á sýslufundunum varð svo enginn tími til að ræða málið, og vissu sumir fundarmenn þannig varla um hvað þeir greiddu atkvæði. Með svo feldu móti er skiljanlegt að hending ein gæti ráðið því, hver fundarályktunin verður. Af þessari ástæðu sje jeg ekki að bygt verði svo mjög á ályktunum sýslunefndarfunda yfirleitt; enda hafa fæstir þeirra, að því er mjer hefur skilist, rökstutt tillögu sína neitt verulega, heldur margir hverjir sagt með almennum orðum, »að þeir aðhyltust stefnu efri deildar«, eða eitthvað því um líkt.

5. Unglingaskólar til sveita og framhaldskensla í kauptúnum.

Allvíða rak jeg mig á áhuga á því, að koma upp unglingaskólum til sveita. En erfiðleikarnir þykja víðast hvar óviðráðanlegir. Tveir slíkir skólar hafa að undanförnu starfað í Þingeyjarsýslu, en óvíst nema annar í vetur. Þó er mjer ekki fullkunnugt um, hvernig það mál hefur skipast í haust.

Aftur á móti er unglingaskóli tekinn til starfa á Húsavík, að því er jeg frekast veit, og annar á Grund í Eyjafirði. Enn var á Eyrarbakka byrjað á unglingakenslu 1. des. f. á., og er þar í ráði að stofna fastan og öflugan unglingaskóla, eða framhaldskenslu fyrir unglinga, sem lokið hafa barnaskólanámi.

Á Jarðlangsstöðum í Mýrasýslu var og í fyrra vetur haldinn *heimavistarskóli* fyrir unglinga, og mun honum verða haldið í svipuðu horfi í vetur.

Allir þessir skólar eru enn í bernsku, og eiga við þröngvan kost að búa; víst má búast við því, að unglingaskólar eða framhaldskensla fyrir unglinga í kauptúnum blómgist hjer varla að svo stöddu, nema með verulegum styrk úr landssjóði. Enda má gera ráð fyrir, að alþing muni verða fúst til að styðja viðleitni manna í þessa átt. Þörfina viðurkenna væntanlega allir.

Unglingaskólarnir eru nauðsynlegur millilíður milli barnamentunarinnar og annara lýðskóla bæði fyrir konur og karla, þeirra er fullorðið fólk nýtur kenslu í. Það hefir mjög háð góðum framförum í þeim skólum, hversu lítil undirbúningsmentunin hefir verið.

Jeg skal og taka það fram, að mjer virðist engu síður ástæða til að styrkja framhaldskenslu unglinga í kauptúnum og sjóþorpum, þar sem barnaskólar eru haldnir, heldur en unglingakenslu til sveita. Hið sama má segja um unglinga-

kenslu í kaupstöðum, þar er þörfin hin sama, og því fremur ástæða til að styrkja unglingamentun þeirra, sem þeir fara nú á mis við allan landssjóðsstyrk til barnafræðslunnar.

6. Kennaramentunin.

a. Undirbúningsmentun.

Veturinn 1903—4 voru 415 manns, karlar og konur við barnafræðslu, sem að einhverju leyti var borgað úr landssjóði. Af þeim höfðu einir 24 fengið nokkra kennaramentun, eða mentun í kenslu- og uppeldisfræðum. Síðan hafa 43 tekið próf úr kennaradeild Flensborgarskólans, og má ætla að fleiri eða færri af þeim fáist nú við kenslustörf. Yfirborð allra barnakennara landsins, hefur þá enga sjermentun hlotið, og ekki er við góðu að búast meðan svo stendur, að það er undantekning að kennarar hafi búið sig undir stöðu sína. Að því verður vitanlega að keppa af alefli, að kennarar hafi undantekningarlaust aflað sjer nauðsynlegrar undirbúningsmentunar.

Um þetta atriði fjölyrði jeg ekki, með því að fulltreysta má, að næsta þing sjái kennarafræðslunni borgið til frambúðar, eftir undanfarandi aðgerðum stjórnarinnar í því máli og þeim undirtektum, sem þær hafa fengið á undanfarandi þingum.

Það eitt vil jeg taka fram, að mjer virðist nauðsynlegt að gera einum, eða þó heldur tveim þeirra kennara, sem við kennaraskólann eiga að vinna, að skyldu að vera vetrarlangt erlendis til að kynna sjer kenslu í góðum kennaraskólum, og þarf því að ætla fje til þess. Geri jeg þá ráð fyrir, að annar þeirra kennara sem ferðastyrksins nytu, hefði á hendi kenslu í bóklegri uppeldisfræði, en hinn kensluæfingarnar.

b. Framhaldsmentun kennara.

En jafnvel þó næsta þing sjái kennurum fyrir viðunanlegri undirbúningsmentun, líður langur tími þangað til hennar nýtur við um land alt; þó að nýr kennaraskóli verði sæmilega sóttur, munu líða áratugir til þess er allir barnakennarar landsins hefðu fengið mentun sína þar. Svo seinvirk mun sú rjettarbót reynast.

En þar sem örlítið brot af öllum barnakennurum landsins hefur fengið nokkra nasasjón af uppeldisfræðum, er auðsætt, að heill hópur manna með engri sjermentun og margir með ljelegri almennri mentun, muni enn um allmörg ár, vinna að barnafræðslu hjer á landi. Jeg veit að margir af þessum mönnum óska þess innilega, að þeir gætu átt kost á að heyra eitthvað eða sjá sjer til fróðleiks um kensluмál, en þeir eiga þess nú engan kost. Handa þessum mönnum og raunar öðrum barnakennurum líka, þó sjermentun hafi fengið nokkra, virðist mesta nauðsyn að stofna til nokkurra vikna árlegrar kenslu, á þeim tíma árs, sem barnafræðsla fer ekki alment fram og skal jeg leyfa mjer að gera nokkra grein fyrir, hvernig jeg hugsa mjer þeirri kenslu fyrirkomið.

Kenslan ætti að vera í Reykjavík að vorinu á tímabilinu frá 1. apríl til Jónsmessu, og eigi skemur en 6 vikur í senn á ári hverju. Hún ætti að vera bókleg og verkleg. Bóklega kenslan verður aðallega að fara fram með fyrirlestrum um uppeldisfræði og samtölum um barnauppeldi. Verklega kenslan ætti að vera fólgin í því, að kennurunum gæfist kostur á að heyra og sjá góða kennara og æfða, umgangast börn og segja þeim til. Til þess verður að halda dálítinn

fyrirmyndarskóla, og vanda til hans alt hið besta, bæði kenslukrafta og kensluáhöld. Þar eiga kennararnir að læra meðal annars það, að hagnýta sjer til gagns góð kensluáhöld.

Auk þess, sem að framan er nefnt, ætti að kenna teiknun, einkum að gefa æfingu í að teikna með krít, og svo söng og leikfimi. Fyrirlestra í heilsufræði þyrftu kennararnir og að eiga kost á að heyra. Uppeldisfræðinni fer óðum fram, altaf koma upp nýjar aðferðir, ný áhöld, kenslubækur með nýju sniði o. s. frv. Á þessu kensluskeiði á kennurum árlega að gefast kostur á að sjá hjð nýjasta og besta, og verða þannig auðið að fylgjast nokkuð með tímanum í kenslufræðum. En öllum hlýtur að vera ljóst, hversu erfitt það er eins og nú stendur. *Framhaldsmentun kennara ætti því að styðja á þennan hátt eftirleiðis, eins þeirra manna, sem tekið hafa kennaraskólapróf.*

Kostnað allan, sem af þessari kenslu leiðir, verður að greiða úr landssjóði. Hann verður aðallega fólginn í því, að launa þeim kennurum og fræðimönnum, sem halda kenslunni uppi, og svo styrktarfje handa nemendum, sem eigi mætti nema minna en 1,50 kr. á dag meðan á kenslunni stendur, og svo nokkrum ferðastyrk, einkum handa þeim sem lengst eiga að sækja. Geri jeg ráð fyrir að 2000 kr. á ári fyrstu árin mundi nægja til að borga allan kostnað, ef gert væri ráð fyrir 10—12 nemendum til að byrja með. En skiljist mönnum á annað borð að svona löguð kensla beri góða ávexti, vænti jeg þess, að fjeð verði ekki skorið svo við neglur sjer, að fleirum verði ekki gert fært að njóta hennar, ef fleiri æskja þess.

7. Tillögur.

Samkvæmt því, sem að framan er sagt, skal jeg virðingarfylst leyfa mjer að bera fram þær tillögur, sem hjer fara á eftir:

1. Að fje verði veitt úr landssjóði til að endurreisa barnaskólahús landsins, annaðhvort sem lán, eða styrkur í eitt skifti.
2. Að fje verði veitt á sama hátt til þess, að koma upp smáskólahúsum til sveita, til afnota við farkensluna.
3. Að við hvern skóla og farkenslu sje gert að skyldu, að hafa nauðsynlegustu kensluáhöld, samkvæmt fyrirmælum landsstjórnarinnar (sbr. 22. gr. í frv. stjórnarinnar).
4. Að nokkur fjárupphæð verði ætluð til þess, að koma upp vísi til kensluáhaldasafns í Reykjavík.
5. Að styrktir verði verulega unglingaskólar í sveitum, svo og framhaldskensla unglinga í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum.
6. Að skipað verði fyrir með lögum á næsta þingi um alþýðumentunina á líkan hátt og stjórnarfrumvarpið frá síðasta þingi gerir ráð fyrir.
7. Að undirbúningsmentun kennaranna verði aukin og endurbætt.
8. Að stofnað sje til framhaldskenslu handa kennurum, og nægilegt fje veitt til að halda henni uppi.

9. Að ferðastyrkur verði veittur tveim mönnum, sem eftirleiðis er ætlað að hafa kennarafræðsluna með höndum.

10. Að hækkaður verði styrkurinn til barnaskóla og farkenslu í samræmi við þá launahækkun kennaranna sem stjórnarfrumvarpið gerir ráð fyrir.

Flensborg, 23. janúar 1907.

Jón Þórarinsson.

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir árin 1904—1905.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1904 og 1905, veitast 65,683 kr. 19 aur. til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—9. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 10. gr. fjárlaganna, veitast:

Við C. Ýmisleg útgjöld:

Við tölulið 1 b. til pappírs og prentunar Stjórnartíðindanna . . .		kr. 630,08
Við tölulið 1 c. til pappírs og prentunar Landshagsskýrslna		
1904	kr. 2620,35	
1905	— 259,30	— 2879,65
		Kr. 3509,73

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til útgjalda við læknaskipunina, veitast:

Við tölulið 7 útgjöld við holdsveikraspítalann	kr. 1665,71
Við tölulið 10 til að reisa sóttvarnarhús á Akureyri og Ísafirði .	— 330,00
	Kr. 1995,71

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast:

Við A. Til útgjalda við póststjórnina:

Við tölulið 2 til póstflutnings	kr.	799,13
Við tölulið 4 d, fyrir prentun á ýmsu	—	2990,71
e, til áhalda	—	311,43
h, óviss útgjöld	—	974,62
i, til viðhalds á húsi og áhöldum	—	275,40
Við tölulið 6 til að koma pósthúskjallaranum í lag og fyrir skúr undir póstkoffortin	—	391,04

Við B. Til vegabóta:

Við tölulið 1 b. ferðakostnaður verkfræðings landsins	—	223,39
— —— 4. til þjóðvega	—	5048,40
— —— 6. til að kaupa áhöld og verkfæri og viðhald þeirra	—	1553,22
— —— 7. til brúargerðar á Jökulsá	—	6234,73
— —— 9. til brúargerðar á Lagarfljót og fyrir ferju að Steinsvaði	—	20881,10

Við E. Til vita:

Við staflið d 8. til að lengja vörzlugarðinn fyrir vitanum á Skagatá	—	1311,98
	Kr.	40995,15

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju- og kenslumála, veitast:

Við A. Í þarfir andlegu stjettarinnar:

Við staflið b 9. til kostnaðar við milliþinganefnd í kirkjumálum:		
greitt 1904 og 1905	kr. 986,50	
greitt 1906 fyrir prentun á frumvörpum nefndarinnar	— 630,24	kr. 1616,74

Við B. Til kenslumála:

Við IV. Til gagnfræðaskólans á Akureyri:

Við c 3. ýmisleg útgjöld	kr. 285,07	
til tímakenslu 1905	— 202,40	— 487,47
	Kr.	2104,21

6. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, er veitt er til óvissra útgjalda í 17. gr. fjárlaganna, veitast:

1. Kostnaður við milliþinganefnd í landbúnaðarmálum	kr.	2953,67
2. —— —- —— - fátækramálum	—	4476,57
	Kr.	7430,24

7. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, er veitt er í fjáraukalögum 25. september 1902 og fjáraukalögum 20. október 1905 til sóttvarnarhúss á Seyðisfirði, veitast kr. 376,87

8. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, er veitt er í 19. gr. fjárlaganna, sbr. lög 3. okt. 1903 um skipun á hinni æðstu umboðsstjórn Íslands, til að breyta landshöfðingjahúsinu í stjórnarráðsskrifstofur og til að búa þær út, veitast kr. 5011,45.

9. gr.

Eftirstöðvar af fje því, er veitt var til að bæta innsiglingu og skipalagi við Stokkseyri í 12. gr. B 7 í fjárlögunum fyrir árin 1902 og 1903, kr. 4259,83, endurveitast.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að því er snertir upphæðir þær, er ræðir um í hinum einstöku greinum frumvarps þessa, skal til skýringar vísað sumpart til athugasemdanna við reikningslagafrumvarpið fyrir árin 1904 og 1905, sumpart til athugasemda yfirskoðunarmanna landsreikninganna, svara til þeirra og tillagna endurskoðunarmanna.

Í sambandi við þetta skal það tekið fram, að umframgreiðslur hafa orðið á eftirnefndum útgjaldaliðum þannig:

1.	Kostnaður við saka- og lögreglumál	kr.	1949,39
2.	Kostnaður við gjafsóknarmál	—	559,57
3.	Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef	—	3329,05
4.	Bruna- og sótaragjald fyrir opinberar byggingar	—	333,04
5.	Útgjöld við bólusetningar	—	1251,28
6.	Kostnaður við nám yfirsetukvenna	—	2887,02
7.	Kostnaður við sóttvarnir	—	21272,75
8.	Verðlaun fyrir útflutt smjör	—	37045,52
9.	Kostnaður við útrýming fjárkláðans	—	50323,27

En þarsem hjer er um áætlunarupphæðir lögmæltra útgjalda að ræða, virðist nægilegt, að því er umframgreiðslur þessar snertir, að vísa til reikningslagafrumvarpsins, og hefur því ekki þótt ástæða til sjerstaklega að fara fram á aukafjárveitingu fyrir ofannefndum upphæðum.

Frumvarp til fjáraukalaga

fyrir

árin 1906 og 1907.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1906 og 1907 og fjáraukalögum 20. okt. 1905, fyrir 1904 og 1905, veitast kr. 143,062,66 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—6. gr. hjer á eftir:

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitist á eftir 7. lið:

Tiltölulegur hluti tillags til geðveikrahælisins á Kleppi frá miðjum mai til ársloka 1907 ... ... kr. 7000

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast:

Við B. 6.	Til að byggja hús undir áhöld landssjóðs kr. 5500		
	Til þess að kaupa lóð	— 1500	kr. 7000
Við B. 13.	Viðbótarstyrkur til brúargjörðar á Jökulsá á Jökuldal	—	1300
Við D.	Aftan við liðinn bætist þessir liðir:		
	1. Til aukalínu frá Hofi til Vopnafjarðarkauptúns	—	2000
	2. Til aukalínu frá Seyðisfirði til Mjóafjarðar	—	2500
	3. Til þess að festa upp sjerstakan ritsíma á línunni frá Sauðárkrók til Akureyrar með hliðarspottum til Dalvíkur og Hjalteyrar	—	12975
	4. Til sjerstaks ritsíma á línuna frá Akureyri til Seyðisfjarðar	—	23600
		Flyt kr.	49,375

Flutt kr. 49,375

5. Til kaupa á staurum ásamt flutningi hingað til lands í haust:
   a, 5500 staurar til línunnar frá Borðeyri til Ísafjarðar ... ... kr. 41250
   b, 2000 staurar frá Ísafirði til Vatneyrar... ... ... — 15000
   c, 2000 staurar frá Reykjavík til Ægissíðu ... ... — 15000
   d, 900 varastaurar ... ... — 6750 — 78000
6. Til þess að rannsaka nýjar símaleiðir og setja á fót nýjar stöðvar ... ... — 4000

kr. 131375

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju og kenslumála, veitast:

Við A, b: Til þess að hlaða varnargarð fyrir Höfðaá, til varnar engjum á prestsetrinu Höfða í Fells-prestakalli ..... kr. 177

Við B, V. b. Til stýrimannaskólans, til þess að stækka og endurbæta kjallarann undir skólahúsinu ... ... — 500

kr. 677

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 15. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja veitast:

Við 1. g. Styrkur til að stunda skóggræðslu ... ... kr. 500

Við 18. a. Til rannsóknarstofu í Reykjavík, stofnkostnaður... — 552,53

kr. 1052,53

6. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, sem veitt er í fjáraukalögum 20. okt. 1905 fyrir árin 1904 og 1905 í 3. gr. 2 til rannsóknarferða og undirbúnings við ritsímalagningu, veitast 2958 kr. 13 aur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Við 2. gr.

Samkvæmt lögum nr. 33. 20. okt. 1905 á að veita árleg útgjöld til geðveikrahælisins í fjárlögum, en þetta hefur þó eigi orðið, sennilega af því, að síðasta alþingi hefur eigi búist við, að hælið yrði komið upp fyr en undir næstu áramót. Þar sem hæli þetta er komið svo langt, að búast má við, að það geti tekið til starfa um krossmessu, þykir einsætt að opna það þá þeg-

ar fyrir sjúklingum; verður það þá rekið 7½ mánuð á þessu ári. Hver rekstrarkostnaður verði er eigi hægt að segja með vissu, í því efni er eigi á öðru að byggja en áætlun nefndar þeirrar, er sett var í málið í Nd. árið 1905 þskj. 99, og þar var áætlað landssjóðstillag 10860 kr. á ári, og ætti því tiltölulegur hluti landssjóðstillagsins fyrir 7½ mánuð að vera 6787 kr. 50 aur., sem hjer er jafnað upp í 7000 kr.

Við 3. gr.

Við B. 6. Verkfræðingur landsins hefur skýrt frá, að skúr sá, sem vegagerðar áhöld landsins hafa verið geymd í, sje orðinn alt of lítill, svo að ekki sje hægt að hafa þar inni að vetrinum vagnkassa, hjólbörur og þvílík stærri áhöld. Auk þess þurfi innan skamms að útvega ýms stór áhöld, svo sem fallhamar, en þessu verði ekki komið þar inn, nema lagt verði niður verkstæði í húsinu, sem er notað til viðgerða á verkfærum og áhöldum, en það sje með öllu ótiltækilegt.

Af þessum ástæðum hefur verkfræðingurinn í samráði við símastjórann lagt það til, að bygt yrði nýtt hús til geymslu á verkfærum landssjóðs og símaáhöldum, er ekkert húsnæði hafa, nema mjög óhentugt á lofti í pósthúsinu, því af kjallaranum má pósthúsið ekkert missa, og svo til þess að hafa þar í viðgerðahús. Er svo ráðgert, að húsið muni kosta alls 5500 kr. auk lóðar undir það. Hentugasta álítur verkfræðingur landsins lóð af Arnarhólstúni niður við sjó vestanvert við Klapparstíg. En sú lóð er nú metin 10 kr. □ alin, og á andvirðið að renna í byggingarsjóðinn; með því að lóðin undir húsið þarf að vera yfir 1000 □ álnir að stærð, yrði lóðarverðið fullar 10000 kr., sem telja þyrfti landssjóði til gjalda. Inn með Laugaveginum er aftur á móti enn hægt að fá lóð fyrir 1,25—1,50 kr. □ alinina, og er því hjer ætlað 1500 kr. til lóðarkaupa. Af allri upphæðinni, 7000 kr., ættu að falla alt að 5000 kr. á reikning vegagjörðarinnar og 2500 kr. á reikning landssímans, en til hægðarauka er upphæðin sett hjer undir einn lið.

Brjef verkfræðingsins og uppdráttur verður lagt fyrir þingið.

Við B. 13. Til brúargerðar á Jökulsá. Upphaflega var svo til ætlast, að brúin yfir Jökulsá yrði úr trje, og mundi þá eigi fara fram úr hinni áætluðu upphæð 6000 kr., en á síðastliðnu hausti skoðaði verkfræðingur Jón Þorláksson brúarstæðið, og ljet í ljósi það álit sitt, að brúin yrði að vera svo löng að óráðlegt væri að hafa hana úr trje, og rjeð eindregið til þess, að setja ameríska stálbrú á ána. Þessi breyting ásamt flutningskostnaði hefur 2600 kr. hækkun í för með sjer.

Með því að síðasta alþingi veitti helming kostnaðarins við fyrirhugaða brú úr landssjóði, og með því að stjórnarráðið telur það mjög æskilegt, að fá ameríska stálbrú setta upp hjer á landi, svo að reynsla fáist fyrir þeim brúm hjer, þykir stjórnarráðinu fylsta ástæða til að leggja það til, að helmingur kostnaðarins, sem leiðir af þessum breytingum, eða 1300 krónur verði greiddar úr landssjóði, en hinn helmingurinn mun eftir skýrslu sýslumannsins í Norður-Múlasýslu verða greiddur úr sýslusjóði og hlutaðeigandi hreppssjóði.

Við D. 1. Til símalínu til Vopnafjarðar. Ýmsir íbúar á Vopnafirði fóru þess á leit sumarið 1906, að fá þegar bygða aukalínu frá Hofi til Vopnafjarðar, og buðust til þess að kosta flutning allan og vinnu, og auk þess standast allan kostnað við stöðina á Vopnafirði og láta í tje venjuleg framlög til stöðvar

á Hofi, án þess að fá í aðra hönd nein sjerstök hlunnindi eða eignarrjett yfir aukalínunni.

Með því að nægilega mikið af afgangsstaurum, einangrunarklukkum og járnkrókum var fyrir hendi, og æfðir verkamenn til taks í náud við bygging aðallínunnar, þótti rjett að verða við þessum tilmælum, þar sem aukalínan varð að álítast nauðsynleg og óhjákvæmileg fyr eða síðar, en Vopnfirðingar hinsvegar vildu svo mikið í sölurnar leggja. Af verkefni vantaði þráð og taltæki, og áætlast kostnaðurinn við það þannig:

3120 kg. af 4 mm. járnþræði	kr.	753,40
1 skiptiborð á Vopnafirði ...	—	650,00
1 —»— á Hofi	—	400,00
1 útbúnaður taltækja	—	196,60
Samtals	—	2000,00

Fyrir þessari upphæð er hjer beiðst aukafjárveitingar, en reikningar eru enn ekki fyllilega uppgerðir, og því er upphæðin að eins áætluð.

Öll aukalínan, sem er eign landssjóðs, er talin 8000 króna virði.

Við D. 2. Til aukalínu til Mjóafjarðar. Hreppsnefnd Mjóafjarðarhrepps hefur farið þess á leit, að aukalína milli Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar væri bygð þegar á komandi sumri, og boðist til þess að greiða sem tillag til hennar 5000 kr. (þar af 1000 frá Seyðisfjarðarkaupstað), án nokkurs tilkalls til eignarrjettar eða sjerstakra hlunninda, ef línan sje bygð í sumar. Kostnaðurinn við bygging línunnar er áætlaður 9040 kr., er sundurliðast þannig:

a. *efni:*			
220 staurar á 7 kr.	kr.	1540	
640 einangrarar og krókar	—	320	
220 topphlífar	—	44	
2700 kgr. 4 mm. járnþráð	—	810	
Annað efni, dynamit m. m.	—	460	kr. 3174
b. *flutningskostnaður:*			
Flutningsgjald á stólpum frá geymslustað til Mjóafjarðar	kr.	450	
Stauraflutningur á línu	—	660	
Annar flutningskostnaður til Íslands	—	190	
— —»— innanlands	—	275	
Ferðakostnaður verkamanna	—	500	
Annar flutningskostnaður...	—	125	kr. 2200
c. *verkalaun:*			
1 formaður í 60 daga 8 kr. á dag	kr.	480	
8 verkamenn í 55 daga 4 kr. á dag	—	1760	
4 —»— í 50 — 3,50 - dag	—	700	kr. 2940
d. Talsímatæki og útbúnaður			— 400
e. Óviss útgjöld			— 326
			Alls kr. 9040
Hjer frá dregst: Tillag hjeraðsbúa	kr.	5000	
Staurar af birgðum landssjóðs ...	—	1540	kr. 6540
			Eftir kr. 2500

sem aukafjárveitingar er beiðst fyrir. Góðir samningar um flutning staura eru þegar fengnir. Með því staurar voru fyrir hendi, og línan gat orðið mæld í sumar sem leið, og hjeraðsbúar vilja leggja fram svona mikinn hluta kostnaðar auk stöðvarhalds á Firði í Mjóafirði, þótti stjórninni einsætt að taka boðinu. Leyfi til einkasíma frá Firði í Mjóafirði að Brekku og annars einkasíma að Asknesi hefur verið veitt.

Við D. 3. Til að kaupa og koma fyrir járnþræði á ritsímalínunni frá Sauðárkrók til Akureyrar. Eftir þeirri reynslu, sem þegar er fengin er talið óhjákvæmilega nauðsynlegt, að aðgreina sem fyrst ritsímasambandið og talsímasambandið, með því að setja stálþráð auk bronseþráðanna alla leið frá Reykjavík til Seyðisfjarðar, til þess að hvort um sig, ritsíminn og talsíminn, geti fullnægt viðskiftaþörfinni.

Að vísu er enn of stuttur starfstími umliðinn, til þess að fengin geti verið fyllilega ábyggileg reynsla um notkun símanna, en svo mikið er þó þegar víst, að bæði ritsímaskeyti og sjerstaklega símtöl eru miklum mun meiri, en við var búist og fyrir sjeð. Þetta haggar við þeim grundvelli, sem á var bygt þegar ákveðið var að nota á aðallínu landsímans hið samsetta »duplex«-fyrirkomulag, með ritsíma- og talsímasamband sameiginlegt eftir sömu leiðsluþráðum, er í framkvæmdinni ekki getur annað, nema talsvert takmarkaðri tölu af hvorri tegund afgreiðslna, þráðskeytasendinga og símtala.

»Duplex«-fyrirkomulagið er gott í sjálfu sjer og mundi væntanlega geta dugað hjer, að minsta kosti þangað til Vesturlandsálman bætist við, ef alt væri jafnan í góðu lagi, enginn kraftmissir, eða óregla á millistöðvunum. En auk þess sem þráðslit, sem ætla má að linni bráðlega, hafa valdið tímatöf, hefur komið í ljós, að kraftmissir á línunni er oft allmikill dögum saman, vegna þess að snjókrap veldur straumsambandi milli einangrunarstaðar og staurs; ennfremur hefur það komið fram, að sterkir rafmagnstraumar í jörð (loftrafmagn) hafa stundum tafið afgreiðslu eigi all lítið; mikil óþægindi hafa verið að því, að millistöðvar stilla tæki sín ekki rjett, eða deila línunni eða koma inn á hana fyrir utan þá tíma, sem þeim er ætlaður sjerstaklega, o. s. frv. Við slíkt verður oft afgreiðslan ómöguleg í svip, eða ómögulegt að nota ritsímann og talsímann í einu, og símskeyti mega þá bíða þangað til samtölum er lokið eða þvert á móti.

Hinsvegar er engu tilspilt, þó tilraun væri gerð með það, hvort eigi mætti komast af með »duplex«-fyrirkomulagið hjer á landi, bæði til ritsíma og talsímanota, því að úr þessu má bæta með því að auka við einum járnþræði á landsímastaurana, og tvöfaldan koparþráð hefði þurft hvort sem var til talsímasambandsins; getur það eigi talist annað en gleðilegt, að símanotkunin reynist svo miklu meiri, en ráð fyrir gert þegar álitið var, að »duplex«-fyrirkomulagið mundi nægja, að viðbót að eins af þeirri ástæðu mundi verða nauðsynleg innan skamms, þótt engar óvæntar misfellur ættu sjer stað.

Það er svo tilætlað, að járnþráðurinn verði lagður inn á hverri stöð á aðallínunni, svo að setja megi talsímatæki í samband einnig við hann, ef á þarf að halda; með þessu vinst það fyrst og fremst, að finna má fljótlega slit, ef fyrir skyldu koma á ritsímaþræðinum; í öðru lagi verður þá engin stöð útilokuð frá sambandi þó bronseþráður slitni, og verður þá eigi eins bráðnauðsynlegt að fara þegar í stað út í hvaða veður sem er til viðgerða, eins og nú verður að gera, ef málþráður laskast, og við það mundi sparast eigi alllítið í viðhalds-

kostnaði. Ennfremur er mikil trygging í því að hafa sambandsþráð til sæsímastöðvanna, sem er meira en helmingi sterkari og síður hætt við bilun en koparþræði, og má telja sambandið alveg örugt úr því, eða því sem næst.

Loks athugast, að með því að aðskilja ritsímann frá sambandsþráðum þeim, sem nú eru, er opnuð leið til þess að setja miklu fleiri talsímastöðvar á leiðinni, en nú eru, og kæmi málþráðarsambandið þá fleiri sveitum að gagni og yrði hægra að ná til stöðva fyrir fjölda fólks, heldur en nú er eða verið getur með núverandi fyrirkomulagi. Ennfremur verður unt að gera starfstímann lengri, en nú er hægt, á þriðja flokks talsímastöðvum, og má ganga að því vísu, að þetta alt mundi hafa í för með sjer talsverðan tekjuauka fyrir landsjóð af símunum auk hagnaðarins fyrir almenning.

Ástæðan fyrir því, að járnþráðarspottinn frá Sauðárkrók til Akureyrar er settur í sjerstakan lið, og fjárveitingar til hans leitað á aukafjárlögum er sú, að mjög æskilegt þykir að hann gæti orðið lagður þegar á þessu sumri eða hausti, og það sjerstaklega með tilliti til þess, að nokkur líkindi eru til, að einkasími verði bráðlega lagður milli Sauðárkróks og Siglufjarðar, til þess að koma Siglufirði inn í símasamband landsins, og þykir líklegt, að sú lína verði mikið notuð með köflum til sambands við útlönd, svo að nauðsynlegt væri að geta trygt henni samband við næstu ritsímastöð, án þess að aðallínan teptist við það. Enn fremur má, ef þessi spotti yrði lagður þegar 1907 taka upp fleiri millistöðvar milli Sauðárkróks og Akureyrar, en nú eru, og leggja aukalínur til Dalvíkur, Hjalteyrar m. m., sem annars er lítt mögulegt, og kæmu þessar stöðvar þá síðar inn á aðalmálþráðarlínuna, þegar hún verður aðskilin við ritsímasambandið milli Akureyrar og Reykjavíkur.

Viðvíkjandi spottanum milli Sauðárkróks og Akureyrar má enn geta þess, að jafnvel þótt svo sem ekkert hafi borið á símslitum á Heljardalsheiði þá er hún þó einhver hættulegasti kaflinn á leiðinni vegna veðurhörku og fanna, og því mjög æskilegt að fá sem fyrst vara-þráð yfir hana.

Við D. 4. Til að kaupa stálþráð milli Akureyrar og Seyðisfjarðar. Um þennan lið skal vísað til þess, er sagt hefur verið um næst undanfarinn lið viðvíkjandi sjerstökum ritsímaþræði frá Reykjavík til Seyðisfjarðar, og væri mjög æskilegt, að hægt væri að koma upp þegar í haust þræði þar sem mest er bilunarhætta á þessu svæði. Á fjárlagafrumvarpinu fyrir árin 1908—09 er leitað fjárveitingar til járnþráðar á svæðinu milli Reykjavíkur og Sauðárkróks, sumpart í sambandi við Vesturlandsálmuna, og vísast að öðru leyti til athugasemdanna þar.

Við D. 5. Það má búast við því, að fram komi beiðnir um aukalínur, sem öll sanngirni mælir með, að landsstjórnin láti rannsaka og gera áætlun um kostnað við; svo er og nauðsynlegt að rannsaka nánara leiðina til Ísafjarðar og um Vestfirðina áður en byrjað er að byggja línuna þangað. Það er því farið fram á 4000 kr. í þessu skyni, og er þó sú upphæð sennilega of lítil.

Áætlanir forstjóra ritsímanna við liðina 1—4 verða lagðar fyrir þingið.

Við 4. gr.

Við A. b. Á fjáraukalögum 22. sept. 1899 fyrir árin 1898 og 1899 voru veittar 200 kr. til varnar fyrir skemdum af Höfðaá. Þessi upphæð reyndist of lítil og varð kostnaðurinn alls 506 krónur, og voru því 300 veittar í viðbót á fjár-

aukalögum 27. septbr. 1901 fyrir árin 1900 og 1901. Sumarið 1906 hrundi meiri hluti varnargarðsins í ofsalegum vatnavöxtum. Presturinn að Höfða ljet því næst hlaða garðinn á ný eptir fyrirsögn dbrm. Einars Guðmundssonar í Haganesvík, og er hann nú talinn vel tryggur. Kostnaðurinn við þessa aðgerð var 177 kr. Þarsem þingið hefur áður styrkt svo mikið verk þetta, leggur stjórnarráðið til eftir tillögum prófasts og biskups, að þessi upphæð sje veitt.

Við B. V. b. Forstöðumaður stýrimannaskólans hefur farið þess á leit á fá veittar 500 krónur til þess að stækka og endurbæta kjallarann undir skólahúsinu. Eftir lýsingu skólastjóra er kjallarinn óbrúkandi til geymslu sökum raka og birtuleysis. Nauðsynleg aðgerð á kjallaranum mun eftir áætlun steinsmiðs kosta 500 krónur. Ef upphæð þessi verður veitt, sem stjórnarráðið leggur til, þá mætti um leið og þessi aðgerð fer fram gera þær umbætur á kjallaranum til jarðskjálftarannsókna, sem farið er fram á í fjárlagafrumvarpinu, og mætti þá ef til vill fá alt verkið unnið eitthvað ódýrara.

Við 5. gr.

Á gildandi fjárlögum er einungis ætlaður styrkur til eins skógræðslunemanda, en þarsem hverjum nemanda er ætlað 3 ára nám og nemandinn E. Sæmundsson átti eitt ár eftir í byrjun yfirstandandi árs, þá er óhjákvæmilegt að fara fram á aukafjárveitingu til hans; að þessar 300 kr. eru eigi veittar á fjárlögunum stafar af misgáningi.

Skömmu eftir að nefndur Einar Sæmundsson var kominn til Danmerkur, lagðist hann í lungnabólgu, og varð að vera undir læknishendi í lengri tíma; komst hann, sem er bláfátækur, þá í mikla fjárþröng, því af styrknum gat hann engu varið til borgunar upp í legukostnaðinn. Forgöngumenn skógræktarmálsins, sem hafa gefið Einari besta vitnisburð fyrir iðjusemi, hafa mjög eindregið farið fram á, að Einari væri veittur aukastyrkur 200 krónur, til að borga með legukostnaðinn, og þykir stjórnarráðinu þetta eftir atvikum sanngjarnt, og leggur því til að honum sje veittur þessi styrkur, eða als í þessum lið 500 krónur.

Kostnaðurinn við stofnun efnarannsóknarstofu í Rvík hefir farið 552 kr. 53 aura fram úr áætlun; stafar þetta af því, að innanstokksmunir hafa orðið miklu dýrari en áætlað var; flutningskostnaður hefur líka orðið nokkuð hærri en áætlað var. Fyrir þessari upphæð er því talið nauðsynlegt að leita aukafjárveitingar.

Við 6. gr.

Í 3. gr. fjáraukalaga nr. 10, 20. oktbr. 1905 fyrir árin 1904 og 1905 voru veittar 8000 krónur til rannsóknaferða og annars undirbúnings við símalagningu vorið 1905. Þegar þessarar upphæðar var beiðst, var gengið út frá 2 ferðum fram og aftur á milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar, en reyndin varð sú, að það þurfti að fara 3 ferðir, hina síðustu um haust og í vetrar byrjun, meðfram líka til þess að útvega tilboð um staurafiutning og semja um hann. Kostnaðurinn varð alls kr. 10,958,13, og er því leitað aukafjárveitingar fyrir 2958 krónum 13 aurum.

Frumvarp til laga

um

veð í skipum.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Þegar skip eða bátur, sem er skrásetningarskyldur hjer á landi samkvæmt 2. gr. í lögum 13. desbr. 1895 um skrásetningu skipa sbr. 1. gr. í lögum 25. júní 1869, um skipamælingar, og samkvæmt tilskipun 2. mars 1903 um tilhögun á löggæslu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland, og er 8 smálestir að stærð eða meira, er settur að veði, skal veðbrjefið, til þess að fá veðgildi þinglesið í þeirri þinghá, þar sem skipið er skrásett að eiga heima; skal veðbrjefsins getið á blaðsíðu skipsins í skipaskrá umdæmisins, eða ef skipið er að eins tekið á fiskiskipaskrá, þá á dálki skipsins í fiskiskipaskránni.

Afsalsbrjef og annað heimildarbrjef fyrir skipi skal einnig þinglesa, þar sem skipið á heima, en þó má því að eins innfæra afsals- eða heimildarbrjef á skipaskrána, að því fylgi yfirlýsingar þær og vottorð, er ræðir um í 9. gr. 2 í skrásetningarlögunum 13. desbr. 1895.

2. gr.

Um þinglesinn veðrjett í skipi eða bát gilda sömu lagafyrirmæli sem um þinglesið veð í fasteign, að því er snertir forgangsrjett veðhafa til að fá greiðslu af veðinu á undan öðrum kröfuhöfum.

3. gr.

Veðbrjefið fær veðgildi frá þinglýsingardegi, en hafi það áður verið sýnt til þess að það verði fyrirfram innritað í afsals- og veðbrjefabók lögsagnarumdæmisins, svo sem segir í tilsk. 24. apríl 1833 4. gr. og opnu brjefi 28. apríl 1841, nær það veðgildi frá þeim degi, er það var sýnt.

4. gr.

Þegar þinglýsa skal heimildarskjali eða brjefi um haft á skipi, þá skal

hlutaðeigandi embættismaður líta eptir því, hvort útgefandi þess hefur sjálfur eignarheimild fyrir skipi því, sem hann ráðstafar, og hvort nokkuð það hafi verið þinglesið áður, er ónýtt geti eða rýrt gildi skjalsins. Finnist nokkur brestur eða tálmun, skal rita athugasemd á skjalið um heimildarbrest hans eða hið áður lesna heftingarskjal jafnframt vottorðinu um þinglesning.

Hins sama ber að gæta við fyrirframinnritun veðbrjefsins og vottorð um hana.

5. gr.

Nú er skrásett skip flutt úr einu skrásetningarumdæmi í annað, og skal þá skrásetningarstjóri í því umdæmi, er skipið var skrásett í, senda skrásetningarstjóra í umdæmi því, er skipið á að flytjast í, eptirrit af veðbrjefum þeim, og öðrum eignarhaftsbrjefum, er þinglesin hafa verið um skipið svo og útskript af blaðsíðu skipsins í skipaskránum, og ber skrásetningarstjóra í hinu nýja umdæmi kauplaust að annast um innfærslu veðbrjefanna í afsals- og veðbrjefabók lögsagnarumdæmisins, og geta um veðsetningarnar á blaðsíðu skipsins í skipaskránni; hefur slík innfærsla sama gildi, sem hinn upprunalegi þinglestur.

Nafnbreyting á skipi eða flutning þess í annað skrásetningarumdæmi má því að eins leyfa, að allir þeir, sem þinglesinn veðrjett hafa í skipinu, samþykki það.

6. gr

Í dánar- og þrotabúum hefir þinglesinn veðrjettur í skipi eða skipshluta sama forgöngurjett, að því er veðið snertir, sem þinglesið veð í fasteign. — 8. gr. í lögum um veð 4. nóvbr. 1887 er úr gildi feld, að því er snertir veðrjett í skipi.

7. gr.

Nú missir skrásett skip rjett til að sigla undir dönsku flaggi, eða er af öðrum á ástæðum strykað út úr skrám yfir íslensk skip, og hefir þetta engin áhrif á þinglesinn veðrjett, eða aðrar þinglesnar eignartakmarkanir. En í gjalddaga fellur skuld, sem trygð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið er selt út úr landinu, og verður þar af leiðandi strykað út af skipaskránni.

8. gr.

Innan þriggja mánaða eptir að lög þessi öðlast gildi, skal afhenda hlutaðeigandi embættismanni í því umdæmi, þar sem skipið er skrásett, til þinglesturs öll brjef með veði í skrásetningarskyldum skipum, er þinglesin hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi, ella týnist veðrjetturinn.

Hafi brjefið áður verið þinglesið í sama lögsagnarumdæmi, þá nægir að veðsetningarinnar sje getið á blaðsíðu skipsins á skipaskránni. Fyrir vottorð um innfærslu þessa svo og fyrir þinglestur þann, er ræðir um þessari grein, skal ekkert gjald greiða.

9. gr.

Lög þessi gilda að eins um skip eða báta, sem eru 8 — átta — smálestir að stærð eða meira.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um veð í skipum gilda sömu ákvæði sem um veð í lausafje; þannig á að lesa veðbrjefið í þeirri þinghá, þar sem veðsali á heima, án tillits til þess, hvar skipið er skrásett; ef veðsalinn flytur í aðra þinghá, þá verður að þinglesa brjefið á ný í hinni nýju þinghá, til þess að það haldi veðgildi sínu. Nú er það oft svo, að margir eru eigendur að sama skipi og hafa allir skrifað undir veðskuldabrjef, og verður þá lánveitandi stöðugt að hafa vakandi auga á heimilisfangi allra veðsetjendanna, en þrátt fyrir gott eftirlit er engan veginn útilokað að veðrjetturinn geti tapast af því, að þessari þinglestursskyldu er ekki fullnægt. Nú hafa verið lögð fyrir alþingi lög um stofnun lánsdeildar við Fiskiveiðasjóð Íslands, sem ætlast er til að veiti útvegsmönnum almennan aðgang að lánum gegn veði í skipum, en jafnframt er alveg nauðsynlegt til þess, að lánsdeild þessi hafi tryggan grundvöll á að byggja, að tryggja rjett veðhafa í skipi og veita honum meiri rjettarvernd, enda er það yfir höfuð að tala skilyrði fyrir því, að útvegsbændur geti fengið lán út á skip sín, að veðrjetturinn sje betur trygður en nú gerist.

Lagafrumvarp þetta á nú að ráða bót á aðalannmörkum þeim, sem eru á löggjöfinni um veð í skipum, og er það aðalaugnamið frumvarpsins, að svo miklu leyti sem auðið er, að tryggja veðrjett í skipi á líkan hátt og veðrjettur í fasteign er trygður, og á hinn bóginn að gefa skír ákvæði um það, í hvaða þinghá eigi að þinglýsa veðbrjefi með veði í skipi, svo að á einum stað hafist yfirlit yfir allar veðskuldbindingar, er á skipinu hvíla; er álitið rjett að afsalsbrjef og veðbrjef fyrir skipum sjeu þinglesin í þeirri þinghá, þar sem skipið er skrásett að eiga heima. Að vísu væri ekki óeðlilegt að láta skrásetningu veðbandsins á blaðsíðu skipsins koma í stað þinglesturs, en þetta er þó ekki gjörlegt fyr en búið er að taka skrásetningarlögin í heild sinni til gagngerðrar endurskoðunar. Þó hefur ekki fundist ástæða til, að láta lög þessi ná til smærri báta en 8 smálestir, því opnir bátar, sem eru þar undir, eru svo verðlitlir að rjett er, að um þá gildi hinar almennu reglur um lausafjárveð.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins skal þetta framtekið.

Um. 1. gr.

Samkvæmt 2. gr. í lögum 13. desbr. 1895 um skrásetning skipa sbr. 1. gr. í tilskipun 25. júní 1869 um skipamælingar, ber að skrásetja öll skip og báta, sem eru 12 tonn að stærð brutto eða þar yfir, og samkvæmt tilskipun 2. mars 1903 um tilhögun á löggæslu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland, skal skrásetja öll skip, er stunda fiskiveiðar fyrir utan landhelgi. Eru þannig öll skip, er heima eiga hjer á landi, og nokkurs eru verð, skrásett annaðhvort samkvæmt skrásetningarlögunum 13. desbr. 1895 eða þá tekin á hina sjerstöku fiskiskipaskrá. Þar sem skipið er skrásett þar á það heima, og úr því má ekki breyta um nafn þess eða flytja það í annað skrásetningarumdæmi nema með sjerstöku leyfi og eftir sjerstökum reglum. Skrásetningarumdæmi skipsins er því ætíð ljett að finna, og því er hentugast að öll skjöl um eignarráð skipsins og veðsetningarskjöl sjeu einnig þar að finna. Því er ákveðið að þinglestur þess-

ara skjala fari fram í því lögsagnarumdæmi, þar sem skipið er skrásett, og þá eðlilega í þeirri þinghá, þar skipið á heima innan umdæmis.

Auðvitað mætti gefa skipinu blaðsíðu á fasteignarskrá lögsagnarumdæmisins á líkan hátt eins og fasteignum, en þar sem sami embættismaðurinn sjer um þinglestur brjefa og einnig heldur skrá yfir öll skrásett skip í umdæminu, þá sýnist einnig handhægast, að hinna lesnu brjefa sje getið á blaðsíðu eða dálki skipsins í skipaskránni, og að skrá þessi komi þannig að þessu leyti í stað fasteignaregistursins. A skipaskráin þannig að geyma allar upplýsingar um eignarráð og eignarhöft þau, er á skipinu hvíla.

Um 2.—4. gr.

Í þessum greinum er ákveðið að þær reglur, er gilda um veðrjett í fasteign, gildi einnig um veð í skipum, að því er snertir rjettarvernd, fyrirframinnritun og skyldu embættismanna til að gera athugasemdir um vantandi heimild eða eldri þinglýsingar, er ríða í bága við hið nýja brjef.

Um 5. gr.

Það er eðlilegast að skylda hlutaðeigandi embættismenn til þess ex officio að annast um, þegar skip er flutt úr einu skrásetningarumdæmi í annað, að allar veðskuldbindingar á skipinu flytjist með því í hið nýja umdæmi og verði getið á skipaskránni þar. — Til þess að veðhafi geti altaf fylgt skipinu eftir, er ákveðið, að flutning þess í annað skrásetningarumdæmi og nafnbreytingu á því megi því að eins leyfa, að allir veðhafendur samþykki.

Um 6. gr.

Það, sem hjer er ákveðið, leiðir í sjálfu sjer af ákvæðum 2. gr., en þó hefur þótt greinilegra að taka það sjerstaklega fram, að veðhafi njóti einnig að þessu leyti sömu rjettinda og sá, er fasteignarveð hefur fyrir skuld sinni.

Um 7. gr.

Sams konar ákvæði og þetta, eru í hinum dönsku skrásetningarlögum, og virðist rjett að taka þau hjer upp, þótt vera megi að sjaldan þurfi til þeirra að taka.

Um 8. gr.

Til þess að koma því til vegar, að skipaskárnar beri með sjer hvaða höft hvíla á skipum, er nauðsynlegt að heimta, að veðhafar láti lesa eldri veðbrjef sín, þar sem skipið er skrásett, en þó sýnist nægilegt, hafi veðbrjefið verið þinglesið í núverandi skrásetningarumdæmi skipsins, að veðbrjefsins sje getið í skipaskránni. Það virðist alveg nægilegt að gefa veðhafanum þriggja mánaða frest til að koma þessu í kring.

Um 9. gr.

Þegar í hinum almennu ástæðum fyrir frumvarpinu, hafa verið færðar ástæður fyrir því, að ekki sje rjett að láta lög þessi gilda um báta, sem eru undir 8 smálestum. Má í þessu sambandi geta þess, að samkvæmt reglugjörð fyrir Fiskiveiðasjóð Íslands 31. júlí 1906, má ekki lána úr sjóðnum gegn tryggingu í mótorbát, sem er undir þessari stærð.

Frumvarp til laga

um

tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Þá er tollskyldar vörur flytjast til fastaverslunar, getur kaupmaður sá, er tolli á að svara, fengið frest á tollgreiðslu, ef hann leggur til hús eða herbergi það, er lögreglustjóra þykir fulltryggilega útbúið, og flytur þar inn hinar tollskyldu vörur, er frestað er að greiða toll af, og skal lögreglustjóri innsigla dyr hússins eða herbergisins svo og glugga, ef þess gerist þörf.

Lögreglustjóri skal rannsaka hve miklar tollvörur eru látnar í geymslu, og ber eiganda að greiða tollinn af þeim að fullu, þótt svo reynist, að rýrnun hafi átt sjer síðar stað, eða vörurnar farist á annan hátt.

2. gr.

Það er á ábyrgð kaupmanns að innsiglum sje ekki raskað nje í húsið eða herbergið farið á neinn hátt án þess lögreglustjóri sje þar við, eða umboðsmaður hans, eða leyfi hans komi til (sbr. 3. gr.).

Nú er innsiglum raskað eða í húsið farið eða herbergið án leyfis lögreglustjóra, og er það kaupmanni sjálfrátt eða vangeymslu hans um að kenna, þá fellur þegar í gjalddaga tollur af hinum geymdu vörum, og greiði kaupmaður tvöfalt tollgjald við það, er ella hefði verið.

En sje innsiglum raskað eða í húsið farið án vitundar kaupmanns eða

vilja, svo sem með innbroti eða á annan þann hátt, er kaupmanni verður ekki gefin sök á, enda tilkynni hann þetta lögreglustjóra tafarlaust, þá fellur þegar í gjalddaga tollur af þeim vörum öllum, er þar voru geymdar inni, en kaupmaður sje vítalaus að öðru leyti.

3. gr.

Nú vill kaupmaður fá lögreglustjóra til að rjúfa innsigli, svo að út verði teknar tollskyldar vörur, og innsigla húsið eða herbergið á ný, og skal kaupmaður greiða lögreglustjóra borgun fyrir ómak hans og ferðakostnað að auki, ef hann á sjer stað. Þyki kaupmanni sá reikningur of hár, verður hann að greiða hann engu að síður, en skjóta má hann honum til úrskurðar stjórnarráðs Íslands, og er það fullnaðar úrskurður.

Nú vill kaupmaður taka út allar þær vörur, er hann á í tollgeymslu, og er þá rjett að lögreglustjóri leyfi honum að rjúfa sjálfur innsiglin, en greiða skal kaupmaður áður fyrirfram að fullu tollinn af þeim vörum öllum, sem þá eru í geymslu þar, og ber þá lögreglustjóra engin borgun fyrir leyfið.

4. gr.

Lögreglustjóri getur, ef hann vill, látið löggiltan umboðsmann sinn framkvæma þau störf, er honum eru falin með lögum þessum.

5. gr.

Aldrei má líða meir en ár frá því tollvaran var flutt inn í landið, þartil tollinum af henni er að fullu lokið.

6. gr.

Lögreglustjóri heldur sjerstaka bók yfir allar þær vörur, sem í tollgeymslu eru látnar, og skal bókin bera með sjer:

1. Hvenær varan er innflutt.
2. Hvenær sett í tollgeymslu.
3. Hvað mikið er af hverri vörutegund.
4. Hvenær vörurnar eru teknar út.
5. Hvenær tollurinn er greiddur.

7. gr.

Lög um tollgreiðslu 22. maí 1890 eru úr lögum numin.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Á síðasta alþingi kom fram í efri deild frumvarp til laga um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest. Frumvarp þetta eins og það var samþykkt við 3. umræðu í deildinni var að því leyti frábrugðið hinum eldri lögum um tollgreiðslu 22. maí 1890, að hlutaðeigandi kaupmaður gat eftir frumvarpinu fengið frest á greiðslu á öllum hinum áfallna tolli, með því að setja allar hinar innfluttu vörur í tollvörugeymslu, en áður gat hann aðeins fengið frest með greiðslu á helmingnum af tollinum, *og* að kaupmaður getur fengið alt að eins árs greiðslufrest, en áður var fresturinn aðeins 3 mánuðir. Var lögð töluverð áhersla á það, að kaupmannastjettinni væri það áhugamál að fá þannig lagaðan greiðslufrest á tolli.

Þar sem stjórnarráðið viðurkennir það, að ástæða sje til að gera kaupmönnum mögulegt að nota sjer tækifæriskaup á tollskyldum vörum og yfirleitt að gera þeim tollgreiðsluna eins ljetta og tök eru á, en greiðslufrestur sá, sem að framan er nefndur, getur ekki talist athugaverður frá landssjóðsins sjónarmiði, þá hefur þótt rjett, að taka óskir þessar til greina.

Framanritað frumvarp er sniðið eftir frumvarpi efri deildar, og þareð málið var ítarlega rætt í deildinni virðist nægja að vísa til undirbúnings þess, er málið fjekk þar.

Frumvarp til laga

um

skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

I. kafli.

Um forstjórn skógræktarmála m. fl.

1. gr.

Skógrækt skal hefja með því markmiði, að friða og bæta skóga þá og skógarleifar, sem enn eru hjer á landi, rækta nýjan skóg og leiðbeina landsmönnum í meðferð skógs og gróðursetning. Í sambandi við það skal stund leggja á

varnir gegn uppblæstri lands og sandfoki, þar sem því verður við komið. Yfirstjórn skógræktarmála og sandfoksmála hefur stjórnarráðið.

2. gr.

Skipa skal forstjóra fyrir skógræktarmál landsins, og skal hann einnig hafa á hendi forstjórn opinberra ráðstafana, sem gerðar verða til þess að varna sandfoki. Hann skal hafa int af hendi próf, er standi jafnfætis fullu skógræktarprófi í Danmörku. Hann nefnist skógræktarstjóri, og hefur hann að launum 5000 kr. á ári. Konungur veitir það embætti.

3. gr.

Ráðherra skipar skógarverði eptir þörfum. Tala þeirra og laun skulu ákveðin á fjárlögum. Þeir skulu hafa aflað sjer sjerstakrar þekkingar á skógrækt, og staðist próf, sem stjórn skógræktarmálanna kveður nánar á um. Skógarverðir skulu settir yfir skógræktarjarðir og trjáræktunarsvæði landssjóðs, annast framkvæmd á skógræktarstörfum þar, hafa eftirlit með meðferð og rækt skóga, hver á því svæði, sem honum er skipað, og í hvívetna aðstoða skógræktarstjóra í starfi hans til eflingar skóggræðslu í landinu. Fela má og skógarvörðum athugun og skrásetning sandfokssvæða og eftirlit með framkvæmd sandfoksráðstafana, er gjörðar kunna að verða.

4. gr.

Störf og starfsvið skógræktarstjóra og skógarvarða skal ákveða með reglugjörð, sem stjórnarráðið setur.

II. kafli.

Um varnir gegn sandfoki í Árness- og Rangárvallasýslum.

5. gr.

Ráðstafanir til varnar gegn sandfoki og uppblæstri í Árness- og Rangárvallasýslum skal framkvæma undir umsjón hins opinbera, samkvæmt þeim ákvæðum, sem sett eru í eftirfarandi greinum.

6. gr.

Til aðstoðar skógræktarstjóra við stjórn og framkvæmd sandfoksráðstafana skipar ráðherra sandfoksverði svo marga sem þörf gerist. Tala þeirra og laun skal ákveðin á fjárlögum. Þeir hafa hver sitt ákveðna umdæmi til umsjár og skulu hafa þar heimili. Störf þeirra skulu ákveðin í reglugjörð, er stjórnarráðið setur. Ákvörðun um framkvæmd sandfoksráðstafana skal tekin af nefnd manna úr sýslunum báðum og sveitarfjelögum þeim, sem hlut eiga að máli. Hún nefnist sandfoksnefnd, og er skógræktarstjóri formaður hennar.

7. gr.

Í nefndinni skal vera maður kosinn af hreppsnefnd í hverjum þeim hreppi, þar sem nokkur brögð eru að uppblæstri eða sandfoki eða sandfok vofir yfir frá uppblæstri í landsvæði annars hrepps, en skógræktarstjóri sker úr, hvort svo er. Auk þess skulu vera í nefndinni tveir menn, er sýslunefndirnar kjósa, sinn hvor.

Sandfoksverði má ekki kjósa í sandfoksnefndina.

8. gr.

Sandfoksnefndin semur skrá yfir öll sandfokssvæði í sýslunum. Skal hverju svæði þar stuttlega lýst, skýrt frá hverjar jarðir eigi þar land og hverjir sjeu eigendur og hverjir ábúendur jarða þessara, stærð svæðisins og legu þess, og hvernig til háttar í kring.

Samkvæmt skrám þessum skal nefndin fyrir miðju hvers fjárhagstímabils koma fram með sundurliðaða áætlun og tillögu til stjórnarráðsins um það, hver svæði skuli tekin fyrir á næsta fjárhagstímabili, og hver störf skuli framkvæmd til heftingar sandfoki eða friðunar sandfokssvæðum.

Formaður nefndarinnar skal halda bók, er skrárnar yfir sandfokssvæðin og allar lýsingar á þeim, skulu í ritaðar. Þegar svæðin eru mæld og ákveðin, skal afmarka þau með vörðum eða öðrum merkjum og má ekki án samþykkis nefndarinnar raska þeim. Kostnaður við setning merkja þessara telst með öðrum ársútgjöldum.

Skrárnar yfir sandfokssvæðin skulu yfirfarnar og leiðrjettar fimta hvert ár.

Halda skal bók yfir allar gjörðir nefndarinnar.

9. gr.

Þegar sandfoksnefndin hefur samið tillögur um hvað gera skuli um næsta tveggja ára tímabil, skal formaður senda stjórnarráðinu afrit af gjörðum nefndarinnar ásamt fullkominni útgjaldaáætlun um nefnt starfstímabil. Þetta verður að vera komið svo tímanlega til stjórnarráðsins, að það geti tekið upp á frumvarpið til fjárlaga tillag úr landssjóði til framkvæmdanna.

Afrit af nefndargjörðunum og útgjaldaáætluninni skulu og send hlutaðeigandi hreppsnefndum og sýslunefndum.

10. gr.

Kostnað við framkvæmdir til varnar sandfoki og sandgræðslu skal greiða að hálfu úr landssjóði, að einum fjórða úr sýslusjóðunum og einum fjórða úr sveitarsjóðunum, samkvæmt því er segir hjer á eftir.

11. gr.

Nú er á fjárlögum veitt fje til umræddra ráðstafana um næsta tveggja ára tímabil, og skal þá sandfoksnefndin jafna niður á sýslu- og hreppsfjelögin helmingi á móti landssjóðstillaginu. Við niðurjöfnunina á hvora sýsluna eða hvert hreppsfjelag skal aðallega farið eftir því, á hve stóru svæði er unnið í sýslunni

eða hreppnum, þó má jafnframt taka tillit til þess, hve kostnaðarsamar ráðstafanir eru á hverju svæði.

12. gr.

Gjald það, sem jafnað verður á sýslufjelagið, greiðist úr sýslusjóði, en það, sem hreppsfjelagi ber að greiða, úr sveitarsjóði; þó má hreppsnefnd aftur jafna helmingi þess gjalds á eigendur sandfokssvæða þeirra í hreppunum, þar sem unnið er á umræddu starfstímabili, eftir stærð svæðanna og gjaldþoli eignanna. Greiðslurnar hvíla á eigninni og hafa sama forgangsrjett sem skattar til landssjóðs. Eigandi getur þó losað sig við þetta gjald, gegn því að afsala sjer eignarrjetti að svæðinu; eignarrjetturinn hverfur þá til landssjóðs og greiðir hann þá niðurjöfnunargjaldið.

13. gr.

Skógræktarstjóri skal hafa á hendi alla reikningsfærslu, innheimta tillögin frá sýslunum og hreppunum og gjöra áætlanir um kostnaðinn við ráðstafanirnar á hverjum stað. Hann skal og sjá um alla framkvæmd á vinnunni og ræður því hvernig henni er hagað.

Reikningana fyrir ár hvert skal forstjórinn senda stjórnarráðinu til úrskurðar.

14. gr.

Skógræktarstjóri og sandfoksverðir skulu hafa sjerstakt eftirlit með því, hvar uppblástur er að byrja eða vofir yfir, og er ábúanda jarðar skylt að skýra tafarlaust sandfoksverði frá, ef hann verður sliks var í landareign sinni, en hann tilkynnir það skógræktarstjóra, ef hann getur eigi fengið landeiganda til þess að gjöra þegar nauðsynlegar ráðstafanir til heftingar. Skógræktarstjóri getur, þar sem svo er ástatt, gjört landeiganda að skyldu að gjöra á eigin kostnað ráðstafanir þær, er hann telur þurfa til þess að koma í veg fyrir frekari skemdir, enda sjeu ekki mikil brögð orðin að þeim, og hlýði hann eigi þeirri fyrirskipan, látið framkvæma það á hans kostnað. Verði að leita dómstólanna um greiðslu á kostnaðinum og sje landeigandi dæmdur til greiðslu samkvæmt kröfu skógræktarstjóra, greiði að auki málskostnað að skaðlausu.

15. gr.

Sandfoksnefndinni er heimilt að fyrirskipa, að tiltekin svæði skuli vera fullkomlega friðuð og nema friðunina aftur úr gildi. Til friðunar telst meðal annars, að bannað sje að höggva skóg, rífa kvist, lyng eða mosa, slá eða rífa mel, rista torf eða stinga hnausa, svo og bann gegn beit eða umferð á hinu friðaða svæði. Friðunarákvæðin skulu tilkynt eiganda og leiguliða vottfast og birt almenningi á þann hátt sem venja er til á hverjum stað.

Landeigandi og aðrir eru skyldir að hlýða friðunarákvæðum nefndarinnar.

16. gr.

Landeigandi og leiguliði eru skyldir að leyfa, að ráðstafanir til heftingar sandfoki sjeu gjörðar á jörð þeirra og að tekið sje þar án endurgjalds efni til

notkunar við hefting sandfoks og sandgræðslu, enda sje það tekið utan túns og án þess þeir bíði skaða við burtnám þess. Að öðrum kosti komi fullar bætur fyrir eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna, ef samkomulag ekki næst.

17. gr.

Hinir kosnu nefndarmenn í sandfoksnefndinni fá fæðispeninga og ferðakostnað eftir sömu reglum og sýslunefndarmenn og greiðist það af fje því, sem ætlað er til sandgræðsluráðstafananna.

18. gr.

Sektir frá 5—100 kr. liggja við brotum gegn friðunarákvæðum sandfoksnefndarinnar og vanrækslu á að hlýða fyrirskipunum forstjóra til heftingar eða varnar sandfoki, sem er í byrjun eða yfir vofir. Um ágang búfjár á friðað svæði fer eftir gildandi lögum og samþyktum.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þeir prófessor Prytz og forstjóri Ryder, sem síðan árið 1900 hafa staðið fyrir ráðstöfunum, sem gjörðar hafa verið fyrir það fje, sem veitt hefur verið á fjárlögunum til skógræktartilrauna hjer á landi, telja nauðsynlegt, að störfin viðvíkjandi skógarmálum landsins verði fengin í hendur sjerfróðum manni í þeim efnum, sem hafi bústað í landinu sjálfu og geti varið öllum tíma sínum til þeirra starfa. Hafa þeir gert ýtarlega grein fyrir þessu í athugasemdum við frumvarp til laga um skógræktarmálefni Íslands, sem þeir hafa samið og sent stjórnarráðinu, og alþingi mun gefinn kostur á að kynna sjer.

Eins og kunnugt er var »Overklitfoged« Dahlerup fenginn fyrir milligöngu þessara manna til þess að ferðast sumarið 1905 um Rangárvalla- og Árnessýslur og rannsaka sandfokssvæðin þar, og leggja ráð á um varnir gegn frekari landauðn þar í sýslunum af foksandi. Hann hefur nú samið og sent stjórnarráðinu frumvarp til laga um varnir gegn sandfoki í sýslum þessum, sem þinginu verður gefinn kostur á að kynna sjer. Hann telur nauðsynlegt, að komið verði með lögum föstu skipulagi á ráðstafanir í þessu efni og að hið opinbera taki að sjer framkvæmd þeirra, og leggur til, að þær verði kostaðar að nokkru af landssjóði og nokkru af sýslu- og sveitarsjóðunum, er aftur geti jafnað litlum hluta kostnaðarins á eigendur sandfokssvæðanna. Hann leggur enn fremur til, að yfirstjórn og umsjón þessara ráðstafana sje fengin í hendur skógræktarstjóranum, sem hann býst við að skipaður verði, þar sem svo margt sje skylt með

skógrækt og skógaverndun og vörnum gegn uppblæstri. Þeir Prytz og Ryder hafa eindregið mælt með, að þessar tillögur Dahlerups verði teknar til greina.

Stjórnarráðið hefur nú í aðalatriðum orðið að fallast á framannefndar tillögur. Það mun ekki þurfa að fjölyrða um það, hversu sjálfsagt það er, að stuðlað sje að því af fremsta megni, að gróður landsins eyðist ekki heldur aukist, en að því miðar fyrirkomulag það, sem farið er fram á að komið sje á með lagafrumvarpi þessu. Um hin einstöku ákvæði þess skulu gjörðar nokkrar athugasemdir.

I. kafli.

Um 1. og 2. gr.

Störf þau, sem skógræktarstjóra eru ætluð, eru svo umfangsmikil og vandasöm, að gjöra verður þá stöðu svo úr garði, að hann geti varið öllum tíma sínum til hennar. Sá, sem gegnir þessari stöðu verður ekki einungis að hafa bóklega þekking á störfum þeim, sem henni fylgja, heldur og að hafa verklega reynslu í þeim efnum, og nú sem stendur er einmitt völ á slíkum manni. Hinsvegar verður að bjóða honum nokkurn veginn eins hagfeld kjör eins og hann á von á að geta öðlast annarsstaðar. Það er því lagt til, að hann fái konungsveiting fyrir embætti sínu og þar með eftirlaunarjett, og fær hann þá með þeim launum, sem hjer eru ákveðin, nokkurn veginn eins góða stöðu og yfirskógarverðir (Skovridere) í Danmörku, eins og þeir Prytz og Ryder nákvæmlega hafa gjört grein fyrir í framannefndu áliti sínu.

Um 3. og 4. gr.

Eins og kunnugt er hafa nokkrir Íslendingar stundað skógræktarnám í Danmörku undanfarin ár með styrk úr landssjóði og undir umsjón þeirra Prytz og Ryders; hafa sumir þeirra lokið námi en aðrir gjöra það innan skamms. Það er tilætlunin, að þessir menn verði skipaðir skógarverðir.

Áður reglugjörð er útgefin um störf og starfssvið skógræktarstjóra og skógarvarða, þarf nokkur reynsla í þessum efnum að vera fengin hjer á landi. Þeir Prytz og Ryder hafa lofað í samráði við hinn væntanlega skógræktarstjóra að aðstoða stjórnarráðið við samning slíkrar reglugjörðar.

II. kafli.

Um 5. gr.

Ákvæðin í þessum kafla eru í öllum aðalatriðum sniðin eptir framannefndu frumvarpi Dahlerups, en efninu niðurskipað nokkuð öðruvísi og vikið við eftir því sem eiga hefur þótt við staðháttu hjer á landi. Ákvæði þessi eiga að gilda fyrst um sinn að minsta kosti að eins um Árness- og Rangárvallasýslur, þar sem mikið kveður að sandfoki og blómlegar landspildur hafa eyðst af uppblæstri, en hjeruð þessi hinsvegar rannsökuð af sjerfróðum manni, sem talið hefur að mikið mætti þar að gjöra til varnar frekari eyðileggingu með ekki tilfinnanlegum kostnaði, ef landsstjórn og hjeraðsstjórnir tækju málið að sjer með aðstoð manna, er hafa sjerþekking á þessum málum. Ef þetta tyrirkomulag

reynist vel í þessum hjeruðum, má seinna koma sama skipulagi á annarsstaðar hjer á landi, þar sem þörf þykir á því.

Um 6. gr.

Ætlast er til, að menn þeir, sem numið hafa sandgræðslustörf í Danmörku undir handleiðslu Dahlerups og notið hafa styrks þess, sem í því skyni er veittur á fjárlögunum, verði fyrst skipaðir sandfoksverðir.

Um 7. gr.

Viðvíkjandi sandfoksnefnd þeirri, sem hjer er ákveðið, að skuli sett á stofn, skal það tekið fram, að það þykir eins og á undan segir heppilegast málefnisins vegna, að hjeraðsstjórnirnar taki beinan þátt í stjórn þessara mála, og að sjóðir hjeraðanna beri nokkuð af kostnaðinum við ráðstafanirnar.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar gefa ekki ástæðu til athugasemda.

Um 9.—12. gr.

Fjárveitingarvaldi landsins er í sjálfsvald sett hversu mikið fje það vill veita hvert fjárhagstímabil til ráðstafana gegn sandfoki á því tímabili. En þegar fjeð er veitt úr landssjóði, er tillagið úr hjeraðssjóðunum þar með ákveðið, og jafnar sandfoksnefndin því síðan niður á sjóði þessa samkvæmt reglunum í 10. og 11. gr.

13. gr.

gefur ekki tilefni til sjerstakra athugasemda.

Um 14. gr.

Það er mjög áríðandi að taka fyrir uppblástur þegar í byrjun og má þá oft með litlum kostnaði koma í veg fyrir miklar skemdir. Þegar lítið kveður að skemdunum virðist ekki nema sanngjarnt að leggja kostnaðinn á jarðeiganda og ekki varhugavert að láta skógræktarstjóra hafa hjer úrskurðarvald.

Um 15. gr.

Það er alveg nauðsynlegt að veita sandfoksnefndinni heimild til að fyrirskipa friðun á tilteknum svæðum til þess að ráðstafanir þær, sem gerðar hafa verið á sandfokssvæðunum verði ekki eyðilagðar, enda mun víða ekki þurfa annað en friðun til þess að varna frekari uppblæstri.

Um 16. gr.

Ákvæði þessarar greinar virðast ekki ganga of nærri landeiganda, þar sem hann fær skaðabætur ávalt er efni úr landi hans er tekið honum til skaða.

Um 17. gr.

Það þykir hæfilegt að veita sandfoksnefndarmönnum þóknun eftir sömu reglum og sýslunefndarmönnum.

Við 18. og 19. gr.

er ekkert sjerlegt að athuga.

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum 10. febr. 1888 um Söfnunarsjóð Íslands.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

Orðin í lögum 10. febrúar 1888 um Söfnunarsjóð Íslands 20. gr. a: »og sömuleiðis það, sem að því búnu kynni að vera umfram 4% af höfuðstólnum« falli burt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögunum um Söfnunarsjóð Íslands frá 10. febrúar 1888, 20. gr. a. er svo ákveðið, að frá vöxtum sjóðsins í heild sinni, að frádregnum dagvöxtum af innstæðufje, skuli draga 5% til kostnaðar og varasjóðs og sömuleiðis það, sem að því búnu kynni að vera umfram 4% af höfuðstólnum; það sem eftir er skiptist svo tiltölulega milli innstæðanna í sjóðnum.

Samkvæmt þessu hefur söfnunarsjóðurinn frá upphafi greitt 4% í vöxtu um árið og ekki meira, en á síðari árum hafa sparisjóðir að mun hækkað vexti sína, og af bankavaxtabrjefum eru þeir 4½%; þetta hefur því dregið úr innlögum í Söfnunarsjóðinn, en þar sem varasjóður hans nú hinsvegar er orðinn 19402 kr. 48 aurar, þá virðist ástæða til, samkvæmt því sem ráð er fyrir gjört í 5. gr. nefndra laga, að hækka vextina upp úr 4% um árið.

Samkvæmt tillögum stjórnarnefndar Söfnunarsjóðsins er því með lagafrumvarpi þessu farið fram á að breyta lögum sjóðsins í þessa átt, og telur stjórnarnefndin, að vextir af fje í sjóðnum muni, er þessi breyting er komin á, verða um 4½% um árið.

Frumvarp til laga

um

samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1904 og 1905.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

I. Tekjur.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	86,000,00	88,603,95
2. Húsaskattur	16,000,00	21,219,75
3. Tekjuskattur	32,000,00	48,042,23
4. Aukatekjur	68,000,00	88,194,35
5. Erfðafjárskattur	6,000,00	9,525,46
6. Vitagjald	20,000,00	24,970,85
7. Gjöld fyrir leyfisbrjef	6,000,00	9,242,37
8. Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	140,000,00	226,343,65
9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	200,000,00	332,287,56
10. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	200,000,00	244,598,05
11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	480,000,00	579,127,74
12. Aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og brjóstsykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	16,000,00	22,812,52
13. Leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	40,000.00	36,300,00
14. Tekjur af póstferðum	80,000,00	141,109,83
15. Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	1,200,00	1,107,31
16. Óvissar tekjur	10,000,00	65,418,57
17. Tekjur af fasteignum landssjóðs, að frádregnum umboðskostnaði, prestmötu m. m.	46,000,00	42,175,14
18. Tekjur af kirkjum	170,00	165,15
19. Tekjur af silfurbergsnámum í Helgustaðafjalli	4,000,00	3,148,37
20. Andvirði Klapparlóðar	» »	16,183,05
21. Tekjur af brennisteinsnámum	» »	454,52
22. Tekjur af Eldey	» »	1,000,00
23. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	73,000,00	90,894,54
Borgað upp í lán, fjárveiting: 92,644 kr. 05 a. reikningur: 151,518 kr. 21 a.		
24. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	15,000,00	29.264,56
25. Innborganir frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	4,000,00	7,865,21
26. Endurgjald skyndilána til embættismanna	1,200,00	2,128,11
27. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000,00	13,790,18
28. Tillag úr ríkissjóði	120,000,00	120,000,00
Samtals	1,668,570,00	2,265,973,02

	Fjárveiting.	Reikningur.
	kr. a.	kr. a.
II. Gjöld.		
1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	28,000,00	1,333,33
2. Til alþingis og kostnaður við yfirskoðun landsreikninganna	39,600,00	54,083,32
3. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæslu og lögreglustjórn o. fl.		
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	53,966,67	16,438,86
B. Dómgæsla og lögreglustjórn	176,030,00	175,427,86
C. Ýmisleg útgjöld	30,460,00	32,776,05
4. Til útgjalda við læknaskipunina	235,640,74	254,995,05
5. Til samgöngumála:		
A. Til útgjalda við póststjórnina	141,900,00	147,674,70
B. Til vegabóta	271,200,00	300,096,41
C. Til gufuskipaferða	197,600.00	194,083,33
D. Til ritsíma	70,000,00	» »
E. Til vita	21,237,00	18,023,77
6. Til kirkju og kenslumála:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	65,870,00	65,864,77
B. Til kennslumála	232,446,00	218,222,88
7. Til vísinda, bókmenta og verklegra fyrirtækja:		
A. Til vísinda, bókmenta og lista	78,870,00	75,420,91
Til verklegra fyrirtækja	332,700,00	378,789,81
8. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	5,200,00	21,585,92
9. Eftirlaun og styrktarfje	86,000,00	101,202,03
10. Til óvissra útgjalda	3,000,00	21,518,66
11. Útborganir samkvæmt fjáraukalögum og nýjum lögum	» »	187,904,96
12. Tekjuafgangur fjárhagstímabilsins	» »	530,40
Samtals	2,069,720,41	2,265,973,02

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desbr. 1905 . . . . . kr. 1,172,028,28
Tekjueptirstöðvar landssjóðs s. d. . . . . — 59,412,72
Peningaforði landssjóðs s. d. . . . . — 590,506,52
þar af:
í Landsbankanum á hlaupareikningi s. d. . . . . kr. 370,000,00
í Islandsbanka - —— - - . . . . . — 140,000,00

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið í sama formi og reikningslög þau, er áður hafa verið gefin út, og fylgir því sundurliðað yfirlit, er lið fyrir lið þræðir fjárlögin, og er þar að auki í athugagreinum þeim, er á eptir fara, vísað til þeirra tekju- og gjalda-greina, er í yfirlitinu standa undir samslags tölulið.

Yfirlit

yfir

tekjur og gjöld Islands á árunum 1904 og 1905.

I. Tekjur:	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje:		
a. á ábúð og afnotum jarða	34,000,00	88,603,95
b. á lausafje	52,000,00	
2. Húsaskattur	16,000.00	21,219,75
3. Tekjuskattur	32,000,00	48,042,23
4. Aukatekjur	68,000,00	88,194,35
5. Erfðafjárskattur	6,000,00	9,525,46
6. Vitagjald	20,000,00	24,970,85
7. Gjöld fyrir leyfisbrjef	6,000,00	9,242,37
8. Útflutningsgjald af fiski, lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	140,000,00	226,343,65
9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	200,000,00	332,287,56
10. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	200,000,00	244,598,05
11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	480,000,00	579,127,74
12. Aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og brjóstsykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	16,000,00	22,812,52
13. Leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verzlun og veiting áfengra drykkja	40,000,00	36,300,00
14. Tekjur af póstferðum	80,000,00	141,109,83
15. Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	1,200,00	1,107,31
16. Óvissar tekjur	10,000,00	65.418,57
17. Tekjur af fasteignum landssjóðs, að frádregnum umboðslaunum, prestmötu m. m.	46,000,00	42,175,14
18. Tekjur af kirkjum	170,00	165,15
19. Tekjur af silfurbergsnámum í Helgustaðafjalli	4,000,00	3,148.37
20. Andvirði Klapparlóðar	» »	16,183,05
21. Tekjur af brennisteinsnámum	» »	454,52
22. Tekjur af Eldey	» »	1,000,00
23. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	73,000,00	90,894,54
Borgað upp í lán: fjárveiting kr. 92,644,05 reikningur kr. 151,518,21		
24. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	15,000,00	29,264,56
Flyt kr.	1,539,370.00	2,122,189,52

		Fjárveiting.	Reikningur.
		kr. a.	kr. a.
	Flutt kr.	1,539,370,00	2,122,189,52
25.	Innborganir frá brauðum samkvæmt lögum 27. febrúar 1880	4,000,00	7,865,21
26.	Endurgjald skyndilána til embættismanna	1,200,00	2,128,11
27.	Endurgjald á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000,00	13.790,18
28.	Tillag úr ríkissjóði	120,000,00	120,000, »
	Samtals	1,668,570,00	2,265,973,02
	II. Gjöld.		
1.	Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	28,000, »	1,333,33
2.	Til kostnaðar við alþingi	39,600, »	54,083,32
	A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál.		
3.	A. 1. Laun	36,966,67	12,258,33
4.	— 2. Endurgjald fyrir skrifstofukostnað o. fl.	8,400, »	3,822,20
5.	— 3. Borgun fyrir hina umboðslegu endurskoðun	8,600, »	358,33
	B. Dómgæsla og lögreglumál.		
6.	B. 1. Laun:		
	a. dómara og sýslumanna	137,600, »	137,475, »
	b. hreppstjóra	16,000, »	15,145,17
7.	— 2. Ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík	2,800, »	2,800, »

		Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.		
8.	— 3. Til hegningarhússins í Reykjavík:				
	a. laun umsjónarmannsins	2,000,00	2,000,00		
	b. viðbót við laun núverandi umsjónarmanns	400,00	400,00		
	c. 3 skamtar af miðdegisverði handa fangaverði 21 e.	460,00	2,481,51		
	d. viðurværi handa föngum 42 a. á dag	2,450,00			
	e. til eldiviðar og ljósa	1,040.00	1,023,06		
	f. þvottur	60,00	45,68		
	g. til þess að útvega verkefni . . .	1,000,00	45,65		
	h. útgjöld við húsið sjálft og áhöld .	800,00	947,87		
	i. þóknun handa dómkirkjuprestinum	200,00	200,00		
	j. þóknun handa lækni	120,00	120.00		
	k. ýmisleg útgjöld	300,00	205,30		
		8,830,00	7,469,07		
	Útgjaldaeptirstöðvar		500,00	8,830, »	6,969,07
9.	- 4. Kostnaður við viðhald fangelsanna			600, »	336,13
			Flyt kr.	287,396,67	234,580,88

				Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
			Flutt kr.	287,396,67	234,580,88
10. B. 5.	Onnur útgjöld:				
	a. þóknun handa 2 settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn . .	3,200,00	3,200,00		
	b. laun sendiboðans við yfirrjettinn .	100,00	100,00		
	c. til eldiviðar í yfirrjettarstofurnar .	100,00	58,85		
	d til viðhalds á þeim o. fl.	100,00	113,38		
	e. kostnaður við sakamál og lögreglumál . . . . . :	6.000, »	7,949,39		
	f. kostnaður við gjafsóknarmál . .	600. »	1,159,57		
	g. útgjöld við sáttamál	100, »	121,30	10,200, »	12,702,49
	C. Ýmisleg útgjöld:				
11. C. 1.	Til að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:	Fjár-veiting kr. a.	Reikningur kr. a.		
	a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna . .	900, »	900, »		
	b. til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna	2,580, »	3,210,08		
	c. til pappírs og prentunar landshagsskýrslna	2,580. »	5,459,65		
	d. til kostnaðar við sendingu með póstum	900. »	2,206,50		
	e. þóknun fyrir að semja landshagsskýrslur	2,400, »	1,097,50	9,360, »	12,873,73
12. — 2.	Endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef			5,000, »	8,329,05
13. — 3.	Brunabóta- og sótaragjald fyrir opinberar byggingar .			2,000, »	2,333,04
14. — 4.	Til embættis-eftirlitsferða			2,000, »	962,58
15. — 5.	Þóknun fyrir aðstoð við endurskoðun á skipamælingum			600, »	600, »
16. — 6.	Til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga			4,000, »	177,65
17. — 7.	Tillag til veðdeildar landsbankans			7,500, »	7,500, »
	Útgjöld við læknaskipunina:				
18. 1.	Laun			143,700, »	138,091,66
19. 2.	Styrkur til G. Hannessonar læknis til að launa aðstoðarlækni á Akureyri . . . . . :			1.600, »	1,200, »
20. 3.	Styrkur til Guðm. hjeraðslæknis Björnssonar til að launa aðstoðarlækni í Hafnarfirði			1,600, »	1,600, »
21. 4.	Fyrir 2 læknisferðir á ári til Öræfinga			300, »	225, »
22. 5.	a. Styrkur til Björns augnalæknis Ólafssonar			4,000, »	4,000, »
	b. Styrkur til sama manns til læknisferða kringum landið			600, »	266,12
			Flyt kr.	479,856,67	4.5,442,20

			Fjárveiting.	Reikningur.
			kr. a.	kr. a.
		Flyt kr.	479.856,67	425,442,20
23. 6.	Styrkur til tannlæknis í Reykjavík		2,000, »	2,000, »
24. 7.	Útgjöld við holdsveikraspítalann:	Fjár-veiting kr. a. / Reikningur kr. a.		
	a. laun starfsmanna	10,330 » / 10,225.85		
	b. viðurværi: Fjárveiting kr. a. / Reikningur kr. a.			
	1. handa 60 sjúklingum 16,644, » / 2. —— 18 starfsmönn. 7,902,36 } 26,283,81	24.546,36 / 26,283,81		
	c. klæðnaður sjúklinga	1,600. » / 1,565,38		
	d. meðul og sáraumbúnaður	2,800, » / 2,437,22		
	e. eldsneyti	6,070, » / 5,251,23		
	f. ljósmeti	950, „ / 1,205,81		
	g. viðhald á húsum	2,400, » / 2,974,06		
	h. húsbúnaður	1,600, » / 1,840.32		
	i. þvottur og ræsting	1,600, » / 1,610.84		
	k. greftrunarkostnaður	500, » / 708,95		
	l. flutningskostnaður	60, » / 40,23		
	m. til að skemta sjúklingum	400, » / 391,02		
	n. hesta- og hænsnafóður	250, » / 226,34		
	o. skattar- og brunaábyrgðargjöld	1,434,38 / 1,457,78		
	p. ýmisleg útgjöld	1,400, » / 1,254,25		
	r. til geymsluhússgjörðar	2,500, » / 2,818,87		
	til einangrunarherbergis	» » / 413,44		
		60,705,40		
	1. Innheimt af útistandandi skuldum o. fl. 1904	kr. a. 94,85		
	2. Frá Grafnings- og Þingvallahreppum til útbúnaðar einangrunarklefa	400, »		
	3. fyrir sótthreinsun á fatnaði o. fl.	104,10 / 598,95	58,440,74	60,106,45
25. 8.	Útgjöld við bólusetningar		1,000, »	2,251,28
26. 9.	Önnur útgjöld:	Fjár-veiting kr. a. / Reikningur kr. a.		
	a. styrkur til sjúkrahúss á Akureyri	800, » / 800, »		
	b. —— —— —— á Ísafirði	800, » / 800, »		
	c. —— —— —— á Seyðisfirði	800, » / 800, »		
	d. —— —— —— á Patreksfirði	400, » / 400, »		
	e. til sama sjúkrahúss fyrra árið	2,000, » / 2,000, »		
	f. til náms yfirsetukvenna	4,000, » / 6,887,02		
	g. til verkfæra handa yfirsetukonum	800, » / 890,42		
	h. gjöld samkvæmt 13. gr. í sóttvarnarlögunum 31. janúar 1896	2,000, » / 23,272,75		
	i. gjöld samkvæmt 25. gr. í lögum 6. nóv.			
		Flyt kr. 11,600, » / 35,850,19	541,297,41	489,799,93

		Fjárveiting.	Reikningur.
		kr. a.	kr. a.
	Flutt	541.297,41	489,799,93
		Fjár- veiting	Reikn- ingur
		kr. a.	kr. a.
	flutt	11,600, »	35,850,19
	1902 um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands	2,000, »	274,35
		13,600, »	36,124,54
27. 10.	Til að reisa sóttvarnarhús á Akureyri og Ísafirði . . .	8,000, »	8,330, »
28. 11.	Styrkur til að byggja sjúkraskýli á læknissetrinu Brekku í Fljótsdal	800, »	800, »
	Útgjöld til samgöngumála.		
	A. Útgjöld við póststjórnina.		
		Fjár- veiting	Reikn- ingur
		kr. a.	kr. a.
29. A. 1.	Laun:		
	a. handa póstmeistaranum	6,000, »	6,000, »
	b. 1. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur	19,000, »	18,725, »
	2. handa þrem póstafgreiðslumönnum í Reykjavík	6,600, »	6,600, »
	c. handa brjefhirðingarmönnum . .	13,000, »	13,029,07
		44,600, »	44,354,07
30. A. 2.	Póstflutningur	82,000, »	82,799,13
31. — 3.	Til póstvagnferða frá Reykjavík austur að Ægisíðu .	1,200, »	1,200, »
		Fjár- veiting	Reikn- ingur
		kr. a.	kr. a.
32. — 4.	Önnur útgjöld:		
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistara	4,000, »	4,000, »
	b. fyrir ábyrgð á mistalningu 1‰ .	400, »	722,30
	c. fæðispeningar og ferðakostnaður póstmeistara	400, »	377, »
	d. fyrir prentun á ýmsu	2,000, »	4,990,71
	e. til áhalda	3,000, »	3,311,43
	f. til brjefburðar í Reykjavík . . .	1,200, »	1,200, »
	g. — —— í öðrum kaupstöðum	400, »	375, »
	h. óviss útgjöld	400, »	1,374,62
	i. til viðhalds húsi og áhöldum . .	200, »	475,40
		12,000, »	16,826,46
33. — 5.	Til að útvega eldtrausta járnskápa handa póstafgreiðslumönnum	1,000, »	1,003,10
34. — 6.	Til að koma pósthúskjallaranum í lag og til að gera skúr fyrir póstkoffortin	1,100, »	1,491,94
	B. Til vegabóta.	Fjár- veiting	Reikn- ingur
		kr. a.	kr. a.
35. B. 1.	Til verkfræðings landsins:		
	a. laun.	6,000, »	6,000, »
	Flyt kr.	6,000, »	6,000, »
		705,597,41	682,729,17

		Fjárveiting kr. a.	Reikningur kr. a.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningnr. kr. a.
	Flutt	6,000, »	6,000, »	705,597,41	682,729,17
	b. ferðakostnaður	1,000, »	1,223,39	7.000, »	7,223,39
36. B. 2.	Til verkfróðra aðstoðarmanna við vandaminni samgöngubætur			3,000, »	505,90
37. — 3.	Til flutningabrauta			64,000, »	63,822,05
Tekjuafgangur á fjárhagstímabilinu			kr. 530,40

Frumvarp til laga

um

fræðslu barna.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

I. kafli.

Um fræðsluskyldu.

1. gr.

Fræðslu barna til fullnaðs 10 ára aldurs skulu heimilin annast sjálf og kosta, nema þar sem öðruvísi verður ákveðið með skólareglugerð (6. gr.). Skal hvert barn 10 ára að aldri vera orðið nokkurn veginn læst og skrifandi, ef það er til þess hæft. Komist skólanefnd að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi uppfræðslu í þessu tilliti, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða mótþróa húsbænda, ber henni með aðstoð sóknarprests og fyrir tilstyrk viðkomandi sveitarstjórnar að gera ráðstöfun til, að börnunum verði komið fyrir annarstaðar, þar sem þau fái nauðsynlega tilsögn. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, eru aðstandendur barnsins skyldir að greiða, en borga má hann fyrirfram úr sveitarsjóði. Kostnað þennan má taka lögtaki.

2. gr.

Hvert barn, sem er fullra 14 ára, á að hafa lært:

1. að lesa móðurmálið skýrt og áheyrilega og geta sagt munnlega frá því, er það les; það skal og geta gert skriflega grein fyrir efni, sem það þekkir vel, nokkurn veginn ritvillulaust og mállýtalaust; það skal vita nokkuð um merkustu menn vora, einkum þá, er lifað hafa á síðustu öldum, og kunna utanbókar nokkur íslensk kvæði, helst ættjarðarljóð og söguleg kvæði, og geta skýrt rjett frá efni þeirra í óbundnu máli.
2. að skrifa læsilega og hreinlega snarhönd.
3. í kristnum fræðum það, sem heimtað er eða heimtað kann að verða, að börnin kunni í þeirri grein til fermingar.
4. fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og brotum og geta notað þær til þess að leysa úr auðveldum dæmum, sem koma fyrir í daglegu lífi, meðal annars til þess að reikna flatarmál og rúmmál einföldustu líkama; það skal og vera leikið í því að reikna með lágum tölum í huganum.
5. að nota landabrjef; það skal og hafa nokkra þekking á náttúru Íslands og atvinnuvegum þjóðar vorrar, þekkja legu helstu landa í Norðurálfunni og vita hvernig álfur liggja á hnettinum.
6. nokkur einföld sönglög, einkum við íslensk ættjarðarljóð.

3. gr.

Auk þeirrar fræðslu, sem 2. gr. ræðir um, skulu þau börn, 10—14 ára að aldri, er sótt geta fasta skóla, öðlast þá fræðslu í landafræði, sögu Íslands, náttúrufræði og öðrum greinum, sem fyrirskipuð kann að verða með reglugerðum skólanna.

II. kafli.

Um skólahald.

4. gr.

Hver sá hreppur, sem ekki hefur færi á að senda börn á skólaaldri í fastan skóla, skal á sinn kostnað halda farkennara, einn eða fleiri, og skal kenslu þeirri hagað svo, að hvert barn í hreppnum, 10—14 ára að aldri, geti notið að minsta kosti tveggja mánaða fræðslu hjá farkennara ár hvert. Skulu foreldrar og þeir aðrir, er hafa börn á þessum aldri til framfærslu, skyldir að láta þau njóta þessarar fræðslu, nema skólanefnd hreppsins veiti undanþágu, og skal hún gera það, ef hún álítur, að fræðsla sú, er börnin fá með því móti, verði jafngild þeirri fræðslu, sem fer fram á hreppsins kostnað. Umsóknir um slíkar undanþágur skulu vera komnar til skólanefndar á þeim tíma, er hún sjálf ákveður og auglýsir í lok kensluársins ár hvert.

Nú óhlýðnast foreldrar eða þeir aðrir, er barn hafa til framfærslu, ákvæðum þessum, án gildra ástæðna, og varðar það 1—25 kr. sekt eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð.

Sleppa má í farskólum kenslu í kristindómi, ef skólanefnd telur það heppilegt.

5. gr.

Geti barn eigi gengið daglega milli heimilis síns og þess kenslustaðar, sem skólanefnd hreppsins hefur ákveðið því, skal sá, er barnið hefur til framfærslu, koma því fyrir á kenslustaðnum eða á heimili svo nálægt honum, að barnið geti sótt skólann þaðan.

6. gr.

Í kaupstöðum, sjóþorpum og þjettbýlum sveitum, þar sem eru eða settir verða á stofn fastir heimangönguskólar og reglugerð þeirra og hollustuhættir eru samþykt af yfirstjórn lýðskólanna, skulu öll börn 10—14 ára að aldri, þau er skóla geta sótt að heiman, njóta þar kenslu, nema foreldrar þeirra eða húsbændur hafi fengið undanþágu með sama hætti og segir í 4. gr.

Árlegur námstími skal vera að minsta kosti 6 mánuðir. Þó getur yfirstjórn lýðskólanna veitt leyfi til að stytta þennan námstíma um einn mánuð, sje það gert til þess að nota skólann til kenslu barna 8—10 ára að aldri, að minsta kosti 2 mánuði haust eða vor, samkvæmt reglugerð, er yfirstjórnin samþykkir. Yfirstjórnin getur og veitt kaupstöðum og hreppum heimild til að skipa fyrir um skólaskyldu fyrir börn, sem eru yngri en 10 ára, þó ekki yngri en 7 ára fullra.

Nú geta nokkur börn í hreppnum, 10—14 ára að aldri, fyrir vegalengdar sakir ekki sótt skólann að heiman, og skal þá annaðhvort sjá þeim fyrir farkenslu með þeim hætti, er segir í 4. og 5. gr., eða koma þeim fyrir í heimavistir í skólanum sjálfum eða á heimili í nánd við hann, svo að þau geti sótt skólann þaðan.

Brot móti ákvæðum þessarar greinar varða sektum samkvæmt því sem segir í 4. gr.

7. gr.

Yfirstjórn lýðskólanna setur reglur um tilhögun heimavistarskóla þeirra, er settir kynnu að verða á stofn í sveitum.

8. gr.

Í öllum þeim skólum, sem nú hafa taldir verið, veitist kenslan ókeypis.

III. kafli.

Um próf.

9. gr.

Próf skal halda árlega um kunnáttu barna í hreppi hverjum og kaupstað. Skal það fram fara á vorin, og ákveður skólanefnd stað og tíma.

Til prófs skulu koma öll börn, sem eru 10 ára að aldri og alt að fullra 14 ára.

Nú kemur barn á þessum aldri ekki til prófs, án gildra forfalla, og sætir þá sá, er barnið hefur til framfærslu, sektum frá 2 til 20 kr., eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð.

10. gr.

Reynist barn, sem er yngra en 14 ára, svo vankunnandi, að sterkar líkur eru til, að það nái eigi lögskipaðri kunnáttu, áður en það er 14 ára fullra, ber skólanefnd að gera ráðstafanir til, að lögð sje við það meiri rækt en áður, og má hún, ef nauðsyn ber til, kaupa því sjerstaka kenslu á kostnað þess, er barnið hefur til framfærslu, samkvæmt því sem segir í 1. gr.

11. gr.

Barni, sem er fullra 14 ára og hefur eigi fengið hina lögskipuðu kunnáttu, ber skólanefnd að sjá fyrir nægilegri tilsögn á sama hátt og segir í 10. gr., og er því skylt að koma árlega til prófs, uns það stenst prófið eða er fullra 16 ára. Undanskilin fyrirmælum þessarar greinar og fyrirmælum næstu greinar á undan eru þau börn, er skólanefndin dæmir óhæf til hins lögboðna náms sakir gáfnaskorts eða vanheilsu.

12. gr.

Yfirstjórn lýðskólanna setur reglur um tilhögun prófanna og um skýrslur þær og skírteini, er henni skal senda um prófin.

IV. kafli.

Um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landsjóði til barnafræðslu.

13. gr.

Styrkur af landsjóði veitist til farkenslu og barnaskóla utan kaupstaða eftir þeim reglum, sem segir í eftirfarandi greinum.

14. gr.

Enginn hreppur fær styrk úr landssjóði til farkenslu, nema:

1. kenslunni sje hagað eftir reglugerð, sem skólanefnd hreppsins semur samkvæmt fyrirmynd, er yfirstjórn lýðskólanna hefur samið og sett;
2. kennarinn sje ráðinn af skólanefnd með skriflegum samningi og hafi, auk fæðis, húsnæðis og þjónustu, að minsta kosti 6 kr. kaup fyrir hverja viku, er hann kennir;
3. fullnægt sje ákvörðun yfirstjórnarinnar um kensluáhöld.

Nú fullnægir hreppur kröfum þessum, og fær hann þá úr landsjóði styrk að tiltölu við tölu þeirra barna, 10—14 ára að aldri, er kenslunnar nutu, og lengd námstímans.

15. gr.

Enginn hreppur fær styrk úr landsjóði handa föstum heimangönguskóla, nema:

1. kenslu skólans sje hagað eftir reglugerð, sem yfirstjórn lýðskólanna hefur samþykt;
2. að fullnægt sje reglum þeim, er yfirstjórnin setur um hollustuhætti slíkra skóla og kröfum hennar um kensluáhöld;
3. að hver kennari skólans sje ráðinn af skólanefnd, — með hæfilegum uppsagnarfresti af beggja hálfu, — með skriflegum samningi, og hafi aðalkennarinn að minsta kosti 18 kr. laun fyrir hverja viku, er hann kennir, og aðstoðarkennari eigi minna en 12 kr. um vikuna, er þeir kenna 4—5 stundir á dag.

Nú fullnægir hreppur þessum kröfum, og fær hann þá úr landsjóði styrk að tiltölu við barnafjölda skólans og lengd námstímans.

16. gr.

Heimavistarskóla veitist styrkur úr landsjóði eftir sömu reglum og öðrum föstum barnaskólum, ef hann fullnægir þessum skilyrðum:

1. að skólastaður, tilhögun skólahússins og stærð og takmörk skólahjeraðsins sje ákveðið með samþykki yfirstjórnar lýðskólanna;
2. að kenslunni og skipulagi skólans verði hagað eftir reglugerð, sem yfirstjórnin samþykkir;
3. að aðalkennari skólans hafi að minsta kosti 25 kr. laun fyrir hverja viku, er hann kennir, auk húsnæðis, ljóss og hita, ef ekki færri en 20 börn njóta kenslu í skólanum í senn, en að því skapi minni laun, sem nemendur eru færri, þó aldrei minni en 18 kr., og skal kennarinn ráðinn af skólanefnd — með hæfilegum uppsagnarfresti frá beggja hálfu — með skriflegum samningi og með samþykki yfirstjórnar lýðskólanna.

17. gr.

Hverri beiðni um styrk til barnafræðslu, samkvæmt því, er nú hefur sagt verið, skulu fylgja skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn lýðskólanna fyrirskipar.

V. kafli.

Um skólanefndir

18. gr.

Í hreppi hverjum og kaupstað skal vera skólanefnd, og sitja í henni 5 menn: Kennari við skólann er sjálfkjörinn í nefndina, í kaupstöðunum kýs bæjarstjórn hina 4; í sveitum kýs hreppsnefnd 2 þeirra, en hinir tveir eru kosnir á hreppaskilaþingi af þeim, sem atkvæðisrjett eiga í sveitarmálum; kjörgengur er hver, sem atkvæðisrjett hefur. Þar sem fastur lýðskóli er í hreppnum (kaupstaðnum), skal aðalkennari hans sjálfkjörinn í nefndina. Sje annars fleiri en einn barnaskólakennari við sveitarskóla innan skólahjeraðsins, nefnir hreppsnefnd annan eða einn þeirra í skólanefndina.

Þegar hreppar ganga saman í eitt skólahjerað, skulu skólanefndir hreppanna halda fund með sjer, og kjósa sín á meðal nýja skólanefnd fyrir skólahjeraðið, og skulu í henni vera fimm menn eða sjö.

19. gr.

Kosning nefndarmanna gildir um 3 ár, og má endurkjósa þá að þeim tíma liðnum, en ekki eru þeir skyldir að taka við kosningu fyr en jafnlangur tími er liðinn og þeir sátu í nefndinni. Kosning til skólanefndar skal jafnan fram fara, er hreppsnefndarmenn hafa setið í hreppsnefnd þrjú ár eða sex. Þeir, sem kosnir verða í hina fyrstu skólanefnd hreppsins, skulu kosnir að eins til þeirra tímamóta. Deyi nefndarmaður eða fari úr nefndinni annara orsaka vegna, áður en þrjú ár eru liðin, frá því er hann var kosinn, skal sá, er kosinn er í hans stað, að eins vera í nefndinni þann tíma af þrem árum, sem enn er eftir.

20. gr.

Nefndin kýs úr sínum hóp til eins árs formann, varaformann og skrifara. Skyldir eru embættismenn nefndarinnar að taka við endurkosningu tvö ár í röð.

Enginn nefndarmanna hefur atkvæðisrjett um þau mál, er snerta hann sjálfan sjerstaklega.

21. gr.

Formaður kallar nefndina saman til funda svo oft, sem þörf krefur. Nefndin getur enga ályktun gert, nema að minsta kosti fullur helmingur hennar sje viðstaddur. Atkvæðafjöldi ræður úrslitum. Ef jafnmörg eru atkvæði, skal atkvæði formanns ráða. Ályktanir nefndarinnar skulu ritaðar í gerðabók.

22. gr.

Skólanefnd skal sjá um að mentun barna í hreppi hennar eða kaupstað nái því takmarki, sem lög þessi ákveða eða sett verður með reglugerðum samkvæmt þeim. Hún annast um að herbergi þau, er notuð eru til kenslu, sjeu svo, að heilsu barnanna sje eigi hætta búin, og jafnframt skal hún leitast við að velja kenslustaði svo, að sem mestur jöfnuður verði á aðstöðu þeirra, er senda börn til kenslunnar, og hún útvegar börnum samastað, ef aðstandendur þeirra geta það ekki (sbr. 4. og 5. gr.). Skólanefnd skal gera sjer far um að útvega sem hæfasta kennara og skulu þeir, sem staðist hafa kennarapróf jafnaðarlega vera látnir ganga fyrir þeim, sem ekki hafa staðist slíkt próf. Hún skal sjá um að börnin hafi til náms síns nauðsynlegustu bækur og áhöld. Hún hefur og umsjón með prófum þeim, sem fyrirskipuð eru í lögum þessum. Skólanefnd sjer um bygging skólahúsa eftir uppdrætti, er yfirstjórnin hefur samþykt, og um útvegun nauðsynlegra skólaáhalda; hún annast og viðhald húsa og kensluáhalda og endurbætur á þeim. Hún hefur til vörslu fje það, sem hreppurinn (kaupstaðurinn) veitir til barnafræðslu, og afhendir hreppsnefnd (bæjarstjórn) í tæka tíð áætlun um kostnað við barnafræðsluna fyrir hvert ár. Hún semur og undirritar beiðnir um styrk úr landssjóði til barnafræðslunnar og býr út skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn lýðskólanna heimtar um allan hag barnafræðslunnar.

23. gr.

Yfirstjórn lýðskólanna setur nánari ákvæði um skyldur og störf skólanefnda.

VI. kafli.

Um yfirstjórn lýðskólanna og umsjón.

24. gr.

Yfirstjórn lýðskólanna og umsjón hefur stjórnarráð Íslands á hendi, og hefur það sjer til aðstoðar mann, sem framkvæmir umsjón þess með lýðskól-

um landsins, og skal hann undirbúa ráðstafanir þær og reglugerðir, sem stjórnarráðið setur um þessa skóla eða aðrar þær stofnanir, er að lýðmentun lúta. Umsjónarmann þennan skipar ráðherra Íslands með 3000 kr. launum og fær hann ferðakostnað, sem stöðu hans er samfara, greiddan eftir reikningi. Starfsvið hans ákveður stjórnarráðið nánara með reglugerð.

VII. kafli.

Um það, hver lagaákvæði sjeu úr gildi numin með lögum þessum og hvenær lögin öðlast gildi.

25. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin: Konungsbrjef 2. júlí 1790 um uppfræðing barna, og lög 9. janúar 1880 um uppfræðing barna í skrift og reikningi.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1908.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það um fræðslu barna, sem stjórnin lagði fyrir alþingi 1905, var tekið til meðferðar í efri deild alþingis og þar samþykt með mjög verulegum breytingum, en þegar til neðri deildar kom, var málinu frestað með rökstuddri dagskrá í því skyni að almenningi yrði gefið færi á að láta uppi álit sitt um málið. Samkvæmt þessu hefur stjórnarráðið útvegað álit hjeraðsfunda og sýslunefnda um frumvarpið, og mun þinginu verða gefinn kostur á að kynna sjer undirtektir þeirra.

Með því að stjórnarráðið hefur eigi getað sannfærst um, að breytingar þær, er efri deild gerði á stjórnarfrumvarpinu, sjeu heppilegar, er það lagt fyrir þingið aftur í sömu mynd, sem það hafði upphaflega, með fáeinum óverulegum breytingum, sem að mestu leyti eru í samræmi við tillögur, er aðstoðarmaður landsstjórnarinnar í fræðslumálum Jón skólastjóri Þórarinsson hefur komið fram með í álitsskjali, er hjer með fylgir. Fyrir breytingunum er gerð grein hjer á eftir:

Við 14. gr.

Hjer er það og gert að skilyrði fyrir styrkveitingu, að ákvæðum yfirstjórnar um kensluáhöld sje fullnægt, með því að farkennarar þurfa eins á kensluáhöldum að halda og kennarar við fastan skóla.

Við 16. gr.

25 kr. um vikuna, auk húsnæðis, ljóss og hita, virðast ekki of há laun fyrir aðalkennara við heimavistarskóla, sem á eru 20 börn eða fleiri.

Við 18. gr.

Þá tvo menn, sem 18. gr. hins upphaflega frvs gerði ráð fyrir að kosnir skyldu í skólanefnd á safnaðarfundi, þykir rjettara að kjósa á hreppaskilaþingi, utan kaupstaða, því að fyrst og fremst falla safnaðarfundir stundum niður og í annan stað eru allvíða fleiri en einn söfnuður í sama skólahjeraði eða hreppi. En þá virðist og rjett að kosningarrjettur og kjörgengi sje bundið við atkvæðisrjett í sveitarmálum.

Þessi kosningaraðferð getur ekki átt við í kaupstöðum, og virðist helst tiltækilegt að fylgja þar framvegis hinni sömu reglu, sem nú gildir, að bæjarstjórn kjósi þá 4 af skólanefndarmönnunum, sem ekki eru sjálfkjörnir.

Við 24. gr.

Ennfremur hefur stjórnarráðið gert þá breyting á 24. gr. frvs, að setja laun umsjónarmanns 3000 kr. í stað 2500, með því að starfið verður væntanlega svo umfangsmikið alt árið um í kring, að umsjónarmaður getur ekki haft önnur atvinnustörf á hendi, og verður þá naumast búist við að fá nægilega hæfan mann fyrir minni árslaun en 3000 kr.

Fylgiskjal.

Jeg hef nú af nýju tekið til nákvæmrar athugunar »Frumvarp til laga um fræðslu barna«, sem lagt var fyrir alþingi 1905, og skal jeg samkvæmt umtali virðingarfyllst leyfa mjer að senda stjórnarráðinu athugasemdir þær, er hjer fara á eftir.

Eftir nákvæma yfirvegun get jeg ekki betur sjeð, en að frumvarp þetta sje í heild sinni vel til þess fallið að verða að lögum. Það er og fyllsta ástæða til að gera sjer von um, að í hönd farandi alþingi aðhyllist frumvarpið, með því að sá andróður, sem orðið hefur móti því, byggist aðallega á þeim misskilningi, að með því sje undantekningarlaust og eindregið lögleidd skólaskylda um land alt. Þessa misskilnings hefur víða orðið vart, og fyrir þessa sök eina,

hið ímyndaða skólaskylduákvæði, hafa menn víða ekki getað aðhyllst frumvarpið.

Að eins fáar athugasemdir hef jeg að öðru leyti að gera við frumvarpið.

4. gr.

Önnur málsgrein þessarar greinar segir svo: »Nú óhlýðnast foreldrar ... *án gildra ástæðna*, og varðar ...« Jeg veit ekki, hvort það er nægilega ljóst, hver á um það að dæma, hvað eru »gildar ástæður«. Jeg skil það svo, að lögreglustjóri eigi að dæma um það. Sje það rjett, hef jeg ekkert frekara við greinina að athuga.

11. gr. sbr. 12. gr.

Það mun vera til þess ætlast, að yfirstjórn lýðskólanna ákveði með reglugerðinni, hvað til þess heyrir að standast próf. Engin þvingunarmeðul eru nefnd, er beita mætti við þá, sem þverskallast, og ekki vilja halda unglingum við nám eftir 14 ára aldur; mætti því vera, að ákvæði 11. greinar yrðu þýðingarlítil.

14. gr.

Aftan við 2. tölulið þeirrar greinar virðist mjer ástæða til að bæta:

3. að fullnægt sje ákvæðum yfirstjórnarinnar um kensluáhöld.

Það er jafn nauðsynlegt fyrir farkennara að hafa kensluáhöld eins og kennarann við fasta skóla.

15. gr.

Það hefur hingað til verið venja að miða landsjóðsstyrkinn að nokkru leyti við barnafjölda. En þetta þykir mjer varhugaverður mælikvarði; hann gefur meðal annars freistingu til þess að fylla skólana um of; en það getur haft slæmar afleiðingar bæði fyrir heilsu barnanna og kensluna. Rjettast tel jeg að fastákveða lægstu tölu barna, sem myndað geti fastan skóla, og tel jeg þá töluna 15 nægilega háa. Landsjóðsstyrkinn mætti svo miða við laun kennaranna. Lengd kenslutímans þarf heldur ekki að nefna í þessu sambandi, þar sem kaupið er ákveðið eftir kensluvikum. Það verður þá því hærra, sem tíminn er lengri, en landsjóðsstyrkurinn aftur því hærri, sem kennaralaunin eru hærri. Þannig kæmi þá lengd kenslutímans rjettilega til greina.

Niðurlag greinarinnar hugsa jeg mjer þá orðað svo:

»Nú fullnægir hreppur þessum kröfum, og fær hann þá styrk úr landsjóði sem svarar $^2/_3$ af þeirri upphæð, sem hann greiðir í kenslulaun«.

Hjer er að vísu farið fram á hærra framlag af landsjóðsfje til skólanna, en hingað til hefur verið veitt; en það þykir mjer vera óhjákvæmilegt, þar sem laun kennaranna eru hækkuð að nokkrum mun frá því, sem áður hefur tíðkast.

16. gr.

Í samræmi við það, sem að framan er sagt, ætti að breyta 3. tölulið

16. greinar þannig, að burt væru feld orðin: »ef ekki færri en 30 börn ... þó aldrei minna en 18 kr.«.

Svo þarf að bæta inn í greinina ákvæði um hjálparkennara. Greinarliðurinn yrði þá þannig:

»3. aðalkennari skólans hafi að minsta kosti 25 kr. laun fyrir hverja viku, er hann kennir, auk húsnæðis, ljóss og hita; aðstoðarkennari sömu laun og aðstoðarkennari við heimangönguskóla. Kennararnir skulu ráðnir af skólanefnd — með hæfilegum uppsagnarfresti af beggja hálfu — með skriflegum samningi, og með samþykki yfirstjórnar lýðskólanna«.

18. gr.

Þá tvo menn, sem 18. gr. gerir ráð fyrir að kosnir sjeu í skólanefnd á safnaðarfundi, væri ef til vill rjettara að kjósa á hreppaskilafundi, því að fyrst og fremst falla safnaðarfundir oft niður, og í annan stað eru þeir oft, eða víða, fleiri en einn í einu og sama skólahjeraði eða hreppi. Að vísu hafa þá ekki eins margir hreppsbúar atkvæðisrjett um nefndarmannskosningu, en það tel jeg ekki svo stórvægilegan annmarka.

22. gr.

Í þessa grein vildi jeg bæta aftan við setninguna: »Hún skal sjá um, að börnin hafi til náms síns nauðsynlegustu bækur og áhöld« — þessum orðum: »en yfirstjórnin ákveður, hver áhöld megi nægja«.

Virðingarfylst.

Flensborg 23. jan. 1907.

Jón Þórarinsson.

Frumvarp til laga

um

kennaraskóla í Reykjavík.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Kennaraskóla skal setja á stofn í Reykjavík og má verja til húss og muna alt að 40000 kr. úr landsjóði.

2. gr.

Skólinn er jafnt fyrir konur og karla; kenslan veitist ókeypis, og alt að 20 heimavistir skulu vera við skólann fyrir nemendur.

3. gr.

Skólaárið er frá 1. október til 14. maí; 3 ársdeildir eru í skólanum.

4. gr.

Kenslugreinir skólans eru þessar: Íslenska, danska, saga, landafræði og náttúrufræði, og þó einkum það er Ísland snertir, reikningur og rúmfræði, skrift, teikning, handavinna, leikfimi, söngur, kristin fræði, uppeldis- og kenslufræði og kensluæfingar. Auk þess má taka upp kenslu í garðyrkju og matreiðslu.

5. gr.

Við skóla þenna skipar ráðherrann þrjá fasta kennara; er einn forstöðumaður og hefur í árslaun 3000 kr., auk ókeypis bústaðar í skólahúsinu; annar kennari hefur 2000 kr. í árslaun og þriðji kennari 1600 kr. í árslaun.

6. gr.

Stjórnarráðið hefur á hendi yfirumsjón skólans og semur reglugjörð hans.

7. gr.

Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landsjóði.

Athugasemdir um lagafrumvarp þetta.

Á alþingi 1903 var af þingmanna hálfu borið upp frumvarp um að setja á stofn kennaraskóla í Reykjavík. Frumvarpið gekk greiðlega gegnum neðri deild, en í efri deild var á því gerð sú breyting, að kennaraskólinn skyldi verða í Flensborg í Hafnarfirði og settur í samband við alþýðu- og gagnfræðaskólann þar. Þannig breytt kom það aftur til neðri deildar, en þar var því aftur við eina umræðu breytt í hina sömu mynd, sem það hafði, er það var afgreitt í fyrstu til efri deildar. Lengra komst málið ekki í það sinni.

Stjórnin lagði frumvarpið af nýju fyrir alþingi 1905, eins og það hafði verið samþykt 1903 við eina umræðu í neðri deild, með þeirri breytingu, að numið var burtu ákvæði um það að — þótt skólinn sje annars 3 ára skóli, — skuli kenslunni hagað svo, að farkennarar geti fyrst um sinn lokið sjer af á

einum vetri. Ennfremur voru laun forstöðumanns færð upp í 3000 kr. úr 2600 kr. Á þinginu 1905 fjekk málið svo að segja alveg hin sömu afdrif og á næsta þingi á undan. Neðri deild samþykti að koma á fót kennaraskóla í Reykjavík, en efri deild vildi hafa skólann í Flensborg í sambandi við alþýðu- og gagnfræðaskólann þar og í framhaldi af honum. Þá komst frumvarpið í sameinað þing, en var felt þar með 13 atkvæðum gegn 25, og vantaði þannig aðeins 1 atkvæði til þess að það yrði samþykt.

Enn af nýju leggur stjórnarráðið fyrir alþingi frumvarp um kennaraskóla, hið sama sem lagt var fyrir þingið 1905. Stjórnarráðið verður að vera enn hinnar sömu skoðunar um það, að setja eigi þegar í upphafi markmið kennarafræðslunnar jafnhátt fyrir alla, sem á skólann ganga; á þann hátt verður mest eining í starfi skólans. Því þykir stjórnarráðinu varhugavert að setja í frumvarpið ákvæði um það, að kenslunni sje hagað svo, að farkennarar geti lokið sjer af á einum vetri eða styttri tíma. Hitt væri tiltækilegra, að koma á fót sjerstakri framhaldsfræðslu fyrir kennara, og eru um það gerðar tillögur í fjárlagafrumvarpinu.

Stjórnarráðið er og enn þeirrar skoðunar, að kennaraskólinn eigi að vera alveg sjerstakur skóli, og að hann sje best settur í Reykjavík.

Að öðru leyti virðist óþarft að fara mörgum orðum um frumvarp þetta. Málið er orðið mjög rætt á alþingi, og um nauðsynina á því að koma á fót góðri kennaramentun virðast nú allir orðnir samdóma. Deilan er um það eitt, hvernig kennarafræðslunni skuli komið fyrir.

Frumvarp til laga

um

umsjón og fjárhald kirkna.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

1. gr.

Hverja þá ljenskirkju, sem sóknarprestur hefur enn fjárhald fyrir, skal hlutaðeigandi söfnuði bjóða til umsjónar og fjárhalds eigi síðar en við næstu prestaskifti. Sje það samþykt með meiri hluta greiddra atkvæða á lögmætum safnaðarfundi, skal afhenda kirkjuna söfnuðinum, enda samþykki hjeraðsfundur og biskup.

Svo má og svifta sóknarprest fjárhaldi ljenskirkju og afhenda kirkjuna söfnuðinum, þó að presturinn sje því ekki samþykkur, ef hjeraðsfundur og biskup álíta hann óhæfan til að sjá um fje kirkjunnar.

2. gr.

Þegar eigandi bændakirkju vill selja umsjón hennar og fjárráð söfnuð-

inum í hendur, þá getur því máli framgengt orðið, er það er samþykt með meiri hluta greiddra atkvæða á lögmætum safnaðarfundi, og samþykki hjeraðsfundar og biskups kemur til.

3. gr.

Þegar kirkja er afhent söfnuði, skal prófastur með tveim óvilhöllum úttektarmönnum gera nákvæma úttekt á kirkjunni, eignum hennar, áhöldum og gripum. Skulu úttektarmenn meta sanngjarnt álag á kirkjuna og það, sem henni fylgir, ef þeim virðist þess þörf. Greiðir sá, er kirkju hefur haldið, álagið að þeim hluta, sem sjóður kirkjunnar eigi vinst til, í hendur sóknarnefndinni, er tekur við kirkjunni og fje hennar fyrir hönd safnaðarins. Nú er kirkja í skuld við forráðamann sinn, og úttektarmenn gera álag á hana, og skal þá forráðamaður hennar eigi að síður greiða álagið, en úttektarmenn meta, að hve miklu leyti skuldina skuli endurgjalda af tekjum kirkjunnar eftirleiðis. Mat þetta liggur undir samþykki biskups. Hafi lán verið tekið af almannafje til að byggja kirkju, skal greiða á sama hátt það, sem ógreitt er af vöxtum og afborgun.

Ef hinn fyrverandi forráðamaður kirkjunnar eða sóknarnefnd er óánægð með úttektina, má skjóta henni til yfirúttektar.

Heimilt er sóknarnefnd að taka við kirkju, án þess regluleg úttekt sje gerð, ef samþykki hjeraðsprófastsins kemur til, og hann afhendir kirkjuna.

4. gr.

Söfnuðir þeir, sem taka að sjer umsjón og fjárhald kirkna, gangast undir allar þær skyldur, sem legið hafa á eigendum þeirra eða forráðamönnum, að því er kemur til endurbyggingar kirkju, viðhalds og hirðingar. Skal sóknarnefndin fyrir hönd safnaðarins heimta kirkjutekjurnar saman, svo sem lög standa til, og koma kirkjusjóðnum á vöxtu. Fyrir innheimtu og ómak sitt skal sóknarnefndin fá 6% af árstekjum kirkjunnar. Þó getur söfnuðurinn veitt sóknarnefndinni alt að 10% í innheimtulaun.

5. gr.

Með lögum þessum eru lög um umsjón og fjárhald kirkna frá 12. maí 1882 úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá milliþinganefndinni, er skipuð var samkvæmt konungsúrskurði 2. mars 1904 til þess að íhuga og koma fram með tillögur um kirkjumál lands-

ins, hefur stjórnarráðið fengið frumvarp til laga um umsjón og fjárhald kirkna. Í frumvarpi þessu eru gerðar þær aðalbreytingar á lögum 12. maí 1882 um umsjón og fjárhald kirkna:

1. *Að* hverja þá ljenskirkju, sem sóknarprestur hefur enn fjárhald fyrir, skuli hlutaðeigandi söfnuður taka að sjer til umsjónar og fjárhalds, og
2. *Að* eigi þurfi nema einfaldan meiri hluta atkvæða á safnaðarfundi, til þess að söfnuður taki við bændakirkju, en nú þarf til þess $^2/_3$ atkvæðisbærra sóknarmanna á almennum safnaðarfundi.

Álits biskups hefur verið leitað um þessar tillögur milliþinganefndarinnar og er það prentað hjer á eftir sem fylgiskjal við lagafrumvarp þetta.

Svo eðlilegt og æskilegt sem það er, að allar ljenskirkjur komist í umsjón og fjárhald safnaðanna, en að prestar sjeu alveg leystir frá því, þá verður stjórnarráðið að vera biskupi samdóma um það, að viðurhlutamikið sje að skylda söfnuðina til að taka að sjer kirkjurnar hvernig sem hagur þeirra er, og hefur því haldið því skilyrði hinna gildandi laga, að samþykki safnaðarfundar þurfi jafnan til, er söfnuður tekur að sjer kirkju, en telur hins vegar rjett, að allar ljenskirkjur, er eigi eru þegar afhentar, skuli boðnar söfnuðunum eigi síðar en við næstu prestaskifti. En þá breytingu telur stjórnarráðið heppilega, að eigi þurfi nema einfaldan meiri hluta safnaðarfundar lögmæts, til þess að söfnuður taki að sjer kirkju. Stjórnarráðið telur betra samræmi í því að áskilja samþykki hjeraðsfundar og biskups jafnt er ljenskirkja er afhent sem bændakirkja.

Að öðru leyti hefur sjórnarráðið fallist á tillögur nefndarinnar.

Fylgiskjal.

ÍSLANDS BISKUPSDÆMI.

Reykjavík, 22. desbr. 1906.

Í framhaldi af brjefi minu frá 18. þ. m., viðvíkjandi tillögum kirkjumálanefndarinnar, leyfi jeg mjer að taka fram um

IV.

Frumvarp til laga um umsjón og fjárhald kirkna,

að það er í flestum atriðum samhljóða núgildandi lögum um þetta efni frá 12. maí 1882, þó með þeim tveim mikilvægu breytingum,

1. *að* söfnuðum er *gert að skyldu* að taka að sjer allar ljenskirkjur, sem eigi eru þegar komnar í umsjón þeirra, eigi síðar en við næstu prestaskifti, og *prestunum þá jafnframt gert að skyldu* að afhenda fjárhaldið;
2. *að* eigi þarf meira en *einfaldan meiri hluta atkvæða* á safnaðarfundi, til þess að söfnuður taki við bændakirkju, ef eigandi vill láta hana af hendi og hjeraðsfundur og biskup samþykkir, þar sem nú þarf til þess $^2/_3$ atkvæðisbærra sóknarmanna á safnaðarfundi.

Því verður ekki neitað, að þótt fjárhagur margra kirkna sje ekki verri en það, að þær þurfa ekki með góðri ráðsmensku að verða söfnuðinum til þyngsla, þá eru aðrar svo tekjulitlar, að þeim verður enginn verulegur sómi sýndur, án þess að til þess þurfi meira fje, en þær eiga til, enda nægja árlegar tekjur þeirra eigi til að afborga og ávaxta neitt lán að mun. Slíkar kirkjur hljóta að verða söfnuðunum til nokkurra þyngsla, sem þó þurfa ekki að vera tilfinnanleg, sje söfnuðurinn fús til að taka kirkjuna að sjer, en geta valdið tregðu og óánægju, vanti hinn góða vilja.

Þótt jeg kannist við, að best færi á því, að hver söfnuður hafi veg og vanda af sóknarkirkju sinni, er jeg í nokkrum efa um, að fyllilega sanngjarnt sje að skylda þá söfnuði, sem ófúsir eru, til að taka við kirkjunum.

Til skýringar skal þess getið, að af landsins 277 kirkjum eru 98 komnar í umsjón safnaða.

Hallgr. Sveinsson.

Frumvarp til laga

um

skipun prestakalla.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

1. gr.

Á Íslandi skulu vera þau prestaköll, sem nú skal greina:

I. Norður-Múlaprófastsdæmi.

1. Skeggjastaðir: Skeggjastaðasókn.
2. Hof í Vopnafirði: Hofs og Vopnafjarðarsóknir.
3. Hofteigur: Hofteigs, Brúar og Möðrudalssóknir.
4. Kirkjubær í Hróarstungu: Kirkjubæjar, Hjaltastaðar og Eiðasóknir.
5. Valþjófsstaður: Valþjófsstaðar og Áss-sóknir.
6. Desjarmýri: Desjarmýrar, Njarðvíkur og Húsavíkursóknir.

II. Suður-Múlaprófastsdæmi.

7. Dvergasteinn: Vestdalseyrar og Klippstaðarsóknir.
8. Mjóifjörður: Brekkusókn.

9. Vallanes: Vallaness og Þingmúlasóknir.
10. Norðfjörður: Nessókn.
11. Hólmar í Reyðarfirði: Hólma og Eskifjarðarsóknir.
12. Kolfreyjustaður: Kolfreyjustaðarsókn.
13. Eydalir: Eydala og Stöðvarsóknir.
14. Hof í Álftafirði: Hofs og Djúpavogs, Berufjarðar og Berunessóknir.

III. Austur-Skaftafellsprófastsdæmi.

15. Bjarnanes: Bjarnaness og Stafafellssóknir.
16. Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðar og Einholtssóknir.
17. Sandfell: Sandfells og Hofssóknir.

IV. Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi.

18. Kirkjubæjarklaustur: Prestsbakka og Kálfafellssóknir.
19. Þykkvabæjarklaustur: Þykkvabæjar, Langholts og Grafarsóknir.
20. Mýrdalsþing: Höfðabrekku, Reynis og Skeiðflatarsóknir.

V. Rangárvallaprófastsdæmi.

21. Holt undir Eyjafjöllum: Eyvindarhóla, Ásólfsskála og Stóradalssóknir.
22. Breiðabólstaður í Fljótshlíð: Breiðabólstaðar og Hlíðarendasóknir.
23. Landeyjaþing: Kross, Voðmúlastaða og Sigluvíkursóknir.
24. Oddi: Odda, Stórólfshvols og Keldnasóknir.
25. Landprestakall: Skarðs, Haga og Marteinstungusóknir.
26. Kálfholt: Kálfholts, Áss, Háfs og Árbæjarsóknir.
27. Vestmannaeyjar: Ofanleitissókn.

VI. Árnesprófastsdæmi.

28. Stórinúpur: Stóranúps, Hrepphóla og Ólafsvallasóknir.
29. Hruni: Hruna og Tungufellssóknir.
30. Torfastaðir: Torfastaða, Haukadals, Bræðratungu, Úthlíðar og Skálholtssóknir.
31. Mosfell í Grímsnesi: Mosfells, Miðdals, Klausturhóla og Búrfellssóknir.
32. Þingvellir: Þingvalla og Úlfljótsvatnssóknir.
33. Hraungerði: Hraungerðis, Laugardæla og Villingaholtssóknir.
34. Stokkseyri: Stokkseyrar, Eyrarbakka og Gaulverjabæjarsóknir.
35. Arnarbæli: Arnarbælis, Hjalla, Reykja og Strandarsóknir.

VII. Kjalarnesprófastsdæmi.

36. Staður í Grindavík: Staðar og Krísuvíkursóknir.
37. Útskálar: Útskála, Hvalsness og Kirkjuvogssóknir.
38. Kálfatjörn: Kálfatjarnar og Njarðvíkursóknir.
39. Garðar á Álftanesi: Garða og Bessastaðasóknir.
40. Reykjavík: Reykjavíkursókn.
41. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells, Brautarholts og Viðeyjarsóknir.
42. Reynivellir: Reynivalla og Saurbæjarsóknir.

VIII. Borgarfjarðarprófastsdæmi.

43. Saurbær á Hvalfjarðarströnd: Saurbæjar og Leirársóknir.
44. Garðar á Akranesi: Skipaskaga og Innrahólmssóknir.
45. Hestþing: Hvanneyrar, Bæjar, Lundar og Fitjasóknir.
46. Reykholt: Reykholts, Stóra-Áss og Gilsbakkasóknir.

IX. Mýraprófastsdæmi.

47. Hvammur í Norðurárdal: Hvamms, Norðtungu og Síðumúlasóknir.
48. Stafholt: Stafholts og Hjarðarholtssóknir.
49. Borg: Borgar, Álftaness og Álftártungusóknir.
50. Staðarhraun: Staðarhrauns og Akrasóknir.

X. Snæfellsnessprófastsdæmi.

51. Miklaholt: Miklaholts, Rauðamels og Kolbeinsstaðasóknir.
52. Staðastaður: Staðastaðar og Búðasóknir.
53. Nesþing: Ólafsvíkur, Ingjaldshóls og Hellnasóknir.
54. Setberg: Setbergssókn.
55. Helgafell: Stykkishólms, Helgafells og Bjarnarhafnarsóknir.
56. Breiðabólstaður á Skógarströnd: Breiðabólstaðar og Narfeyrarsóknir.

XI. Dalaprófastsdæmi.

57. Suðurdalaþing: Sauðafells, Snóksdals, Stóravatnshorns og Hjarðarholtssóknir.
58. Hvammur í Hvammssveit: Hvamms, Staðarfells og Dagverðarnessóknir.
59. Staðarhóll: Staðarhóls og Skarðssóknir.

XII. Barðastrandarprófastsdæmi.

60. Flatey: Flateyjar og Múlasóknir.
61. Staður á Reykjanesi: Staðar, Reykhóla og Garpsdalssóknir.
62. Gufudalur: Gufudalssókn.
63. Brjánslækur: Brjánslækjar og Hagasóknir.
64. Sauðlauksdalur: Sauðlauksdals, Breiðuvíkur og Saurbæjarsóknir.
65. Eyrar: Eyra og Stóra-Laugardalssóknir.
66. Bíldudalur: Bíldudals og Selárdalssóknir.

XIII. Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi.

67. Rafnseyri: Rafnseyrar og Álftamýrarsóknir.
68. Dýrafjörður: Sanda, Hrauns, Mýra og Núpssóknir.
69. Holt í Önundarfirði: Holts, Kirkjubóls og Sæbólssóknir.

XIV. Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.

70. Hóll í Bolungarvík: Hóls og Staðarsókn í Súgandafirði.
71. Ísafjörður: Ísafjarðarsókn.
72. Ögurþing: Ögur og Eyrarsóknir.
73. Vatnsfjörður: Vatnsfjarðar, Nauteyrar og Unaðsdalssóknir.

74. Staður í Grunnavík: Staðarsókn.
75. Staður í Aðalvík: Staðarsókn.

XV. Strandaprófastsdæmi.

76. Árnes: Árnessókn.
77. Staður í Steingrímsfirði: Staðar og Kaldrananessóknir.
78. Tröllatunga: Tröllatungu, Fells og Óspakseyrarsóknir.
79. Prestsbakki: Prestsbakka og Staðarsókn í Hrútafirði.

XVI. Húnavatnsprófastsdæmi.

80. Melstaður: Melstaðar, Kirkjuhvamms, Staðarbakka og Núpssóknir.
81. Tjörn á Vatnsnesi: Tjarnar og Vesturhópshólasóknir.
82. Breiðabólstaður í Vesturhópi: Breiðabólstaðar og Víðidalstungusóknir.
83. Þingeyraklaustur: Þingeyra, Undirfells og Blönduóssóknir.
84. Auðkúla: Auðkúlu og Svínavatnssóknir.
85. Bergstaðir: Bergstaða, Bólstaðahlíðar og Holtastaðasóknir.
86. Höskuldsstaðir: Höskuldsstaða, Hofs og Spákonufellssóknir.

XVII. Skagafjarðarprófastsdæmi.

87. Hvammur í Laxárdal: Hvamms og Ketusóknir.
88. Reynistaðarklaustur: Reynistaðar, Sauðárkróks og Rípursóknir.
89. Glaumbær: Glaumbæjar og Víðimýrarsóknir.
90. Mælifell: Mælifells, Reykja, Goðdala og Ábæjarsóknir.
91. Miklibær: Miklabæjar, Silfrastaða og Flugumýrarsóknir.
92. Viðvík: Viðvíkur, Hóla og Hofsstaðasóknir.
93. Fell í Sljettuhlíð: Fells og Hofssóknir.
94. Barð í Fljótum: Barðs, Holts og Knappstaðasóknir.

XVIII. Eyjafjarðarprófastsdæmi.

95. Grímsey: Miðgarðasókn.
96. Hvanneyri: Hvanneyrarsókn.
97. Kviabekkur: Kviabekkjarsókn.
98. Tjörn í Svarfaðardal: Tjarnar, Urða, Upsa og Vallasóknir.
99. Möðruvallaklaustur: Möðruvalla, Stærra-Árskógs og Glæsibæjarsóknir.
100. Bægisá: Bægisár, Bakka og Myrkársóknir.
101. Akureyri: Akureyrar og Lögmannshlíðarsóknir.
102. Grundarþing: Grundar, Munkaþverár, Kaupangs, Saurbæjar, Möðruvalla, Miklagarðs og Hólasóknir.

XIX. Suður-Þingeyjarprófastsdæmi.

103. Laufás: Laufáss, Svalbarðs, Grenivíkur og Þönglabakkasóknir.
104. Háls í Fnjóskadal: Háls, Illugastaða, Draflastaða og Brettingsstaðasóknir.
105. Þóroddsstaður: Þóroddsstaðar og Ljósavatnssóknir.
106. Skútustaðir: Skútustaða, Reykjahlíðar og Lundarbrekkusóknir.
107. Grenjaðarstaður: Grenjaðarstaðar, Ness, Einarstaða og Þverársóknir.
108. Húsavík: Húsavíkursókn.

109. Skinnastaðir: Skinnastaða, Garðs og Víðihólssóknir.
110. Presthólar: Presthóla og Ásmundarstaðasóknir.
111. Svalbarð í Þistilfirði: Svalbarðssókn.
112. Sauðanes: Sauðanessókn.

2. gr.

Í Reykjavíkurprestakalli skulu vera tveir þjóðkirkjuprestar, dómkirkjuprestur og annar prestur honum jafnhliða. Landsstjórnin í samráði við biskup skipar fyrir um aðstöðu þeirra hvors til annars, samband sín á milli og verkaskiftingu í söfnuðinum.

3. gr.

Landsstjórnin hlutast til um, að þær breytingar á skipun prestakalla, sem að ofan eru ákveðnar, komist á eftir því sem prestaköllin losna, svo fljótt sem því verður við komið.

4. gr.

Nú vilja menn breyta skipun sókna eða takmörkum prestakalla eða leggja niður kirkju, færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, og skal þá mál það koma fyrir safnaðarfund eða safnaðarfundi, ef fleiri en einn söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin viðkemur að eins einum söfnuði, ræður meiri hluti atkvæða á lögmætum safnaðarfundi. Sjeu söfnuðirnir tveir, ræður meiri hluti atkvæða á báðum fundum. Sjeu söfnuðirnir fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðarfunda. Samþykki hjeraðsfundur tillögu safnaðarfundar (eða safnaðarfunda) er rjett að landsstjórnin í samráði við biskup veiti leyfi til að breyting sú, sem um ræðir, fái fram að ganga.

5. gr.

Þegar ljenskirkja er lögð niður, fellur sjóður hennar til þeirrar kirkju eða þeirra kirkna, sem sóknin er lögð til. Svo er og um skrautgripi (ornamenta) kirkjunnar og áhöld (instrumenta), og andvirði fyrir kirkjuna sjálfa.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi ..... Frá sama tíma eru úr gildi numin:

Lög um skipun prestakalla frá 27. febr. 1880.

Lög frá 4. nóv. 1881 um breytingu á 1. gr. í lögum frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla.

Lög frá 12. jan. 1884, um breytingu á nokkrum brauðum í Eyjafjarðar og Vestur-Skaftafellsprófastsdæmum.

Lög frá 2. nóv. 1885, um breytingu á 1. gr. í lögunum frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla.

Lög frá 22. mars 1890, um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala og Barðastrandarprófastsdæmum.

Lög frá 22. mars 1890, um breytingu á 1. gr. í lögum frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla.

Lög frá 24. nóvbr. 1893, um breytingu á 1. gr. laga frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla.

Lög frá 13. desbr. 1895, um breytingu á 1. gr. laga frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla.

Lög frá 5. desbr. 1899, um breytingu á lögum frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla

svo og öll önnur lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá milliþinganefndinni í kirkjumálum, sem skipuð var samkvæmt allrahæstum úrskurði 2. mars 1904, hefur stjórnarráðinu borist frumvarp til laga um skipun prestakalla. Eitt af hlutverkum nefndar þessarar var samkvæmt ályktun alþingis 1903 um skipun hennar og nefndum konungsúrskurði, að gera tillögur um: »Hagfelda skipun prestakalla«, og var það sjerstaklega haft fyrir augum, að með hagfeldari skipun prestakallanna mætti fækka þeim, og hafa tekjur hinna niðurlögðu prestakalla til þess að bæta að einhverju leyti launakjör prestanna, sem yfirleitt eigi geta talist viðunandi.

Það ræður að líkindum, að misjafnir verða dómar um það, hvort nefndin hafi alstaðar ratað meðalhófið í niðurlagningu og niðurskipun prestakallanna, hvort hún hafi tekið hæfilegt tillit til þarfa safnaðarins, og hinsvegar til nauðsynjar þess að bæta kjör prestanna. Til þess að geta um þetta dæmt til fullnustu, þarf nákvæma þekkingu á því, hvernig til hagar á hverjum stað. Að áliti stjórnarráðsins eru tillögur nefndarinnar yfirleitt á góðum rökum bygðar, og hefur það því fallist á frumvarp nefndarinnar í heild sinni, með fáeinum breytingum, sem getið verður hjer á eftir.

Álit biskups um frumvarp nefndarinnar hefur verið fengið og er það prentað sem fylgiskjal hjer á eftir.

Breytingar þær, er gerðar eru á frumvarpi nefndarinnar eru þessar:

Við 1. gr.

Tölul. 13. Þótt stjórnarráðið verði að viðurkenna, að miklir örðugleikar sjeu á því að sameina Eydalaprestakall og Stöðvarprestakall, þá hefur þó ekki þótt ástæða til að víkja að þessu leyti frá tillögum nefndarinnar.

Tölul. 14 og 15. Aftur á móti verður stjórnarráðið að vera biskupi samdóma um, að ekki sjeu neinir verulegir annmarkar á því að sameina Hof í Álftafirði og Berufjarðarprestakall. Ef presturinn situr á Djúpavogi eða þar í grend, þá er vel vinnandi vegur fyrir hann að þjóna báðum þessum prestaköllum. Hjer er því lagt til að þessi prestaköll verði sameinuð og fellur þá 14. töluliður í till. nefndarinnar burtu.

Tölul. 56 og 59. Stjórnarráðið verður að vera biskupi samdóma um, að varla sje gerlegt að leggja Dagverðarnessókn undir Helgafellsprestakall, og að tiltækilegra sje að leggja þá sókn undir Hvammsprestakall, og er frumvarpi nefndarinnar breytt að þessu leyti.

Tölul. 62 (og 78). Enn verður stjórnarráðið að vera biskupi samdóma um það, að eigi sje fært að leggja Gufudal undir Stað á Reykjanesi og Garpsdalssókn undir Tröllatunguprestakall, og að varla verði hjá því komist að halda Gufudal sem sjerstöku prestakalli; hitt virðist vel fært, að leggja Garpsdalinn undir Stað. Einnig að þessu leyti hefur frumvarpinu verið breytt.

Samkvæmt þessu frumvarpi stjórnarinnar fækkar prestaköllunum um 30, úr 142 í 112, eins og eftir frumvarpi nefndarinnar. Aðalbreytingin á því frumvarpi er þannig að stjórnarráðið ætlast til, að eitt prestakall (Berufjörður) leggist niður, sem nefndin ætlaðist til að hjeldist sem sjerstakt prestakall, en annað (Gufudalur) haldist, sem nefndin vill láta leggja niður.

Við 4. gr.

Tilsvarandi ákvæði í lögunum frá 1880 eru ekki nákvæm, en þeim hefur verið framfylgt þannig, að ekki hefur verið gerð breyting á sóknaskipun eða prestakalla, nema hver söfnuður út af fyrir sig, sem hlut átti í máli, samþykti breytinguna á lögmætum safnaðarfundi, og hefur jafnvel ekki verið látinn nægja einfaldur meiri hluti fundarmanna, heldur stundum verið krafist, að mikill meiri hluti allra sóknarmanna atkvæðisbærra væri breytingunni samþykkur. Eftir frv. nefndarinnar er í þessu atriði gerð sú mikilvæga breyting, að ekki þarf nema einfaldan meiri hluta atkvæða samantekinna á safnaðafundum beggja viðkomandi safnaða, ef þeir eru tveir, en sjeu söfnuðurnir fleiri, þá meiri hluta safnaðafunda. Eftir því gæti það komið fyrir, að fjölmennur söfnuður legði niður kirkju hjá öðrum söfnuði fámennari á móti vilja allra atkvæðisbærra manna í hinum fámennari söfnuði, og að tveir söfnuðir ráði breytingu, sem mest snertir hinn þriðja söfnuð, gegn eindregnum vilja hans. Hinsvegar er það nauðsynlegt, ef hagfeld skipun á sóknum og prestaköllum á að geta komist á, að slíkar breytingar sjeu ekki gerðar mjög örðugar, og það virðist mega treysta því, að hjeraðsfundir og yfirstjórn kirkjunnar gæti þess, að eigi verði beitt ósanngirni í þessu atriði. Stjórnarráðið hefur því eigi fundið nægа ástæðu til að breyta að þessu leyti frv. nefndarinnar. Aftur á móti hafa verið gerðar orðabreytingar á grein þessari.

Um 5. gr.

Hjer er og gerð lítilsháttar orðabreyting

Eftir þessu frumvarpi hafa:

17	prestar	1	kirkju hver
44	——	2	kirkjur hver
35	——	3	—— ——
14	——	4	—— ——
1	prestur	5	—— ——
1	——	7	—— ——

en eftir skýrslu biskups (Alþ.tíð. 1903 A. bls. 540) höfðu þá

36 prestar 1 kirkju hver
81 prestur 2 kirkjur hver
22 prestar 3 —— —
3 —— 4 —— —

Það er auðsætt af þessum samanburði, að örðugleikar aukast allmikið bæði fyrir presta og hlutaðeigandi söfnuði, ef frv. þetta verður að lögum, en nokkuð bæta úr þessu allvíða greiðari samgöngur, og svo má einnig greiða mikið fyrir með hagkvæmri sóknaskipun, niðurlagning og færslu kirkna, og færslu á takmörkum prestakalla.

Fylgiskjal.

ÍSLANDS BISKUPSDÆMI.
Reykjavik, 22. desbr. 1906.

Í framhaldi af brjefi mínu frá 18. þ. m. viðvíkjandi tillögum kirkjumálanefndarinnar leyfi jeg mjer að taka fram um

IV.
Frumvarp um skipun prestakalla.

Að vísu kannast jeg við, að eftir því sem nú er komið högum þjóðkirkjunnar, sje mikil og brýn nauðsyn á því, að ráða verulegar bætur á hinum óviðunanlegu launakjörum prestastjettarinnar, og að einn vegur að þessu marki, — vegur, sem margir hafa haldið fram og virðist hafa töluvert fylgi meðal leiðandi manna þjóðarinnar, — sje *samsteypa prestakalla,* þar sem þessu verði sæmilega vel við komið, og þaraf leiðandi meiri eða minni *fækkun prestakallanna.* En þarsem nefndin nú leggur til, að prestaköllunum, sem fyrir 26 árum var fækkað úr 170 niður í 141, en einu þó síðar bætt við, verði enn fækkað um 30 niður í 112, þá dylst mjer ekki, að farið sje of langt, lengra en góðu hófi gegnir, hvort sem á málið er litið frá sjónarmiði prestanna eða safnaðanna. Hvorumtveggja er í sumum samsteyputillögunum gert of erfitt fyrir. Jeg geng að því öldungis vísu, eftir reynslu minni og þekkingu á þessum efnum, að tillögurnar muni allvíða vekja mikla og megna óánægju hjá söfnuðum þeim, sem hafa haft sinn eigin prest á meðal sín, en eiga nú að missa hann; því að sannleikur er það, að þótt almenningur stundum þykist hafa mikið og margt að prestunum að finna, alment talað, og hafi jafnvel stundum þau ummæli, að þeim mætti gjarnan fækka, þá kveinka menn sjer oftast nær og barma sjer, þegar um það er að ræða, að leggja niður prestakall *hjá þeim sjálfum* og leggja sóknina undir annað prestakall. Jeg legg samt ekki sjerstaka áherslu á þessa væntanlegu óánægju, því að hún er ekki ávalt á fullgildum rökum bygð. En jeg legg áherslu á, að prestsembættin verði ekki

óhæfilega erfið, svo að þeim verði ekki þjónað án mikilla þrauta og að söfnuðirnir fái harla litla og stopula þjónustu, og þeim verði nær ókleift að ná til prestsins, hvað sem við liggur. Nefndin kannast líka við það, að sumar samsteyputillögur hennar sjeu *neyðarkjör* (bls. 67—69).

Jeg kannast við að það sje fögur hugsun, sem vakir fyrir nefndinni, að prestastjettin skuli komast sem mest af með það fje, sem henni hefur verið lagt, án þess að krefjast verulegra frekari framlaga af landssjóði. En jeg fæ ekki sjeð, að það væri nein frágangssök, þótt landssjóði væri ætlað að styðja að viðunanlegri skipun þessa máls, sem hefur svo mikla þýðing fyrir landslýðinn yfir höfuð, með *hóflegum fjárframlögum*, þegar slíkt má kallast nauðsynlegt og jafnvel óhjákvæmilegt. Þó að mönnum þætti ótiltækilegt að leggja fram alt að 70 þúsund krónum árlega til þess að setja prestastjettina á föst laun, eins og rætt var um fyrir nokkrum árum, þá þyrfti mönnum ekki að ægja svo mjög, þótt farið væri fram á segjum 8—10 þúsund króna framlag. Það þykir ekki svo ýkja mikið, þegar lík framlög eru krafin til ýmsra annara þarfa, hvort heldur eru vegagerðir eða aðrar samgöngubætur, eða barnaskólar eða sveitakennarar, skógrækt eða búnaðarmál. Jeg sje ekki ástæðu til að mönnum sjerstaklega þurfi að blöskra nauðsynleg framlög til þjóðkirkju landsins, sem hinu opinbera með beinum orðum er gert að skyldu í stjórnarskránni að styðja og vernda.

Eftir þessar almennu athugasemdir skal jeg snúa mjer að hinum einstöku atriðum brauðaskipunarinnar, sem mjer þykja athugaverð, en geng fram hjá hinum, sem jeg get fallist á.

Töluliður 4. í brauðaskránni.

Sameining Kirkjubæjar og Hjaltastaðarprestakalla er í djarfara lagi, meðal annars með tilliti til þess, að í því prestakalli verður yfir 2 svo stór vatnsföll að fara sem Jökulsá og Lagarfljót, og enn með tilliti til þess, að í mörg ár hefur verið umtöluð og mun nú vera fastráðin bygging nýrrar kirkju á Sleðbrjót eða öðrum hentugum stað í Jökulsárhlíðinni. Yrðu kirkjurnar þá 4 í prestakallinu. — Þó kalla jeg ekki þessa sameining frágangssök.

Töluliður 13.

Samsteypu Eydala og Stöðvarprestakalla verð jeg að vera mjög mótfallinn. Það er rjett hjá nefndinni, að hvorki mannfjöldi í Stöðvarsókn nje vegalengd milli Eydala og Stöðvar eru sameiningu til fyrirstöðu. En nefndin gerir of lítið úr vegartálmanum: svo að segja allur vegurinn er vondur, eiginlegur tröllavegur (eða svo var hann, er jeg fór hann fyrir 8 árum, og mjer er ekki kunnugt um vegabætur þar síðan), en aðaltálminn eru skriðurnar, sem eru alllangar og illar. Nefndin segir þær »vel færar með hesta á sumrum, þótt þær geti stundum verið vondar á vetrum«. — Jeg neita því ekki, að þær sjeu færar á sumrum með hesta, þótt slæmar sjeu. Jeg get borið um það af reynslu. Við fórum þær 30. júlí í góðu veðri, og vorum 6 saman með 4 hesta lausa. Tæpar voru þær og slæmar, en með hægð fetuðum við áfram. En í þeim miðjum kom kvenmaður á móti okkur með hest í taumi, og þar ætluðu að verða vandræði, því að hvorki varð snúið við eða komist fram hjá. Af mönnum okkar fóru 2 af baki, og með harðfylgi og dugnaði tókst þeim eftir alllangan tíma að víkja hestum kvenmannsins svo mikið upp úr götunni, upp

í skriðu fyrir ofan veginn, að við með naumindum gátum komist fram hjá. Á meðan á þessu stóð urðum við hinir að bíða kyrrir í sömu sporum; einn af hestum okkar hafði, þegar ferð okkar stöðvaðist, stigið með framfætur upp á steinhrygg eða klif í götunni, og svo varð hann að standa góða stund, því hvorki komst hann fram eða aftur. Slíkt getur naumast heitið fær vegur jafnvel á sumrum. En veginn þarf líka að fara á vetrum, og þá er hann margfalt verri og oft að líkindum ófær. Á milli þessara bygða ætla jeg ekki að neinn annar vegur sje til. Það er satt: annexíuvegur Desjarmýrarprests til Njarðvíkur yfir skriðurnar þar er enn verri og skriðurnar miklu lengri; en þar er sá stóri munur, að í Njarðvík er að eins einn bær með 20 manns, svo að ferðir þangað eðlilega eru mjög fáar; en til Stöðvarfjarðar, þar sem eru um 240 manns og kauptún, sem mun vera í vexti, hljóta ferðir prests að verða stórum tíðari.

Og enn er eitt að athuga: Þessar sveitir hafa áður verið eitt hreppsfjelag, en eru nýlega skildar og orðnar 2 hreppar. Því ver á við að gera nú þessa 2 aðskildu hreppa að einu prestakalli.

Mín skoðun og tillaga er því, að Stöðvarprestakall verði að haldast út af fyrir sig.

Nefndin segist aftur á móti ekki sjá gerlegt að sameina Hof í Álftafirði og Berufjörð, en nefnir engar ástæður. Jeg er aftur hjer á gagnstæðri skoðun. Jeg tel þá sameiningu vel gerlega, ekki hvað síst nú, þegar Hofsprestur situr á Djúpavogi. Aðgætandi er, að Berufjarðarprestakall er fáment. Frá Djúpavogi að Berufirði er rúm $2^1/_2$ stunda reið á sumardag, vegur brúklegur meðfram firðinum og engir tálmar. Í Berufjarðarsókn eru einir 7 bæir og rúmir 50 menn. Í Berunessókn er líka fremur fáment. Frá Berufirði til Beruness liggur vegurinn norðan fram með Berufirði og er rúmlega 2 stunda ferð á sumardag; vegurinn sumstaðar grýttur og ósljettur, en enginn farartálmi. — Væri nú Berufjarðarkirkja lögð niður — og á því eru engir erfiðleikar, — verður Berunes norðan fjarðarins, sem er mjór þar á milli og Djúpavogs, fremur hæg annexía.

En það er einnig vel gerlegt að leggja Berufjörð undir Eydali, og liggur að minni ætlun stórum betur við en sameiningin við Stöðvarfjörð. Frá Eydölum er um 4 stunda ferð að Berufirði um Berufjarðarskarð, sem er allbratt. Og frá Berunesi liggur 3 stunda vegur út Berufjarðarströnd með sjó fram og inn með Breiðdalsvík að Eydölum. Á milli þessara prestakalla eru því 2 vegir allgóðir og enginn stór tálmi. Jeg skil ekki hversvegna þessi sameining kom nefndinni ekki í hug. Það er miklu meiri ástæða til að leggja niður Berufjarðarprestakall heldur en Stöðvarprestakall.

Þetta ár þjónar aðstoðarprestur Eydalaprestakalls Berufirði og telur enga annmarka á því.

Töluliður 56.

Jeg verð að telja það öldungis ógerlegt að leggja Dagverðarnessókn undir Helgafellsprestakall. Það er æðilöng sjóleið og straumar miklir. Það hjálpar ekki að vitna til þess, að einhversstaðar annarsstaðar sje eins slæm annexíuleið; því eitt er, að mega til að búa við gamla erfiðleika, og annað, að skapa nýja og mikla erfiðleika, þar sem engir hafa áður verið. Þess má

og geta, að Stykkishólmsprestur hefur þegar 3 kirkjur og annexíuvegurinn til Bjarnarhafnar er alllangur og einatt erfiður.

Hentast væri að láta Skarðsþing í Dalasýslu halda sjer; en megi því ekki vel við koma, tel jeg skárra að leggja Dagverðarnessókn undir Hvamm; þó að vegalengdin sje æði mikil, þá er þar enginn sjerlegur farartálmi. Vil jeg því bæta Dagverðarnessókn við tölulið 59.

Töluliður 62.

Þar er aftur mjög ísjárverð sameining, og jeg skil naumast, að hún skyldi af nefndinni álítast tiltækileg. — Jeg verð algerlega að taka undir með hjeraðsfundi: að ekki geti komið til mála að fækka prestaköllum í þessu prófastsdæmi, »sem er svo víðlent og torvelt yfirferðar á vetrum«. — Nefndin kannast við, að prófasturinn, sem þó líklega er kunnugri staðháttum á þessu svæði heldur en nokkur nefndarmanna og jafnvel öll nefndin til samans, — skrifi mjög ítarlega um málið og telji tormerki á, að þar verði nokkur sameining gerð. Þetta vegur þó ekkert, og ekki heldur þó sýnt sje, að á milli Staðar og Gufudals sje 6—7 stunda ferð. Þar segir nefndin, að allmikið megi stytta þá leið með því að fara sjóveg. En gætu ekki verið veruleg tormerki á því, auk þess sem sjóvegsferð með nokkrum mönnum á bát eða skipi, ef til vill fleiri daga í hvert sinn, er æði kostnaðarsöm í þeirri fólkseklu, sem nú er og með því háa kaupgjaldi? Jeg get upplýst, að eftir kunnugra manna framburði er sjóleiðin ófær á vetrum nema endrum og sinnum, þótt hún sje ekki löng, því að straumar eru þar miklir og oft ísrek. Ennfremur get jeg upplýst, að landleiðin á vetrum er ekki einungis löng, heldur oft mjög örðug. — Þá lætur nefndin það mæla með sameiningunni, að Staðarprestur hafi tímum saman haft þessa þjónustu í Gufudal á hendi, er þar hafi verið prestslaust. En hvernig hefur það gengið? — Með mestu tregðu og óánægju á báðar hliðar, og að minsta kosti einu sinni með svo mikilli nauðung af prestsins hálfu, að við sjálft lá, að hann neitaði biskupi um að taka þjónustuna að sjer og ætlaðist til sjerstakrar aukaborgunar fyrir, þar sem honum þótti tekjurnar ekki borga fyrirhöfnina. — Og hjer verður ekki heldur sagt, að vegna mannfæðar sje ógerlegt að halda þessu prestakalli, því að þar eru um 200 manns.

Þar sem slíkir erfiðleikar eru á sameiningu fæ jeg ekki sjeð, að hún verði rjettlætt með sparnaðarnauðsyninni einni, en þetta virðist mjer samt nefndin vilja gera, þegar hún vitnar í kostnaðinn við að halda prestakallinu; hún lætur getið vandkvæðanna við sameiningu og kannast við þau, en segist þó síðast ekki sjá annað gerlegra en sameininguna.

Jeg verð alvarlega að mótmæla þessari sameiningu og halda því fram, að nauðsyn beri til að hafa sjerstakan prest í þessari afskektu sveit, sem einnig í borgaralegum efnum má illa við því að missa af einhverjum sínum besta og mentaðasta manni.

Aftur legg jeg eindregið til, að Garpsdalur sje sameinaður Stað á Reykjanesi. Sú sameining er eins auðgefin og eðlileg sem sameiningin við Gufudal er ófær, og sameining Garpsdals við Tröllatungu (töluliður 78) er misráðin, óhentug og óeðlileg.

Töluliður 70.

Sameining Hóls í Bolungarvík og Staðar í Súgandafirði þykir mjer allathugaverð. Það er margt sem mælir með því að mínu áliti, að láta Bolungarvík enn haldast í sambandi við Ísafjörð, þó að báðar sóknir sjeu orðnar fólksmargar. Landleiðin þar á milli er að vísu mesti tröllavegur, en aftur er sjóleiðin, sem aðallega má teljast innfjarða, með ári hverju að verða hægri vegna fastra gufubátsferða um Djúpið og hinna nýuppteknu mótorbátaferða, sem verða æ tíðari og presturinn mun mjög oft geta notað. Aftur er vegurinn milli Bolungarvíkur og Súgandafjarðar, að því er jeg frekast veit, ákaflega örðugur fjallvegur, þar sem naumast mun vera unt að koma við hesti á sumardag og alls ekki á vetrum. Og ferðir þar á milli mundu þó hljóta að vera allmargar, bæði messuferðir og ferðir til aukaverka, þarsem í Staðarsókn eru rúm 200 manns. Um ferðir sjóleiðis þar á milli er tæpast að ræða, þarsem við opið haf og oft úfið mjög er að eiga. — Hinsvegar eru það harðir kostir fyrir Súgfirðinga, að eiga nú aftur að missa prest sinn úr sveitinni eftir að þeir hafa notið hans um fá ár, en höfðu áður um langa hríð án hans verið, er sóknin var numin úr prestakallatölu, en þráð að ná honum af nýju inn í sveitina, og löggjafarvaldið mat þá þrá svo eðlilega og rjettmæta, að það endurreisti prestakallið með lögum nr. 34 frá 5. desbr. 1899. — Það væri nærri því að gera gabb að þeim, að svifta þá nú aftur prestinum.

Mjer virðist þannig naumast annað gerlegt, en að láta Súgandafjörð haldast sem sjerstakt prestakall, þó að því verði að fylgja nokkur kostnaður.

Töluliður 73.

Að vísu er Vatnsfjörður hægt og fáment prestakall, en ekki er hægð á að breyta um svo að vel fari, því að lítt kleyft hygg jeg vera að þjóna þaðan öllum Kirkjubólsþingum, þeirri löngu og torfæru strandlengju úr insta botni Ísafjarðar yst út á Snæfjallaströnd. Nefndin hugsar sjer líka prestsetrið á Melgraseyri. En viðurlitamikið er, að leggja slíkt höfuðból sem Vatnsfjörður er, niður sem prestsetur, ekki síst nú, þegar búið er á þessu ári að byggja þar mjög reisulegt íbúðarhús með embættisláni. Jeg er af þessum ástæðum mjög efandi um, að gerlegt sje að fækka hjer prestaköllum. Slíkt er yfir höfuð alstaðar erfitt á útkjálkum og afskektum stöðum eða þar sem land er mjög skift sundur af fjörðum eða örðugum fjallgörðum, og þó víðátta og vegalengdir allmiklar.

Töluliður 78.

Þess er áður getið, að jeg tel sameiningu Garpsdalssóknar við Tröllatunguprestakall óaðgengilega og mikið óráð. Enda tel jeg aðra ráðstöfun Garpsdals auðgefna, ef horfið er frá að leggja Gufudalsprestakall niður. — Hjer á milli er örðugur fjallvegur og miklar vegalengdir beggja vegna við hann og vegurinn slæmur og alltorsóttur. Jeg efast mikillega um, að þær upplýsingar sjeu áreiðanlegar, sem nefndin kveðst hafa fengið um það, að sameiningin sje ekki ógerleg. Alþingismaður, sem nákunnugur er um þessar slóðir, hefur sagt mjer,að hann telji sameininguna mjög óheppilega og óráðlega. Sjálfur þekki jeg þar ekki til af eiginni sjón.

Töluliður 97.

Nefndin lætur Kviabekk haldast sem sjerstakt prestakall, eins og nú er, og sennilega er það affarasælast. Jeg vil þó láta þess getið, að núverandi prestur í Barðsprestakalli í Fljótum hefur í fullri alvöru farið þess á leit við mig, að Kviabekkur verði lagður undir Barð og telur þá sameiningu gerlega og verkefnið sjer ekki ofvaxið. Hann hefur þjónað Kviabekk nú hátt á 3. ár með miklum dugnaði, enda er hann vel hraustur maður og röskur til ferðalaga. — Óhraustum eða lingerðum manni væri það sennilega ofætlun. — Fjallvegurinn úr Ólafsfirði til Stíflu mun vera nokkuð langur, en liggur heldur lágt og mun ekki vera talinn erfiður. Samt er leiðin samtals frá Barði að Kviabekk æði löng. — Nú sem stendur er kirkjulaust í Stórholti, og mun ekki fullráðið, hvort kirkjan, sem fauk fyrir rúmu ári, verður aftur reist, því að efni til þess vantar, eða sóknin verður sameinuð Barðssókn. Ef kirkjurnar í Barðsprestakalli yrðu að eins 2: á Barði og Knappsstöðum, þá væri auðveldara að bæta Ólafsfirðinum við til þjónustu. Vísast væri þetta þó fremur djörf sameining, og jeg þori ekki að segja um það, hvort hún muni vera tiltækileg. Einungis vildi jeg láta þess getið, að hún hafi komið til tals.

Töluliður 103.

Það er neyðarúrræði að leggja undir Laufásprestakall ekki einungis Grenivíkurprestakall, — sem ekki er út af fyrir sig tiltakanlega erfitt, — heldur einnig Þönglabakkasókn. Og sömuleiðis að leggja Brettingsstaðasókn undir Hálsprestakall. Því að hjer er bæði um langa vegi að ræða og miklar torfærur. En jeg kannast við, að þetta muni verða að álítast óumflýjanlegt vegna þess, hversu til hagar í Þönglabakkaprestakalli, þar sem fólki hefur á síðari árum farið óðum fækkandi, og mun mega kalla liggja við borð, að bygðin í vestari firðinum leggist alveg niður. — Fyrir svo fátt fólk virðist sem næst frágangssök að halda uppi sjerstöku prestakalli, og með fram líka fyrir þá sök, að það prestakall má teljast klofið í sundur í tvo hluti af nær því ófærum fjallgarði, og er því erfitt til þjónustu jafnvel eitt út af fyrir sig. Hið fáa fólk, sem býr í þessum afskektu bygðum, verður að sætta sig við allófullkomna prestsþjónustu.

Töluliður 106.

Um þá sameiningu, sem um ræðir í þessum lið, hefur kirkjumálanefndin haft nægan og fullan kunnugleika, svo að ætla má, að málið sje rækilega athugað, og tel jeg mig ekki færan um að ráða til breytinga. Einungis vil jeg láta þess getið, að vegna hinnar alllöngu og snjóþungu heiðar milli Bárðardals og Mývatnssveitar hef jeg heyrt vel kunnuga menn telja tormerki á sameiningunni, og hafa þeir talið ráðlegra, að leggja saman í eitt prestakall Bárðardalinn og núverandi Þóroddsstaðarprestakall, þessa löngu en tiltölulega mjóu bygð framan úr dalbotni og út til sjávar, þar sem þó enginn stór tálmi er á leiðinni.

Jeg geri enga tillögu, en læt mjer nægja þessa athugasemd. — Svo sem kunnugt er hefur Mývatnsþingaprestur þjónað Lundarbrekkusókn síðustu 5 árin án þess að kvartanir hafi heyrst um það, að þjónustan væri ófullnægjandi.

Orðalagið í niðurlagi 4. gr. frumvarpsins þykir mjer ekki fara vel. Orðin: »að svo skuli vera« eru tekin upp óbreytt úr lögum nr. 3 frá 27. febr. 1880 4. gr., en þau standa þar í nokkuð öðru sambandi. Mjer þætti betur fara, að setja í stað nefndra orða: að sú breyting, sem um ræðir, megi framgang fá, — eða eitthvað á þá leið.

Við 75. tölulið í frumvarpi nefndarinnar skal jeg gera þá athugasemd, að það er rangt þar sem hún telur Staðarprestakall í Aðalvík hafa 2 sóknir: Staðar og Hesteyrarsóknir. Sóknin er að eins ein, Staðarsókn, með 2 kirkjum: á Stað og á Hesteyri.

Hallgr. Sveinsson.

Frumvarp til laga

um

breytingar á lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

Í stað 2. liðs 2. gr. nefndra sóttvarnarlaga, 4. liðs sömu gr., 1. liðs 1. málsgr. 5. gr., fyrra liðs 7. gr., 1. liðs 8. gr., 3. og 4. liðs sömu gr., 9. gr., 2. liðs 12. gr. og 15. gr., og á eftir 2. gr. og 14. gr. 1. lið komi:

1. gr. (2. gr. 2. liður).

Þyki landlækni nauðsyn til bera, getur stjórnarráðið fyrirskipað, að vörnum skuli og beita gegn þessum sjúkdómum: inflúensu, barnaveiki (diftheritis, kroup), kíghósta (pertussis), taugaveiki (febris typhoidea), hettusótt (parotitis epidemica) og blóðsótt (dysenteria), þegar þeir sjúkdómar eru skæðir eða ganga við, eða aðrar sjerstakar ástæður knýja til þess.

2. gr. (2. gr. 4. liður).

Í hvert sinn, er einhver sá sjúkdómur kemur upp, er nefndur er í 1. lið greinar þessarar, skal hlutaðeigandi læknir þegar í stað beita hinum almennu sóttvarnarreglum. Heimilt er honum og að beita þeim til bráðabirgða,

þá er upp koma sjúkdómar þeir, er taldir eru í 2. lið sömu greinar, svo framarlega sem honum þykir þörf á því, enda gjöri hann almenningi ráðstafanir sínar kunnar á þann hátt, er honum þykir þurfa.

3. gr. (aftan við 2. gr.)

Nú hagar mislingasótt eða skarlatssótt sjer þannig, að sýkin verður að áliti landlæknis ekki talin skæð, og hefur náð svo mikilli útbreiðslu, að lítil líkindi eru til, að heft verði með sóttvörnum á þann hátt, sem lög þessi fyrirskipa, og er þá stjórnarráðinu heimilt með samþykki landlæknis að láta hætta þeim.

4. gr. (5. gr. 1. liður 1. málsgr.).

Nú kemur sjúkdómur upp á einhverju heimili, er auðsætt þykir eða líklegt, að sje einhver af þeim sjúkdómum, sem taldir eru í 2. gr. 1. eða 2. lið, og skal þá húsráðanda þegar skylt að skýra lækni sínum frá því.

5. gr. (7. gr. fyrri liður).

Ef sjúklingur er ekki fluttur frá heimili sínu, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri eftir tillögu læknis bannað öllum utanheimilismönnum að koma á bústað hans, hús eða bæ; einnig má banna öllum heimamönnum að fara á annara manna heimili, hús eða bæi, og skal þá setja mann af öðru heimili til að líta daglega eftir hinu sýkta heimili og annast nauðsynlega aðflutninga. Banna má og að flytja af sýktu heimili matvæli, einkum mjólk og mjólkurafurðir.

Nú er bann sett, og skal þá auglýsa það á útidyrahurð hins sýkta húss, eða á bæjarþili fast við bæjardyr, ef bær er.

Ekki má flytja sjúkling frá heimili hans, þar sem hann er undir læknisumsjón, nema fengið sje skriflegt samþykki læknisins.

6. gr. (8. gr. 1. liður).

Heimilt er lækni að skipa svo fyrir, að fram skuli fara sótthreinsun á bústöðum manna, húsum og bæjum, og lausum munum, þar er verið hefur einhver af sjúkdómum þeim, sem taldir eru í 2. gr. 1. og 2. lið; nú gengur maður eða er álitinn ganga með einhvern af þessum sjúkdómum eða hefur átt mök við sjúklinga, svo að hætt er við að hann beri sjúkdóminn út, og er hann þá skyldur til að ganga undir sótthreinsun með sig og muni sína, ef læknir telur nauðsyn á.

7. gr. (8. gr. 3. og 4. liður).

Til að hafa sótthreinsanir á hendi skal læknir ráða sótthreinsunarmann, karl eða konu, einn eða fleiri í hverjum hreppi hjeraðsins. Hann veitir sótthreinsunarmanni þessum næga tilsögn í sótthreinsun og semur við hann um ákveðna borgun fyrir hverja sótthreinsun, er hann leysir af hendi eftir fyrirsögn læknis.

Nú fær læknir engan hæfan mann til að taka að sjer sótthreinsun fyrir hæfilega borgun, og getur hann þá leitað aðstoðar sýslumanns, en sýslumanni

er heimilt að skipa eftir tillögum læknis hvern þann innanhreppsmann, er honum sýnist, á aldrinum frá 25—50 ára, til þess að hafa sótthreinsun á hendi í 3 ár. Ef sá, sem þannig er skipaður sótthreinsunarmaður, þykist eigi geta haft starfann á hendi sökum heilsubrests eða annara orsaka, getur stjórnarráðið leyst hann frá því að gegna þessum starfa, telji það ástæður hans á rökum bygðar. Verði ekki samkomulag um hæfilega borgun fyrir hverja sótthreinsun, ákveður stjórnarráðið borgunina.

Kostnaður við allar sótthreinsanir eptir þessari grein skal greiddur af almannafje; þó er heimilismönnum skylt að annast endurgjaldslaust alla þá vinnu við sótthreinsunina, sem þeir geta af hendi leyst, og sótthreinsunarmaður þarf með og heimtar; þeim er og skylt að leggja til ókeypis heitt vatn og kalt, eldivið og sápu eftir þörfum, en ekki önnur efni, sem til sótthreinsunar þurfa.

Stjórnarráðið sjer um, að ætíð sje á kostnað landsjóðs fyrirliggjandi í lyfjabúðum og hjá læknum, að svo miklu leyti sem landlæknir álítur þörf á því vegna fjarlægðar frá lyfjabúðum, nægar birgðir af efnum þeim, er þurfa til sótthreinsunar, og skal þeim útbýtt ókeypis, þá er þeirra er þörf samkvæmt lögum þessum.

8. gr. (9. gr.).

Nú hefur sjúkdómur, er yfirvöld hafa sett varnir við, gert vart við sig á heimili, þar sem eru börn, er ganga í skóla, og mega þau þá ekki koma í skólann, fyr en þau hafa fengið vottorð frá lækni um, að eigi sje hætt við sóttnæmisútbreiðslu frá þeim. Gefa skal vottorð þetta ókeypis. Hafi barnaveiki eða taugaveiki gert vart við sig á einhverju heimili, skal þessa gætt, þótt yfirvöld hafi ekki sett varnir við sjúkdómnum. Nú gerir einhver sá sjúkdómur, er nefndur er í 1. lið 2. gr., eða barnaveiki, eða taugaveiki, vart við sig á heimili kennara, og skal hann þá hætta kenslu í skólanum, þangað til læknir hefur gefið vottorð um, að eigi þurfi að óttast, að hann breiði sjúkdóminn út. Sama er og um hvern annan næman sjúkdóm, ef yfirvöld hafa sett varnir við honum.

9. gr. (12. gr. 2. liður).

Skaðabætur þær, er greiða skal samkvæmt 8. gr. laga þessara, skal læknir eða sótthreinsunarmaður meta; skal hann semja lýsing á þeim munum, er lógað er, meta þá hvern um sig, og láta þessa matsgerð fylgja sótthreinsunarreikningnum. Bæði yfirvöld og hinir, er í hlut eiga, geta krafist yfirmatsgerðar, og meta þá 2 dómkvaddir menn. Fái eigandi, er heimtað hefur yfirmat, eigi 20% hærri skaðabætur að minsta kosti eftir hinni síðari gerð en eftir hinni fyrri, skal hann greiða kostnaðinn við yfirmatið, ella skal kostnað þennan greiða af almannafje.

10. gr. (Á eftir 1. lið 14. gr. nýr liður).

Ef maður hefur einhvern þann sjúkdóm, sem um ræðir í 1. lið 2. gr., eða barnaveiki, eða taugaveiki, eða einhvern annan sjúkdóm, er yfirvöld hafa sett varnir við, eða maður hefur dvalið á heimili, þar sem einhver af þeim sjúkdómum gengur, þá skal hann jafnan, er hann kemur á önnur heimili, þar með talin skip, láta húsráðanda eða skipstjóra, vita um sjúkdóminn. Nú vanrækir

hann þetta, og skal hann þá, auk hegningar þeirrar, sem ákveðin er í 1. lið þessarar greinar, greiða allan sótthreinsunarkostnað, er leiðir af komu hans á heimilið eða skipið.

11. gr. (15. gr.)

Tilskipun 17. apríl 1782 um ráðstafanir gegn næmum sjúkdómum meðal alþýðu og viðaukalög við lög 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma frá 13. septbr. 1901 eru úr gildi numin.

12. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær og viðauka, sem um ræðir í þeim, inn í meginmál laga nr. 2 frá 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, og auk þess setja »stjórnarráðið« í stað »landshöfðingja« í viðeigandi föllum, þar sem orð þetta kemur fyrir í nefndum lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Sóttvarnarlögin frá 1896 hafa yfirleitt reynst vel í framkvæmd að öðru leyti en því, að sótthreinsunarkostnaður hefur einatt orðið afarmikill. Landstjórnin hefur reynt á ýmsan hátt að stemma stigu fyrir því, að kostnaður við sótthreinsanir færi upp úr öllu valdi. Það má fullyrða það, að sótthreinsun þurfi ekki að kosta meira en 4—10 kr. fyrir heimili, fyrir utan sótthreinsunarmeðul, ef ekki þarf að eyða húsum eða lausafje; en þó hefur það komið fyrir, að sótthreinsunarreikningar hafa komist upp yfir 100 kr., allt að 150 kr. fyrir heimili. Um tíma var fylgt þeirri reglu af landshöfðingja, að borga ekki fyrir neina sótthreinsun, — þar í ekki reiknaðar skaðabætur fyrir eydda muni, — meira en 30 kr. í hæsta lagi. Svo var því haldið fram af stjórninni í sambandi við þetta, að heimamenn ættu ekki heimting á borgun fyrir vinnu sína við sótthreinsun á heimilinu, þótt sú kenning hefði reyndar ekki næga stoð í sóttvarnarlögunum. Enn var lagt fyrir hjeraðslækna að útvega sótthreinsunarmann í hverri sveit, og semja við hann um ákveðna borgun fyrir hverja fyrirskipaða sótthreinsun. Með þessum ráðstöfunum hefur það tekist að draga mjög úr sótthreinsunarkostnaðinum. Menn hafa látið sjer lynda úrskurði landstjórnarinnar á sóttvarnarreikningum, þangað til Arnór uppgjafaprestur Árnason höfðaði mál gegn landsjóði út af sótthreinsunarkostnaði á heimili hans, sem landstjórnin neitaði að greiða nema að nokkru leyti. Mál þetta var rekið fyrir gestarjetti Reykjavíkur, og í því kveðinn upp dómur 16 febr. 1905. Er það tekið fram í ástæðunum fyrir dómi þessum, að heimamenn sjeu ekki skyldir til að starfa að fyrirskipaðri sótthreinsun á heimilinu nema gegn borgun. Með því að stjórnarráðið var þeirrar skoðunar, að þessi skýring gestarjettarins á sóttvarnarlögunum yrði naumast hrakin, eptir því sem orð liggja til, var dómnum ekki áfrýjað, en hitt talið rjettara að taka skarið af, og breyta lögunum þannig, að heimamenn sjeu beint skyldaðir til að láta í tje vinnu, eldivið og sápu og annað, sem venjulegt er að þurfi til þrifnaðarráðstafana á

heimilinu, og virðist þá ekki farið fram á annað en það, sem í rauninni er sjálfsagt, því að sótthreinsun á heimilinu er auðvitað, svo að segja undantekningarlaust, gerð fyrst og fremst fyrir heimilið sjálft, einatt að miklu leyti að eins venjuleg og sjálfsögð þrifnaðarráðstöfun fyrir heimilið. Hinar aðrar breytingar eru að mestu þær einar reglur, er fylgt hefur verið í framkvæmd, en nú þykir ástæða til að sjeu teknar beint upp í lögin, ef annars er farið að breyta þeim í nokkru.

Allar þær breytingar, sem frumvarp þetta fer fram á, að gjörðar sjeu af sóttvarnarlöggjöfinni, eru settar með ráði Guðmundar landlæknis Björnssonar.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal að öðru leyti getið þess, sem hjer fer á eptir.

Um 1. gr.

Auk þeirra sjúkdóma, sem kveðið er á um í 2. gr. 1. lið sóttvarnarlaganna frá 1896, að yfirvöld skuli ávalt setja varnir við, heimilar 2. gr. 2. liður yfirvöldum að setja varnir við »öðrum næmum sjúkdómum, svo sem inflúensu, barnaveiki (diftheritis, kroup), kighósta (pertussis), taugaveiki (febris typhoidea) og blóðsótt (dysenteria)«. Upptalningin á eftir orðunum: »öðrum næmum sjúkdómum« bendir að vísu á það, að hjer sje að eins að ræða um farsóttir, en skýrt kemur þetta samt eigi fram, sjerstaklega vegna undantekningar þeirrar, sem gjörð er í niðurlagi þessa liðs greinarinnar, að því er snertir næma hörundssjúkdóma.

Með því að frv. þetta (4. gr.) leggur það til, að skylda sú, sem lögð er á almenning með 5. gr. laganna, til að skýra lækni frá, ef einhver sá sjúkdómur kemur upp á heimili, er talinn er í 2. gr. 1. lið, sje einnig látin ná til »annara næmra sjúkdóma«, þeirra er ræðir um í öðrum lið sömu greinar, þá verður að gera almenningi það alveg ljóst, hverjir þessir aðrir næmu sjúkdómar eru. Nú er svo, að fyrir utan þá sjúkdóma, sem taldir eru upp í greininni, og til máls kemur að setja almennar varnir við, er ekki um aðra sjúkdóma að ræða en hettusótt. Því virðist það einsætt, að rjett sje að breyta 2. gr. 2. lið laganna svo, að þar sjeu beint taldir upp allir þeir »aðrir næmir sjúkdómar«, sem yfirvöld »mega« setja varnir við.

Um 2. gr.

Breyting sú, sem hjer er gjörð á fjórða lið: »þá er upp koma sjúkdómar þeir, er taldir eru í 2. lið 2. greinar« í stað: »þá er aðrir næmir sjúkdómar koma upp«, er að eins afleiðing af þeirri breyting, sem í 1. gr. frvs. er lagt til að gjörð sje í síðarnefndum (2.) lið.

Um 3. gr.

Hjer eru tekin upp ákvæði viðaukalaga 6. nóvbr. 1902 með þeirri breytingu, að ákvæðin eru takmörkuð við mislinga og skarlatssótt, af því að þau geta ekki átt við hinar aðrar sóttir, sem nefndar eru í 2. gr. 1. lið.

Um 4. gr.

Taugaveiki, barnaveiki og aðrir næmir sjúkdómar, sem eru taldir í 2. gr. 2. lið laganna, geta komið á eitt eða fá heimili í hjeraði og farið hægt, svo

að læknis sje ekki vitjað, en af því getur hlotist að sóttin færist út, versni og verði lítt viðráðanleg. Ef t. d. ræða er um kighósta, influensu eða aðrar næmar sóttir, sem hjer eru ekki landlægar, og læknir fær vitneskju um fyrstu sóttarheimilin, þá má opt með litlum tilkostnaði stöðva sóttina, sem annars kynni að fara um alt hjeraðið og ef til vill um alt landið. Það er því full þörf á því, að skylda almenning til að skýra frá því, ef upp koma á heimili sjúkdómar þeir, er taldir eru í umræddum lið.

Um 5. gr.

Í 7. gr. sóttvarnarlaganna 1896 er heimilað að banna mönnum að koma á sóttarheimili, en hitt er fult eins nauðsynlegt, að geta bannað heimamönnum á sóttarheimilum að fara á önnur heimili, enda hafa læknar iðulega beitt því banni; því miður mun þá stundum hafa verið vanrækt að útvega eftirlitsmann til að líta eptir heimilinu.

Ákvæði um að banna megi að neyta fæðu, sjerstaklega mjólkur, sem staðið hefur hjá sjúklingi, er að vísu í 8. gr. laganna, en óþarft virðist að taka þetta fram sjerstaklega, því að það heyrir að sjálfsögðu undir hinar almennu sóttvarnarreglur, sbr. 2. gr. 3. lið laganna. Það ákvæði er því felt burtu. Hjer er aftur á móti tekið upp ákvæði um að banna megi að flytja burtu af sóttarheimili matvæli, einkum mjólk og mjólkurafurðir, t. d. rjóma, skyr, smjör, osta o. s. frv., sem sumar að minnsta kosti ekki eru öllu óhættulegri sóttberar en mjólkin sjálf, enda hefur það einatt komið fyrir að bannaður hefur verið burtflutningur mjólkur og mjólkurafurða af sóttarheimili.

Ef samgöngur eru bannaðar við sýkt heimili, er nauðsynlegt að auglýsa það á heimilinu; annars geta utanheimilismenn farið inn af ókunnugleika, eða borið við, að þeir hafi ekki vitað um bannið.

Um 6. gr.

Hjer að eins um orðabreyting að ræða.

Um 7. gr.

Reynslan hefur sýnt það, að læknar geta ekki annað því að sjá um allar sótthreinsanir, enda mundi af því leiða óbærilegan kostnað, ef læknir hefði sjálfur eftirlit með hverri sótthreinsun. Hins vegar er heimafólki sjaldnast trúandi fyrir sótthreinsun eftirlitslaust. Þess vegna er brýn nauðsyn til, að fengnir sjeu menn til þess starfa, einn eða fleiri í hverjum hreppi, enda er sú aðferð viðhöfð í öðrum löndum, þótt þjettbýlli sje. Í brjefi landshöfðingja 16. apríl 1902 um framkvæmdir á sótthreinsun m. m. (Stj.tíð 1902, B. bls. 65—66) eru læknum gefnar leiðbeiningar, sem einmitt fara í þessa átt, og hafa reynst mjög vel. Í mörgum læknishjeruðum hefur ekkert borið á því, að örðugleikar væru á því að fá nægilega marga hæfa sótthreinsunarmenn. Aptur hafa læknar í öðrum hjeruðum kvartað yfir því, að í sumum sveitum hjeraða sinna væri ekki hægt að fá hæfan sótthreinsunarmann; þeir sem til þess væru færir, fengjust ekki til þess, hinir, sem fáanlegir væri, væri ekki færir til þess. Það virðist því ástæða til þess, og hins vegar ekkert varhugavert, að setja hjer ákvæði um það, að skylda megi menn til þess að taka að sjer eftirlit með

sótthreinsun í sveitinni um ákveðinn tíma gegn borgun. Þessi kvöð yrði ekki þungbærari en mörg önnur borgarakvöð, sem lögð er á menn, án þess að borgun komi fyrir.

Um skyldu heimilismanna til þess að láta af hendi aðstoð við sótthreinsun á heimilinu, vísast til þess, sem sagt er að framan. Þeir eiga auðvitað að eins að vera skyldir til að leggja fram *sitt verk* ókeypis.

Um 8. gr.

Hjer er að mestu um orðabreyting eina að ræða.

Um 9. gr.

Ákvæði 12. gr. sóttvarnarlaganna frá 1896 um mat á munum, sem lógað er, eru tekin eftir lögum annara landa; þessi ákvæði valda mjög miklum kostnaði og töfum vegna strjálbygðar, enda hefur landstjórnin tekið lýsing og vottorð hjeraðslæknis eða sótthreinsunarmanns á eyddum munum gilt, sbr. áður nefnt landshöfðingjabrjef 16. apríl 1902. Það er auðvitað, að ætlast er til að yfirmatið, sem á að vera framkvæmt af tveim mönnum að eins, sje fullnaðarmat. Til þess að menn sjeu ekki að leika sjer að því að heimta yfirmat, sem oft kann að kosta eins mikið eða meira en hluturinn sjálfur, sem metinn er, þykir rjett að láta eiganda, sem yfirmats krefst, borga kostnaðinn við það, nema það verði mun hærra en hitt.

Um 10. gr.

Það kemur oft fyrir, að menn fara af sýktum heimilum, t. a. m. taugaveikisheimili, út um sveitir, gista á mörgum bæjum án þess að láta nokkuð af því vita, að hætta sje á ferðum, og skilja veikina (sóttkveikjuna) eptir á gistingastöðunum. Þetta kemur einatt af hugsunarleysi og kæruleysi um afleiðingarnar. Til þess að vekja menn til íhugunar um þetta, hefur það þótt ráð að láta afleiðingarnar af slíku kæruleysi koma að einhverju leyti niður á þeim, sem sekir hafa gjörst í því. Í enskum lögum eru sett ákvæði sama efnis, og hjer er farið fram á.

Um 11. og 12. gr.

Þarf engar sjerstakar athugasemdir.

Frumvarp til laga

um

vernd ritsíma og talsíma neðansjávar.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Það varðar hegningu ef einhver af ásettu ráði, eða vegna skorts á almennri varúð, veldur sliti eða skemdum á ritsíma eða talsíma neðansjávar innan eða utan landhelgi við Ísland, svo að sambandið slitnar eða truflast að öllu eða nokkru leyti. Auk þess má með einkamáli sækja hinn seka til skaðabótagreiðslu.

Þetta hegningarákvæði á ekki við slit eða skemdir, sem stafa frá athöfnum, sem einungis hafa verið framkvæmdar í þeim tilgangi að vernda líf manna eða skip frá háska, eða sem eðlilega eða af tilviljun hafa orsakast af viðgerð símanna hvorttveggja þetta þó því aðeins, að alls þess hafi verið gætt, sem unt var, til þess að komast hjá slitum eða skemdum.

2. gr.

Þegar skip eru innan eða utan landhelgi að starfa að viðgerð á katsímum, og bera til sýnis þau merki, sem fyrirskipuð eru með konunglegri tilskipun, þá skulu önnur skip, sem sjá, eða eiga að geta sjeð þessi merki, halda sig eigi skemra en mílufjórðung frá aðgerðaskipinu. Í sömu fjarlægð skal hafa net og önnur veiðarfæri, þó hafa fiskibátar 24 stunda frest til þess að haga sjer eftir þeirri aðvörun, sem felst í fyrgreindum merkjum, svo að á því tímabili má eigi leggja neinar tálmanir fyrir umferð þeirra.

3. gr.

Ennfremur skulu skip þau, er sjá eða eiga að geta sjeð dufl, sem lögð eru út vegna þess að verið er að leggja síma neðansjávar eða gera við slit eða skemdir á þeim, halda sig eigi skemra en $^1/_4$ úr mílufjórðung frá duflum þessum. Net og önnur veiðiáhöld skal hafa í sömu fjarlægð frá duflunum.

4. gr.

Ef skip eða bátur hefur orðið að sleppa akkeri, eða leggja net eða önnur veiðarfæri í sölurnar til þess að komast hjá því að skemma kafsíma í landhelgi eða utan, þá á eigandi heimting á skaðabótum fyrir þetta af símaeiganda, þó að því áskildu, að skaðinn sje sannaður með gjörð, er færð sje til bókar þegar í stað, ef unt er, og staðfest af skipverjum, og að skipstjóri innan 24 stunda, frá því að skipið kemur fyrst í höfn eftir þetta, beri fram fyrir valdsmann þar skýrslu sína um skaðann. Valdsmaður skýrir síðan þeim frá málinu, sem konsúlsumboð hafa fyrir þá þjóð, er frjettaþráðareigandinn er frá.

5. gr.

Nú er sími lagður neðansjávar, eða er undir aðgerð í landhelgi eða utan, og veldur þetta sliti eða skemdum á öðrum síma, og á þá eigandi þess síma kröfu á hendur eiganda hins símans til endurgjalds fyrir þann kostnað, sem leiðir af viðgerð á slitinu eða skemdunum, svo framarlega sem slík krafa er samrýmanleg við grundvallarreglur íslenskra laga um skaðabótaskyldu. Þessi ákvæði eru alls ekki því til fyrirstöðu, að beitt sje fyrirmælum 1. gr. laga þessara.

6. gr.

Brot gegn reglum þeim, sem settar eru í 1.—3. gr. þessara laga, varða sektum eða fangelsi (26. gr. hinna almennu hegningarlaga).

Með mál út af þessum brotum skal fara sem almenn lögreglumál, og skulu þau rekin á þeim stað, þar sem skipið eða hinn seki hittist. Sektir renna í landssjóð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Haustið 1882 kvaddi stjórn Frakka sendimenn allra ríkja í Evrópu og margra ríkja utan Evrópu á fund í París, til þess að ræða um vernd kafsíma og hverjar ráðstafanir tiltækilegt þætti að gera í því efni. Alt til þess höfðu kafsímar utan landhelgis engrar verndar notið, og oft orðið fyrir slitum og skemdum, sem stöfuðu af vísvitandi ofbeldi eða hirðuleysi og skeytingaleysi skipa og báta, er þeir ljettu eða söktu festum, voru að fiskiveiðum o. s. frv. í nánd við símann. Auk þess peningaskaða, sem þessu var samfara, var þó hitt verra, að sambandið slitnaði oft eða truflaðist, er varð til mikilla óþæginda fyrir viðskifti manna.

Á fundi þessum var samið frumvarp til samnings, er síðan var lagður fyrir stjórnir þær, er menn áttu á fundinum, til nánari athugunar. Frumvarp þetta var svo rætt á ný á fundi í París haustið 1883, og var að lyktum sam-

þykt og undirskrifað af fulltrúum þjóðanna þann 14. mars 1884 sem alþjóðasamningur um vernd kafsíma, (sbr. Stj.tíð. 1886 A, bls. 38—55).

Eftir 12. gr. þessa samnings skuldbundu semjendur sig til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að fá lagaheimild, er með þyrfti til þess, að samningnum yrði framfylgt í þeim atriðum, er lagaheimild þyrfti til. Samkvæmt því hafa í Danmörku komið út lög þessa efnis og eru hin núgildandi lög þeirra frá 15. febr. 1895.

Þar sem Ísland er nú komið í sæsímabandið við umheiminn, virðist alveg nauðsynlegt, að síminn við strendur þessa lands njóti hinnar sömu verndar og annarstaðar, og þykir því rjett að lögleiða hjer þær alþjóðlegu reglur, sem gilda, og er frumvarp þetta í öllum aðalatriðum samhljóða fyrnefndum dönskum lögum.

Um hinar einstöku greinar skal þetta tekið fram:

Við 1. gr.

Þessi grein er alveg í samhljóðun við 2. gr. samningsins.

Við 2. og 3. gr.

Ákvæði þessara greina eru í samhljóðun við 5. og 6. gr. samningsins. Í hinum dönsku lögum, eru ákvæðin aðeins látin ná til sjávar utan landhelgis, en hjer er landhelgin tekin með. Eins og hagar til hjer á landi, er brýn nauðsyn á því, að skip og bátar haldi sig í fjarlægð frá símunum meðan verið er að leggja þá eða gera við þá á fjörðum inni. Reglur um merkjaburð símaskipa eru í tilskipun um alþjóðlegar sjóferðareglur 20. jan. 1899, 4. gr. b.

Við 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru bygð á eðlilegum rjetti og sanngirni, og eru því ef til vill óþörf, en það þykir þó rjett að taka það beint fram eins og í hinum dönsku lögum, að símaeigendur sjeu skyldir til að borga skaðabætur, þegar svo stendur á, sem segir í greininni.

Við 5. gr.

Þessi grein er bygð á 4. gr. samningsins. En eins og hún er orðuð, þá má skilja hana svo, að símaeigandi skuli undantekningarlaust borga allan þann skaða, er hlýst af niðurlagningu eða aðgerð síma hans á öðrum símum, sem fyrir eru, og það þó hann hafi sýnt alla varúð við lagninguna eða aðgerðina, en þetta er ekki svo samkvæmt almennum skaðabótareglum. Fyrir því er það ákvæði sett inn í þessa grein, að skaðabótakrafa verði því aðeins gerð, að hún sje heimil eftir almennum skaðabótareglum íslenskra laga.

Við 6. gr.

Hegningarákvæðið er sett svo eftir 12. gr. samningsins.

Frumvarp til laga

um

breytingar og viðauka við lög um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Í stað fyrirsagnarinnar fyrir 2. kafla kosningalaganna frá 3. okt. 1903 komi ný fyrirsögn: »Kjördæmi og kjörstjórnir«. Í stað 7. greinar laganna komi ný 7. gr., svo hljóðandi:

Landið skiftist í 7 kjördæmi þannig:

Fyrsta kjördæmi tekur yfir Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslu, og kýs 6 alþingismenn.

Annað kjördæmi tekur yfir Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Vestmannaeyjar og Dyrhóla-, Hvamms- og Álftavershreppa af Vestur-Skaftafellssýslu; kýs 5 alþingismenn.

Þriðja kjördæmi tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu; kýs 5 alþingismenn.

Fjórða kjördæmi tekur yfir Vestur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað og Norður-Ísafjarðarsýslu; kýs 4 alþingismenn.

Fimta kjördæmi tekur yfir Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, svo og yfir Hvanneyrar, Þóroddsstaða og Svarfaðardalshreppa í Eyjafjarðarsýslu; kýs 5 alþingismenn.

Sjötta kjördæmi tekur yfir hina aðra hreppa Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Suður-Þingeyjarsýslu, Norður-Þingeyjarsýslu og Skeggjastaða og Vopnafjarðarhreppa í Norður-Múlasýslu; kýs 5 alþingismenn.

Sjöunda kjördæmi tekur yfir hina aðra hreppa Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suður-Múlasýslu, Austur-Skaftafellssýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, vestur að Kúðafljóti, (Leiðvallar-, Skaftártungu-, Kirkjubæjar- og Hörgslandshreppa) og kýs 4 alþingismenn.

2. gr.

Í stað 8. greinar kosningalaganna komi ný 8. gr. svo hljóðandi:

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn; sitja í henni 5 menn, oddviti og 4 aðrir af kjósendum kjördæmisins. Oddvitar yfirkjörstjórna skulu vera: Í fyrsta kjördæmi oddviti bæjarstjórnarinnar í Reykjavík; í öðru kjördæmi sýslunefndaroddvitinn í Árnessýslu; í þriðja kjördæmi sýslunefndaroddvitinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu; í fjórða kjördæmi oddviti bæjarstjórnarinnar á Ísafirði; í fimta kjördæmi sýslunefndaroddvitinn í Húnavatnssýslu; í sjötta kjördæmi sýslunefndaroddvitinn í Suður-Þingeyjarsýslu og í sjöunda kjördæmi sýslunefndaroddvitinn í Suður-Múlasýslu. — Í yfirkjörstjórn fyrsta kjördæmis kýs bæjarstjórn Reykjavíkur og sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu tvo menn hvor. Í hinum öðrum kjördæmum kjósa sýslunefndir þær og bæjarstjórnir, sem í þeim eru, einn mann hver í yfirkjörstjórn, nema sýslunefndirnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Suður-Þingeyjarsýslu og Suður-Múlasýslu; en sýslunefndirnar í Vestur-Skaftafellssýslu, Eyjafjarðarsýslu og Norður-Múlasýslu kjósa sinn yfirkjörstjórnarmanninn hver fyrir hvorn kjördæmishlutann í þeim sýslum.

Ef breyting verður á sýsluskipan, má með konungsúrskurði skipa fyrir um þær breytingar á skipun yfirkjörstjórna, er af því leiða.

Nú forfallast einhver hinna kjörnu manna í yfirkjörstjórn, eða yfirkjörstjórn verður af einhverjum ástæðum eigi fullskipuð, og kveður þá oddviti menn af kjósenda flokki í hin auðu sæti.

Yfirkjörstjórn tekur sjer skrifara, útreikningsmenn og aðstoðarmenn eftir þörfum við undirbúning og útsending kjörseðla og talning og útreikning atkvæða. Hún skal hafa gerðabók, löggilta af stjórnarráðinu, og bóka í hana allar gerðir sínar, — móttöku framboðslista, útsending og viðtöku kjörseðla og brjefa, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þesshättar.

3. gr.

4. kafli kosningalaganna færist aftur fyrir 5. kafla, og breytast kaflafyrirsagnir og greinatala eftir því.

Fyrir orðið: »kjörstjórnar« í fyrirsögn 5. kafla komi: yfirkjörstjórnar.

4. gr.

23. gr. kosningalaganna, er verður 19. gr., orðist svo:

Þeir, er gefa vilja kost á sjer til þingsetu, skulu gera það í framboðslista, er studdur sje meðmælum að minsta kosti 25 kjósenda í kjördæminu; skal sá listi vera afhentur oddvita yfirkjörstjórnar í síðasta lagi 4 vikum fyrir kjördag. Þó skal eigi neita lista viðtöku, þótt síðar komi, ef hann kemur áður en lokið er kjörstjórnarfundi þeim, er framboðslistar eru athugaðir.

Gildur er framboðslisti, þótt á honum standi færri nöfn þingmannaefna, en kjósa skal alþingismenn í kjördæminu, en eigi mega þau fleiri vera. Þó er heimilt að jafnframt sje tilgreindur varamaður, er koma skuli á listann, ef einhver af þingmannaefnum hans deyr, tekur aftur framboð sitt eða missir kjörgengi frá því listinn er afhentur, þangað til kosning fer fram.

Enginn má gefa kost á sjer í fleiri kjördæmum en einu. Brjóti nokkur á móti þessu, skal ógild sú kosning eða þær kosningar, er hann kann að verða fyrir.

Meðmælendur mega eigi vera fleiri en 35 á hverjum lista, og má enginn styðja nema einn lista sem meðmælandi. Brjóti nokkur móti þessu, strykast nafn hans út af hverjum þeim lista, sem hann hefur stutt nema þeim, er fyrst er afhentur.

Nöfn þingmannaefna og meðmælenda skulu vera svo greinilega táknuð með fullu nafni, stöðu og bústað, að enginn vafi sje á hverjir mennirnir eru. Á framboðslista skal vera yfirlýsing þingmannaefnanna um það, að þeir gefi kost á sjer við þær kosningar í því kjördæmi og engu öðru, sömuleiðis varamanns, ef nokkur er, og yfirlýsing meðmælenda um, að þeir mæli fram með kosningu þeirra manna, er listinn greinir, og eigi annara.

Þegar oddviti yfirkjörstjórnar tekur við framboðslista, skal hann athuga hann, og sjeu gallar á, skal hann þegar vekja athygli þess, er afhendir listann, á gallanum eða göllunum, og gefa kost á að leiðrjetta það, er þurfa þykir. Oddviti merkir listana hvern með sínum bókstaf (A, B, C, o. s. frv.) í rjettri röð, eftir því sem þeir koma, og draga listarnir síðan nafn af þeim bókstaf.

Skyldur er oddviti að gefa viðurkenningu fyrir móttöku framboðslista, að tilgreindri móttökustund og bókstaf þeim, er listanum hefir hlotnast. Sje komið með samrit af listanum, skal viðurkenningin á það rituð.

Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sönnuð fyrir yfirkjörstjórninni, en alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, er kosnir eru.

5. gr.

24. gr. kosningalaganna, er verður 20. gr., orðist þannig:

Þingmannsefni og meðmælendur á hverjum lista velja sjer hvorir um sig umboðsmann úr sínum hóp, og skal tilgreina umboðsmenn þessa í framboðslista. Sjeu umboðsmenn eigi tilgreindir, eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, er fremstir standa þingmannaefna og meðmælenda á framboðslista, rjettir umboðsmenn þeirra. Þessir umboðsmenn gæta rjettar lista þeirra, er þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun framboðslista, útbúning kjörseðla og talning atkvæða, og gefa þær upplýsingar listanum viðvíkjandi, er yfirkjörstjórn þarfnast og óskar. Svo er þeim og heimilt að mæta eða gefa öðrum mönnum umboð til að mæta fyrir sína hönd við kosningargerð á hinum einstöku kjörstöðum, til þess að gæta þess að alt fari löglega fram. En skyldir eru þeir að hlýða þeim fundarreglum, er kjörstjórnir setja, og bera þeir í öllum þessum gerðum ábyrgð fyrir misfellur sem opinberir sýslunarmenn fyrir afbrot í embættisfærslu.

6. gr.

19. gr. kosningalaganna, er verður 21. gr., orðist þannig:

Oddviti yfirkjörstjórnar skal kveðja yfirkjörstjórnina til fundar fjórum vikum fyrir kjördag á sem hentugustum stað í kjördæminu, en í því efni ber sjerstaklega að taka tillit til þess, að til prentsmiðju náist sem greiðast, og skulu þá rannsakaðir framkomnir framboðslistar. Umboðsmönnum þingmannsefna og meðmælenda skal gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist enn gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum enn gjörður kostur á að leiðrjetta þá, og má veita næturfrest í því skyni. Sjeu gallar, er kjörstjórn hefir bent á, eigi leiðrjettir innan tilsetts frests, kveður kjörstjórnin upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast, og skal sá úrskurður bókaður í gjörðabókina. Sje listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum ásamt eftirriti af listanum, er rækur er gjör.

Sjeu eigi fleiri þingmannsefni í boði á listum, sem gildir eru metnir, en kjósa skal þingmenn fyrir kjördæmið, þarf þar engin kosning fram að fara,

heldur lýsir yfirkjörstjórnin þingmannsefnin, sem löglegt framboð hafa, kosin, og gefur þeim þegar kjörbrjef.

Sjeu aftur á móti þingmannsefni á framkomnum, gildum framboðslistum fleiri samtals en kjósa skal alþingismenn, skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgjöra kjörseðla fyrir kjördæmið, og gjöra almenningi í kjördæminu kunnugt með uppfestum auglýsingum á fundarstað og á annan hentugan hátt, hverjir framboðslistar sjeu í kjöri, að tilgreindum nöfnum þingmannsefna og bókstaf hvers lista.

7. gr.

20. gr. kosningalaganna, er verður 22. grein, orðist þannig:

Á kjörseðli skulu allir framboðslistar, er gildir hafa verið metnir, teknir upp þannig, að öðrumegin á hæfilega stóru pappírsblaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn þingmannsefnanna á hverjum framboðslista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr langstryk til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu settir á blaðið í röð eftir bókstöfum sínum, og nöfn þingmannsefnanna á hverjum lista aðskilin með lárjettum strykum; hæfilegt bil skal vera fyrir framan hvert nafn innan þess stryks, sem takmarkar listann. Eigi skal prenta nöfn varamanna á kjörseðil, en eyða skal vera fyrir neðan nöfnin í hverri röð, sem nafn varamanns geti orðið sett í, ef til þarf að taka. Eigi tvö eða fleiri þingmannsefni í sama kjördæmi að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu. Á kjörseðli skal vera fyrirsögn: »Kjörseðill fyrir N. kjördæmi Íslands 19 . . «, en að öðru leyti ekkert annað á kjörseðli letrað, en það sem að ofan greinir.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum og þykkum pappír, og skal yfirkjörstjórn gæta þess, að eigi sjeu fullgjörðir fleiri seðlar, en þeir er sendir verða undirkjörstjórnum. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig, að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje að leggja þá aptur í sama brot, er þeir eru notaðir.

8. gr.

21. gr. kosningalaganna, er verður 23. gr. orðist þannig:

Eigi síðar en sjö dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlar fullgjörðir. Áður en seðlarnir eru afgreiddir til undirkjörstjórna, athugar yfirkjörstjórn þá vandlega og ber saman við framboðslista. Hafi til þess tíma eitthvert þingmannsefni dáið, tekið aftur framboð sitt eða mist kjörgengi, skal setja á seðilinn nafn varamanns, ef tilnefndur hefur verið. Áður seðlarnir eru saman brotnir, skal yfirkjörstjórn setja stimpil sinn á efra framhorn hvers seðils, leturmegin. Hverri undirkjörstjórn skal senda jafnmarga seðla, sem kjósendur eru á kjörskrá í umdæmi hennar, og 10% framyfir. Utanum hverja sending skulu vera vandaðar vatnsheldar umbúðir, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu, svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlunum, án þess að brjóta innsiglið. Skal yfirkjörstjórn senda gagngjört með sendingar þessar til allra undirkjörstjórna í kjördæminu með hraðboða eða hraðboðum, nema svo atvikist, að póstferð falli fyrir kjördag til pósthúss innan kjörstaðarumdæmis, þá má senda sendinguna þangað með póstinum sem ábyrgðarsending. Ella skal sendingin afhent hlutaðeigandi hreppstjóra, og viðurkenning hans tekin fyrir afhendingunni. Geyma skal viðtakandi kjörseðlaböggul óopnaðan til kjör-

fundar. Brjóti nokkur heimildarlaust innsigli fyrir kjörseðlasending, eða hefti ferð hennar af ásettu ráði, varðar sektum, eða fangelsi ef miklar sakir eru.

9. gr.

Síðari málsliður fyrri málsgreinar í 22. gr. kosningalaganna, er verður 24. gr., orðist þannig:

Hverri undirkjörstjórn skulu send 6 umslög, og skal á neðra framhorni vera prentað á tvö þeirra: »gildir kjörseðlar«, á tvö þeirra: »ógildir kjörseðlar« og á tvö: »afgangsseðlar«.

10. gr.

Í stað orðanna: »og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram« í niðurlagi 22. gr. kosningalaganna, sem verður 24. gr., komi: nokkur eintök af auglýsingu sinni um það, hverjir framboðslistar sjeu í kjöri, og skýrslu um það, hverjir varamenn hafi verið tilnefndir á hverjum framboðslista.

11. gr.

Í fyrri málsgrein 25. greinar kosningalaganna komi í stað orðanna: »tíundi dagur septembermánaðar«: tíundi dagur októbermánaðar.

12. gr.

Í 28. gr. kosningalaganna komi í stað orðanna: »Með kössunum skal og senda — til yfirkjörstjórnar« í enda fyrri málsgreinar, svolátandi ákvæði:

Ennfremur skal láta búa til og senda yfirkjörstjórnum innsigli og stimpla handa þeim, svo og nægilega tölu stimpla og stimpiláhalda handa undirkjörstjórnum, og skulu stimplar þessir vera nákvæmlega af sömu gerð fyrir alla kjörstaði í hverju kjördæmi.

Í stað orðsins »poka« í síðari málsgrein 28. greinar komi: stimpla.

13. gr.

Aftan við 29. gr. kosningalaganna bætist:

Áður kosningarathöfn byrjar, geta umboðsmenn lista eða staðgenglar þeirra krafist þess, að nafn varamanns sje sett á kjörseðil, svo framarlega sem sýnd eru nægileg skilríki fyrir því, að einhver þingmannsefna, er á kjörseðli standa, hafi dáið, tekið aftur framboð sitt eða mist kjörgengi, enda hafi varamaður verið tilgreindur í framboðslistanum, og skal þá gera fundarhlje þegar eftir að seðlaböggull hefur opnaður verið, til þess að bæta nafninu í eyðu þá, sem til þess er ætluð. Á kjörfundi mega engin ræðuhöld fara fram. Auglýsing yfirkjörstjórnar um það, hverjir framboðslistar sjeu í kjöri, skal vera uppfest til sýnis bæði inni í kjörherbergi og úti við á kjörstaðnum.

14. gr.

Í stað orðanna: »einn eða tveir umboðsmenn ..... sjeu þeir eigi sjálfir viðstaddir« í 31. gr. kosningalaganna komi:

og umboðsmenn þingmannaefna og meðmælenda (sbr. 20. gr.).

15. gr.

Í stað orðanna: »þingmannaefni eða umboðsmenn þeirra« og »umboðsmenn eða þingmannaefni« tvisvar í 32. gr. kosningalaganna komi: umboðsmenn.

16. gr.

35. gr. kosningalaganna orðist þannig:

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í kjörklefann (afherbergið) að borði því, er þar stendur og gjörir þar stryk við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill atkvæði gefa. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa fremst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn er hann vill láta vera hið þriðja o. s. frv. Sje eitthvert nafn er hann getur eigi felt sig við á lista þeim, er hann kýs, má hann stryka það út, og telst það þá eigi með við samtalning atkvæðanna. Strykið við listabókstafinn, tölustafina við nöfnin og útstrykun nafns, ef svo ber undir, skal hann gera með bláum blýanti, sem kjörstjórnin leggur til; en hún skal hafa næga blýanta, alla samlita og nákvæmlega af sama tagi. Síðan brýtur kjósandi seðilinn saman í sömu brot, sem hann var í er hann tók við honum; gengur hann síðan inn að kjörborðinu, rjettir seðilinn, þannig samanbrotinn, að oddvita kjörstjórnar, er setur kjörstjórnarstimpilinn aftan á seðilinn, á efra framhorn brotsins, og stingur kjósandi svo sjálfur seðlinum í atkvæðakassann, gegnum rifuna á lokinu.

17. gr.

36. gr. kosningalaganna orðist þannig:

Annar meðkjörstjórinn skal hafa fyrir sjer eftirrit af kjörskránni, og gera merki við nafn hvers kjósanda, jafnóðum og hann hefir neytt kosningarjettar síns, en hinn meðkjörstjórinn skal rita nöfn þeirra, er atkvæði greiða, á sjerstaka skrá með áframhaldandi tölurröð fyrir framan hvert nafn. Enginn getur neytt kosningarrjettar nema hann mæti sjálfur á kjörfundi og greiði atkvæði. Nú skýrir kjósandi kjörstjórn frá því, að hann sakir blindu, handarmeins eða af öðrum slíkum ástæðum, er kjörstjórn tekur gildar, sje ófær til að framkvæma kosninguna á fyrirskipaðan hátt, og skal þá sá úr kjörstjórninni, sem kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum. Þetta skal bókað í kjörbókina að tilgreindum ástæðum.

Enginn úr kjörstjórninni nje nokkur annar, sem samkvæmt 31. gr. er staddur í kjörherberginu, má skýra frá því, sem hann í kjörherbergi kann að hafa orðið áskynja um, hvernig einhver kjósandi hafi kosið.

Enginn, sem í kjörherbergi er staddur, má meðan á atkvæðagreiðslu stendur, gefa nokkrum kjósanda ráð, áminning eða bendingu um, hverjum lista hann skuli atkvæði gefa.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, þó eigi minna en 20 kr. sekt, eða fangelsi ef miklar sakir eru.

18. gr.

38. gr. kosningalaganna orðist þannig:

Kjósandi má ekki rita eða merkja neitt annað á kjörseðil, en það sem leyft er í 35. gr. Komi það fram við atkvæðatalninguna á eftir, að kjósandi hefir

sett stryk við fleiri en einn listabókstaf,

bætt nafni eða nöfnum við á lista,

skrifað nafn sitt á seðilinn,

sett á hann stryk eða rispu eða önnur slík einkenni, er gert geti seðilinn þekkjanlegan,

eða notað annan seðil en kjörstjórn hefir afhent honum,

þá er seðillinn ógildur.

19. gr.

Aftan við fyrri málsgrein 40. gr. kosningalaganna bætist:

nema allir kjósendur, sem á kjörskrá eru, hafi neytt kosningarrjettar.

20. gr.

Í 41. grein kosningalaganna komi í stað orðanna »þingmannsefni og umboðsmenn« í fyrri málsgreininni og »þingmannaefni eða umboðsmanni« í síðari málsgrein:

»Umboðsmenn þingmannsefna og meðmælenda« — og »umboðsmanni þingmannsefna eða meðmælenda.

21. gr.

42. gr. kosningalaganna orðist svo:

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið, skal kjörstjórnin taka kjörseðlana úr atkvæðakassanum og telja þá, án þess að opna þá eða skoða. Þá skal og telja saman eftir merkjum þeim, sem gerð hafa verið á kjörskrána og skrá þeirri, sem rituð er samkvæmt 36. gr., hve margir hafi neytt kosningarrjettar. Kjörseðlana alla, er í kassann voru lagðir, skal því næst leggja innan í umslag það, sem yfirkjörstjórn hefir til þess sent, loka því og innsigla vandlega; svo skal og leggja í umslag sjer alla seðla, er ógildir hafa orðið (sambr. 39. gr.) og í annað umslag alla þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir.

22. gr.

Í stað orðanna: »Þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra« í 43. gr. kosningalaganna komi:

»umboðsmönnum þingmannsefna og meðmælenda«.

23. gr.

Í 44. gr. kosningalaganna falli burt orðin: »eða þingmannaefni« í fyrri málsgrein og »þingmannsefni eða« í síðari málsgrein.

24. gr.

45. gr. kosningalaganna orðist svo:

Þegar búið er að loka umslögunum með kjörseðlum, ógildum seðlum og afgangsseðlum, skal leggia þau öll þegar í stað í aðalumslagið, sem yfirkjörstjórnin

hefir sent í því skyni, og innsigla það með innsigli kjörstjórnar. Umboðsmenn þingmannsefna og meðmælenda eiga og rjett á að setja fyrir aðalumslagið innsigli sín á þann hátt, að umslagið verði eigi opnað án þess innsiglin raskist. Síðan skal vefja kjörseðlabrjefið ásamt kjörbókinni í vatnsheldar umbúðir, binda vandlega utanum með snæri eða sterku seglgarni, og setja innsigli kjörstjórnar á bandið þar sem það er hnýtt saman eða sem næst hnútnum. Umboðsmenn þingmannsefna og meðmælenda eiga og rjett á að setja innsigli sín á bandið. Síðan skal tafarlaust senda áreiðanlegan mann með böggul þennan gagngert til sýslumanns, eða bæjarfógeta ef í kaupstað er, og jafnskjótt er hann hefir tekið við kjörseðlasendingunum frá öllum kjörstöðum í lögsagnarumdæminu, skal hann senda áreiðanlegan mann með sendingarnar allar gagngert til oddvita yfirkjörstjórnar, er greiðir kostnað við sendiferðina. Kjörseðlasendingar skal jafnan geyma í eldtryggum járnskápum, er þær bíða hjá sýslumanni eða bæjarfógeta eða oddvita yfirkjörstjórnar.

25. gr.

Í stað orðsins »atkvæðakassar« í 46. gr. kosningalaganna komi: atkvæðasendingar.

26. gr.

47. gr. kosningalaganna orðist svo:

Umboðsmenn þingmannsefna og meðmælenda hvers lista, sem í kjöri er, (sbr. 20. gr.) eiga rjett á að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir þegar atkvæðasendingar eru opnaðar og atkvæði saman talin í kjördæmi þeirra.

Sje ekki viðstaddir umboðsmenn fyrir þingmannsefni og meðmælendur hvers lista, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

27. gr.

48. gr. kosningalaganna orðist þannig:

Í viðurvist þessara manna opnar yfirkjörstjórnin atkvæðasendingarnar frá hverjum kjörstað kjördæmisins, eftir að umboðsmönnum hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um, að öll innsiglin sjeu ósködduð. Jafnskjótt og hver atkvæðasending er opnuð, skulu kjörseðlar þeir, sem í henni eru, látnir óskoðaðir í hæfilega stórt, tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram, uns öll kjörseðlaumslög eru tæmd. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að kjörseðlarnir frá hinum einstöku kjörstöðum blandist vel saman.

Því næst opnar oddviti ílátið, tekur upp einn og einn kjörseðil í einu, og les upp listabókstaf þann, sem auðkendur hefir verið á kjörseðlinum; sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum fulltrúum þingmannsefna og meðmælenda, og leggur þá svo frá sjer, þannig að þeir kjörseðlar, sem sami listabókstafur er auðkendur á, sjeu í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað tölu hinna auðkendu listabókstafa hvers um sig.

Nú er enginn listabókstafur auðkendur á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett á einum framboðslistanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt strykið vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir gallar á.

Komi öllum, bæði yfirkjörstjórn, og fulltrúum þingmannsefna og frambjóðenda saman um, að einhver kjörseðill sje ógildur, skal hann ógildan telja.

Verði ágreiningur milli kjörstjóra um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða. Nú heldur fulltrúi þingmannsefna eða meðmælandi því fram, að kjörseðill eða kjörseðlar, sem kjörstjórn eða meiri hluti hennar telur ógilda, sje gildir, og skal þá leggja þá seðla í sjerstakt umslag. Haldi hins vegar fulltrúi þingmannsefna eða meðmælenda því fram, að kjörseðill eða kjörseðlar, sem kjörstjóri telur gilda, sjeu ógildir, skal auðkenna þá með stimpli yfirkjörstjórnar, og taka þá frá eftir á og leggja í sjerstakt umslag að lokinni samtalning atkvæða.

Nú eru allir kjörseðlar teknir upp úr ílátinu, og skal þá telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna, hvers um sig. — Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samlagða tölu samtöluseðla þeirra frá kjörstöðunum, sem um ræðir í 43. gr. Ef skakkar á tölunni, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla, og leiðrjetta skekkjur þær, sem kunna að hafa orðið.

Til þess að finna hve mörg þingmannsefni hafa náð kosningu af hverjum framboðslista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung, o. s. frv., eptir því hve marga þingmenn á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig, að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern framboðslista. Síðan skal marka hæstu útkomutölurnar, jafnmargar og kjósa á alþingismenn, og fær hver framboðslisti jafnmarga þingmenn kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera þingmenn eftir útkomutölum, skal taka það, er hann vantar, af þeim lista, er mest atkvæðamagn hefur.

Til þess að finna, hver þingmannsefni hafa náð kosningu á hverjum framboðslista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks þingmannsefnis á þann hátt er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á framboðslista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti kjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann er flestir seðlar eru í og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra þingmannsefna, sem standa á þeim framboðslista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá fulltrúum þingmannsefna og meðmælenda, og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær eitt atkvæði; sá, sem er annar í röðinni, eða talan tvö er mörkuð við, fær $^1/_2$ atkvæði; sá, sem er hinn þriðji í röðinni eða talan 3 mörkuð við, fær $^1/_3$ atkvæðis o. s. frv. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upplesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Hafi sami maður fengið atkvæði á fleirum en einum framboðslista, sem til greina kemur eftir atkvæðamagni, þá skal leggja hinar lægri atkvæðatölur hans við atkvæðatölu þá, er hann hefir fengið á þeim lista, er hann hefir mest á, og telst sú samanlagða atkvæðatala honum þar að fullu, en nafn hans strykast út af hinum listunum. Þeir, sem hæstar hafa atkvæðatölur eru kosnir, svo margir af hverjum framboðslista, sem honum ber samkvæmt því er áður greinir. Lýsir yfirkjörstjórn þá kosna í þeirri röð, sem upphæð útkomutalnanna til segir, og lýsir því jafnframt yfir, hverjir standi næstir að atkvæðum á hverjum lista, sem fulltrúa hefir hlotið. Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar og eiga umboðsmenn framboðslista rjett á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir landsstjórninni eptirrit af gjörðabók sinni

viðvíkjandi kosningunni ásamt ágreiningsseðlunum, en stjórnin leggur þá fyrir alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og þeir bárust henni. Eftirritin og önnur kjörgögn leggur landsstjórnin einnig fyrir þingið.

28. gr.

49. gr. kosningalaganna orðist þannig:

Ef jöfn verða atkvæði lista eða þingmannaefna, og úr þarf að skera, skal hlutkesti ráða. Yfirkjörstjórnin varpar hlutkesti á þann hátt, að hún ritar bókstaf þeirra lista eða nöfn þeirra þingmannaefna, sem jöfn atkvæði hafa, á jafnstóra seðla, lætur seðlana samanbrotna í hylki, sem yfir er breitt, og kveður til einhvern óviðkomandi mann að draga einn seðil úr hylkinu. Sá seðill, er dreginn er, segir þá til, hvern taka skal.

29. gr.

Í 52. gr. kosningalaganna falli burt orðin: »atkvæðakassa og önnur« í fyrri málslið greinarinnar, og í síðari málslið komi í stað orðanna: »þingmannsefnum eða umboðsmönnum þeirra«: umboðsmönnum þingmannsefna og meðmælenda.

30. gr.

Í 53. gr. kosningalaganna falli burt í fyrstu línu orðið: »þann«.

31. gr.

Fyrsta málsgrein 54. greinar kosningalaganna orðist svo:

Nú deyr þingmaður, leggur niður þingmensku eða missir kjörgengi eða kosning hans er úr gildi feld af alþingi af ástæðum, sem ekki hagga gildi kosningargjörðarinnar í heild sinni, og skal þá yfirkjörstjórn kveðja þingsetu þann mann, er næsta hafði atkvæðatölu á þeim framboðslista, sem hinn frá farni þingmaður hlaut kosning á, og gefa honum kjörbrjef. Sje enginn eftir á þeim framboðslista, skal aukakosning fram fara. — Verði kosningargjörð í heild sinni ógild, skal uppkosning fram fara.

Þegar uppkosning eða aukakosning á að fara fram, skal stjórnarráðið fyrirskipa kosning svo fljótt sem því verður viðkomið eða þurfa þykir. Má stjórnarráðið þá, ef þörf þykir, stytta fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum; skal auglýsa fyrirskipunina í B-deild stjórnartíðindanna og jafnframt tilkynna yfirkjörstjórninni, svo að hún geti í tæka tíð sent undirkjörstjórnum gögn þau, er lög þessi ákveða.

32. gr.

57. gr. kosningalaganna orðist svo:

Kjörstjórar í yfirkjörstjórn fá í fæðispeninga 4 kr. fyrir dag hvern, er þeir vegna kosningarinnar verða að vera frá heimilum sínum, og auk þess ferðakostnað eftir reikningi. Þennan kostnað, svo og kostnað við pappírskaup, prentun og skriftir yfirkjörstjórnar, aðstoð við talning og útreikning atkvæða, sendiferðir, húsnæði o. fl., skal greiða af sýslusjóðum og bæjarsjóðum hjeraða þeirra, sem í kjördæminu eru, hlutfallslega eptir tölu kjósenda í hverri sýslu, kaupstað eða sýslu-

hluta, sem í kjördæminu er. Verði ágreiningur um upphæð kostnaðar eða skifting hans, sker stjórnarráðið úr.

Allan kostnað við undirkjörstjórnir, þar á meðal 4 kr. á dag til kjörstjóranna fyrir fæði og ferðakostnað þá daga, er þeir vegna kosningarinnar eru frá heimili sínu, og kostnað við sendiferðir með kjörseðla innansýslu skal greiða úr sveitar- eða bæjarsjóði.

33. gr.

Síðari málsgrein 59. greinar kosningalaganna falli burt.

34. gr.

Í stað orðsins »atkvæðahylkið« í fyrri málsgrein 61. greinar kosningalaganna komi: atkvæðakassann, eða áður en kjörseðlar eru afgreiddir til yfirkjörstjórnar. Aftan við 61. gr. kosningalaganna bætist: Sömu hegning varðar, ef kjörsendingar eru heimildarlaust opnaðar, úr þeim tekið eða í þær látið, eða þær eru ónýttar eða undan skotið, svo að þær komist eigi til yfirkjörstjórnar í tæka tíð.

35. gr.

Aftan við 62. gr. kosningalaganna bætist:

Brot þau, er um ræðir í þessari og undanfarandi grein, sæta sakamálsmeðferð. Með önnur brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

Sektir allar eptir lögum þessum renna í landssjóð.

36. gr.

Orðin »18. og« í 63. gr. kosningalaganna falli burt.

37. gr.

»Ákvæði um stundarsakir« á eptir 63. gr. kosningalaganna falli burt. — Þar sem »landshöfðingi« er nefndur í kosningalögunum, og þessu er ekki þegar breytt í lögum þessum, skal setja í staðinn: stjórnarráðið, (stjórnarráðinu, stjórnarráðsins) eftir því sem við á á hverjum stað og breytist orðalagið eftir því.

38. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa viðauka þá og breytingar á kosningalögunum frá 3. október 1903, sem í lögum þessum eru ákveðnar, inn í meginmál þeirra, og getur þá konungur gefið lögin, þannig breytt, út sem lög um kosningar til alþingis.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að því er snertir hinar almennu ástæður fyrir lagafrumvarpi þessu, álíst nægilegt, að vísa til athugasemdanna við frumvarp það til breytingar og viðauka við lög um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903, sem var lagt fyrir alþingi 1905. Þar er gjörð grein fyrir þörfinni á nýrri kjördæmaskipan, misrjetti því, sem nú á sjer stað milli hinna einstöku kjördæma, að því er snertir fulltrúamagn í samanburði við fólksfjölda og kjósendatölu, svo og óskum þeim og áskorunum, sem komið hafa fram á alþingi um, að bót yrði á þessu ráðin. Þar er og skýrt frá tillögum hjeraðsstjórnanna út af þingsályktun neðri deildar 1902 um breytingar á kjördæmaskipan, og loks eru þar færðar ástæður fyrir tillögu stjórnarinnar um að lögleiða hlutfallskosning við kosningar til alþingis, og í því skyni skifta landinu í fá, stór kjördæmi, er kjósi 4—6 fulltrúa hvert.

Eins og sjest á frumvarpsástæðunum 1905, bjóst stjórnin ekki meir en svo við því, að frumvarpið gæti orðið útrætt á þinginu 1905, af því að nýmæli þetta hafði þá svo lítinn undirbúning fengið, enda ekki fyrirsjáanlegt, að ný kjördæmaskipan kæmi til framkvæmdar fyr en árið 1908. Það kom og fram, að því fór svo fjarri, að frumvarpið yrði útrætt, að það kom ekki einu sinni til atkvæðagreiðslu í þeirri deildinni, sem það var lagt fyrir. En í nefndaráliti því um málið, sem kom fram seint á þinginu, lætur nefndin í ljósi, að hún játi stefnu frumvarpsins rjettláta, jafnvel þótt nefndin gæti eigi ráðið til, að frumv. yrði samþykt þá, og um það var nefndin stjórninni samdóma, að breyta þyrfti sem fyrst núgildandi kjördæmaskipun.

Það hefur því verið álitið sjálfsagt, að koma fram aftur með frumv. um nýja kjördæmaskipun á þessu þingi, og með því að stjórnin verður enn að álíta, að talsverðir agnúar sjeu á því að skipta landinu niður í jöfn, einmenn kjördæmi, svo að vel fari til lengdar, en telur hins vegar hlutfallskosning í sem stærstum kjördæmum rjettlátasta, vænlegasta til þess að fullnægja eðlilegum kröfum hinna ýmsu skoðanaflokka um hæfilegt fulltrúamagn á þingi, og líklegasta til þess, að skapa gott og vel skipað þing, er sje sem næst því, að vera sönn mynd eða rjett ágrip af þjóðinni í heild sinni, þá er aftur farið fram á, að þessi rjettarbót sje í lög leidd, jafnvel þótt málið hafi eigi verið mikið rætt í blöðum nje á þjóðmálafundum hjer á landi síðan á síðasta þingi; en að því er kosninga-aðferðina snertir, hefur stjórnarráðið leitast við, að bæta úr þeim annmörkum, sem helstir þóttu vera á fyrirkomulaginu eftir frumvarpinu frá 1905, og er því frumvarp það, sem nú er lagt fyrir þingið, í verulegum atriðum ólíkt því frumvarpi, og að sumu leyti fyllra og skýrara.

Höfuðmótbára nefndarinnar gegn frumvarpinu 1905 var sú, að »hlutfallskosning byggi aðallega á því tvennu, að flokkaskifti sjeu skýr, og að kjósendur nái hæglega hver til annars«, en hvorugu þessu sje að heilsa hjer; flokkaskifting muni naumast vera yfirleitt svo rík hjá almenningi, að ætlandi sje, að kjósendur vilji kjósa þá menn, þótt þeim ókunnir sjeu, er flokksstjórn þeirra mundi til nefna, og samgönguerfiðleikarnir svo miklir, að torvelt væri fyrir menn að ná saman til þess að leita samkomulags um nauðsynlegan undirbúning kosninga. — Það er auðsætt, að þessar mótbárur hæfa ekki kjarna hlutfallskosninga yfir höfuð, hvorki hjer á landi nje annarsstaðar, heldur beinast þær að eins að því fyrirkomulagi hlutfallskosninga, sem frumvarpið 1905 tók upp. Þar var gjört ráð fyrir, að meiri eða minni flokkur kjósenda kæmi sjer fyrirfram saman um

þingmannsefni, settu þau á framboðslista og ákvæðu röð þeirra á listanum; en kjósendur væru síðan bundnir við þá röð, er þannig væri fyrirfram ákveðin, svo að þeir einir gætu náð kosningu, er stæði nægilega framarlega á listanum, eftir atkvæðamagni því, er listanum hlotnaðist, í tiltölu við fjölda allra greiddra atkvæða. Þetta fyrirkomulag gjörir auðvitað ráð fyrir flokkssamtökum, nokkurn veginn föstu skipulagi og jafnvel flokksaga, er taki meira tillit til málefna en manna, og gegn þessari kosningaaðferð geta mótbárur nefndarinnar átt sjer talsverðan stað. En fyrirkomulag þetta er aðeins einn vegurinn til þess að ná markmiði hlutfallskosninganna; vegirnir eru fleiri til, þótt þessi vegur sje sá eini, sem hjer hefur verið kunnur til þessa, og sem fylgt hefur verið bæði við hlutfallskosningar á alþingi og við hlutfallskosningar til bæjarstjórna eftir gildandi lögum. Hlutfallskosningin sjálf byggir engan veginn á því, að flokkaskiftingin sje skýr nje að kjósendur nái hæglega hver til annars. Hún byggist á þeirri skoðun, að svo framarlega sem skoðanamunur eða flokkaskifting eigi sjer stað við kosningar, þá eigi að búa svo um, að fjölmennasti flokkurinn geti ekki algjörlega borið hina flokkana ofurliði, heldur fái aðeins þá tölu fulltrúa, sem honum ber eftir rjettri tiltölu, því að minni hlutarnir eigi líka rjett á því, að fá fulltrúa á þingi þjóðarinnar, eftir því kjósendamagni, sem hver kjörflokkur hefur í hvert skifti í samanburði við kjósendatöluna alla, og tölu fulltrúa þeirra, sem kjósa skal, hvort sem flokkaskiftingin er föst eða laus, og hvort sem kjósendur eiga hægt með að ná hver til annars eða ekki. Flestum mun verða að koma saman um, að þetta sje rjettlátt, og vandinn er þá aðeins sá, að velja hentugustu leiðir.

Til þess að koma í veg fyrir erfiðleika og agnúa, sem bæði nefndin 1905 og aðrir, sem hugsað hafa mál þetta, hafa óttast, er í þessu frumvarpi vikið frá frumv. 1905 í þessum aðalatriðum:

1. Þingmannsefnin sjálf bjóða sig fram á framboðslista, en framboðslistar eru ekki tilbúnir nje afhentir af hálfu kjósenda (meðmælenda). Þingmannsefni slá sjer saman um lista eftir vild, eftir þjóðmálastefnu sinni eða flokksstöðu, og fá til ákveðna tölu meðmælenda, sameiginlega fyrir listann.
2. Kjósendur eiga rjett á því að haga röð þingmannsefna á framboðslista eftir vild, með því að tölusetja nöfn þeirra á kjörseðli við kosningu, eftir því sem hver vill hafa röðina, og stryka út nöfn, er þeir geta ekki felt sig við.
3. Fái þingmannsefni atkvæði á fleiri framboðslistum en einum, teljast honum öll þau atkvæði eins og þau væru honum greidd á þeim lista, þar sem hann fær flest atkvæði.

Með þessu er girt fyrir það, að kjósendur þurfi að hafa fast flokksskipulag, fundarhöld eða fyrirhöfn til þess að koma sjer saman um framboðslista og raða þingmannsefnunum, og er þar með komið í veg fyrir misklíðir og sundurþykkju, er af því gæti risið. Þingmannsefnin útbúa sjálf framboð sitt eins og nú; þeir þurfa ekki að hafa meiri fyrirhöfn fyrir því að útvega sjer meðmælendur, heldur en eftir gildandi lögum, heldur þvert á móti miklu minni; eftir 23. gr. kosningalaganna á hvert þingmannsefni að hafa að minsta kosti 12 meðmælendur, og yrði það fyrir 5 einmenningskjördæmi 60 meðmælendur alls. Ef þessi kjördæmi verða að einu, og þessir menn slá sjer saman um einn lista, þarf hver ekki að útvega sjer nema 5 meðmælendur, því hverjum lista nægja 25 meðmælendur. Þingmannsefnin þurfa ekki að keppa um það, í hverri röð nöfn þeirra eigi að vera á listanum; það kemur fyrir eitt, því að kjósendur ráða röðinni, og

hún ákvarðast eigi fyrr en við kosninguna. Þeir þurfa að vísu að senda milli sín framboðslistann til undirskriftar, en kosningaundirbúningur af þeirra hálfu, viðtal við kjósendur, þarf eigi að verða mun erfiðara en nú, að undanteknum ferðum til þingmálafunda, ef þeim svo sýnist, því hjeraðsfylgi sama og þeir mundu fá við einmenningskosning getur eins komið fram í tölusetning á kjörseðlum. Framboðslisti er gildur, þótt á honum standi færri nöfn, en kjósa á þingmenn, og getur því þingmannsefni komið fram framboði sínu, þótt eigi nái samkomulagi við önnur þingmannsefni um sameiginlegan framboðslista.

Kjósendur fá frjálsar hendur til þess að styðja fyrst og fremst þann, er þeir helst vildu kosið hafa af þeim, sem bjóða sig fram, og þeir hafa þó meira svigrúm til kjörfrelsis en nú, er fleiri er um að velja. Þeir þurfa alls ekki að beygja sig undir neitt valdboð flokksstjórnar í þessu efni, og eru að eins takmarkaðir af því, að þeir geta ekki kosið aðra en þá, sem bjóða sig fram, eins og eftir núgildandi lögum. Að þeir verða að einskorða sig við þann lista, sem skipaður er þingmannsefnum þeirrar stefnu eða þess flokks, sem kjósandi vill styðja, er engin þvingun, þegar kjósandi getur einskorðað atkvæði sitt við það eða þau þingmannsefni, er hann helst vill kjósa af þeim sem völ er á. Fyrirhöfn kjósenda við kosninguna, verður alveg hin sama og nú eftir kosningalögunum, með kjörstað í hverjum hreppi, og kosningin heldur að öllu leyti eðli og einkennum leynilegra kosninga, þótt tölur sjeu settar við nöfnin, því að þegar kjörseðlum úr svo stórum kiördæmum, yfirgripandi margar sýslur, er blandað vandlega saman, áður en nokkur kjörseðill er skoðaður, verður ómögulegt fyrir yfirkjörstjórn, þótt hún vildi, að þekkja rithönd hvers einstaks á tölustöfunum.

Loks er sjeð fyrir því, að þingmannsefni, sem fengið hefur sameiginleg atkvæði á fleiri framboðslistum, verði ekki af kosning, þótt aðrir fái fleiri atkvæði á hverjum lista, ef atkvæði þingmannsefnis samanlögð verða nógu mörg til þess að geta komið til greina í samanburði við aðra á einhverjum listanum.

Með þessu virðist vera bætt úr þeim erfiðleikum og anmörkum, sem þótt hafa vera á þeim hlulfallskosningaaðferðum, er hingað til hafa verið notaðar hjer; því fer svo fjarri, að þetta fyrirkomulag, sem hjer er stungið uppá, sje óframkvæmanlegt, að eigi verður sjeð, að kosningaundirbúningur nje kosningarathöfn yrði að neinum mun erfiðari, hvorki þingmannsefnum, kjósendum nje kjörstjórnum, heldur en nú. Aðeins yrði verksvið yfirkjörstjórna miklu yfirgripsmeira og örðugra en nú. En þess ber að gæta, að yfirkjörstjórnir eftir frumvarpinu yrði að eins 7 að tölu á öllu landinu, en eru nú 25, svo að vansjeð er, hvort kostnaðurinn við þær mundi verða miklu meiri en kostnaður við yfirkjörstjórnir nú.

Hinsvegar er með þessu fyrirkomulagi unnið alt hið sama, eins og til var ætlast með frumv. 1905. Tala fulltrúa skiftist eftir þessu frumv. niður á hjeruðin í nokkurn veginn rjettu hlutfalli, við íbúatölu og kjósendatölu, og hinu mikla misrjetti, sem nú á sjer stað, að því er snertir fulltrúamagn hinna einstöku kjördæma, væri af ljett. Með þessu fyrirkomulagi væri komið í veg fyrir þau rangindi, sem komið geta fyrir eftir núgildandi lögum, að minni hluti kjósenda ráði kosning tveggja þingmanna í tvímenningskjördæmunum, er einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum, og girt fyrir það, að nokkur flokkur innan hvers kjördæmis fengi meira fulltrúamagn, heldur en honum ber eftir rjettri tiltölu; jafnframt væri hverjum þeim skoðanaflokki, sem hefur nokkurt verulegt atkvæðamagn, trygt það, að geta komið að fulltrúa fyrir sig, eða fulltrúum

eftir hlutfalli rjettu. Þjóðkunnum mönnum, er hefðu talsvert fylgi víðsvegar, án þess að hafa nægilegt kjörfylgi í neinni einstakri sýslu eða kaupstað, væri opnaður vegur til að ná þingsetu, en hinsvegar eigi girt fyrir það, að hvert hjerað geti fylgt sínu þingmannsefni, ef svo ber undir, og kjósendum látnar frjálsar hendur til þess að haga kosningu eftir persónulegu trausti og áliti á þingmannsefnum.

Út af þeirri athugasemd í nefndarálitinu 1905, að efasamt sje, að tími sje til kominn til þess að lögleiða hlutfallskosningar hjer yfirleitt, enda sjeu þær nálega hvergi notaðar við þjóðþingskosningar í öðrum löndum, skal þess getið, að hlutfallskosning (Andræ's-aðferð) hefur lengi verið notuð við kosningar til landsþingsins í Danmörk (endanlegu kosninguna), og að sjerstakar stjórnmála-ástæður, sem ekki eru til hjer á landi, og hjer skal ekki farið út í, valda því, að sú kosningaraðferð hefur ekki þótt tiltækileg við kosningar til þjóðþingsins enn sem komið er. Hlutfallskosningar til þjóðþinga erlendis ryðja sjer meira og meira til rúms. Síðan 1890 hefur hlutfallskosning til þinga verið lögleidd í ýmsum fylkjum í Schweitz; árið 1899 var lögleidd í Belgíu hlutfallskosning til beggja þinga, og árið sem leið, 20. júlí 1906, lögleiddu Finnar mjög frjálslegar hlutfallskosningar til landdagsins, eptir að þeir höfðu fengið stjórnfrelsi sitt. Í finsku kosningalögunum eru samskonar ákvæði eins og í þessu frumvarpi um tölusetning nafna á kjörseðlum og annað fyrirkomulag kjörseðla, ákvörðun á fulltrúamagni hvers lista og útreikning á atkvæðamagni þingmannsefna á hverjum lista, án þess þó ákvæðin í þessu frumvarpi sjeu sniðin eftir þeim lögum sem fyrirmynd.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins skal tekið fram það, er nú skal greina:

Um 1. og 2. gr.

Greinar þessar eru óbreyttar eins og í stjórnarfrv. 1905, að öðru leyti en því, að bætt hefur verið aftan við 2. gr. nokkrum nánari ákvæðum um störf yfirkjörstjórna og aðstoð þeim til handa. Vísast því til athugasemdanna við greinar þessar í frv. 1905 (Alþ.tíð. A. bls. 176—178), þar á meðal til töflu þeirrar, er sýnir fulltrúa-hlutföll eftir fólksfjölda og kjósendatölu í kjördæmum þeim, sem 1. gr. telur. Jafnvel þótt tölurnar sjeu nú lítið eitt breyttar, eru hlutföllin hin sömu, eða því sem næst.

Um 3. gr.

Það er í alla staði eðlilegra, að ákvæðin um framboð þingmannsefna og það, sem þar að lýtur, komi á undan ákvæðunum um það, hvað yfirkjörstjórn eigi að gjöra, eftir að framboðin eru til hennar komin, heldur en að setja þetta á undan og vísa aftur fyrir sig, eins og gert er í kosningalögunum frá 3. okt. 1903. Ákvæðin um aðgjörðir yfirkjörstjórnanna koma hjer sem eðlilegt áframhald af ákvæðunum um framboð og meðmælendur, og er þessvegna lagt til að kaflinn um framboð þingmannsefna og umboðsmenn (23.—24. gr.) verði 4. kafli, en kaflinn um undirbúning af hálfu yfirkjörstjórna (19.—22. gr.) verði 5. kafli, og greinatalan breytist eftir því.

Um 4. gr,

Hjer er gert ráð fyrir, að þingmannsefnin sjálf gangist fyrir tilbúningi og afhending framboðslista, og þarf eigi nema eitt eintak af honum, nema ósk-

að sje kvittanar á eftirrit af listanum, Framboðsfresturinn er rýmkaður þannig, að eigi má synja lista viðtöku, ef hann kemur áður en yfirkjörstórn hefur gjört fullnaðarráðstöfun um prentun kjörseðla.

Það nýmæli er í greininni, að tilnefna megi á hverjum framboðslista varamann, sem komi á listann, ef einhver þingmannsefnanna, sem bjóða sig fram á honum, deyr, tekur aftur framboð sitt eða missir kjörgengi áður en kosning fer fram. Það verður ekki betur sjeð, en að það sie hættulegur galli á núgildandi kosningalögum, að framboðsfresturinn er útrunninn svo löngum tíma (4 vikum) fyrir kjördag, og þó engin heimild til að taka við framboði eftir þann tíma ef þingmannsefni fellur úr sögunni fyrir kjördag. Af því gæti leitt hið mesta misrjetti. Ef til t. d. að eins væru 2 þingmannsefni í boði, annar hefði fylgi mikils meiri hluta, hinn að eins lítils minni hluta, og þingmannsefni meiri hlutans dæi eða gengi einhvernvegin frá eftir, að framboðsfrestur væri útrunninn, þá ætti eftir 19. gr. kosningalaganna þingmannsefni minni hlutans að vera sjálfkjörið, og meiri hlutinn að vera útilokaður í 6 ár frá því að fá nokkurn fulltrúa á þing. Að vísu gæti *alþing* væntanlega ónýtt kosning í þessu tilfelli, en það væri þó án beinnar lagaheimildar, og hefði mikil umsvif, töf og kostnað í för með sjer, auk þess sem kjördæmi þá misti fulltrúa að minsta kosti á einu þingi. Hættan væri miklu minni með listakosninga-fyrirkomulaginu, sem hjer er stungið upp á, en samt hefur þótt rjett að hafa þann varnagla, sem að framan greinir. Yfirlýsing verður að vera frá varamanni samskonar og yfirlýsing þingmannsefnanna, og meðmælendur verða einnig til vara að mæla með honum.

Framboðslisti er hugsaður þannig:

Sýnishorn.

Framboðslisti.

Vjer undirritaðir lýsum því hjer með yfir, að vjer gefum kost á oss til þingmensku við alþingiskosningar þær í N. kjördæmi Íslands, sem fram eiga að fara 10. október næstkomandi, og vottar hver af oss fyrir sig, að vjer bjóðum oss ekki fram í neinu öðru kjördæmi við þessar kosningar.

..... dag ..... mán. 19 .....

Álfgeir Álfgeirsson, bóndi á Álfgeirsvöllum.
Ámundi Ámundason, bóndi á Ámundastöðum.
Árni Árnason, kaupmaður í Arnarnesi.
Ásgeir Ásgeirsson, prestur á Ásgeirsá.
Áskell Áskelsson, sýslumaður á Áskelsstöðum.

Sem umboðsmann höfum vjer valið oss Ásgeir Ásgeirsson.

Jeg undirskrifaður lýsi því yfir, að jeg er fús til að ganga inn í ofanritað framboð og gefa kost á mjer til þingsetu, ef einhver framanritaðra þingmannsefna gengur frá fyrir kjörfund, og hef jeg hvergi gefið kost á mjer til þingsetu utan þessa kjördæmis.

Atlastöðum ..... mán. ..... 19 .....

Atli Atlason.

Vjer undirskrifaðir kjósendur í N. kjördæmi leggjum það til og mælum fram með því, að ofangreindir menn, Álfgeir Álfgeirsson, Ámundi Ámundason, Árni Árnason, Ásgeir Ásgeirsson og Áskell Áskelsson verði kosnir alþingismenn fyrir kjördæmið við kosningar þær, er í hönd fara, og lýsum vjer því yfir, hver fyrir sig, að vjer gefum ekki öðrum framboðslista meðmæli vor.

Ef einhver ofangreindra manna kynni að falla frá, taka aftur framboð sitt eða missa kjörgengi fyrir kjörfund, leggjum vjer það til, að Atli bóndi Atlason á Atlastöðum verði settur á listann og hafður í kjöri í hans stað.

Sem umboðsmann höfum vjer valið oss Andrjes hreppstjóra Andrjesson í Andrjesey.

Í N. kjördæmi ..... dag ..... mán. 19 .....

Ásgrímur Ásgrímsson, húsmaður á Ásgrímsstöðum.

Andrjes Andrjesson, hreppstjóri á Andrjesey (o. s. frv., eigi færri en 25 og eigi fleiri en 35 kjósendur).

Til þess að koma í veg fyrir ógilda kosningu, og til þess að gjöra öllum sem auðveldast fyrir að bjóða sig fram, er oddvita yfirkjörstjórnar gjört að skyldu að vekja þegar athygli á göllum, sem á framboðslista kynnu að vera, og gefa tækifæri til að leiðrjetta það, er ábótavant þykir. Í 6. gr. er enn heimild til leiðrjettinga á framboðslistum og frestveitingar í því skyni.

Um 5. gr.

Hjer er það nýmæli, að umboðsmenn þingmannsefna og meðmælenda, sem í hvívetna er gefinn rjettur til að gæta hagsmuna lista þeirra, sem þeir eru fyrir, skuli og skyldir til að láta kjörstjórn í tje upplýsingar, er hún kynni að krefjast, og bera ábyrgð fyrir misfellur í öllum þeim gjörðum eins og opinberir sýslanarmenn fyrir afbrot í embættisfærslu.

Um 6. gr.


Auk ýtarlegri ákvæða um rannsókn og lagfæring framboðslista, ef svo ber undir, og úrskurð um gildi þeirra, er hjer það ákvæði nýtt, að yfir-kjörstjórn skuli sem fyrst gjöra almenningi kunnugt, hverjir framboðslistar verði á kjörseðli, að tilgreindum nöfnum og bókstaf hvers lista, til þess að kjósendur geti rækilega áttað sig á því fyrir kjörfund, hvern lista þeir helst vilji aðhyllast og hvernig.


Um 7. gr.

Í stað þess að hafa aðeins bókstafi listanna á kjörseðli, eins og í frv. 1905, er hjer ákveðið, að allir framboðslistarnir (o: nöfn þingmannsefna) skuli standa á kjörseðlinum, með hæfilegu bili fyrir framan nöfnin, svo að kjósendur geti tölusett þau og þar með ráðið röð þeirra á kjörfundi.

Kjörseðillinn getur þannig orðið nokkuð stór, og er ætlast til þess, að yfirkjörstjórn brjóti kjörseðlana saman í sem hentugast brot, áður en hún sendir þá

undirkjörstjórnum, Best álíst, að þeir væru brotnir í einfalt sendibrjefsbrot, og endum smeygt saman, þannig:





en í frumvarpinu eru yfirkjörstjórnum þó látnar frjálsar hendur um, hvernig þær haga þessu, að eins að svo sje frá broti gengið, að letrið sjáist ekki og auðvelt sje að leggja seðilinn aftur í sömu brot, þegar hann er notaður. Kjörseðlar eru hugsaðir svipaðir eftirfarandi sýnishorni:

Sýnishorn:

Kjörseðill

í N. Kjördæmi Íslands 19...

A-listinn	B-listinn	C-listinn	D-listinn
3. Álfgeir Álfgeirsson	Benedikt Benediktss.	Eggert Eggertsson	Dagur Dagsson
2. Ámundi Ámundason	Bergur Bergsson	Eilífur Eilífsson	Ásgeir Ásgeirsson
1. Árni Árnason	Bjarni Bjarnason	Emil Emilsson	Bogi Bogason
5. Ásgeir Ásgeirsson	Björn Björnsson	Björn Björnsson	
4. Áskell Áskelsson	Bogi Bogason	Benedikt Benediktss.	

Um 8. gr.

Þessi ákvæði eru að aðalefni til samkvæm kosningalögunum. Hafi þingmannsefni gengið úr sögunni eftir að framboðsfrestur er útrunninn en áður en kjörseðlar eru fullgerðir og útsendir, er ætlast til að nafn varamanns, ef nokkur er tilgreindur, sje prentað í hans stað, sem þingmannsefnis, og er búist við, að ekki væri horft í það, þótt uppprentun þyrfti að eiga sjer stað. Gangi þingmannsefni frá, eftir að kjörseðlar eru út sendir, er ætlast til, að undirkjörstjórn setji nafn varamanns á seðilinn á kjörfundi, með skrift eða stimpli, og er hjer ákveðið, að nafn-eyða skuli vera við lista hvern á kjörseðli í þessu skyni.

Í enda greinarinnar er sett hegningarákvæði fyrir að brjóta innsigli fyrir kjörseðlasending eða hefta ferð hennar af ásettu ráði.

Um 9. gr.

Þegar um svo stór kjördæmi er að ræða, svo mikinn fjölda kjörstaða og svo miklar vegalengdir, verður ógjörningur að senda alla atkvæðakassana til yfirkjörstjórnar, enda er alt eins trygt að senda þá í vel innsigluðu umslagi í

vatnsheldum umbúðum. Hjer er því fyrirskipað, að senda undirkjörstjórn sjerstök umslög í þessu skyni, auk umslaganna fyrir ógilda seðla og afgangsseðla, og aðalumslagsins, sem allir þessir seðlar eiga að sendast í.

Um 10. gr.

Auglýsingin á að festast upp á kjörstað, sbr. 13. gr. Skýrsla yfirkjörstjórnar um varamenn er skilyrði fyrir því, að undirkjörstjórn geti tekið kröfu umboðsmanna um upptöku varamanns á kjörseðil, til greina.

Um 11. gr.

Víðsvegar um land hefur brytt á óánægju út af því, að hinn almenni kjördagur skuli vera ákveðinn 10. septembermánaðar, eins og gjört er í 25. gr. kosningalaganna. Sá tími er mörgum kjósendum einkar óþægilegur, heyannir þá oft hvað mestar, margir sjómenn eru fjarverandi, og erfiðismenn burtu frá heimilum sínum, ef til vill í öðrum kjördæmum, þar sem þeir ekki geta neytt kosningarjettar síns. Í októbermánuði eru aftur á móti flestir komnir til heimkynna sinna, og hvað færðir og veðráttu snertir á þeim tíma, eru engin vandkvæði á, þar sem kosningin fer fram í hreppi hverjum, enda eru hreppaskilaþing í októbermánuði, og gæti sú samkoma sumstaðar verið haldin sama dag og kjörfundur, kjósendum til talsverðs hægðarauka og tímasparnaðar. Það er því lagt til, að kjördagur verði ákveðinn 10. október, þegar almennar, reglulegar kosningar fara fram.

Um 12. gr.

Til þess að tryggja það, að eigi sje skipt um seðla, er ákveðið að hver kjörseðill skuli vera stimplaður að innan með stimpli yfirkjörstjórnar og að utan — eftir að kosning er framkvæmd — með stimpli undirkjörstjórna. Stimplar undirkjörstjórna eiga að vera nákvæmlega eins fyrir alla kjörstaði í kjördæmi hverju, og er lagt til, að stimplar þessir sjeu útvegaðir af stjórninni á landssjóðs kostnað.

Um 13. gr.

Sbr. athugasemd við 8. gr.

Um 14. og 15. gr.

er ekkert að athuga.

Um 16. gr.

Það kynni að þykja athugavert við þessi fyrirmæli, að rithönd á tölustöfunum kynni að þekkjast, og leynd kosninganna þannig að skerðast. En þegar þess er gætt, að kjördæmin eru svo stór, og kjörstaðafjöldinn í hverju kjördæmi svo mikill, öllum seðlum úr kjördæminu blandað vandlega saman í nægilega stóru íláti áður nokkur seðill er skoðaður, og seðlarnir að eins skoðaðir af yfirkjörstjórn og þeim umboðsmönnum og starfsmönnum, sem þar eru viðstaddir og ekkert geta vitað um það, úr hverju hjeraði kjördæmis hver seðill er, þá verður að álíta, að hættan á þessu sje alveg hverfandi, og alls ekki meiri en hættan á því, að aftöluð merki geti orðið gefin með setning krossins við nöfnin eftir nugildandi ákvæðum, því krossunum má haga á ýmsan veg, hafa þverkrossa, skákrossa, aflanga eða breiða krossa, eða setja þá mismunandi utarlega, ofarlega eða neðarlega í hringinn ef kjósendur vilja svo við hafa. Það er jafnvel líklegt, að

kjósanda væri örðugra að gefa merki um kosning sína með því fyrirkomulagi, sem hjer er stungið uppá, bæði vegna stærðar kjördæmanna, og vegna þess að rithönd á tölustöfum, sem skrifaðir eru með feitum bláum blýanti, er lítt auðkennileg í sjálfu sjer, og væri það undir öllum kringumstæðum kjósendum sjálfum að kenna, ef þeir ljetu tölumerkin verða sjerkennileg á einhvern hátt; en ákvæðin um leynd kosninganna eru sett til þess, að hver kjósandi *geti* leynt atkvæðagreiðslu sinni, og sje ekki í neinum vandræðum með að komast undan áskorunum um að gefa kosning sína til kynna. Leynd kosninganna yrði og að því leyti meiri með þessu fyrirkomulagi heldur en nú, að tala meðmælenda verður minni, er aðeins 25 menn þarf með 5 þingmannsefnum á einum framboðslista, en mundi þurfa 60 eftir núgildandi lögum; en atkvæðagreiðslu meðmælenda má telja heyrum kunna. Þess má geta, að í finsku kosningalögunum frá 1906, sem hafa stranglega leynilegar kosningar, er þó jafnvel leyft að skrifa ný nöfn á kjörseðlana, ef kjósanda líka ekki nöfnin, sem þar eru. Ákvæðið um að kjósandi megi stryka nöfn út af framboðslista, er hann kýs, er í samræmi við ákvæðið um, að framboðslisti sje gildur þótt á honum standi færri nöfn þingmannsefna, en kjósa á þingmenn. Enginn er skyldur til að kjósa fleiri en hann vill, eins og menn yfir höfuð eru ekki skyldir til að neyta kosningarjettar síns, frekar en þeir vilja. Sje eitt nafn strykað út á framboðslista, sem 5 nöfn standa á, missir það þingmannsefni, sem út er strykað, að eins $^1/_5$ atkvæðis við það, en hin nöfnin teljast í þeirri röð, sem tölusetning eða vöntun tölusetningar gefur til kynna, eins og ef hið útstrykaða nafn hefði ekki staðið á listanum.

Um 17. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru sama efnis og 10. gr. frumvarpsins 1905.

Um 18. gr.

Hjer eru talin upp þau tilfelli, er kjörseðill er skilyrðislaust ógildur. Auðvitað geta komið fyrir fleiri ógildingarástæður, en það sætir þá sjerstökum úrskurði í hverju einstöku tilfelli, og liggur undir áfrýjun til alþingis. Til þess er ætlast, að sem allra vægast sje tekið á göllum, og seðlar ekki gerðir ógildir, nema misfellan geri vilja kjósenda vafasaman, eða brjóti mjög bág við launungarskylduna.

Það er sjerstaklega tekið fram í 27. grein, að það skuli ekki út af fyrir sig varða ógilding kjörseðils, þótt enginn listabókstafur sje sjerstaklega merktur, ef það sjest á tölusetning við nöfn einhvers seðils, hvern listann kjósandi hefur aðhyllst.

Um 19. gr.

Í litlum hreppi gæti það vel komið fyrir, að allir kjósendur, sem á kjörskrá standa og kosningarrjett eiga, sjeu búnir að kjósa áður tveir tímar eru liðnir, og er þá ekki eftir neinu að bíða frekar.

Um 20.—26. gr.

er ekkert sjerstakt að athuga annað en það, að það hefur þótt hentugt að láta lögreglustjóra, hvern í sínu lögsagnarumdæmi, vera millimenn milli undirkjörstjórna og yfirkjörstjórna, að því er snertir sending á kjörseðlum eftir kosning. Ef til vill mætti á sama hátt ákveða, að yfirkjörstjórn skyldi senda lögreglustjórunum til útbýtingar meðal undirkjörstjórna seðlaböggla fyrir kjörfund, en með því mundi þó sparast minna, er yfirkjörstjórn sendir hraðboða í sýsluna hvort sem er,

Um 27, gr.

Hjer er ákveðið í samræmi við 48. gr. kosningalaganna, að jafnskjótt og hver atkvæðasending frá kjörstað er opnuð af yfirkjörstjórn, skuli kjörseðlar þeir, sem í henni eru, látnir óskoðaðir í hæfilega stórt, tómt ílát með loki yfir, og seðlarnir hristir vandlega saman í því, áður nokkur seðill er skoðaður. Til skýringar ákvæðum þessarar greinar, er eftirfarandi dæmi tilfært:

Í N-kjördæmi á að kjósa 5 alþingismenn, og eru fjórir framboðslistar á kjörseðli. Við fyrri talning (upplestur listabókstafa) kemur það í ljós, að atkvæði hafa fallið þannig, að af 1200 kjósendum, sem neytt hafa kosningarjettar, hafa 450 kosið (gert stryk við) A-listann, 360 B-listann. 250 C-listann, og 140 D-listann.

Til þess að finna, hve mörg þingmannsefni hafa náð kosningu á hverjum framboðslista, eru ritaðar upp útkomutölur listanna, þannig:

	A.-listi	B.-listi	C.-listi	D.-listi
1. Atkvæðamagn listans:	**450**	**360**	**250**	140
2. Helmingur atkvæðamagns	**225**	**180**	125	70
3. Þriðjungur atkvæðamagns	150	120	$83^{1}/_{3}$	$46^{2}/_{3}$
4. Fjórðungur atkvæðamagns	$112^{1}/_{2}$	90	$62^{1}/_{2}$	»
5. Fimtungur atkvæðamagns	90	72	50	»
Samtals:	$1027^{1}/_{2}$	822	$570^{5}/_{6}$	$256^{2}/_{3}$

og er strykað undir fimm hæstu tölurnar, **450, 360, 250, 225,** og **180.** Af þessum tölum á A-listinn tvær, B-listinn tvær og C-listinn eina, en D-listinn enga; sá listi fær því engan fulltrúa og kemur ekki frekar til greina, en hinir listarnir eru kosnir, og fá fulltrúa eins og tölurnar tilvísa, A-listinn og B-listinn sína tvo hvor, og C-listinn einn.

Til þess nú að finna, hver þingmannsefni á hverjum framboðslista hafa náð kosningu, er reiknað atkvæðamagn hvers einstaks þingmannsefnis, eftir því sæti í röðinni sem hver hefur fengið á hverjum kosnum framboðslista.

Fyrst er lesinn upp A-lista bunkinn, af því A-listinn hefur flest atkvæði. Á þeim lista standa nöfnin Álfgeir Álfgeirsson, Ámundi Ámundason, Árni Árnason, Ásgeir Ásgeirsson og Áskell Áskelsson. Á fyrsta seðli, sem upp er lesinn, hefur talan 1 verið sett við nafn Árna, 2 við Ámunda, 3 við Álfgeir, 4 við Áskel og 5 við Ásgeir; á næsta seðli stendur talan 1 við nafn Ásgeirs, og 2 við Áskel, en ekki fleiri tölumerki. Á þriðja seðli eru engin tölumerki sett við nöfnin, á fjórða seðli stendur talan 1 við Ámunda, 2 við Ásgeir, en Álfgeirs nafn er strykað út o. s. frv. Þetta marka kjörstjórarnir á blað, í sjerstakan dálk fyrir hvert þingmannsefni, þannig:

Álfgeir	Ámundi	Árni	Ásgeir	Áskell
1/3	1/2	1	1/5	1/4
1/3	1/4	1/5	1	1/2
1	1/2	1/3	1/4	1/5
...	1	1/3	1/2	1/4

o. s. frv.

Þegar búið er að lesa upp alla seðlana í A-lista bunkanum, taka aðstoðarmenn kjörstjórnar við blöðunum og leggja saman tölurnar, og er umboðsmönnum listans heimilt að vera með í því verki; en kjörstjórnin tekur fyrir næsta bunka og svo koll af kolli. Þegar búið er að telja saman atkvæði á öllum þeim listum, sem fulltrúa eiga að fá eftir atkvæðamagni listanna, skal skrifa upp, undir hverjum listabókstaf, nafnaraðir listanna, að tilgreindri þeirri atkvæðatölu við hvert nafn, er fundist hefur við samtalninguna, þannig.

A-listinn		**B-listinn**		**C-listinn**	
Álfgeir	102 1/2	Benedikt	145 [+ 105]	Eggert	130
Ámundi	301	Bergur	200	Eilífur	205
Árni	323	Bjarni	300	Emil	55
Ásgeir	209	[Björn	75]	Björn	75 5/6 (+ 75)
Áskell	91 4/5	Bogi	102	[Benedikt	105]
Samtals	1027 3/10	Samtals	822	Samtals	570 5/6

Af þessum atkvæðatölum sjest, að einungis eitt nafn hefur verið strykað út á A-lista á einum kjörseðli, því þar vantar 1/5 á, að samtala atkvæðatalnanna komi saman við samtölu útkomutalnanna. En sje enginn útstrykaður, hlýtur þessum tölum að bera saman, því að þær eru þá báðar = 1 + 1/2 + 1/3 + 1/4 + 1/5 af atkvæðatölu þeirri, er listinn hefur hlotið. Með því að auðvelt er að hafa tölu á því, hve mörg nöfn eru útstrykuð í hverjum listabunka, er með þessum samanburði atkvæðatalna allra þingmannsefna á hverjum lista við samtölu útkomutalna listans hægt að sjá fljótlega, hvort samtalning atkvæðabrotanna er rjett.

Á A-listanum hafa þeir Árni og Ámundi fengið flest atkvæði (323 og 301). Á B-listanum hafa þeir Bjarni og Bergur flest atkvæði (300 og 200), og á C-listanum hefur Eilífur flest atkvæði (205). Þessir 5 menn ættu því að vera kosnir, ef sömu menn hafa ekki fengið atkvæði á fleiri listum. En nú hefur Benedikt auk sinna 145 atkvæða á B-listanum fengið 105 atkvæði á C-listanum, og hefur þannig samtals 250 atkvæði eða 50 atkvæðum fleira en Bergur, og er því hann kosinn, en hinn ekki. Næst-hæst atkvæði á eftir þeim, sem kosning hafa náð á hverjum lista hafa Ásgeir, Bergur og Eggert. En nú hefur Björn auk 75 5/6 atkvæða á C-listanum fengið 75 atkvæði á B-listanum, eða samtals 150 5/6 atkv. er teljast honum á C-listanum, og verður hann því varamaður þar, sbr. 31. gr. þessa frv., en ekki Eggert.

Þessar atkvæðatölur, sem hjer er talið, að hver hafi fengið, eru ekki *atkvæði* í venjulegum skilningi þessa orðs, heldur *samanburðartölur*, sem notaðar

eru til þess, að ákvarða fylgi hinna ýmsu þingmanna, eftir þeim sætum, sem kjósendur hafa skipað þeim í röðinni á hverjum lista. Þegar um það er að ræða, í hverri röð þingmennirnir sjeu kosnir, þ. e., hver sje fyrsti, annar, þriðji o. s. frv. þingmaður kjördæmisins, tjáir því eigi að fara beint eftir upphæð þessara atkvæðatalna. Eftir frumvarpsgreininni teljast þingmennirnir kosnir í þeirri röð, sem útkomutölur listanna til segja. En þetta er þannig að skilja: Þeir kjósendur, sem gefið hafa hverjum lista atkvæði, skoðast sem kjörflokkur, sem á rjett á fulltrúamagni, eftir fjölda þeirra kjósenda, sem bera listann uppi. Í því dæmi, sem hjer er tekið, er það ljóst, að A-listinn, sem borinn er uppi af fjölmennasta kjörflokknum, á rjett á, að fá fyrst fulltrúa, og spurningin er þá, hvort hann eða annarhvor hinna listanna, sem fulltrúa eiga að hljóta, eigi að fá þann næsta. Taki menn strax tvo fulltrúa fyrir A-listann, er hver þeirra að eins borinn uppi af 225 kjósendum, því allt atkvæðamagn listans er 450 atkvæði. En B-listinn hefur 360 kjósendur; það er því ljóst, að áður en A-listinn fær annan fulltrúa til, verður B-listinn að fá fulltrúa, því hann hefur meira atkvæðamagn fyrir einn mann, en hinn fyrir tvo. B-listinn fær þannig annan fulltrúann. — C-listinn er borinn uppi af 250 kjósendum. Hann hefur því meira atkvæðamagn til eins fulltrúa en hvor um sig af hinum listunum til tveggja fulltrúa. Hann fær þannig þriðja þingmanninn. A-listinn hefur meira atkvæðamagn en hvor hinna til þess að bera tvo fulltrúa úr býtum og fær því fjórða þingmanninn. En fimta þingmanninn htýtur B-listinn að fá, því hann hefur meira atkvæðamagn fyrir tvo fulltrúa heldur en A-listinn fyrir þrjá eða C-listinn fyrir tvo. Röð hinna kosnu þingmanna verður því þannig;

1. Þingmaður N.-kjördæmis Árni Árnason (323).
2. Þingmaður —»— Bjarni Bjarnason (300).
3. Þingmaður —»— Eilífur Eilífsson (205).
4. Þingmaður —»— Ámundi Ámundason (301).
5. Þingmaður —»— Benedikt Benediktsson (250).

Deyi Árni eða Ámundi, leggi niður þingmensku eða missi kjörgengi á kjörtímabilinu, er Ásgeir (209) kvaddur þingsetu; fyrir Bjarna eða Benedikt kæmi Bergur (200) og fyrir Elíf kæmi Björn ($150^{5}/_{6}$).

Það tjáir ekki að láta auka-atkvæði, sem þingmannsefni kynnu að hafa fengið á listum, sem ekki eiga að fá neinn fulltrúa eftir atkvæðamagni sínu, koma til greina, þegar af þeirri ástæðu, að þingmennirnir verða að teljast kosnir á þeim lista, sem þeir fá flest atkvæði á, og gæti þá svo farið, að þeir ættu að teljast kosnir á lista, sem engan fulltrúa á að fá, enda gæti það valdið hinum mesta glundroða, ef slíkir aukalistar, sem ekki hafa tiltölulegan atkvæðafjölda við að styðjast, ættu að geta gripið inn í atkvæðagreiðslu hinna kjörflokkanna og ruglað röð þeirra.

Það ákvæði, að ef ei standi svo mörg nöfn á lista, sem honum ber fulltrúar eftir atkvæðatölu, skuli taka það sem á vantar af þeim lista, er mest atkvæðamagn hefur, er svo að skilja, að þá skuli taka nafn af þeim ótæmda lista, sem flestir hafa kosið.

Um 28. grein.

Í ákvæðum þessarar greinar er sama regla eins og gildir eftir kosningarlögunum. Reglan gildir auðvitað bæði um jafnt atkvæðamagn tveggja lista, er keppa hvor við annan og um jafnar útkomutölur og atkvæðatölur. Hafi þing-

mannsefni sömu atkvæðatölu á tveimur listum, ræður hlutkesti, á hverjum listanum hann skuli teljast kosinn.

Um 29. og 30. gr.

er ekkert að athuga.

Um 31. gr.

Til þess að koma sem mest í veg fyrir kostnað þann og umsvif, sem aukakosningar hafa í för með sjer, og girða fyrir það, að þingmannssæti standi auð, ef þingmanns missir við nálægt þingbyrjun eða um þingtímann, er það nýmæli tekið upp í þessari grein, að kveðja skuli þingsetu þann, er næst hafði atkvæði á þeim lista, sem þingmaður sá, er frá fer, var kosinn á. Það leiðir af eðli hlutfallskosninganna, að eigi tjáir að kveðja til mann af öðrum kjörflokki, og sje því enginn eftir á þeim framboðslista, verður aukakosning að fara fram. En það ætti sjaldan að geta komið fyrir, enda ætti ákvæði þetta að verða til þess, að takmarka tölu ófullkominna framboðslista.

Um 32. gr.

Þar sem um langar ferðir getur verið að ræða fyrir yfirkjörstjóra og langa burtuveru frá heimilum, þykir sjálfsagt að þeir fái ferðakostnað greiddan auk fæðispeninga. Skiftingin á kostnaðinum er eins og frv. 1905. Aftur á móti þykir nægilegt, að undirkjörstjórar, sem að eins ferðast innanhrepps fái 4 kr. á dag fyrir ferðakostnað og fæðispeninga samtals.

Um 33.—38. gr.

Í kosningalögunum eru engin ákvæði um það, hvernig fara skuli með mál út af brotum gegn þeim. Hjer er ákveðið, að brot þau, sem ræðir um í 61. og 62. gr. laganna, sæti sakamálsmeðferð, en önnur smærri brot skuli farið með sem opinber lögreglumál.

Með því að erfitt mundi að finna hentuga skifting á sektum milli sýslusjóða og bæjarsjóða í kjördæmunum, er það lagt til, að allar sektir eftir kosningalögunum renni í landssjóð, enda er það sjálfsagt um þau mál, er sakamálsmeðferð sæta.

Frumvarp til laga

um

skipun sóknarnefnda- og hjeraðsnefnda.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Í hverri kirkjusókn landsins skal vera sóknarnefnd og í prófastsdæmi hverju hjeraðsnefnd til að annast þau kirkjuleg málefni, sem sóknina og prófastsdæmið varða.

2. gr.

Sóknarnefndin skal halda að minsta kosti einn almennan safnaðarfund ár hvert, til að ræða um kirkjuleg málefni safnaðarins.

Aukafundi skal halda þegar meiri hluti sóknarnefndar fer fram á það.

Sóknarnefndin kýs sjer oddvita úr sínum hóp. Oddviti stýrir fundum nefndarinnar, en að öðru leyti skifta nefndarmenn störfum með sjer.

Sóknarnefndin skal gefa presti kost á að sækja fundi sína.

3. gr.

Safnaðarfund skal boða með hálfsmánaðar fyrirvara, á kirkjufundi eða á annan hátt, sem tíðkanlegur er í sókninni.

Hamli veður, ófærð, umgangsveiki eða önnur ósjálfráð atvik ferðum manna, skal sóknarnefnd boða fund að nýju, ef meiri hluti atkvæðisbærra manna í söfnuðinum sækir ekki fundinn. Hamli ósjálfráð atvik aftur á móti ekki, skal halda fundinn, þó að meiri hluti kjósenda sje ekki mættur.

Um mál þau, er að lögum liggja undir samþykki safnaðarfundar, skal sóknarnefndin auglýsa tillögur sínar um leið og fundurinn er boðaður. Sóknarnefndin ber síðan tillögurnar fram til samþyktar á fundinum, og má þá þær einar breytingar á þeim gjöra, er sóknarnefndin aðhyllist.

Afl atkvæða ræður málsúrslitum á safnaðarfundum.

4. gr.

Aðalsafnaðarfund skal ætíð halda í maímánuði.

Á fyrstu aðalfundum eftir að lög þessi öðlast gildi, skal kjósa menn í all-

ar sóknarnefndir á landinu. Þar sem 1000 manns eða fleiri eru í sókninni skal kjósa 5, en þar sem færri eru 3.

5. gr.

Hver sóknarmaður, karl eða kona, sem telst til þjóðkirkjunnar, er fullveðja og hefir óflekkað mannorð, hefir atkvæðisrjett á safnaðarfundi og kosningarrjett og kjörgengi til sóknarnefndar, kjörgengi þó því að eins, að löglega eigi með sig sjálfur.

6. gr.

Kosningin gildir fyrir 6 ár. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skifti, skulu, að þrem árum liðnum, 2 eða 3 ganga úr nefndinni, eftir því hvort tala nefndarmanna er 3 eða 5.

Geti nefndarmenn ekki komið sjer saman um, hverjir úr skuli ganga, ræður hlutkesti, en hinn hlutinn skal fara frá að 6 árum liðnum. Samkvæmt þessu fara síðan ávalt hinar tvær deildir nefndarmanna frá 3. hvert ár á víxl. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá sjerlegra orsaka vegna, áður en þau 6 ár eru liðin, er hann var kosin fyrir, skal sá, er kosinn verður í hans stað að eins sitja í nefndinni þann tíma af þeim 6 árum, sem eftir er. Þann, sem gengur úr nefndinni, má kjósa á ný; en hafi hann verið í nefndinni 3 ár eða lengur, er hann ekki skyldur að taka aftur við kosningu, fyr en liðinn er jafnlangur tími, og hann hafði verið í nefndinni.

Eins skal sá, sem orðinn er sextugur, mega skorast undan kosningu.

7. gr.

Sóknarnefndin skal auk starfa þeirra, sem henni eru eða verða fengin með sjerstökum lögum, stuðla til þess að guðsþjónusta safnaðarins fari sómasamlega fram, vera prestinum til aðstoðar í því að viðhalda og efla góða reglu og siðsemi í söfnuðinum, styðja með honum uppfræðingu ungmenna og vera honum samhent um að halda uppi samlyndi og friðsemi á heimilunum og meðal allra í söfnuðinum.

8. gr.

Sóknarnefndin annast kirkjusöng og hljóðfæraslátt samkvæmt lögum nr. 21, frá 22. maí 1890, og útvegar meðhjálpara við guðsþjónustuna.

9. gr.

Sóknarnefndin annast um kirkjugarða samkvæmt lögum nr. 39, frá 8. nóv. 1901.

10. gr.

Nú hefir söfnuður umsjón og fjárhald kirkju, og skal þá sóknarnefnd hafa á hendi skyldur þær, er nýnefnd lög tiltaka.

11. gr.

Skylduvinnu þeirri, er sóknarmenn eiga til að leggja þá er kirkja er bygð, skal sóknarnefndin jafna niður. Hafa skal nefndin og umsjón með því hvernig verkinu er hagað.

12. gr.

Nú hefir sóknarnefnd tekið að sjer innheimtu kirkjutekna samkvæmt lögum nr. 20, frá 22. maí 1890, og fer um þá innheimtu eins og segir í nefndum lögum.

13. gr.

Sóknarnefndin hefir á hendi innheimtu sóknartekna samkvæmt lögum um laun presta.

14. gr.

Sóknarnefndin býr til kjörskrá til prestkosninga og tekur að öðru leyti þann þátt í undirbúningi undir kosningu presta, sem mælt er fyrir um í lögum um það efni.

15. gr.

Á aðalsafnaðarfundi skal kjósa einn safnaðarfulltrúa fyrir sóknina til 6 ára í senn, enda sjeu safnaðarfulltrúar kosnir um land alt á fyrstu aðalfundum eftir að lög þessi öðlast gildi. Um kosningu hans og kjörgengi gilda hinar sömu reglur, sem settar eru um kosningu sóknarnefndarmanna í 5. gr.

Safnaðarfulltrúar hafa 3 kr. fyrir dag hvern, sem þeir eru utan heimilis vegna hjeraðsfunda, og jafnar sóknarnefndin þeim kostnaði niður á alla atkvæðisbæra sóknarmenn.

16. gr.

Hjeraðsprófastur skal á ári hverju í júní eða september halda hjeraðsfund og kveðja til fundarins alla presta og safnaðarfulltrúa hjeraðsins, til að ræða og útkljá þau kirkjuleg málefni er hjeraðið varða.

Prófastur stýrir fundinum.

17. gr.

Þá er hjeraðsfundur lögmætur, er meira en helmingur presta og safnaðarfulltrúa í því hjeraði eru á fundi. Það mál er samþykkt á hjeraðsfundi, sem hlotið hefir meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru.

18. gr.

Prófastur leitar álita fundarins um hvernig prestar og sóknarnefndir gegni köllun sinni, einkum að því er lýtur að mentun og uppfræðing ungmenna. Á fundinum leggur prófastur fram endurskoðaða reikninga kirkna í hjeraðinu fyrir síðastliðið reikningsár, til umræðu og úrskurðar.

19. gr.

Hverjum fundarmanni er rjett að bera upp á hjeraðsfundi tillögur sínar um sjerhvert það atriði, er lýtur að kirkjulegum málum og skipun þeirra, svo sem uppfræðslu barna, reglu og siðsemi í söfnuðinum, eignum kirkna og meðferð á þeim, upptekt, niðurlagning og færslu kirkna, breyting á sóknum og prestaköllum.

Allar samþyktir hjeraðsfundar sendir prófastur biskupi. Ef fundarmenn úr sóknum þeim, sem hlut eiga að máli, greinir á við meiri hluta fund-

armanna, þá er þeim heimilt að fá bókaðan ágreining sinn við fundarsamþyktina, og er prófasti skylt að senda biskupi ágreiningsálit þeirra með fundarsamþyktinni.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908 og eru lög nr. 5, frá 27. febrúar 1880, lög nr. 11, frá 12. maí 1882, að því er snertir byggingu kirkna, og lög nr. 18, frá 16. sept. 1893 jafnframt úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá nefnd þeirri, er skipuð var samkvæmt allrahæstum úrskurði 2. mars 1904, til þess að íhuga og koma fram með tillögur um kirkjumál landsins, hefir stjórnarráðið fengið frumvarp til laga um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.

Frumv. þetta gjörir engar verulegar breytingar á gildandi ákvæðum um hjeraðsnefndir, aðrar en þær, að safnaðarfulltrúa skuli kjósa til 6 ára í staðinn fyrir til eins árs og, að þeir fái þóknun fyrir að sækja hjeraðsfundi, 3 kr. á dag.

Á skipun sóknarnefnda og verksviði gjörir frumvarpið aftur á móti allmiklar breytingar. Sóknarpresturinn, sem eftir gildandi lögum á sæti í sóknarnefndinni, á eftir frumvarpinu ekki að eiga sæti í henni, en nefndin á að gefa presti kost á að sækja fundi sína. Sóknarnefndarmenn eru nú kosnir til eins árs að eins, en eftir frumvarpi nefndarinnar á að kjósa þá til 6 ára. Nú hefir hver sóknarmaður, sem geldur til prests og kirkju, atkvæðisrjett á safnaðarfundi og kosningarrjett og kjörgengi til sóknarnefndar. Frumvarpið vill veita þennan rjett hverjum sóknarmanni, karli eða konu, sem fullveðja er og hefur óflekkað mannorð, þó kjörgengi því að eins að löglega eigi með sig sjálfur. Frumv. heimtar ekkert lágmark tölu fundarmanna til þess að fundur sje lögmætur, nema svo sje að ósjálfráð atvik hefti ferðir manna. Af því að ekki er heimtað neitt lágmark tölu fundarmanna til þess að fundarfært sje, getur farið svo að mikilsvarðandi málefnum sje ráðið til lykta, þótt eigi sje á fundi nema örlítill hluti atkvæðisbærra sóknarmanna. Á móti þessu kemur það, að sóknarnefnd á að »auglýsa tillögur sínar um leið og fundur er boðaður«, og »má þær einar breytingar á þeim gjöra, er sóknarnefndin aðhyllist«. Með því er nokkur trygging fengin fyrir því, að ekki verði neitt verulegt afráðið á safnaðarfundi, er sóknarmönnum yfirleitt komi mjög á óvart. Frumvarpið kveður nánara á, en nú er í lögum gjört, um störf nefndarmanna.

Leitað hefir verið álits biskups um frumvarp þetta, og hefir hann lýst því að hann fjellist á það.

Stjórnarráðið er og þeirrar skoðunar, að frumvarpið sje fremur rjettarbót og hefir eigi þótt ástæða til þess að gjöra á því neinar breytingar nema þessar tvær óverulegu orðabreytingar:

1. Að á eftir orðunum í 5. gr.: »karl og kona, sem« er eftir tillögu biskups skotið inn: telst til þjóðkirkjunnar,
2. Að úr 10. gr. er feld í burtu tilvitnunin til laga nr. 13. frá 12. maí 1882, um umsjón og fjárhald kirkna, bæði af því að eigi er beint þörf á þeirri tilvitnun, og svo af hinu, að væntanlega verða ný lög um það sett á sama tíma sem þetta frumvarp yrði að lögum.

Álit biskups er prentað hjer á eftir sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

ÍSLANDS BISKUPSDÆMI.

Reykjavík, 18. desbr, 1906.

— — — — — — — — — — — — — — — — — — —

Frumvarp til laga um skipun sókna- og hjeraðsnefnda.

Menn hafa af reynslunni sannfærst um ýmsa agnúa eða galla á lögunum um þetta efni frá 27. febr. 1880, einkum er samband prests og sóknarnefndar óljóst og lítt ákveðið, sóknarnefndir eru kosnar að eins til eins árs, en árleg breyting á þessu er mjög óhentug. Verksvið nefndanna er lítt ákveðið. Safnaðarfulltrúum er engin borgun ákveðin, og af því stafar það að miklum mun, hversu illa hjeraðsfundir einatt hafa verið sóttir. Skylda sóknarnefndarmanna til að vera meðhjálparar presta í kirkju hefir sumstaðar reynst óheppileg kvöð.

Úr öllum þessum göllum bætir frumvarpið að jeg ætla á hagfeldan hátt. Svo bætir það við nýjum ákvæðum, sem jeg get felt mig við, t. d. ákvæðið um safnaðarfundahald í 3. gr., og ákvæði sömu greinar um auglýsing fundarmálefna, meðferð nefndarmanna á þeim, og takmörkun á ályktunarheimild safnaðarfundar.

Rýmkun á kosningarrjetti og kjörgengi í 5. gr. er í mjög frjálslega átt og sennilega ekki að neinu leyti athugaverð. Til fyllri vissu væri, að minni hyggju, rjettara að skjóta inn í greinina á eftir orðunum »karl og kona« *sem heyrir til þjóðkirkjunni,* er fullveðja o. s. frv.

Ákvæðið í 13. gr. um skyldu sóknarnefndar til innheimtu sóknartekna stendur í nánu sambandi við frumvarp til laga um laun sóknarpresta.

— — — — — — — — — — — — — — — — — — —

Hallgr. Sveinsson.

Til

stjórnarráðs Íslands.

Frumvarp til laga

um

laun prófasta.

---

1. gr.

Auk þeirra launa, sem prófastar hafa hingað til haft fyrir starfa sinn samkvæmt gildandi lögum, skulu þeim veitt úr landssjóði ákveðin árslaun svo sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Árslaun þau, sem gert er ráð fyrir í 1. gr., ákveðast þannig: Prófastarnir í Norður-Múlaprófastsdæmi, Suður-Múlaprófastsdæmi, Rangárvallaprófastsdæmi, Árnesprófastsdæmi, Kjalarnesprófastsdæmi, Snæfellsnesprófastsdæmi, Barðastrandarprófastsdæmi, Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, Húnavatnsprófastsdæmi, Skagafjarðarprófastsdæmi, Eyjafjarðarprófastsdæmi og Suður-Þingeyjarprófastsdæmi fá að launum 200 kr. hver. Prófastarnir í Austur-Skaftafellsprófastsdæmi, Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi, Borgarfjarðarprófastsdæmi, Mýraprófastsdæmi, Dalaprófastsdæmi, Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi, Strandaprófastsdæmi og Norður-Þingeyjarprófastsdæmi fá að launum 100 kr. hver.

3. gr.

Prestar tilnefna prófastsefni á sama hátt og nú, en landsstjórnin skipar prófasta með ráði biskups.

Athugasemdir við frumvarp þetta:

Frá nefnd þeirri, er skipuð hefir verið samkvæmt konungsúrskurði 2. mars 1904, til þess að íhuga og koma fram með tillögur um kirkjumál landsins, hefir stjórnarráðið fengið frumvarp til laga um laun prófasta, og

átti nefndin samkvæmt umboðsskránni að koma fram með tillögur um þetta atriði. Leggur nefndin til, að prófastarnir í 12 hinum mannfleiri prófastsdæmum landsins fái úr landssjóði 200 kr. hver í árslaun, en hinir 100 kr. hver, »auk þeirra launa, sem prófastar hafa hingað til haft fyrir starfa sinn, samkvæmt gildandi lögum«. Með tilliti til þess að próföstum eru ætluð laun úr landssjóði, og þeir hins vegar eiga að hafa eftirlit með innheimtu prestslauna, er sú breyting gjörð á gildandi ákvæðum, að landsstjórnin skipi prófasta (með ráði biskups), en nú skipar biskup prófasta.

Þótt upphæð launanna sje í allra lægsta lagi, þá hefir stjórnarráðið þó eigi treyst sjer til að fara fram á það, að þau yrðu ákveðin hærri en nefndin hefir lagt til. Að öðru leyti felst stjórnarráðið og á ákvæði frumvarpsins og tekur það upp óbreytt, eins og það kom frá nefndinni.

Álit biskups um frumvarp þetta hefur verið fengið og er það prentað hjer á eftir.

Fylgiskjal.

ÍSLANDS BISKUPSDÆMI.

Reykjavík, 15. janúar 1907.

— — — — — — — — — — — — — — — — — — —

Frumvarp um laun prófasta.

Við þetta frumvarp hef jeg lítið að athuga. Jeg hefði að vísu heldur kosið, að núverandi vísitasíulaunum hefði verið afljett, og launin aukin að því skapi, því að ýmsar kirkjur eru svo tekjulitlar, að þessi laun, þó smá sjeu, muna þær ekki svo lítið. Og vegna þeirra munu sumir prófastar hlífast við að vísitera svo oft sem þeir ella mundu gjöra og ástæða væri til, til þess að baka ekki þessum fátæku kirkjum útgjöld.

Hin ákveðnu laun prófastanna eru lág í sjálfu sjer, og einnig með tilliti til þess að hin ráðgerðu lög um laun presta leggja allmikil aukin störf á prófastana. En bót er þó að þessum ákveðnu föstu launum frá því sem nú er. Nefndin kannast sjálf við það, að hún hafi stungið upp á hinum minstu launum, sem fært sje. Væri því óskandi að stjórnin og þingið sæi sjer fært að auka heldur nokkru við, heldur en að draga af, þar sem störfin stöðugt fara vaxandi, og búast má við að því haldi áfram.

— — — — — — — — — — — — — — — — — — —

Hallgr. Sveinsson.

Til
stjórnarráðs Íslands.

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Störf þau, sem byggingarnefndin hefur hingað til haft á hendi samkvæmt opnu brjefi 26. janúar 1866 um að stofna byggingarnefnd í kaupstaðnum Ísafirði, skulu liggja undir bæjarstjórnina, og ræður hún framvegis byggingarmálum kaupstaðarins á þann hátt, sem segir í eftirfarandi greinum.

2. gr.

Hafnarmálefnum Ísafjarðarkaupstaðar skal bæjarstjórnin framvegis ráða á þann hátt, er segir í næstu grein hjer á eftir. Þó skal stjórnarráð Íslands staðfesta alla taxta um hafnargjöld og setja eftir tillögum bæjarstjórnar reglugjörð til viðhalds góðu skipulagi á höfninni.

3. gr.

Byggingarnefnd annast framkvæmd á störfum þeim, sem greind eru í 1. gr.; skulu í henni sitja bæjarfógeti og 4 menn aðrir, er bæjarstjórnin kýs, tvo þeirra úr sínum flokki. Hafnarnefnd annast hafnarmálefni, og skulu í henni vera bæjarfógeti og 2 menn aðrir, valdir af bæjarstjórninni, að minsta kosti annar úr hennar flokki. Nefndarmenn þeir, sem kosnir eru utan bæjarstjórnar, eru skyldir að taka við kosningu; þó gilda sömu synjunarástæður og sama starfstímatakmörkun fyrir þá og fyrir bæjarstjórnarmenn samkvæmt lögum um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað frá 8. október 1883.

4. gr.

Et lóðareiganda þykir rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða

byggingarnefndar í þeim málum, er greind eru í 1. gr., má hann skjóta honum til stjórnarráðsins.

5. gr.

Nú þykir bæjarstjórninni æskilegt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál kaupstaðarins en þá eru í lögum, og má þá setja þau með byggingarsamþykt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndarinnar og stjórnarráðið staðfestir. Í byggingarsamþykt má ákveða sektir fyrir brot svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er af ákvæðum byggingarsamþyktarinnar leiðir; svo má þar og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir. Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf fyrir einstaka menn skulu hafa lögtaksrjett, og renna þau í bæjarsjóðinn.

6. gr.

15. og 16. gr. í lögum um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað frá 8. október 1883 falli úr gildi.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Bæjarfógetinn í Ísafjarðarkaupstað hefur farið þess á leit við stjórnarráðið, að það leggi fyrir alþingi frumvarp til laga, sem heimili bæjarstjórninni að setja byggingarsamþykt fyrir kaupstaðinn og rýmki að öðru leyti vald hennar yfir byggingarmálunum, sjerstaklega gagnvart byggingarnefnd kaupstaðarins.

Í þessu efni hefur þótt rjett að taka það fyrirkomulag til fyrirmyndar, sem komst á byggingarmálefni Reykjavíkurkaupstaðar með lögum nr. 17 frá 13. september 1901, og er lagafrumvarp þetta því sniðið eftir ákvæðum þeirra laga.

Jafnframt því að byggingarmálefnin eru lögð undir bæjarstjórnina hefur þótt rjett að fá henni einnig í hendur hafnarmálefni kaupstaðarins, á líkan hátt og hafnarmál Reykjavíkur voru fengin bæjarstjórninni þar með nýnefndum lögum.

1. gr. frumvarpsins er samhljóða 2. gr. nefndra laga fyrir Reykjavík 13. sept. 1901, með þeirri breytingu, sem leiðir af því, að byggingarmál á Ísafirði hafa ekki legið undir amtmann, nema að því er snertir áfrýjun í einu tilfelli, en það starf amtmanns er lagt undir stjórnarráðið með tilskipun 23. ágúst 1904.

2. gr. er samhljóða tilsvarandi ákvæðum 3. gr. Reykjavíkurlaganna.

4. gr. er samhljóða 4. gr. nefndra laga og 5. gr. samkvæm 5. gr. þeirra að því undanskildu, að 2. málsgrein þessarar greinar frumvarpsins er tekin eftir 5. gr. laga fyrir Akureyrarkaupstað nr. 55 frá 10. nóvember 1905 og ákvæðunum í lögum nr. 34 frá 23. október 1903 er bætt við.

Við 6. og 7. gr. frumvarpsins er ekkert sjerstaklegt að athuga.

Frumvarp til laga

um

laun sóknarpresta.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Hver sóknarprestur fær að byrjunarlaunum 1200 kr. á ári. Þegar hann er orðinn eldri að embættisaldri en fullur þriðjungur sóknarpresta landsins, fær hann í laun 1400 kr. á ári, og þegar hann er orðinn eldri að embættisaldri, en fullir tveir þriðjungar sóknarpresta landsins, fær hann í laun 1600 kr. á ári.

2. gr.

Auk launa þeirra, sem ákveðin eru í 1. grein, fær dómkirkjupresturinn í Reykjavík 1600 kr. á ári. Þá fá og sóknarprestarnir í eftirtöldum prestaköllum, fyrir erfiðleika sakir, árlega þá aukaþóknun, sem nefnd er hjer á eftir við hvert þeirra:

1.	Hof í Vopnafirði	150,00 kr.
2.	Kirkjubær í Hróarstungu	200,00 —
3.	Hof í Álftafirði	200,00 —
4.	Þykkvabæjarklaustur...	150,00 —
5.	Torfastaðir	200,00 —
6.	Suðurdalaþing	150,00 —
7.	Staður á Reykjanesi	200,00 —
8.	Dýrafjörður	200,00 —
9.	Vatnsfjörður	300,00 —
10.	Möðruvallaklaustur	150,00 —

11. Laufás ... ... 200,00 —
12. Háls í Fnjóskadal ... ... 300,00 —
13. Skútustaðir ... ... 200,00 —
14. Skinnastaðir... ... ... 200,00 —

Nú batnar eitthvert af nefndum prestaköllum að stórum mun að yfirferð, vegna aukinna vega, nýrra brúa, af því að bygð á útkjálkum legst niður, eða af öðrum ástæðum, og getur landsstjórnin þá, við næstu prestaskifti, flutt erfiðleikauppbótina, með ráði biskups, yfir á annað erfitt prestakall.

3. gr.

Persónuleg launaviðbót veitist ennfremur þeim 20 sóknarprestum, er skara fram úr öðrum að embættisdugnaði og kennimannlegri starfsemi, þannig að tíu þeirra fái árlega 200 kr., sex fái 400 kr. og fjórir fái 600 kr.

4. gr.

Auk launa þeirra, sem ákveðin eru í undanförnum greinum, ber hverjum presti borgun fyrir aukaverk eftir gildandi lögum, þó svo, að borgun fyrir aukaverk í þarfir þurfamanna greiðist úr sveitarsjóði. Presturinn innheimtir sjálfur borgun fyrir aukaverk.

5. gr.

Stjórnarráðið veitir hina persónulegu launaviðbót, sem nefnd er í 3. gr., með ráði biskups, úr flokki þeirra presta, sem hjeraðsnefndir hafa bent á. Hver sá, sem fengið hefur slíka persónulega launaviðbót, heldur henni meðan hann stundar embætti sitt vel að sjálfráðu.

6. gr.

Prestar fá laun sín af eftirnefndum tekjum:

1. Af eftirgjaldi fasteigna, arði af ítökum og prestsmötu.
2. Af sóknartekjum þ. e. preststíund, offri, lausamannagjaldi, lambsfóðrum og dagsverkum.
3. Af vöxtum af peningaeign prestakalla.
4. Af framlögum landssjóðs.

7. gr.

Afgjald af fasteignum prestakallsins, þar með talin matsupphæð á afgjaldi eftir prestssetrið, arð af ítökum og prestsmötu, tekur prestur að svo miklu leyti, sem gjöld þessi fara ekki fram úr launum hans samkvæmt 1. og 2. gr., undir sjálfum sjer, með því ákvæðisverði, sem sett er á gjöld þessi í matsgjörð, er fari fram 10. hvert ár.

8. gr.

Ákvæðisverð gjalda þessara um næstu 10 ár fer eftir mati því, er fram fór 1899. En ákvæðisverð fyrir næsta 10 ára tímabil þar á eftir skal finna

þannig: Tveimur árum áður en fyrsta 10 ára tímabil er á enda, skal prestur hver senda prófasti sínum tvíritaða skýrslu — eftir fyrirmynd, er biskup semur — um tekjur af öllum kirkjueignum í prestakalli sínu þ. e. eftirgjald kirkjujarða, lóðargjöld, arð af ítökum, innstæðupeningum eða vaxtafje og prestsmötu, sem og matsgjörð dómkvaddra manna á eftirgjaldi eftir prestssetrið sjálft, að fráskildu íbúðarhúsi. Skýrsla þessi skal einnig bera með sjer, hvað tekjugreinar þær, sem þar eru taldar, hafi verið hver um sig að meðaltali næstu 5 árin á undan.

9. gr.

Þá er skýrslur þær, sem nefndar eru í 8. gr., eru komnar til prófasts, sendir hann landsstjórninni annað eintak þeirra. En stjórnin setur síðan í krónutali — samkvæmt skýrslum þessum — ákvæðisverð á tekjur af kirkjueignum í hverju prestakalli, sem og prestsmötu. Skal svo á sama hátt ávalt undirbúa ákvæðisverð í hönd farandi 10 ára tímabils.

Skýrslu um ákvæðisverð þetta í öllum prestaköllum landsins skal birta í Stjórnartíðindunum, þegar er það er ákveðið, og auk þess senda hverjum presti og hverri sóknarnefnd sjerprentun af skýrslunni.

10. gr.

Í hverju því prestakalli, þar sem presturinn hefur hingað til haft ákveðið prestssetur, heldur hann ábúðarrjetti á því framvegis, og gengur eftirgjaldið upp í laun hans.

11. gr.

Hver prestur hefur umsjón yfir öllum þeim kirkjueignum, sem liggja í prestakalli hans, og innheimtu á tekjum af þeim, svo og prestsmötu. Fyrir þetta fær hann 6% af því, sem hann innheimtir hjá öðrum.

12. gr.

Prestar hafa byggingarráð á kirkjueignum þeim, er þeir hafa umráð yfir; þó skal bygging á jörðum því að eins fullgild, að prófastur hafi ritað samþykki sitt á byggingarbrjefið.

Þegar kirkjujarðir eru framvegis bygðar, skal eftirgjaldið ákveðið í peningum og gjalddagi 31. desbr ár hvert. Ef lóðarblettur eða önnur jarðarnot eru leigð lengur en leiguliði getur sjálfur notað þau, þá skal ávalt ákveðinn leigutími til nefndur, eigi lengri en 50 ár, og er slíkur leigusamningur eigi fullgildur, nema samþykki biskups komi til.

13. gr.

Prestinum ber að hafa eftirlit með því, að kirkjujarðirnar sjeu vel setnar, og að ekkert gangi undan þeim af því, sem þeim fylgt hefur og fylgja

ber. Hann má ekki líða neinum leiguliða að láta tún eða engi fara í órækt eða jörðina skemmast á annan hátt af hans völdum. Hann skal og gæta þess, að leiguliði láti eigi innstæðukúgildi falla eða hús hrörna um skör fram, og er það á prestsins ábyrgð, ef hann vanrækir þetta. Eftirlit með prestssetrum og úttekt á þeim fer eftir sömu reglum og hingað til.

14. gr.

Nú hrekkur ákvæðisverð á eftirgjaldi kirkjueigna — þar í talin matsupphæð á afgjaldi eftir prestssetrið — og prestsmötu ekki fyrir launum prestsins, og skal sóknarnefndin þá, sje ekki nema ein sókn í prestakallinu, og ella allar sóknarnefndirnar í sameiningu, greiða presti, að svo miklu leyti sem sóknartekjurnar úr prestakallinu hrökkva, svo mikið, að laun hans verði full og ekki meir.

Fari ákvæðisverðið, að frádregnum innheimtulaunum, hins vegar fram úr launum, sendir presturinn prófasti sínum afganginn innan júnímánaðarloka. Prófastur getur haldið presti með alt að 2 kr. dagsekt til að gera skil á gjöldunum á tilteknum tíma.

15. gr.

Nú hrökkva sóknartekjur ekki til þess, ásamt ákvæðisverði afgjalda m. m., að launa prestinum, og greiðir prófastur honum þá það, sem upp á vantar, af fje því, sem hann hefur undir höndum í því skyni.

Verði aftur á móti afgangur af sóknartekjunum eða þurfi ekki til þeirra að taka, sendir sóknarnefnd prófasti sínum afganginn eða sóknartekjurnar allar.

16. gr.

Nú hrekkur ákvæðisverð fastra tekna og sóknartekjur í prestaköllum prófastsdæmisins ekki til að launa presta þar, og ávísar þá landsstjórnin prófasti úr prestalaunasjóði það, sem á vantar. Fari ákvæðisverð fastra tekna og sóknartekjur í prófastsdæminu aftur á móti fram úr prestalaunum þar, greiðir prófastur afganginn í prestalaunasjóðinn innan júlímánaðarloka.

17. gr.

Tíundir, offur, lausamannagjald, lambsfóður og dagsverk, er hingað til hefur átt að gjalda sóknarpresti, skal sóknarnefndin innheimta í hverri sókn, og ber því sóknarmönnum að greiða gjöld þessi til hennar. Presti og hreppstjórum, og í kaupstöðum bæjarfógeta, er skylt að láta sóknarnefnd í tje þær skýrslur, er hún þarf að halda á vegna innheimtunnar.

18. gr.

Gjalddagi á preststíundum, offri og lausamannagjaldi er 31. desember ár hvert, sami gjalddagi er og á lambsfóðri og dagsverki, sje það eigi int af hendi í skileyri.

19. gr.

Fyrir innheimtu á preststíundum, offrum og lausamannagjaldi fær sóknarnefndin 6% af upphæðinni, en fyrir innheimtu á lambsfóðrum og dagsverkum fær hún 10%. Enda geri hún full skil fyrir öllum sóknartekjunum, að frádregnum innheimtulaunum, með því verði, sem ákveðið er í verðlagsskrá.

20. gr.

Sóknarnefnd skal gera ársreikning, eftir ákveðinni fyrirmynd, er stjórnarráðið semur með ráði biskups, yfir tekjur þær, er henni ber að innheimta. Reikninginn með fylgiskjölum skal oddviti sóknarnefndar síðan senda prófasti fyrir lok aprílmánaðar. Ásamt reikningnum skal hann einnig senda í peningum upphæð þá, sem borið hefur að innheimta, eða kvittun sóknarprestsins fyrir því fje, er sóknarnefndin hefur greitt honum; erfiðleikauppbót og launaviðbót eftir aldri má sóknarnefnd þó að eins greiða presti eftir ávísun prófasts.

Prófastur getur haldið sóknarnefnd með alt að 1 kr. dagsektum fyrir hvern nefndarmann til að gera skil á tilteknum tíma.

21. gr.

Sóknarnefndarmenn bera allir ábyrgð á því, að reikningurinn sje rjettur, og að full skil sjeu gerð fyrir fje því, er sóknarnefndinni ber að innheimta.

22. gr.

Prófastur yfirskoðar reikninga sóknarnefndanna og gerir við þá athugasemdir, sem honum þykir ástæða til. Athugasemdir þessar sendir hann sóknarnefndinni og ber henni að svara þeim tafarlaust. Prófastur úrskurðar síðan reikninginn, en vilji sóknarnefnd eigi hlíta þeim úrskurði, getur hún skotið honum til landsstjórnarinnar, er fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Svo getur og landsstjórnin af eigin hvötum breytt úrskurði prófasts.

Sóknartekjureikningarnir í hverju prófastsdæmi skulu sendast til landsstjórnarinnar.

23. gr.

Tekjur prestalaunasjóðs eru þessar:

a. Eftirgjald af fasteignum, er tilheyra prestaköllum landsins, arður af ítökum og prestsmata.
b. Sóknartekjur þ. e. preststíundir, offur, lausamannagjald, lambsfóður og dagsverk.
c. Vextir af innstæðufje eða peningum, er tilheyra prestaköllunum,

að svo miklu leyti sem tekjur þessar í prófastsdæmi hverju kunna að fara fram úr samanlagðri upphæð prestalauna í prófastsdæminu.

d. Framlög úr landssjóði, enda leggi landssjóður fram það, sem vanta kann til þess, að prestar fái full laun af ákvæðisverði fastra tekna og af sóknartekjum.
e. Sektir samkvæmt lögum þessum.

24. gr.

Landsstjórnin stjórnar prestalaunasjóðnum, gerir árlega reikning fyrir tekjum og gjöldum sjóðsins, og birtir síðan reikninginn í Stjórnartíðindunum.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi fyrsta fardag 1908, þannig, að hver sem fær veitingu fyrir prestakalli frá þeim tíma eða síðar, fær laun eftir lögum þessum. Prestar í þeim prestaköllum, þar sem engar breytingar verða eftir prestakallaskipunarlögunum á sóknaskipun, mega kjósa um það, að taka laun eftir eldri reglunum eða eftir lögum þessum. Sama er um presta í þeim prestaköllum, þar sem kostur er að koma þegar á breytingum, sem fyrir er mælt um í lögum og presturinn gengur að þeim breytingum.

Uppbætur sökum erfiðleika veitast að eins í þeim brauðum, þar sem sú skipun er komin á, sem hin nýju lög um skipun prestakalla mæla fyrir um, enda taki presturinn þar að öðru leyti laun sín eftir þessum lögum.

Uppbætur eftir 3. gr. laga þessara veitast þá fyrst, er tveir þriðjungar af prestum landsins, að minsta kosti, taka laun að öðru leyti eftir lögum þessum.

Þar sem prestur heldur áfram að taka laun eftir eldri ákvæðum, en óskar þó eftir að verða leystur frá innheimtu á sóknartekjum, er sóknarnefndum skylt að taka þessa innheimtu að sjer eftir 17., 18. og 19. gr. laganna.

Þegar lög þessi eru komin til framkvæmda, eru öll lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi, úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frá nefnd þeirri, er skipuð var samkvæmt konungsúrskurði 2. mars 1904, til þess að íhuga og koma fram með tillögur um kirkjumál landsins, hefur stjórnarráðinu borist frumvarp til laga um laun presta. Nefndin viðurkennir, að laun presta yfirleitt sjeu of lág, og þurfi að bæta þau. Hún hefur samt ekki talið fært að fara þann veg að hækka gjöld sóknarmanna til presta, nje heldur hinn að fara fram á aukin varanleg framlög úr landssjóði. Aftur hefur hún tekið það ráð að fækka prestaköllunum. Í öðru frumvarpi nefndarinnar, sem stjórnin leggur fyrir alþingi að miklu leyti óbreytt, er ráðið til að fækka prestaköllunum um 29, og gangi þá tekjur hinna niðurlögðu prestakalla til viðbótar við tekjur hinna. Með þessu móti hefur nefndin fundið ráð til þess að bæta launakjör prestanna yfirleitt, án þess hinsvegar að auka gjöld á sóknarmönnum, eða krefjast meira framlags til frambúðar úr landssjóði. Kveðst nefndin hafa »sett sjer það markmið, að ákveða laun prestanna þannig, að

komast mætti — þegar hin nýja skipun væri komin á — af með gjöld þau, sem sóknarmenn nú greiða til presta og fje það, sem landssjóður nú leggur fram til prestastjettarinnar«.

Í frumvarpi nefndarinnar um laun presta er ákveðið að setja presta á föst laun, og sjeu öll prestaköllin jöfn að launum. Auk föstu launanna, njóta prestar aukatekna samkvæmt gildandi lögum, og fara þær auðvitað mikið eftir mannfjölda í hverju prestakalli. Hin föstu árlegu laun hvers prestakalls eru ákveðin 1200 kr., en dómkirkjupresturinn í Reykjavík fær auk þess 1600 kr. árlega, og 14 önnur brauð erfiðleikauppbót, 150—300 kr. á ári.

Svo er í frumvarpinu ákveðið að launin hækki eptir embættisaldri, þannig að sá prestur, er orðinn er eldri að embættisaldri en fullur þriðjungur sóknarpresta landsins, fær launaviðbót, 200 kr. á ári, og þegar hann er orðinn eldri að embættisaldri en fullir tveir þriðjungar sóknarpresta landsins, fær hann enn 200 kr. launaviðbót, eða alls 400 kr. launaviðbót.

Persónulega launaviðbót 200—600 kr. á ári á eptir frumvarpinu ennfremur að veita 20 sóknarprestum, eftir verðleikum.

Innheimtu á aukatekjum hafa prestarnir sjálfir. Ennfremur er þeim falin umsjón kirkjueigna og innheimta á eptirgjaldi þeirra, þó gegn þóknun, 6% af afgjaldinu, Að öðru leyti eiga sóknarnefndir að hafa á hendi innheimtu á sóknargjöldunum. Hrökkvi tekjur af eignum prestakallsins og sóknartekjur þess eigi fyrir launum prestsins, greiðir prófastur það, sem til vantar, af fje, sem hann hefur undir hendi í því skyni, en verði afgangur af tekjum prestakallsins, greiðist hann til prófasts. Hefur prófastur umsjón og eftirlit með innheimtu og greiðslu prestlauna í prófastsdæminu.

Hrökkvi ekki ákvæðisverð fastra tekna og sóknartekjur í prestaköllum prófastsdæmisins til að launa prestum þar, greiðist það, sem á vantar, úr prestalaunasjóði, sjóði sem stofna á samkvæmt frumvarpinu, og er í umsjón landstjórnarinnar. Verði aftur afgangur af þessum tekjum prófastsdæmisins, rennur hann í prestalaunasjóð.

Nefndin ætlast til, að skipun sú, sem frumvarpið fer fram á, fái lagagildi, þannig að »hver sem fær veitingu fyrir prestakalli eftir þann dag, öðru en því, er hann síðast hafði, hafi hann verið prestur áður, fái laun eptir hinum nýju lögum.

Að öðru leyti vísast til athugasemda nefndarinnar.

Fengið hefur verið álit biskups um frumvarp þetta, og er það prentað hjer á eftir sem fylgiskjal.

Stjórnarráðið felst yfirleitt á frumvarp nefndarinnar og telur allmikla bót ráðna á hinum bágbornu launakjörum prestanna með því að fara þann veg, er nefndin bendir á, og virðist efasamt eftir öllum atvikum, að heppilegri leið verði fundin en sú, er nefndin hefur farið, til þess að ráða fram úr þessu vandamáli. Í tillögum nefndarinnar felast, eins og biskup tekur fram, þessar umbætur: »Jöfnun launanna, veruleg hækkun þeirra, sem lægri eru og lægst, nokkur launaviðbót með hækkandi aldri, erfiðleikauppbót á ýmsum brauðum, verðleikauppbót til nokkurra presta, er þættu sjerstaklega góðs maklegir, ljettir óeðlilegra eptirlaunakvaða af brauðunum« (í öðrum frumvörpum), »ljettir nokkurrar hvimleiðrar teknainnheimtu, dálítil þóknun fyrir innheimtu jarðarafgjalda, sem prestar eiga enn að hafa á hendi, lögun á því misrjetti, sem prestar einir

allra embættismanna hafa orðið að sæta, að því er snertir að vinna borgunarlaust aukaverk fyrir öreiga«.

Stjórnarráðið verður að vera biskupi samdóma um það, að það sje ekki rjett eða sanngjarnt, að láta ekki þá presta, sem nú sitja í embættum og eiga við bág launakjör að búa, njóta á neinn hátt, eða sama sem alls eigi, þeirrar rjettarbótar, sem hjer er um að ræða, nema þeir fái annað brauð. Þar sem eigi eru neinir sjerstakir örðugleikar á, virðast ný lög um þetta efni eiga að ná og til þeirra presta, er nú sitja í embættum og verða þar kyrrir. Og það virðast ekki vera neinir sjerlegir örðugleikar á því að láta ný prestlaunalög ná til allra presta í þeim prestaköllum, þar sem engar breytingar verða eftir hinum fyrirhuguðu prestakallaskipunarlögum, eða kostur er á að gjöra á fyrirhugaðar breytingar, þannig að prestar í þeim prestaköllum megi kjósa um, að taka laun eftir hinum eldri lögum, eða hinum nýju. Þessvegna hefur verið gjörð breyting í þessa átt á frumvarpi nefndarinnar. Hvað þetta mundi kosta landssjóð, er ekki gott að segja með vissu. Eptir lauslegri ágiskun samkvæmt upplýsingum frá biskupi mætti búast við að um 14 prestar, sem nú eru í embættum, kysu að taka laun eftir hinum nýju lögum, og að það mundi kosta landssjóð alls um 1500—2000 kr. á ári.

Vegna þeirrar breytingar, sem stjórnarráðið hefur gjört á brauðaskipunarfrumvarpi nefndarinnar, virðist mega fella burtu örðugleikauppbótina handa Helgafellsprestakalli og Tröllatunguprestakalli, er hætt er við að leggja Dagverðarnessókn undir hið fyrnefnda, og Garpsdalinn undir hið síðarnefnda. Það virðist eigi þörf á að veita Hvammsprestakalli örðugleikauppbót, þótt Dagverðarnessókn sje lögð við það prestakall. Að vísu verður það prestakall þá nokkuð víðáttumikið, en ekki tiltakanlega örðugt yfirferðar. Aftur á móti verður ekki hjá því komist, að veita Hofi í Álptafirði örðugleikauppbót, ef Berufjarðarprestakall er lagt við. Hefur 2. gr. frumvarps nefndarinnar verið breytt samkvæmt þessu.

Það verður ekki sjeð, hvort eða hvernig nefndin hefur ætlast til að ákvæðið um verðleikauppbót samkv. 3. gr. yrði framkvæmt, meðan fáeinir prestar aðeins nytu launa eftir hinni nýju reglu. Það virðist varla hægt að láta þetta ákvæði koma í gildi fyr en allmikill hluti presta landsins tæki laun eftir lögum þessum, og hefur hjer verið sett sem mark $^2/_3$ hlutar allra presta.

Aðrar smávægilegar breytingar, sem gjörðar hafa verið á frumvarpi nefndarinnar, virðist ekki þurfa að tala um sjerstaklega.

Fylgiskjal.

ÍSLANDS BISKUPSDÆMI.

Reykjavík 15. janúar 1907.

Til framhalds brjefum mínum frá 18. og 22. f. m. út af frumvörpum og tillögum þeim, sem komið hafa frá milliþinganefndinni í kirkjumálum, leyfi jeg mjer að lýsa á þessa leið áliti mínu á

Frumvarpi til laga um laun sóknarpresta.

Að minu áliti ber fúslega við það að kannast, að nefndin hefur haft rækilega viðleitni til þess að stinga upp á verulegum umbótum á launahögum presta, enda hefur mjög alment verið við það kannast, að þeir væru orðnir svo óhæfilega bágbornir, að með engu móti væri við það unandi. Jöfnun launanna, veruleg hækkun þeirra, sem lægri eru og lægst, nokkur launaviðbót með hækkandi aldri, erfiðleikauppbót á ýmsum brauðum, verðleikauppbót til nokkurra presta, er þættu sjerstaklega góðs maklegir, ljettir óeðlilegra eftirlaunakvaða af brauðunum, ljettir nokkurrar hvimleiðrar teknainnheimtu, dálítil þóknun fyrir innheimtu jarðarafgjalda, sem prestar eiga enn að hafa á hendi, lögun á því misrjetti, sem prestar einir allra embættismanna hafa orðið að sæta, að þvi er snertir að vinna borgunarlaust aukaverk fyrir öreiga, — alt þetta eru rjettarbætur í frumvarpi nefndarinnar prestum til handa, sem skylt er við að kannast og taka við með þökkum. En engu að síður getur spurning verið um það, hvort þessar umbætur samt sem áður eru nógu verulegar, til að skapa prestastjettinni eins viðunanleg launakjör og sanngjarnlega ákveðin eins og öðrum embættismönnum þjóðarinnar, þannig að þessi stjett hafi ekki lengur ástæðu til að telja sig meðal olbogabarnanna. Og jeg er ekki ugglaus um, að ýmsum merkum mönnum meðal þessarar stjettar muni þykja heldur skamt farið í umbótunum, til þess að vel megi við hlíta.

Eins og jeg tók fram, þá er ræða var um allsvæsna fækkun prestakallanna, í þeim einum tilgangi að hlífa landssjóði við auknum útgjöldum, get jeg ekki heldur í þessu efni betur sjeð, en að hin háttvirta nefnd hafi bundið sig óþarflega strangt við það markmið — að vísu mjög lofsvert í sjálfu sjer —: að bæta launakjör prestastjettarinnar án þess að auka að neinum mun útgjöld landssjóðs, og einmitt vegna þessa verð jeg að álíta, að umbæturnar í sumum greinum fari skemra en þörfin krefur. — Jeg efast jafnvel um, að margir skýrt hugsandi menn meðal þjóðarinnar hafi getað hugsað sjer og búist við því, að nefndin *með þessari takmörkun gæti* leyst verkefni sitt viðunanlega af hendi og bætt kjör prestastjettarinnar til nokkurrar hlítar. — Engum ætti að geta blandast hugur um það, að prestastjettin er þörf stjett, ekki síður en sýslumenn, læknar og kennarar, og hefur mikilsverðri köllun að gegna í þarfir þjóðfjelagsins. Eigi heldur um það, að til þess að nýtir menn gefi sig í þessa stöðu og geti í henni beitt kröftum sínum svo sem vera ber, verða lífskjör prestastjettarinnar að vera sæmileg og viðunanleg og standa í hæfilegu hlutfalli við lífskjör hinna embættastjettanna, Á þetta hefur mikið brostið á hinum síðustu áratugum, enda hafa þær eðlilegu afleiðingar eigi getað dulist: að aðsóknin í þessa stjett hefur verið lítil og dræm og þangað eigi sjaldan valist miður efnilegir og álitlegir menn, svo og hitt, að mikið hefur að því kveðið nokkur síðari árin, að ungir og miðaldra prestar — og meðal þeirra eigi fáir nýtir menn — hafa gefið frá sjer prestsþjónustu og leitað sjer annarar atvinnu, sem þeim hefur þótt lífvænlegri og fýsilegri. En það segir sig sjálft, að nokkuð töluvert verður að þrengja að mönnum, áður en þeir breyti þannig ráði sínu og hverfi burt úr þeirri stöðu, sem þeir hafa búið sig undir í mörg ár, tekið vígslu til og unnið í um nokkurt áraskeið.

Til lögunar á öllu þessu þarf verulegar umbætur; og umbætur kosta jafnan töluvert fje. — Í þetta var heldur ekki horft, þegar læknum var fjölgað stórvægilega fyrir fáum árum og kjör þeirrar stjettar verulega bætt. Þá voru

útgjöld landssjóðs stórum aukin, af því að þörfin kallaði eftir, og það án þess að bent væri jafnframt á nýjar tekjugreinar til að fylla skarðið, þó að hin háttvirta kirkjumálanefnd hafi nú sett sjer þetta skilyrði, ef hún ætti að leggja út í frekari bætur á launahögum presta en komast mætti fram úr, án þess að auka framlög landssjóðs að neinum mun (athugasemdir við frumvarpið bls. 91 og 92). Jeg hefði óskað að nefndin hefði sett byrjunarlaunin að minsta kosti 100 kr. hærri en hún hefur gert, jöfn launum lækna í lægsta flokki, þannig að launaflokkarnir hefðu orðið 1300, 1500 og 1700 kr. En einkum álít jeg það *öldungis ófært,* að láta ekki umbæturnar ganga í gildi þegar hæfilegum tíma eftir staðfesting laganna, heldur smátt og smátt um langt áraskeið. Þetta ákvæði spillir stórum öllu frumvarpinu og vekur áreiðanlega megnustu óánægju. — Því verður fyrir hvern mun að breyta. Það er engin sanngirni að neyða þá presta, sem vilja verða umbótanna aðnjótandi, til þess að sækja um önnur brauð, með óvissum árangri, þótt þeir vilji heldur vera kyrrir. — Slíkt er naumast samboðið tign löggjafarvaldsins og virðingu þess.

Að öðru leyti felli jeg mig yfir höfuð vel við tillögur nefndarinnar og álít þær til mikilla umbóta, eins og jeg tók áður fram.

Jeg hefði mikillega óskað þess, að nefndin hefði fundið ástæðu til og sjeð sjer fært að bera fram tillögur um gagngerða breyting á lögunum um tekjur presta, breytingar, sem hefðu lagað misfellurnar á þessum gömlu ákvæðum í ýmsum greinum. En þar sem nefndin hefur eigi sjeð sjer það fært, mun sú lögun enn verða að bíða um sinn.

Því verður ekki neitað, að sú aðferð við ákvörðun, innheimtu og útborgun á launum presta, sem nefndin vill við hafa, er töluvert umsvifamikil og vafningssöm. En hjá því er sennilega ekki hægt að komast, með þeirri meginstefnu í þessu efni, sem nefndin hefur aðhylst.

Við hinar einstöku greinar frumvarpsins þykir mjer ekki þörf að bera fram sjerstakar athugasemdir. Þó skal jeg nefna að í 17. gr. mundi vera rjett að taka fram, að í bæjum skuli bæjarfógeti láta sóknarnefndinni í tje þá aðstoð, sem hreppstjórar eiga að gera í sveitum.

Um nauðsynlega breyting á 25. gr. er áður talað. Þá breytingu tel jeg þýðingarmikið aðalatriði, eigi ekki mikið af þeim umbótum, sem frumvarpið felur í sjer, að fara forgörðum. Ella mundi margur illa staddur prestur hafa ástæðu til að segja, að hjer væri »fremur sýnd en gefin gæs«.

— — — — — — — — — — — — — — — — — — —

Hallgr. Sveinsson.

Til
stjórnarráðs Íslands.

Frumvarp til laga

um

skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Hver prestur í þjóðkirkjunni, sem hefir rjett til eftirlauna og kvænst hefir innan 60 ára aldurs, er skyldur að tryggja ekkju sinni árlegan lífeyri, er ekki sje minni en 300 kr.

Kosti lífeyririnn prestinn meira en 65 kr. á ári, greiðist það, sem umfram er, úr landssjóði, eigi prestur í hlut, sem situr í embætti þegar lög þessi ganga í gildi.

2. gr.

Lífeyrinn skal kaupa hjá lífsábyrgðarstofnun ríkisins, enda geymir landstjórnin eignarskírteini fyrir lífeyrinum.

3. gr.

Landssjóður ábyrgist, að iðgjöldin eða sá hluti þeirra, sem presti ber að leggja fram samkvæmt 1. gr., verði greidd í gjalddaga, en hefir aftur lögtaksrjett, samkvæmt lögum nr. 29, frá 16. des. 1885, fyrir þeim framlögum sínum á hendur presti. Nú deyr prestur og landssjóður hefir ekki getað komið fram lögtaki fyrir iðgjaldi, og má þá landssjóður halda inni af lífeyri ekkjunnar því, er hann lagði fram fyrir prest, en ekki náði með lögtaki.

4. gr.

Ekki má gefa prest innan 60 ára aldurs saman í hjónaband, fyr en presturinn hefir sannað með vottorði prófasts síns, að hann hafi sent landstjórninni beiðni til lífsábyrgðarstofnunarinnar um að mega kaupa lífeyri handa ekkju sinni. Ef út af þessu er brugðið, varðar það 200 kr. sektum til prestalaunasjóðs.

5. gr.

Nú er hjónabandi prests slitið til fulls, og fellur þá jafnframt niður framfærsluskylda hans eftir lögum þessum.

6. gr.

Deyi prestur frá jólum til fardaga, á ekkjan heimting á ábúð hálfs prestssetursins fyrir sjálfa sig afgjaldslaust næsta fardagaár. Þó nær rjettur þessi ekki til hlunninda hálflendunnar, svo sem æðardúns, selveiði, fuglatekju og þess háttar.

7. gr.

Nú æskir ekkja eftir prest, er dó í embætti, að fá einhverja lausa kirkjujörð í prestakallinu til ábúðar, og skal hún þá eiga forgangsrjett fyrir öðrum að öðru jöfnu.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi fyrsta fardag 1908, þannig að þeir, sem fá veitingu fyrir prestsembætti frá þeim tíma eða síðar, eru skyldir að sjá fyrir ekkjum sínum samkvæmt lögum þessum. Þær ekkjur, sem samkvæmt hingað til gildandi lögum hafa fengið eftirlaun sín að nokkru eða öllu leyti af embættum manna sinna, skulu, jafnóðum og hin eftirlaunaskyldu prestaköll losna, fá þau eftirlaun sín greidd úr landssjóði, svo sem þær ekkjur, er fengið hafa eftirlaun sín úr landssjóði að öllu eða nokkru leyti einnig halda eftirlaununum óbreyttum. Loks greiðist og úr landssjóði eftirlaun ekkna eftir þá presta, sem deyja í þeim embættum, er þeir höfðu, er lög þessi ganga í gildi.

Lög nr. 13, frá 3. oktbr. 1884 og lög nr. 36, frá 13. des. 1895 ganga úr gildi að sama skapi og lög þessi ná gildi.

Svo er og konungsbrjef 5. júní 1750 sbr. 5. gr. 4. málsgr. í tilsk. 15. des. 1865 og 4.—5. gr. í tilsk. 6. jan. 1847 um fardaga presta m. m. að sama skapi úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá nefnd þeirri, er skipuð var samkvæmt konungsúrskurði 2. mars 1904, til þess að íhuga og koma fram með tillögur um kirkjumál landsins, hefir stjórnarráðið fengið frumvarp til laga um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri.

Eftir núgildandi lögum fær prestsekkja í eftirlaun árlega $^1/_{10}$ af matsupphæð viðkomandi prestakalls, þó ekki minna en 100 kr. og greiðast eftirlaun þessi af prestakallinu, ef það er metið yfir 1200 kr., þó svo að eigi skerð-

ist tekjur þess meira en svo, að eftir verði handa hinum þjónandi presti 1200 kr. í tekjur árlega. Að öðru leyti greiðast eftirlaunin úr landssjóði. Þegar þess er gætt, að prestslaunin eru nú svo lág, að eftirlaun prestaekna, að meiri hlutanum, verða ekki nema 100—150 kr. árlega, og að það kemur stundum fyrir, að eftirlaun, — að því leyti sem þau greiðast af prestakallatekjunum, — borgast með nokkurri tregðu og misjafnlega, þá er það einsætt, að eftirlaunakjör prestaekna eru mjög bágborin.

Í frumvarpi nefndarinnar er það nú lagt til, að eftirlaun prestaekna falli alveg burtu, en í þess stað komi tiltölulega ríflegur lífeyrir, 300 kr. á ári, sem prestum er gjört að skyldu að kaupa ekkjum sínum. Að því er þá presta snertir, er nú sitja í embættum, er ákveðið að kosti lífeyrir þessi prestinn meira en 65 kr. á ári, þá greiðist það sem umfram er úr landssjóði.

Stjórnarráðið telur rjett að prestar tryggi ekkjum sínum lífeyri, eins og aðrir embættismenn, og telur þá byrði, er frumvarp nefndarinnar leggur prestunum á herðar að þessu leyti nær hófi, ef umbætur þær á launakjörum presta komast á, sem nefndin ætlast til.

Í frumvarpi nefndarinnar er mikil rjettarbót fólgin, að því leyti sem af er ljett óeðlilegri og ósanngjarnri eftirlaunabyrði af prestaköllunum. Hitt getur verið nokkuð efasamara, hvort ekki væri rjett og sanngjarnt, að ekkjur presta nytu nokkurra eftirlauna af landssjóði, eins og ekkjur flestra annara embættismanna landsins. Stjórnarráðið gerir samt ekki neina breytingu að þessu leyti á frumvarpinu, sem biskup hefur fallist á, og hjer er tekið upp óbreytt.

Álit biskups um frumvarpið er prentað hjer á eftir.

Fylgiskjal.

ÍSLANDS BISKUPSDÆMI.

Reykjavík 15. janúar 1907.

Frumvarp til laga um ellistyrk presta og eftirlaun

og

Frumvarp til laga um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri

get jeg fallist á, tel þau á góðum rökum bygð og mikla rjettarbót í þeim fólgna.

Þar sem nefndin í athugasemd í 6. gr. hins síðara frumvarps talar um það sem breytingu á gildandi ákvæðum, að ábúðarrjetti prestsekkju á hálfu prestssetrinu næsta fardagaár eftir dauða prestsins skuli ekki fylgja arður af hlunnindum þeirrar hálflendu, þá veit jeg ekki betur en að hin núgildandi á-

kvæði hafi einmitt verið skilin og framkvæmd á þann hátt að minsta kosti hin síðustu 20—30 ár, ef ekki lengur. Enda leiddi hinn gagnstæði skilningur út í fjarstæðu og öfgar.

Hallgr. Sveinsson.

Til
stjórnarráðs Íslands.

Frumvarp til laga

um

ellistyrk presta og eftirlaun.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

1. gr.

Hver sá, er fengið hefir veiting fyrir prestsembætti hjer á landi, skal safna sjer ellistyrk eða kaupa sjer geymdan lífeyri, svo sem lög þessi ákveða, og skal prestur árlega verja 2% af föstum byrjunarlaunum sínum í því skyni.

2. gr.

Ellistyrkur sá, er safnast, skal geymast og ávaxtast í einhverjum þeim sjóði, er landsstjórnin tekur gildan, en trygging fyrir lífeyri skal kaupa í lífsábyrgðarstofnun ríkisins. Landsstjórnin geymir eignarskírteini fyrir ellistyrknum eða lífeyristryggingunni.

3. gr.

Landssjóður ábyrgist greiðslu árgjaldanna samkvæmt 1. gr., en hefir aftur lögtaksrjett samkvæmt lögum nr. 29, frá 16. des. 1885, gagnvart kaupanda ellistyrksins eða lífeyrisins.

4. gr.

Þegar prestur fær lausn frá embætti, getur hann farið að fá alla vexti af ellistyrknum, og farið að taka til lífeyrisins. Svo getur hann og keypt sjer æfilangan lífeyri fyrir ellistyrkinn allan eða hlut af honum. Sá ellistyrkur, sem prestur á þegar hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign.

5. gr.

Auk ellistyrks eða lífeyris samkvæmt 1.—4. gr., skal prestur hver, er veitt hefir verið prestsembætti, hafa rjett til árlegra eftirlauna, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsubrests, eða fyrir aðrar þær sakir, sem honum er ósjálfrátt um.

6. gr.

Eftirlaunin nema 15 kr. fyrir hvert þjónustuár, talið frá veitingu prestsembættis, og greiðast úr landssjóði. Sjötugur prestur á rjett á að fá lausn frá embætti með eftirlaunum eftir lögum þessum.

7. gr.

Sá prestur, sem að ósjálfráðu slasast þannig, eða tekur vanheilsu, er hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að sleppa prestsskap, fær 360 kr. að árlegum eftirlaunum, þótt hann hafi ekki þjónað prestsembætti svo lengi að eftirlaun hans nemi því.

8. gr.

Prestur sá, er fyrirgerir kjóli og kalli, missir rjett til eftirlauna. Nú er presti vikið frá kalli um sinn, en honum þó veitt embætti aftur, og hefir hann þá rjett til eftirlauna eftir 5. og 6. gr.

9. gr.

Nú hefir prestur fengið eftirlaun, og missir hann þau: 1, ef hann fær aftur embætti, er ekki fylgja lægri laun en eftirlaunin. 2, ef hann fyrir konungsleyfi fram gengur í þjónustu annara ríkja. 3, ef hann tekur sjer bústað í öðru ríki án samþykkis konungs. 4, ef hann verður sannur að því að hafa kastað trú þjóðkirkjunnar. 5, ef hann verður sekur að lagadómi um eitthvert það afbrot, er svift mundi hafa hann embætti, hefði hann í því verið, hvort sem brotið hefir verið framið áður en hann fjekk lausn frá embætti eða eftir það.

10. gr.

Nú æskir uppgjafaprestur að fá einhverja lausa kirkjujörð í prestakallinu til ábúðar, og skal hann þá eiga forgangsrjett fyrir öðrum að öðru jöfnu.

11. gr.

Ákvæðin í 1.—4. gr. ná eigi til presta þeirra, sem nú sitja í embætti, meðan þeir halda sama embætti og launakjörum sínum annars óbreyttum, en að öðru leyti öðlast lögin gildi fyrsta fardag 1908, þannig að þeir prestar, sem fá lausn frá þeim tíma eða síðar, fá eftirlaun eftir lögum þessum. Þó halda þeir prestar, er kunna að eiga tilkall til hærri eftirlauna, eftir hingað til gildandi lögum, rjetti sínum óskertum, Eftirlaun uppgjafapresta þeirra, sem fengið hafa lausn áður en lög þessi ganga í gildi, og taka eftirlaun sín að nokkru eða

öllu leyti af fyrverandi embættum sínum, greiðast úr landssjóði jafnóðum og prestaköll þau losna, sem eftirlaununum eiga að svara. Svo halda og uppgjafaprestar þeim eftirlaunum úr landssjóði, er þeir hingað til hafa notið.

Lög nr. 4, frá 27. febr. 1880, um eftirlaun presta, og önnur lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi, ganga úr gildi að sama skapi og lög þessi ganga fram.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stjórnarráðinu hefir borist frumvarp til laga um ellistyrk presta og eftirlaun frá nefnd þeirri, er skipuð var samkvæmt konungsúrskurði 2. marz 1904, til þess að íhuga og koma fram með tillögur um kirkjumál landsins.

Samkvæmt lögum 27. febrúar 1880 eru eftirlaun presta 10 kr. fyrir hvert þjónustuár, og greiðast af hlutaðeigandi prestakalli, sjeu tekjur þess yfir 1200 kr., þó svo, að tekjurnar skerðist ekki meira en það, að eftir verði 1200 kr. Að öðru leyti greiðast eftirlaun þessi úr landssjóði. Telst svo til, að rúmur $^1/_4$ hluti eftirlaunanna lendi á prestaköllunum. Nefndin leggur nú til að eftirlaun presta sjeu ákveðin 15 kr. fyrir hvert þjónustuár, og greiðist öll af landssjóði. Auk þess leggur nefndin það til, að prestar sjeu skyldaðir til að »sjá að nokkru leyti fyrir sjálfum sjer á gamalsaldri«, líkt og á sjer stað um aðra embættismenn, á þann hátt að þeir safni sjer ellistyrk eða kaupi geymdan lífeyri, og verji til þess árlega 2% af byrjunarlaunum sínum. Ef prestur slasast eða tekur vanheilsu, þegar hann er að gegna embættisverki sínu, svo að hann verður að sleppa prestsskap, fær hann 360 kr. að eftirlaunum að minsta kosti.

Leitað hefur verið álits biskups um frumvarp þetta og hefur hann látið þess getið, að hann fallist á frumvarpið og telji mikla rjettarbót í því fólgna.

Stjórnarráðið getur og vel felt sig við frumvarp þetta. Það ljettir af prestaköllunum óeðlilegri og ósanngjarnri eftirlaunabyrði, en bætir hinsvegar töluvert eftirlaunakjör prestanna. Að leggja alla eftirlaunabyrðina á landssjóð, virðist ekkert athugavert, og það því síður, sem ætlast er til jafnframt, að hann losni með öllu við eftirlaun prestaekna, en þau nema töluvert meiru nú en hugsanleg íþyngíng á landssjóði af umræddum ákvæðum um eftirlaun presta.

Að öðru leyti vísast til athugasemda nefndarinnar um frumvarp hennar, sem stjórnin tekur upp óbreytt að efni til, aðeins með fáeinum orðabreytingum.

Frumvarp til laga

um

vegi.

FYRSTI KAFLI.

Um flokkun vega.

1. gr.

Vegir á Islandi eru flutningabrautir, þjóðvegir, fjallvegir, sýsluvegir og hreppsvegir.

2. gr.

Flutningabrautir eru fyrst um sinn ákveðnar sem hjer segir:

1. Frá Reykjavík um Hellisheiði austur yfir Ytri-Rangá.
2. Frá vegamótum hjá Geithálsi til Þingvalla.
3. a. Frá Eyrarbakka að Selfossi.
   b. Frá Ingólfsfjalli um Grímsnes að Geysi.
4. Frá vegamótum fyrir ofan Borgarnes um Stafholtstungur á þjóðveginn norðanvert við Kláffossbrú á Hvítá í Borgarfirði.
5. Frá Blönduósi vestur fyrir Víðidalsá hjá Steinsvaði.
6. Frá Sauðárkróki fram Skagafjörð á þjóðveginn fyrir neðan Víðimýri.
7. Frá Akureyri að Saurbæ í Eyjafirði.
8. Frá Húsavík að Einarsstöðum í Reykjadal.
9. Frá Búðareyri við Reyðarfjörð um Fagradal að Lagarfljóti hjá Egilsstöðum.

3. gr.

Þjóðvegir eru þessir:

1. Frá vegamótum hjá Ártúni við Elliðaár, um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, yfir Ferstikluháls, um Svínadal, yfir Geldingadraga, um Skorradal og Borgarfjörð og yfir Grjótháls til Norðurárdals.
2. Frá vegamótum hjá Gljúfurá í Borgarfirði, um Norðurárdal, Bröttubrekku, Sökkólfsdal, Miðdali, Hjarðarholt, Hvammssveit, Svínadal og Saurbæ, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Króksfjörð, Reykhólasveit, Þorskafjörð, Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri við Ísafjörð.
3. Frá vegamótum hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði, Hrútafjörð og Hrútafjarðarháls, yfir Miðfjörð og Miðfjarðarháls að Víðidalsá hjá Steinsvaði.
4. Frá Blönduósi um Langadal og Stóra-Vatnsskarð, yfir Skagafjörð, um Blönduhlíð, Norðurárdal, Öxnadalsheiði, Öxnadal, Þelamörk, og Kræklingahlíð til Akureyrar.
5. Frá ferjustaðnum hjá Gili í Eyjafirði um Kaupangssveit, Vaðlaheiði, Fnjóskadal, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal hjá Einarsstöðum og Laxárdalsheiði, yfir Laxárdal hjá Þverá, um Hólasand og Mývatnsöræfi, um Grímsstaði, Möðrudal og Skjöldólfsstaði, um Jökuldal og Hróarstungu, hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
6. Frá Eskifirði að Búðareyri við Reyðarfjörð.
7. Frá Egilsstöðum á Völlum um Skriðdal, Breiðdalsheiði, Berufjarðarskarð, Djúpavog, Geithellnahrepp, Lónsheiði, Lón og Almannaskarð, um Hóla og Bjarnanes í Nesjum, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi, Skeiðarársand, Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun, um Ása í Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Landeyjar og Rangárvöllu að Ytri-Rangá.
8. Frá Borgarnesi um Mýrar, Hnappadalssýslu, Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
9. Frá Hrútafjarðará, um Borðeyri, út með Hrútafirði, um Stikuháls til Bitrufjarðar og þaðan að Gilsfjarðarbotni.
10. Frá Þingvöllum um Laugardal til Geysis.

4. gr.

Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem stjórnarráð Íslands ákveður, og eigi teljast til neins annars vegaflokks.

5. gr.

Sýsluvegir eru þeir vegir, er liggja sýslna í milli og um hverja sýslu þar sem mest er þjóðbraut, svo sem í kauptún og fiskiver, enda sjeu það eigi flutningabrautir eða þjóðvegir. Sýslunefndir ákveða hvar þessir vegir skuli liggja, hver innan sinnar sýslu.

6. gr.

Hreppsvegir eru vegir um hreppa og hreppa á milli, sem hvorki eru

flutningabrautir, þjóðvegir nje sýsluvegir. Sýslunefnd ákveður, eftir tillögum hreppsnefndar, hvar hreppsvegir skuli liggja.

ANNAR KAFLI.

Um vegagerðir og viðhald vega og greiðslu kostnaðar við það.

7. gr.

Flutningabrautir skal fullgera á kostnað landssjóðs; þó skal fjárveiting til þeirra jafnan vera því skilyrði bundin, að hlutaðeigandi sýslufjelag eða sýslufjelög greiði allan þann kostnað, er orsakast af jarðraski, landnámi eða átroðningi sbr. 31.—36. gr. þessara laga. Á flutningabrautum skal brúa öll vatnsföll, að svo miklu leyti sem það álíst kleyft; brautirnar skulu vera svo gjörðar, að vel sjeu færar hlöðnum vögnum, en að öðru leyti ákveður stjórnarráðið með ráði verkfræðings þess, sem skipaður er til að stjórna vegagerðum, gerð þeirra í hverju einstöku tilfelli.

8. gr.

Viðhald flutningabrauta þeirra, sem lagðar hafa verið, eða verða lagðar samkvæmt lögum þessum, skulu sýslur þær kosta, er flutningabrautirnar liggja um eða verða lagðar um, hver innan sinna sýslumarka, þó með þessum undantekningum:

a. Landssjóður kostar viðhald flutningabrautanna frá Reykjavík að Reykjarjett í Ölfusi og frá vegamótum hjá Geithálsi til Þingvalla.
b. Norðurmúlasýsla og Suðurmúlasýsla kosti hvor um sig viðhald flutningabrautarinnar frá Búðareyri við Reyðarfjörð að Lagarfljóti hjá Egilsstöðum að hálfu.
c. Borgarfjarðarsýsla kosti viðhald flutningabrautarinnar frá vegamótum fyrir ofan Borgarnes á þjóðveginn fyrir norðan Kláffossbrú á Hvítá í Borgarfirði að einum þriðja, en Mýrasýsla að tveim þriðju.

Sýslunefndir skulu sjá um framkvæmd viðhaldsins, og kostnaðinn við það skal telja með þeim útgjöldum til vega, er sýslusjóður á að greiða.

9. gr.

Þá er flutningabraut er fullgjörð, eða nokkur hluti hennar, skal stjórnarráðið afhenda hana, eða þann hluta hennar, sem er fullgjörður, hlutaðeigandi sýslu eða sýslum til viðhalds. Þó má afhending aldrei fara fram fyrri en tveim árum eftir að lokið var að leggja þann kafla, sem afhentur er, enda hafi verið bættar á landssjóðs kostnað allar þær skemdir, sem á hafa orðið þessi tvö fyrstu ár, og eigi eru að kenna umferð eða eðlilegri rýrnun; skulu bæturnar, að svo miklu leyti sem unt er, vera svo fullkomnar, að eigi sje hætt við samskonar skemdum aftur.

Skýrsla eða vottorð verkfræðings þess, er stjórnar vegagjörðinni, skal

gagnvart sýslu teljast full sönnun þess, hvort vegur eða vegarkafli er fullgjör, eða skemdir bættar svo sem hjer er fyrir mælt.

Þær flutningabrautir, sem ern gerðar áður en lög þessi öðlast gildi, verða eigi afhentar fyrri en 1. október 1909, og þá að eins þeir kaflar þeirra, sem fullnægja ákvæðum þessara laga. Þeir kaflar, sem þá eru ófullgerðir, afhendast eftir sömu reglum og þær flutningabrautir, sem verða gerðar eftir að þessi lög öðlast gildi.

10. gr.

Stjórnarráðið hefur eftirlit með því, að hlutaðeigendur haldi flutningabrautunum svo við, ásamt með öllum þeim mannvirkjum, er þeim til heyra, og landssjóður hefur kostað í fyrstu, að ekki gangi úr sjer. Eftirlitinu skal haga svo, að verkfræðingur, eða annar hæfur maður, er stjórnarráðið útnefnir, skoði vegina að minsta kosti annaðhvort ár, og gefi nákvæma skýrslu um ástand þeirra og um það, sem ábótavant kann að vera um viðhaldið. Skal sýslumaður, eða sá annar, sem fyrir sýslunefndarinnar hönd hefur aðalumsjón með viðhaldinu, fá eftirrit af skoðunargjörðinni, og stjórnarráðið annað.

Eftirlitsmenn skulu á ferðum sínum láta sýslunefndum og þeim, sem annast viðhaldið af hendi sýslunefnda, í tje allar nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar um viðhald vega þeirra, er þeir líta eftir.

Allur kostnaður við eftirlitið greiðist úr landssjóði.

11. gr.

Nú vanrækir sýslunefnd þær aðgerðir, er eftirlitsmaður hefur talið nauðsynlegar í skýrslu sinni, og getur stjórnarráðið þá fyrirskipað sýslunefndinni að framkvæma þær innan tiltekins tíma, og látið framkvæma þær á kostnað sýslunnar, ef hún hlýðir ekki fyrirskipuninni.

12. gr.

Sýslunefndir skulu semja reikning yfir viðhaldskostnað flutningabrautanna ár hvert, og senda hann stjórnarráðinu, ásamt með skýrslu um það sem gert hefur verið.

13. gr.

Á þjóðvegum skal svo bæta torfærur með vegaruðningi og brúagerð, að þeir sjeu greiðir yfirferðar.

14. gr.

Nú verður álitið nauðsynlegt eða gagnlegt að gera einhvern þjóðvegarkafla akfæran, og skal þá kostnaður við vegagerðina greiðast úr landssjóði; þó skal fjárveiting jafnan vera því skilyrði bundin, að hlutaðeigandi sýslufjelög eða sveitarfjelög greiði allan þann kostnað, samkvæmt 31.—36. grein þessara laga, er orsakast af jarðraski, landnámi eða átroðningi. Ennfremur má, þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, gera það að skilyrði, að sveitarfjelögin eða sýslu-

fjelögin leggi fram tiltekinn hluta alls vegagerðar kostnaðarins, eða að þau leggi á sinn kostnað akfærar álmur út frá hinum akfæra þjóðvegi. Á akfærum þjóðvegum skal brúa öll vatnsföll, að svo miklu leyti sem það álist kleyft; þeir skulu vera svo gerðir, að vel sjeu færir hlöðnum vögnum, en að öðru leyti ákveður stjórnarráðið, með ráði verkfræðings þess, sem skipaður er til að stjórna vegagerðum, gerð þeirra í hverju einstöku tilfelli.

15. gr.

Þar sem akfærir þjóðvegarkaflar hafa verið lagðir eða verða lagðir samkvæmt lögum þessum um bygð eða innan einnar sýslu, og ná til kauptúns eða flutningabrautar, svo að álíta má að þeir komi hjeraðinu að notum til flutninga, skulu hlutaðeigandi sýslufjelög kosta viðhald þeirra. Um afhending veganna, framkvæmd viðhaldsins og eftirlit með því fer þó eftir ákvæðunum í 9.—12. grein.

16. gr.

Þar sem akfærir þjóðvegir verða gerðir milli landsfjórðunga eða yfir fjöll eða heiðar milli sýslna, skal landssjóður kosta viðhald þeirra.

Stjórnarráðið kveður nánar á um endamörk þeirra þjóðvegakafla, sem landssjóður eða einstakar sýslur eiga að halda við.

17. gr.

Hlutaðeigandi sýslufjelög skulu kosta viðhald þjóðvegarins frá Borgarnesi til Stykkishólms sem að undanförnu. Að öðru leyti kostar landssjóður viðhald þjóðvega, með undantekningum þeim er getur um í 15. grein.

18. gr.

Rjett er að fjallvegir sjeu reiðfærir gerðir og varðaðir svo sem nauðsyn ber til. Greiðist kostnaður við þá úr landssjóði.

19. gr.

Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýslusjóði.

20. gr.

Sýsluvegir þeir, sem liggja út frá flutningabrautum eða akfærum þjóðvegum, eða eru framhald af þeim, skulu gerast akfærir þar sem því verður við komið. Að öðru leyti ákveður sýslunefnd hvernig sýsluvegir skuli gerðir.

21. gr.

Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda stjórnarráðinu skýrslu um þær vegabætur, er hafa verið framkvæmdar á kostnað sýslusjóðs, ásamt með reikningi yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins.

22. gr.

Nú vill sýslunefnd framkvæma á einu ári meiri vegabætur á sýsluvegum, en tekjur sýslusjóðs það árið leyfa, og getur hún þá tekið lán til þeirra, en áður sýslunefnd ákveður lántökuna skal liggja fyrir áætlun um kostnað við hina fyrirhuguðu vegagerð eftir verkfróðan mann.

23. gr.

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr hreppsvegasjóði, er hreppsnefndin geymir og hefur ábyrgð á. Skal greiða til hans 1 kr. 25 au. á vorhreppaskilaþingi fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum, 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Gjald þetta greiðir hver húsbóndi fyrir heimilismenn sína, þar á meðal lausamenn, er teljast þar til heimilis. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli vera hærra, alt að 2 kr. 25 au. fyrir hvern verkfæran karlmann.

24. gr.

Nú er lítið að vinna að hreppsvegum í hreppi, og má sýslunefnd þá ákveða, að alt að helmingi hreppsvegagjalds greiðist í peningum í sýslusjóð. Sje aftur á móti hreppsvegavinna mikil í einhverjum hreppi, af því að þar eru engar flutningabrautir, þjóðvegir nje sýsluvegir, en vegir um hreppinn langir og torfærir, má sýslunefndin ákveða, að jafnmikil upphæð og hreppsvegagjald hreppsins greiðist úr sýslusjóði.

25. gr.

Oddviti hreppsnefndar skal á ári hverju senda sýslunefnd reikning yfir tekjur og gjöld hreppsvegasjóðsins.

26. gr.

Nú telur hreppsnefnd æskilegt, að framkvæmd sje á kostnað hreppsins meiri vegagerð en svo, að hreppsvegagjaldið hrökkvi fyrir henni og má hún þá verja til vegagerðarinnar fje úr sveitarsjóði, ef meiri hluti allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrjett hafa til hreppsnefndar, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, og sje með þeirri samþykt ákveðið, hve mikilli upphæð megi verja til vegagerðarinnar úr sveitarsjóði.

Nú vill hreppsnefnd taka lán til vegagerðar í hreppnum, og skuldbinda sveitarsjóð til greiðslu á láninu ásamt vöxtum af því, og er henni það heimilt ef meiri hluti allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrjett hafa til hreppsnefndar, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, enda samþykki sýslunefnd ályktun hreppsnefndarinnar um lántökuna.

ÞRIÐJI KAFLI.

Um stjórn vegamála.

27. gr.

Stjórnarráð Íslands hefur yfirstjórn allra þeirra vegagerða og þess vega viðhalds, sem er kostað af landssjóði að nokkru eða öllu leyti. Til þess að stjórna framkvæmdum í þessum málum skal skipa landsverkfræðing og fá honum fasta verkfróða aðstoðarmenn eftir þörfum.

Nú getur landsverkfræðingur eða fastir aðstoðarmenn hans eigi komið því við að veita forstöðu einhverri þeirri vegagerð eða brúargerð, er útheimtir sjerstaka verklega þekkingu, og er stjórnarráðinu þá heimilt að ráða til þess hvern þann hæfan mann er fæst. Kostnaður sá, sem af þessu leiðir, telst með öðrum kostnaði við verkið.

28. gr.

Sýslunefndir hafa umsjón og stjórn þeirra vegagerða og þess vegaviðhalds, sem er kostað af sýslusjóði; fela má sýslunefnd oddvita sínum umsjón með tilteknum vegagerðum, eða sýslunefndarmanni eða hreppsnefndum umsjón með sýsluvegagerð, hverjum í sínum hreppi, og ber þeim, sem umsjón er falin, að ráða til þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

Nú verður álitið nauðsynlegt að fá sjerstaklega verkfróðan mann til þess að undirbúa einhverja vegagerð eða brúargerð, eða til þess að sjá um framkvæmd vegagerðar eða brúargerðar, og er þá sýslunefnd eða oddvita í umboði hennar heimilt að ráða til hvern þann hæfan mann er fæst. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, má telja með öðrum kostnaði við verkið.

29. gr.

Hreppsnefnd hefur umsjón með vinnu og aðgerð á hreppsvegum, og skal hún ráða þann til verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

Nú verður álitið nauðsynlegt að fá sjerstaklega verkfróðan mann til þess að undirbúa vegagerð eða brúargerð, eða til þess að sjá um framkvæmd vegagerðar eða brúargerðar, og er þá hreppsnefnd heimilt að ráða til hvern þann hæfan mann er fæst. Kostnað þann, er af þessu leiðir, má telja með öðrum kostnaði við verkið.

FJÓRÐI KAFLI.

Um gerð veganna og um jarðrask, landnám, átroðning o. fl.

30. gr.

Allir vegir skulu vera svo breiðir, að nægi fyrir umferð þá, sem er eða vænta má að verði um þá.

31. gr.

Fram með öllum vegum skulu vera skurðir á báðar hendur, nema þar sem verkstjórinn kann að álíta það óþarft. Nú þarf að veita vatni frá vegi, og er þá hver landeigandi skyldur að leyfa, að því sje gerð framrás yfir land hans, mót skaðabótum fyrir tjón það, sem hann kann að bíða af því; skaðabæturnar skulu ákveðnar með samkomulagi eða eftir mati samkvæmt 33. grein; þó getur enginn krafist skaðabóta samkvæmt þessum lögum fyrir vatnsrásir, sem eru til orðnar áður en lög þessi öðlast gildi.

Jarðefni það, er grefst upp úr skurðum og verður ekki notað til fyllingar í veginn, skal leggja á þann skurðbakkann, er veit frá veginum; skal álnar breið ræma af þeim skurðbakka teljast til vegarins, og má enginn gera girðingar eða önnur mannvirki á þeirri ræmu án leyfis stjórnarvalda þeirra, er veginum ráða; enginn má heldur reisa hús nær þeim skurðbakka, er veit frá vegi, en nemi 3 álnum.

32. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það, er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og leyfa að efni til vega sje tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því að eins greiddar, að þeirra sje krafist, og álitið verði að landeigandi hafi beðið skaða við það.

33. gr.

Bætur fyrir landnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sjer, má ákveða eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns stjórnarvalda þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðinn við matið greiðir landeigandi, ef upphæð sú, sem honum er metin, er nær því, sem honum hefur verið boðið en því, sem hann hefur krafist; ella telst kostnaðurinn við matið með skaðabótakostnaðinum.

Nú vill annarhvor málsaðili eigi una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan mánaðar frá því matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 4 dómkvöddum mönnum; kostnaðinn við yfirmat greiðir landeigandi, ef hann hefur krafist þess og það gengur honum eigi í vil, ella telst hann með öðrum skaðabótakostnaði.

34. gr.

Mat skal framfara á vættvangi þá er jörð er snjólaus. Við matið skal hafa tillit til árlegs afraksturs af landi því, er um ræðir, svo og til þess, hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja og athuga vandlega alt það er getur haft áhrif á verðmæti þess, er meta skal; sjerstaklega skal hafa tillit til þess, ef ætla má, að land hækki í verði við vegagerðina. Nú legst eldri vegur eða stígur niður við lagningu nýs vegar og fellur til landeiganda, og skal þá við

matsgerðina meta sjerstaklega hið gamla vegarstæði eða götutroðninga og draga frá upphæð þeirri, er landeiganda er metin fyrir landnám undir hinn nýja veg eða jarðrask leiðandi af lagning hans; bætur fyrir átroðning skal eigi meta í slíkum tilfellum, nema sannað verði, að meiri átroðningur stafi af hinum nýja vegi, en af hinum eldri vegi eða stíg.

35. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning, en sje jörð leigð öðrum, greiði landeigandi honum 4 af hundraði árlega af skaðabóta-upphæðinni, meðan leigusamningur sá er í gildi, sem var þegar bæturnar voru ákveðnar. Ábúandi á þó bætur fyrir skemdir á mannvirkjum þeim, sem eru hans eign, og skal meta þær sjerstaklega.

36. gr.

Skaðabóta, er af vegagerð eða vegaviðhaldi leiða skal krefjast innan árs frá því er verk það var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur rjettur til skaðabóta niður.

FIMTI KAFLI.

Um brýr, ferjur, sæluhús, girðingar, hlið o. fl.

37. gr.

Brýr skal gera á vegum þar sem álitið verður nauðsynlegt, og teljast þær til vega þeirra, er þær liggja á.

38. gr.

Lögferjuskylda skal vera hin sama og nú er.

Sýslunefndir hafa eftirlit með því, hver í sinni sýslu, að lögferjumenn haldi lögferjum í gildu standi og gæti skyldu sinnar að öðru leyti, eftir þeim nánari reglum sem sýslunefnd setur á hverjum stað.

Eigi má sýslunefnd hækka lögferjugjöld nje afnema lögferju nema með samþykki stjórnarráðsins.

39. gr.

Nú er sett dragferja eða svifferja eða annar ferjuútbúnaður, sá er útheimtir ferjumann, í lögferju stað, og skal þá lögferjumaður skyldur að taka við hinni nýju ferju, gegna henni og hafa með henni umsjón alla; að því leyti sem viðhald hins nýja ferjuútbúnaðar álíst kostnaðarsamara en viðhald hinnar eldri ferju, skal sýslusjóður kosta það, en landssjóður ef ferjan er á þeim vegi, er landssjóði ber að halda við.

40. gr.

Nú vill sýslunefnd setja lögferju þar sem ekki var lögferja áður, og skulu þá taka við henni landeigandi og ábúandi, en geta krafist þess, að ferjan sje lögð þeim til í upphafi. Ferjugjöldin skulu, ef samkomulag næst ekki, ákveðin af óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

41. gr.

Nú verða áhúendaskifti á býli því, er lögferja fylgir, og má viðtakandi þá krefjast þess, að honum sje metið álag á ferjuna.

42. gr.

Sæluhús skal gera á fjallvegum og annarstaðar þar er þurfa þykir, og telst kostnaður við bygging þeirra með vegagerðakostnaði, en kostnaður við viðhald þeirra og rekstur með vegaviðhaldskostnaði.

43. gr.

Girðingar má ekki setja nær alfaravegi en svo, að fullar 3 álnir sjeu frá miðju vegarins til girðingarinnar. Gaddavírsgirðingar má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 9 álnir sjeu frá miðjum vegi til girðingar, og ekki nær en svo, að 6 álnir sjeu frá vegarjaðrinum til girðingarinnar.

Enginn má gera girðingu yfir veg með hliði á fyrir veginum nema með leyfi sýslunefndar, ef um sýsluveg eða hreppsveg er að ræða, en með leyfi stjórnarráðsins ef um flutningabraut, þjóðveg eða fjallveg er að ræða.

Nú er leyft að gera girðingu yfir veg með hliði á fyrir veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minsta kosti 4 álna breið, og svo gerð, að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki.

44. gr.

Nú liggur vegur eða stígur eða götutroðningar yfir land manns, og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði fyrir veginum, en eigi má hann loka hliðinu nje með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema hreppsnefnd og sýslunefnd leyfi.

45. gr.

Nú er vegur lagður gegnum land manns, og á hann þá rjett á að fá óhindraðan aðgang að veginum á einum stað frá landareign sinni. Skal í því skyni gera fláa út frá veginum, ef hann er upphleyptur eða niðurgrafinn, og sje hallinn á fláanum eigi meiri en 1:8, svo og brú á skurðinn, ef nokkur er fram með veginum, að minsta kosti 3 álna breiða. Landeigandi skal birta verkstjóra kröfu sína í þessu efni áður vegurinn er fullgerður á þeim stað,

sem hann vill hafa aðgang að, og skal þá aðgangur gerður þar eða svo nálægt, sem kostur er á; telst kostnaðurinn við það með vegagerðarkostnaði.

Nú birtir landeigandi verkstjóra eigi kröfu sína um aðgang að veginum í tæka tíð, og skal hann þá gera aðganginn á sinn kostnað, svo og ef hann vill hafa aðgang frá fleirum stöðum í landi sínu en þeim eina.

SJÖTTI KAFLI.

Um framkvæmd viðhaldsins og um vetrarviðhald og vetrarvegi.

46. gr.

Stjórnarvöld þau, sem eiga að sjá um viðhald vega samkvæmt lögum þessum, skulu fá til svo hæfa menn, sem kostur er á, til þess að hafa eftirlit með vegunum, og skal eigi ætla eftirlitsmanni lengri kafla en 15 kílometra, nema staðhættir krefji.

47. gr.

Eftirlitsmenn skulu tafarlaust láta gera við allar skemdir á vegunum, þær er hætta getur stafað af, eða hindra umferð, eða hætt er við að ágerist svo að meiri kostnaður hljótist af. Þeir skulu á vetrum halda skurðum og rennum opnum, svo að eigi renni yfir veginn í leysingum; að öðru leyti skulu þeir framkvæma viðhaldið eftir því, sem þeim verður fyrirskipað.

Eftirlitsmenn skulu og hafa gát á því, að vegfarendur hlýði ákvæðum þeim um umferð á vegum, sem sett eru í lögum þessum eða sett kunna að verða, svo og að vegurinn og þau mannvirki, sem honum fylgja, sjeu eigi skemd af mannavöldum. Skulu þeir tafarlaust kæra öll slík brot fyrir lögreglustjóra.

48. gr.

Nú þykir ástæða til að halda vegi akfærum með snjómokstri að vetrarlagi, og má þá hreppsnefnd ákveða að svo skuli gert, hver innan síns hrepps. Nú liggur vegur um fleiri hreppa en einn, og má sýslunefnd þá ákveða að honum skuli halda akfærum með snjómokstri, ef hreppsnefnd í einhverjum þeim hreppi, er vegurinn liggur um, fer fram á það.

49. gr.

Þá er löglega hefur verið ákveðið að halda vegi akfærum að vetrarlagi með snjómokstri, skal hver hreppsnefnd annast um framkvæmd þess innan síns hrepps. Kostnaðinn við það má greiða úr sveitarsjóði, en heimilt er hreppsnefnd og að ákveða, að verkið skuli int af hendi með skylduvinnu

allra verkfærra karlmanna í hreppnum; heimilt skal þó hverjum manni að leysa sig undan skylduvinnu með því að greiða 2 kr. fyrir hvert dagsverk.

Hreppsnefnd kveður að öðru leyti á um hversu snjómokstri skuli hagað.

50. gr.

Heimilt er sýslunefndum og hreppsnefndum að verja fje úr sýslusjóðum og hreppsvegasjóðum til þess að gera sleðabrautir á vetrum utan almennra vega, þar sem þörf þykir.

SJÖUNDI KAFLI.

Sjerstök ákvæði um vegi í kaupstöðum og í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig.

51. gr.

Í kaupstöðum og í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, skal gera akfæra vegi í sambandi við þá akvegi, er liggja að kaupstaðnum eða verslunarstaðnum. Að öðru leyti ákveður bæjarstjórn eða hreppsnefnd með ráði byggingarnefndar hvar vegir skuli liggja innan kaupstaðarins eða verslunarstaðarins, og hvernig þeir skuli gerðir.

52. gr.

Kostnaður við vegagerð og vegaviðhald í kaupstöðum greiðist úr bæjarsjóði, en í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelag út af fyrir sig, úr sveitarsjóði.

53. gr.

Með tekjum sveitarsjóðs skal í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, telja hreppsvegagjald, sem er 2 kr. 50 au. fyrir hvern verkfæran karlmann í verslunarstaðnum, 20—60 ára, og greiðist gjaldið á þann hátt, sem fyrir er mælt í 23. gr.

54. gr.

Verslunarstaðir, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, skulu lausir við að greiða þann þriðjung sýslusjóðsgjaldsins, sem þeim annars bæri að greiða eftir tölu verkfærra karlmanna þar, ef hreppsfjelagið ver árlega til vegagerðar í verslunarstaðnum að minsta kosti jafnmiklu fje úr sveitarsjóði, auk hreppsvegagjaldsins, sem þessi þriðjungur sýslusjóðsgjaldsins mundi nema.

55. gr.

Í kaupstöðum og í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir

sig, skal moka alla almenna vegi svo fljótt sem unt er, eftir að snjór er fallinn til baga fyrir umferð. Í verslunarstöðum má þó sýslunefnd undanskilja þá vegi, sem lítil er umferð um, ef hreppsnefnd fer fram á það; undanþága þessi gildir þó eigi nema 3 ár, nema hún sje endurnýjuð.

56. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir sjá um framkvæmd á snjómokstri, og greiðist kostnaður við hann úr bæjarsjóði eða sveitarsjóði.

Snjómokstri skal þannig hagað, að jafnaðarlega verði gangur, 4 al. á breidd, en þó má bæjarstjórn og hreppsnefnd ákveða, að gangur megi mjórri vera, þar sem vegur liggur afsíðis eða umferð er lítil, þó eigi mjórri en $2^1/_2$ al.

ÁTTUNDI KAFLI.

Um reglur fyrir umferð um vegi, skemdir o. fl., og um sektir fyrir brot gegn lögum þessum.

57. gr.

Vegfarendur, hvort heldur eru gangandi, ríðandi eða á vagni eða á hjólum, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sjer og gripum sínum á vinstri helmingi vegarins eingöngu.

58. gr.

Stjórnarvöld þau, er eiga að annast viðhald vega, geta — hreppsnefndir og sýslunefndir þó eigi nema með samþykki stjórnarráðsins — sett þær reglur fyrir umferð um vegi þá, er þau annast um viðhald á, sem nauðsynlegar eru til þess að fyrirbyggja skemdir á vegunum eða til þess að greiða fyrir umferð um vegina, svo sem bannað trjádrátt og umferð þungavagna með mjóum hjólgjörðum.

59. gr.

Enginn má skilja eftir á alfaravegi neitt það, er getur hindrað eða bagað umferð um veginn; enginn má heldur stýfla skurði fram með vegi, eða frá vegi eða ræsi gegnum veg, eða gera neitt það, er hindrað getur eðlilegt vatnsrensli gegnum veg eða frá vegi.

60. gr.

Hver sá er notar sæluhús við alfaraveg, skal ganga þrifalega um það, fara gætilega með eld, eldfæri og önnur þau tæki, er þar kunna að vera, ganga frá hverju á sínum stað og loka dyrum svo að ekki nái að fenna inn. Skylt

er hverjum, sem verður var við að brotið hafi verið móti þessu, að tilkynna það tafarlaust umsjónarmanni sæluhússins eða lögreglustjóra.

61. gr.

Brot gegn lögum þessum og gegn þeim reglugerðum og ákvörðunum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum frá 4—100 kr. Sömu sektum varðar það að skemma af ásettu ráði vegi, brýr, ferjur, vörður eða sæluhús, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það, sem hann hefur unnið.

62. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

63. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Lög 24. nóv. 1893 um gæslu og viðhald á brúm yfir Ölfusá og Þjórsá.

Lög 13. apríl 1894 um vegi.

Lög 26. febr. 1898 um sjerstakt gjald til brúargerða.

Lög 9. sept. 1899 um viðauka við lög um vegi 13. apríl 1894.

Lög 12. jan. 1900 um fjölgun og viðhald þjóðvega.

Lög 23. okt. 1903 um breyting á lögum nr. 8 um vegi frá 13. apríl 1894

Lög 10. nóv. 1905 um breyting á lögum 13. apríl 1894 um vegi og á lögum um breyting á þessum lögum 23. október 1903.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Vegalögin frá 13. apríl 1894, sem á sínum tíma mörkuðu stórt framfara spor í vegamálum, eru nú orðin ófullnægjandi að ýmsu leyti og ekki nógu viðtæk, svo að ástæða virðist til að setja ný vegalög, sem innibindi í sjer núgildandi vegalöggjöf, með þeim breytingum og viðaukum, sem álítast nauðsynleg.

Um 1. gr.

Flokkunin er óbreytt eins og í vegalögunum frá 1894.

Um 2. gr.

Endamörk flutningabrautanna og að nokkru leyti lega þeirra er hjer nánar ákveðin en í gildandi lögum. Flutningabrautin frá Þingvöllum til Geys-

is er feld burtu, en í stað þess er tekin upp flutningabraut (3 a.) frá Ingólfsfjalli um Grímsnes að Geysi. Kaflinn frá Þjórsá austur yfir Ytri-Rangá, sem nú er talinn með þjóðvegum, er og talinn með flutningabrautunum hjer.

Um 3. gr.

Þjóðvegirnir eru hjer taldir þannig, sem sjálfsagt virðist, að ekki verði sami kaflinn bæði flutningabraut og þjóðvegur, eins og nú á sjer stað sumstaðar. Af nýjum þjóðvegaköflum eru hjer teknir upp: 1) Frá vegamótum hjá Gljúfurá að Dalsmynni í Norðurárdal; 2) Frá Eskifirði að Búðareyri við Reyðarfjörð; 3) Frá Þingvöllum um Laugardal til Geysis. Breytingar frá núverandi legu þjóðveganna eru teknar upp á þessum stöðum: 1) Frá Einarsstöðum að Þverá í Laxárdal (Þingeyjarsýslu); póstleiðin hefur til þessa legið um Grenjaðarstað, en það breytist nú, og er eigi ástæða til að hafa þann krók á þjóðveginum. 2) Í Nesjum er ráðgert að leggja veginn um Hóla og Bjarnanes, því að Hornafjarðarfljót er orðið ófært á hinni neðri leið, fyrir neðan Bjarnanes. 3) Í Vestur-Skaftafellssýslu er vegurinn ráðgerður yfir hinar fyrirhuguðu brýr á Hólmsá og Skaftáreldvatni, en við það breytist lega hans á svæðinu frá Skaftá að Höfðabrekku í Mýrdal. Burt er feldur þjóðvegarkaflinn frá Eskifirði um Eskifjarðarheiði til Egilsstaða og kaflinn frá Þjórsá austur fyrir Ytri-Rangá, sem tekin er í flutningabrauta tölu.

Um 4. gr.

Hjer er stjórnarráðinu beinlínis gefið vald til að ákveða hvar fjallvegir skuli vera.

Um 5. gr.

Hjer er sýslunefndunum gefið vald til að ákveða hvar sýsluvegir skulu vera, en nú þurfa þær til þess samþykki amtsráðs.

Um 6. gr.

Að efni til samkvæm núgildandi vegalögum.

Um 7. gr.

Hjer er lagt til að hlutaðeigandi hjeruð greiði kostnað þann, er leiðir af landnámi, jarðraski og átroðningi við lagning flutningabrautanna, og er það gert af þeirri ástæðu, að vænta má að útgjöld til þessa verði þá lægri en ef landssjóður kostar það, eins og nú á sjer stað.

Um 8.—12. gr.

Hjer er farið fram á að hlutaðeigandi hjeruð — með einstökum und-

antekningum — kosti viðhald flutningabrautanna, undir eftirliti landsstjórnarinnar. Sjá um þetta »Yfirlit yfir ástand þjóðvega og flutningabrauta 1906 og tillögur um vegagerð á þeim« eftir verkfræðing landsins, hr. J. Þorláksson, sem lagt er fyrir þingið með frumvarpi þessu.

Um 13. gr.

Kröfurnar til þjóðveganna eru teknar óbreyttar úr núgildandi vegalögum.

Um 14.—16. gr.

Á ýmsum köflum er þörf á að gera þjóðvegina akfæra, vegna flutninga í hjeruðum þeim, sem þjóðvegir liggja um; hjer er að ræða um að fullnægja alveg samskonar þörf eins og fullnægt verður með lagning flutningabrauta, og eru því settar samskonar reglur um gerð þessara vega, greiðslu kostnaðar við þá og viðhald þeirra, eins og um flutningabrautir, þó með þeirri breytingu, að eigi er útilokað, að krafist verði framlags af hlutaðeigandi hjeruðum til vegagerðarinnar. Sumstaðar kann að þykja þörf á að gera þjóðveg akfæran um fjöll eða milli landsfjórðunga — vegna pósta og langferðamanna, og er þá gert ráð fyrir að viðhald hvíli á landssjóði sem að undanförnu.

Um 17. gr.

Viðhald þjóðvega, annara en hinna akfæru, greiðist eftir sömu reglum og hingað til. Þó er felt burtu ákvæðið í 6. gr. vegalaganna frá 13. apríl 1894 um það, að alt að helmingi sýsluvegagjalds skuli ganga til póstvegarins þar sem þjóðvegur liggur um sýslu endilanga. Þetta hefur hingað til að eins komið niður á tveim sýslum — Húnavatnssýslu og Suðurmúlasýslu — og því ekki orðið svo rjettlátt, sem í fljótu bragði mætti virðast, og virðist ákvæðið mega hverfa fyrir þeirri meginreglu, sem hjer er tekin upp, að hvert hjerað haldi við þeim *akvegum*, sem það notar til flutninga.

Um 18. gr.

Efnið óbreytt frá vegalögunnm 13. apríl 1894 (6. og 9. gr.).

Um 19.—21. gr.

Hjer er farið fram á þá breytingu frá núgildandi lögum, að kostnaður við sýsluvegi (eins og kostnaður við viðhald flutningabrauta og akfærra þjóðvega) greiðist úr sýslusjóði, og að hið sjerstaka sýsluvegagjald falli niður. Með þessu eru sýslunefndum gefnar frjálsari hendur í vegamálum, sem og nauðsynlegt virðist, eftir því sem kröfur til akfærra vega aukast.

Um 22. gr.

Ákvæðin miða að því að tryggja það, að eigi sje ráðist í meiri háttar

sýsluvegagerðir, nema nægilegnr undirbúningur hafi farið fram, með rannsókn vegasvæðisins og kostnaðaráætlun.

Um 23.—26. gr.

Ákvæðunum um hreppsvegi er hjer ekki breytt að öðru en því, að heimilað er með vissum skilyrðum að verja fje úr sveitasjóði til þeirra, og að taka lán til þeirra upp á sveitarsjóð.

Um 27. gr.

Eins og nú er ástatt, virðist vera heppilegast, að landsstjórnin og verkfræðingar hennar stjórni öllum þeim vegagerðum, sem fje er lagt til úr landssjóði, og þá einnig þeim sýsluvegagerðum, sem landssjóður kostar að nokkru. Byggist þetta á því, að sýslufjelög eiga örðugt með að fá nauðsynlega verkfróða aðstoð til stærri vegagerða, og hætt við að þau hliðri sjer hjá kostnaði þeim, sem af henni leiðir.

Verksvið landsverkfræðingsins er hjer ákveðið þannig, að hann sje framkvæmdarstjóri í vegamálum. Verksvið hans er nú mjög óákveðið, en er þó helst þannig, að hann sjer um framkvæmd á því, sem stjórnarráðið felur honum í hverju einstöku tilfelli, og gefur stjórnarráðinu álit sitt eða ráð um það, sem stjórnarráðið óskar; er hætt við að það fyrirkomulag reynist ekki vel til langframa, enda er þörf á aðgerðarmeiri framkvæmdarstjórn en nú á sjer stað (sjá »álitsskjal um verklegan undirbúning vegagerða og verklega umsjón með þeim« sem prentað er sem fylgiskjal með fjárlögunum). Í þessu skyni verður og nauðsynlegt að leggja landsverkfræðingnum til aðstoð.

Heimildin til þess að greiða kostnað við verkfróða umsjón af fje því, sem til verks er ætlað, er tekin upp í því skyni, að komist verði hjá að leggja landsverkfræðingnum til fleiri en einn aðstoðarmann að svo stöddu.

Um 28.—29. gr.

Sýslunefndum og hreppsnefndum er ætlað að hafa umsjón og stjórn sýsluvega og hreppavega, sem að undanförnu, en heimilað að fá verkfróða aðstoð eftir þörfum á kostnað þess verks, er aðstoðar þarf til.

Um 30. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 31. gr.

Akvæðið um að láta álnar breiða ræmu fylgja vegi á þeim skurðbakka,

er veit frá vegi, er nauðsynlegt til þess að hindra það, að skurðirnir sjeu skemdir með plægingu eða með því að gera mannvirki á sjálfum skurðbakkanum.

Um 32. gr.

Það getur komið fyrir, að landspjöll stafi af því að óyrkt land er tekið undir veg, eða efni til vegar tekið úr óyrktu landi, og virðist þá vera rangt að neita landeiganda um rjett til skaðabóta.

Um 33. gr.

Ákvæðin um að landeigandi skuli greiða kostnað við mat, ef upphæð sú, sem honum er metin, er nær því, sem honum hefur verið boðið en því, sem hann hefur krafist, og að hann skuli greiða kostnaðinn við yfirmat, ef hann hefur krafist þess og það gengur honum eigi í vil, eru tekin eftir norskum lögum.

Um 34. gr.

Ákvæðin um eldri veg eða stíg byggist á því, að þar sem alfaravegur hefur legið, er landeigandi skyldur að þola átroðning þann, sem umferðin hefur í för með sjer, og getur ekki notað sjer vegarstæðið (götutroðningana) sem sína eign; bætur fyrir lagningu nýs vegar virðist hann þá aðeins eiga að því leyti, sem meira eða betra land fer undir hinn nýja veg en hinn gamla, og meiri átroðningur kann að verða af umferð um hinn nýja veg en um hinn gamla.

Um 35. gr.

Landeiganda er heimilt að verja bótum þeim, er hann kann að fá fyrir átroðning, hvort sem hann vill til girðinga fram með veginum eða á annan hátt, og samkvæmt þessari grein getur leiguliði ekki heimtað annað en vexti af skaðabótaupphæðinni.

Um 36. gr.

Þetta ákvæði er tekið eftir norskum lögum og virðist hentugt.

Um 37. gr.

Ákvæðið er sett til þess að gera það ljóst, að um kostnað við brúargerðir og viðhald brúa fer að öllu sem um kostnað við bygging og viðhald vega þeirra, er brýrnar liggja á.

Um 38. –41. gr.

Með ákvæðum þessum er ekki tilætlunin að breyta skyldu þeirri til að halda lögferju, sem nú er í lögum, eða skyldum sýslunefndar í þessum efnum, heldur er tilætlanin sú að gera ákvæði þessi fyllri og skýrari. Þó hefur þótt rjett að samþykki stjórnarráðsins skyldi til að leggja niður lögferjur, þar sem ýmsar lögferjur geta verið nauðsynlegar fyrir fleiri en eina sýslu, eða jafnvel fyrir fleiri en einn landsfjórðung, svo getur lögferja og verið nauðsynleg fyrir aðra sýslu en þá, þar sem ferjan er.

Um 42. gr.

Sæluhús á fjölförnum vegum þyrftu að vera útbúin með eldfærum og hitunarfærum, eldsneyti og ljósmeti, og virðist eðlilegt að telja þann kostnað (reksturskostnað) með vegaviðhaldskostnaði.

Um 43. gr.

Ákvæðið um að girðing megi ekki vera nær vegi en 3 al. frá miðju, er miðað við það, að mjóstu vegir sjeu 4 álnir að breidd, og verður þá ein alin innan girðingar hvorum megin vegarins. Gaddavírsgirðingar má eftir 16. gr. laga um túngirðingar frá 19. des. 1903, sbr. lög nr. 22 frá 20. okt. 1905, ekki hafa fram með alfaravegi; hjer er þetta ákvæði að eins skýrt nánara, þannig að eigi megi gaddavírinn vera nær vegmiðju en 9 al. og eigi nær vegjaðri en 6 al.

Bann gegn því að setja hlið fyrir alfaraveg nema með leyfi hlutaðeigandi stjórnarvalda virðist vera nauðsynlegt, því að annars má búast við að innan skamms verði svo mikið af slíkum hliðum, að mjög mikill bagi sje að fyrir umferð.

Um 44. gr.

Til eru ýmsir alfaravegir, sem hafa ekki verið teknir í tölu hreppavega eða sýsluvega, og miða ákvæði greinarinnar að því að tryggja það, að slíkum vegum sie ekki lokað fyrir umferð, þar sem álitið verður nauðsynlegt að halda þeim opnum.

Um 45. gr.

Landeigendur hafa ekki átt rjett á því hingað til, að fá skurði fram með vegum brúaða, og hefur því verið töluverð freisting fyrir þá til þess að fylla skurði með rofi svo að yfir yrði komist. Á þessu er ráðin bót með ákvæðum greinarinnar.

Um 46.—47. gr.

Eftir því sem hjer hagar til virðist eigi vera hægt að koma viðhaldi vega tryggilega fyrir á annan hátt en þann, að settir sjeu eftirlitsmenn, er búa í nánd við veginn, og líta eftir sínum kafla hver; væntanlega þarf ekki að borga þessum mönnum annað en hæfilegt kaup fyrir þá tíma, sem þeir vinna að við-

haldinu. Et til vill væri heppilegt að fela eftirlitsmönnum nokkurt lögregluvald, hverjum á sínum vegarkafla, en ekki er farið fram á það hjer.

Um 48.—49. gr.

Þar sem akvegir liggja um sveit, getur verið ástæða til að moka snjó á þeim á vetrum, og eru ákvæði þessara greina sett með tilliti til þess.

Um 50. gr.

Þarf eigi skýringar við.

Um 51.—54. gr.

Hjer er tekið upp efni laga 10. nóv. 1905 um breytingu á lögum 13. apr. 1894 um vegi og á lögum um breyting á þessum lögum 23. okt 1903, að því er snertir vegi í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, með þeirri breytingu, sem leiðir af því að hið núverandi sjerstaka sýsluvegagjald fellur burtu og þeirri breytingu, sem meir snertir form en efni, að hreppsvegagjaldið skuli teljast með tekjum sveitarsjóðs, og kostnaður við vegina greiðast úr sveitarsjóði.

Um 55.—56. gr.

Akvæðin um snjómokstur munu vera í samræmi við það, sem tíðkast í kaupstöðum og sumum verslunarstöðum nú.

Um 57. gr.

Þar sem kvenfólk situr vinstra megin á hesti, þykir rjett að sú regla sje innleidd að menn skuli víkja til þeirrar hliðar, er menn mætast, þótt gagnstæð regla gildi í nálægum löndum.

Um 58. gr.

Reglugerðir um umferð á vegum þykja hvarvetna nauðsynlegar, og eru það eigi síður hjer. Sjerstaklega er trjádráttur á flutningabrautum og öðrum vönduðum vegum óhæfa.

Um 59. gr.

Hingað til hafa menn, að því er virðist, talið sjer heimilt að stýfla skurði fram með vegum og frá vegum eftir vild, og hafa vegir oft skemst af; hefur vantað skýrt bann gegn þessu að viðlögðum sektum.

Um 60. gr.

Það er sjerstaklega áríðandi að vel og þrifalega sje um sæluhús geng-

ið, og þó einkum að þau sjeu ekki skilin eftir opin. Ákvæðið í enda greinarinnar miðar m. a. að því að flýta fyrir viðgerðum á því, sem miður hefur farið í þessu efni.

Um 61. gr.

Það ætti að vera föst regla, að sá sem skemmir vegi eða eitthvað sem þeim fylgir, bæti skemdirnar á sinn kostnað auk sektanna.

Um 62. gr.

Samkvæm 24. gr. laga um vegi frá 13. apríl 1894.

Um 63. gr.

Lögin 26. febr. 1898 um sjerstakt gjald til brúargerða munu vera óþörf, þá er full heimild er fengin til að verja fje úr sýslusjóði til sýsluvegagerða.

Fylgiskjal.

Verkfræðingur landsins.

Yfirlit

yfir

ástand flutningabrauta og þjóðvega árið 1906 og tillögur um vegagerðir á þeim.

Það er álit mitt, að við framkvæmd vegagerða framvegis eigi að fylgja þeirri meginreglu, að leggja sem fyrst akvegi þá (flutningabrautir), sem ákveðnir eru með núgildandi vegalögum, svo og aðra akvegarkafla, sem jafnast við hina að notagildi; á akvegum sjeu öll vatnsföll brúuð samtímis vegarlagningunni. Til reiðvega sje varið sem minstu fje, ekki öðru en því, sem nauðsynlegt er til þess að halda þjóðvegunum í svipuðu ástandi og þeir eru í nú víðast hvar, og til þess að halda fjallvegum færum; þó sjeu brúuð þau vatnsföll á þjóðvegum, sem helst geta orðið að farartálma.

Lengd flutningabrauta þeirra, sem ákveðnar eru í núgildandi vegalögum, er hjer um bil þessi:

Borgarfjarðarbraut	33.4	kílómeter
Húnavatnssýslubraut	39.5	——
Skagafjarðarbraut	25.7	——
Eyjafjarðarbraut	26.0	——
Þingeyjarsýslubraut	37.6	——
Fagradalsbraut	35	——
Flutningabraut Reykjavík — Þjórsá ...	76.4	——
Flutningabraut Eyrarbakka — Selfossi ..	11	——
Þingvallabraut (frá vegamótum)	36.5	——
Flutningabraut frá Þingv. til Geysis ...	54	——
Vegalengd samtals =	375.1	km.

Borgarfjarðarbrautin er hjer talin frá vegamótunum 3 km. fyrir ofan Borgarnes, yfir Norðurá hjá Stafholtskastala, yfir Þverá á Lundahyl og á þjóðveginn rjett fyrir norðan Kláffossbrú.

Húnavatnssýslubrautin er talin frá bryggjunni við Blönduós, yfir Vatnsdalsá hjá Hnausum og yfir Víðidalsá hjá Steinsvaði.

Skagafjarðarbrautin er talin frá Sauðárkrók, yfir Sæmundará fyrir neðan Geirmundarstaði, og á þjóðveginn fyrir neðan Víðimýri.

Eyjafjarðarbrautin er talin frá Akureyri að Saurbæ.

Þingeyjarsýslubrautin er talin frá Húsavík um Laxamýri, yfir Laxá nálægt Árbót og að Einarsstöðum (á þjóðveginn þar).

Fagradalsbrautin er talin frá Búðareyri við Reyðarfjörð að Lagarfljóti hjá Egilsstöðum.

Af þessum flutningabrautum má ætla að lokið verði að leggja í lok yfirstandandi fjárhagstímabils:

Borgarfjarðarbraut	um 15	km.
Eyjafjarðarbraut	17.1	—
Reykjavík — Þjórsá	76.4	—
Eyrarbakka — Selfossi. ...	11	—
Fagradalsbraut	um 15	—
Þingvallavegurinn	36.5	—
Samtals	um 171	km.

Verður þá eftir að leggja um 204.1 km.

Nú legg jeg til að í stað flutningabrautarinnar frá Þingvöllum til Geysis komi flutningabraut frá Ingólfsfjalli til Geysis um Sogsbrúna, að lengd hjer um bil 56 km., en vegurinn frá Þingvöllum til Geysis sje aftur tekinn í þjóðvegatölu.

Enn fremur legg jeg til að hinn núverandi þjóðvegur frá Þjórsá að Ytri-Rangá, að lengd h. u. b. 19.6 km., sje tekinn í flutningabrautatölu. Eftir þessum tillögum yrði lengd allra flutningabrautanna um 396.7 km.

Til þess að ljúka þessum vegagerðum, má ætla að útheimtist þessar fjárupphæðir:

Borgarfjarðarbraut	135	þús. kr.
Húnavatnssýslubraut ...	210	— —
Skagafjarðarbraut	75	— —
Eyjafjarðarbraut	30	— —
Þingeyjarsýslubraut ...	135	— —
Fagradalsbraut.	55	— —
Þjórsá — Ytri-Rangá ...	50	— —
Reykjavík — Þjórsá ...	35	— —
Ingólfsfjalli — Geysi ...	175	— —
Samtals	900	þús. kr.

Mætti koma þessu í framkvæmd á 10 árum, með 90 þús. kr. fjárframlagi á ári. Hjer eru meðtaldar brýr á stórvatnsföllin Ytri-Rangá, Norðurá í Borgarfirði, Þverá í Borgarfirði, Víðidalsá, og Vatnsdalsá og Brúará.

Tala þeirra manna, er mundu hafa not þeirra flutningabrautanna, sem enn eru ógerðar, eða ófullgerðar, til kaupstaðarflutninga, þegar komnar væru nauðsynlegar álmur út frá þeim, verður eftir manntalinu frá 1901 hjer um bil þessi:

Borgarfjarðarbraut.	1300	(1351)
Húnavatnssýslubraut	1050	(1139)
Skagafjarðarbraut	1400	(2057)
Eyjafjarðarbraut	1100	(2405)
Þingeyjarsýslubraut	1450	(2053)
Fagradalsbraut	1840	(2178)
Flutningabr. frá Ingólfsfjalli að Geysi	1200.	

Tölurnar í svigum koma fram þá er íbúar kirkjusóknar kauptúns þess, sem brautin liggur upp frá, eru taldir með þeim er hafa not brautarinnar; til samanburðar á notagildi brautanna, álít jeg, að þær tölurnar sjeu rjettari, en þó á þetta tæplega við Eyjafjarðarbrautina, þar sem Akureyrarbær sækir til lands út með firði ekki síður, en fram í sveit, og um flutningabraut frá Ingólfsfjalli að Geysi er þess að geta, að hún nær ekki til kauptúns síns.

Af þessum flutningabrautum tel jeg sjálfsagt, að fyrst sje lokið við Borgarfjarðarbrautina og Fagradalsbrautina, með því að þegar er byrjað á þeim, og byrjunin kemur eigi að tilætluðum notum, fyrri en brautunum er lokið eða því sem næst. Kaflinn frá Rauðalæk í Holtum að Ytri-Rangá (með brú á Rangá), sem er framhald af flutningabrautinni frá Reykjavík að Þjórsá, ætti og að gerast sem fyrst. Af þeim brautum, sem þá eru ótaldar, tel jeg að Þingeyjarsýslubrautin eigi rjett á að koma fyrst; bæði stendur hún til að verða flestum að notum til kaupstaðarflutninga og svo eru flutningar kostnaðarsamari nú í því hjeraði en nokkru hinna. Skagafjarðarbrautin stendur að vísu til að verða allmörgum að notum (þegar kominn er akfær þjóðvegur til framhalds henni yfir í Blönduhlíð), en í því hjeraði eru flutningar ódýrastir nú, einkum á vetrum, svo að jeg álít ekki að sú braut standi nær því að komast til framkvæmda en Húnavatnssýslubrautin og Árnessýslubrautin, nema ef vera skyldi fyrir það að hún kostar tiltölulega lítið. Ákjósanlegt væri að fá framhald Eyjafjarðarbrautarinnar frá Grund að Saurbæ, áður langt um líður, því að Eyjafjarðarbrautin kemur ekki að fullum notum fyr, en hinsvegar er vagnabrúkun orðin svo tíð í því hjeraði nú þegar, að telja má víst að brautarstúfur þessi komi þegar að tilætluðum notum, er hann verður lagður.

Skilyrði fyrir því að flutningabrautir þessar komi að tilætluðum notum, er yfir höfuð það, að til framhalds þeim og út frá þeim komi akfærar álmur um bygðir þær, sem nota eiga brautirnar. Nú stendur við flestar brautirnar svo á, að þjóðvegur liggur annaðhvort út frá þeim til beggja hliða, eða tekur við áfram þar sem þeim sleppir; þessa þjóðvegarkafla þarf að gera akfæra, sem fyrst eftir að brautirnar eru komnar upp, að svo miklu leyti, sem þeir eru það eigi nú þegar.

Auk þjóðvega þeirra, sem ákveðnir eru með núgildandi vegalögum, virðist mjer nauðsynlegt að taka þessa vegarkafla í þjóðvegatölu:

1. Veginn frá Þingvöllum til Geysis, að lengd um 54 km., ef hann verður numinn úr tölu flutningabrauta.
2. Vegarkaflann frá Gljúfurá í Borgarfirði að Dalsmynni í Norðurárdal, að lengd 19.7 km. Þessi vegarkafli liggur af flutningabraut Borgarfjarðar við Gljúfurá og á núverandi þjóðveg hjá Dalsmynni; liggur leið tveggja aðalpósta landsins um hann nú.
3. Veginn frá Eskifirði að Búðareyri við Reyðarfjörð, að lengd um 15 km. Í stað þess leggist niður þjóðvegurinn frá Eskifirði um Eskifjarðarheiði að Egilsstöðum.

Úr þjóðvegatölu hverfi, samkvæmt því sem að framan er greint, kaflinn frá Þjórsá að Ytri-Rangá, að lengd 19.6 km.

Með þessum breytingum verður lengd þjóðveganna í hverri sýslu landsins hjer um bil þessi:

Sýsla	Þjóðv. alls	Þar af upphleyptur vegur nú	Tala upphl. vegarspotta
Kjósar	62.2 km.	8,2 km.	19
Borgarfjarðar	57.2 —	11.1 —	25
Mýra	107.8 —	42.6 —	43
Hnappadals	43 —	5.3 —	2
Snæfellsness	23.5 —	7.8 —	2
Dala	90.6 —	20.5 —	24
Barðastrandar	54 —	6.6 —	8
Ísafjarðar	25.8 —	0.0 —	»
Stranda	83.4 —	10.3 —	33
Húnavatns	87.7 —	49.1 —	46
Skagafjarðar	50 —	12.7 —	28
Eyjafjarðar	65.8 —	13.0 —	17
Suður-Þingeyjar	108 —	21.1 —	9
Norður-Þingeyjar	12 —	0.0 —	»
Norður-Múla	126 —	h. u. b. 11 —	um 40
Suður-Múla .. ... h. u. b.	170 —	—— 25 —	— 40
Austur-Skaftafells ——	199 —	—— 6 —	— 3
Vestur-Skaftafells ——	135 —	—— 12 —	— 1
Rangárvalla . ... ——	65 —	?	?
Árness ... ... ——	54 —	?	?
Samtals	1620.0 km.	262.3 km.	340
Hjer af í Vesturamtinu ...	428.1 —	93.1 —	112
— - - Norðuramtinu ..	323.5 —	95.9 —	100
— - - Austuramtinu...	495 —	42 —	83
— - - Suðuramtinu ...	373.4 —	31.3(?) -	45(?)

Hjer er ekki meðtalinn kaflinn frá Blönduósi að Víðidalsá, sem að vísu er talinn með þjóðvegum nú, en á að verða að flutningabraut samkvæmt vegalögunum. Í nokkrum hluta Múlasýslnanna, Skaptafellssýslum, Rangárvallasýslu og Árnessýslu hafa þjóðvegirnir ekki verið mældir nákvæmlega enn; tölurnar á þeim köflum eru teknar eftir uppdráttum herforingjaráðsins, það sem þeir ná, og að öðru leyti eftir uppdrætti Bj. Gunnlaugssonar.

Án þess að fara út í það að lýsa ásigkomulagi hinna einstöku kafla þjóðvegarins, má segja um þá alment, að þeir eru meira eða minna vel reiðfærir, en akfærir eru þeir mjög óvíða; hinir upphleyptu spottar eru að vísu akfærir flestir, hver út af fyrir sig, en víðast hvar eru þeir stuttir og þá óvegaðir spottar á milli, sem eru ekki akfærir; einstöku langir kaflar, svo sem yfir Hrútafjarðarháls og Miðfjarðarháls í Húnavatnssýslu eru óslitnir akvegir, en ná ekki til kauptúns og standa ekki í sambandi við aðra akfæra vegi, og koma því að engum notum, sem akvegir. Akfærir kaflar, sem notaðir eru eða nota má til vagnflutninga, eru að eins á 6 stöðum, og eru þeir þessir:

1. Frá Borgarnesi nokkuð vestur fyrir Hítará, að lengd 32.6 km., á þeim kafla eru þó óvegaðir melar (ruddir) að lengd samtals 3.6 km., og óbrúuð á ein lítil, Urriðaá.
2. Í Dalasýslu, frá vegamótum fyrir ofan Búðardal og til þess nokkuð fyrir

sunnan Sauðafell, að lengd um 16 km., þar af er upphleyptur vegur 11.8 km. í 10 pörtum, og þarf hann allur mikilla endurbóta við til þess að verða varanlegur.

3. Í Eyjafirði, frá Akureyri út Kræklingahlíð; sá vegur er nú í smíðum og eru nú fullgerðir um 6.3 km.
4. Í Vestur-Skaftafellssýslu, frá Vík vestur yfir Steigarháls. Vegalengdin er um 12 km., en á þeim kafla eru bæði óbrúaðar ár og óvegaðir spottar.
5. Frá Elliðaánum áleiðis upp í Mosfellssveit; sá vegur er í smíðum, og eru fullgerðir af honum 3.8 km.
6. Frá Blönduósi fram Langadal að Geitaskarði um 12 km.

Á þessum 6 köflum liggja því rúml. 70 km. af upphleyptum vegi. Þá eru eftir um 190 km. af upphleyptum vegarköflum sundurlausum; þessir kaflar liggja víða svo, að ekki eru tiltök að nota þá, þegar leggja á samanhangandi vegi; suma kaflana má þó nota, og þar á meðal flesta hina lengstu.

Við lagningu akfærra þjóðvega virðist mjer rjett að fylgja hinni sömu reglu sem við lagningu flutningabrauta, að brúa öll vatnsföll, sem fyrir verða, samtímis vegagerðinni. Að vísu geta vegir verið akfærir á sumrum, þótt smá vatnsföll sjeu óbrúuð, ef vegirnir eru lagðir að vöðum. En smávatnsföll geta orðið ófær haust og vor, að jeg nefni eigi á vetrum, og þótt komast megi yfir þau ríðandi, geta þau verið ófær gangandi mönnum og vögnum. Það er því fyrirsjáanlegt, að eftir lengri eða skemri tíma verður þess krafist um hvert vatnsfall á samanhangandi akvegi, að það sje brúað; hafi vegurinn nú í upphafi verið lagður að vaði en ekki að brúarstæði, verður annaðhvort að byggja miklu dýrari brú en dugað hefði annars á sama vatnsfall, eða að færa veginn úr stað, máske á löngum kafla. Reynsla sú, sem þegar er fengin, staðfestir þetta fyllilega.

Þeir þjóðvegarkaflar, sem jeg tel nauðsynlegt að sjeu gerðir akfærir svo fljótt sem kringumstæður leyfa, eru þessir:

Vegarkaflar	lengd	áætl. kostnaður
Borgarnesi — Hjarðarfelli í Miklaholtshr.	68.5 km.	115 þús. kr.
Gljúfurá í Bgf. — Víðidalsá í Húnav.sýslu	115.2 —	325 — —
Búðardalsvegamótum — Breiðabólsst. í Sökkólfsdal	23.2 —	40 — —
Varmalæk í Bgf. — Litlu-Þverá	21.8 —	50 — —
Blönduósi — Bólstaðarhlíð	31.2 —	60 — —
Víðimýri — Silfrastöðum	22.9 —	130 — —
Akureyri — Bægisá	25.0 —	40 — —
Gilsferju — Varðgjá	7.8 —	85 — —
Skjálfandafljóti — Einarsstöðum.	11.3 —	15 — —
Einarsstöðum — Laxá...	9.1 —	35 — —
Egilsstöðum — Jökulsá hjá Fossvöllum	23.8 —	65 — —
Egilsstöðum — Haugum í Skriðdal...	34.5 —	50 — —
Hólum í Hornafirði — Bjarnanesi	5.0 —	20 — —
Vík í Mýrdal vestur fyrir Steigarháls ... ... um	12.0 —	15 — —
Ytri-Rangá — Þverá ... ... um	15.0 —	60 — —
Elliðaám — Leirvogsá...	12.7 —	25 — —
Samtals	439.0 km.	1130 þús. kr.

Vegurinn frá Borgarnesi að Hjarðarfelli í Miklaholtshreppi liggur allur í bygð, og telst mjer svo til, að eftir manntalinu frá 1901 hafi um 1350 manns hans bein not. Auk Langár, Álftár og Hítár, sem þegar eru brúaðar, þarf að brúa Urriðaá, Kaldá, Haffjarðará, Laxá, Fáskrúð og Grímsá. Skamt fyrir vestan vegarendann tekur við Staðarsveit, og efast jeg ekki um, að þessi vegur mundi verða henni og þeim sveitum, sem að honum liggja til hins mesta gagns, þar sem hann tengir þær við Borgarnes og þar með við höfuðstaðinn. En hann kemur því að eins að nokkru verulegu gagni, að hann sje akfær.

Vegurinn frá Gljúfurá í Borgarfirði að Víðidalsá í Húnavatnssýslu er aðallega ferðamannavegur milli Norðurlands og Suðurlands, en til vöruflutninga er hann tiltölulega fáum að notum (í Borgarfirði að eins fyrir Hvammssókn og hluta af Stafholtssókn með á að giska 250 íbúum). Í þessum kafla er innifalinn vegurinn frá Gljúfurá að Dalsmynni, að lengd 19.7 km., sem er ekki í þjóðvegatölu nú. Vegurinn stendur í sambandi við flutningabrautina upp frá Borgarnesi að sunnan, en við Húnavatnssýslubrautina frá Víðidalsá til Blönduóss að norðan. Á honum eru mörg vatnsföll, sem óhjákvæmilegt er að brúa, og eru þessi hin helstu: Bjarnadalsá, Sanddalsá, Hvassá, Búrfellsár tvær og Norðurá, allar í Norðurárdal, Miklagil á Holtavörðuheiði, Hrútafjarðará og Síká í Hrútafirði og Miðfjarðará. Brú á Víðidalsá er talin með flutningabraut Húnavatnssýslu. Því verður ekki neitað, að komast má af án akvegar á þessari leið, en mjer virðist þó vera nokkur ástæða til þess, að taka hana í tölu þeirra vega, sem menn hugsa sjer að gera akfæra við fyrstu hentugleika. Í fyrsta lagi má ganga að því vísu, að ef ákveðið verður nú að halda þessum vegi reiðfærum, þarf að verja til hans talsverðu fje, og gera upp ýmsa kafla á honum; svo kemur að því fyr eða seinna, að ákveðið verður að gera veginn akfæran, en hætt er við að spottarnir verði þá að litlu gagni; sje gerður akvegur, þarf sem sje á löngum köflum að leggja veginn annarstaðar en hann er nú. Í öðru lagi er þessi vegarkafii, vegna hinnar miklu umferðar, sjálfkjörinn til tilrauna ef menn vilja reyna að koma á vagnflutningum fyrir póst og farþega um lengri leið, en reynt hefir verið hingað til. Óhjákvæmilegt er að brúa árnar, hvort sem vegurinn er fyrirhugaður reiðfær eða akfær, en kostnaðurinn við það mun fara talsvert fram úr 100 þús. kr.

Í sambandi við þetta er þó rjett að geta þess, að þegar Borgarfjarðarflutningabrautin er fullgerð, er til önnur leið frá Gljúfurá að Sveinatungu, en þessi upp Norðurárdalinn. Þá má sem sje fara flutningabrautina á enda, upp á þjóðveginn rjett fyrir norðan Hvítá, og svo áfram þjóðveginn sem nú er yfir Grjótháls og að Norðurá hjá Hafþórsstöðum, síðan annaðhvort yfir hana á vaði þar, eða leggja veg upp með henni að sunnan, alt upp að Krókshyl; þar er brúarstæði gott.

Vegalengdin frá Borgarnesi að Sveinatungu verður 6.7 kílómetrum meiri ef farin er þessi leið, heldur en ef farið er upp Norðurárdal, og auk þess kemur það til greina, að vegurinn yfir Grjótháls er nokkuð erfiður fyrir bratta sakir.

Þrátt fyrir þetta álít jeg að komast mætti af með þennan veg sem póstveg milli Borgarness og Sveinatungu áleiðis til Norðurlands, en naumast getur komið til mála að láta vestanpóst fara þá leið; verður því hans vegna og vegna umferðar allrar milli Borgarness og Dalasýslu, um Bröttubrekku, óhjákvæmilegt að gera veginn frá Gljúfurá að Dalsmynni að þjóðvegi, og virð-

ist mjer þá einsætt að hlynna heldur að honum en láta veginn yfir Grjóthál (frá Litlu-Þverá að Sveinatungu) heldur bíða seinni tíma.

Þjóðvegarkaflinn frá Varmalæk að Litlu-Þverá í Borgarfirði liggur til beggja hliða út frá enda flutningabrautarinnar hjá Hvítá, og þarf því að gera hann akfæran sem fyrst eftir að flutningabrautin er fullgerð. Á honum eru nú þegar akfærir kaflar að lengd samtals um 10.8 km. sem nota má flesta eða alla, en óbrúaðar eru árnar Litla-Þverá, Reykholtsá og Geirsá.

Kaflinn í Dalasýslu, frá Búðardalsvegamótum að Breiðabólstað í Sökkólfsdal er þegar akfær á hjer um bil 16 km., en í ljelegu ástandi eins og áður var sagt. Til kaupstaðarflutninga og fyrir innsveitis samgöngur kemur vegur þessi, sem liggur allur í bygð, nál. 450 manns að gagni. Á honum er ein á óbrúuð, Reykjadalsá, og mun vera mjög torvelt að brúa hana, enda er brú á henni ekki talin með í kostnaðaráætluninni.

Af vegarkaflanum frá Blönduósi að Bólstaðarhlíð, að lengd 31.2 km., eru um 12 km. næst Blönduósi akfærir að kalla; um 450 manna hafa vegarins not til kaupstaðarflutninga, og allur liggur hann í bygð. Vatnsföll eru ekki teljandi á leiðinni, utan Auðólfsstaðaá.

Vegarkaflinn frá Víðimýri að Silfrastöðum í Skagafirði er framhald af flutningabrautinni. Á honum eru stórvatnsföll tvö, Svartá og Hjeraðsvötnin, sem þarf að brúa. Upphleyptir kaflar eru á þeirri leið að lengd samtals um 8.4 km. (19 talsins), en verða tæplega notaðir allir.

Vegurinn frá Akureyri út yfir Moldhaugaháls áleiðis til Öxnadals er þegar í smíðum. Álitamál getur verið hvort eigi sje rjett að fyrirhuga hann akfæran lengra upp eftir dalnum en að Bægisá.

Frá Akureyri liggur Eyjafjarðarbrautin fram eftir, en fram hjá Gili, 4.6 km. fyrir sunnan Akureyri, liggur þjóðvegurinn af henni yfir ána og síðan út Kaupangssveit að sýslumótum. Ferja er á Eyjafjarðará á þjóðveginum hjá Gili, og er hún brúandi þar, en ærið verður sú brú kostnaðarsöm. Sje brúin bygð, og enda hvort sem er, tel jeg sjálfsagt að gera veginn um Kaupangssveitina akfæran; af allri vegalengdinni, 7.8 km., eru 4.6 km. gamall vegur upphleyptur, sem þarf bráðra endurbóta við, eigi hann ekki að eyðileggjast.

Vegakaflarnir frá Einarsstöðum að Skjálfandafljóti, og frá Einarsstöðum að Laxá liggja til beggja hliða út frá enda flutningabrautarinnar þingeysku. Á hinum fyrnefnda (yfir Fljótsheiði) er upphleyptur kafli að lengd nál. 10 km., akfær, en nær því ómölborinn. Á síðarnefnda kaflanum eru vatnsföllin Breiðumýrará og Reykjadalsá, en umferð verður heldur lítil þar (austur yfir Laxárdalsheiði til Laxárdals).

Vegarkaflarnir frá Egilsstöðum að Jökulsá hjá Fossvöllum og að Haugum í Skriðdal taka við af Fagradalsbrautinni, þar sem hún endar, hvor til sinnar áttar. Hinn fyrnefndi liggur um Lagarfljótsbrúna og yfir Rangá í Hróarstungu, sem er óbrúuð enn. Hinn síðarnefndi liggur um Völlu og Skriðdal, og eru þar fyrir upphleyptir kaflar að lengd samtals 16 km., sem nota má flesta. Vegarkaflar þessir eru hvor um sig skilyrði fyrir því að Fagradalsbrautin komi að fullum notum, og liggja allir í bygð.

Frá Höfn í Hornafirði að Hólum liggur akfær sýsluvegur, og er þörf á að bæta við hann kaflanum frá Hólum að Bjarnanesi, að lengd 5 km. Á þeirri leið er vatnsfall eitt, Laxá, sem þarf að brúa.

Vegurinn frá Vík í Mýrdal vestur yfir Steigarháls er þegar akfær, en þó eru á honum óvegaðir kaflar (ruddir), sem ekki verður komist hjá að leggja áður langt líður, og sömuleiðis vatnsföll óbrúuð.

Vegurinn frá Ytri-Rangá að Þverá er framhald flutningabrautarinnar frá Reykjavík að Ytri-Rangá; þar eru vatnsföllin Hróarslækur og Eystri-Rangá, sem þarf að brúa. Vegur liggur hjer sumstaðar um sanda, og getur þar ekki verið um eiginlega vegagerð að ræða, en með vagna má fara um sandana, þar sem þeir eru nokkurnveginn sljettir, og troðnir af umferð, þótt ekki sje gerður upphleyptur vegur.

Vegurinn frá Elliðaám að Leirvogsá er í smíðum, eftir af honum um 8.7 km. Eitt vatnsfall er þar að brúa (Kaldakvísl), og auk þess þarf litla brú á aðra á, Varmá.

Auk þessara þjóðvegakafla, sem ætla má að óhjákvæmilegt verði að gera akfæra áður langt um líður, má nefna ýmsa aðra, sem æskilegt væri að gera akfæra ef efni leyfðu; skal jeg nefna nokkra þeirra hjer og aðeins tilfæra vegalengdir þeirra.

Leirvogsá — Laxá í Kjós	29.5 km.
Varmalæk — Andakílsá	10.0 —
Litlu-Þverá — Sveinatungu	13.5 —
Dalsmynni — Breiðabólstað í Sökkólfsdal	18.3 —
Búðardal — Leysingjastöðum í Hvammsveit	19.3 —
Hrútafjarðará — Borðeyri	8.6 —
Bólstaðarhlíð — Víðimýri	17.4 —
Silfrastöðum — Bægisá	52.2 —
Varðgjá — Skjálfandafljóti	32.1 —
Jökulsá á Dal — Skjöldólfsstöðum	29.8 —
Hólum í Hornafirði — Fjarðará í Lóni	11.5 —
Þingvöllum — Geysi	54.0 —
Samtals	286.0 km.

Meiri hluti þessara vegakafla liggur þannig, að nauðsynlegt er að gera þá akfæra til þess að akveganetið verði nokkurnveginn samanhangandi. Þarf ekki að efa að til þess komi á sínum tíma, en þýðingarlítið virðist mjer að svo stöddu að gera áætlun um væntanlegan kostnað við það. Á vegarköflum þessum liggja nokkur vatnsföll, sem ekki verður komist hjá að brúa áður langt um líður, og eru þessi hin helstu: Laxá í Kjós, Andakílsá, Grímsá, Suðurá og Austurá í Sökkólfsdal, Fáskrúð í Dölum, Fnjóská og ýmsar smærri ár.

Á öðrum köflum þjóðveganna, þeim er tæplega getur verið umtalsmál að gera akfæra fyrst um sinn, eru nokkur vatnsföll, sem óhjákvæmilegt verður að brúa. Stærst eru vatnsföllin og flest sunnanlands, frá Þverá í Rangárvallasýslu að Jökulsá í Lóni, en þau haga sjer flest þannig að ógerningur er að brúa þau. Á öðrum köflum þjóðveganna eru vatnsföll tiltölulega smá, að undanskildri Jökulsá á Fjöllum. Þótt hún sje þegar brúuð niðri undir sjó, verð-

ur óhjákvæmilegt að brúa hana uppi á póstleiðinni, svo framarlega sem póstleiðin verður ekki færð norður eftir; mitt álit er það, að póstleiðin eigi að liggja áfram þar sem hún liggur nú, milli Einarsstaða í Reykjadal og Skjöldólfsstaða á Jökuldal.

Þótt aðallega sje fylgt þeirri reglu um hina reiðfæru þjóðvegi, að halda þeim við í núverandi ástandi sínu meðan verið er að gera akfæru kaflana, eru þó nokkrir kaflar svo illir yfirferðar nú, að ekki verður hjá því komist, að umbæta þá, og eru þessir hinir helstu:

1. Frá Skriðdalsbotni suður yfir Lónsheiði, að undanskildum nokkrum kafla við Djúpavog, sem vegaður var 1904. Vegalengd alls um 105 km.; til endurbóta á þessum kafla mun eigi veita af um 50 þús. kr.
2. Kaflinn frá Gilsfjarðarbotni að Stikuhálsi á þjóðveginum frá Stað í Hrútafirði að Gilsfjarðarbotni. Þessi kafli er 27.7 km., ef farinn er Krossárdalur, en þess hefur sýslunefnd Strandasýslu óskað. Varanleg vegabót verður ekki gerð þar, nema lagður sje samanhangandi, upphleyptur vegur á löngum köflum, og má ætla að það kosti um 60 þús. kr. Vera má að með minni tilkostnaði megi gera færan reiðveg yfir Snartartunguheiði, en þar má telja að þjóðvegur þessi liggi nú.
3. Kaflinn frá Steinsgili á Þorskafjarðarheiði norðanverðri að Arngerðareyri, að lengd um 16.2 km. Sá kafli hefur aldrei verið ruddur, en jeg hygg að það mætti gera, og lagfæra hið nauðsynlegasta fyrir 10 þús. kr.
4. Svínadalur, frá Leysingjastaðaleiti að Hvolsá; vegalengd um 11.7 km. og mætti lagfæra þar hið versta fyrir um 8 þús. kr.
5. Frá Hólmsá að Skaftá í V.-Skaftafellssýslu, þann kafla mun mega laga fyrir um 20 þús. kr.

Þótt aðrir kaflar á þjóðveginum sjeu slæmir, eru þeir eigi lengri en það, að þá má laga fyrir það fje, sem ætlað er til viðhalds, sje það eigi skamtað mjög naumt.

Til þess að brúa helstu vatnsföll utan þeirra vegarkafla, sem teknir eru upp á áætlunina um akfæra þjóðvegi hjer að framan, og að gera þá kafla sæmilega reiðfæra, sem eru verstir nú, giska jeg á að muni þurfa um 370 þús. kr. Er þó ekki gert ráð fyrir brúm á nál. 40 smærri ár á þessum reiðfæru þjóðvegum, vestanlands, norðan og austan.

Vega- og brúargerðir þær, sem nefndar eru hjer að framan, kosta eftir áætlununum:

Flutningabrautirnar	900	þús. kr.
Akfærir þjóðvegir	1130	— —
Brýr og endurbætur á reiðfæra þjóðvegi ...	370	— —
Samtals	2400	þús. kr.

Þótt jeg hafi nefnt þessar upphæðir hjer, má enginn ætla að þær sjeu áreiðanlegar; jeg hef á undanförnum tveim sumrum reynt að kynna mjer ástand flutningabrautanna og þjóðveganna eftir því sem jeg hef getað, og mælt eða látið mæla meiri hluta þeirra; brúarstæði á ám hef jeg ákveðið, þar sem

jeg hef getað og mælt flest þeirra, en hef ekki haft tíma til þess að gera áætlun um kostnað við brúargerðirnar; tölurnar hjer að framan eru því teknar eftir ágiskun, sem að því er brýrnar snertir er miðuð við lengdina aðallega, með nokkru tilliti til sjerstakra örðugleika, þar sem þeim er til að dreifa. Að því er vegina snertir, er aðallega miðað við vegalengdina, og reynt að taka tillit til staðhátta, en þar sem ekki hefur verið tími til að ákveða vegarstæðin víðast hvar, gefur að skilja, að þetta er ekki heldur nema ágiskun ein.

Ástæða mín til þess að setja fram þessar tölur, þrátt fyrir alt þetta, er sú, að jeg álít óhjákvæmilegt fyrir þing og stjórn að hafa eitthvað til að byggja á, þá er ráða skal úr, hverjar vegabætur skuli gera á komandi árum, og hve miklar tekjur landsjóður verði að hafa til þess meðal annars að standast þau útgjöld. Til grundvallar fyrir hverri einstakri fjárveitingu ætti að heimta fullkomnari og ábyggilegri áætlun.

Eitt atriði má nefna sjerstaklega, sem valdið getur allmikilli breytingu á áætlun þessari; það er hvort vegirnir eru mölbornir eða púkkaðir; í áætluninni er alstaðar gengið út frá mölbornum vegum, en vera má að við nánari rannsókn kómi það í ljós, að hentara sje að púkka einhverja þeirra þegar í byrjun, og hækka þá upphæðirnar allmikið.

Ennfremur má vera að nánari rannsókn leiði það í ljós, að rjett sje að flytja þjóðveg úr stað, víðar en jeg hef gert ráð fyrir, eða að taka aðra vegarkafla í tölu þjóðvega eða flutningabrauta, en jeg hef lagt til að teknir væru. Það er sjerstaklega í Borgarfirði, að eigi er fullrannsakað hvernig vegum megi haga svo, að hjeraðið hafi þeirra full not. Hentug brúarstæði á Andakílsá og Grímsá liggja alllangt frá þjóðveginum, æskilegt væri að Hvítá yrði brúuð neðar en á þjóðveginum, og í sambandi við þessi brúarstæði getur komið til álita, hvort eigi sje rjett að leggja þjóðveginn yfir hjeraðið neðar en hann er nú.

Ennfremur hefur komið fram spurning um, hvort eigi væri tiltækilegt að breyta Þingvallaveginum á þá leið, að nota hinn fyrirhugaða Mosfellssveitarveg upp fyrir Köldukvísl (um 17.4 km. frá Rvík), og leggja svo veg þaðan á hinn núverandi Þingvallaveg, upp Gullbringur, að lengd 11.8 km. Vegalengdin milli Reykjavíkur og Þingvalla mundi haldast óbreytt (styttast um 0.2 km. eftir lauslegri mælingu á vegarstæðinu). Lengd vega þeirra, sem þarf að halda við, mundi styttast um tæpa 4 km., og er ekki tilvinnandi að leggja 11.8 km. langan veg til þess. Ef Mosfellssveitarvegurinn verður lagður upp Mosfellsdal að Laxnesi, sem búast má við á sínum tíma, eru þaðan ekki nema 7.8 km. á núverandi Þingvallaveg, og álít jeg að þá geti vel komið til mála að leggja þann veg til þess að losna við viðhald á ámóta löngum kafla og fá skemtilegri leið milli Þingvalla og Reykjavíkur en nú.

Þá er eftir að athuga hve mikil ætla má að útgjöldin til viðhalds veganna verði. Viðhaldskostnaður er auðvitað mismunandi eftir gerð vegarins og tíðarfari á þeim stað, er vegurinn liggur um, en að öðru leyti má gera ráð fyrir að hann standi í beinu hlutfalli við lengd vegarins, og í nokkru hlutfalli við umferðina. Því miður verður ekki sagt að reynsla sje fengin fyrir því,

hve mikla árlega upphæð þurfi til viðhalds hverjum kílómetri akfærra vega að meðaltali; er margt, sem til þess ber, að slík reynsla er ófengin. Fyrst er stutt síðan farið var að halda sjerstakan reikning yfir viðhaldskostnað flutningabrautanna. Í öðru lagi hefur fyrirkomulagið á viðhaldinu ekki verið sem heppilegast, því að vantað hefur hið stöðuga eftirlit, sem þarf að vera til þess, að þegar í byrjun sje gert við þær skemdir, sem þola ekki bið. Í þriðja lagi hefur til viðhaldskostnaðar verið talið ýmislegt, sem að rjettu lagi hefði átt að teljast til byggingarkostnaðar. Það er ekki rjett að telja þann vegarkafla fullgerðan, sem óhjákvæmilega verður fyrir skemdum af náttúrunnar hálfu á hverju ári, t. d. af því að vatn rennur yfir hann, og skolar af honum ofaníburðinum á hverju vori. Hver vegur á að vera svo gerður, að hann geti ekki skemst af náttúrunnar völdum nema undir óvenjulegum kringumstæðum, eða af óviðráðanlegum orsökum (t. d. skriðuhlaupum).

Eftir því sem jeg hygg rjettast, mun hin nauðsynlega upphæð til viðhalds akvega vera einhverstaðar milli 50 og 100 kr. á ári fyrir hvern kílómeter, minst norðanlands og þar sem umferð er lítil, mest sunnanlands og þar sem umferð er mikil.

Að meðaltali vil jeg gera ráð fyrir, að til viðhalds þurfi 75 kr. á ári fyrir hvern kílómeter af akfærum vegi.

Eftir þessu ætti viðhaldskostnaður flutningabrautanna nú að vera 12—13 þús. kr. á ári. Viðhaldskostnaður allra hinna núverandi og fyrirhuguðu flutningabrauta (396.7 km.) nálægt 30 þús. kr. á ári og viðhaldskostnaður hinna fyrirhuguðu akfæru þjóðvega (439 km.) um 33 þús. kr. á ári, eða samtals 63 þús. kr. á ári eftir að vegagerðunum væri lokið.

Þá er eftir að meta viðhaldið á hinum reiðfæru þjóðvegum; þarmeð verður og að teljast endurnýjunarkostnaður trjebrúa þeirra, sem nú eru þar. Þessir þjóðvegir eru að lengd nál. 1181 km., þegar þeir kaflar, sem jeg hef lagt til, að gerðir yrðu akfærir, eru taldir frá. Jeg hygg að til viðhalds vegunum sjálfum muni mega komast af með sem svarar 10 kr. fyrir hvern kílómeter á ári, eða samtals um 12 þús. kr. á ári, en auk þess muni eigi veita af að ætla fyrst um sinn, nokkuð lengi, 3 þús. kr. á ári til aðgerðar og endurnýjunar trjebrúa, eða samtals 15 þús. kr. á ári.

Eftir núgildandi lögum fellur allur þessi viðhaldskostnaður á landsjóð, að undanskildu viðhaldi vegarins frá Borgarnesi til Stykkishólms. Oft hefir því verið hreyft að þetta væri óeðlilegt hvað flutningabrautirnar snertir, og virðist mjer það vera á rökum bygt; þar sem lagður er vegur innanhjeraðs og gerður akfær svo að segja eingöngu í þarfir hjeraðsmanna sjálfra, er ekki eðlilegt að aðrir kosti viðhaldið en þeir, sem hafa gagn af veginum og slíta honum. Þetta á alveg jafnt við um hina akfæru þjóðvegarkafla og um flutningabrautirnar, en á ekki við um þá kafla þjóðveganna eða flutningabrautanna, sem liggja yfir fjöll og sameina fjarlæg hjeruð, eða landshluta.

Jeg legg því til að það sje gert að lögum, að hver sýsla annist og kosti viðhald þeirra flutningabrauta sem lagðar hafa verið eða lagðar verða innan sýslunnar, þó með þessum undantekningum:

1. Landsjóður kosti viðhald flutningabrautarinnar frá vegamótum hjá Geithálsi til Þingvalla. Þessi vegur er mest notaður af skemtiferðamönnum, og væri ósanngjarnt að leggja viðhald hans á Árnessýslu (vegal. 36.5 km.).

2. Landsjóður kosti viðhald flutningabrautarinnar frá Reykjavík austur að Reykjarjett í Ölfusi, að lengd um 43.5 km. Nokkur hluti þessa vegar liggur í Gullbringusýslu, sem hefur hans als engin not, og nokkur hluti í Kjósarsýslu, sem hefur hans mjög lítil not; nokkur hluti liggur um óbygð í Árnessýslu. Mjer virðist rjett að skoða þennan kafla sem sambandsveg milli Suðurlandsundirlendisins og Faxaflóa, sem eðlilegt er að hið opinbera haldi við.
3. Viðhaldskostnaður Borgarfjarðarbrautarinnar, sem liggur öll í Mýrasýslu, skiftist milli þeirrar sýslu að $^2/_3$ og Borgarfjarðarsýslu að $^1/_3$, með því að nál. $^1/_8$ hluti þeirra er nota hana til kaupstaðarflutninga, býr innan Borgarfjarðarsýslu.
4. Viðhaldskostnaður Fagradalsbrautarinnar skiftist jafnt milli Norður-Múlasýslu og Suður-Múlasýslu; sú braut liggur öll innan Suður-Múlasýslu, en telja má að hin sýslan hafi hennar ekki minni not.

Með þessu móti, og eftir áætlun þeirri um viðhaldskostnað fyrir hvern km., sem að framan er greind, skiftist viðhaldskostnaður flutningabrauta hjer um bil á þessa leið:

	Vegalengd	Árl. viðhaldskostn.
Landsjóður	80 km.	6000 kr.
Borgarfjarðarsýsla ..	11.1 —	880 —
Mýrasýsla	22.3 —	1670 —
Húnavatnssýsla ...	39.5 —	2960 —
Skagafjarðarsýsla ...	25.7 —	1920 —
Eyjafjarðarsýsla ...	26.0 —	1940 —
Þingeyjarsýsla	37.6 —	2800 —
Norður-Múlasýsla ..	17.5 —	1310 —
Suður-Múlasýsla ...	17.5 —	1310 —
Rangárvallasýsla ...	19.6 —	1470 —
Árnessýsla	99.9 —	7500 —
Samtals	396.7 km.	29760 kr.

Gera verður ráð fyrir því um flutningabrautirnar, bæði þær, sem þegar hafa verið lagðar, og þær sem lagðar kunna að verða, að þær sjeu afhentar til viðhalds í gildu standi og fullgerðar eða að minsta kosti hver kafli fyrir sig afhentur fullgerður. Hjer af leiðir að þær flutningabrautir, sem þegar eru lagðar, verða ekki afhentar nú þegar, ekki fyr en fram hefur farið aðalviðgerð á ýmsum köflum þeirra. Ennfremur álít jeg rjett, að engum vegi nýlögðum sje skilað fyrri en eftir að hann hefur staðið 2—3 ár, svo að sjeð verði hvort hann er skemdum undirorpinn, og bætt úr því sem verða má áður hann er afhentur; allur þar af leiðandi kostnaður ætti að teljast með vegagerðarkostnaði.

Um akfæra þjóðvegarkafla ætti að gera það að skilyrði, áður fje er veitt til þeirra, að hlutaðeigandi sýslufjelag taki þá að sjer til viðhalds fullgerða. Þetta má eiga við alla þjóðvegarkafla þá, sem jeg hef lagt til að gerðir yrðu akfærir svo fljótt, sem kringumstæður leyfa, að undanskildum veginum frá Gljúfurá í Borgarfirði að Víðidalsá í Húnavatnssýslu, að lengd 115.2 km. Viðhald þess vegar yrði landsjóður að kosta að miklu eða öllu leyti; ef til vill

gæti komið til mála að leggja viðhald nyrðsta kaflans (Miðfjarðará — Víðidalsá, 17.2 km.) á Húnavatnssýslu, og viðhald syðsta kaflans (t. d. frá Gljúfurá að Brekku í Norðurárdal, 15.9 km.) á Mýrasýslu, en að svo stöddu geri jeg ekki ráð fyrir því, heldur að viðhald als þessa vegar hvíli á landsjóði með h. u. b. 8600 kr. á ári.

Vegalengd og viðhaldskostnaður (áætlaður) hinna akfæru þjóðvegarkafla skiftist þannig niður:

	Vegalengd	árl. viðhaldskostn.
Kjósarsýsla	12.7 km.	950 kr.
Borgarfjarðarsýsla ...	12.3 —	920 —
Mýrasýsla	39.4 —	2960 —
Hnappadalssýsla. ...	38.6 —	2900 —
Dalasýsla	23.2 —	1740 —
Húnavatnssýsla	31.2 —	2340 —
Skagafjarðarsýsla ...	22.9 —	1720 —
Eyjafjarðarsýsla	32.8 —	2460 —
Suður-Þingeyjarsýsla.	20.4 —	1530 —
Norður-Múlasýsla ...	23.8 —	1770 —
Suður-Múlasýsla ...	34.5 —	2580 —
Austur-Skaftafellssýsla	5.0 —	380 —
Vestur-Skaftafellssýsla	12.0 —	900 —
Rangárvallasýsla ...	15.0 —	1120 —
Landsjóður	115.2 —	8600 —
Samtals	439.0 km.	33870 kr.

Til þess að standast viðhaldskostnað þennan, verða sýslufjelögin auðvitað að hafa meiri tekjur en nú gerist, en ekki skal jeg fara neitt út í það, hvernig eða með hverju móti tiltækilegast sje að útvega sýslufjelögunum þær tekjur.

Ef viðhald akveganna verður falið sýslufjelögunum má þó eigi láta það vera eftirlitslaust af hálfu hins opinbera. Það má ekki leyfa sýslunum að láta vegina níðast niður af sliti og öðrum skemdum, og taka þá fyrst til viðhaldsins, er vegurinn er orðinn nær því að engu. Fyrirkomulagið er ekki trygt nema landstjórnin láti hæfan mann skoða vegina á tveggja ára fresti, og geti látið framkvæma nauðsynlegar viðgerðir á kostnað sýslunnar ef hún vanrækir þær.

Viðhaldinu á vegum þeim, sem landsjóður á að halda við, þarf að koma í betra horf en það er nú í. Tiltækilegast virðist mjer að fenginn sje til svo hæfur maður, sem kostur er á, í hverjum hreppi, eða fyrir hvern tiltekinn vegarkafla, og annist hann um allar smærri viðgerðir, að þær sjeu framkvæmdar þegar er þeirra er þörf, en leiti samþykkis þeirra stjórnarvalda, er hafa vegamálin með höndum, áður ráðist er í meiriháttar viðgerðir.

Árlegur viðhaldskostnaður, sá er hvíldi á landsjóði, yrði samkvæmt framanskráðu:

Viðhald flutningabrauta	6000 kr.
—— akfærra þjóðvega	8600 —
—— reiðfærra þjóðvega.. ...	15000 —
eða samtals	29600 kr.

Þá kemur til álita, hvort tiltækilegt sje að gera það að skilyrði fyrir lagning flutningabrauta og akfærra þjóðvega, að hlutaðeigandi sýslu- og sveitarfjelög leggi fram nokkurn hluta vegagerðarkostnaðarins. Svo framarlega sem sýslufjelögin taka að sjer viðhald þessara vega, álít jeg að fara eigi mjög varlega í það að heimta af þeim framlag til vegarlagninganna, því að hætt er við að slík framlög tefji um of fyrir öðrum vegagerðum, þeim er sýslurnar eiga að kosta. Þess verður að gæta, að nær alstaðar stendur svo á, að til þess að akvegirnir komi að fullum notum, þurfa að koma akfærar álmur út frá þeim um bygðirnar. Nú er sem stendur eigi öðru til að dreifa, en að slíkar álmur sjeu kostaðar af sýslufjelögum og sveitarfjelögum, og mun það flestum þeirra ærið viðfangsefni. Álít jeg því að hyggilegra væri að setja það sem skilyrði, að álmurnar yrðu lagðar á kostnað sýslunnar, en að heimta tillag til aðalvegarins.

Þó er einn sá liður vegagerðarkostnaðarins, sem hentugt er að hlutaðeigandi sýslufjelög eða sveitarfjelög greiði, og það eru bætur allar fyrir landnám og átroðning, er af vegagerðinni leiðir. Reynslan hefur þegar sýnt það hjer, að þar sem landsjóður er málsaðili, verður þessi kostnaður, venjulega eftir »óvilhallra« manna mati, tiltölulega mjög mikill. Sama hefur reynslan orðið annarstaðar, enda hafa Norðmenn síðan 1869 fylgt þeirri reglu, að láta hlutaðeigandi hjeruð kosta landnám og átroðning (girðingar) þeirra vega, er lagðir hafa verið að nokkru eða öllu á kostnað ríkisins; kostnaðurinn er ekki tekinn með á áætlun um vegagerðina, en fjárveiting er ekki gefin nema fyrirliggi bindandi yfirlýsing um að hlutaðeigendur taki að sjer allan kostnað, er leiðir af landnámi og átroðningi. Jeg vil leggja til að sama regla verði tekin upp hjer.

Þá eru ótalin útgjöld landsjóðs til fjallvega; þau má ekki áætla minni en 5000 kr. á ári.

Ennfremur má gera ráð fyrir nokkrum tillögum til sýsluvegagerða úr landsjóði framvegis, sem að undanförnu. Í þeim hjeruðum, sem ráðgert er að leggja akvegi um, má samt óhætt fylgja þeirri reglu, að leggja ekki neitt fje úr landsjóði til annara vegagerða, fyr en akvegirnir eru fullgerðir. Í þeim hjeruðum, sem eiga ekki von á flutningabrautum eða akfærum þjóðvegarköflum, getur verið ástæða til að leggja eitthvað úr landsjóði til brúargerða og vegabóta, en því miður hefur mjer ekki unnist tími til að rannsaka hverjar þarfir kunna að liggja fyrir í þá átt.

Viðvíkjandi fyrirkomulaginu á stjórn vegamálanna skal jeg aðeins taka það fram, að óhjákvæmilegt er að fela einum manni verkfróðum stjórn og umsjón allra verklegra framkvæmda, er að vegagerðum lúta, undir yfirumsjón stjórnarráðsins. Ennfremur verður að leggja honum til skrifstofu og aðstoð, svo að safnast geti saman á einum stað og geymst þar sú reynsla, sem smámsaman fæst um vegagerðir, brúargerðir og viðhald vega, svo að undirbúningar

þeirra verka, er vinna skal, geti verið í lagi, og nægilegt eftirlit haft úti við með öllu því sem gert er. Mun jeg færa fyllri rök fyrir þessu á öðrum stað, en skal hjer láta mjer nægja að vísa til þess, að í Noregi var um 1897 varið $1^1/_2$ miljón króna úr ríkissjóði árlega til vegagerða, en þar voru þá 50 verkfræðingar, sem eingöngu höfðu stjórn, undirbúning og umsjón vegagerða með höndum. Um 10% af öllu því, er veitt var til vegagerða, gekk til kostnaðar við stjórn, undirbúning og umsjón vegagerða. Væru veittar hjer 150 þús. kr. árlega til vegagerða, ættu eftir sama hlutfalli að vera hjer 5 verkfræðingar, er stunduðu vegagerð, og til stjórnar, undirbúnings og umsjónar vegagerða ætti að verja 15 þús. kr. á ári. Nú má vera að komast megi af með minna, en það má vera öllum ljóst, að þessum störfum er ekki borgið með því að fela þau einum manni.

Reykjavík 28. jan. 1907.

Jón Þorláksson.

Frumvarp til laga

um

sölu kirkjujarða.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúendum, er á kirkjujörð sitja, ábýli þeirra, með þeim takmörkunum og á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Heimild þessi nær eigi til kirkjujarða þeirra, sem prestar sitja á, eða að áliti hjeraðsnefndar, þar sem jörðin liggur, eru hentugar til embættisseturs, fyrir skóla, sjúkrahæli eða til annara almennings nota.

Nú er kauptún, þorp eða verksmiðjuiðnaður fyrir á kirkjujörð, eða hjeraðsnefnd telur líklegt, að slíkt komi þar upp innan skams, eða hjeraðsnefnd hyggur jörðina sjerstaklega fallna til sundurskiftingar á milli margra grasbýla, eða til ábúðar fyrir uppgjafaprest eða prestsekkju úr því prestakalli, er jörðin liggur í, og má þá eigi selja jörðina án sjerstakrar lagaheimildar í hvert skifti.

Ef óskað er kaups á fasteign, sem er í umráðum prests, er embættið hefur fengið áður en lög þessi koma í gildi og nýtur launa eftir núgildandi ákvæðum, þá þarf samþykki hans til þess að jörðin verði seld.

3. gr.

Þegar kirkjujörð er seld samkvæmt lögum þessum, skal ávalt undanskilja náma, sem vera kynnu í jörðu eða finnast þar síðar, svo og rjett til að nota þá, en ábúanda bera fullar bætur eftir óvilhallra manna mati fyrir átroðning og jarðarusla, er af því leiðir, að þeir eru notaðir.

4. gr.

Nú er fleirbýli á kirkjujörð, og má þá selja einum þeirra, er á jörðinni búa, alla jörðina, ef hinir aðrir leiguliðar á henni samþykkja.

5. gr.

Nú er kirkjujörð í eyði, og má þá selja jörðina þeim, sem tekur jörðina til eigin nytja, þótt eigi taki hann þar aðsetur.

6. gr.

Sá er leita vill kaups á kirkjujörð, semur um það beiðni, stýlaða til landsstjórnarinnar og sendir hana til oddvita hjeraðsnefndar.

Ef beiðandi fullnægir skilyrðunum fyrir því að geta fengið jörðina keypta eftir lögum þessum, leggur oddviti beiðni hans fyrir hjeraðsnefnd á næsta fundi hennar, og skal hún láta uppi álit sitt um, hvort hún telji jörðina til þeirra kirkjujarða, sem getur um í 2. gr. 1. og 2. lið. Ennfremur skal hjeraðsnefnd segja álit sitt um, hvort undan sölunni ætti að skilja skóglendi, fossa eða önnur jarðargögn, önnur en náma.

7. gr.

Nú telur hjeraðsnefnd, að jörðin falli ekki undir ákvæðin í 2. gr. 1. og 2. lið, og dómkveður þá sýslumaður, að tilhlutun oddvita nefndarinnar, tvo óvilhalla menn, til þess að gera lýsingu á jörðinni ásamt öllu því, er henni fylgir og fylgja ber, og til þess að meta jörðina til peningaverðs. Verðið skal að öllum jafnaði miðað við það, að verðhæðin með 4% í ársvöxtu veiti sömu vaxtaupphæð og jarðargjöld og jarðabótakvöð nema í peningum til jafnaðar um síðastliðin 10 ár, ef leigumáli að dómi matsmanna hefur verið nægilega hár og honum hefur á því tímabili ekki verið breytt við ábúandaskifti, ella miða matsmenn við afgjald það, sem þeir telja hæfilegt eftir leigumála jarða í því bygðarlagi. Jarðabótakvöð skulu matsmenn reikna til dagsverka, eins og tíðkast hefur við styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfjelaga, og telst hvert dagsverk jafngilda 1 kr. 25 aur. í öðru eftirgjaldi.

Nú hefur hjeraðsnefnd látið í ljósi það álit samkvæmt 6. gr., að undan sölu kirkjujarða ætti að skilja skóglendi, fossa eða annað, og skal þá meta jörðina að gæðum þessum meðtöldum og án þeirra.

8. gr.

Nú hefur ábúandi á næstu 10 árum áður en mat fer fram og án nokkurs styrks frá umráðamanni jarðar, gert jarðarbætur eða jarðarhúsabætur á kirkjujörð umfram það, er byggingarbrjef áskildi, og skulu þá matsmenn meta jörðina eins og engar slíkar bætur hefðu verið gerðar, þegar ábúandi sá, er þær gerði, ekkja hans eða niðjar eru kaupendur.

9. gr.

Jafnframt því er oddviti hjeraðsnefndar hlutast til um útnefningu matsmanna, skal hann senda sýslumanni skýrslur þær frá umráðamanni jarðarinnar, sem matsmenn þurfa samkvæmt 7. og 8. gr. við mat sitt og lýsingu á jörðinni, en sýslumaður lætur skýrslur þessar aftur fylgja útnefningarbrjefum til matsmanna. Umráðamanni jarðar er skylt að láta skýrslur þessar í tje innan hæfilegs tíma.

10. gr.

Lýsingu og matsgerð sína á jörðu senda matsmenn, ásamt öllum tilheyrandi skjölum, til sýslumanns, er síðan lætur matsmennina staðfesta gerðina fyrir rjetti, að tilkvöddum kaupbeiðanda og umráðamanni jarðarinnar.

Beiðnina um kaupin, lýsingar og matsgerðina, ásamt öllum öðrum málsskjölum, sendir sýslumaður að því búnu oddvita hjeraðsnefndar, en hann afgreiðir málið til landsstjórnarinnar, ásamt áliti sínu um það, svo fljótt sem því verður við komið.

11. gr.

Nú vill eigandi jarðar, sem kirkjujörð á ítak í, leita kaups á ítakinu, og má þá selja honum það, ef samkomulag næst við umráðamann kirkjujarðar og önnur atvik eru því eigi til fyrirstöðu. Fer þá um beiðni, mat og afgreiðslu málsins á sama hátt og um kirkjujarðir eftir 6.—10. gr.

12. gr.

Þegar málið er komið til landsstjórnarinnar, getur hún, ef henni þykir sjerstaklegar ástæður til bera, kvatt sjer til ráðaneytis kunnuga menn, er lýsi jörðum þeim og ítökum, sem til kaups eru föluð, meti til verðs og segi álit sitt um, hvort rjett sje að selja.

Borgun til þeirra manna, sem ráðherrann kann að kveðja sjer til ráðaneytis, greiðist úr landssjóði, hvort sem úr sölu verður eða ekki.

Borgun fyrir útnefningu matsmanna, matsgerðina og staðfesting hennar greiðir kaupbeiðandi sjálfur.

13. gr.

Nú kaupir ábúandi kirkjujörð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá greiða að minsta kosti tíunda hluta kaupverðsins um leið og kaupin eru gerð. En um eftirstöðvarnar fer þannig, að ábúandinn gefur út skuldabrjef fyrir þeim með fyrsta veðrjetti í jörðinni, og greiðir þær síðan ásamt 4% í ársvöxtu með jöfnum árgreiðslum á eigi lengri tíma en 28 árum.

Nú gengur jörð, sem seld hefur verið ábúanda samkvæmt lögum þessum, úr sjálfsábúð, áður en kaupverðið er að fullu greitt, og falla þá eftirstöðvar jarðarverðsins jafnskjótt í gjalddaga.

14. gr.

Nú er kirkjujörð eða ítak selt eftir lögum þessum, og ákveður ráðherrann söluverðið, sem þó aldrei má vera minna en verð það, sem metið hefur verið samkvæmt 7.—12. gr., og gefur út afsalsbrjef fyrir hinu selda. Öll skjöl, er snerta söluna, skulu lögð fyrir næsta alþingi til athugunar.

Um selda kirkjujörð fer, að því er skatt og gjaldheimtu snertir, sem um bændajörð.

15. gr.

Andvirði seldra kirkjujarða og ítaka skal leggja í sjerstakan sjóð, er nefnist kirkjujarðasjóður og stendur beint undir landsstjórninni.

16. gr.

Söluverðið skal ávaxta sem óskerðanlegan höfuðstól og skal árlega leggja við höfuðstólinn 5% af árstekjunum, en að öðru leyti ganga vextirnir til að launa sóknarpresta þjókirkjunnar.

17. gr.

Höfuðstól kirkjujarðasjóðsins skal ávaxta sem tryggilegast.

Skal það gert annaðhvort með því að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildar landsbanka Íslands eða önnur jafntrygg verðbrjef, eða þá með útlánum eftir sömu reglum og gilda um lán af ómyndugra fje.

Sjeu verðbrjef keypt handa sjóðnum eða veðskuldabrjef tekin fyrir útlánum, skal geta þess á brjefunum, að þau tilheyri kirkjujarðasjóðnum og að eigi megi afhenda þau án leyfis landsstjórnarinnar.

18. gr.

Landsstjórnin semur í byrjun hvers almanaksárs reikning sjóðsins fyrir hið umliðna ár. Reikninginn skal auglýsa í B-deild Stjórnartíðindanna og síðan leggja tyrir hvert reglulegt alþingi til athugunar reikninga tveggja síðastliðinna ára með fylgiskjölum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá nefnd þeirri, er skipuð var samkvæmt konungsúrskurði 2. mars 1904, til þess að íhuga og koma fram með tillögur um kirkjumál landsins, hefur stjórnarráðið fengið frumvarp til laga um sölu kirkjujarða. Í frumvarpi þessu leggur nefndin til að ráðherra sje veitt almenn heimild til þess að selja kirkjujarðir, á líkan hátt og á sjer stað um þjóðjarðir samkvæmt lögum 20.

október 1905 nr. 31. Er frumvarp nefndarinnar sniðið eftir þessum lögum, með eðlilegum afbrigðum sökum þess, að hjer er um eignir að ræða, sem ætlaðar eru til sjerstakra landsþarfa.

Í frumvarpi um sölu opinberra jarðeigna og ítaka, því sem á sínum tíma barst stjórnarráðinu frá nefnd þeirri, er skipuð var samkvæmt konungsúrskurði 2. mars 1904 til þess að íhuga búnaðarmálefni landsins, var farið fram á samskonar söluheimild á kirkjueignum landsins, og hjer er um að ræða. Stjórnarráðið gat þá ekki fallist á tillögur landbúnaðarnefndarinnar af þeim ástæðum, er taldar eru í athugasemdunum við frumvarp það til laga um sölu þjóðjarða, sem stjórnin lagði fyrir alþingi 1905, sbr. Alþingistíðindi 1905, A, bls. 291—292. Þar er sýnt fram á það, að eins og nú til hagar, megi ekki selja kirkjujarðirnar nema með leyfi eða eftir ósk hlutaðeigandi presta, en hinsvegar sje óþarft að setja lög um það, að stjórninni sje heimilt að leyfa sölu kirkjujarða, ef prestur óski þess eða samþykki það, því að stjórnin hafi þá heimild, enda hafi ekki verið fyrirstaða á því, að minsta kosti ekki á síðari árum, að prestar fengju leyfi, með konungsúrskurði, til að selja kirkjujörð, ef hjeraðsfundur, prófastur og biskup töldu söluna ekki prestakallinu í óhag. Stjórnarráðið verður enn að vera þeirrar skoðunar, að meðan svo er háttað um laun presta, sem nú er, og þeim eru fengnar kirkjueignirnar til umráða og afnota, þannig að það er þeirra skaði eða ábati, hvort lítið eða mikið fæst eftir þær, þá sje slík söluheimild, sem umgetnar milliþinganefndir hafa farið fram á, óþörf og að sumu leyti óheppileg.

En komist sú skipun á um laun presta, sem kirkjumálanefndin hefur farið fram á í prestlaunafrumvarpi sínu, þannig að það verði beint ábati eða skaði landssjóðs, hvort mikið eða lítið fæst upp úr kirkjueignunum, þá er alt öðru máli að gegna, þá þarf ekki að binda söluna því skilyrði, að viðkomandi prestur veiti samþykki sitt, og þá er á hinn bóginn eðlilegt, að kirkjujarðir sæti í þessu efni sömu eða líkum kjörum sem þjóðjarðir.

Með því að stjórnarráðið telur þetta kirkjujarðasölufrumvarp bygt á frumvarpi því, sem lagt verður fyrir þingið í ár um laun presta, og gengur að því vísu að þessi frumvörp verði látin vera samferða, getur stjórnarráðið fallist á frumvarp kirkjumálanefndarinnar um kirkjujarðasölu, þó með þeirri breytingu, að samþykki prests þurfi að koma til, þar sem ræða er um fasteign prestakalls, er prestur þess nýtur launa samkvæmt gildandi ákvæðum.

Stjórnarráðið er biskupi samdóma um, að meðal atvika, sem tækju kirkjujörð undan almennri söluheimild sje rjett að telja það, ef jörðin er sjerstaklega hentug til ábúðar fyrir prest eða prestsekkju, og það því fremur, sem enn er gert ráð fyrir því í frumvörpunum um eftirlaun presta og lífeyri prestaekkna, að uppgjafaprestur og prestsekkja eigi heimting á að fá lausa kirkjujörð til ábúðar.

Frumvarp nefndarinnar er því breytt í þessum tveim atriðum.

Álit biskups um frumvarp þetta er prentað hjer á eftir sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

ÍSLANDS BISKUPSDÆMI.

Reykjavík 15. janúar 1907.

Frumvarp til laga um sölu kirkjujarða.

Við þetta frumvarp hef jeg ekkert að athuga. Jeg hef ávalt verið hlyntur sölu kirkjujarða og mælt með henni, þar sem ekki hefur staðið sjerstaklega á, í líkingu við það, sem átt er við í 8. gr. þessa frumvarps, ef mjer hefur virst hið boðna kaupverð viðunanlegt og salan skaðlaus fyrir prestakallið eftir öllum hinum framkomnu gögnum. Jeg sje ekkert á móti því, að kirkjujarðir verði seldar af landsstjórninni eftir almennri lagaheimild og almennum reglum, líkt og hinar eiginlegu landssjóðsjarðir. Og þar sem ráðgert er, að stofnaður verði sjerstakur Prestalaunasjóður undir umráðum landsstjórnarinnar, er standi straum af launum presta, virðist það eiga vel við, að andvirði seldra kirkjujarða sje látið renna í þann sjóð. — Að svo miklu leyti sem Söfnunarsjóðurinn gæfi á komandi árum sömu vexti í aðaldeild sinni, eins og veðdeildarbrjefin, þætti mjer ákjósanlegast að ávaxta í honum söluverð kirkjujarðanna og vextirnir greiddust þaðan árlega inn í Prestalaunasjóðinn.

Meðal þeirra atvika, sem næmu kirkjujörð undan almennri söluheimild, þætti mjer rjett að taka það, ef jörðin væri talin sjerstaklega hentug til ábúðar fyrir uppgjafaprest eða prestsekkju í því prestakalli, sem hún liggur undir. Þó ber þess að geta, að slík ábúð hefur á síðari árum harla lítið verið notuð, einkum af ekkjum presta.

Hallgr. Sveinsson.

Til
stjórnarráðs Íslands.

Frumvarp til laga

um

löggilding verslunarstaðar að Bakkabót við Arnarfjörð.

(Lagt fyrir alþingi 1907.

---

1. gr.

Að Bakkabót við Arnarfjörð skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefur ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvbr. 1905, og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sýslunefndin í Vestur-Barðastrandarsýslu hefur eptir beiðni frá kaupfjelagsstjórninni í Dalahreppi þar í sýslu farið þess á leit við stjórnarráðið, að lagt væri fyrir alþingi frumvarp til laga um löggilding verslunarstaðar að Bakkabót við Arnarfjörð. Eftir þeirri venju, sem tíðkast hefur hingað til með löggilding verslunarstaða, hefur þótt rjett að verða við þessum tilmælum sýslunefndarinnar.

Síðari greinin er sett sem nauðsynlegt aðhald til þess, að hreppsnefndin framkvæmi það, sem nauðsynlegt er til þess að takmörk verslunarlóðarinnar geti orðið ákveðin.

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum 4. mars 1904 um stofnun lagaskóla.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Við skóla þennan skulu vera tveir fastir kennarar, skipaðir af konungi. Annar er jafnframt forstöðumaður skólans og hefur að launum 4000 krónur á ári. Hinn hefur að launum 2400 krónur. Aukakennara við skólann getur stjórnarráðið skipað með 1800 króna launum.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist:

Og skal þar auk hins venjulega prófs yfir nemendum skólans skipa fyrir um aukapróf fyrir fullnuma frá Kaupmannahafnarháskóla, sem óðlast vilja rjett til embætta hjer á landi.

3. gr.

Þegar lög þessi eru staðfest, skal færa breytingar þær, sem með þeim eru gjörðar inn í texta laganna frá 4. mars 1904, og getur konungur þá gefið lögin þannig breytt út sem lög um stofnun lagaskóla á Íslandi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lárus sýslumaður Bjarnason, sem fengið hefur styrk þann, sem veittur er í fjárlögunum fyrir 1905 og 1906 13. gr. IX, til þess að búa sig undir að verða kennari við lagaskólann, og sem stjórnarráðið ætlast til að veitt sje forstöðumannsembættið við skólann, ef þingið veitir fje til hans á næsta þingi, hefur sent stjórnarráðinu allítarlegt erindi, þar sem hann fer fram á ýmsar breytingar á fyrirkomulagi skólans.

Hann tekur það fram, að óhjákvæmilegt sje að kenna 6 námsgreinar í skólanum, 1. og 2. borgararjett, landsrjett, rjettarfar, hegningarrjett og rjettarsögu, en í engum af þessum fræðigreinum sje neitt rannsakað frá rótum, að því er íslensk lög snertir; það þurfi því að rannsaka íslenska löggjöf í öllum þessum greinum, og það verði að vera hlutverk lagaskólans; auk þess verði kennararnir að semja kenslubækur í hverri námsgrein. Þetta hvorttveggja sje svo mikið verk, að ekki geti komið til nokkurra mála að ætla það einum manni, hinum fasta kennara, og svo tímakennara, eða tímakennurum, sem engin von sje um, að geta haldið til langframa.

Hann telur það því óhjákvæmilegt, að hafa við skólann tvo fasta kennara auk forstöðumanns, og fer hann því fram á, að lögum 4. mars 1904, um stofnun lagaskóla, verði breytt þannig, að í stað yfirdómaranna og tímakennara verði skipaðir tveir fastir kennarar með 2800 kr. og 2400 kr. launum. Stjórnarráðið verður að vísu að vera samdóma hr. sýslumanni L. Bjarnason um það, að skólinn eigi fyrst um sinn mikið vandaverk fyrir höndum, þarsem þarf að rannsaka íslenska löggjöf frá rótum, og rita kenslubækur í einstökum greinum lögfræðinnar, og að þess sje lítil von, að þetta verði gert, nema kenslukraftar sjeu svo auknir, sem hann fer fram á, og hætt við það fyrirkomulag, að sameina störf þessi við yfirdómaraembættin, sem mjög er undir hending komið, hvort blessast geti. En hins vegar treystist það ekki til, að fara fram á að stofna meira en 1 fast kennaraembætti, og leggur því til í 1. gr. að það sje gert með 2400 kr. árlegum launum, og að auk þess megi verja til tímakenslu 1800 kr. Þetta hyggur stjórnarráðið, að geti nægt í bráðina, þangað til frekari reynsla er fengin.

Eins og 4. gr. laga 4. mars 1904 er orðuð, liggur næst að skilja ákvæði hennar þannig, að einungis þeir, sem notið hafa samfleytt kenslu við lagaskólann og tekið þar próf hafi aðgang að lögfræðisembættum, en eftir umræðunum um málið á þingi og meðferð þess þar, var gengið út frá, að lögfræðiskandídatar frá háskólanum gætu með því að leysa af hendi aukapróf við lagaskólann öðlast hinn sama rjett, enda er ekki þessi skilningur alveg útilokaður eftir orðanna hljóðan. Til þess að útiloka allan vafa í þessu efni, hefur þótt rjett að taka skýrt fram það, sem alþingi 1903 meinti og er því lagt til að setja ákvæði þess efnis aftan við 3. gr. laganna á þann hátt, sem segir í 2. gr. frv. þessa.

Frumvarp til laga

um

veitingu prestakalla.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Þegar prestakall í þjóðkirkjunni losnar, fer um veitingu þess eftir reglum þeim, sem hjer fara á eftir.

2. gr.

Þegar prestakall losnar, auglýsir biskup kallið, og gefur umsækjendum jafnframt hæfilegan frest til að sækja um það. Biskup skýrir síðan prófasti þeim, sem hlut á að máli tafarlaust frá því, að kallið sje laust. En prófastur annast aftur tafarlaust um, að sóknarnefnd hver semji kjörskrá yfir þá sóknarbúa, sem atkvæðisrjett hafa á safnaðarfundum.

3. gr.

Kjörskrá skal vera þannig löguð, að á henni sjeu 6 dálkar, fyrir töluröð kjósenda, nöfn, aldur, stöðu, heimili og kosningarmerki. Nöfnum kjósenda sje raðað eftir stafrófsröð. Sóknarnefndin skal hafa lokið samningu skrárinnar innan viku frá því er formaður nefndarinnar fjekk brjef prófasts. Þegar er skráin er samin, skal leggja hana fram á hentugum stað í sókninni, kjósendum til sýnis, og jafnframt auglýsa á þann hátt, er vant er að birta auglýsingar þar í sókninni, hvar hún liggi frammi, enda sje skráin kjósendum þar til sýnis í fulla viku.

4. gr.

Nú telur einhver sjer ranglega slept af skrá eða einhvern ranglega tekinn á skrá, og skal hann þá kæra það brjeflega fyrir sóknarnefnd innan viku

frá seinasta sýningardegi skrárinnar. Sóknarnefndin boðar kæranda og kærða, hafi yfir einhverjum verið kært, þegar í stað á fund með sjer og úrskurðar kæruatriðið á fundinum. Neiti sóknarnefnd manni um að taka hann á skrá, má hann skjóta úrskurði sóknarnefndarinnar til kjörstjórnar, er þá úrskurðar málið áður en gengið er til kosninga.

5. gr.

Um leið og gengið er frá kjörskránni, skal sóknarnefnd kjósa 1 fulltrúa meðal atkvæðisbærra safnaðarmanna eða, sje prestakallið ekki nema 1 sókn, þá 2 fulltrúa til þess að standa fyrir kosningu prestsins, ásamt prófasti. Sóknarnefndin sendir síðan prófasti þegar í stað kjörskrána með árituðu vottorði sínu um, að skráin hafi legið frammi lögskipaðan tíma og tilkynnir honum jafnframt fulltrúakosninguna, en prófastur skýrir biskupi um hæl frá tölu kjósenda í prestakallinu og biskup aftur landsstjórn.

6. gr.

Þegar umsóknarfresturinn er á enda, sendir biskup landsstjórninni skýrslu um það, hverjir sótt hafi og um það, hvort þeir fullnægi lögmæltum kröfum til prestsskapar í þjóðkirkjunni og hve marga kjörseðla þurfi. Stjórnin annast þá um að tilbúnir sjeu og sendir biskupi nægilega margir kjörseðlar miðað við tölu kjósenda í prestakallinu, með áprentuðum nöfnum umsækjenda og af sömu gerð og kjörseðlar þeir, sem lýst er í 19. gr. laga um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903, en biskup sendir aftur prófasti með ábyrgðarbrjefi umsóknarbrjefin og kjörseðlana, með þeim athugasemdum um umsækjendurnar, er hlýða þykja. Prófastur sendir síðan tafarlaust sóknarnefnd eða sóknarnefndum útdrátt úr umsóknarbrjefunum og athugasemdum biskups, en frumritin skal leggja fram á kjörstaðnum. Jafnframt stofnar prófastur til kjörfundar fyrir alt prestakallið á hentugum stað með 2 vikna fyrirvara, er auglýsa skal á vanalegan hátt. Sóknarnefndin skal þegar í stað leggja nefnda útdrætti fram á hentugum stað í sókninni og jafnframt auglýsa, að það sje gert, enda liggi brjefin kjósendum til sýnis í fulla viku. Þegar brjefin hafa legið frammi áskilinn tíma, endursendir sóknarnefndin prófasti þau með áritun nefndarinnar um, að þau hafi legið frammi eins og til stóð eða annast að minsta kosti um að þau sjeu komin á kjörstaðinn fyrir kjörfund.

7. gr.

Nú er kominn kjörfundardagur, og skal þá prófastur og fulltrúar sóknarnefndar eða sóknarnefnda samkvæmt 5. gr. mæta á tilteknum stað og stundu. Prófastur og fulltrúar þessir stýra kosningunni og er prófastur formaður kjörstjórnarinnar. Hann setur fund og stýrir fundi. Hamli veður, ófærð, umgangsveiki eða önnur ósjálfráð atvik ferðum manna, skal prófastur boða kjörfund að nýju, ef meiri hluti atkvæðisbærra safnaðarmanna í prestakallinu ekki sækir fundinn. Hamli ósjálfráð atvik aftur á móti ekki, skal halda fundinn, þótt meiri hluti kjósenda sje ekki mættur.

8. gr.

Kjörstjórnin skal hafa gerðabók, er sjerstaklega sje til þess gerð og löggilt af biskupi, atkvæðaskrá og atkvæðakassa með sömu gerð og atkvæðakassar við alþingiskosningar. Fundarhúsi skal vera þannig háttað, að inn af fundarherberginu sje herbergi eða klefi, er ekki sje inngengt í nema úr fundarherberginu og að öðru leyti svo um búið, að ekki sjáist að utan eða annarsstaðar frá þangað inn, nje heldur sje hægt að sýna kjörseðilinn þeim, er utan klefans kynni að vera. Sje herbergjum ekki svo háttað sem nú var sagt, skal tjalda svo horn af fundarherberginu, að ekki sjáist úr því, hvað gert er fyrir innan tjaldið. Í klefanum eða fyrir innan tjaldið skal vera borð og hæfilega margir blýantar samlitir.

9. gr.

Prófastur segir kjósendum í fundarbyrjun hverjir sjeu í kjöri. Síðan leggur kjörstjórnin úrskurð á þær kærur, er til hennar hefur verið skotið samkv. 4. gr. og færir úrskurði sína til bókar. Afl atkvæða ræður úrslitum um öll atriði, er kjörstjórnin úrskurðar. Sjeu atkvæði jöfn, sker sá atkvæðahelmingur úr, sem prófastur fylgir.

10. gr.

Áður en atkvæðagreiðslan hefst, skal kjörstjórnin opna atkvæðakassann og sýna kjósendum og umsækjendum eða umboðsmönnum þeirra, að kassinn sje tómur. Að því búnu læsir kjörstjórnin kassanum. Svo er gengið til kosninga.

11. gr.

Þeir, sem neyta vilja atkvæðisrjettar síns, verða að mæta sjálfir. Kjósendur ganga fram og kjósa í þeirri röð, sem þeim list og eftir því sem þeir komast að. Án leyfis kjörstjórnar mega ekki vera í kosningarstofunni með henni aðrir en umsækjendur eða umboðsmenn þeirra, svo og hæfilega margir kjósendur, er koma og fara. Kjörstjórn getur kvatt menn sjer til aðstoðar til að halda uppi reglu meðan á kosningu stendur. Þá er kjörstjórnin hefur kannast við kjósanda, afhendir hún honum kjörseðil og vísar honum til atkvæðaklefans, og má þar enginn annar inni vera; kjósandi merkir þar kross innan í hringinn fram undan nafni þess umsækjanda er hann kýs, brýtur síðan seðilinn saman þannig að letrið snúi inn, gengur með seðilinn að atkvæðakassanum í fundarherberginu og stingur honum þar niður um lokrifuna á kassanum. Jafnframt getur maður úr kjörstjórninni þess á atkvæðaskránni, að kjósandi hafi kosið, og annar maður setur kosningamerki við nafn kjósanda á kjörskránni. — Ónýtist seðillinn fyrir kjósanda eða gallist, getur hann fengið nýjan seðil hjá kjörstjórn gegn því að skila hinum, er ónýttist eða skemdist.

Sje kjósandi ekki fær um að kjósa vegna orsaka, er kjörstjórnin metur gildar, skal sá úr kjörstjórn, er kjósandi tilnefnir, hjálpa honum til þess. Þess skal stuttlega getið í gerðabókinni.

Gengur svo koll af kolli þangað til enginn gefur sig fram; þá kjósa þeir, er í kjörstjórn sitja og umboðsmenn umsækjendanna, eigi þeir atkvæðisrjett, á sama hátt og aðrir kjósendur, og er kosningunni þar með lokið.

Þó má kosningagerðin eigi standa skemur en 2 stundir nema allir kjósendur, sem á kjörskrá standa, hafi neytt kosningarrjettar áður en sá tími er kominn.

12. gr.

Í Reykjavík má kjósa á fleirum en einum stað í einu, eftir nánari ákvæðum kjörstjórnar. Þó skal setja kjörfund, telja saman atkvæði og slíta fundi á sama stað, og er sá staður aðalkjörstaðurinn, enda stendur kjörstjórn fyrir öllum fundargerðum þar. Á hinum stöðunum er að eins tekið við atkvæðum þeirra kjósenda, er kjörstjórn hefur vísað þangað. 3 menn taka þar við atkvæðum. Sje einn tilnefndur af kjörstjórn, en hinir 2 af sóknarnefndinni. Í stað kjörskrár skal á aukakjörstöðunum nota staðfest eftirrit af skránni. Að öðru leyti fer atkvæðagreiðsla á aukakjörstöðunum fram á sama hátt og á aðalkjörstaðnum. Þegar atkvæðagreiðslu er lokið á aukakjörstöðunum, færa fundarstjórarnir þar kjörstjórninni sjálfir atkvæðakassana, og opnar kjörstjórnin kassana, blandar kjörseðlunum úr þeim saman við kjörseðlana úr atkvæðakassa aðalkjörstaðarins, og fer svo um talning atkvæða eins og segir í 13. gr.

13. gr.

Þegar atkvæðagreiðslu er lokið, telur kjörstjórn saman atkvæði að viðstöddum umsækjendum eða umboðsmönnum þeirra. Prófastur les upp kjörseðlana en 2 menn aðrir úr kjörstjórninni skrifa, hvor í sínu lagi, upp tölu þeirra atkvæða, er hver umsækjandi hefur hlotið. Reynist það, að atkvæði hafi verið greidd um fleiri en einn umsækjanda á sama seðli, eða reynist seðillinn á einhvern hátt sjerkendur, og sje ástæða til að ætla að kjósandi hafi einkent hann af ásettu ráði, skal dæma seðilinn ógildan. Þegar kjörseðlar allir hafa verið lesnir upp, telur kjörstjórnin saman atkvæði og ber tölu þeirra saman við atkvæðaskrána og kjörskrána, lætur síðan gildu seðlana í umslag og hina ógildu í annað, og forsiglar loks bæði umslögin með innsigli prófasts, innsigli annars manns úr kjörstjórninni og þess umsækjanda, er flest fjekk atkvæði eða umboðsmanns hans, sje annarhvor þeirra viðstaddur.

14. gr.

Þá getur kjörstjórnin stuttlega úrslita kosningarinnar í gerðabókinni. Skal þar bóka kjósendatölu í prestakallinu samkvæmt kjörskrá, tölu þeirra, er atkvæði greiddu á fundinum, og tölu atkvæða þeirra, er hver umsækjandi hlaut. Prófastur heldur gerðabókina.

Að því búnu skal lesa upp gerðabókina og leita staðfestingar fundarmanna á henni. Umsækjendur eða umboðsmenn þeirra eiga heimtingu á, að fundarbókin greini stuttlega frá ágreiningsáliti þeirra um hvert fundaratriði. Bæði kjörstjórnin og umsækjendur eða umboðsmenn þeirra skulu skrifa nöfn sín undir gerðabókina.

15. gr.

Nú vill einhver koma fram með kæru út af kosningunni, og skal hann þá senda prófasti skriflega kæru áður en vika liður frá því er kosningin fór fram, en prófastur kallar þegar saman kjörstjórnina til að segja álit sitt um kæruna og gefur jafnframt kæranda og þeim, sem yfir kann að vera kært, kost á að sækja fundinn.

16. gr.

Með næstu póstferð eftir kjörfund eða eftir kjörstjórnarfund þann, sem um ræðir í 15. gr., hafi kosning verið kærð, sendir prófastur landsstjórninni í ábyrgðarbrjefi orðrjetta útskrift úr gerðabókinni, umsóknarbrjef umsækjenda, kjörskrár og önnur skjöl, sem lögð voru fram á kjörfundinum, svo og kæru, hafi kosning kærð verið, og umsögn kjörstjórnar og atkvæðaumslögin eins og frá þeim var gengið í lok kjörfundar.

17. gr.

Hafi kosningin farið fram lögum samkvæmt, eða sjeu að minsta kosti engir þeir gallar á henni, er haft geti veruleg áhrif á úrslit kosningarinnar, veitir landsstjórnin þeim umsækjanda prestakallið, er hefur fengið meiri hluta greiddra atkvæða. Hafi enginn náð þeim atkvæðafjölda eða sjeu verulegir gallar á kosningunni, er stjórnin ekki beinlínis bundin við atkvæðagreiðsluna og leitar hún þá tillögu biskups um það, hverjum umsækjanda kallið skuli veitt.

18. gr.

Nú hefur ekki nema einn umsækjandi, er fullnægir kröfum til prestsskapar í þjóðkirkjunni, sótt um prestakall, og skal þá kjörstjórnin engu að síður boða til kjörfundar fyrir prestakallið, en þá leitar kjörstjórnin að eins munnlegra atkvæða fundarmanna um það, hvort heldur eigi að veita embættið umsækjandanum eða leitast við að fá því þjónað til bráðabirgða á annan hátt. Greiði meiri hluti kjörfundarmanna atkvæði fyrir því, að embættið verði veitt umsækjanda, fær umsækjandi veitingarbrjef landsstjórnarinnar fyrir því. Óski meiri hlutinn embættinu þjónað til bráðabirgða, fer stjórnin, að svo miklu leyti sem henni er unt, eftir óskum fundarins um prestsþjónustu.

19. gr.

Enginn, er kosið hefur skriflega, er skyldur til þess að skýra frá því fyrir rjetti, hvernig hann hafi neytt atkvæðisrjettar síns, hvers kyns sem mál það er, sem hann er krafinn til vitnisburðar í.

20. gr.

Hvorki kjörstjórnarmaður nje nokkur annar, sem í kosningarstofunni er staddur, má beinlínis eða óbeinlínis hvetja nokkurn kjósanda meðan á kosningargerðinni stendur, til þess að kjósa einn umsækjanda öðrum fremur,

nje heldur má kjörstjórnarmaður skýra frá því, er hann kann að hafa orðið áskynja um í kosningarstofunni, að því er atkvæðagreiðslu kjósenda snertir.

Brot gegn ákvæðum þessum varða fangelsi, ekki skemra en einföldu fangelsi í viku eða sektum, ef málsbætur eru, þó eigi undir 20 kr.

Önnur brot gegn lögum þessum varða alt að 200 kr. sektum til prestalaunasjóðs.

21. gr.

Landssjóður stendur straum af útbúningi kjörseðla og útvegun atkvæðakassa til hvers prófastsdæmis. Öðrum kostnaði við prestskosningu skulu sóknarnefndir jafna niður á alla atkvæðisbæra safnaðarmenn í prestakallinu. Eindagi á því gjaldi er 14. dagur frá því að niðurjöfnun var auglýst á kirkjufundi. Kærur út af fjárheimtu þessari má bera upp á hjeraðsfundi og ræður fundurinn því máli til lykta. Rjett er að taka gjald þetta lögtaki.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1908 og eru lög nr. 1 frá 8. jan. 1886, um hluttöku safnaðar í veitingu brauða, jafnframt úr gildi gengin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá nefnd þeirri, er skipuð var samkvæmt konungsúrskurði 2. mars 1904, til þess að íhuga og koma fram með tillögur um kirkjumál landsins, hefur stjórnarráðinu borist fumvarp til laga um veitingu prestakalla.

Nú er veitingu brauða háttað þannig: þegar fleiri en 3 hafa sótt um embættið, er fullnægja hinum almennu skilyrðum fyrir því að mega hafa á hendi prestsembætti í þjóðkirkjunni, velur stjórnarráðið, með ráði biskups, 3 af umsækjendunum til kosningar. Hafi að eins 3 sótt um brauðið, má stjórnarráðið á sama hátt velja 2 af þeim til kosningar. Ef umsækjendur eru að eins 2, kýs söfnuðurinn á milli þeirra. Kosningar fara fram í heyranda hljóði á almennum kjörfundi. Kosningarrjett hefur hver sóknarmaður, sem geldur til prests og kirkju. Kosning er gild, ef helmingur atkvæðisbærra sóknarmanna greiðir atkvæði, og einhver af umsækjendum hefur fengið að minsta kosti helming greiddra atkvæða. Sje kosningin gild, þá fær sá veitingarbrjef útgefið af konungi eða ráðherra fyrir kallinu, er kosinn er, »ella skal við veiting embættisins taka það tillit til þeirra óska, er hafa komið fram af hálfu safnaðarins, er álitið verður að rjett sje«.

Aðalbreytingar þær, sem frumvarp nefndarinnar gerir á skipun þessari eru þær, sem nú skal greina:

1. *að* söfnuðirnir skuli jafnan velja um alla þá umsækjendur, er fullnægja hinum almennu skilyrðum fyrir prestsembætti í þjóðkirkjunni.

2. *að* ekki er sett neitt lágmark tölu fundarmanna, nema óviðráðanleg atvik hamli ferðum manna, þannig, að kosning er gild að jafnaði, þótt eigi mæti á kjörfundi helmingur atkvæðisbærra sóknarmanna.

3. *að* kosningarrjettur er eigi bundinn því skilyrði, að sóknarmaður gjaldi til prests og kirkju, og

4. *að* kosningin er leynileg og fer fram á líkan hátt og kosningar til alþingis.

Þessar breytingar allar getur stjórnarráðið fallist á, og telur þær til bóta, sjerstaklega þá aðalbreytingu, að söfnuðurinn fái að kjósa um alla umsækjendur.

Aftur á móti hefur stjórnarráðið eigi getað sjeð, að ástæða sje til að aðhyllast þá stefnu, sem fram kemur í frumvarpinu, að gera sem minst úr áhrifum biskups á veitingu brauða, svo að honum sje, eins og biskup kemst að orði í áliti sínu um þetta frumvarp nefndarinnar, að eins »ætlað að vera milliliður — reyndar óþarfur — á milli landsstjórnar og prófasta í ýmsum óverulegum atriðum«. Stjórnarráðið hefur því breytt frumvarpi nefndarinnar þannig, að þáttur sá, er biskup tekur í veitingu brauða, verði hinn sami sem nú, að svo miklu leyti sem samrýmst getur við breytingar þær, sem frumvarpið gerir að öðru leyti á núgildandi ákvæðum.

Aftan við 11. gr. frumvarpsins er bætt við ákvæði um það, að kosningargerðin megi standa yfir skemur en 2 stundir, ef allir kjósendur, sem á kjörskrá standa, hafi neytt kosningarrjettar áður en sá tími er kominn.

Enn hafa verið gerðar nokkrar orðabreytingar á frumvarpinu.

Álit biskups um frumvarp þetta er prentað hjer á eftir.

Fylgiskjal.

ÍSLANDS BISKUPSDÆMI.

Reykjavík, 18. desbr. 1907.

Frumvarp til laga um veitingu prestakalla.

Þetta er alllangur lagabálkur í 22 greinum, sem gerir gagngerða breytingu á lögum þeim, sem nú gilda um kosningu presta.

Aðalbreytingarnar eru þessar: 1. Söfnuðir skulu velja um alla þá sækjendur, er fullnægja lögmæltum kröfum til prestskapar í þjóðkirkjunni, 2. Kosningin er leynileg og skrifleg og fer fram eftir sem næst sömu reglum og kosningar til alþingis, 3. Sá sækjandi fær veitingu, er fengið hefur meiri hluta greiddra atkvæða; 4. Landsstjórnin annast að mestu undirbúning kosningar, tilnefnir þá, er verða skulu í kjöri og fær kosningargerðina sjer senda beina leið frá prófasti og veitir því næst embættið.

Þar sem lögin frá 8. janúar 1886 um hluttöku safnaða í veitingu brauða mæla svo fyrir, að veitingarvaldið skuli *með ráði biskups* kjósa til þá, er settir skuli á kjörskrá, þá er þessi ákvörðun hjer feld burt, og biskupi er eigi ætlað neitt atkvæði um það, hvort sækjendur skuli koma til greina við kosningu. Honum er að eins ætlað að vera milliliður — reyndar óþarfur — á milli landsstjórnar og prófasta, í ýmsum óverulegum atriðum; og hann má gera þær athugasemdir um sækjendurna, er hlýða þykir, áður en umsóknarbrjefin eru send prófasti. Eigi hann alls engin afskifti að hafa af því, hverjir sækjendur skuli teljast fullnægja prestskaparskilyrðum, og hverjum veita skuli prestakall, þar sem kosning verður ekki fullgild, og hafi hann ekkert tækifæri til umsagnar um kosningargerðina í heild sinni, þá fæ jeg ekki sjeð að neitt verulegt verk sje handa honum innan takmarka þessara laga. Landsstjórnin sjálf getur eins vel og hann tilkynt prófasti, að kallið sje laust (1. gr.) og komið umsóknarbrjefunum til prófasts, svo og kjörseðlunum (6. gr.); og prófastur aftur beina leið skýrt landsstjórninni frá tölu kjósenda í prestakallinu (3. gr.). Það er óþarfur krókur að láta biskup hjer vera millilið.

Þótt jeg hefði talið þá breytingu á núgildandi lögum fult svo ákjósanlega, að söfnuðunum væri fenginn rjettur til að tilnefna þá 2 eða 3 sækjendur, er veitingarvaldið mætti veita embættið, — eins og minst er á í athugasemdum nefndarinnar á bls. 45 neðst —, þá get jeg kannast við, að margt mælir með því, að söfnuðir fái að velja um alla þá sækjendur, sem gildir teljast, einkum þegar ráðgerður er jöfnuður á tekjum brauðanna, því að við þann jöfnuð hverfur að miklu leyti þörfin á því, að veitingarvaldið hafi veruleg áhrif á veitinguna. Og það vald, sem landsstjórnin hefur nú í þessu efni, er ekki mikils virði, en hefur stundum vakið óánægju hjá söfnuðunum, þótt jeg ætli að sú óánægja hafi sjaldnast átt við nein gild rök að styðjast.

Jeg get hugsað mjer, að með hinum ráðgerðu breytingum á launakjörum presta, verði þeir nokkuð að mun spakari í prestaköllum sínum, svo að kosningar verði töluvert færri en nú. En engu að síður er jeg uggandi um, að sú kosningarathöfn, með öllum undirbúningi, er þar til heyrir, sem frumvarp þetta mælir fyrir um, muni reynast svo umfangsmikil og að sumu leyti erfið, að mönnum getist ekki vel að henni. Auk þess hlýtur veiting prestakalla eftir þessum ákvæðum að taka langan, jafnvel óhæfilega langan tíma, töluvert lengri en nú á sjer stað, þótt naumast sje á það bætandi.

Að öllu samanlögðu hlýt jeg að vera töluvert efandi um, að frumvarp þetta muni reynast veruleg umbót á hinu núverandi ástandi.

Mjer telst svo til, að ef brauð losnaði fjarri Reykjavík, t. d. í Norður-Þingeyjar- eða Múlasýslum, þá gætu vel liðið um 8 mánuðir áður en veiting gæti fram farið eftir þessu frumvarpi. — Umsóknarfrestur getur verið liðinn, þegar prófastur fær tilkynningu um að brauðið sje laust. Þá kemur tilkynning til sóknarnefnda, frestur til að semja kjörskrá og sýna hana og taka á móti kærum yfir henni og úrskurða þær, senda prófasti skrána, og prófastur aftur senda biskupi. Þetta alt getur tekið fulla 3 mánuði. Þá á að fara að búa til kjörseðla (5. og 6. gr.) og senda þá ásamt umsóknarbrjefum til prófasts; prófastur sendir sóknarnefndum og ákveður kjörfund; þá er kosið, og verður ef til vill að halda kjörfund tvisvar (7. gr.); þá láta kærufrest líða og senda kosningargerðina til landsstjórnarinnar. Alt þetta getur, ef illa stendur á póstferðum, auðveldlega tekið aðra 3 mánuði, og þá fyrst á að veita brauðið.

Af öllum þessum langa tíma mætti spara um 3 mánuði, ef kjörseðlar væru búnir til þegar að útrunnum umsóknarfresti og hafðir ríflega nógu margir, og sendir þegar ásamt umsóknarbrjefunum til prófasts. Hann gæti þá undir eins tekið frá hæfilega tölu, eftir fjölda kjósenda, en innsiglað afganginn til endursendingar og gert skýra grein fyrir.

Í fjölmennustu prestaköllum verður 1 vika til að semja kjörskrá of stuttur tími; í Reykjavík gæti það orðið 2—3 vikna verk, ekki síst þegar þarf að taka 3 eða fleiri afskriftir af skránni (12. gr.).

Hvers vegna þarf tvo atkvæðakassa til hvers prófastsdæmis (21. gr.)?

Aðdróttunum þeim til veitingarvaldsins um misbeitingu á valdi sínu eða jafnvel beint ranglæti, sem lesa má í ástæðum nefndarinnar á bls. 45, þykir mjer ástæða til að mótmæla sem alveg órökstuddum.

Hallgr. Sveinsson.

Til
stjórnarráðs Íslands.

Frumvarp til laga

um

skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og unglinga.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Þegar maður er dæmdur samkvæmt hinum almennu hegningarlögum til hegningar, sem eigi er þyngri en sektir eða fangelsi, enda sjeu málsbætur fyrir hendi, svo sem æska, góð hegðun undanfarið, hreinskilin játning, afbrotið smáfelt og skaðabætur greiddar eða boðnar fram, má kveða svo á í dóminum, að fullnustu hans skuli fresta. Frestun má vera því skilyrði bundin, að dómþoli greiði þeim, er misgert var við, skaðabætur innan ákveðins tíma, og

eftir atvikum, að hann verði látinn njóta siðbætandi fósturs, er nánara sje til tekið.

Sæti hinn dómfeldi innan 5 ára frá endilegri uppsögn sliks skilorðsbundins dóms ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði, og sje hann í því máli dæmdur til þyngri hegningar en sekta, þá skal einnig leggja á hann hegningu þá, er frestað var. Að öðrum kosti fellur niður fullnægjugjörð dómsins. Sje síðara afbrotið, er tilgreind hegning var viðlögð, ekki framið af ásettu ráði, ákveður dómarinn eftir öllum málavöxtum, hvort eldra dóminum skuli fullnægt eða ekki.

Nú er afbrot drýgt innan hinna ákveðnu 5 ára, en mál eigi höfðað fyrr en þau eru liðin, og skal þá skilorðsbrotið tekið til greina sem hegningarauki, þá er hegningin fyrir hið nýja afbrot er metin.

Ef skilyrði, sem sett er fyrir hegningarfrestun samkvæmt öðrum lið fyrstu málsgreinar, er rofið, skal einnig leggja hegninguna á, nema dómþoli sanni, að hann hafi eigi getað fullnægt skilyrði dómsins af ástæðum, sem honum verður eigi gefin sök á. Þegar svo stendur á, getur dómþoli krafist úrskurðar hins sama dómstóls, sem áður hefur dæmt í málinu, um það, hvort dómi skuli fullnægt, eða skilorðið falla burt, eða því skuli breytt eftir atvikum. Úrskurði þessum getur dómþoli eigi áfrýjað til æðri rjettar.

2. gr.

Verði hegning, er frestað hefur verið, eigi álögð, telst henni fullnægt við dómsuppsögn. Að liðnum 5 árum frá dómsuppsögn nýtur þá dómþoli allra rjettinda, er fást með uppreist á æru, án þess uppreist sje veitt.

3. gr.

Nú sætir maður, sem feldur hefur verið til skilorðsdóms, innan 5 ára frá endilegri uppsögn dómsins, ákæru í opinberu máli fyrir hegningarvert athæfi, er hann hefur drýgt, áður en skilorðsdómurinn var uppkveðinn yfir honum í hjeraði, og lögð er við önnur hegning en sú, sem fresta má fullnustu á samkvæmt 1. gr., og skal rjetturinn þá ákveða nýja hegningu í einu lagi fyrir bæði afbrotin, sbr. 63. og 65. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Sje hinsvegar hegning sú, sem á við það brot er síðar komst upp þess eðlis, að kveða megi upp skilorðsbundinn hegningardóm fyrir brotið, þá skal rjetturinn að athuguðum þeim málavöxtum, sem fram eru teknir í 1. gr., úrskurða, hvort ákveða beri hegningu, er þegar verði fullnægt í einu lagi, eða hvort uppkveða eigi nýjan skilorðsbundinn hegningardóm fyrir það.

4. gr.

Í niðurlagi hvers skilorðsbundins hegningardóms skal með skirskotun til laga þessara, með berum orðum taka fram, að hegningin falli niður eftir 5 ár, ef haldin sjeu skilorð laganna og dómsins.

5. gr.

Börn skulu eigi sæta hegningu fyrir afbrot, sem þau drýgja innan fullnaðs 14 ára aldurs, en í þess stað skal, eftir að venjuleg sakamálsrannsókn hefur farið fram, beita hæfilegum uppeldis- og öryggisráðstöfunum gegn slíkum börnum, svo sem með því að beina aðvörun til barnsins og forsjármanns þess, með því að skipa áreiðanlegan mann eða konu, er til þess er fús og fallin, til þess að hafa umsjá með forsjármanni í uppeldi barnsins, með fyrirskipun um, að forsjármaður barnsins skuli veita því hæfilega refsingu í heimahúsum undir því eftirliti, sem fullnægjandi er talið, og með því að koma barninu fyrir annarstaðar á góðu heimili í sveit, ef um kaupstaðabörn er að ræða, þannig að uppeldisrjetturinn sje fenginn í hendur þar til hæfum manni. Þyki þetta síðastnefnda eigi nauðsynlegt, skal forsjármanni þó jafnan tjáð, að hann megi búast við því, að barnið verði tekið frá honum, og fengið öðrum til uppeldis, ef hinum fyrirskipuðu ráðstöfunum er eigi hlýtt, eða það að öðru leyti þyki nauðsynlegt vegna barnsins.

Um þær af ráðstöfunum, sem eigi lúta að því að taka barnið burt frá heimili þess og koma því fyrir annarstaðar, getur lögreglustjóri tekið ákvörðun. Úrskurði hans geta foreldrar eða forsjármaður þó áfrýjað til stjórnarráðsins. Ákvörðun um, að barni skuli komið burt frá heimili þess og að uppeldisrjetturinn skuli tekinn af foreldrum eða þeim, sem hafa hann að lögum, og falinn öðrum, verður því að eins framkvæmd, að stjórnarráðið skipi svo fyrir, nema foreldrar eða forsjármaður samþykki. Fyrirskipa má, að slík ráðstöfun skuli haldast til 18 ára aldurs, og þyki stjórnarráðinu sjerstakar ástæður til bera, getur það ákveðið, að dvöl ungmennisins á tilteknum stað utan heimilis þess skuli haldast alt að því 3 ár fram yfir þann tíma.

Við sakamálsrannsókn gegn börnum má ekki setja þau í gæsluvarðhald, nema ómögulegt sje að ná tilganginum með því að fela áreiðanlegum mönnum eftirlit með barninu. Allan kostnað, sem leiðir af uppeldis- og öryggisráðstöfunum þeim, er um ræðir í þessari grein, skal greiða eftir sömu reglum og annan sakamálskostnað, og skal framfærslumaður endurgreiða landssjóði framfærslukostnað til 16 ára aldurs samkvæmt reglum fátækralaganna.

6. gr.

Ákvæði þau, sem gilda um hegningu fyrir og málshöfðun út úr afbrotum er drýgð eru af unglingum, sem eru frá 15 til 18 ára að aldri, skulu einnig gilda um þau afbrot, sem unglingar á 14 til 15 ára aldri fremja, með þeirri einni breytingu, að ef pilti á þessum aldri er dæmd hýðing, þá skal hún á lögð með vendi en eigi með reyrpriki.

Ef álíta má, að hegning unglings, sem er frá 14 til 18 ára að aldri, fari ekki fram úr lágu stigi hegningarvinnu, getur stjórnarráðið ákveðið, að málshöfðun skuli falla niður með því skilyrði, að sakborning sje komið fyrir á góðu heimili í sveit um tiltekinn árafjölda, alt að fullum 21 árs aldri, og að hann þann tíma sje háður því eftirliti er hæfa þykir, svo sem umsjón tiltekinna manna, fjelaga eða stofnana, er til þess þykja fallin, eða á annan hátt. Til slíkrar ráðstafanar þarf ekki samþykki foreldra eða forsjármanns. Geri hinn seki sig á þessum tíma beran að nýjum glæp, eða brjóti hann í einhverju

verulegu gegn þeim reglum, sem settar eru af hinni skipuðu tilsjón, skal málið tekið upp að nýju eftir fyrirskipun stjórnarráðsins. Kostnaður við þessar ráðstafanir greiðist á sama hátt sem sakamálskostnaður. Um endurgjald á framfærslukostnaði fer eins og segir í niðurlagi 5. greinar.

7. gr.

Þær breytingar, sem lög þessi hafa inni að halda á fullnustu hegningingar og ákvæði um afbrot barna og unglinga, skulu koma til framkvæmda í öllum málum, sem fá endileg dómsúrslit eftir að lög þessi ganga í gildi. Þó koma ákvæðin í 6. gr., um afbrot unglinga á 14—15 ára aldri, eigi til framkvæmda um brot, sem drýgð eru áður lögin öðlist gildi, ef hinn seki yrði við það fyrir þyngri hegning heldur en eftir lögum þeim, sem nú eru í gildi.

Athugasemdir við frumvarp þetta:

Fyrir tæpum 30 árum síðan komu hinir svo kölluðu skilorðsbundnu dómar í sakamálum upp í Ameríku, og náðu á stuttum tíma fótfestu þar, og þar eð þeir þóttu gefast þar vel, fóru Evrópuþjóðirnar einnig að gefa þeim gaum, og komust lög í þá átt fyrst á í Englandi 1887, í Frakklandi 1891, í Noregi 1894 og í Danmörku 1905. Aðaltilgangur slíkra dóma er að aftra mönnum frá að drýgja eða endurtaka afbrot og glæpi. Reynslan hefur sýnt það, að sá, sem einu sinni hefur verið dæmdur til hegningar og úttekið hana, á mjög bágt með að reisa sig aftur; mannfjelagið hefur að nokkru leyti hrundið honum út úr samfjelagi sínu; hann hefur því minni siðferðislega festu, ef freistingin vitjar hans á ný, og slíkum manni er talsvert hættara í því efni en öðrum. Reynslan hefur með öðrum orðum sýnt það, að dómur og hegning hafa stundum það í för með sjer, að maðurinn lætur sjer miður fyrir brjósti brenna glæpi og óknytti, af því hann skoðar sig hvort sem er sem brennimerktan mann, sem eigi sjer ekki uppreisnar von. Úr þessu eiga skilorðsbundnir hegningardómar að bæta að nokkru. Dómarinn segir við glæpamanninn: »þú hefur brotið, og verðskuldar refsingu eftir lögunum, en ef þú gerir þig ekki aftur brotlegan í nokkur ár, — venjulega 5 ár — þá verður hegningin ekki á lögð, glæpur þinn hefur þá engan rjettindamissi í för með sjer fyrir þig, og þú ert frí og frjáls maður bæði í þessi ár og eftir á. En ef þú drýgir glæp á þessu tímabili, þá verður hegningin tafarlaust á lögð og dóminum fullnægt«. Þetta, að hafa hegninguna vofandi yfir höfði sjer, hefur reynst hið besta aðhald, og allstaðar þar sem slík lög eru ákomin, hefur það sýnt sig, að það kemur örsjaldan fyrir að hegningin sje á lögð vegna brots á skilorðinu; þannig voru í Belgíu árin 1888—90 uppkveðnir um 27,500 skilorðsbundnir hegningardómar, en af þeim voru einungis 2% framkvæmdir. Að öðru leyti er lögum um slíka dóma mjög mismunandi háttað; í Ameríku eiga þau við öll afbrot, jafnvel

stærstu glæpi, en víðast, þar á meðal einnig á Englandi, eru þau bundin við smærri afbrot, framin í fyrsta sinn eða af ungum mönnum. Í Ameríku og Englandi er ekki einu sinni dómur uppkveðinn, en dómarinn tilkynnir ákærða, að ef hann fremji eigi afbrot ákveðinn tíma, eða uppfylli viss önnur sett skilyrði, þá sleppi hann hjá hegningu. Ef hann brýtur skilyrðin, er dómur þegar feldur og framkvæmdur. En annarstaðar er dómur uppkveðinn á venjulegan hátt, en í niðurlagi hans segir, að ef hinn dómfeldi í 5 ár ekki gjöri sig sekan á ný í glæp, þá verði hegningin eigi á lögð.

Það virðist auðsætt að slík lög mundu geta komið að notum hjer eins og annarstaðar, eigi síst þegar það er aðgætt, að hegningarlög vor eru orðin nokkuð á eftir tímanum og að sömu leyti úrelt. Þau eru bráðabirgðarbót, sem getur bætt úr þeim göllum að nokkru, þangað til gagngerð endurskoðun hegningarlaganna getur komist í kring. Stjórnarráðinu hefur þótt rjett að byrja með því að láta lög þessi aðeins ná til smærri afbrota, og að ákveða að dómur skuli uppkveðinn eins og víðast er, og er frumvarp þetta sniðið eftir hinum dönsku lögum um þetta efni, en þau eru aftur alveg sniðin eftir hinum norsku lögum að öðru en því, að fresturinn er þar aðeins 3 ár.

En jafnframt þessari breytingu þótti stjórnarráðinu vel við eiga að taka einnig upp í lagafrumvarp þetta þau samskonar ákvæði og nýlega eru í gildi gengin í Danmörku, um hegningu fyrir afbrot barna og unglinga. Eftir gildandi hegningarlögum er sakhæfi barna bundið við 10 ára aldur, en það virðist alt of lágt aldurstakmark; það þykir víðast nú bæði tilgangslaust og óeðlilegt að hegna mönnum sem afbrotamönnum á svo ungum aldri. Hjer er farið fram á að setja aldurstakmarkið 14 ár eins og í Danmörku. Drýgi börn yngri að aldri afbrot, þá er eigi beitt refsingu við þau, heldur er þeim komið fyrir til fósturs og uppeldis annaðhvort á einhverja uppeldisstofnun eða á vönduðum heimilum, en jafnframt og aldurstakmarkið þannig er fært upp, þá er líka unglingum 14—15 ára skipað alment í flokk með þeim, sem eru frá 15—18 ára gamlir. Gagnvart þessum mönnum er svo farið fram á að beita sjerstökum ráðstöfunum, er þykja betur fallnar til að bæta siðferði þeirra og leiða þá út af glæpaferlinum, en hegning, eins og hún hefur verið dæmd og álögð hingað til.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram.

Við 1. gr.

Það er berum orðum sagt hjer, að þessi lög eigi að eins við hegningardóma fyrir afbrot gegn hinum almennu hegningarlögum, og eru þau að því leyti frábrugðin hinum dönsku og norsku lögum. Ástæðan til þess er sú, að slíkir dómar eiga eftir tilgangi sínum alls eigi við í almennum lögreglumálum, sem venjulega varða einungis sektagreiðslu, enda hefur dómarinn í þeim málum heimild til að beita aðvörun samkvæmt lögum 2. okt. 1891. Að öðru leyti vísast til þess, sem áður er sagt.

Við 2. og 3. gr.

Um þessar greinar er ekkert sjerstakt að segja.

Við 4. gr.

Það þykir sjerstaklega ástæða til að taka það skýrt fram, að í niðurlagi hvers dóms skuli það sagt með berum orðum, að hegningin falli burt eftir 5 ár, ef hin settu skilyrði eru haldin. Með þessu er það sjerstaklega brýnt fyrir sakborning, að halda sjer frá að brjóta á ný.

Við 5. gr.

Í öðrum löndum eru til uppeldisstofnanir fyrir óvönduð börn, sem þegar hafa sýnt tilhneigingu til óknytta og glæpa, en slík börn eru tíðast í stórborgum heimsins. Hjer á landi er, enn sem komið er, engin þörf á slíkum stofnunum. En það hefur þó borið við á síðari árum í öllum kaupstöðum landsins, að börn fyrir innan fermingu hafa gert sig sek í ýmsum óknyttum, jafnvel innbrotsþjófnaði. Eins og áður er tekið fram, er það ekki álitið heppilegt, siðbætandi meðal, að hegna þeim sem afbrotamönnum, heldur þykir hitt betra, að koma þeim þar fyrir, sem vissa er fyrir því, að börnin geti orðið fyrir betrandi áhrifum. Hjer eru því talin upp ýms ráð, sem beita megi gegn slíkum börnum í þessu skyni, alt frá því að beina aðvörun til barnsins eða forsjármanns (föður eða uppeldismenni) þess, og til þess að taka það alveg frá honum og koma því annarstaðar fyrir t. a. m. á góðu sveitaheimili, og þannig svifta hann uppfóstursrjettinum. En þar sem þetta er mjög þýðingarmikil ráðstöfun, sem eigi má beita nema í fullri nauðsyn, þykir rjett, að henni verði eigi beitt nema eftir úrskurði stjórnarráðsins; aðrar ráðstafanir getur lögreglustjóri gert, þó þannig, að áfrýja megi ráðstöfunum hans til stjórnarráðsins.

Með því að hjer er um meira að ræða en venjulegar ráðstafanir til uppeldis unglingsins, þykir rjett að ákvarðanir þessar geti náð lengra fram en til 16 ára aldurs, og ef alveg sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, jafnvel fram yfir 18 ára aldur, og skerði þá afbrotið að því leyti rjett þann, er unglingurinn annars mundi hafa til þess að ráða sjálfur dvalarstað sínum. Slík afleiðing er væg í samanburði við harða hegning, ef til vill árlanga betrunarhúsvist, og unglingnum sjálfum fyrir bestu.

Í samræmi við það, sem áður er sagt, er ákvæðið um að börn skuli ekki sett í gæsluvarðhald undir sakamálsrannsókn, nema ómögulegt sje að koma þeim annarsstaðar fyrir í trygga og góða tilsjón á meðan, sem víðast mun vera hægt.

Við 6. gr.

Með því að hegningartakmarkið hefur verið fært upp til 14 ára aldurs, þykir rjett að láta sömu reglur gilda um menn frá 14—15 ára, sem þær er gilda um menn 15—18 ára, þó með þeirri breytingu, að ef pilti er dæmd hýðing eftir hegningarlögunum fyrir afbrot, er hann drýgir frá 14—15 ára, þá skal hýðing á lögð með vendi en eigi með reyrpriki.

Eftir gildandi lögum er mönnum á þessu skeiði aldrei hegnt fyrir afbrot, eins og fullorðnum mönnum, heldur skal færa hegningu niður alt að helmingi. Það er því auðsætt, að það sem áður er sagt um hegningu með skilyrði á ekki síður við hjer, heldur er jafnvel ástæða til að ganga enn lengra. Fyrir því er svo ákveðið, að stjórnarráðið megi ákveða, að málshöfðun skuli falla

niður með vissum skilyrðum, aðallega þeim, að sakborning sje komið fyrir á góðu heimili og sje háður eftirliti.

Til þess að ráðstafanir þær, er um ræðir í þessari og 5 gr., verði að nokkru liði, er nauðsynlegt, að kostnaður sem þeim er samfara, sje greiddur úr landssjóði, enda verður sumt af honum með rjettu talinn sakamálskostnaður. En þarsem um beinan uppeldiskostnað er að ræða, sem eftir gildandi lögum hvílir á framfærslumanni til 16 ára aldurs unglingsins, á landssjóður rjett til endurgjalds frá honum.

Við 7. gr.

Inniheldur ákvæði um framkvæmd laganna viðvíkjandi brotum, sem drýgð eru áður en lögin koma í gildi, og eru þau ákvæði í fullu samræmi við það, sem annarstaðar tíðkast.

Frumvarp til laga

um

almennan ellistyrk.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Í hverjum kaupstað og hreppi á landinu skal stofna styrktarsjóð handa ellihrumu fólki. Í sjóð þennan rennur styrktarsjóður handa alþýðufólki, sem til er í kaupstaðnum eða hreppnum.

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr landssjóði, er nemur 50 aurum fyrir hvern gjaldskyldan mann til sjóðsins það ár.

2. gr.

Gjaldskyldir til ellistyrktarsjóðsins eru allir, karlar og konur, sem eru fullra 18 ára og ekki yfir 60 ára, nema þeir, er nú skal greina:

a. Þeir, er njóta sveitarstyrks og aðrir, sem ekki geta unnið fyrir sjer vegna veiklunar á sál eða líkama.

b. Þeir, sem sæta hegningarvinnu.

c. Þeir, sem hafa trygt sjer fje til framfærslu eftir 60 ára aldur, að upphæð 150 kr. á ári að minsta kosti. Greiðir karlmaðurinn 2 kr. og kvennmaðurinn 1 kr. á ári til sjóðsins.

3. gr.

Í ellistyrktarsjóð rennur gjald fyrir leyfisbrjef til lausamensku samkv. 1. gr. í lögum nr. 3, 2. febr. 1894 um breyting á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana.

4. gr.

Hreppsnefndir skulu fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert semja skrá um alla þá, er gjaldskyldir eru í hreppnum til styrktarsjóðsins. Í kaupstöðum semja 3 menn, er bæjarstjórn kýs úr sínum flokki, skýrslur þessar. Á skrána skulu þeir settir, er lögheimili hafa í kaupstaðnum eða hreppnum hinn 1. janúar; sje vafi um heimilisfang manns, skal hann settur á skrá í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem hann dvelur um áramótin. Á skrána skulu þeir settir, sem eru fullra 18 ára hinn 1. janúar, og sömuleiðis þeir, sem ekki eru fullra 60 ára hinn sama dag. Í skránni skulu vera skýringar um gjaldskyldu manna til sjóðsins og skyldu manna til að inna af hendi ellistyrktarsjóðsgjöld fyrir aðra. Skráin skal gjörð samkvæmt fyrirmynd, er stjórnarráðið ákveður.

Lögreglustjórinn í Reykjavík og hver prestur, að því er prestakall hans snertir, er skyldur til að senda nefndum þessum eftirrit af fólkstalsskýrslum þeim, er þeir eiga að semja árlega.

5. gr.

Auk þess, sem gjaldendur eiga að greiða gjöld sín til ellistyrktarsjóðsins hver fyrir sig, þá eru menn og skyldir til að leggja fram gjöldin fyrir aðra svo sem nú segir:

a. Kvongaðir menn eiga að inna af hendi ellistyrktarsjóðsgjald fyrir konur sínar, meðan hjónabandinu er ekki slitið að lögum, enda sjeu þau til heimilis í sama hreppi.
b. Foreldrar og fósturforeldrar eiga að inna af hendi ellistyrktarsjóðsgjald fyrir börn sín og uppeldisbörn, sem vinna hjá þeim, eru á þeirra vegum eða þeir kosta til náms.
c. Húsbændur eiga að greiða styrktarsjóðsgjald fyrir hjú sín og annað þjónustufólk sitt, sem er á framfæri með þeim.
d. Iðnaðarmenn eiga að greiða styrktarsjóðsgjald fyrir starfsmenn (iðnnema og sveina) sína.
e. Kaupmenn, verslunarstjórar og aðrir verkveitendur eiga að greiða styrktarsjóðsgjald fyrir þá, sem eru í fastri þjónustu hjá þeim.
f. Húsráðendur eiga að greiða styrktarsjóðsgjald fyrir lausamenn og lausakonur, sem hjá þeim hafa lögheimili síðasta vistarár, svo og fyrir húsmenn, sem ekki hafa húsnæði út af fyrir sig.

Nú eru þessir menn öreigar að áliti hreppsnefndar og bæjarstjórnar, og fellur þá niður skylda þeirra til að greiða styrktarsjóðsgjöld fyrir aðra.

Þeir, sem greiða styrktarsjóðsgjöld fyrir aðra, hafa rjett til þess, að telja þau þeim til skuldar, sem gjaldskyldir eru, svo og til að halda gjaldinu eftir af kaupi þeirra eða launum.

6. gr.

Skrár þær, er gerðar hafa verið um gjaldskyldu manna til ellistyrktarsjóðanna skulu liggja almenningi til sýnis frá 1.—7. mars ár hvert, á einhverjum hentugum stað í hreppnum eða kaupstaðnum.

7. gr.

Nú álítur einhver, að maður sje ranglega talinn á skránni, eða ranglega slept þar, og skal hann þá innan 14. mars koma fram með mótbárur sínar eða kröfur í þessu efni til hlutaðeigandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, er leggur úrskurð á þær innan hálfs mánaðar þar frá. Úrskurðinum má skjóta til sýslumanns.

Síðan skulu skýrslurnar sendar hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta innan loka marsmánaðar.

Nú hefur sami maður verið settur á skrá í tveimur sveitarfjelögum og hefur hann þá rjett til að fá gjaldið endurgoldið úr styrktarsjóðnum í því sveitarfjelagi, sem hann átti ekki lögheimili í 1. janúar, og ber honum að sanna þetta fyrir hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta fyrir lok júnímánaðar sama ár.

8. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn, innheimta gjaldið á manntalsþingum og koma því á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðsins; fyrir ómak sitt ber þeim 2% af hinu innheimta gjaldi.

9. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í hreppum sýslumenn, hafa á hendi reikningshald sjóðanna og geyma eignarskilríki þeirra. Reikningar sjóðanna fyrir hvert ár skulu fyrir lok janúarmánaðar sendir hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd og kýs bæjarstjórnin eða sýslunefndin 2 menn til að endurskoða þá, en bæjarstjórnin eða sýslunefndin fellir úrskurð um reikningana. Í kaupstöðum sendir bæjarstjórnin stjórnarráðinu árlega skýrslu um hag ellistyrktarsjóðanna; sams konar skýrslu sendir sýslunefndin stjórnarráðinu. Í Stjórnartíðindunum skal árlega birta skýrslu um hag styrktarsjóðanna í hverjum kaupstað og hverri sýslu.

10. gr.

Styrktarsjóðsgjald má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. desbr. 1885 um lögtak eða fjárnám án undanfarins dóms eða sátta, og hafa styrktarsjóðsgjöld sama forgangsrjett í dánar- eða þrotabúi gjaldenda eins og skattar og gjöld til landssjóðs.

11. gr.

Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju úthluta $^{2}/_{3}$ hlutum af gjaldi því, er það ár ber að greiða til ellistyrktarsjóðsins í kaupstaðnum eða hreppnum, og ennfremur hálfum styrk þeim, er lagður er til styrktarsjóðsins úr landssjóði á árinu, svo og hálfum vöxtunum af styrktarsjóðnum fyrir næsta ár á undan.

12. gr.

Sýslumaður skal fyrir lok júlímánaðar ár hvert skýra hreppsnefndunum frá því, hve mikil upphæð komi til úthlutunar á árinu úr styrktarsjóðum hreppanna, og hin sama skylda hvílir á bæjarfógetanum gagnvart bæjarstjórn, en hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu síðan birta þetta í hreppnum eða kaupstaðnum á venjulegan hátt fyrir lok ágústmánaðar.

13. gr.

Styrk þann, er árlega skal úthluta, veita bæjarstjórnir og hreppsnefndir ellihrumum fátæklingum, sem eru fullra 60 ára að aldri eða þar yfir, og heima eiga í hreppnum eða kaupstaðnum, án tillits til þess hvar þeir eru sveitlægir, svo framarlega sem umsækjandi uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a. að hann hafi ekki verið dæmdur sekur um eitthvert athæfi, sem svivirðilegt er að almenningsáliti, eða hafi það verið, að hann hafi fengið uppreisn æru sinnar.
b. að haun sje eigi þurfandi orðinn fyrir þá sök, að hann hafi sjálfur til hagsmuna fyrir börn sín eða aðra gert sig öreiga og ófæran til að bjargast, eða valdið því með óreglu og eyðslusemi eða á annan þvílíkan hátt;
c. að hann síðustu 10 árin, áður en hann sótti um ellistyrk, hafi haft fast aðsetur hjer á landi og á þeim tíma eigi þegið af sveit eða gjörst sekur í betli eða flakki eða hagað sjer þannig að hneyxli hafi valdið að almenningsáliti (lagst í drykkjuskap eða aflað sjer viðurværis með ósiðsömu líferni o. s. frv.);
d. eigi framfærslurjett hjer á landi.

Nú hefur kona skilið við mann sinn að borði og sæng eða að lögum eða orðið ekkja, en maður hennar hefur þegið sveitarstyrk, meðan þau voru saman, og er sveitarstjórninni í dvalarhreppi hennar þá heimilt að veita henni ellistyrk, þótt ekki sjeu liðin 10 ár frá því er maður hennar þáði af sveit.

Styrkur til lækninga, þar í talin meðul, sjúkrahúsvist, umbúðir og slíkt, telst eigi sveitarstyrkur, er um ellistyrk er að ræða.

14. gr.

Þeir, er vilja fá styrk úr ellistyrktarsjóði, skulu fyrir lok september ár hvert senda skriflega beiðni um styrkinn til hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, og á bænarskráin að fela í sjer þær upplýsingar, sem með þarf til þess að geta dæmt um verðleika umsækjanda.

Beiðninni skulu fylgja vottorð einhvers málsmetandi manns um það, að upplýsingar þær, er í beiðninni standa, sjeu sannar.

15. gr.

Styrkurinn veitist fyrir lok októbermánaðar. Hann veitist fyrir eitt ár í senn, og má ekki vera undir 20 krónum og ekki yfir 200 kr.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1908, og ber að innheimta ellistyrktarsjóðsgjöld samkvæmt þeim í fyrsta skifti á manntalsþingum 1908.

17. gr.

Lög um styrktarsjóði handa alþýðufólki 11. júlí 1890 og lög um breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki 18. desbr. 1897 eru úr lögum numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nefnd sú, er skipuð var samkvæmt konungsúrskurði 13. nóvbr 1901, til þess að íhuga og koma fram með tillögur um fátækra- og sveitarstjórnarmál, hefur látið prenta uppkast af frumvarpi til laga um eftirlaun hinnar íslensku þjóðar, eptir Pál amtmann Briem. Er aðalatriði frumvarps þessa, að hver verkfær maður, karl og kona, sem eigi er á sveit og ekki er 50 ára, er frumvarpið öðlast lagagildi, skuli greiða 3 kr. á ári, frá 16 ára aldri, í eftirlaunasjóð, en hafi svo rjett til eftirlauna, að upphæð 120 kr. og 90 kr á ári, ef hann vegna veiklunar á sál eða líkama verður »ófæringur« ɔ: svo veiklaður að hann geti ekki unnið fyrir 40% af launum þeim, er hann hefur haft næstu 5 árin áður en veiklunin byrjaði.

Nefndin hefur aðhylst frumvarp þetta í höfuðatriðunum, og sent stjórnarráðinu það sem tillögur sínar um málið, þó með þeim fyrirvara, að hún telur varlegra, að fengnar sjeu nákvæmar skýrslur um alla öryrkja á landinu, áður en málinu sje til lykta ráðið, og síðan að þeim skýrslum fengnum gjörðir nýir útreikningar um, hvað framkvæmd frumvarpsins mundi kosta.

Við athugun á frumvarpi þessu er það ljóst, að ógjörningur virðist að leggja út á þá leið, er farin er í frumvarpinu, fyr en eftir ítarlega yfirvegun, og fyrr en gjörðar hafa verið nákvæmar rannsóknir um ófærleik landsmanna. En bæði er það, að hjer er ekki á að skipa nema óvönum mönnum við þær rannsóknir, og því hætt við að þær yrðu nokkuð sundurleitar í hinum einstöku sveitum, og eins er auðsætt að þessar rannsóknir yrðu að endurtakast

með ára millibili, því að byggia á eins árs skýrslum er ekki ábyggilegt; þar mundi tilviljun ein ráða alt of miklu. Þá er það við frumvarpið að athuga, að bæði gjaldið til eftirlaunasjóðsins og eins eftirlaunin sjálf eru fastákveðin og jöfn fyrir alla, án tillits til tekna þeirra; er þar alveg horfið frá hinu norska frumvarpi, er þó aðallega hefur verið haft fyrir augum. Að því er eftirlaunin snertir, hefur þetta þær afleiðingar, að í sumum tilfellum eru eftirlaunin óþarflega há, til þess að eftirlaunanjótur geti komist sæmilega af, en í mörgum öðrum tilfellum eru þau svo lág, þar sem um fjölskyldumenn er að ræða, að ófæringurinn yrði eptir sem áður að fá sveitarstyrk, en þá sýnist tilgangi laganna, að halda mönnum frá sveit, alls ekki náð.

Í annan stað er það ljóst, að ef eftirlaunastyrknum er hagað á þann hátt, er ráð er fyrir gjört í frumvarpinu, þá yrði stjórn eftirlaunamálanna mikið verk og yrði þar af leiðandi kostnaðarsöm (15—20 þúsund krónur á ári), og mundi sá kostnaður verða tilfinnanlegur, hvort sem landssjóður ætti að bera hann eins og til er ætlast í frumvarpinu, eða eftirlaunasjóður ætti að bera hann.

Það skal og tekið fram, að Norðmenn, kostnaðarins vegna, hafa ekki enn sjeð sjer fært að gera frumvarp sitt að lögum, heldur er málið enn í undirbúningi hjá þingi og stjórn.

Heppilegra virðist, að byggja á þeim grundvelli, sem þegar hefur verið lagður hjer á landi í þessa átt, með því að færa út kvíar alþýðustyrktarsjóðanna, láta þá ná til alls landsfólksins og þá jafnframt auka þeim tekjur, svo að þeir geti komið að verulegum notum. Styrktarsjóðsgjaldinu eru menn þegar orðnir vanir og hefur það náð almennum vinsældum síðan farið var að úthluta styrk af styrktarsjóðunum, og þótt gjaldið sje aukið upp í 2 kr. fyrir karlmanninn og 1 kr. fyrir konuna, þá virðist mega ganga út frá því, að gjald þetta muni ekki fremur verða óvinsælt, þegar menn jafnhliða sjá, að hverjum eyri sem inn kemur, verður varið til styrktar ellihrumum fátæklingum, og að styrktarsjóðurinn verður brátt fær um að styrkja ellihrum gamalmenni svo að verulega um munar.

Í frumvarpinu er þar næst stungið upp á því, að efla styrktarsjóðina á þann hátt, að leggja þeim árlegan styrk úr landssjóði sem svarar 50 aurum fyrir hvern gjaldskyldan mann. Þetta verður um 18000 kr. útgjöld fyrir landssjóð á ári. Ætlunarverk styrktarsjóðanna hefur svo yfirgripsmikla þýðingu fyrir þjóðfjelagið í heild sinni, að það virðist mjög eðlilegt að styðja þá með tillagi úr landssjóði, en þannig takmarkaður styrkur getur engan veginn álitist ofætlun fyrir landssjóðinn, en myndi þó hafa mikla þýðingu fyrir vöxt og viðgang sjóðanna, og gera gjöldin til þeirra vinsælli.

Að styrkja ellistyrktarsjóðina ennfremur á þann hátt, að þeim væri lögð einhver ákveðin upphæð úr sveitarsjóðunum á ári, væri ekki óeðlilegt, en þó er ekki í frumvarpi þessu farið fram á það, meðal annars af þeim ástæðum, að leggja verður áherslu á, *að* styrkveitingum úr ellistyrktarsjóðunum sje í almenningsálitinu að engu leyti blandað saman við veittan sveitarstyrk, *að* hver einstaklingur geti haft glögga tilfinningu fyrir því, að hann jafnt öðrum hafi stuðlað að því að mynda sjóðinn og auka honum vöxt, og því hafi hann kröfu til að njóta styrks af sjóðnum, ef hann kemst í neyð í elli sinni og að öðru leyti uppfylli skilyrði þau, er sett eru, og *að* styrkveitingin er engin náðargjöf. Hitt er annað mál. að þegar margir sækja um takmarkaða fjárupp-

hæð í einu, þá verður að meta það, hver af umsækendunum hafi mesta þörf.

Samkvæmt manntalinu 1901 eru alls á landinu 18.249 karlar og 20.538 konur á aldrinum frá 18 ára til 60 ára. Nú mun mega gera ráð fyrir, að af þessu fólki sjeu 2,700—2,800 manneskjur á sveit eða af öðrum ástæðum ekki gjaldskyldar til ellistyrktarsjóðanna og yrðu þá gjöld til sjóðsins á ári:

Gjald frá 17.000 körlum á 2.00	kr.	34,000,00
— — 19,000 konum á 1.00	—	19,000,00
Samtals	kr.	53,000,00

Af þessari upphæð er í framanskráðu frumvarpi ætlast til að úthlutað verði á ár hverju $^2/_3$, eða hjer um bil ... ... kr. 35,000,00
hálfum landssjóðsstyrknum ... ... — 9,000,00
og auk þess hálfum ársvöxtum af styrktarsjóðunum; nú má gera ráð fyrir að alþýðustyrktarsjóðirnirnir verði við árslok 1907 um 130,000 kr. og hálfir vextir þar af ... ... — 2,600,00
Samtals kr. 46,600,00

er þannig kemur til útborgunar eða úthlutunar þegar á fyrsta ári, og færi þessi upphæð árlega vaxandi. Jafnframt mundi hið fyrsta ár, þótt 1000 kr. væru frádregnar fyrir kostnaði við innheimtu gjaldsins, leggjast við ellistyrktarsjóðinn um 28,600 kr. og aukningin fara vaxandi ár frá ári, þannig að sjóðurinn yrði orðinn, þótt gjaldendum fjölgaði ekki og vextir hækkuðu ekki:

eftir 10 ár	443,300	kr.
— 20 —	825,500	—
— 30 —	1,290,120	—
— 40 —	1,857,700	—
— 50 —	2,548,780	—

Með sömu ákvæðum um úthlutun úr ellistyrktarsjóðunum, sem farið er fram á í frumvarpi þessu, kæmi þannig til úthlutunar eftir 50 ár um 95,000 kr., en þá væru þeir menn orðnir 68 ára, sem hefðu byrjað að leggja í sjóðinn 18 ára.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Auk þess að styrktarsjóðunum er ætlað að ná til allra landsmanna, er í grein þessari gjörð sú efnisbreyting frá lögum um styrktarsjóði alþýðufólks 11. ág. 1890 að styrkur úr sjóðunum er aðeins ætlaður fólki, sem komið er yfir sextugt, en áður mátti veita bæði heilsubiluðu og ellihrumu alþýðufólki styrk. En þetta er frekar orðabreyting en efnisbreyting, því sjóðirnir komast ekki yfir að styrkja alla slíka menn, og þá myndu gamalmennin, eins og hingað til, verða látin sitja í fyrirrúmi.

Um 2. gr.

Aðalbreytingin frá hinum eldri lögum, auk þess sem gjaldskyldan nær til allra landsmanna, sem ekki eru beint undan þegnir af sjerstökum ástæðum, er sú, að gjaldskyldan til sjóðanna er látin byrja við 18 ára aldur í stað 20 ára, en þetta virðist ekki athugavert eins og nú hagar til, þar sem 18 ára unglingar fá nú hátt kaup.

Um 3. gr.

Er ekkert að athuga.

Um 4. gr.

Gjaldskyldan er miðuð við 1. janúar. Af því leiðir að á skrána yfir gjaldendur til styrktarsjóðanna ber að setja alla þá gjaldskylda menn, er lögheimili eiga í hreppnum 1. janúar, en sje vafi um heimilisfang manns, skal hann settur á skrá í þeim hreppi, þar sem hann dvelur um áramótin; er þetta nauðsynlegt ákvæði til þess að lausafólk, er hvergi á lögheimili, falli ekki undan gjaldi. Af þessu ákvæði getur leitt, að sami maður sje settur á skrá á tveim stöðum, og að hann greiði gjaldið tvisvar, því er það ákvæði sett í 7. gr. frumvarpsins, að hann geti fengið hið ofborgaða styrktarsjóðsgjald endurgoldið af styrktarsjóðsgjaldinu í því sveitarfjelagi, sem hann átti ekki lögheimili í 1. janúar.

Ennfremur er ákveðið að sá, sem er 18 ára 1. jan., skuli settur á gjaldendaskrána það ár, og eins að setja skuli á skrána þá, sem ekki eru fullra 60 ára sama dag; verða þeir því gjaldskyldir það ár, þótt þeir einhverntíma síðar á árinu verði sextugir.

Um 5. gr.

Til þess að ljetta innheimtu gjaldsins er ákveðið, að gjaldið fyrir þær persónur, sem á einhvern hátt eru á annara vegum, sje int af hendi af þeim mönnum, sem þeir standa í því sambandi við, sem greint er í liðunum a—f, og er ætlast til, að gjaldið sje á gjaldskránum talið þessum mönnum til gjalda, og venjulega ekki innheimt hjá hlutaðeigenda sjálfum, nema það náist ekki hjá þeim, sem gjaldið á fram að leggja fyrir þá.

Þeir, sem þannig leggja fram gjöld fyrir aðra, eiga að sjálfsögðu rjett á, að innheimta þau aftur hjá hinum gjaldskylda sjálfum.

Um 6. gr.

Er ekkert að athuga.

Um 7. gr.

Vísast til þess, er tekið hefur verið fram um 4. gr.

Um 8.—12. gr.

Ákvæði þessi eru í samræmi við gildandi lög um alþýðustyrktarsjóði.

Um 13. gr.

Í grein þessari eru settar reglur fyrir því hverjir geti fengið styrk úr sjóðnum. Er það eins og þegar hefur verið tekið fram hið fyrsta skilyrði, að viðkomandi sje fullra 60 ára, í öðru lagi er það sett sem skilyrði að hann síðustu 10 árin hafi eigi þegið sveitarstyrk. Er þetta tímatakmark sett til þess, að uppörfa menn til að leggja krafta sína fram til að vinna fyrir sjer sjálfir, enda ekki órjettlátt að þeir menn fari á sveitarframfæri eftir 60 ára aldur, er ekki hafa getað unnið fyrir sjer næstu 10 árin á undan eða milli fimtugs og sextugs, ekki síst þar sem samkv. niðurlagi þessarar greinar styrkur til lækninga telst ekki sem sveitastyrkur, er um ellistyrk er að ræða. Þareð það er ekki óeðlilegt, að þeir einir fái styrk af ellistyrktarsjóðunum, sem greitt hafa gjöld til þeirra í nokkur ár, er stungið upp á því, að það sje sett sem skil-

yrði fyrir styrkveitingunni, að umsækjandi hafi haft fast aðsetur hjer á landi 10 síðustu árin.

Að endingu er það sett sem skilyrði fyrir styrkveitingu, að umsækjandi hafi ekki verið dæmdur sekur um eitthvert athæfi, er svívirðulegt er að almennings áliti, að hann sje ekki þurfandi orðinn vegna óreglu og eyðslusemi, að hann hafi ekki 10 síðustu árin gjört sig sekan í betli eða flakki eða hagað sjer þannig að hneyksli hafi valdið.

Það er ekki óeðlilegt að fólk, er þannig hefur hagað sjer, tari heldur á sveitarframfæri, ef það verður þurfandi, heldur en að því sje veittur styrkur af ellistyrktarsjóðunum, enda hefur löggjafarvaldið fullan rjett til að setja þannig löguð skilyrði fyrir styrkveitingum af sjóðunum, ekki síst ef sjóðirnir verða styrktir af almannafje eins verulega og farið er fram á í frumvarpinu.

Um 14.—17. gr.

Er ekkert að athuga. Lágmark styrks er í 15. gr. sett 20 kr., af því álitið er, að minni upphæð geti enganvegin náð tilgangi sínum sem ellistyrkur.

Frumvarp til laga

um

lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Við Fiskiveiðasjóð Íslands, sem stofnaður er með lögum 10. nóvbr. 1905, skal setja á fót lánsdeild, til að veita aðgang að lánum gegn veði í fiskiskipum, veiðarfærum og öðrum eignum, er heyra til þess að reka fiskiveiðar.

2. gr.

Sem tryggingarfje fyrir lánsdeild Fiskiveiðasjóðsins skulu vera 100,000 krónur af sjálfum Fiskiveiðasjóðnum. Landssjóðurinn ábyrgist, að þótt Fiskiveiðasjóðurinn fyrir einhver óhöpp, kynni að verða minni en 100,000 krónur, þá skuli þó tryggingarfje þetta nema þeirri upphæð. Tryggingarfjeð ásamt

skuldabrjefum þeim, sem lánsdeildin fær frá lántakendum sínum, með þeirri solidarisku ábyrgð, sem síðar getur um, svo og allar aðrar eignir hennar, eru því til tryggingar, að lánsdeildin fullnægi skuldbindingum sínum.

3. gr.

Lánsdeild Fiskiveiðasjóðsins getur gefið út vaxtabrjef, er hljóða upp á handhafa, en geta orðið skrásett upp á nafn. Upphæð þeirra samtals má eigi fara fram úr fimmfaldri upphæð tryggingarfjárins og varasjóðsins til samans. Eigi heldur má nokkru sinni vera í umferð manna á milli stærri upphæð af vaxtabrjefum þessum, en upphæð skuldabrjefa þeirra, sem lánsdeildin á.

4. gr.

Fje lánsdeildarinnar skal lána út gegn veði í íslenskum skipum, veiðarfærum, fasteignum og öðrum eignum hjer á landi, sem notuð eru til fiskiveiða eða til að gera aflann að verðmætri vöru. Til frekari tryggingar má einnig heimta, þegar þörf þykir á, persónulega ábyrgð, sjerstaklega fyrir því að veðin sjeu fyrir hendi.

Ekki má lán út á nokkurt einstakt veð nema meiru en 40,000 kr., og eigi meiru en helmingi af upphæð þeirri, sem veðið er vátrygt fyrir í vátryggingarfjelagi, er stjórnarráðið tekur gilt. Veðsetja skal einnig vátryggingarupphæðina. Lána má gegn öðrum veðrjetti, þótt veðið sje veðsett með fyrsta veðrjetti opinberum sjóði, þó svo að lánsupphæðirnar samtals fari ekki fram úr hálfvirði veðsins.

Stjórn lánsdeildarinnar skal nákvæmlega gæta þess, að taka ekki sem gilt veð þær eignir, sem búast má við að missi söluverð sitt, áður en lánið er að fullu endurborgað, og eigi má heldur taka sem gilt veð skip eða eignir, sem eru svo lagaðar, að þær hafa ekki reynst arðvænlegar hjer á landi.

5. gr.

Lántakendur ábyrgjast, auk þeirrar upphæðar, er þeir á hverjum tíma skulda, jafnframt in solidum aðrar skuldbindingar lánsdeildarinnar, þó eigi með meiri upphæð en 10% af því, sem lán þeirra var upphaflega. Nú hrekkur varasjóður lánsdeildarinnar ekki til að borga skaða, er hún hefur orðið fyrir, og skal þá, áður en gripið er til tryggingarfjárins, jafna niður á lántakendur aukagjaldi til varasjóðsins, svo sem þörf er á til að bæta skaðann.

Niðurjöfnunin skal vera í hlutfalli við hinar upphaflegu upphæðir lánanna, og má ekki nema meiru samtals en 10% af þeim. Eftir ákvörðun stjórnar lánsdeildarinnar má skifta henni niður á fleiri eða færri ár.

Þegar lán er borgað að fullu, má eigi veita viðurkenningu fyrir því nema með þeim fyrirvara, að lánsdeildin hafi rjett til að grípa til hinnar solidarisku ábyrgðar; en ekki síðar en reikningsskilum fyrir næsta ár er lokið, skal stjórn lánsdeildarinnar skýra frá, hvort og að hve miklu leyti taka þurfi til ábyrgðar þessarar. Veðskuldabrjefið má þó afmá, þegar lánið er endurborgað, ef önnur trygging er sett fyrir hinni solidarisku ábyrgð.

Verði þörf á því, að grípa til tryggingarfjárins til að fullnægja skuld-

bindingum lánsdeildarinnar, skal endurborga það jafnskjótt og hagur lánsdeildarinnar leyfir það.

6. gr.

Þeir, sem fengið hafa eða ætla að fá lán úr lánsdeildinni, hafa rjett til að fá að sjá, hverjir hafa fengið lán hjá lánsdeildinni og hverja tryggingu þeir hafa sett fyrir lánum sínum.

7. gr.

Lán þau, sem lánsdeildin veitir, hefur hún heimild til að borga út í vaxtabrjefum eftir ákvæðisverði þeirra, en stjórn lánsdeildarinnar er skyld til, ef lántakandi óskar þess, að koma vaxtabrjefunum í peninga, án þess að hann þurfi að borga annað en beinan kostnað.

8. gr.

Þegar lán er veitt, skal halda eftir af upphæð þess sem tillagi til kostnaðar og varasjóðs, $^1/_2$% af hinni upphaflegu upphæð lánsins fyrir hvert ár, þangað til því á að vera að fullu lokið. Annað gjald til kostnaðar og varasjóðs borga lántakendur ekki, sbr. þó 5. gr.

9. gr.

Í reglugjörð fyrir lánsdeildina, er stjórnarráðið semur, skal gera frekari ákvæði að því er snertir lánsdeildina, þar á meðal tryggilegar reglur um eftirlit með því, hvernig veðunum er haldið við. Leggja má fyrir sýslumenn og sveitarstjórnir að veita stjórn lánsdeildarinnar aðstoð, er hún kynni að óska eftir í tilliti til skoðunar og virðingar á eignum þeim, er menn ætla að setja að veði fyrir láni úr lánsdeildinni. Enn fremur eru stjórnir innlendra vátryggingarfjelaga skyldar að gefa skýrslur og yfirlýsingar að því er veðin snertir.

Í reglugjörðinni fyrir lánsdeildina skal setja reglur um, að lánin falli til útborgunar, ef tryggingin fyrir þeim minkar, um að lánin skuli vera óuppsegjanleg og um árlegar afborganir. Hvert lán skal vera borgað að fullu innan 15 ára frá því það var tekið. Frest má veita einstök ár á afborgunum, ef stjórn lánsdeildarinnar þykir ástæða til, þó svo að lánið sje að fullu endurborgað á þeim tíma, sem upphaflega var ákveðinn, þó má, ef sjerstaklega stendur á, lengja afborgunartíma frá því sem upphaflega hefur verið ákveðið, — allt að 15 árum alls — en þá ber að greiða tillag til kostnaðar og varasjóðs fyrir þau ár, er viðbætast. Allar afborganir til lánsdeildarinnar hafa lántakendur rjett til að greiða með vaxtabrjefum lánsdeildarinnar eptir ákvæðisverði.

10. gr.

Öllum afborgunum af lánum skal varið til að innleysa vaxtabrjef þau, er lánsdeildin hefur gefið út. Vaxtabrjef má innleysa annaðhvort með því að kaupa vaxtabrjef eða með útdrætti, sem notarius publicus sjer um. Númer

þeirra vaxtabrjefa, sem þannig kynnu að verða dregin út, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara.

Nú glatast vaxtabrjef lánsdeildarinnar, sem nafnskráð er í bókum hennar, og getur þá stjórn lánsdeildarinnar innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í því blaði á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tið, getur stjórn lánsdeildarinnar útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt vaxtabrjef með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er vaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir gjört kröfu á hendur lánsdeildinni.

Um ógilding annara vaxtabrjefa lánsdeildarinnar fer eftir almennum lögum.

11. gr.

Þegar lánið er komið í gjalddaga, hefur lánsdeildin rjett til þess, ef veðið er fasteign, að láta selja veðið við opinbert uppboð án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, eftir reglum þeim, sem settar eru í tilskipun um fjárforráð ómyndugra dags. 18. febr. 1847, 10. gr., eða ef þörf er á, að láta leggja lánsdeildinni það út til eignar. Veðsettum fiskiskipum og öðru veðsettu lausafje getur lánsdeildin gengið að og látið gera fjárnám í, hvar sem veðið er, eins og sátt hefði verið gjörð um skuldina. Lánsdeildin þarf ekki að láta neinn mæta fyrir sína hönd við uppboðið eða fjárnámið, og mótmæli skuldunauts verða þar ekki tekin til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á fullum rökum byggð, og eigi verður heldur uppboðinu eða fjárnáminu frestað með neinni áfrýjun. Aftur á móti ber lánsdeildin ábyrgð á því, að krafa hennar sje rjett og að hún sje komin í gjalddaga, og skuldunautur getur, ef hann vill, höfðað mál á móti henni til að fá endurgoldið alt það tjón, sem hann kann að hafa beðið við uppboðið eða fjárnámið, sem og málskostnað skaðlaust.

Rjett er að lánsdeildin semji svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðum megi halda á skrifstofu uppboðshaldara.

Ákvæði greinar þessarar gildir einnig um lán úr Fiskiveiðasjóði Íslands.

12. gr.

Verja má fje ómyndugra og opinberra stofnana, þar á meðal viðlagasjóðs landssjóðsins, til að kaupa vaxtabrjef lándsdeildarinnar, en þó eigi fyrir hærra verð en ákvæðisverð eða gangverð, ef það nær ekki ákvæðisverði.

13. gr.

Stjórn sjóðsins skulu 2 menn hafa á hendi, er stjórnarráðið skipar, og skal að minsta kosti annar þeirra hafa fengist við að reka fiskiveiðar. Verksvið þeirra skal nánar ákveða í reglugjörðinni.

Landsbankinn skal hafa á hendi reikningsstörf og gjaldkerastörf lánsdeildarinnar.

Borgun fyrir störf við lánsdeildina skal ákveðin í reglugjörðinni.

14. gr.

Fiskiveiðasjóður Íslands skal greiða tillag til lánsdeildarinnar 2000 kr. fyrsta árið og 1000 kr. á ári í næstu 4 ár.

15. gr.

Reikninga lánsdeildarinnar skal auglýsa í Stjórnartíðindunum. Að öðru leyti fer um reikning lánsdeildarinnar á sama hátt, sem um reikning Fiskiveiðasjóðsins.

16. gr.

Eigi síðar en 1913 skal landsstjórnin leggja fyrir alþingi frumvarp til laga viðvíkjandi framhaldi á útlánsstarfi því, er um ræðir í lögum þessum, ásamt skýrslu um reynslu þá, er þá er fengin um það. Eftir árslok 1913 má eigi veita nein ný lán úr lánsdeild Fiskiveiðasjóðsins, nema það hafi verið heimilað með nýjum lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þá er koma á góðu skipulagi á lánsviðskifti manna, þá er það eitt aðalverkefnið, að koma lánsviðskiftunum þannig fyrir, að almenningur geti átt kost á að fá lán út á þær eignir, sem eru svo mikilvægar, að þær í heild sinni geti gefið tryggingu fyrir lánum. Allar hreyfingar í fjárhagslegum efnum ganga eindregið í samvinnu og samlagsáttina. Að því er lánsviðskiftin snertir lýsir þessi hreyfing sjer í því, að það tyrirkomulag er að detta úr sögunni, að einstaklingurinn láni öðrum einstakling fje, heldur láta menn lánsfjelögin meir og meir annast þess konar störf. Peningamaðurinn ávaxtar fje sitt með því að kaupa vaxtabrjef, en lánsfjelögin lána peningana út til einstaklinganna. Í lánsfjelögum þessum jafnast tap það, er fyrir kann að koma á einstökum lánum, niður á tillög lántakendanna til varasjóðs. Þar af leiðandi minkar áhættan fyrir peningamanninn, er leggur til peningana, lætur hann sjer því nægja lægri vexti, og verða lánin þannig lántakendunum ódýrari.

Fasteignir eru hvervetna viðtækasta og eðlilegasta tryggingin fyrir lánum, en næst fasteignunum gengur sjávarútvegurinn (fiskiskip veiðarfæri og aðrar eignir til að reka fiskiveiðar) að verðmæti hjer á landi, og eftir því sem sjávarútvegurinn vex, þá verður ekki síður þörf á að koma því til vegar, að menn geti fengið hagfeld lán út á þessa eign, eins og þegar er búið að gjöra að því er fasteignarveðslán snertir.

Að koma lánum handa sjávarútveginum fyrir á svipaðan hátt og gert er við fasteignarveðslán í veð- eða lánsdeildum þektist ekki annarsstaðar, en þess bera að gæta, að hvergi annarsstaðar stendur hlutfallslega eins mikill

hluti af auðmagni landsins í sambandi við sjávarútveg eins og á Íslandi. Í Danmörku fóru menn fyrir nokkrum árum að hugsa um, að mynda lánsfjelag fyrir fiskiskip, en við þetta var hætt, þar eð ríkissjóður bætti úr skák og veitti allmikið fje til útlána handa sjávarbændum. Hjer á landi, þar sem sjávarútvegurinn er hlutfallslega miklu stærri en í Danmörku, getur landssjóður þar á móti ekki fullnægt þörfum sjávarútvegsins til að fá lán.

Lán úr Fiskiveiðasjóði til skipakaupa, eru aðallega ætluð til að kaupa fiskiskip frá útlöndum eða byggja ný skip, og fje sjóðsins nægir ekki einu sinni til þess, þegar farið er að kaupa dýr gufuskip til fiskiveiða; lán gegn veði í þeim skipum, sem þegar eru hjer til, verður þar á móti sjaldnast hægt að veita úr sjóðnum.

Það er því þýðingarmikið atriði að koma því til vegar, að menn hafi ekki að eins greiðan aðgang til að fá lán til að kaupa ný skip, heldur geti einnig fengið lán út á þau skip, sem þegar eru til. Þetta hefur ekki aðeins þá þýðingu að styðja að umbótum og aukningu á sjávarútveginum, heldur getur það einnig — eins og lánveitingar yfir höfuð — hjálpað mönnum til að standast harðindisárin, t. d. þegar fiskileysi eða verðfall á sjávarafurðunum jetur upp tekjurnar, og þá jafnframt veikir lánstraust einstaklinganna, en á hinni persónulegu tiltrú er lánstraustið byggt eins og nú stendur. Lánin ættu einnig að geta verið ódýrari, þegar þau eru tekin í lánsfjelagi, er byggir á þeim samlags- og samvinnufjelagsanda, er liggur á bak við lánsfjelagsskapinn, en þegar hver einstaklingurinn verður að taka þau hjá kaupmanni eða peningastofnun, sem ekki er stofnuð með þess konar lánsstörfum fyrir augum.

Auk þess er á það að líta, að lánsdeild fyrir sjávarútveginn, ef henni er stjórnað með nægilegri þekkingu, getur með skilyrðum sínum fyrir lánum haft mjög gagnleg áhrif á útveginn í heild sinni, útbúnað skipanna, viðhald þeirra og vátryggingu, á aðbúnað sjómanna o. s. frv., enda mundi ekki hjá því fara, að hin solidariska ábyrgð lántakendanna, sem stungið er upp á í lagafrumvarpi þessu, mundi vekja og glæða fjelagsanda hjá lántakendunum, sem eru þannig eins og skuldskeyttir saman.

Það getur því naumast verið efa undirorpið, að haganlegt fyrirkomulag á lánsviðskiftunum getur haft mikla þýðingu fyrir sjávarútveginn. Ýmsar leiðir má fara til að koma þessu fyrir. Menn geta farið þá leið, að mynda sjerstaka lánsstofnun sniðna eftir þeim reglum, er gilda um lánsfjelög; þá leið mætti líka fara, að stofna lánsdeild við banka með líku fyrirkomulagi og veðdeild landsbankans. Þar, sem þetta fyrirkomulag er óreynt bæði hjer á landi og annarsstaðar, verður að telja það heppilegra að byrja í nokkuð minni stíl, að minsta kosti meðan menn eru að afla sjer nokkurra ára reynslu. Þetta er því eðlilegra, sem þessa tilraun má gera í sambandi við Fiskiveiðasjóð Íslands.

Þegar það er komið í ljós eftir nokkur ár, hvernig þetta fyrirkomulag gefst, og fje það, sem bundið hefur verið í sjávarútvegnum, hefur enn aukist, þá er tími til kominn að ræða um lánsstofnun í stærri stíl, eða um annað fyrirkomulag á lánsstörfunum.

Aðalhugsunin í framanrituðu lagafrumvarpi er þá þessi, að heimila Fiskiveiðasjóði Íslands að stofna lánsdeild til að veita lán, ekki að eins til að kaupa ný skip, heldur til að veita mönnum almennan aðgang að lánum gegn

veði í fiskiskipum, veiðarfærum og öðrum eignum, er heyra til þess, að reka fiskiveiðar, en lánsfjeð á að fá með því, að lánsdeildin gefi út vaxtabrjef.

Vaxtabrjef þessi eru fyrst og fremst trygð með skuldabrjefum lántakenda. Í lánsfjelögum eru vaxtabrjefin auk þess trygð með solidariskri ábyrgð skuldaranna, og í veðbönkum með varasjóði. Í framanrituðu lagafrumvarpi er stungið upp á því, að hin frekari trygging vaxtabrjefanna verði fengin bæði með solidariskri ábyrgð lántakendanna og með sjerstöku tryggingarfje. Þau veð, er sjávarútvegurinn hefur að bjóða, eru auðvitað ekki eins trygg eins og fasteignir, og því er stungið upp á því, að hinn núverandi höfuðstóll Fiskiveiðasjóðsins 100,000 kr. skuli vera tryggingarfje fyrir lánsdeildina, en þó er ekki ætlast til að breyta reglum þeim, sem þegar eru settar um starfsemi sjóðsins. Því næst er stungið upp á því, að upphæð vaxtabrjefanna megi eigi fara fram úr fimmfaldri upphæð tryggingarfjárins og varasjóðs tilsamans, og loks er farið fram á það, að veita vaxtabrjefunum ennfrekari tryggingu með því að lántakendurnir auk þeirrar upphæðar, er þeir á hverjum tíma skulda, ábyrgist jafnframt solidariskt skuldbindingar lánsdeildarinnar með 10% af hinni upprunalegu upphæð láns þeirra; hefur þetta ekki að eins þá þýðingu beinlínis að auka tryggingu vaxtabrjefanna, heldur hefur þetta einnig óbeinlínis þýðingu að því leyti, að gera lántakendurnar áhugasama um að veðin sjeu örugg og þeim vel viðhaldið.

Þar á móti geta verið skiftar skoðanir um það, hvort rjett sje að láta landssjóð taka ábyrgð á skuldbindingum veðdeildarinnar. Í lögunum um stofnun veðdeildarinnar við Landsbankann hefur sú leið verið farin, að landssjóður hefur verið skyldaður til að taka á móti gjaldkræfum bankavaxtabrjefum og arðmiðum til greiðslu á sköttum og öðrum gjöldum til landssjóðs, en eins og hjer stendur á, þar sem um ný og óreynd lánsstörf er að ræða, er ekki rjett að fara þennan óeðlilega meðalveg. Nefnt ákvæði veðdeildarlaganna þýðir í raun og veru það, að landssjóður ábyrgist vaxtabrjefin að öllu leyti, en ábyrgð þessari er svo fyrirkomið að erlendir vaxtabrjefakaupendur eiga ekki hægt með að meta hana, sem vert er, og setja vaxtabrjefin jafnhliða þeim vaxtabrjefum með ríkisábyrgð, sem annarsstaðar tíðkast. Eitt af tvennu verður því að gera, annaðhvort að láta landssjóð hafa enga ábyrgð á vaxtabrjefum þessum eða þá, að ákveða ábyrgð hans með beinum orðum. Hið síðarnefnda væri í raun og veru ekki sjerlega athugavert; að láta landssjóð taka að sjer ábyrgð á öðrum aðal-atvinnuvegi landsins er í raun rjettri ekki mikil viðbót við það nána samhengi, sem þegar er milli fjárhags landsins og ásigkomulags atvinnuveganna.

Samt sem áður er ekki farið fram á það, að leggja neina tryggingarkvöð á landssjóðinn, og er það aðallega af þeirri ástæðu, að *hugsanlegt er,* að ábyrgð landssjóðs á þess konar lánsstörfum, sem eru óþekt erlendis, geti veikt lánstraust hans, ef að því kynni að koma að taka þyrfti lán handa honum í öðru landi, þar sem menn gætu ekki gert sjer ljósa hugmynd um víðtæki ábyrgðarinnar, og þess vegna gæti staðið stuggur af henni. Á hinn bóginn er ábyrgð landssjóðs ekki nauðsynleg, því trygging sú, er ákveðin er í frumvarpinu, verður að álítast alveg nægileg, ekki síst þar eð ekki er ætlast til þess, að vaxtabrjef þessi gangi alment kaupum og sölum erlendis. Hið eina er landssjóður þarf að ábyrgjast er það, að Fiskiveiðasjóðurinn tapi ekki svo mikið á útlánum sínum, að höfuðstóllinn rýrni, en þessi ábyrgð kemur ein-

göngu í staðinn fyrir það, að stjórninni er heimiluð umráð yfir tryggingarfjenu til útlána, en það ekki fest í ríkisskuldabrjefum eða þess konar verðbrjefum, sem venja er til.

Erlendis eru ætíð nokkuð hærri vextir greiddir af verðbrjefum, sem ekki eru trygð með 1. veðrjetti í fasteignum, (venjulega um $^1/_2\%$ hærri); að því er vaxtabrjef þau snertir, er hjer ræðir um, verða menn einnig að ganga út frá hærri vaxtagreiðslu en á almennum bankavaxtabrjefum (eða sölu undir ákvæðisverði). Af þessari ástæðu yrði það hagkvæmast, að þessi vaxtabrjef gengju ekki út úr landinu, en reynt væri í þess stað að fá það fje, er landið þarf að fá frá útlöndum, með yfirgripsmeiri sölu á veðdeildarvaxtabrjefum bankanna. Ef vaxtabrjefum lánsdeildarinnar er veitt sú ívilnun, er stungið er upp á í 12. gr., mætti að líkindum fá nægilegan markað innanlands fyrir brjef þessi, enda má búast við, að erfitt yrði að selja þau erlendis, bæði af því, að þau verða innleyst miklu tíðar en veðdeildarbrjefin — lánin endurgreiðast á skemri tíma — og einnig af þeirri ástæðu að þetta fyrirkomulag er nýtt og óþekt annarsstaðar. Auðvitað er þó ekki þar með loku skotið fyrir að stjórn lánsdeildarinnar, ef hinn innlendi markaður reynist ónógur, reyndi að selja útlendum peningastofnunum vaxtabrjefin; einnig verður tækifæri til, þegar lánsdeildin eftir 6 ár verður tekin til endurskoðunar, eins og síðar verður vikið að, að ræða um hvort gerlegt sje, að haga fyrirkomulagi lánsdeildarinnar með það fyrir augum, að selja megi vaxtabrjefin erlendis í stærri stíl.

Með því að þannig löguð lánsstarfsemi, er hjer ræðir um, er óreynd og frumvarp þetta að nokkru leyti hefur það fyrir markmið, að útvega reynslu til undirbúnings á slíkri lánsstarfsemi í stærri stíl, þá er lagt til, að lög þessi skuli ekki gilda lengur en 6 ár, en að þeim tíma liðnum verði alþingi gefið tækifæri til að endurskoða þau. Þessi takmörkun á gildi laganna hlýtur líka að eyða þeim ótta, er menn annars kynnu að hafa á því, að veita vaxtabrjefum þessum hlunnindi þau, er frumvarp þetta fer fram á, sjerstaklega að heimila að verja megi fje ómyndugra og opinberra stofnana til að kaupa þau.

Eins og þegar hefur verið tekið fram, er stungið upp á því, að myndu sje sjerstök deild við Fiskiveiðasjóðinn til þess, að hafa á hendi lánsstörf þessi, en jafnframt er ætlast til þess, að Fiskiveiðasjóðurinn haldi áfram starfsemi sinni eins og áður, óbreyttri í aðalatriðunum, þar á meðal eftir því sem efnin leyfa, að lána gegn lágum vöxtum til fiskiskipakaupa frá útlöndum. Þessu virðist ekki ástæða til að breyta, heldur ættu báðar deildirnar að starfa samhliða, þannig að lánsdeildin reyndi að fullnægja hinni almennu þörf til lána í þarfir sjávarútvegsins, en að aðaldeildin þar á móti styddi kaup á skipum og veiðarfærum frá útlöndum, og veitti lán til atvinnubóta samkvæmt 3. gr. í skipulagsskrá Fiskiveiðasjóðsins 31. júlí 1906, sem talið er að geti haft mikla þýðingu fyrir vöxt og viðgang sjávarútvegsins.

Að því er einstakar greinar frumvarpsins snertir skal það tekið fram, er hjer segir:

Um 1. gr.

Það er ætlast til þess, að lánsdeildin hafi mjög óbundnar hendur að því er veðin snertir. Ef tryggingin er næg, þá á lánsdeildin að hafa heimild

til, að veita lán ekki aðeins út á skip og veiðarfæri, heldur einnig út á íshús og aðrar fasteignir og áhöld, er heyra til sjávarútvegs í rýmsta skilningi, til flutningaskipa til að flytja beitu eða fisk o. s. frv.

Um 2. gr.

Eins og þegar hefur verið tekið fram, er ekki talið rjett, að skylda landssjóð til að ábyrgjast vaxtabrjefin, en hann verður þó að ábyrgjast að höfuðstóll Fiskiveiðasjóðsins jafngildi 100,000 kr., þótt óhöpp kunni að koma fyrir og lán tapist.

Ef stofnfje Fiskiveiðasjóðsins þar á móti rýrnar af þeirri ástæðu, að lánsdeildin hefur orðið fyrir tjóni, þá hefur landssjóður enga skyldu til að bæta úr því.

Um 3. gr.

Í veðdeild landsbankans má gefa út vaxtabrjef er nema alt að sexfaldri upphæð tryggingarfjárins og varasjóðs til samans, en vegna þess að veðin eru óvissari er hjer ákveðið, að ekki megi gefa út vaxtabrjef fyrir hærri upphæð en nemur fimmfaldri upphæð tryggingarfjárins og varasjóðs. Þegar við þetta bætist hin solidariska ábyrgð lántakendanna — en slík ábyrgð hvílir ekki á skuldurum veðdeildarinnar — verður að ætla að vaxtabrjef þessi sjeu eins vel trygð og vaxtabrjef veðdeildarinnar.

Á þeim 6 árum, sem til er ætlast að lögin sjeu í gildi, getur naumast verið meir en ½ miljón í vaxtabrjefum í umferð, en þar sem lánin yfir höfuð eru veitt til stutts tíma, verður þó hægt að lána út allmikið hærri upphæð á þessu tímabili.

Um 4. gr.

Það er mikilvægt atriði í starfi því, sem hvílir á stjórn lánsdeildarinnar, að gæta þess að lána ekki út á skip og útveg, sem orðinn úreltur og ekki getur borgað sig. Auðvitað verður deildarstjórnin að hafa nokkurn veginn óbundnar hendur í þessu efni, en þó er ástæða til í sjálfum lögunum að brýna fyrir henni varkárni að þessu leyti. Einnig virðist rjett að lána ekki til óreyndra veiðiaðferða, heldur að vísa þess konar nýungum til stuðnings aðaldeildarinnar.

Um 5. gr.

Í erlendum lánsfjelögum, er vanta tryggingarfje, tíðkast sólidarisk ábyrgð, eins og hjer er stungið upp á, og í lánsstofnunum þar sem veðin, eins og hjer, eru ótryggari en fasteignarveð, t. d. í lánsfjelagi fyrir iðnaðareignir í Danmörku, og í fjelögum, er lána gegn 2. veðrjetti í fasteignum, tíðkast þessi tvöfalda trygging bæði með tryggingarfje og sólidariskri ábyrgð, sem hjer er farið fram á.

Um 6. gr.

Þar, sem um solidariska ábyrgð er ræða, og lántakendurnir ráða engu um stjórn lánsdeildarinnar er eðlilegt að gefa þeim, er lán hafa fengið úr láns-

deildinni eða ætla að fá það, heimild til þess, að kynna sjer hverjir lán haaf fengið úr deildinni og hverja tryggingu þeir hafa sett.

Um 7. gr.

er ekkert að athuga.

Um 8. gr.

Lán út á fiskiskip eru auðvitað ekki eins trygg eins og lán gegn fasteignarveði. Þar af leiðandi er eðlilegt, að setja strangari reglur um tillag til varasjóðs en við veðdeild bankans. Þess vegna er stungið upp á því, að alt tillagið greiðist í einu lagi og sje haldið eftir við útborgun lánsins. Þetta fyrirkomulag er víða notað við erlendar lánsstofnanir.

Um 9. gr.

Þareð veðin eru mjög ósamkynja og lítil reynsla er til að byggja á, verður heppilegast að fela stjórnarráðinu að setja hin nánari ákvæði hjer að lútandi í reglugjörð lánsdeildarinnar, sem svo er hægt að breyta eftir því sem þörf krefur; í ýmsum efnum verður jafnvel ófært að binda hendur á stjórn lándsdeildarinnar. Í frumvarpinu eru því aðallega að eins settar þess konar grundvallarreglur er ekki má út af breyta og eru alveg nauðsynlegar til þess, að fyrirkomulag lánsdeildarinnar geti heitið tryggilegt. Það hefur þótt óþarft, að taka upp í frumvarp þetta, ýms nánari ákvæði um hin útgefnu vaxtabrjef svarandi til ákvæðanna um vaxtabrjef veðdeildarinnar, því þessar reglur eiga eftir eðli sínu heima í reglugjörðinni.

Samvinna milli stjórnar lánsdeildarinnar og hinna ýmsu ábyrgðarfjelaga, hlýtur að verða stjórninni til mikilla nota. Þessi samvinna er nauðsynleg þegar af þeirri ástæðu, að það skilyrði er sett fyrir lánveitingunum, að veðið sje vátrygt í ábyrgðarfjelagi, er stjórnarráðið tekur gilt, en það er ætlast til þess, að þessi samvinna aukist þannig að ábyrgðarfjelögin gefi lánsdeildinni skýrslu um ástand skipanna og sjeu nokkurs konar trúnaðarmenn deildarinnar að ýmsu leyti, sjerstaklega að því er snertir eftirlit með því, að veðin sjeu fyrir hendi svo og um viðhald þeirra.

Rjett er að skilyrði fyrir afborgunum sjeu ekki rígbundin, hvorki í lögunum sjálfum eða í reglugjörð lánsdeildarinnar, heldur hafi stjórnin nokkuð óbundnar hendur í þessu tilliti, því það er meðal annars tilgangur frumvarps þessa, að styðja að því, að jafna muninn milli góðu áranna og fiskileysisáranna; en af þessu leiðir að stjórn lánsdeildarinnar verður að hafa það á valdi sínu, að minsta kosti að því er sum lán snertir, að láta endurgreiða þau á stuttum tíma í góðum árum, en á hinn bóginn þarf hún að hafa heimild til að lengja afborgunartímann, ef sjerstakar ástæður eru til. Ekki er heldur ástæða til fyrirfram, að útiloka lánsdeildina frá því, að veita lán til stutts tíma t. d. til fiskiútgerðar. Þar eð afborganirnar yfir höfuð að tala verða miklu hærri en krafist er við lán gegn fasteignarveði, er stungið upp á því, að lántakendur hafi rjett til þess, að greiða hinar áskyldu afborganir með vaxtabrjefum eftir

ákvæðisverði. Þetta gildir auðvitað einnig þegar alt lánið eða eftirstöðvar þess eru greiddar t. d. ef veðsett skip ferst.

Um 10. gr.

Þar eð lánin eiga að afborgast á miklu styttri tíma en lán gegn fasteignarveði, er rjett að heimila stjórn lánsdeildarinnar að innleysa vaxtabrjefin á þann hátt, að kaupa vaxtabrjef fyrir afborganirnar af lánunum, í stað þess, að innleysa brjefin með útdrætti. Fyrir vaxtabrjefaeigendur gæti svo tíður útdráttur, sem hjer yrði nauðsynlegur, verið hvimleiður, en fyrir stjórn lánsdeildarinnar gæti það að ýmsu leyti verið heppilegt, að mega endurkaupa vaxtabrjefin í stað þess að láta draga þau út, og auk þess græddi lánsdeildin á því, ef þau fengjust undir ákvæðisverði. Þessi aðferð er oft höfð við ríkisskuldabrjef, sem eiga að endurgreiðast smátt og smátt.

Ógildingarákvæðin eru hin sömu og þau, sem ákveðin eru í lögum nr. 27, 20. okt. 1905 um 2. flokk bankavaxtabrjefa veðdeildarinnar.

Um. 11. gr.

Þessi ákvæði svara til ákvæða þeirra, sem sett eru um veðdeild landsbankans með þeirri viðbót, að lánsdeildinni er veitt heimild til að gera fjárnám í veðsettu lausafje án undangengins dóms eða sáttar. Þetta getur haft mikla þýðingu, sjerstaklega þegar heimili skuldunauts er óþekt.

Þá er og farið fram á það, að ákvæði þessarar greinar gildi einnig um lán úr Fiskiveiðasjóði.

Um 12. gr.

Að því er hlunnindi þessi snertir, vísast til þess, er sagt hefur verið í hinum almennu ástæðum fyrir frumvarpi þessu, svo og til athugasemda við 3. gr. sbr. einnig takmörk þau á gildi laganna, er ræðir um í 16. gr.

Um 13. gr.

Til þess að lánsstörf deildarinnar komist í gott og heppilegt horf, virðist nauðsynlegt, að stjórn lánsdeildarinnar sje skipuð að minsta kosti einum manni, sem hefur þekkingu á sjávarútveg og sjálfur hefur fengist við að reka fiskiveiðar, ekki síst vegna þess, að ekki verður hjá því komist, að gefa stjórninni að miklu leyti frjálsar hendur með fyrirkomulag og stjórn deildarinnar.

Þótt stjórnarráðið hafi á hendi stjórn Fiskiveiðasjóðsins, þá virðist það þó ekki eðlilegt, að það hafi á hendi stjórn lánsdeildarinnar, sjerstaklega af því, að landssjóður ber enga ábyrgð á starfsemi deildarinnar, enda á henni að vera stjórnað eftir sömu reglum og almennum peningastofnunum. Hitt er annað mál, að eðlilegt er, að náin samvinna sje milli stjórnar Fiskiveiðasjóðsins og lánsdeildarinnar. Það virðist því liggja nærri, að fela landsbankanum að annast reikningsstörf og gjaldkerastörf lánsdeildarinnar.

Borgun fyrir þetta starf, svo og fyrir stjórn lánsdeildarinnar, er erfitt

að ákveða fyrirfram, þar eð ekki er hægt að sjá hvað umfangsmikil störf þessi verða, og virðist því óhjákvæmilegt, að láta ákveða þetta í reglugjörð deildarinnar.

Um 14. gr.

Þegar veðdeild landsbankans var stofnuð, var henni veitt 5000 kr. tillag í 5 ár úr landssjóði. Á sama hátt er nauðsynlegt að veita lánsdeildinni nokkurn styrk til að standa straum af stofnkostnaði sínum og reksturskostnaði fyrstu árin; er ætlast til að styrkur þessi sje veittur úr Fiskiveiðasjóði; getur þetta ekki álitist að liggja fyrir utan verkahring Fiskiveiðasjóðsins, því lánsdeildin er stofnuð í því skyni að styðja sjávarútveginn. Lagafrumvarp þetta hefur því engin útgjöld í för með sjer fyrir landssjóð.

Um 15. og 16. gr.

er ekkert að athuga.

Frumvarp til laga

um

lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins m. m.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Landssjóður leggur fram meðan á þarf að halda 15000 kr. á ári sem lánsfje, til þess að koma upp sæmilegum íbúðarhúsum á prestssetrum landsins.

2. gr.

Ekkert lán má fara fram úr 3000 kr. Lánin ávaxtast og afborgast með 4% á ári. Af því eru $3^1/_2$% vextir, en $^1/_2$% afborgun.

3. gr.

Lán samkvæmt 1. og 2. gr. eru embættislán og hefur því landssjóður

veð fyrir lánsupphæðinni og vöxtum af henni í öllum tekjum embættisins, enda skal prestur altaf sitja þar sem hús er bygt að nokkru eða öllu leyti fyrir slíkt lánsafje.

4. gr.

Nú sækir einhver prestur um slíkt lán, og skal hann þá lýsa nákvæmlega stað þeim, er hann ætlar að byggja á, svo að landsstjórnin sjái ljóslega, hversu þeim stað er í sveit komið, og hvort hússtæði er þar nokkur hætta búin af völdum náttúrunnar, svo sem af sjávargangi, skriðufalli eða öðru.

5. gr.

Sæki fleiri um lán eitthvert ár en fengið geta, skal veita lánið þeim, sem fyrstur biður um það. Sæki tveir eða fleiri jafnsnemma, skal sá hafa forgöngurjett, er mest kynni að vilja leggja fram til byggingarinnar úr eigin sjóði.

6. gr.

Hús, sem lán er lagt til úr landssjóði, skulu vera gerð eftir uppdrætti, sem landsstjórnin samþykkir, og sem líkust hvert öðru, enda annaðhvort úr steini (steinsteypu) eða úr timbri og þá öll járnvarin.

7. gr.

Helmingur lánsfjárins greiðist af hendi jafnskjótt og landsstjórninni eru sýnd skil fyrir því, að efni samkvæmt uppdrætti og áætlun sje komið á byggingarstaðinn og stjórninni er fengið skírteini frá einhverju áreiðanlegu brunabótafjelagi fyrir því, að efnið, sje það timbur, sje fullvátrygt. Hinn helmingurinn útborgast þegar sýnd eru skil fyrir því, að húsið sje bygt eftir uppdrætti og áætlun og vel frá smíði gengið, enda sje stjórninni jafnframt afhent skírteini frá einhverju áreiðanlegu brunabótafjelagi fyrir því, að húsið sje trygt fyrir virðingarverð. Stjórnin geymir brunabótaskírteinið fyrir húsinu meðan lánið stendur.

8. gr.

Stjórnin lætur byggingarfróðan mann skoða hvert nýbygt hús svo fljótt sem kostur er á, og síðan endurskoða það á 5 ára fresti. Komi það í ljós við skoðun, að hús sje eigi bygt eða því viðhaldið sem skyldi, getur landsstjórnin haldið presti til að bæta úr göllunum með dagsektum eða með frávikningu frá embætti um stundarsakir. Loks getur stjórnin látið bæta úr göllunum á kostnað prests og skal prestur þá að skaðlausu endurgreiða allan kostnað, er af því hlýst, þar með talin innheimtukostnað.

9. gr.

Nú greiðir prestur ekki áskilda afborgun og vexti í gjalddaga, og má þá landsstjórnin láta taka árgreiðsluna hjá presti með fjárnámi, án dóms eða

sáttar. Svo getur og landsstjórnin krafist borgunar árgjaldsins hjá sóknarnefnd eða prófasti, eigi þau að einhverju leyti að standa presti skil á tekjum hans.

10. gr.

Nú greiðir prestur eigi iðgjald fyrir húsábyrgð samkvæmt 7. gr., og skal þá landsstjórnin að vísu leggja það fram úr landssjóði til bráðabirgða, en hefir aftur lögtaksrjett fyrir því gagnvart presti.

11. gr.

Nú ónýtist hús, er bygt hefur verið fyrir lánsfje samkvæmt lögum þessum, af einhverjum óviðráðanlegum öflum náttúrunnar svo sem jarðeldi, landskjálfta eða þvíliku, og skal þá landssjóður leggja fram efni í samskonar hús á sinn kostnað, en prestur allan annan kostnað, enda reynist hið nýja hús jafnvandað hinu eldra.

12. gr.

Nú er ekki alt lánsfjeð notað eitthvert ár, og má þá landsstjórnin lána það, sem af gengur, til þess að breyta eldri prestakallalánum til íbúðarhúsabyggingar í lán samkvæmt lögum þessum, en þó því að eins, að það hús sje ekki lakara en hjer um rætt, og gilda þá öll fyrirmæli laga þessara, að svo miklu leyti sem eðli málsins leyfir, um það lán.

13. gr.

Nú er hús bygt að nokkru eða öllu leyti fyrir lánsfje úr landssjóði samkvæmt lögum þessum, og skal þá prestur árlega leggja $^1/_2$% af virðingarverði hússins í sjóð, er nefnist »Fyrningarsjóður« og landsstjórnin stjórnar.

14. gr.

Hið árlega fyrningargjald skal greiða 6. júní ár hvert, í fyrsta skifti 6. júní eftir að hús er bygt, og svo lengi sem hús stendur.

15. gr.

Nú greiðir prestur eigi fyrningargjaldið á ákveðnum degi, og skal þá landssjóður leggja það fram til bráðabirgða, en hefur aftur lögtaksrjett fyrir því á hendur presti.

16. gr.

Tekjur og eigur Fyrningarsjóðs skal ávaxta í útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands.

17. gr.

Nú fellur hús, sem greitt er af fyrningargjald, fyrir venjulega fyrningu, og skal Fyrningarsjóður þá innan 6 mánaða frá aðvörunardegi leggja fram alt það, sem sjóðnum hefur greiðst fyrir húsið, að viðbættum öllum vöxtum af árgjöldunum.

Nemi slit eða gallar á húsinu meiru en venjulegri fyrningu, bætir prestur það með álagi á vanalegan hátt.

18. gr.

Stjórnin semur í byrjun hvers árs reikning sjóðsins fyrir hið umliðna ár og birtir síðan reikninginn í B-deild Stjórnartíðindanna.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1908.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frá nefnd þeirri, er skipuð var samkvæmt konungsúrskurði 2. mars 1904, til þess að íhuga og koma fram með tillögur um kirkjumál landsins, hefur stjórnarráðinu borist frumvarp til laga um lán úr landssjóði til bygginga íbúðarhúsa á prestssetrum landsins m. m.

Á hinum síðari árum hafa margir prestar sýnt mikla viðleitni við það að bæta til muna íbúð á prestssetrunum, á þann hátt, að reisa íbúðarhús, úr timbri oftast, eða þá úr steini, í stað hinna gömlu torfhúsa á stöðunum. Hefur aðferðin einatt verið sú, að taka gegn veði í tekjum prestakallanna húsbyggingarlán, er afborgast á ákveðnum árafjölda, alt að 28 árum. Auk þessa láns hafa prestarnir oft lagt fje fram til viðbótar úr sínum eigin vasa, en húsin hafa orðið eign prestsetursins. Fyrst framan af fengust þessi svokölluðu prestakallalán úr landssjóði með góðum kjörum, en síðari árin hafa þau svo að segja alls ekki verið veitt úr landssjóði, heldur hafa prestarnir orðið í þessu efni að leita til bankanna, og taka lán í þeim með erfiðum kjörum, bæði háum vöxtum og tiltölulega stuttum afborgunarfresti. Það hefur þótt brenna við, að þeir prestar, er þannig hafa hýst prestssetrin með embættislánum, hafi einatt farið meir eftir sinni eigin hugsun, smekk og þörfum, heldur en beint eftir því, sem ætla mætti að kæmi helst að notum fyrir hvern þann prest, er á staðnum sæti. Hefur eftirmönnum þess, er bygði, einatt þótt lánsbyrðin á prestakallinu allþung, en prestssetrið eigi að því skapi vel uppbygt eða hentuglega, húsin ýmist of smá eða of stór, ekki haglega herbergjum skipað o. fl.

Til þess að bæta úr þessum aðalgöllum leggur nefndin það til í frumvarpi sínu, að lagðar sjeu til úr landssjóði árlega 15,000 kr. til lána handa

prestaköllum til húsbyggingar á prestsetrum, þannig að ekkert lán megi fara fram úr 3000 kr. Lánin afborgist og ávaxtist með 4% á ári, 3½% í vöxtu og ½% í afborgun. Svo er til þess ætlast, að hús þau, sem lán er lagt til úr landssjóði, skuli öll vera með líkri gerð og stærð, smíðuð eftir uppdrætti, er landsstjórnin samþykkir.

Í áliti sínu um málið hefur biskup lýst því, að hann feldi sig yfir höfuð vel við ákvæði frumvarpsins, en telur þó þann agnúa á, að gert sje ráð fyrir, að íbúðarhúsin á prestssetrunum sjeu öll jafnstór, og þá ekkert tillit tekið til þess, að prestssetrin sjeu misjafnlega stór og mannfrek, sum liggi í þjóðbraut, en aftur sjeu önnur afskekt; ennfremur telur biskup hæstu lánsupphæðina, 3000 kr., of lága. Þótt stjórnarráðið játi, að biskup hafi mikið til síns máls í þessum greinum, þá hefur samt ekki þótt næg ástæða til að breyta frumvarpi nefndarinnar. Að því er hið fyrra atriði snertir, þá ber þess að gæta, að þegar prestsembættin eru öll gerð jöfn að launum, þá er í rauninni eðlilegt, að kostnaður við húsbyggingar handa prestinum verði nokkurnveginn jafn alstaðar. Hitt atríðið er máske enn athugaverðara, að hin mesta lánsupphæð, sem veita má úr landssjóði, sje ákveðin 3000 kr. Það er víst um það, að hún er helst til lág, en er þess er gætt, að varla er fært að leggja öllu meira fje fram til lána af landssjóði á ári en 15000 kr., þá má hvert lán ekki vera mjög hátt, því að varla er fært að láta færri en 5 prestaköll á ári njóta hlunninda þeirra, er lögin bjóða.

Álit biskups er prentað hjer á eftir.

Fylgiskjal.

ÍSLANDS BISKUPSDÆMI.

Reykjavík, 11. mars 1907.

Um eitt af frumvörpum kirkjumálanefndarinnar hefi jeg ekki enn látið uppi álit mitt í brjefum þeim, sem eg hefi ritað hinu háa stjórnarráði á þessum vetri út af ýmsum tillögum þeirrar heiðruðu nefndar. Þetta mál er:

Frumvarp til laga
um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins.

Skal jeg nú leyfa mjer að lýsa áliti mínu á þessu frumvarpi.

Eg tel mikla umbót hjer gerða á því ástandi, sem í þessu efni hefir átt sjer stað til þessa, þannig að prestastjett landsins hafi ástæðu til að vera nefndinni mjög þakklát fyrir tillögur hennar, sem ljetta mjög verulega þær byrðar, sem eftir hinu núverandi fyrirkomulagi verða að leggjast á þau prestaköll, sem taka lán til húsabóta, og það án þess að baka landssjóði nokkurn kostnað að mun, aðallega með löngum afborgunarfresti, vægum vaxtakjörum og hagfeldum ákvæðum að öðru leyti. — Jeg felli mig því yfir höfuð vel við ákvæði frumvarpsins í flestum greinum, en vil einungis koma fram með fáeinar athugasemdir við sum þeirra.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að öll íbúðarhús á prestssetrum, sem bygð verða eftir lögum þessum, verði gerð alveg eins eða sem líkust hvert öðru, ekki aðeins jafnstór, heldur öll með sama eða mjög líku fyrirkomulagi, eftir einni og sömu fyrirmynd (6. gr. og ástæður á bls. 126).

Það er rjett aðalhugsjón, að prestssetrahúsin sjeu hvert öðru lík, en ekki mjög svo mótuð eftir eins einstaks manns hugsun og smekk og þörfum, því að þau eiga að geta fullnægt almennri þörf. En þó er nokkur munur hjer á, sem taka verður tillit til. Jeg á ekki við það, að einn prestur kann að vera barnlaus, en annar á ef til vill stóran barnahóp eða hefur annað skyldulið fram að færa. Við þessu verður ekki gert á annan hátt en að húsnæðið sje svo rúmgott, að stóra fjölskyldan geti haft þar viðunanlegan bústað, þó að það aftur verði stærra en þörf er á fyrir hið fámenna heimili. Því að úrræðið, sem nefndin gefur: Sá verður sjálfur að byggja við, sem stærra húsrúm þarf, og það að öllu leyti á eigin kostnað, það er í rauninni hjer um bil óbrúklegt. Fæstir prestar hafa efni á slíku, og síst fjölskyldumennirnir. Og hvað verður svo prestinum eða búi hans úr viðbótinni, er hann fer frá brauðinu? Oftast nær sennilega harla lítið, nema alveg einstaklega standi á.

Mismunurinn, sem jeg á við, stafar aðallega af því, hvort prestssetrið er stór jörð og mannfrek, eða lítil og hæg; hvort hún liggur í þjóðbraut eða fremur afskekt. Á stóru jörðinni verður að gera ráð fyrir fleira verkafólki, sje það annars fáanlegt, og á þjóðbrautarheimilinu er óhjákvæmilegt að hugsa fyrir að gestir verði hýstir. Þennan mismun sje jeg ekki að nefndin hafi tekið til greina, þar sem hún rígbindur lánin við eina upphæð, 3000 kr. — Að dæma eftir fenginni reynslu mættu lánin á sumum stöðum vera lítið eitt fyrir neðan 3000 kr., en ekki nema lítið eitt, en á öðrum stöðum þyrftu þau að vera stærri, og húsið þá jafnframt nokkuð rúmbetra. Jeg hef tekið fyrir til athugunar 26 prestakallalán, sem veitt hafa verið á síðustu 15—16 árum, og af þeim eru 13 2500 kr. eða lægri, 5 eru 2800 kr. eða 3000 kr., en hin 8 eru hærri en 3000 kr., og sum að miklum mun. Af þeim eru þessi hæst: Kirkjubær í Hróarstungu (eftir bæjarbrunann) 6000 kr.; Stykkishólmur 5960 kr.; Holt undir Eyjafjöllum 4600 kr.; Breiðabólstaður í Vesturhópi og Breiðabólstaður í Fljótshlíð og Vatnsfjörður 4000 kr. hvert. Og næstu árin á undan, 1889 og 1890, hafði Útskálaprestur fengið 7500 kr. lán og Oddaprestur 6000 kr. lán til byggingar. Jeg býst við, að hvort þessara síðustu húsa hafi kostað 8—9 þús. krónur eða meira. Á öllum þessum síðastnefndu 8 prestaköllum hlyti 3000 kr. lán að hafa verið mjög ófullnægjandi, svo að eigi hefði verið unt að nota það.

Af þessu virðist mjer ekki ráðlegt að binda húsastærð og lánshæð eins fast og gert er í frumvarpinu, heldur væri nauðsynlegt, þótt ákvæðum frumvarpsins væri haldið sem almennri reglu, að láta stjórnina hafa nokkuð rýmra svigrúm með hvorttveggja, þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi. En væntanlega mætti engu að síður halda sjer við þær 15000 kr. á ári, sem frumvarpið til tekur, þar sem búið er nú að byggja ný hús á svo mörgum prestssetrum.

Nefndin talar um timburhús og steinsteypuhús, og telur hin síðari æskilegri, svo sem eðlilegt er. En hún gefur enga kostnaðaráætlun á þeim húsum, sem þó hefði þurft að vera.

Enn er það, að oftast nær þykir það til hagnaðar, bæði til að auka rúm og spara fje, að hafa góðan kjallara undir húsunum, þar sem nokkurnveginn hægt er að koma því við. En á fyrirmynd nefndarinnar er enginn

kjallari, og hann ekki heldur nefndur á nafn í ástæðunum. Þetta tel eg galla. En þar sem stjórninni er áskilið, með aðstoð ráðunauts hennar í byggingarmálum, að samþykkja uppdrátt af húsum, áður en lánið er veitt, má væntanlega gera ráð fyrir að kjallari fengist þar sem haganlegt þætti og þess væri óskað.

Þá verð jeg, eftir fenginni reynslu minni og þeirri þekkingu, sem jeg hef í því efni, að mótmæla því, að eldri húsin á prestssetrunum, sem eiga að falla niður, sjeu hæfilega metin 1500 kr. virði upp og niður. Jeg hef fyrir mjer mat eða álit á slíkum húsum á 16 prestaköllum, og er 300 kr. lægsta matið en 900 kr. hið hæsta, en að meðaltali 628 kr., og þetta þó svo, að í ýmsum tilfellum hafa stiftsyfirvöldin hækkað matið að mun, þar sem það virtist vera óhæfilega lágt. Á einum stað voru eldri húsin metin svo óvanalega hátt, að það varð jafnvel 6—10-falt við hið algenga, og stendur sem alveg sjerstakt dæmi. Það er í Vatnsfirði, og var matið 3200 kr.; en það er ekki tekið með í fyrgreindu meðaltali.

Vitanlega er matið í sjálfu sjer alloftast stórum of lágt, ef miðað er við hvað kosta muni að byggja húsin upp af nýju, með efni og verki rjett reiknuðu, þegar til þess kæmi. En þennan mælikvarða er ekki hægt að viðhafa, hann er svo langt frá viðtekinni venju í slíkum matsgjörðum. Og hann er ekki heldur allskostar sanngjarn, þegar um það er að ræða að rífa húsin niður, því að þá verður alla jafnan lítið úr þeim, jafnvel ótrúlega lítið. Og enn er tvent, sem ekki má gleyma: allvíða eru hin lítilfjörlegu bæjarhús ekki eign staðarins að öllu leyti; stofa eða partur af baðstofu, eða gólf, loft eða þiljur í þessum húsum eiga allvíða ekki að fylgja, en eru prívat eign. Þetta lækkar verðmæti húsanna að stórum mun. Hitt er, að prestur, sem leggur niður gamlan bæ, en byggir í hans stað nýtt hús, verður nær ávalt að hafa mikinn kostnað til að koma frá sjer gömlu rústunum, ekki síst með þeirri kauphæð verkafólks, sem nú á sjer stað. Þetta verður í rauninni óumflýjanleg viðbót við byggingarkostnaðinn, sem ekkert tillit er tekið til í áætlunum.

Allur aðflutningur á efni er einnig mjög dýr, þar sem langt er í kaupstað, en þessi kostnaður er ekki heldur talinn, nema þá mjög óverulega, í áætlun þeirri, sem fylgir tillögum nefndarinnar. Fyrir honum eru í mesta lagi gerðar 350 kr.; en mjer er kunnugt, að víða er hann miklu hærri; á Prestsbakka á Síðu sýndi presturinn mjer reikningslega, að þessi kostnaður væri ekki of hátt settur 1500 kr.

Að öllu þessu athuguðu sýnist mjer nauðsynlegt, að stjórnin sje ekki rígbundin við 3000 kr. sem hæsta lán, heldur megi hækka það að mun, ef sýnt verður með gildum rökum að þess þurfi við, jafnvel alt upp að 4500 kr.

Fyrningarsjóðurinn þykir mjer vera góð stofnun og þörf, svo að prestar megi ekki horfa í þann kostnað, sem hann leggur á þá.

Vonandi kemur það ekki nema mjög sjaldan fyrir, að prestakallshús eyðist af öðrum slysum en eldsvoða. En komi það fyrir, verður sú byrði prestinum allþung, sem 11. gr. frumvarpsins leggur á hann. En hjá þessu mun ekki unt að sneiða.

Hallgr. Sveinsson.

Til

stjórnarráðs Íslands.

Frumvarp til laga

um

framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905, og skipan milliþinganefndar.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Hækkun sú á aðflutningsgjaldi, sem ákveðin er í lögum 29. júlí 1905, skal haldast þangað til annari skipan verður komið á skattamál landsins.

Verði gjald lagt á innlenda vindlagjörð og bittergjörð, skal það gjald hækkað að sama skapi og aðflutningsgjald, meðan lög þessi eru í gildi.

2. gr.

Skipa skal 7 manna nefnd milli þinga til þess að endurskoða skattalög landsins og sjerstaklega athuga,

1, hvort hentugt muni vera, að fasteignarskattur, er bæði hvíli á jarðeignum til sveita og á húsum og lóðum í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum, komi í stað þeirra föstu skatta sem nú eru,

2, hvort fært muni vera með núverandi fyrirkomulagi tollheimtunnar að bæta við fleiri tollstofnum, en nú eru, og þá helst hverjum,

svo og koma fram með frumvörp eða tillögur, er nefndinni mætti ástæða til virðast.

3. gr.

Í nefndina tilnefnir neðri deild alþingis 4 menn, efri deild tvo og stjórnarráðið einn mann, og er sá formaður nefndarinnar. Konungur skipar nefndina. Kostnaður við hana greiðist af landssjóði. Nefndinni er heimilt að taka sjer þá aðstoð, sem hún þarf með, og telst það sem kostnaður við nefndarstörfin. Öllum stjórnarvöldum er skylt að láta nefndinni í tje þær skýrslur og upplýsingar, er hún beiðist eftir.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar það ákvæði var sett inn í frumvarpið um hækkun á aðflutningsgjaldi, sem varð að lögum 29. júlí 1905, að lögin skyldu að eins gilda til ársloka 1907, var gengið út frá því, að á alþingi 1905 yrði sett nefnd úr báðum deildum til þess að taka skattamál landsins til athugunar, og koma fram með tillögur, sem ræddar gætu orðið á þinginu um drög eða undirstöðuatriði til skattalagafrumvarps, sem lagt gæti orðið fyrir alþingi 1907. Nefndin var og sett, en hún lauk ekki starfi sínu á þinginu, og kom aldrei fram með nefndarálit, sem naumast heldur var við að búast, þegar þess er gætt, hve afarmikið annríki var á þingi 1905 og hversu verkefnið er erfitt og umfangsmikið.

Hinsvegar verður stjórnin að telja það alveg nauðsynlegt, að slíkt mál sem þetta sje undirbúið af nefnd manna, áður en erfiði er lagt í að útbúa og rökstyðja lagafrumvarp um það. Sje nokkurt mál, sem ástæða sje til að milliþinganefndir undirbúi, þá er það vissulega skattamál landsins, enda er svo ástatið með öðrum þjóðum, er jafnan hafa nákvæman viðbúnað og undirbúning í nefndum milli þinga áður en tekin eru til meðferðar frumvörp um verulegar breytingar á slíkum efnum. Slíkt þarf margvíslega og fjölhliða athugun og kunnugleik, sem eigi er ætlandi önnum kafinni stjórnarráðsskrifstofu þótt meiri hafi mannafla á að skipa en hjer er.

Það er því lagt til, að skipuð sje nú milliþinganefnd til þess að undirbúa þetta mál og er talið nauðsynlegt að í nefndinni sjeu eigi færri en 7 menn, til þess að sem margbreyttust sjerþekking geti að komist og undirbúningurinn orðið svo fjölhliða sem unt er. Ætlast er til að alþingi bendi á 6 af meðlimum nefndarinnar, en stjórnin velji nefndinni formann, og sje nefndin skipuð af konungi. Það virðist hæfilegt, að neðri deild ráði kosning 4 meðlima, en efri deild tveggja. Jafnvel þótt lög þessi yrði ekki svo snemma tilbúin að þau gætu orðið staðfest fyrir þinglok, sem þó virðist mega gjöra ráð fyrir, mætti samt hafa allan undirbúning til þess að nefndin yrði sett þegar lögin koma í gildi, með því að tiltaka mennina fyrirfram.

Stjórnarráðið hefur þegar gjört nokkrar undirbúningsráðstafanir, þar á meðal fengið álitsskjöl allra skattnefnda um verð jarðeigna á landinu, en tími hefir ekki unnist til þess að gegnumganga þær skýrslur nákvæmlega. Þessi skjöl og önnur skilríki verða afhent nefndinni.

Þangað til nefndin hefir lokið starfi sínu virðist ekki rjett að gjöra nýjar breytingar á tolllögum landsins, enda má komast af fyrst um sinn með þann tollauka, sem nú er innheimtur samkvæmt lögunum frá 29. júlí 1905. Hinsvegar er ómögulegt að komast af án þess tekjuauka, jafnvel þótt bráðabirgðalán sje tekið, eins og upp á er stungið í fjárlagafrumvarpinu, til þess að standast kostnað við nýjar talsímalagningar og ritsímaviðbætur. Þarfir landsins eru orðnar svo miklar, að tekjurnar að tollaukanum viðbættum gjöra lítið betur en hrökkva fyrir venjulegum gjöldum eins og þau eru áætluð í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, og er þá ótalið það, sem fram á er farið í fjáraukalögum fyrir 1906 og 1907 og öðrum nýjum lögum, auk ritsímalagninganna.

Viðvíkjandi þörfinni á tekjum þessum og upphæðum þeim, sem vænta má, vísast að öðru leyti til ástæðanna fyrir frumvarpi stjórnarinnar til tollaukalaganna 1905.

Um einstakar greinar frumvarpsins er ekkert að athuga fram yfir það er þær sjálfar segja, og sagt hefur verið hjer að framan.

Frumvarp til laga

um

forstjórn landsímanna.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Skipa skal forstjóra fyrir símamálefni landsins; hann stendur beint undir stjórnarráðinu. Ráðherrann ákveður starfsvið hans. Hann hefur í árslaun 5000 krónur. Konungur veitir það embætti.

2. gr.

Til aðstoðar á aðalskrifstofu landsímanna veitast 3000 kr. á ári. Tölu starfsmanna við landsímana ákveður stjórnarráðið. Laun þeirra eru ákveðin með fjárlögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Til þess að geta fengið hæfan og nýtan mann til þessa vandasama og áríðandi starfs, að hafa á hendi forstjórn landsímanna, bæði að því er alla verklega framkvæmd og eftirlit snertir, og einnig að því er snertir fjárstjórn, reikningsfærslu og sambandið við útlönd, er nauðsynlegt, að til þess sje stofnað fast embætti.

Laun embættisins eru ákveðin hjer samkvæmt því er samþykt var á síðasta alþingi, og er núverandi forstjóri landsímanna settur til bráðabirgða með þeim launum. Hann hefur reynst afbragðsvel í hvívetna, bæði sem for-

stjóri fyrir landsímalagningunni og við undirbúning til hennar, og einnig í forstjórn símanna, síðan þeir tóku til starfa. Það þykir því mjög æskilegt, að geta haldið honum. En með því að hann verður að sleppa allgóðu embætti með eftirlaunarjetti í Noregi, til þess að geta tekist þetta starf á hendur, og afsala sjer allri framavon, sem hann hefur þar í landi, er honum eigi unt að ílengjast hjer nema forstjóraembættinu sje trygður eftirlaunarjettur eins og embætti því, er hann sleppir.

Viðvíkjandi þörfinni til fjárframlags til aðstoðar á aðalskrifstofunni vísast til þess, sem fram er tekið í athugasemdum við frumv. til fjárlaga 1908—1909, við 13. gr. D. III. 2. (bls. 53).

Frumvarp til laga

um

almennan kosningarjett til alþingis.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Aukaútsvarsgreiðsla skal eigi lengur vera skilyrði fyrir kosningarjetti til alþingis (sbr. 6. gr. b. í stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903).

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1908.

Astæður fyrir lagafrumvarpi þessu.

Með stjórnarskipunarlögunum frá 3. okt. 1903 var rýmkað um kosningarjettinn til alþingis þannig, að útsvarstakmark kaupstaðarborgara var lækkað

um helming og útsvarstakmark þurrabúðarmanna um tvo þriðjunga. Jafnframt var leyft að afnema alveg aukaútsvarsgreiðsluna sem skilyrði fyrir kosningarjetti, með almennum lögum. Eins og 17. gr. stjórnarskrárinnar nú er, hafa samkvæmt lið b. kosningarjett allir karlmenn, sem ekki eru öðrum háðir sem hjú, og að öðru leyti fullnægja hinum almennu skilyrðum um 25 ára aldur, óflekkað mannorð, heimilisfestu í kjördæminu eitt ár, óskert fjárráð og skuldleysi af sveitarstyrk, ef þeir greiða 4 kr. á ári sem aukaútsvar. Sje ákvörðunin um útsvarsgreiðsluna feld burtu, verður reglan ein og óbrotin sú, að allir karlmenn í sjálfstæðri stöðu, sem fullnægja framangreindum almennu skilyrðum, hafi kosningarjettinn, og eru liðirnir a., c., og d. í 17. gr. stjórnarskrárinnar þá óþarfir. Að vísu er kosningarjetturinn ekki í sannleika almennur, nema konur hafi hann jafnt og karlar, eins og farið var fram á í frumvarpi minni hlutans á alþingi 1901, og það jafnt, hvort menn vinna fyrir sjer í hjúastjett eða á annan heiðarlegan hátt. En samkvæmt stjórnarskránni verður slíks eigi farið á flot í almennum lögum, og með því að það er almenn máltýska erlendis að nefna almennan kosningarjett, ef eigi er bundinn við *census*, þ. e. vissa fjáreign eða gjaldhæð, þá hefur fyrirsögn þessa frumvarps verið hagað eptir því.

Ástæðan fyrir því að stjórnin kemur fram með þetta frumvarp er sú, að henni virðist auðsætt, að með slíku ákvæði sem takmörkun kosningarjettar við 4 krónu útsvarsgreiðslu getur ekki fengist nein aukin trygging fyrir þroska eða sjálfstæði kjósendanna, en að hinsvegar getur stafað af því mikið og óviðfeldið misrjetti. Bæði er útsvarið eptir eðli sínu óeðlilegur mælikvarði til að miða pólitísk rjettindi við, því að það er handahófsgjald, sett eptir ágiskun um efni og ástæður, sem opt hefur lítið við að styðjast, og þegar svo lágt er komið, sem niður í 4 kr. útsvar, verður mjótt mundangshófið, og allmikið komið undir geðþótta þeirra, sem niður jafna, hvort gjaldandinn er látinn ná kosningarjettartakmarki eða ekki. En auk þess fer útsvarsupphæðin eigi að eins eptir efnahag gjaldenda, heldur fult eins mikið eptir útgjaldaþörf sveitafjelags þess, sem hlut á að máli, svo að vel má vera, að maður, sem í einum hreppi ekki er settur í 4 kr. útsvar, mundi verða settur í miklu hærra útsvar í næsta hreppi, af því þar er meiri fátækrabyrði, afborgun lána eða eitthvað þvml. Auk þess er útsvarsgreiðslan ekki rjettur mælikvarði fyrir því, hve mikið gjaldandi greiði til almenningsþarfa landsins, því að margur fátæklingurinn, sem þungt hefur heimili fram að færa og að eins verst sveit, greiðir í óbeinum sköttum meira í landssjóð, en einhleypingur, sem greiðir 4 kr. útsvar, og á því frá því sjónarmiði meiri rjett á því að eiga hlutdeild í fulltrúakosningum til meðferðar á landsfje, en hinn.

Verði frumvarpið samþykt, yrðu þeir, sem nú eru útilokaðir frá kosningarétti af því að þeir greiða ekki fullar 4 kr. í aukaútsvar, teknir á kjörskrár þær, sem tilbúnar verða í janúar 1908, og nytu kosningarjettar við þær kosningar, er fram fara eptir 1. júlí það ár.

Frumvarp til laga

um

útgáfu lögbirtinga-blaðs.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Landsstjórnin annast um, að út sje gefið blað til þess að birta stjórnvaldaauglýsingar, innkallanir og aðrar almennar tilkynningar og skýrslur, sem eftir núgildandi lagafyrirmælum á að birta í einhverju frjettablaði í Reykjavík, er stjórnin tiltekur. Í stjórnvaldablaði Íslands má og birta auglýsingar um rjettarverk og yfirvaldsráðstafanir, sem ekki er lögskipuð birting á, svo og umburðarbrjef og sjerhvað það, er landsstjórninni þykir þörf á að gjöra almenningi kunnugt.

2. gr.

Stjórnarráðið ákveður borgun fyrir birtingar í blaðinu, samkvæmt því, er tíðkast hefur um borgun fyrir birting stjórnvaldaauglýsinga í blöðum þeim, er fyrirskipað hefur verið að birta þær í. Ennfremur ákveður stjórnarráðið, hverjar auglýsingar og birtingar skuli vera ókeypis í blaðinu, og tiltekur söluverð þess; svo skipar það og fyrir um, hver stjórnarvöld skuli fá blaðið ókeypis, og hvað gjöra skuli til þess að gjöra almenningi ljettara fyrir að fá vitneskju um það, er í blaðinu stendur.

3. gr.

Opið brjef frá 27. maí 1859, »um breyting á reglum þeim, er gilda á Íslandi viðvíkjandi auglýsingum í blöðum í vissum tilfellum« skal úr gildi felt. Birting í lögbirtingablaði Íslands skal eftirleiðis hafa sama löggildi eins og birting í þeim blöðum, sem flutt hafa stjórnvaldaauglýsingar, hefur haft til þessa.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1908.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og kunnugt er, ber samkvæmt o. br. 27. maí 1859, að birta auglýsingar þær, sem fyrirskipuð er birting á, í einhverju blaði, sem kemur út í Reykjavík, og stjórnin nánar tiltekur. Á alþingi 1902 voru í báðum deildum alþingis samþyktar þingsályktanir þess efnis, að skora á landsstjórnina að hlutast til um, að »einkarjettur til þess að birta stjórnarvaldaauglýsingar næstu 3 ár frá nýári 1903 að telja«, væri veittur þeim af útgefendum hinna almennu frjettablaða í Reykjavík, er bjóða kynnu hæst árlegt gjald til landssjóðs fyrir þennan rjett. Stjórnin tók þetta til greina, bauð til samkepni milli helstu blaðanna, og varð niðurstaðan sú, að 1. apríl 1903 hvarf auglýsingarjetturinn frá blaðinu Ísafold, sem hafði haft hann síðan 1. jan. 1887, til blaðsins »Þjóðólfs«. Með því óhentugt þótti fyrir almenning að skipta um auglýsingablað í miðjum árgangi, var samið svo um, að »Þjóðólfur« hefði auglýsingarnar til ársloka 1906, en frá 1. jan. 1907 voru þær aftur boðnar upp, þó að eins til eins árs, og varð þá hæstbjóðandi blaðið »Reykjavík«, sem nú hefur rjettinn.

Á síðasta 5 ára skeiði hafa hinar lögboðnu birtingar auglýsinga, þannig orðið að fara fram í þrem mismunandi blöðum, og þarf engum orðum að því að eyða, hve óheppilegt það er og jafnvel hættulegt rjettindum manna, að hafa slíkt los á þessari rjettarstofnun, lögbirtingu auglýsinga og innkallana, sem varða svo mjög hagsmuni einstaklinganna. Almenningur virðist eiga eðlilegt rjettartilkall til þess, að ætíð sje að sem vísustu að ganga um það, hvar leita skuli slíkra auglýsinga, bæði í augnablikinu og eptirá, og það virðist naumast til þess ætlandi, ef tíð verða skiptin, að menn hafi það alment jafnan á hraðbergi, hvar vera muni hæstbjóðandinn í það og það skiptið.

Þegar mikið ber á pólitiskum skoðanamun, verður ekki hjá því komist, að blöðin, sem fást við að ræða deiluefni dagsins, sjeu mönnum misjafnlega geðfeld, og það er augljóst hve óviðkunnanleg krafa það er, að menn kaupi eða lesi deilublöð, sem þeir annars ekki mundu vilja styðja, til þess að geta óræntir verið rjettindum, sem hinar opinberu auglýsingar hljóða um, og er það alveg jafnóviðkunnanlegt, hvort heldur fyrirskipanin stafar af geðþekni stjórnarinnar, eða af nokkurra króna yfirboði.

Það er og auðsætt, að ekki er auðið að fela alskonar blöðum að flytja hinar lögboðnu opinberu auglýsingar; þau verða að hafa talsverða útbreiðslu, og gæta velsæmis í framkomu sinni, og yfir höfuð haga sjer svo, að forsvaranlegt sje, að láta þau hafa slíkt opinbert starf á hendi. Það getur því komið fyrir bæði að neita verði blaði, sem boðið hefur hæsta fjárupphæð, og að svipta verði blað birtingarjetti á miðjum samningstíma. Hvorttveggja mundi orka tvímælis og vekja úlfúð, óánægju og tortryggni, gagnvart þeim er rjettinn hlyti.

En jafnvel þótt til væri alment frjettablað, sem hjeldi sjer utan allra flokksdeilda og yfir höfuð fullnægði öllum þeim kröfum, sem gera verður til blaðs, sem öllum megi vera jafnljúft að kaupa og lesa, þá er samt sá vanbrestur á, að ekki mundi stjórnvöldum kleyft þykja, að birta þar að jafnaði annað en það, sem beint þarf að birta að lögum; en á hinu er þegar orðin allmikil þörf, og fer hún vaxandi, að hægt sje að birta almenningi ýmsar fleiri stjórnarráðstafanir og fyrirskipanir, heldur en þær sem til stjórnvaldaauglýsinga hafa talist til þessa, og þó ekki eiga heima í Stjórnartíðindum, eða ekki verða nægilega fljótt kunn þar. Svo er t. d. um ýms umburðarbrjef stjórnarráðs til sýslumanna eða hjeraðsstjórna,

landlæknis til lækna, biskups til prófasta eða presta o. s. frv. Það gæti komið fyrir, að fyrirskipanir til óæðri stjórnvalda kæmi fremur eða fljótar að gagni, ef almenningur vissi þegar um fyrirskipanina, heldur en ef hún væri að eins embættismanninum kunn, og það getur og í ýmsum tilfellum verið hinum æðri stjórnvöldum ljettir og jafnvel nauðsyn, að geta átt færi á að birta slíkt á einhvern þann hátt, er sem fljótast geti gjört málefnið kunnugt. Slíkar birtingar þurfa að geta verið hlutaðeigandi stjórnvöldum kostnaðarlausar eða kostnaðarlitlar, en til slíks er ekki að ætla af almennu frjettablaði, auk þess sem rúm blaðanna venjulega er alltakmarkað. Það á heldur ekki við að gjöra sjerstakar opinberar ráðstafanir til útbreiðslu frjettablaðs, sem privatmenn eiga, jafnvel þótt þau flytji opinberar auglýsingar en hinsvegar þörf á því, að sjerstök stund sje lögð á það, að gjöra almenningi sem allra ljettast fyrir, að fá vitneskju um almennar lögbirtingar o. þvl.

Í þessu frumv. er það lagt til, að hætt sje við að birta stjórnvaldaauglýsingar í almennu frjettablaði, og að gefið sje út að tilhlutun hins opinbera sjerstakt blað í þessu skyni á kostnað landssjóðs, eins og tíðkast í öðrum löndum. Í Noregi heitir blaðið »Kundgjörelsestidende«, í Danmörku »Statstidende« (L. $^{23}/_{1}$ '03). Hjer er valið nafnið »Lögbirtingablað«, er innibindur í sjer verkefni blaðsins. Það er álitið nægilegt, að blaðið komi út einu sinni í viku fyrst um sinn, og færi stærð þess eða leturmagn eptir því hve mikið efni lægi fyrir í hvert skipti. Um það hve mikið kostnaður mundi fara fram yfir tekjur er ekki auðið að segja að svo stöddu, en ætla má þó, að útgjöldin við blaðið verði ekki svo mikil," að verulegu nemi. Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Hjer er talið upp það, sem prenta má í blaðinu. Með orðunum: »sjerhvað það, sem landsstjórninni þykir þörf á að gjöra almenningi kunnugt« (í niðurlagi greinarinnar) er átt við stjórnarleg erindi og ýmislegt er að opinberum framkvæmdum lýtur. En engar blaðagreinar, hvorki skýringar á skoðunum nje almennar frjettir, má taka í blaðið.

Um 2. gr.

Hjer er stjórnarráðinu veitt heimild til að undanskilja ýmsar birtingar frá auglýsingagjaldi, og mundi það sjerstaklega vera embættisleg umburðarbrjef og annað, sem nauðsynlegt þykir að gefa almenningi vitneskju um. Rjett þykir, að sjeð verði um það, að eitt eintak af lögbirtingablaðinu að minsta kosti komist ókeypis í hvern hrepp, og væri þá rjett að fyrirskipa sjerstakar ráðstafanir til þess að gjöra það almenningi kunnugt, svo sem að það skuli vera til sýnis á þingstað.

Frumvarp til laga

um

verndun fornmenja.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. kafli.

Um staðbundnar fornmenjar.

1. gr.

Allar staðbundnar fornmenjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar; enginn, hvorki jarðeigandi nje ábúandi, nje nokkur annar má afnema þær, spilla þeim eða breyta, laga þær eða aflaga á nokkurn hátt, eða flytja þær úr stað, nema í þeim tilfellum og samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Staðbundnar fornmenjar teljast:

a. Þingbúðarústir og þingstaðir allir, rústir af hofum, hörgum og hverskonar blótstöðum frá heiðni, kirkjum og kirkjugörðum, kapellum og bænahúsum; vígi og forn garðlög eða rústir af þeim, rústir af bæjum, seljum búpeningshúsum, farmannabúðum og öðrum fornbyggingum.
b. Allir hellar með áletrunum eða öðrum vegsummerkjum af mannahöndum.
c. Grafir allar og haugar, dysjar og leiði í jörðu eða á, er menn hafa verið grafnir eða heygðir í.
d. Öll minnismerki dáinna manna, legsteinar, krossar, minnisvarðar og annað þesshátttar.
e. Allir steinar með fangamörkum eða öðrum áletrunum.
f. Fornar kirkjur, bæjarhús og aðrar húsabyggingar.
g. Alt annað er telja má til fornra mannvirkja.
h. Ennfremur allir fornir sögustaðir, og aðrir merkisstaðir, sem nokkurs eru um verðir með tilliti til sögulegra viðburða eða menningar á Íslandi.

3. gr.

Vilji jarðareigandi eða ábúandi gera jarðrask það nokkuð, er haggar við staðbundnum fornmenjum eða gera nokkuð þeim viðvíkjandi, skal hann skýra lögreglustjóra frá því og um leið lýsa fornmenjunum og gera skýra grein fyrir þeim breytingum, er hann vill gera. Þá skýrslu ber þegar að senda til stjórnarráðsins, er ákveður með ráði forngripavarðar hvað gera megi og með hvaða skilmálum.

Ef landeigandi eða leiguliði við gröft eða á annan hátt finnur fornmenjar, er teljast verða til menja þeirra, er nefndar eru í 2. gr., skal hann jafnskjótt skýra frá því eins og nú var sagt, og hætta vinnu að svo miklu leyti, sem hún kann að hagga við fornmenjunum, þangað til úrskurður stjórnarráðsins er fenginn.

Ef ráðstafanir þær, sem af hendi hins opinbera verða gerðar til þess að friða fornmenjarnar, hafa í för með sjer óþægindi, fjártjón eða annan skaða fyrir eiganda eða leiguliða, þá skal hann fá skaða sinn bættan eftir óvilhallra dómkvaddra manna mati, ef samkomulag næst eigi um verðið. Grasi vaxnar fornmenjar, sem nú eru slegnar eða beittar, má framvegis nota á þann hátt, ef engin hætta er á, að þær spillist við það.

4. gr.

Ef ómögulegt er að komast hjá því að afnema eða spilla staðbundnum fornmenjum við vegagerð eða annan starfa í þarfir landsins, sýslu eða sveitar, nema þá með mjög mikilli fyrirhöfn og kostnaði, skal verkstjóri skýra stjórnarráðinu frá málavöxtum, áður en nokkuð er haggað við fornmenjunum, og ákveður þá stjórnarráðið hvað gera skuli.

5. gr.

Stjórnarráðið hefur ætið rjett til að gera alt það, er því þykir þörf á vera, til þess að rannsaka staðbundnar fornmenjar með greftri eða á annan hátt, svo og gera það, er það álítur heppilegt til verndar fornmenjum, viðhalds eða endurbóta, en þó skal eiganda eða umráðanda jafnan gert aðvart um það áður. Eftir gröft og aðrar rannsóknir, er jarðraski valda, skal sá er rannsókn stýrði koma öllu í samt lag aftur, nema honum þyki betur fara á annan veg.

Valdi slíkar rannsóknir eigendum eða umráðendum fornmenjanna nokkru tjóni eða tilkostnaði, skal sá skaði bættur, ef krafist er. Náist samkomulag ekki um skaðabætur, skulu þær metnar af óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

2. kafli.

Um lausar fornmenjar.

6. gr.

Hver sá, sem á annan hátt, en umræðir í 4. og 5. gr. þessara laga finn-

ur í jörð eða á, lausar fornmenjar, er skyldur til að skýra lögreglustjóra þegar í stað frá fundinum og afhenda honum munina, ef því verður við komið.

7. gr.

Til lausra fornmenja teljast:

a. Fornar leifar af líkömum manna og dýra.
b. Blótbollar og önnur áhöld úr hofum og hverskonar blóthúsum.
c. Allskonar kirkjugripir.
d. Handrit, skjöl, brjef og prentaðar bækur úr skinni eða pappír, sem eldri eru en 100 ára.
e. Gamlar myndir allskonar, gripir með myndum eða letri á, og fornir peningar úr hverjum málmi sem er.
f. Gamlir dúkar ofnir eða saumaðir, ábreiður, bönd og allskonar forn vefnaður og hannyrðir.
g. Allskonar fornir skrautgripir og listasmíði úr hverju efni sem er.
h. Gamlir búningar og gripir karla og kvenna, ennfremur allskonar gömul vopn, hlífar og verjur.
i. Allskonar gamall húsa og borðbúnaður, búsáhöld, amboð, reiðtýgi, skip og skipabúnaður, allskonar verkfæri og fleira þess háttar.
j. Gömul taflborð og taflmenn.
k. Fjalir og stokkar úr fornum byggingum og hirslum, og yfir höfuð allir gamlir munir, sem menn hafa notað, eða mannaverk eru á.

8. gr.

Lausar fornmenjar, sem finnast í jörðu eða á er eign landsins. Ef finnandi hefur eigi afhent lögreglustjóra fundinn sbr. 6. gr., skal lögreglustjóri annast um að ná í munina, eða ef um þýðingarmikinn fund er að ræða, sem rannsaka þarf á staðnum, gera stjórnarráðinu aðvart, og skal hann þá sjá um, að engu verði rótað til, þangað til rannsókn getur fram farið. Allar lausar fornmenjar sem finnast í jörðu eða á, skal geyma í forngripasafninu, nema forngripavörður álíti, að þeim beri að ráðstafa á annan hátt. Ef forngripavörður álítur fund forngripa launaverðan, fær finnandi hálfvirði hans í fundarlaun en jarðeigandi hálfvirði. Forngripavörður ákveður verðið, en sje finnandi eða landeigandi óánægður með það, geta þeir skotið máli sínu til stjórnarráðsins, sem kveður endilega á um verðið. Ef finnandi eða landeigandi skýra ekki frá fundinum eða fara ólöglega með, missir hann af endurgjaldinu.

Ef stjórnarráðið ráðstafar eigi fundnum lausum fornmenjum innan 6 mánaða frá því að skýrt var frá fundinum, skulu þær vera sameiginleg eign finnanda og landeiganda.

9. gr.

Ef lausar fornmenjar finnast við framkvæmd á vegagerðum eða öðrum störfum samkvæmt 4. gr. þá eru þær einnig eign landsins. Verkstjóri skal skýra stjórnarráðinu frá fundinum, og má veita honum hæfileg fundarlaun.

Vilji landið ekki gera eignarrjett sinn gildandi að fundinum, eru hinir fundnu munir sameiginleg eign landeiganda og fyrirtækisins.

10. gr.

Finnist lausar fornmenjar við gröft eða rannsóknir samkvæmt 5. gr., eru þær einnig eign landsins. Sje þessi rjettur gerður gildandi, á landeigandi heimtingu á endurgjaldi, sem ákveða skal á þann hátt, sem segir í 8. gr., en þó skal þá jafnframt við matið taka tillit til kostnaðarins.

Geri landið eigi eignarrjett sinn gildandi innan 6 mánaða frá því grefti er lokið, verða menjarnar eign landsdrottins.

11. gr.

Lausar fornmenjar má ekki flytja út úr landinu nema með leyfi stjórnarráðsins.

3. kafli.

Almenn ákvæði.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum; auk þess má taka munina eða andvirði þeirra af hinum seka. Með mál út af brotunum skal farið sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Stjórnarráðið skipar sjerstakan forngripavörð, og hefur hann jafnframt umsjón með forngripasafninu. Forngripavörður skal hafa 1800 kr. í árslaun. Fela má stjórnarráðið forngripaverði að hafa á hendi og framkvæma að öllu eða nokkru leyti þau rjettindi eða störf, sem því eru lögð í 3.—6. gr. og 8.—10. gr. laga þessara, þó þannig að jafnan geti sá, sem óánægður er með ákvæði forngripavarðar skotið málinu til stjórnarráðsins.

14. gr.

Opið brjef 7. ágúst 1752 svo og öll önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi, eru úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Á síðasta alþingi var samþykt þingsályktun þess efnis að skora á landsstjórnina að leggja fyrir næsta alþingi, frumvarp til laga um verndun fornmenja, og reisa nú þegar alvarlegar skorður gegn því, að forngripum yrði fargað út úr landinu, frekar en orðið er.

Samkvæmt þessari áskorun hefur stjórnarráðið samið frv. þetta, og er það í öllum atriðum sniðið eftir norskum lögum 13. júlí 1905, nema 2. og 7. gr. eru teknar úr frumvarpi, er cand. Matth. Þórðarson hafði samið eftir fyrirlagi stjórnarráðsins; í því frumvarpi, sem að öðru leyti var aðallega sniðið eftir nefndum lögum, var lagt til að skrásetja fastar og lausar fornmenjar eftir vissum reglum og með vissum skilyrðum, og að *einungis* slíkar skrásettar fornmenjar yrðu friðaðar. Þetta fyrirkomulag, sem tíðkast talsvert í öðrum löndum, hefur stjórnarráðinu ekki þótt tiltækilegt að innleiða hjer, en felt sig að öllu leyti við fyrirkomulagið í Noregi, enda má ætla, að það eigi alveg eins við hjer og þar.

Um einstakar greinar skal þetta tekið fram.

Við 1. gr.

Það hefur þótt rjett að aðgreina fornmenjar í staðbundnar og lausar fornmenjar, eins og gert er í hinum norsku lögum; eftir þeim eru einungis þær fornmenjar friðaðar, sem eru frá fornöld eða miðöld, en hjer hefur það þótt rjett að friða allar menjar, sem eru eldri en 100 ára. Auðvitað getur það altaf verið álitamál hvar takmörkin eigi að vera, en yngra mætti ekki setja þau.

Við 2. gr.

Upptalningin er hjer sett eftir frumvarpi Matth. Þórðarsonar. Nokkrar hinna nefndu fornmenja kynnu máske sumir að vilja telja til lausra fornmenja (forngripa) svo sem þær sem nefndar eru í d. og e. en það álíst þó rjettara að kalla allar þær fornmenjar, sem þar er átt við, staðbundnar fornmenjar, af því að þær eru bundnar við staðinn, þar sem þær eru, af *ákvörðun*.

Nauðsynlegt virðist að koma sögustöðum undir ákvæði laganna, og liggur þá beinast við, að telja þá til staðbundinna fornmenja.

Við 3. gr.

Eins og á stendur, munu orðin »jarðareigandi eða ábúandi« oftast eiga við, en til þess að sýna, að ekki er einungis átt við sveitabæi, heldur einnig fornmenjar í kauptúnum, eru viðhöfð á öðrum stað í greininni orðin »landeigandi eða leiguliði«; að öðru leyti þykir ekki ástæða til að fara frekari orðum um þessa grein.

Við 4. gr.

Það getur verið óhjákvæmilegt að raska staðbundnum fornmenjum t. a. m. við vegagerðir eða önnur störf vegna almennings, og þykir því rjett, að stjórnarráðið hafi vald til þess að ákveða hvað gera skuli þegar svo ber að höndum.

Við 5. gr.

Þessi grein virðist ekki þurfa frekari skýringar við.

Við 6. gr.

Í þessari gr. sbr. 8.—10. gr. er gengið út frá því, að landið verði eigandi allra lausra forngripa, er finnast í jörðu eða á. Þetta er og í fullu samræmi við opið brjef 7. ágúst 1752, sem reyndar er vafasamt um, hvort gildir hjer á landi. Það þykir þó eigi vera hægt að skylda finnanda til að afhenda lögreglustjóra hinn fundna grip, nema því að eins, að hann eigi hægt með, en finnandi er skyldur til að skýra frá fundinum þegar í stað.

Við 7. gr.

Í þessari grein eru upptaldar flestar þær tegundir lausra forngripa, sem til eru hjer á landi. Auk kirkjugripanna eru nú flestar lausar fornmenjar komnar á forngripasafnið, en kirkjugripir margir eru í eigu einstakra manna. Það voru einmitt kirkjugripirnir sjerstaklega, sem þingsályktunin átti við, en það virðist ekki vera unt að beita öðrum ráðstöfunum þeim viðvíkjandi en gjört er í 11. gr., þar sem bannað er að flytja þær úr landi. Að gefa lög um það, að taka megi með eignarnámi kirkjugripi eða aðra einstaka forna kjörgripi, auðvitað gegn fullu endurgjaldi, af þeim mönnum, sem gripirnir hafa lent hjá, virðist ótiltækilegt.

Við 8.—10. gr.

Um þessar greinar er eigi þörf að fjölyrða. Það þykir sjálfsagt, ef um verðmæta muni er að ræða, að endurgjald komi fyrir, og skiftist jafnt milli landeiganda og finnanda, þegar svo á stendur sem segir í 8. gr. Svo þykir og rjett að taka það skýrt fram, að ef landið vill eigi nota eignarrjett sinn innan tiltekins tíma, þá fellur hann niður, og verði eign annara, aðallega landeiganda.

Við 11. gr.

Þetta ákvæði er nauðsynlegt, og alls ekki of strangt; það leiðir af þessu ákvæði, að sá sem brýtur gegn því, verður fyrir sektum eftir 13. gr. og auk þess má taka gripinn, ef hann finst hjá honum, er t. a. m. kominn um borð í skip, sem liggur á íslenskri höfn, til að flytjast út; að öðrum kosti andvirði hans, ef hann hefur selt hlutinn til útlanda, og hann er kominn þangað.

Um 13. gr.

Eins og tekið er fram í athugasemdunum við fjárlagafrumvarpið fyrir árin 1908 og 1909, leiðir það af flutningi forngripasafnsins í hið nýja safnahús, að störf umsjónarmannsins vaxa mjög, og er því lagt þar til að launa honum með 1800 kr. frá miðju ári 1908. Þar sem þessum manni eftir frumvarpi þessu er ætluð talsverð störf, þykir rjett að gjöra stöðu hans fasta, og er því hjer tekið upp, að hann skuli skipaður af ráðherra undir nafninu forngripavörður og hafi 1800

kr. í laun. Þessi upphæð verður að teljast hæfileg að minsta kosti í bráð. Þessum manni er svo lagt til, eins og gjört er í hinum norsku lögum, að stjórnarráðið geti á síðar falið framkvæmd ýmsra þeirra starfa, sem því er ætlað að hafa samkvæmt frumvarpinu, þegar festa er komin á alt þetta mál.

Við 14. gr.

Þótt vafasamt sje, að opið brjef 7. ágúst 1752 gildi hjer, hefur það þó verið álitið svo, og þykir því rjettast að afnema það með berum orðum.

Frumvarp til laga

um

lausamenn og þurrabúðarmenn.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

I. kafli.

Um lausamenn.

1. gr.

Þeir menn eru eigi skyldir til að vera í vist, er hafa 5 hundruð á landsvísu eða meira í árságóða af fasteignum eða öðru fje.

2. gr.

Hverjum þeim manni, sem er 22 ára að aldri, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni með því að taka leyfisbrjef hjá lögreglustjóra.

Fyrir leyfisbrjef skal karlmaður gjalda 15 kr., en kvenmaður 5 krónur. Rennur það fje í styrktarsjóð handa alþýðufólki í þeim hreppi eða bæjarfjelagi, er hann var síðast vistfastur í.

Sá, sem er fullra 30 ára að aldri, fær leyfisbrjefið ókeypis.

Sá, er leyfisbrjefið vill fá, skal taka það í síðasta lagi 1. dag maímánaðar það ár, er hann gengur úr fastri vist.

3. gr.

Heimilt skal mönnum þeim, er nú skal greina, að taka leyfisbrjef, þau er nefnd eru í 2. gr., þótt ekki sjeu þeir fullra 22 ára: 1) Ekkjumönnum og ekkjum, og konum, sem menn þeirra hafa yfirgefið eða skilið við að lögum, annaðhvort algerlega eða að borði og sæng. 2) Mönnum, sem hafa 1 hundrað á landsvísu í ársarð af fasteignum eða öðru fje. Ef afgjaldið eða leigan er greitt í peningum, skal telja það til álna eftir aðalmeðalverði í verðlagsskrá.

4. gr.

Auk gjalds þess, er ræðir um í 2. gr., skal greiða í landssjóð 2 kr. fyrir útgáfu leyfisbrjefs hvers.

5. gr.

Skylt er hverjum manni, er þannig verður laus, að hafa fast ársheimili, og skal hann tilkynna hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarfógeta á vori hverju, eigi síðar en 20. júní, hjá hverjum húsráðanda heimili hans er, og sanna það með skírteini frá húsráðandanum, ef hreppstjóri eða bæjarfógeti krefst þess. Verði ella sekur um 4—20 kr., og renni þær sektir í fátækrasjóð.

6. gr.

Rjett er, að lausamaður greiði þar lögboðin gjöld, sem ársheimili hans er. Nú greiðir hann eigi gjöld þessi á rjettum gjalddaga, og er þá húsráðandi sá, er lausamaður á heimili hjá, skyldur að greiða gjöldin fyrir hann, nema hann geti vísað á eignir, er lausamaður á, og teknar verði lögtaki til lúkningar gjöldunum.

7. gr.

Láti nokkur, sem fengið hefur leyfisbrjef til að komast hjá vist, undanfalla 2 ár í bili að greiða lögboðin gjöld eður skylduverk, eða þurfi fjárnámi að beita 2 ár hvort eftir annað, til að ná þeim gjöldum, þá hefir hann fyrirgert þeim rjetti sínum, er leyfisbrjefið veitir honum, og má honum eigi veita leyfisbrjef að nýju fyrr en eftir 5 ár.

8. gr.

Nú flytur maður sig, er fengið hefur lausamenskuleyfi, í annað lögsagnarumdæmi, og skal hann þá taka nýtt leyfisbrjef, er hann fái borgunarlaust; þó skal greiða gjald það, sem ræðir um í 4. gr. Ef einhver, sem fengið hefur leyfisbrjef, tilkynnir hlutaðeigandi lögreglustjóra, að hann ætli eigi að nota leyfið ákveðinn tíma, skal honum heimilt að nota það síðar, án þess að greiða nokkra borgun, ef hann gefur lögreglustjóranum það til vitundar.

9. gr.

Nú er maður óvistráðinn mánuði fyrir hjúaskildaga og á sjer enga

aðra löglega atvinnu vísa, og leitar hann hreppstjóra um að útvega sjer vist, og skal þá hreppstjóri vera honum hjálplegur í því efni. Ef maður er enn óvistráðinn um manntalsþing, og leitar sýslumanns um að útvega sjer vist, þá skal sýslumaður bjóða hann upp á manntalsþingum sýslunnar.

Nú útvegar hreppstjóri eða sýslumaður manni vist á þann hátt, er nú var sagt, og er hann þá skyldur að fara í þá vist, ef hún er boðleg. Bjóðist fleiri en einn til að taka manninn, má hann sjálfur um kjósa; en sje hann eigi við staddur, skal hreppstjóri eða sýslumaður ráða, í hverja vistina hann skal fara. Nú vill hann ekki þiggja vist þá, er á þennan hátt stendur honum til boða, og skal honum þá hegnt sem fyrir ólöglega lausamensku.

Nú hefur enginn boðist til að taka hinn vistlausa mann, og varðar honum eigi við lög, þótt hann sje laus til hjúaskildaga næsta ár; en skyldur er hann að ganga að hverri þeirri vinnu, sem lögreglustjóri eða hreppstjóri vísa honum á, enda sje vinnan honum eigi ofvaxin; ella er hann sekur 2—20 krónur eftir málavöxtum. Sama er og um hjú, er vistlaust verður eftir manntalsþing.

Nú er maður enn vistlaus á hinum næsta hjúaskildaga, og skal þá fara sem fyrr segir.

10. gr.

Lögreglustjórnin skal hafa vakandi auga á því, að enginn sá, sem er skyldur að vera í vist, komi sjer hjá skyldu þeirri, og skulu lögreglustjórar á hverju manntalsþingi grenslast eftir, hvort brotið hafi verið á móti lögum þessum.

Lögreglustjórnin skal vaka yfir því, að þeir, sem leyst hafa leyfisbrjef, hafi fast heimili og sjeu ekki á flakki; en verði þeir sekir í flakki, sektast þeir 4—40 kr., og skal lögreglustjórnin útvega þeim samastað, ef þeir engan hafa.

11. gr.

Hver sá, sem skyldur er að fara í vist, en hefur eigi gert það, nje heldur keypt leyfisbrjef það, sem um er rætt í 2. gr., verður um það sekur 10—50 kr., og greiði að auki jafnmikið og lúka á fyrir leyfisbrjef eftir 2. gr. Þyngja skal jafnan sektina, ef brotið er ítrekað eða beitt er röngum fyrirburði um vistaráð, eða ef maður gerir sig sekan í flakki.

12. gr.

Hver sá, er hjálpar öðrum til að koma sjer undan skyldu sinni að fara í vist, skal eftir málavöxtum sektast um helming eða alt að tveim þriðjungum þeirra sekta, sem ákveðnar eru í næstu grein á undan.

Hver sá húsráðandi, er hýsir slíkan mann 3 nóttum lengur að nauðsynjalausu verður sekur um 2—10 kr.

II. kafli.

Um húsmenn.

13. gr.

Nú vill maður setjast að í húsmensku eða þurrabúð og skal hann þá skýra lögreglustjóra í kaupstöðum og hreppstjóra annarstaðar frá því að minsta kosti 8 vikum áður en hann ætlar að setjast að þannig í kaupstöðum eða sveitinni, og um leið skal hann sanna fyrir lögreglustjóra eða hreppstjóra, að hann eigi vísan samastað þar um 1 ár að minsta kosti.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri gefur manni þeim, er húsmaður eða þurrabúðarmaður vill gerast, vottorð um tilkynninguna, og er vottorð þetta að skoða sem bygðarleyfi.

14. gr.

Nú sest maður að í húsmensku eða þurrabúð án þess að fullnægja áður skilyrðum þeim, er ræðir um í 13. gr., og er hann þá sekur um 10—50 krónur.

Sömu sekt sætir húsráðandi, er húsmann þann tekur í þurrabúð, er eigi hefur bygðarleyfi samkvæmt 13. gr.

15. gr.

Ákvæði 13. og 14. gr. ná til þeirra manna, er til afnota hafa jarðarpart, er eigi er stærri en 1 hundrað.

16. gr.

Enginn má byggja þurrabúðir utan kaupstaðar eða verslunarstaðar, hvort sem henni fylgja sjerstök hús eða landsdrottinn leigir af eigin húsum sinum, nema með þessum skilyrðum:

a. að þurrabúðinni fylgi lóð með ákveðnum merkjum, er að minsta kosti sje 400 ferh.faðmar að stærð, að meðtöldum matjurtagarði, sem byggja skal og rækta við hverja þurrabúð. Fjara skal eigi talin með, þar sem hún fylgir þurrabúðinni;
b. að þurrabúðin hafi nægileg húsakynni fyrir þann, er við tekur, og að þau sjeu viðunanlega loftgóð og hlý, eftir dómi skilríkra manna;
c. að þurrabúðin sje afhent viðtakanda með löglegri úttekt.

17. gr.

Þurrabúðarmaður sá, er tekur við þurrabúð með óræktaðri lóð, skal hafa ræktað hana og girt innan 7 ára; vera skal hann undanþeginn eftirgjaldi þessi ár.

18. gr.

Þurrabúð með óræktaðri lóð skal ávalt bygð að minsta kosti 8 ár. — Landsdrottinn skal gefa þurrabúðarmanni byggingarbrjef, þar sem skýrt er

tekið fram um ábúðartíma, réttindi og skyldur þurrabúðarmannsins. Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbrjef, og skal þurrabúðin þá álítast bygð þurrabúðarmanni og ekkju hans æfilangt og með þeim leigumála, er þurrabúðarmaður viðurkennir, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið.

19. gr.

Þegar ábúaendaskifti verða á þeim þurrabúðum, sem þegar eru til, skal í öllu fara sem segir í lögum þessum um húsakynni, útmælingu lóðar, ræktun, úttekt og bygging; þó má sýslunefnd eftir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar gera undantekningar viðvíkjandi stærð á lóð þurrabúðar.

20. gr.

Nema öðru vísi sje ákveðið í einstökum greinum, varða brot gegn lögum þessum 1—100 kr. sekt.

Sektir eftir lögum þessum renna að helmingi í hlutaðeigandi fátækrasjóð, en hinn helminginn fái hreppstjóri eða hreppstjórar.

21. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863, lög um þurrabúðarmenn 12. jan. 1888 og lög 2. febrúar 1894 um breyting á 2., 4. og 15. gr. í tilsk. um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Sveitarstjórnarlaganefndin í neðri deild alþingis 1905 kom fram með frumvarp til laga um lausamenn og þurrabúðarmenn, sem ekki varð útrætt í deildinni. Frumvarp þetta fór fram á að afnema rjett hreppsnefnda og bæjarstjórna til að synja húsmönnum og þurrabúðarmönnum um aðsetur í hreppum og bæjarfjelögum. Í frumvarpi sínu dróg nefndin ennfremur saman hin eldri ákvæðin um lausamenn og húsmenn og bætti jafnframt við ákvæðum um, að krefjast skyldi skírteina um, að maður sje sestur að í húsmensku eða þurrabúð.

Með því að stjórnaráðið verður að vera nefndinni samdóma um, að hinn umræddi rjettur sveitarstjórna til að synja mönnum aðsetursleyfis, sje óeðlilegt haft á atvinnufrelsi þeirra, og telur hinsvegar haganlegt, að hin eldri ákvæði um lausamenn og húsmenn sjeu dregin saman í ein lög, hefur þótt rjett að leggja frumvarpið af nýju fyrir alþingi.

Frumvarp til laga

um

skipun læknishjerađa o. fl.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Íslandi skal skift í 43 læknishjeruð, þau er hjer segir:

1. Reykjavíkurhjerað: Reykjavíkurkaupstaður og Seltjarnarneshreppur inn að Elliðaám og Fossvogi að meðtaldri Engey og Viðey. Læknissetur í Reykjavík.
2. Hafnarfjarðarhjerað: Bessastaðahreppur, Garðahreppur, Seltjarnarneshreppur fyrir ofan Elliðaár og Fossvog, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Læknissetur í Hafnarfirði.
3. Skipaskagahjerað: Ytri Akraneshreppur, Innri Akraneshreppur, Skilmannahreppur, Leirár- og Melahreppur og Strandarhreppur. Læknissetur á Skipaskaga.
4. Borgarfjarðarhjerað: Skorradalshreppur, Andakílshreppur, Lundareykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur, Stafholtstungnahreppur.
5. Borgarneshjerað: Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur. Læknissetur í Borgarnesi.
6. Ólafsvíkurhjerað: Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur, Neshreppur utan Ennis og Neshreppur innan Ennis. Læknissetur í Ólafsvík.
7. Stykkishólmshjerað: Eyrarsveit, Stykkishólmshreppur, Helgafellshreppur, Skógarstrandarhreppur og Miklaholtshreppur. Læknissetur í Stykkishólmi.
8. Dalahjerað: Dalasýsla, nema Rauðseyjar og Rúfeyjar.
9. Reykhólahjerað: Geiradalshreppur, Reykhólahreppur og Gufudalshreppur.
10. Flateyjarhjerað: Flateyjarhreppur, Rauðseyjar og Rúfeyjar í Dalasýslu, Múlahreppur og Hjarðarnes að Vatnsfirði. Læknissetur í Flatey.

11. Patreksfjarðarhjerað: Rauðasandshreppur, Tálknafjarðarhreppur og Barðastrandarhreppur vestan Vatnsdalsár. Læknissetur í Patreksfjarðarkauptúni.
12. Bíldudalshjerað: Suðurfjarðahreppur og Dalahreppur. Læknissetur í Bíldudalskauptúni.
13. Þingeyrarhjerað: Vestur-Ísafjarðarsýsla. Læknissetur á Þingeyri.
14. Ísafjarðarhjerað: Hólshreppur, Eyrarhreppur, Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur. Læknissetur í Ísafjarðarkaupstað.
15. Hesteyrarhjerað: Grunnavíkurhreppur og Sljettuhreppur. Læknissetur á Hesteyri.
16. Strandahjerað: Strandasýsla að undanskildum Bæjarhreppi.
17. Miðfjarðarhjerað: Húnavatnssýsla vestan Gljúfurár, og Bæjarhreppur í Strandasýslu.
18. Blönduóshjerað: Húnavatnssýsla austan Gljúfurár. Læknissetur á Blönduósi.
19. Sauðárkrókshjerað: Skefilsstaðahreppur, Sauðárhreppur, Staðarhreppur, Seiluhreppur. Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur og Rípurhreppur. Læknissetur á Sauðárkróki.
20. Hofsóshjerað: Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Fellshreppur, Haganeshreppur og Holtshreppur. Læknissetur á Hofsósi.
21. Siglufjarðarhjerað: Hvanneyrarhreppur og Þóroddstaðahreppur. Læknissetur í Siglufjarðarkauptúni.
22. Arnarneshjerað: Svarfaðardalshreppur, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur.
23. Akureyrhjerað: Glæsibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur. Læknissetur í Akureyrarkaupstað.
24. Höfðahverfishjerað: Grýtubakkahreppur og Hálshreppur.
25. Reykdælahjerað: Ljósavatnshreppur ofan fyrir Þóroddsstað, Reykdælahreppur og Skútustaðahreppur.
26. Húsavíkurhjerað: Ljósavatnshreppur upp undir Þóroddsstað, Aðaldælahreppur, Húsavíkurhreppur og Grímsey. Læknissetur í Húsavík.
27. Axarfjarðarhjerað: Kelduneshreppur, Axarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur vestan Skinnalónsheiðar.
28. Þistilfjarðarhjerað: Presthólahreppur austan Skinnalónsheiðar, Svalbarðshreppur og Sauðaneshreppur.
29. Vopnafjarðarhjerað: Skeggjastaðahreppur og Vopnafjarðarhreppur. Læknissetur í Vopnafjarðarkauptúni.
30. Hróarstunguhjerað: Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár upp að Gilsá, Hlíðarhreppur, Tunguhreppur, Hjaltastaðarhreppur, Eiðahreppur og Borgarfjarðarhreppur.
31. Fljótsdalshjerað: Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár fyrir ofan Gilsá, að meðtaldri Jökulsdalsheiði, Möðrudal og Víðidal, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Skriðdalshreppur og Vallahreppur.
32. Seyðisfjarðarhjerað: Loðmundarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Mjóafjarðarhreppur. Læknissetur í Seyðisfjarðarkaupstað.
33. Reyðarfjarðarhjerað: Norðfjarðarhreppur og Reyðarfjarðarhreppur. Læknissetur í Eskifjarðarkauptúni.
34. Fáskrúðsfjarðarhjerað: Fáskrúðsfjarðarhreppur. Læknissetur í Búðakauptúni.

35. Berufjarðarhjerað: Breiðdalshreppur, Stöðvarhreppur, Beruneshreppur og Geithellahreppur.
36. Hornafjarðarhjerað: Austur-Skaftafellssýsla.
37. Síðuhjerað: Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallarhreppur, Álftavershreppur og Skaftártunguhreppur.
38. Mýrdalshjerað: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur, Austur-Eyjafjallahreppur.
39. Vestmannaeyjahjerað: Vestmannaeyjar.
40. Rangárhjerað: Rangárvallarsýsla, að undanskildum Austur-Eyjafjallahreppi.
41. Eyrarbakkahjerað: Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Ölfushreppur og Selvogshreppur. Læknissetur á Eyrarbakka.
42. Grímsneshjerað: Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Grafningshreppur og Þingvallahreppur.
43. Keflavíkurhjerað: Vatnsleysustrandarhreppur, Njarðvíkurhreppur, Rosmhvalaneshreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur og Grindavíkurhreppur. Læknissetur í Keflavík.

Nú er hjeraðslæknis vitjað úr öðru læknishjeraði til konu í barnsnauð eða í annari mjög brýnni nauðsyn, fyrir þá sök að hægra er að ná til hans en viðkomandi læknis, og hefur hann þá sömu skyldu til að vitja sjúklingsins, eins og hjeraðsbúi hans ætti í hlut.

2. gr.

Konungur skipar hjeraðslækna í hjeruð þau öll, er talin eru í 1. gr.

Auk þess skulu skipaðir aðstoðarlæknar hjeraðslæknunum í Ísafjarðarhjeraði og Akureyrarhjeraði. Aðstoðarlækna þessa skipar ráðherra.

Í þeim hjeruðum, þar sem lög þessi ekki kveða beint á um það, hvar læknissetrið skuli vera, skal hjeraðslæknir skyldur til að setjast þar að, er ráðherra ákveður með ráði viðkomandi sýslunefndar eða sýslunefnda.

Hjeraðslæknarnir í Reykjavíkurhjeraði, Ísafjarðarhjeraði, Akureyrarhjeraði og Seyðisfjarðarhjeraði skulu skyldir að takast á hendur án sjerstakrar borgunar læknseftirlit við sóttvarnarhús þau, er þar eru bygð samkvæmt 6. gr. laga 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

3. gr.

Hjeraðslæknir hver fær að árslaunum 1500 kr.

Aðstoðarlæknunum skal veita 800 kr. þóknun hvorum á ári.

Launin greiðast úr landsjóði,

Hafi nokkur hjeraðslæknir, sem nú er skipaður í embætti, hærri laun en honum bæri eftir lögum þessum, heldur hann því sem fram yfir er sem viðbót við sjálfan hann.

Hjeraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við hverja breyting, sem verður á hjeruðum þeirra eftir lögum þessum.

4. gr.

Þegar samkomulag næst eigi og ágreiningur verður, skal fara um borgun fyrir störf hjeraðslækna samkvæmt gjaldskrá, er ráðherra semur með ráði landlæknis. Gjaldskrá þessi skal vera þannig, að lágmark hennar sje yfirleitt eigi hærra en borgun sú, sem ákveðin er fyrir læknisverk í 4. og 5. gr. laga 13. okt. 1899 nr. 24, eða sem næst eftir tiltölu við það, er um önnur læknisstörf er að ræða, en þau, er þar eru nefnd, og hámark hennar eigi meira en lágmarkið margfaldað með tölunni 3. Fara skal eftir lágmarki gjaldskrárinnar, er vitanlegir fátæklingar eiga í hlut, eða greiða skal fyrir læknisverk af almannafje. Að öðru leyti skal ákveða gjaldið eftir ástæðum öllum innan þeirra takmarka, sem gjaldskráin setur.

5. gr.

Verði læknir að takast ferð á hendur til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, skal sjá honum fyrir flutningi ókeypis og svo beina leið sem hægt er, og greiða honum ennfremur, auk borgunar fyrir læknisverkið, 1 krónu fyrir fyrstu stund, 75 aura fyrir aðra stund, 50 aura fyrir þriðju stund, og 25 aura fyrir hverja stund úr því, sem hann er á ferð eða að læknisstörfum; en hálfu hærra gjald, ef haldið er áfram ferð eða verið að læknisstörfum að nóttu til, milli náttmála og miðs morguns. Þegar læknir ferðast í þarfir heilbrigðis- og rjettargæslu, ber honum yfirleitt 40 aura borgun fyrir hverja stund, sem hann er á ferð eða að embættisstarfi, þó aldrei meira en 6 kr. fyrir sólarhring og tiltölulega við það fyrir þann tíma, sem fram yfir er sólarhring; á slíkum ferðum ber lækni engin borgun fyrir skoðun á sjúklingum í þarfir sóttvarna. Tímalengd ferðar skal miða við beinustu færa leið frá bústað læknis og jafnt áframhald án óþarfatafa. Ef læknis er vitjað í senn til 2 eða fleiri sjúklinga í sömu átt og er sinn á hverjum stað, þá skal hann jafna stundagjaldinu niður á sjúklingana í rjettu hlutfalli við vegalengdir frá læknissetrinu til hvers þeirra, og á hann jafnan heimtingu á kauplausum flutningi áleiðis af þess hendi, er hann kemur síðast til. Nú er læknir á ferð og beðinn að koma út af leið til sjúklings, og ber þeim sjúklingi að greiða stundagjald fyrir þann tíma, er töfin tekur, svo sem ef læknir hefði verið heimtur af heimili sínu.

6. gr.

Lög 13. oktbr. 1899 um skipun læknahjeraða á Íslandi o. fl. eru úr gildi numin.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1908.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Neðri deild síðasta alþingis samþykti, með 17 atkvæðum gegn 3, þingsályktun, er þannig er orðuð:

»Neðri deild alþingis ályktar að skora á ráðherra Íslands að hlutast til um, að læknaskipunin hjer á landi verði endurskoðuð, og að fyrir alþingi 1907 verði lagt frumvarp um breyting á henni, með sjerstöku tilliti til óska þeirra, er bornar hafa verið fram á þinginu í sumar um breytingar í þessu efni«.

Þótt læknaskipunarlögin, sem nú gilda, sjeu tiltölulega ný, ekki nema rúmra 7 ára, og þótt stjórnarráðið sje þeirrar skoðunar, að læknahjeruðunum sje yfirleitt skipt svo niður með fámennið annars vegar og strjálbygðina hins vegar fyrir augum, að efasamt sje að breytt verði til batnaðar nema á fáeinum stöðum, þá hefur þótt rjett að verða við umgetinni áskorun alþingis. Það skal þó þegar tekið fram, að stjórnarráðið álítur ekki fært að fjölga tölu læknishjeraðanna úr því sem nú er. Hún virðist þegar orðin fullhá í samanburði við fólksfjöldann, þótt jafnframt sje tekið tillit til þess, að landið er víða mjög strjálbygt.

Svo er og um framlag landssjóðs til launa handa læknum, að það er þegar orðið svo mikið, að varla virðist fært að hækka það. Hinsvegar verður því eigi neitað, að það hefur sýnt sig, að kjör þau, sem hjeraðslæknunum, í sumum læknishjeruðunum að minsta kosti, eru boðin, þykja eigi aðgengileg, því að stöðugt standa nokkur læknishjeruð óveitt, sem enginn læknir fæst í. Þetta er aðalgallinn á læknaskipuninni; þetta er sá galli, sem afarnauðsynlegt er úr að bæta. Það hafa á hinum síðari árum komið sárar kvartanir til landsstjórnarinnar úr hjeruðum þeim sumum, þar er læknislaust hefur verið, og áskoranir um að sjá um, að læknir komi í hlutaðeigandi hjerað, en landsstjórnin hefur sjaldnast getað nokkuð að gert, sumpart vegna þess, að engir læknisfræðingar hafa verið á lausum kjala, og sumpart af því, að hlutaðeigandi læknishjeruð hafa þótt svo óaðgengileg, að læknisfræðingar hafa heldur viljað vera embættislausir en taka þau.

Stjórnarráðið hefur því fengið tillögur landlæknis um breytingar á læknaskipuninni, og er frumvarp þetta bygt á tillögum hans að því er snertir breytingar þær, er farið er fram á að gerðar í því efni sjeu á lögunum frá 6. nóv. 1899, nr. 34.

Breytingar þær, er landlæknir leggur til að gerðar sjeu á læknishjeraðaskipuninni og stjórnarráðið felst á að öllu leyti, eru þessar:

1. Að minka Reykjavíkurhjerað, þannig að Reykjavíkurbæ fylgi að eins Seltjarnarnesið, Engey og Viðey, og hinn annar hluti Seltjarnarneshrepps upp að Elliðaám og Fossvogi, í stað þess að nú fylgir bænum allur Seltjarnarneshreppur, Bessastaðahreppur, Garðahreppur og Mosfellshreppur.

   Reyndar er það vitanlegt, að hjeraðslæknirinn í Reykjavík, sem auk þess hefur á hendi kenslu við læknaskólann, hefur ærið nóg að starfa, þótt eigi næði hjeraðið yfir meira en bæinn sjálfan, en það er hvorttveggja,* að eigi munar mikið um þann hluta Seltjarnarneshrepps, er enn er ætlast til að fylgi bænum, enda er hinsvegar miklu hægra að leita þaðan til Reykjavíkur, heldur en á aðra staði þar er umtalsmál er að hjeraðslæknir sitji.
2. Hjeraðslæknir settur í Hafnarfirði. Á fjárlögunum hafa verið veittar undanfarið 800 kr. á ári handa aðstoðarlækni hjeraðslæknisins í Reykjavík með því skilyrði, að aðstoðarlæknir þessi sitji í Hafnarfirði. Þessi sami læknir

hefur í nokkur ár jafnframt verið settur til að þjóna Kjósarhjeraði. Kjósarhjerað hefur nefnilega staðið óveitt lengi, vegna þess að það hjerað þykir eigi lífvænlegt, sjerstaklega sökum fámennis (um 900 íbúar) og sökum strjálbygðar.

Hafnarfjörður hefur vaxið svo á hinum síðari árum, að það kauptún á í rauninni heimting á því, að þar sitji hjeraðslæknir, einkum þar sem fjölbygð sveit, Álftanesið, er þar í grendinni, en ekkert virðist því til fyrirstöðu, að hjeraðslæknir í Hafnarfirði þjóni, auk nágrennis kauptúns þessa, miklum hluta Kjósarhjeraðs. Þessu er háttað svo í framkvæmd nú, og þykir fara vel, svo að vel virðist mega skipa því þannig með lögum. En þá er sjálfgefið að leggja þann hluta Strandarhrepps, sem nú heyrir Kjósarhjeraði til, undir Skipaskagahjerað, og Þingvallasveitina við Grímsneshjerað.

3. Hjeraðslæknir settur í Borgarnesi. Mýrahjerað hefur nú verið læknislaust í tvö ár, og eru öll líkindi til þess, að þangað fáist ekki læknir tregðulaust, því að hjerað þetta þykir eigi lífvænlegt. Það virðist því tiltækilegt að breyta hjer dálítið hjeraðaskipuninni, þannig að hjeraðslæknirinn geti setið í kauptúninu Borgarnesi, því að þótt kauptúnið sje fáment, þá er þar þó mjög mikil umferð. Það er því lagt til að Mýrahjeraði sje breytt þannig, að Borgarhreppur sje tekinn frá Borgarfjarðarhjeraði og lagður við Mýrahjerað, en Miklaholtshreppur aftur lagður frá Mýrahjeraði og við Stykkishólmshjerað. Það er mjög vel tiltækilegt og að mörgu leyti eðlilegast, að íbúar Miklaholtshrepps eigi lækni að sækja í Stykkishólm. Ef til þess er ætlast að hjeraðslæknirinn sitji í Borgarnesi, þá virðist einna best í samræmi við mörg önnur nöfn læknahjeraðanna að breyta nafninu á Mýrahjeraði og kalla það Borgarneshjerað.
4. Sameining Nauteyrarhjeraðs við Ísafjarðarhjerað. Aðstoðarlæknir á Ísafirði. Eins og kunnugt er, hefur Ísafjarðarkauptún verið í allmiklum vexti á undanförnum árum; þar er bæði sjúkrahús og sóttvarnarhús; þar eru og mjög tíðar skipakomur, svo að bærinn má í rauninni aldrei vera læknislaus; því er þörf á því, að hjeraðslæknirinn þar fái aðstoðarlækni, líkt eins og nú er um hjeraðslækninn á Akureyri. En þá væri og vinnandi vegur að leggja Nauteyrarhjerað við Ísafjarðarhjerað. Nauteyrarhjerað er bæði fáment og strjálbygt, og þykir ekki vel lífvænlegt, og það þótt launin væri bætt eitthvað lítið eitt. Þar er nú læknislaust. Mótorbátum fjölgar óðum við Ísafjarðardjúp, og mundi læknirinn á Ísafirði nota mest mótorbáta til ferða sinna í hið núverandi Nauteyrarhjerað og væntanleg talsímalagning mundi ljetta mönnum mjög að ná til læknis. Það er því lagt til að Nauteyrarhjerað verði sameinað Ísafjarðarhjeraði og þar skipaðir tveir læknar, hjeraðslæknir og aðstoðarlæknir.
5. Skifting Höfðahverfishjeraðs í tvent. Það hefur lengi verið mikil óánægja hjá íbúum Höfðahverfishjeraðs vestan Eyjafjarðar yfir því, að þurfa að sækja hjeraðslækninn austan yfir fjörðinn, og er þetta eigi að furða, er litið er til þess, að mikill meiri hluti hjeraðsbúa er vestan fjarðarins. Það hefur því verið farið fram á það, að hjeraðslæknirinn, er nú situr í Grenivík, flytti bústað sinn vestur yfir fjörð, eða þá að hjeraðinu væri skift. Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu hefur mælt móti því, að bústaður hjeraðslæknis sje fluttur, enda eru allmiklir agnúar á því, sjerstaklega sá, að varla er fært að leita

til neins læknis annars sumstaðar úr austurhluta Höfðahverfishjeraðs fyrir erfiðleikasakir, ef ekki næðist vestur yfir fjörðinn, en úr vesturpartinum má þó ná til Akureyrar.

Hjer er það lagt til, að vesturhluti hjeraðsins, að viðbættum innra hluta Arnarneshrepps og Skriðuhreppi, verði sjerstakt læknishjerað, og nefnist Svarfaðardalshjerað, en austurhlutinn, að viðbættum efra hluta Hálshrepps, haldi hinu gamla nafni, Höfðahverfishjerað.

Akureyrarhjerað verður fullstórt fyrir tvo lækna (hjeraðslækni og aðstoðarlækni), þótt innri hluti Arnarneshrepps og Skriðuhreppur gangi frá Það gæti ennfremur verið ástæða til að leggja Svalbarðsstrandarhrepp frá Akureyrarhjeraði við Höfðahverfishjerað, og sæti þá hjeraðslæknirinn rjett fyrir innan Fnjóská, í Laufási eða á Þorsteinsstöðum.

6. Þá er lagt til að Breiðdalshreppur leggist frá Fáskrúðsfjarðarhjeraði við Berufjarðarhjerað, sökum þess að, þótt það sje fólksfleira, þá er þar miklu minna fyrir hjeraðslækni að gera, vegna þess að sjúkrahús er á Fáskrúðsfirði (Búðum), og þangað sækir fjöldi útlendra fiskimanna.
7. Loks þykir það hagkvæmara að láta Álftavershrepp fylgja Síðuhjeraði en Mýrdalshjeraði. Leiðin úr Álftaveri austur á Síðu er álíka löng og vestur í Mýrdal, en Kúðafljót talið öllu minni torfæra en Mýrdalssandur, og samt yrði Síðuhjerað fólksfærra en Mýrdalshjerað.

Eins og drepið hefur verið á að framan, hefur reynst mjög örðugt að fá lækna í sum hjeruðin. Frá íbúum hjeraða þessara hafa komið áskoranir um það að hækka launin, svo að þessi hjeruð væru lífvænleg. Það virðist og ekki fjarri rjettu, að bætt væri upp fámennari og strjálbygðari hjeruðin, og þá stundum hin erfiðari um leið, með hærri föstum launum, en stjórnarráðið hefur þó, að ráði landlæknis, ekki viljað fara lengra en svo, að gera öll laun hjeraðslækna jöfn, 1500 kr.; yrði þá samanlögð launaupphæð 43 hjeraðslækna og tveggja aukalækna samtals svo að segja alveg jöfn þeirri upphæð, sem nú er lögð til að launa læknum, og þó 400 kr. lægri um árið þegar frá líður, og þeir læknar, sem nú hafa hærri laun en 1500 kr., eru farnir frá. Enn er það lagt til, að öllum hjeraðslæknum sjeu veitt eftirlaun. Það er engin sanngirni í því, að sumir af hjeraðslæknunum, og það einmitt þeir, sem sitja í tekjumestu embættunum, hafi eftirlaunarjett, en hinir ekki. Annaðhvort virðist eiga að vera, að allir hjeraðslæknar hafi eftirlaunarjett eða enginn, og eftir að hin nýju almennu eftirlaunalög (4. mars 1904) komu í gildi, virðist ekki neitt sjerlega varhugavert landsjóðs vegna að veita öllum hjeraðslæknum þennan rjett.

Landlæknir álítur að þetta sje samt eigi enn nóg til þess að fá nýta menn í öll eða flest læknishjeruðin. Til þess að gera læknishjeruðin yfirleitt vel aðgengileg, telur hann ráð að breyta ákvæðunum um borgun fyrir læknisverk, þannig að hjeraðslæknar sjeu eigi bundnir við ákveðinn óhreyfanlegan taxta, sem lögin setja, þar sem til er tekin jafn lág borgun og gjört er í hinum gildandi læknaskipunarlögum, heldur sje hjeraðslæknum heimilað að taka borgun fyrir verk sín nokkuð eftir mati, miðað annarsvegar við vandasemi verksins og hinsvegar við efni og ástæður gjaldanda, eins og gert er í öðrum löndum, þó innan takmarka, er landstjórnin setti eftir heimild löggjafarvaldsins.

Stjórnarráðið felst og á stefnuna í tillögum landlæknis að þessu leyti. Ákvæði 5. og 6. gr. læknaskipunarlaganna um borgun fyrir læknisverk eru að ýmsu leyti ósanngjörn gagnvart læknunum og ónákvæm eða ófullnægjandi, enda virðist

það naumlega vera löggjafaverk að semja gjaldskrá fyrir hvert eitt verk lækna. Það ætti að vera óhætt að fela þetta landsstjórninni, einkum ef ákvæði væri sett um það í lögum, að hún væri bundin við einhver sannsýnileg takmörk, líkt eins og lagt er til í frumvarpinu. Ef það er trygt, að fátæklingar og almannasjóðir eigi þurfi að greiða nema tiltölulega lága horgun, þá ætti það ekki að vera neitt viðurhlutamikið að leyfa læknum að taka ríflegra gjald, innan sanngjarnra tak, marka fyrir verk sín af hinum efnaðri. Með þessu móti ætti að vera hægt að bæta nokkuð kjör hjeraðslækna, án þess að íþyngja að mun almenningi.

Í sambandi við þetta er tillaga um að hækka nokkuð borgun fyrir ferðir lækna, þannig að hækkunin lendi aðeins á fyrstu þrem klukkustundum ferðarinnar, og komi þannig hlutfallslega þyngst niður á þá, er næstir búa læknissetrinu, og virðist það sanngjarnt, því að þeir njóta hlunninda af því, og er því vorkunnarlaust að borga rífari þóknun tiltölulega fyrir þann tíma, sem læknirinn er á ferð, en hinir greiða, sem sitja í fjarska frá lækni.

Landlæknir lætur þess getið í erindi sínu, að það sje alsiða í Noregi og Svíþjóð, að afskektar sveitir semji um það við hjeraðslækni sinn, að hann komi í sveitina á tilteknum tímum nokkrum sinnum á ári, og dveljí þar einn eða tvo daga, til þess að sjúklingar í sveitinni geti vitjað hans, Sveitin borgar ferðina, og leggur til ókeypis húsnæði, en sjúklingar borga að eins fyrir læknisverkið. Telur landlæknir æskilegt, að slíkt geti komist á hjer á landi, og hyggur að ástæða sje til að taka í lög ákvæði þessu viðvíkjandi. Stjórnarráðið telur líklegt, að heppilegt sje að viðhafa líka aðferð þessu, sumstaðar hjer á landi, en byggir á því, að samningar um þetta geti komist á, þótt ekkert sje ákveðið um það í lögum.

Að öðru leyti skal athugað um hinar einstöku greinir frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ákvæðið um það, að hjeraðslæknirinn á Akureyri skuli, ef á liggur, vitja sjúklinga í Höfðahverfishjeraði vestan Eyjafjarðar, fellur að sjálfsögðu burtu, er sjerstakt hjerað er stofnað fyrir Svarfaðardalinn og þar í grend. En það þykir og rjett, að nema burtu öll samskonar ákvæði um skyldu hjeraðslækna til þess að vitja sjúkra í ákveðnum hlutum annara hjeraða. Í þessu efni ætti að nægja hið almenna ákvæði hjer að lútandi í niðurlagi þessarar greinar.

Það virðist rjett að ákveða það beint í lögunum, hvar hjeraðslæknir skuli sitja í þeim hjeruðum, sem augljóst er um, að ekki er um nema einn stað að velja.

Um 2. gr.

Það ákvæði í gildandi lögum, að sýslunefndir skuli hjálpa lækni til að útvega sjer samastað, er felt burtu, og eins hitt, að landsstjórnin skuli leggja til landssjóðsjarðir fyrir læknissetur. Þessi ákvæði hafa reynst þýðingarlaus eða því sem næst. Í einum þremur eða fjórum sýslum hefur sýslunefnd að vísu verið hjálpleg hjeraðslækni í þessu efni, að því er kunnugt er, en annarsstaðar hefur ákvæðið orðið jafnvel að deiluefni milli sýslunefndar og læknis. Ákvæðið um landssjóðsjarðir fyrir læknissetur hefur að kalla má alls eigi verið notað. Fyrst og fremst virðist það, að því er sýslunefndir snertir, allósanngjarnt að leggja þessa skyldu á þær, þegar þær hafa í rauninni engin ráð í hendi til

þess að uppfylla skylduna. Svo eru þessi ákvæði hvorki heil nje hálf. Annaðhvort ætti að gera, að fá öllum hjeraðslæknum fasta læknisbústaði, að minsta kosti öllum læknum utan kaupstaða, — því að það geta verið miklir örðugleikar á því fyrir lækni að koma sjer fyrir í smákauptúni, án þess að byggja sjer íbúðarhús, ekki síður en í sveit, — eða þá að láta alla hjeraðslækna um það að útvega sjer bústað, alveg eins og aðra verslega embættismenn, En það mundi kosta landssjóð ærna fje að koma upp föstum læknissetrum.

Hjer er felt burtu ákvæði í tilsvarandi grein í núgildandi lögum, um að hjeraðslæknar sjeu skyldir til að hafa lækniseftirlit kauplaust á sjúkrahúsum, er njóta styrks úr landssjóði. Þetta ákvæði er mjög ósanngjarnt, og verður enn ósanngjarnara eftir því sem fleiri og fleiri sjúkrahús verða reist, sem njóta styrks af almannafje. Hitt virðist aftur ekkert við að athuga, þótt embættislæknar sjeu skyldaðir til að hafa eftirlit með sóttvarnarhúsum sem sóttvarnarlæknar.

Um 3. gr.

Um laun og eftirlaun hjeraðslækna er talað áður. Það þykir eiga betur við að ákveða hjer laun þau, er aðstoðarlæknum eru ætluð, heldur en að þau sjeu veitt að eins á fjárlögunum.

Hjer er gert ráð fyrir, að hin nýja skipun komist á þegar, því að breytingin er ekki svo mikil eða eigi þannig löguð, að þörf sje á að láta lögin koma í gildi smátt og smátt.

Um 4. gr.

Um ákvæði þessarar greinar er talað nokkuð áður, en hjer skal því einu við bætt, að þótt svo sje mælt fyrir, að landsstjórninni sje heimilt að prefalda lágmark gjaldskrárinnar, þá er það ekki hugsunin, að gjaldskráin þurfi að vera svo rúm alstaðar, heldur einkum þar sem vitanlegt er að læknisverkið, sem nefnt er sama nafni, getur verið mjög mismunandi, svo sem er um líkamsskurði ýmsa, eða skoðun á sjúklingi. Stundum nægja lækni máske fáar mínútur til að skoða sjúkling, en annan sjúkling þarf hann að hafa undir rannsókn í fleiri klukkustundir.

Um 5. gr.

Borguninni fyrir ferðir lækna í þarfir einstakra manna, er haldið óbreyttri, að öðru leyti en því, að bætt er við 75 a. fyrir 1. klukkustund ferðarinnar, 50 a. við 2. og 25 a. við 3. klukkustundina. Nú er borgunin 25 a. fyrir hverja klukkustund, jafnt á nóttu sem degi. Fyrir 10 klukkutíma ferð fær þá læknir nú 2 kr. 50 a., en eftir því sem hjer er farið fram á 4 kr., eða 40 a. um tímann til uppjafnaðar. Sje ferðin lengri verður munurinn tiltölulega minni, og sje hún aftur styttri, þá meiri. Auk þess er lækni leyft að taka tvöfalda borgun fyrir næturferðir í einstakra manna þarfir. Það er því bert, að hækkunin kemur aðallega niður á stuttum ferðum, og á þeim mönnum, sem næstir búa læknissetri, eins og drepið er á að framan.

Eftir líkri reglu er hækkuð borgun til lækna fyrir ferðir í þarfir rjettargæslu og heilbrigðis, úr 25 a. upp í 40 a., þó svo að borgunin fyrir heilan sólarhring fari ekki fram úr 6 kr.; hækkunin kemur þá þar fram á þeim einum ferðum, er styttri eru en 24 klukkustundir. Fyrir næturferðir í þessum erindagerðum greiðist ekki hærra gjald en fyrir dagferðir. Það þykir engin ástæða til að greiða

sjerstaka borgun fyrir skoðun á sóttgrunuðum sjúklingum, þegar læknar eru á ferð í þarfir sóttvarna, enda er þetta mest í samræmi við ákvæði 2. gr. í f. Það væri, ef til vill rjett í sjálfu sjer, að láta þetta ákvæði ná til allra slíkra eftirgrenslana, er grunur er um farsóttir, en stjórnarráðið hefur þó eigi farið svo langt af því að hætt er við, að það kynni að draga heldur úr slíkum ransóknum, ef engin borgun kæmi fyrir, ekki einu sinni tímaborgun.

Erindi landlæknis G. Björnssonar um breyting á læknaskipuninni ásamt fylgiskjölum fylgir með frumvarpi þessu (fylgiskj. 1—5).

Fylgiskjal I.

Tillögur

til breytinga á lögum 13. október 1899

um

skipun læknahjeraða á Íslandi o. fl.

Fylgiskjöl:

1. Uppdráttur Íslands, þar sem læknahjeruðin eru aðgreind með rauðum rákum.
2. Manntal í læknahjeruðunum á Íslandi 1901.
3. Um læknataxta í Danmörku.
4. Svensk lög um borgun fyrir læknisverk og læknisferðir, í íslenzkri þýðingu.
5. Prússnesk reglugjörð um borgun fyrir læknisverk og læknisferðir, í íslenskri þýðingu.

1. Um skipun læknahjeraðanna.

(1. grein).

Alþýða manna hefur stöðugt heimtað fjölgun á hjeraðslæknum. Allir vilja eiga sem skemst til læknis. Þessi krafa er eðlileg, enda hefur henni jafnan verið vel tekið af þingi og stjórn. Um 1800 voru læknaumdæmin 6; um 1850 voru þau orðin 8. Árið 1875 var landinu skift í 20 hjeruð (lög 15. okt. 1875). Innan skamms komu enn á ný kvartanir um læknisleysi úr ýmsum áttum og tók þá þingið að veita styrk til aukalækna. Árið 1899 var landinu skift í 42 hjeruð (lög 13. okt. 1899).

Þrátt fyrir þessa miklu fjölgun hefur enn verið beðið um viðbót; hjeraðslæknunum á Akureyri og í Reykjavík hefur undanfarin ár verið veittur styrkur til að taka sjer aðstoðarlækna; og á síðasta þingi var stofnað nýtt hjerað, Bíldudalshjerað. Enn er ekkert útlit fyrir, að þessari eftirsókn eftir fleiri læknum muni linna. Úr Höfðahverfishjeraði hefur komið beiðni um lækni, er ætti bústað í þeim hluta hjeraðsins, sem er vestanvert við Eyjafjörð. Mjófirðingar vilja fá lækni; Önfirðingar telja sig læknisþurfa, og skuli sá læknir sitja á Flateyri.

Nú er það augljóst að einhversstaðar verður að láta staðar numið. Landsjóður getur ekki borið þá byrði, að kosta lækni í hverja afskekta sveit á landinu. Þeir af landsmönnum, sem lifa fáir saman í afskektum sveitum, Grímsey, Öræfum o. s. frv., geta ekki ætlast til allra sömu þæginda sem þeir, er lifa í fjölbygðum hjeruðum. Yfirleitt er læknisþörfin mest í kaupstöðum og kauptúnum landsins; þar er þjettbýlast, mest um innlendar farsóttir, mest hætta af útlendum sóttum. Í afskektum sveitum er jafnan minst um veikindi; þar lifir fólk hollara lífi; þar ber minna á allskonar óreglu; þangað koma farsóttir miklu sjaldnar. Hins vegar er og þess að gæta, að mjög fámenn hjeruð verða mjög ólífvænleg fyrir lækna, einkum strjálbygð sveitahjeruð, vegna þess að aukatekjur nema þar svo litlu, og er því hætt við, að þau hjeruð verði tímum saman eða að staðaldri læknislaus. Þau hjeruð, sem stofnuð voru 1899, hafa aldrei verið fullskipuð; nú sem stendur eru 5 af þeim læknislaus: Kjósar-, Mýra-, Nauteyrar-, Reykdæla- og Þistilfjarðar-hjerað; og í eitt þeirra hefur aldrei fengist læknir, Þistilfjarðarhjerað. Ef læknum er enn fjölgað, hjeruðin smækkuð, má ganga að því vísu, að læknaskorturinn verði enn tilfinnanlegri. En af læknaskortinum leiðir tvent: Sum hjeruð fá enga lækna; sum fá lítt nýta lækna.

Menn kunna nú að segja að úr þessu megi bæta með því að hækka hin föstu laun læknanna; en svo ant sem mjer er um það, að landið sje sem best skipað læknum, þá verð jeg þó að játa, að launakostnaðurinn er orðinn það mikill, að á hann er naumast miklu bætandi; jeg verð að telja hagkvæmara fyrir

þjóðina, að auknum útgjöldum til heilbrigðisþarfa sje varið til sjúkraskýla og annars því um líks, fremur en til þess að hækka föst laun til lækna, eða fjölga læknum.

Annað mál er það, að vel er hugsanlegt að hjeraðaskipunin gæti verið hagkvæmari og mætti víða bæta úr vandkvæðum með því að breyta hjeraðsmörkum eða færa til bústaði lækna, án þess að fjölga læknunum.

Og þar sem það er mjög mikilsvert, að hjeraðaskipunin sje sem hagkvæmust, svo að komist verði af með sem fæsta lækna, þá hef jeg vandlega íhugað hverjar breytingar sjeu æskilegar eða nauðsynlegar á núgildandi hjeraðaskipun og mun nú gera grein fyrir skoðunum mínum þar að lútandi.

1. Það er þá fyrst, að jeg tel nauðsynlegt að minka *Reykjavíkurhjerað*. 1899 var íbúatala Reykjavíkur 5289; nú er hún orðin um 10000 og eykst ár frá ári; hjeraðslæknir hefur nú svo mörgum og margskonar störfum að gegna í bænum, að honum má ekki lengur ætla iðulegar ferðir út úr bænum. Kaupstaðnum ætti þó að fylgja Seltjarnarneshreppur inn að Elliðaám og Fossvogi að meðtaldri Engey og Viðey.

2. *Kjósarhjerað* mætti leggja niður. Það er mjög fáment, um 900 manns, og sín sveitin í hverri áttinni. Læknir var þar nokkur ár, en taldi hjeraðið ólífvænlegt og kaus heldur að gerast aðstoðarlæknir hjeraðslæknisins í Reykjavík með miklu minni föstum launum. Sá hluti Strandarhrepps, sem nú heyrir til Kjósarhjeraði, gæti vel heyrt undir Skipaskagahjerað, því að innan skamms mun að öllum líkum koma talsími af Hvalfjarðarströnd út á Akranes. Þingvallasveit er eins vel sett, þó að hún eigi að leita læknis að Skálholti, og má því bæta henni við Grímsneshjerað. Kjósarhreppur og Kjalarneshreppur hafa sótt fastast að hjeraðinu væri haldið. En nú er kominn talsími úr þessum sveitum til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Úr Hafnarfirði er 5—6 tíma reið í Kjós; nú má síma eftir lækni í Hafnarfjörð, og sú sveit verður ekki talin illa sett, sem náð getur lækni á 5—6 tíma fresti. Enn er að vísu engin talsímastöð á Kjalarnesi, en hlýtur að koma áður langir tímar líða.

Jeg tel hinsvegar nauðsynlegt, að læknir sje í Hafnarfirði. Það kauptún er orðið mjög stórt, um 800 íbúar, og fjölbygð sveit í grend, Álftanesið.

Fyrir því legg jeg til að stofnað sje nýtt hjerað í stað Kjósarhjeraðs, heiti það *Hafnarfjarðarhjerað* og sitji læknir í Hafnarfirði, taki það yfir Garðahrepp, Bessastaðahrepp, Seltjarnarneshrepp fyrir ofan Fossvog og Elliðaár, Mosfellshrepp, Kjalarneshrepp og Kjósarhrepp. Íbúatala yrði þá: Í Hafnarfjarðarhjeraði um 2400, í Skipaskagahj. 1300, í Grímsneshj. 2450.

3. Læknar þeir, er verið hafa í *Mýrahjeraði*, telja það hjerað mjög tekjurýrt og ólífvænlegt, enda er það fólksfátt — 1040 manns — og ekkert kauptún eða þjettbýlt hverfi í því. Nú er kauptúnið Borgarnes læknislaust og á alllangt til læknis, en þar eru talsverðar skipakomur og fjöldi ferðamanna og því mikil þörf á lækni. Þá er og Borgarfjarðarhjerað mjög víðáttumikið og full þörf á að minka það.

Þess vegna legg jeg til að Mýrahjeraði sje breytt, nái það yfir Borgarhrepp, Álftaneshrepp og Hraunhrepp í Mýrasýslu og Eyjahrepp í Hnappadalssýslu, fái það annað nafn og heiti *Borgarneshjerað* og sitji læknir í Borgarnesi.

Af núverandi Mýrahjeraði er þá eftir Miklaholtshreppur og sje jeg engin vandkvæði á því að honum sje bætt við Stykkishólmshjerað. Miklhyltingar sækja flest föng sín í Stykkishólm og innan fárra ára verður vafalaust lokið vegagerð-

inni suður yfir fjallgarðinn, enda er hann af kunnugum mönnum ekki talinn nein torfæra.

Íbúatala yrði þá: Í Borgarneshj. um 1150. Í Borgarfjarðarhj. 1800. Í Stykkishólmshj. 1390.

4. Mjer er kunnugt um, að Önfirðingar telja sig læknisþurfa, þykir langt að vitja læknis á Þingeyri. Það er að vísu svo, að Þingeyrarhjerað er allstórt og mannmargt og ferðir erfiðar, sem annarsstaðar á Vestfjörðum; lengst er leiðin af Þingeyri í Súgandafjörð og allilla viðunandi, en þó virðist mjer ekki full ástæða til að skifta þessu hjeraði. Jeg geng að því vísu að talsími verði innan skamms lagður úr Ísafirði um þvera Vestfirði í Patreksfjörð. Og þegar talsími er fenginn úr Önundarfirði til Þingeyrar, þá tel jeg næga bót ráðna. Það má með sanni segja, að talsími stytti leið til læknis um helming.

5. Þá er Ísafjarðarhjerað. Ísafjarðarkaupstaður er í miklum vexti; þar er komið upp sjúkrahús; þar eru miklar skipakomur; þess vegna tel jeg nauðsynlegt, að bærinn sje aldrei læknislaus og þykir mjer sem ekki verði hjá því komist að hafa þar aðstoðarlækni, líkt og nú á Akureyri. Hins vegar er Nauteyrarhjerað fremur fáment og strjálbygt og hjeraðslæknir sá, sem því hefur þjónað, hefur tjáð mjer, að þar sje lítið að gera og mjög rýrar aukatekjur — er því sennilegt að erfitt verði framvegis að fá lækni í það hjerað. Nú býst jeg við, að talsími komi út með Djúpinu vestanverðu yfir þverar bygðir. Þess ber og að gæta, að mótorbátar eru orðnir mjög algengir á Vestfjörðum og mun illfært á landi, ef ekki er fært á góðum mótorbát um Djúpið. Á mótorbát er fljótfarin leið úr kaupstaðnum yfir á Snæfjallaströnd, inn að Nauteyri o. s. frv. Mörg læknahjeruð í Noregi eru stærri en fjarðahjeruðin hjer á landi og margir norskir læknar fara nær því allar ferðir sínar á sjó. Nú nota þeir mótorbáta og er það alsiða, að læknir á sjálfur mótorbát til ferðalaga. Hjer á landi mun þetta og taka að tíðkast í ýmsum hjeruðum. Mjer er kunnugt um, að læknirinn á Þingeyri hefur þegar keypt sjer mótorbát, sem hann hefur í læknisferðir. Er þetta til mikils hagnaðar bæði fyrir lækni og alþýðu manna og mun því komast á af sjálfu sjer, þar sem við á.

Að öllu þessu athuguðu virðist mjer tiltækilegt að *leggja niður Nauteyrarhjerað*, bæta því við Ísafjarðarhjerað og setja *aðstoðarlækni á Ísafirði*. Aðstoðarlæknir á Ísafirði fær ótvírætt meiri ársarð af vinnu sinni en hjeraðslæknir í Nauteyrarhjeraði, þó að föst laun yrðu mun lægri. Einnig vil jeg vekja athygli á því, að sjeu tveir læknar á Ísafirði, mætti gera þeim að skyldu að vitja sjúklinga í Súgandafirði, sem er afskektasta sveitin í Þingeyrarhjeraði. Íbúatala í Ísafjarðarhjeraði yrði rúm 4000.

6. Um Höfðahverfishjerað er það að segja, að þar sje jeg engan veg annan en þann að skifta því í tvent. Hjeraðsbúar vestanfjarðar kvarta um læknisleysi og þær kvartanir verð jeg að telja á rökum bygðar, vegna fólksfjölda í þeim sveitum. Hins vegar verða sveitirnar austan fjarðarins mjög illa settar, ef bústaður læknis er fluttur vestur yfir.

Í sambandi við þetta mál kemur Akureyrarhjerað til athugunar. Ef hjeraðslæknir á Akureyri á að þjóna innsveitum Eyjafjarðarsýslu, þá verður hann að hafa aðstoðarlækni, eins og nú hefur hann, og er þó hjeraðið helst til stórt.

Jeg legg því til að stofnað sje nýtt hjerað að vestanverðu við Eyjafjörð, nái það yfir Svarfaðardalshrepp, Arnarneshrepp og Skriðuhrepp, heiti *Arnarneshjerað* og hafi læknir bústað nálægt Arnarnesi. Þetta nýja hjerað yrði allstórt; Akureyrarhjeraðið minkar, þar sem frá því er skilinn innri hluti Arnarneshrepps

og allur Skriðuhreppur, en er þó fullstórt fyrir tvo lækna, því að kaupstaðurinn einn og sjúkrahúsið þar leyfa ekki af eins manns vinnu. Íbúatala yrði: Í Arneshjeraði um 2500 manns, í Akureyrarhjeraði 3700.

7. Höfðahverfishjerað tel jeg ráðlegt að auka með því að láta það ná yfir allan Hálshreppinn; mjer er sagt að bændur í efri hluta Fnjóskadals, sem nú heyrir undir Reykdælahjerað, vitji miklu oftar læknisins í Höfðahverfishjeraði; enda verður Reykdælahjerað fullstórt, þó að efri hluti Hálshrepps sje tekinn undan. Þá yrðu tveir heilir hreppar í Höfðahverfishjeraði: Grítubakkahreppur og Hálshreppur. Íbúatala yrði: Í Höfðahverfishjeraði um 1200 manns, í Reykdælahjeraði líka 1200.

8. Þó að enn hafi enginn læknir fengist í Þistilsfjarðahjerað, sje jeg mjer ekki fært að leggja til, að það hjerað sje lagt niður, sje ekki, að unt sje að skifta því milli Öxarfjarðarhjeraðs og Vopnafjarðarhjeraðs, svo að vel fari. Öxarfjarðarhjerað er og mjög lítið hjerað að fólkstölu, en sveitirnar þó svo fólksmargar og svo afskektar frá öðrum sveitum, að ekki mun geta komið til mála að leggja hjeraðið niður.

9. Um Mjóafjörð er það að segja, að hvorki er þar margt mannfólkið — rúm 400 manns — og heldur ekki erfitt að ná til læknis í Seyðisfjörð, allra síst nú þegar talsími er kominn milli bigða. Um aðstoðarlækni á Seyðisfirði getur naumast verið að ræða, meðan ekki fjölgar meir fólki í því hjeraði.

10. *Fáskrúðsfjarðarhjerað* er athugaverðara. Í því hjeraði er nú allstórt kauptún, Búðir; þar er komið upp vænt og vandað sjúkrahús; þangað kemur mikill fjöldi útlendra fiskiskipa. Hins vegar er Berufjarðarhjerað mjög fólksfátt og hefur læknir þar því lítið að gera.

Þess vegna tel jeg æskilegt að suðurhluta Fáskrúðsfjarðarhjeraðs, Breiðdalshreppi, sje bætt við Berufjarðarhjerað. Íbúatala yrði: Í Fáskrúðsfjarðarhjeraði um 760 manns, í Berufjarðarhjeraði 1300.

11. Um Síðuhjerað og Mýrdalshjerað legg jeg til að Álftavershreppur sje tekinn undan Mýrdalshjeraði og lagður við Síðuhjerað. Leiðin til læknis er álíka löng úr Álftaveri, hvort heldur farið er austur á Síðu eða vestur í Mýrdal, en Síðuhjerað er fámennara og Kúðafljót er öllu minni torfæra en Mýrdalssandur. Íbúatala yrði: Í Síðuhjeraði um 1100 manns, í Mýrdalshjeraði 1260.

12. Rangárhjerað og Eyrarbakkahjerað eru fjölmennustu sveitahjeruð landsins, en þjettbýl og góð yfirferðar, enda hafa þaðan ekki heyrst neinar kvartanir.

Samkvæmt þessum tillögum mínum verða hjeruðin eins og nú 43 að tölu, en hjeraðaskipunin sem hjer segir:

1. Reykjavíkurhjerað:
   Reykjavíkurkaupstaður,
   Seljarnarneshreppur inn að Elliðaám og Fossvogi, að meðtaldri Engey og Viðey.
2. Hafnarfjarðarhjerað:
   Garða- og Bessastaðahreppur,
   Seltjarnarneshreppur fyrir ofan Elliðaár og Fossvog.
   Mosfellshreppur,
   Kjalarneshreppur,
   Kjósarhreppur.
3. Skipaskagahjerað:
   Ytri Akraneshreppur,
   Innri Akraneshreppur,

Skilmannahreppur,
Leirár- og Melahreppur,
Strandarhreppur.

4. Borgafjarðarhjerað:
Skorradalshreppur,
Andakílshreppur,
Lundareykjadalshreppur,
Reykholtsdalshreppur,
Hálsahreppur,
Hvítársíðuhreppur,
Þverárhreppur,
Norðurárdalshreppur,
Staiholtstungnahreppur.
5. Mýrahjerað:
Borgarhreppur,
Álftaneshreppur,
Hraunhreppur,
Kolbeinsstaðahreppur,
Eyjahreppur.
6. Ólafsvíkurhjerað: Óbreytt.
7. Stykkishólmshjerað:
Eyrarsveit,
Helgafellssveit,
Skógarstrandarhreppur,
Miklaholtshreppur.
8. Dalahjerað: Óbreytt.
9. Reykhólahjerað: Óbreytt.
10. Flateyjarhjerað: Óbreytt.
11. Barðastrandarhjerað: Óbreytt.
12. Bíldudalshjerað: Óbreytt.
13. Þingeyrarhjerað: óbreytt.
14. Ísafjarðarhjerað:
Hólshreppur,
Eyrarhreppur,
Ísafjarðarkaupstaður,
Súðavíkurhreppur,
Ögurhreppur,
Reykjarfjarðarhreppur,
Nauteyrarhreppur,
Snæfjallahreppur.
15. Hesteyrarhjerað: Óbreytt.
16. Strandahjerað: Óbreytt.
17. Miðfjarðarhjerað: Óbreytt.
18. Blönduóshjerað: Óbreytt.
19. Sauðárkrókshjerað: Óbreytt.
20. Hofsóshjerað: Óbreytt.
21. Siglufjarðarhjerað: Óbreytt.

22. Arnarneshjerað:
    Svarfaðardalshreppur,
    Arnarneshreppur,
    Skriðuhreppur.
23. Akureyrarhjerað:
    Glæsibæjarhreppur.
    Akureyrarkaupstaður,
    Hrafnagilshreppur,
    Saurbæjarhreppur,
    Öngulsstaðahreppur,
    Svalbarðsstrandarhreppur.
24. Höfðahverfishjerað:
    Grýtubakkahreppur,
    Hálshreppur.
25. Reykdælahjerað:
    Ljósvatnshreppur ofan fyrir Þóroddstað,
    Reykdælahreppur,
    Skútustaðahreppur.
26. Húsavíkurhjerað: Óbreytt.
27. Öxarfjarðarhjerað: Óbreytt.
28. Þistilsfjarðarhjerað: Óbreytt.
29. Vopnafjarðarhjerað: Óbreytt.
30. Hróarstunguhjerað: Óbreytt.
31. Fljótsdalshjerað: Óbreytt.
32. Seyðisfjarðarhjerað: Óbreytt.
33. Reyðarfjarðarhjerað: Óbreytt.
34. Fáskrúðsfjarðarhjerað:
    Fáskrúðsfjarðarhreppur.
35. Berufjarðarhjerað:
    Breiðdalshreppur,
    Beruneshreppur,
    Geithellnahreppur.
36. Hornafjarðarhjerað: Óbreytt.
37. Síðuhjerað:
    Hörgslandshreppur,
    Kirkjubæjarhreppur,
    Leiðvallarhreppur,
    Álftavershreppur,
    Skaftártungnahreppur.
38. Mýrdalshjerað:
    Hvammshreppur,
    Dyrhólahreppur,
    Austur-Eyjafjallahreppur.
39. Vestmannaeyjahjerað: Óbreytt.
40. Rangárhjerað: Óbreytt.
41. Eyrarbakkahjerað: Óbreytt.
42. Grímsneshjerað:
    Skeiðahreppur,

Gnúpverjahreppur,
Hrunamannahreppur,
Biskupstungnahreppur,
Grímsneshreppur,
Grafningshreppur,
Þingvallahreppur.

43. Keflavíkurhjerað: Óbreytt.

2. Um föst laun og eftirlaun hjeraðslækna.

2. og 3. gr.

Hingað til hefur stöðugt vantað lækna í ýms minstu og lægst launuðu hjeruðin, þeirra er stofnuð voru 1899.

Nú sem stendur eru 5 hjeruð læknislaus.

Framvegis verður og vafalaust stöðugt skortur á læknum, ef ekki eru bætt kjör þeirra.

Menn hafa haft orð á því, að rangt sje að hafa launin lægst í fólksfæstu hjeruðunum, þar sem aukatekjur eru minstar, og því verð jeg að samsinna. Hins vegar get jeg ekki fallist á það, að reynt sje að gera öll hjeruðin jafnaðgengileg með því að hafa hæst föst laun í fólksfæstu hjeruðunum, en lægst í hinum fólksflestu. Jeg tel æskilegt, að munur haldist. Í fólksflestu hjeruðin þarf duglegasta lækna; þeir hafa mesta ábyrgð og erfiði og eiga að hafa þeim mun meiri arðinn, sem erfiðið er meira og ábyrgðin.

Ef allir hjeraðslæknar hefðu jafnhá laun, þá yrði engu að síður mikill munur á hjeruðunum, vegna þess að íbúatalan er mjög mismunandi, og af því að eitt hundrað manns í kauptúni veitir lækni jafnmikla atvinnu sem 2—3 hundruð í strjálbygðri sveit.

Nú tel jeg nauðsynlegt að hækkuð sjeu launin í þeim hjeruðum, þar sem þau eru lægst (1300 kr.), en hins vegar vel gerlegt að lækka launin í fólksflestu hjeruðunum.

Jeg legg því til að öllum hjeraðslæknum sjeu ætluð jöfn laun og sjeu það 1500 krónur.

Útgjöldin eru nú:

4 hjeruð með	1900 kr.	7600 kr.
4 — —	1700 —	6800 —
25 — —	1500 —	37500 —
10 — —	1300 —	13000 —
2 aðstoðarlæknar með	800 —	1600 —
	Alls	66500 kr.

Ef allir hjeraðslæknar hefðu að launum 1500 kr., þá verða útgjöldin samkvæmt framanskráðum tillögum mínum:

43 hjeraðslæknar hver með 1500 kr. og 2 aðstoðarlæknar hver með 800 kr.; það eru alls 66100 kr.

Hjer er því ekki farið fram á aukin útgjöld.

Mjer virðist ekki rjett, að hjeraðslæknar ráði sjálfir aðstoðarlækna sína, þá er laun fá úr landssjóði. Ráðherra eða landlæknir ættu að veita þær stöður.

Um eftirlaun er það að segja, að jeg verð að mæla eindregið með því, að allir hjeraðslæknar hafi eftirlaunarjett.

Allir aðrir embættismenn hjer á landi njóta þessara hlunninda. Helmingur hjeraðslækna er sviftur þeim, en þó hvíla á þeim allar hinar sömu skyldur, sem á þeim embættismönnum, er eftirlauna njóta. Ranglætið er augljóst.

3. Um aukatekjur hjeraðslækna.

Þjóðin heimtar í sífellu fleiri lækna. Þess verður ekki vart, að hún heimti fleiri presta eða sýslumenn — þeim vill hún fremur fækka en fjölga.

Það er augljóst, að þjóðin telur læknana þarfasta allra embættismanna.

Engu að síður hafa læknaembættin verið gerð svo óaðgengileg, að læknar hafa ekki fengist í þau öll.

Reynslan sýnir að til þess verður að bæta kjör læknanna frá því sem nú er.

Og það er ekki nóg að skapa læknum þau kjör, að einhver maður með læknispróf fáist í hvert embætti.

Læknisstarfið er svo mikilsvert og svo afarvandasamt, að þar er þörf á nýtustu mönnum.

Ef læknar lifa yfirleitt við þröng kjör, þá munu flest efnileg og áhugamikil ungmenni sneiða hjá þessu lífsstarfi, og fremur halla sjer að einhverju öðru.

Námstími íslenskra lækna er nú hjer á landi 5—6 ár að afloknu stúdentsprófi, en 6—8 ár á háskólanum.

Það er augljóst, að efnilegir stúdentar munu framvegis fælast þetta langa nám og allan þann mikla kostnað, sem því fylgir, ef ekki er annað í boði en 1500 kr. embætti með litlum aukatekjum og oft engum eftirlaunum.

Það er af sú tíð, er embættin voru álitlegasti æfivegurinn. Laun embættismanna hafa yfirleitt verið lækkuð og eftirlaun rírð eða afnumin, og jafnframt hafa peningar lækkað í verði; ýmsir aðrir atvinnuvegir, t. d. í iðnaði og verzlun, eru nú miklu fýsilegri, miklu líklegri til fjár og frama fyrir unga dugnaðarmenn, en embættavegurinn.

Ef þjóðin vill eiga sjer nóg af nýtum læknum, þá verður hún að gera lænisstarfið girnilegt í augum ungra efnismanna: Það verður að vera arðvænlegt.

En það er ekki að minni hyggju rjett leið að hækka föst laun lækna. Hitt er rjetta leiðin, að ætla þeim hærri borgun en nú gerist fyrir verk sín. Ef læknisverk verða arðsöm vinna, þá verður læknisstarfið fýsilegt starf.

Íslenski læknataxtinn er of lágur. Hann er svo lágur, að jeg þykist vita með sannindum, að 3 af hverjum 4 hjeraðslæknum hafa ekki í aukatekjur á ári meira en 2—9 hundruð krónur. Það verður með 1500 kr. í föst laun alls 17—24 hundruð krónur. Læknastjettin verður ekki framvegis vel skipuð, ef ekki er meira í boði; undirbúningurinn er erfiðari en svo.

Í öðrum löndum eru læknisverk miklu betur borguð. Og það er ekki rjett, sem oft er orð á haft, að alþýða manna sje þar betur efnum búin. Hjer er að tiltölu færra um ríkismenn en annarsstaðar, en fjöldi fólksins er ekki fátækari. Jeg hygg að alþýða manna í Noregi og Svíþjóð sje öllu ver stödd í efnalegu tilliti en íslensk alþýða, og þar eru þó læknisverk í miklu hærra verði og finnur enginn að.

Lækniskostnaðurinn verður ekki þung byrði á alþýðu manna, þó að taxtinn sje hækkaður að mun frá því sem nú er. Skortur á ódýrum sjúkrahúsvistum — ÞAÐ er byrðin, sem nú hvílir þyngst á alþýðu manna, þá er sjúkdóm ber að höndum.

Að svo mæltu mun jeg gera grein fyrir því, hvers konar breytingar jeg tel nauðsynlegar á læknatöxtunum.

A. *Borgun fyrir læknisstörf.*

(4. og 5. gr.).

Allar siðaðar þjóðir gera þá mannúðarkröfu til lækna, að þeir gegni sjúkum mönnum án manngreinarálits og gefi upp mesta eða alla borgun fyrir læknishjálpina öllum þeim, sem efnalausir eru eða erfiðast eiga uppdráttar. En hins vegar er líka alstaðar litið svo á, sem mönnum beri yfirleitt að borga lækni eftir efnahag, þeim mest, sem mest hafa efnin. Að þessu leyti er læknisstarfið ólíkt öllum öðrum atvinnuvegum.

Jeg tel ekki rjett að rýra þessa mannúðarkröfu.

Hún er rýrð, ef læknum er bannað að heimta meira af fjáðum mönnum en fjelausum.

Víðast í öðrum löndum er læknum yfirleitt í sjálfsvald sett, hvað þeir heimta fyrir læknishjálp.

Þar sem ákvæði eru sett um borgunina, eru þau að jafnaði höfð mjög rúm, tiltekin minsta og mesta borgun og langt bil haft í milli.

Í Danmörku eru læknar yfirleitt ekki bundnir við ákveðna, lögskipaða taxta. Hjeraðslæknar þar í landi eru skyldir að veita þurfamönnum ókeypis læknishjálp, en fá ferðakostnað vel endurgoldinn og eru sjálfráðir um það, hvaða borgun þeir taka af öðrum.

Í Noregi er líkt ástatt. Hjeraðslæknar þar eru skyldir að veita þurfamönnum ókeypis læknishjálp, en þó því að eins, ef hjeraðið er stórt, að þeir teíjist ekki um of frá embættisstörfum og hafi góðan tíma afgangs til að stunda »privatpraxis« (Skrivelse fra det norske Indredepartement 10. Januar 1873). Þeim ber og að vitja sjúklinga, er hafa einhverja farsótt, er yfirvöld hafa sett varnir við, án endurgjalds annars en ferðakostnaðar. Að því er snertir aðra lækishjálp, eru þeir engum töxtum bundnir. (Skrivelse fra den norske Medicinaldirekteur 14. April 1887).

Í Svíþjóð er hjeraðslæknum ætluð borgun fyrir öll læknisverk, eins og hjer á landi; borgunin er ákveðin með taxta, og til tekið, að hálft gjald skuli greiða, ef þurfamenn eiga í hlut eða borga skal af opinberu fje. Svenski taxtinn tekur þó ekki til borgun nema fyrir þau læknisverk, sem algengust eru, sjúkravitjanir o. s. frv.; um kirurgisk læknisverk eru þar engin ákvæði í lögum yfirleitt.

Í Prússlandi er læknataxtinn lögboðinn; hann er mjög nákvæmur og mjög sanngjarn; hann nær til allra lækna; þar er ákveðin lægsta og hæsta borgun, og skuli jafnan greiða lægstu borgun, ef þurfamenn eiga í hlut, eða sjúkrasjóðir, eða ríkissjóður.

Hjer á landi tel jeg hyggilegt að halda uppteknum hætti, ætla læknum borgun fyrir öll læknisverk, eins og tíðkast hefir. En taxtanum verður að breyta; hann er bæði of lágur og of einskorðaður; legg jeg til að prússneski taxinn sje tekinn

til fyrirmyndar, ákveðiu lægsta og hæsta borgun, sem læknir geti krafist fyrir hvert læknisverk, og fyrirskipað að lægstu borgun skuli jafnan greiða, ef þurfamenn eiga í hlut, eða borgunarskyldan hvílir á sýslusjóðum eða landssjóði.

Jeg vil vekja athygli á því, að það er mjög mikið vandaverk að semja rjettlátan taxta. Mörgum læknisaðgerðum er svo háttað, að til þeirra þurfa dýr verkfæri, og fyrir þau verður að ætla lækni hærri borgun, þá er og eðlilegt að lækni sje ætluð hæst borgun fyrir þau læknisverk, sem vandasömust eru talin. Sama læknisverk getur og verið mjög mismunandi erfitt, og þar sem sá munur er mestur, verður mestan mun að gera á lægstu og hæstu borgun. Prússneski taxtinn er prýðisvandaður að þessu leyti og því ágæt fyrirmynd. Engu að síður tel jeg þetta mál miður vel fallið til meðferðar á alþingi, og jeg legg því til, að í stað 4. og 5. gr. laganna komi ákvæði þess efnis, að ráðherra skuli eftir tillögum landlæknis setja taxta, er gildi um læknisverk. Mjer virðist jafneðlilegt, að stjórnin hafi þetta vald, eins og hún hefur vald til að leggja verð á öll lyf, sem seld eru hjer á landi. Prússneki taxtinn er settur af stjórninni þar í landi samkvæmt lagaheimild.

Ef stjórnarráðið aðhyllist tillögur mínar um að breyta taxtanum í þá átt, sem hjer hefur verið farið fram á, en vill að taxtinn sje ákveðinn með lögum, þá er jeg viðbúinn að gera tillögur þar að lútandi.

B. Borgun fyrir ferðir.

(6. grein).

Ákvæði núgildandi laga hefur einn stóran kost: Það er einfalt, borgunin reiknuð eftir tímalengd, en ekki eftir vegalengd. Því verður að halda.

Engu ag síður eru margir gallar á þessu borgunarákvæði.

Borgunin er óhæfilega lítil, 25 aurar um tímann, hvernig sem á stendur. Læknir, sem væri á ferð til uppjafnaðar 8 tíma á hverjum virkum degi ársins, mundi bera úr býtum um 600 krónur — einar 600 krónur fyrir alt það mikla erfiði vosbúð, og lífshættur.

Þá er ekki rjettlátt að ætla sömu borgun fyrir ferð á nótt og degi. Læknar ættu að fá hærri borgun fyrir næturferðir. Öll næturvinna er yfirleitt talin meira virði en vinna að degi til. Auk þess kvarta læknar sárt undan því, að þeirra sje mjög oft vitjað á næturþeli öldungis að óþörfu. Óþarft ónæði á nóttum mundi þverra, ef þá bæri að greiða hærra gjald. Hins vegar sje jeg enga ástæðu til að greiða læknum borgun fyrir næturtíma, ef þeir gista á ferð, og jeg tel nauðsynlegt, að sjúklingar geti neitað að borga stundagjald fyrir þann tíma, sem læknir eyðir í óþarfar tafir á ferð sinni.

Þá skortir og ákvæði um það, hvernig skifta skal stundagjaldi, ef tveir eða fleiri sjúklingar úr sömu átt vitja læknis í senn og gerir hann eina ferðina til þeirra.

Loks vil jeg vekja athygli á því, að þeir, sem búa í grend við læknissetur, njóta nú afar mikilla hlunninda til móts við þá, er langt eiga til læknis.

Það er ekki réttlátt.

Úr því má bæta með því, að ætla lækni hærri borgun að tiltölu við tímalengd, ef ferðin er stutt; á þann hátt getur læknir haft jafnmikið upp úr ferðum sínum, en útgjöldin koma miklu jafnar og rjettlátar niður á alþýðu manna. Þess konar ákvæði eru í lögum flestra annara þjóða.

Samkvæmt þessu legg jeg til, að 6. gr. sje breytt þannig, að í stað orðanna; »3 krónur fyrir hverjar 12 stuudir — fyrir kafla úr 12 stundum« komi:

»2 krónur fyrir fyrstu stund, 1 krónu fyrir aðra stund, 50 aura fyrir þriðju stund og 25 aura fyrir hverja stund úr því, sem hann er á ferð eða að læknisstörfum að degi til, frá miðjum morgni til náttmála, en hálfu hærra gjald að nóttu dags, milli náttmála og miðs morguns. Þegar læknir ferðast í þarfir heilbrigðis- og rjettar-gæzlu, ber honum yfirleitt 40 — fjörutíu — aura borgun fyrir hverja stund, sem hann er á ferð eða að embættisstarfi. Tímalengd ferðar skal miða við beinustu færa leið frá bústað læknis og jafnt áframhald án óþarfatafa. Ef læknis er vitjað í senn til 2 eða fleiri sjúklinga í sömu átt, og er sinn í hverjum stað, þá skal hann jafna stundagjaldinu niður á sjúklingana í rjettu hlutfalli við vegalengdir frá læknissetrinu til hvers þeirra, og á hann jafnan heimtingu á kauplausum flutningi áleiðis af þess hendi, er hann síðast kemur til. Nú er læknir á ferð og beðinn að koma út af leið til sjúklings eða dvelja hjá sjúklingi, sem í leiðinni býr, og ber þeimsjúklingum að greiða stundagjald fyrir þann tíma, er töfin tekur, sem ef þeir hefðu heimt lækni af heimili hans«.

Þeim sem lengst eiga til læknis, er alls ekki íþyngt með þessum ákvæðum. Nú fá læknar 25 aura fyrir hverja stund, frá því er þeir fara og þar til er þeir koma heim aftur. Þetta er eitt dæmi: Læknir fer heiman á hádegi og kemur til sjúklings kl. 10 að kveldi dags, gistir um nóttina, fer af stað kl. 10 að morgni og kemur aftur heim eftir 10 tíma ferð (kl. 8 að kveldi). Hann hefir þá verið 32 tíma að heiman og fær 8 krónur fyrir ferðina. Eftir tillögum mínum fær hann fyrir 20 tíma ferð, og segjum einn tíma, er fer til læknisstarfs (skoðun á sjúklingi) líka 8 krónur. Fyrir læknisstarfið sjálft ber honum auðvitað sjerstök borgun eftir sem áður.

Hagnaðurinn felst í því fyrir lækni, að hann fær stuttar ferðir betur borgaðar; jöfnuður verður meiri: Þeir sem búa í þeirri fjarlægð, að læknisvitjan tekur 5 stundir, verða nú að borga *fimmfalt* á við þá er búa svo nærri, að læknisvitjan tekur eina stund; eftir tillögum mínum verður ekki nema helmings munur á gjaldinu fyrir þessar vegalengdir (2 krónur fyrir eina stund, 4 krónu fyrir 5 stundir).

4. Umsamdar læknisferðir.

Í Noregi, og einkum í Svíþjóð er það alsiða, einkum í stórum hjeruðum, að afskektar sveitir semja við hjeraðslækni um það að koma í sveitina á tilteknum tímum nokkrum sinnum á ári og dvelja þar einn dag eða tvo, til þess að sjúklingar í sveitinni geti vitjað hans. Þetta sparar mjög mörgum sjúklingum langa ferð, eða þann kostnað að sækja lækni, ef þeir eru ekki langferðafærir.

Þessum ferðum lækna er svo háttað, að sveitin — hreppurinn — borgar lækni ferðakostnað og lætur honum í tje ókeypis húsnæði, þar sem hann geti tekið á móti sjúklingum, en læknir tekur þá eina borgun af sjúklingum, sem honum mundi bera, ef þeir vitjuðu hans heima.

Nú fer læknir af þessum bæ á aðra bæi í sveitinni, og ber honum þá borgun sem færi hann af heimili sínu.

Jeg tel mjög æskilegt, að þetta kæmist á hjer á landi, og ef til vill væri ástæða til að setja í lög ákvæði um það, að læknar sjeu skyldir að gegna slíkri kvöð. Ef hreppsbúa og lækni greindi á um ferðirnar, mætti landlækni hafa úrskurðarvald.

Reykjavík 5. marz, 1907.

Virðingarfylst.

G. Björnsson.

Fylgiskjal 2.

Manntal
í læknahjeruðum á Íslandi 1901.

Reykjavíkurhjerað	8800
Kjósarhjerað	900
Skipaskagahjerað	1260
Borgarfjarðarhjerað	2100
Mýrahjerað	1040
Ólafsvíkurhjerað	1710
Stykkishólmshjerað	1300
Dalahjerað	2000
Reykhólahjerað	600
Flateyjarhjerað	640
Barðastrandarhjerað	1410
Þingeyrarhjerað	2350
Ísafjarðarhjerað	2840
Nauteyrarhjerað	1250
Hesteyrarhjerað	830
Strandahjerað	1480
Miðfjarðarhjerað	1940
Blönduóshjerað	2270
Sauðárkrókshjerað	2360
Hofsóshjerað	1920
Siglufjarðarhjerað	960
Höfðahverfishjerað	2260
Akureyrarhjerað	4580
Reykdælahjerað	1540
Húsavíkurhjerað	1260
Öxarfjarðarhjerað	680
Þistilfjarðarhjerað	720
Vopnafjarðarhjerað	1240
Hróarstunguhjerað	1570
Fljótsdalshjerað	1410
Seyðisfjarðarhjerað	1610
Reyðarfjarðarhjerað	1560
Fáskrúðsfjarðarhjerað	1440
Berufjarðarhjerað	620
Hornafjarðarhjerað	1160
Síðuhjerað	970
Mýrdalshjerað	1390
Vestmannaeyjahjerað	610
Rangárhjerað	3940
Grímsneshjerað	2330
Eyrarbakkahjerað	3940
Keflavíkurhjerað	2520
Bíldudalshjerað	750

Fylgiskjal 3.

Um læknataxta í Danmörku.

S. Hansen: Haandbog i den danske Medicinallovgivning, 2. Udgave. Khavn 1905, Pag. 255—256:

»Grundlaget for den praktiserende Læges retslige Stilling med Hensyn til det ham tilkommende Vederlag for ydet Hjælp er givet i Forordningen af 4. Dec. 1672 § 10, der fastsætter følgende Takst[1]: For det første Besög hos en Patient 1 Kr. 66 Øre; for hvert følgende Besög 83 Øre, naar der ikke skrives nogen Recept, og 1 Kr. 25 Øre naar der skrives Recept; ved Sygebesög paa Landet desuden 2 Kr. 50 Øre pr. Mil samt Befordning og 6 Kr. 67 Øre for hver Dag, Lægen opholder sig hos Patienten. Denne Takst gælder dog kun for de Tilfælde, hvor Betalingen fastsættes ad Rettens Vej, f. Eks. i Konkurs- og Dödsboer. I alle andre Tilfælde har Lægen Ret til at fordre sit Honorar fastsat ved Domstolene, som i saa Fald »ordentligvis maa følge Sagkyndiges Mening«, under Hensyn til Patientens Stilling og Kaar[2]. I denne Henseende udgör Sundhedskollegiet den höjeste Autoritet, men sædvanligvis retter man sig efter, hvad der anses for almindeligt. De i Lovgivningen fastsatte Takstbestemmelser ere ogsaa anvendelige paa Specialistbehandling[3] men ikke paa Födselshjælp eller anden operativ Behandling[4], eller paa Massagebehandling[5].

1. Omregnet i Henhold til Kanc. Plak. 14. Mai 1813 og Kanc. Skr. 8. Marts 1825.
2. Kanc. Skr. 8. Marts 1825.
3. Kbhvns. Gældskommissions Domme 24. Apr. 1878, 9. Juli 1886.
4. Sammes Dom 2. Jan. 1882.
5. Sammes Dom 26. Juli 1877.

Fylgiskjal 4.

Sænsk lög
um borgun fyrir læknisverk og læknisferðir.

Gjaldaskrá

til lækna í ríkisþjónustu fyrir læknishjálp við einstaklinga og vottorð eftir bón einstaklinga og fyrir ríkisþjónustu samkvæmt gildum fyrirmælum eða eftir yfirvaldsskipun, náðarsamlega samþykt og staðfest af hátignum konunginum 31. október 1890.

A. *Fyrir læknishjálp við einstaklinga og vottorð eftir einstaklinga bón.*

§ 1. Almenn ákvæði.

Höfuðsveitalækni, sveitalækni, aukasveitalækni eða sveitalækni, sem kemur til aðstoðar, eða þeim, sem er fyrir slíkan lækni, skal gjalda fyrir læknishjálp við einstaklinga innan hjeraðs og fyrir vottorð eftir einstaklings bón og ferðakostnað eftir atvikum, svo sem til er tekið í eftirfarandi ákvæðum, ef ekki er öðruvísi um samið.

§ 2. Gjald fyrir læknisráð.

1. Sje læknir spurður ráða heima hjá sjer, þá er gjaldið 1 kr., hvort sem læknir skrifar lyfseðil eða eigi. Fyrir endurnýjun á lyfseðli án sjerstakra læknisráða skal gjalda 50 aura.

2. Gjald það fyrir læknisráð, sem getur í 1., skal eigi gjalda við sjúkravitjanir, sem kveðið er á um hjer á eftir. Slíks gjalds má og eigi krefja, þótt læknir í sjúkravitjun sje spurður ráða af öðrum, ef sá er af sama heimili sem sjúklingurinn.

§ 3. Gjald fyrir sjúkravitjanir innan tveggja stikuþúsunda (kilometra).

1. Fyrir hverja sjúkravitjun læknis eftir beiðni skal gjalda 3 kr., ef vegur er eigi lengri en tvær stikuþúsundir frá bústað læknis eða öðrum innanhjeraðsstað, sem hann er staddur á.

2. Sje vegur lengri en ein stikuþúsund, þegar svo stendur á, sem nefnt var í 1., þá skal aka lækni til og frá, ef akvegur er. Sje læknir ekki sóttur, þegur svo stendur á, á hann heimting á að fá ferðakostnað endurgoldiun báðar leiðir.

§ 4. Gjald fyrir sjúkravitjun lengri veg en tvær stikuþúsundir.

Ef læknir vitjar sjúklings lengri veg en tvær stikuþúsundir frá heimili sínu eða öðrum innanhjeraðsstað, sem hann fer frá, þá skal gjalda 5 kr., ef vegur er eigi lengri en hálf míla (ɔ: 5 st.þ.), en ef vegur er lengri, þá bætist 1,50 kr við fyrir hverja byrjaða hálfa mílu, þar til er vegur er orðinn 4 mílur, en síðan bætist 1,50 kr. fyrir hverja byrjaða mílu af veginum til sjúklingsins, og hefur læknir eigi kröfu til borgunar fyrir heimleiðina.

§ 5. Flutningur læknis fram og aftur í sjúkravitjanir lengri veg en tvær stikuþúsundir.

1. Til sjúklings og frá skal flytja lækni á haganlegan hátt, ef vegur er lengri en tvær stikuþúsundir, og má hafa til þess vagn með einum hesti fyrir, ef vagninn þykir þægilegur eftir hjeraðssið. Heimilt er lækni að nota ljettari embættisvagn í staðinn fyrir vagn sækjanda, ef honum sýnist.

2. Sje læknir ekki sóttur þegar svo stendur á, sem segir í 1., þá verður hann að sjá sjer sjálfur fyrir flutningi fram og aftur, og skal hann þá fá endurgoldinn ökukostnað og í vagnleigu 30 aura fyrir mílu hverja.

§ 6. Gjald fyrir sjúkravitjun, reiknað eftir tíma.

1. Ef lækni er ekki ekið til sjúklings og hann þarf að fara lengri veg en tvær stikuþúsundir eða nokkurn hluta vegarins á járnbraut eða eimskipi, eða ef nokkurn hluta slíks vegar eða allan veginn þarf að fara á báti, á hesti eða fæti, þá skal gjalda fyrir tímann, sem fer til ferðarinnar, og skal gjaldið vera 2 kr. um tímann, þar til 10 tímar eru komnir, en síðan 1 kr. fyrir hverja byrjaða stund; þó má gjald fyrir slíka ferð aldrei vera lægra en 5 kr. Þennan reikningsgrundvöll skal og hafa, þótt sumt vegarins sje ekið, en sumur hluti hans farinn sem hjer segir. Telja skal til ferðatímans bið læknis eftir járnbrautarfari eða eimfari. Þó má gjaldandi flytja lækni heim sjálfur, ef hann vill komast hjá biðkostnaði á heimleiðinni. En sá tími telst ekki með, sem fer í sjúklingsrannsókn eða til gistingar, sem segir í 2.

2. Á þeim ferðum, sem getur í þessari grein, þá skal læknir auk gjalds fá ferðakostnað, fyrsta farrými á járnbraut og á eimskipi farrými með klefa, eða salrými, ef engir klefar eru. Og ef læknir verður sjálfur að annast ferð á báti, á hesti eða vagni, þá skal gjalda lögeyri fyrir, eða eftir samningi, ef eigi er tiltekið í lögum. Ef læknir hefur kostnað af farangri eða af gistingu, þegar vegur til sjúklings er lengri en 4 mílur, skal hann fá það endurgoldið.

§ 7. Gjald fyrir margar sjúkravitjanir í sömu ferð.

1. Þegar læknir er á ferð til sjúklings og er beðinn að vitja annars á eftir, en leiðin þangað liggur annaðhvort úr vegi eða er áframhald vegarins, þá skal gjalda fyrir hverja slíka aukavitjun sem segir í § 3, 1 og § 4, og er hún þá talin ný ferð, talin eftir vegalengdinni þaðan sem hún hefst og til sjúklingsins. Er sá skyldur að sækja lækninn til vegamóta eða þangað, er nýja ferðin hefst, sem kallar lækninn til hinnar síðari vitjunar, og sjá um heimferð hans.

2. Nú vitjar læknir margra sjúklinga í einu og á að reikna gjaldið fyrir sumar vitjanirnar eða eina þeirra eftir tímalengd eftir því sem segir í § 6, þá skal hafa sama reikningsgrundvöll fyrir alt ferðalagið. Skal gjaldinu skift niður á gjaldendur eftir þeim tíma, sem fer til ferðarinnar fram og aftur til hvers sjúklings, og skal hver gjalda þær flutningsskyldir og ferðakostnað, sem á hann fellur eftir því sem segir hjer að framan.

§ 8. Sjerstakt gjald fyrir læknishjálp við barnsburð.

Fyrir aðstoð læknis við barnsburð skal gjalda 5—25 kr. auk þess gjalds, sem fyr var getið, og ferðakostnaðar, þegar svo stendur á. Stærð gjaldsins fer eftir því, hversu erfið fæðingin er og hve lengi stendur á henni og gjaldþoli gjaldanda.

§ 9. Sjerstakt gjald fyrir að skoða lifandi manneskju.

Gjalda skal lækni 3 krónur fyrir skoðun á lifandi manneskju og vottorð þar um, ef ekki á að ransaka geðsmunaheilbrigði, en fyrir þá ransókn er gjaldið 10 kr. Ef læknir þarf að ferðast til slíkrar skoðunar, sem nú var getið, skal hann að auki fá gjald og ferðakostnað eftir því, sem kveðið er á um sjúkravitjanir.

§ 10. Gjaldhækkun fyrir læknishjálp á næturþeli.

1. Sje læknis vitjað milli kl. 11 e. h. og kl. 8 f. h., eða ef ferð til sjúklings er farin á þeim tíma eða hluti ferðar, þá hækkar gjald fyrir viðtal um 50 af hundraði og gjald fyrir sjúkravitjun um 1 kr. fyrir hverja byrjaða stund, sem varið er til sjúkravitjunar eða ferðar á næturþeli.

2. Þó hækkar gjaldið ekki, ef vitjað er konu í barnsnauð.

§ 11. Læknishjálp, sem gjalda skal úr sveitarsjóði fyrir fátæklinga og efnalitla menn.

1. Ef sveitarsjóður tekur að sjer að gjalda fyrir fátæklinga eða efnalitla menn í sveitinni og formælandi sveitarstjórnar gefur vottorð þar um og lækni er sýnt það, þá er gjaldið fyrir alla slíka læknishjálp hálfu minna, en áður var sagt.

2. Sje læknir ekki sóttur til sjúkravitjana, sem getur í 1., þá má hann því að eins ferðast á kostnað sveitarinnar, að sveitarstjórnin hafi heimilað það.

3. Til þess að fá gjald fyrir þau verk, sem getur um í grein þessari, á læknirinn að senda sveitarstjórn á hverjum ársfjórðungi reikning, með fylgiskjölum, yfir gjöld þau og ferðakostnað, sem lækni ber.

§ 12. Gjaldskylda einstaklinga eftir þessum verðbálki.

Sjúklingur eða sá sem annast hann eða sá, sem kallar lækni fyrir annan, skal greiða þau gjöld og ferðakostnað, þegar krafist er, sem einstaklingum greiða ber eftir þessum gjaldabálki.

§ 13. Aðstoð til að ná gjaldinu.

Ef gjaldandi tregðast við að greiða læknisgjald eða ferðakostnað eftir þessum gjaldabálki, skal læknir hafa styrk yfirlögtaka til að ná því, ef læknir sannar honum að gjaldanda hafi verið sendur reikningur hálfum mánuði fyr en yfirlögtaka var send umsóknin.

B. ***Fyrir ríkisþjónustu eftir gildum fyrirskipunum eða yfirvaldsskipun.***

§ 14. Gjald fyrir læknisverk í ríkisþarfir yfir höfuð.

Ef læknar þeir, sem getið var í § 1, vinna í ríkisþarfir eftir gildum fyrirmælum eða yfirvaldsskipun eitthvað, svo sem almenna heilbrigðisgæslu eða sóttvarnir, lengra frá heimili sínu en tvær stikuþúsundir, þá fá þeir borgun eftir þeim kafla ferðabálks, sem er um sveitalækna. En ef ríkisþjónustan er unnin innan tveggja stikuþúsunda fjarlægðar, og eigi er sjerstakt gjald ákveðið fyrir þjónustuverkið, svo sem segir í § 15, þá fær læknir 5 krónur í daggjald, en má ekki reikna ferðakostnað.

§ 15. Gjald fyrir þjónustuverk.

1. Fyrir eftirfarandi þjónustuverk fær læknir auk ferðakostnaðar eftir

gildum ferðabálki[1], þar sem slíkt kemur til greina eftir § 14, læknisgjald sem hjer segir:

fyrir lögransókn á líki með skýrslu í tveim handritum	kr. 20
að leita að arseniksýring, skýrsla í tveim handritum	— 5
að ransaka geðsmunaheilbrigði manns, skýrsla í tveim handritum	— 10
aðrar ransóknir eða skoðanir á lifandi mönnum og skýrsla í tvennu lagi ...	— 5

Þó fást ekki þessi gjöld nema framkvæmdin á þjónustuverkinu sje talin gild eftir afstaðna ransókn heilbrigðisstjórnarinnar.

2. Fyrir þau verk, sem getur í § 3 af konungsboði um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma meðal íbúa ríkisins 19. mars 1875, er gjaldi hagað eftir því sem segir í § 16 1. þess konungsboðs.

§ 16. Gjaldskylda fyrir þjónustuverk.

Fyrir þjónustuverk, sem getur í § 14 og 15, er borgað úr ríkissjóði, þar sem ekki eru sjerstök lagaákvæði um.

Þessi bálkur verður að lögum 1. jan. 1891, og eru þá fyrri ákvæði hjer um numin úr gildi. — Hlutaðeigendur skulu hjer eftir breyta. Til staðfestu höfum vjer ritað hjer undir nafn vort og látið staðfesta með innsigli voru.

Stokkhólmshöll 31. okt. 1890.

Oscar.

(L. S.) *G. Wennerberg.*

---

1) resereglement.

Fylgiskjal 5.

Gjaldaskrá
viðurkendra lækna og tannlækna í Prússlandi,
frá 15. maí 1896.

Samkvæmt § 80 í atvinnulögum þýska ríkisins (Ríkislagablaðið 1883, bls. 177 o. áfr.) geri jeg þær ákvarðanir, sem hjer segir:

I. Ákvæði almenns efnis.

§ 1. Viðurkendum læknum og tannlæknum (§ 29, 1. kafli atvinnulaganna) skal gjalda fyrir læknisverk eftir þeim ákvæðum, sem hjer fara á eftir, þegar samkomulag fæst ekki og deila verður af.

§ 2. Lægstu ákvæðum skal fara eftir, þegar gjaldendur eru vitanlegir fátæklingar eða fátækrasjóðir. Enn skal eftir þeim fara, þegar gjalda skal úr landssjóði, af efnum góðgerðastofnana, eða sjúkrasjóðum iðnaðarmanna og verkamanna, en þó því aðeins, að ekki sje ástæða til að hækka gjaldið sökum sjerstakra erfiðleika við læknisverkið eða sökum tímalengdar.

§ 3. Innan þeirra takmarka, sem hjer eru sett, skal ákveða gjaldið eftir ástæðum, einkum eftir því, hvert verkið er og hve erfitt, eftir efnahag gjaldenda, eftir staðháttum o. s. frv.

§ 4. Nú er eigi tiltekið í þessum gjaldabálki, hversu gjalda skal fyrir eitthvert verk, og skal þá gjaldið fara eftir ákvæðum um svipuð verk.

§ 5. Þessi gjaldabálkur gengur í gildi 1. janúar 1897.

II. Gjöld til viðurkendra lækna.

A. Almenn læknisverk.

Hjer segir, hversu gjalda skal fyrir þau verk, sem nefnd verða í eftirfarandi töluliðum:

1. Fyrir að koma í fyrsta sinn til sjúklings... ... ... 2—20 Mörk
2. Fyrir hverja komu þar á eftir í sömu veikindum ... ... 1—10 —
3. Fyrir fyrsta viðtal við sjúkling heima hjá lækni .. ... 1—10 —
4. Fyrir hvert samtal síðan í sömu veikindum .. .. 1— 5 —
5. Gjaldið fyrir heimsóknina eða viðtalið innibindur og rannsókn á sjúklingnum og ráðleggingar við hann.

Þó má taka 2—3 M. meira, ef ransóknin er sjerlega nákvæm og til hennar þarf augna-, barkakýlis-, eyrna- eða leggangsspegil, eða smásjá.

6. En enga aukaborgun má þó taka fyrir heimsókn eða viðtal að degi til (sbr. 10. tölulið), ef verkið er eitt af þeim, sem meira skal fyrir gjalda en 10 M. eftir þessum gjaldabálki.

7. Verði læknirinn að vera meira en hálfa stund annaðhvort vegna sjúkdómsfarsins eða eftir beiðni sjúklingsins eða sifjaliðs hans, þá á hann að fá 1,50—3 M. fyrir hverja hálfa stund, sem byrjar eftir það. Þetta gjald skal þó eigi greiða, ef reikningur er gerður fyrir tímatöf, sem stafi af heimsókninni[1].

8. Eigi má reikna fleiri heimsóknir en eina á dag, nema þær sjeu gerðar í samráði við sjúklinginn eða sifjalið hans eða sjeu sjálfsagðar eftir sjúkdómsfarinu.

9. Ef læknir er sóttur til fleiri en eins í einu og þeir eru úr sama sifjaliði og á sama heimili, þá lækkar gjaldið fyrir annan manninn og þá, sem eftir hann koma og verður helmingur þess, sem er ákveðið í 1. og 2. tölulið.

Enn á að gjalda:

10. Fyrir heimsókn og ráð á tímanum frá náttmálum til þess einni stund eftir miðjan morgun er gjaldið tvöfalt og alt að þrefalt meira en segir í 1.—4. lið og í 7. lið.

Gjaldið í 2. lið má þó ekki vera lægra en 3 Mörk.

11. Ef hinn sjúki eða sifjalið hans heimtar að læknir komi tafarlaust eða á ákveðnum tíma, þá er gjaldið tvöfalt meira en segir í 1. og 2. lið, þótt á degi sje.

12. Fyrir ráð tveggja eða fleiri lækna skal gjalda hverjum þeirra (heimsóknin með) ... ... 5—30 M.

13. Fyrir mörg ráð í sömu veikindum skal gjalda í annað skiftið og æ síðan .. .. 5—20 —

14. Hverjum lækni, sem kallaður er til aðstoðar við önnur læknisverk (aðgerðir o. s. frv.), skal gjalda .. .. 5—30 —

15. Fyrir verkin í 12., 13., 14. á næturþeli (sbr. 10.) tvöfalt gjald.

16. Vanalega fær læknir engar skaðabætur fyrir aksturskostnað eða tímatöf, þegar hann fer til sjúklinga í sama bæ sem hann býr í. Þó má taka tillit til þessara hluta í reikningi fyrir heimsóknina innan þeirra takmarka, sem ákvæðin um 1. og 2. setja.

17. En fyrir þau verk, sem getur í 10., 11., 12., 13., 14., 15., má reikna endurgjald á aksturskostnaði auk gjaldsins fyrir heimsóknina, þótt í sama bæ sje, sem læknir býr í, ef bústaður sjúklings er eigi skemra frá bústað læknis en 2 km., og slíkt hið sama fyrir tímatöf, fyrir hverja byrjaða hálfa stund 1,50—3 M.

18. Nú býr sjúklingur fyrir utan heimabæ læknis, þó ekki skemra en 1 km. frá landamerkjum hans og eigi skemra en 2 km. frá bústað læknis, og skal þá læknir auk vitjunargjalds mega krefjast ferðakostnaðar. Fari hann í sjálfs sín vagni, skal reikna kostnaðinn eftir vanalegu akstursverði á þeim slóðum. Svo má og meta, þótt læknir hafi ekki vagn til ferðarinnar.

19. Þegar farið er á járnbraut, skal læknir fá fargjald annars farrýmis og fyrsta farrýmis, þegar farið er á skipi, og auk þess 1,50 M. fyrir ferðina til stöðva og frá þeim.

20. Auk þess á læknir kröfu til þess við störf eftir 18. lið, að fá bætur fyrir tímatöf, sem stafar af vegalengdinni, og skal hann fá 1,50—3 M. fyrir hverja byrjaða hálfa stund, sem til ferðarinnar þarf.

21. Þegar meir en 10 stundir þarf til ferðarinnar, þá skal auk ferðakostn-

aðar gjalda 30—150 M. fyrir daginn, og er tímatöfin innifalin í þeim skaðabótum. Læknisverkið skal borga sjer.

22. Ef læknir vitjar margra utan heimabæjar síns (18. liður) á umferð, þá skal jafna öllum ferðakostnaði og tímatöf niður á gjaldendur eftir atvikum.

23. Ef læknir vitjar sjúklinga samkvæmt 18., 19., 20., 21., 22. og er sóttur til annara sjúklinga, þá skal þar um fara eftir ákvæðunum í 1. og 3. lið.

24.	a. Stutt vottorð um heilbrigði eða sjúkleik manns	2— 5 M.
	b. Nákvæm sjúkdómsskýrsla.	3—10 —
	c. Rökstutt álit.	9—30 —
25.	Að skrifa brjef til þess að hjálpa sjúklingi til heilsu ...	2—10 —
26.	Líkskoðun og stutt vottorð, auk vitjunargjalds	3— 6 —
27.	Líkskurður eftir einstaklings bón	10—30 —
28.	Rituð líkskurðarskýrsla...	3—10 —
29.	Tilraunir að lífga menn í dauðadái (læknishjálp eftir á ekki talin með)	4—20 —
30.	Kúabólusetning (þar með skoðun og bóluvottorð)	3— 6 —
31.	Sjeu margir af sama heimili bólusettir í einu í sama herbergi, fyrir hvern	1— 2 —
32.	Að sjá um bað	2—10 —
33.	Að svæfa...	5—15 —
	Ef svæft er við aðgerð (operation), sem læknir fær ekki minna en 10 M. fyrir, þá skal ekkert gjalda fyrir svæfinguna.	
34.	Nudd (massage)	2— 5 —
35.	Vatnslækningaaðgerð	2— 5 —
36.	Að nota stöðugan eða hvikulan rafstraum	2—10 —
37.	Innspýting lyfja innanhúðar (auk lyfjaverðsins); innspýting í þvagganginn, skolpípa...	1— 3 —
38.	Að setja inn þinil (Bougie), endaþarmspípu, með íhelling eða án, og svipuð verk	2—10 —
39.	Að setja inn magakanna eða kokpípu	3—10 —
40.	Hið síðartalda, þegar þrengsli eru í vælindinu eða skola þarf magann	5—10 —

41. Læknirinn á heimting á að fá eða að fá að fullu borgað verkfæri og umbúðir, sem annaðhvort verða eigi notuð nema einu sinni, eða hefur orðið að ónýta af einhverjum ástæðum eða sjúklingurinn heldur til notkunar framvegis.

42. Ef þau verk, sem getur í 35.—40., eru gerð hvað eftir annað í sömu veikindum um langan tíma, þá er ekki fult gjaldið, nema þrjú fyrstu skiftin, en í hvert skifti þar á eftir á það að lækka um helming; má þó ekki verða lægra en 1. M.

43. Blóðtaka .. .. 2—6 M.

B. Sjerstök læknisverk.

Aðgerðir.

44.	Að skera í grunna ígerð, eða víkka sár...	2—10 Mörk
45.	Að skera í ígerð, sem liggur djúpt	10—50 —

46.	Að nota beitta skeið	2—10	Mörk
47.	Að binda í fyrsta sinn á einfaldan hátt um lítið sár...	1—10	—
48.	Að sauma saman lítið sár og binda um í fyrsta sinn...	2—10	—
49.	Að sauma saman stórt sár og binda um í fyrsta sinn...	10—30	—
	Hver umbúningur þar á eftir helming gjalds, þó eigi minna en	1	—
40.	Að setja á meiriháttar fastaumbúðir eða rjettiumbúðir, í hvert sinn	5—20	—
51.	Að binda fyrir meiri háttar æð, svo sem sjálfstæða aðgerð, eða aðgerð á útæðarhnút (aneurisma)...	20—100	—
52.	Að skera sundur sin	10—30	—
53.	Að sauma saman sin	10—50	—
54.	Að losa um taug eða skera sundur, eða teygja eða sauma	10—50	—
55.	Að taka burt aðskotahluti (corpora aliena)		
	a. úr náttúrlegum opum	2—10	—
	b. úr barkakílinu eða vælindinu	6—50	—
56.	Að taka aðskotahluti eða beinflísar úr skotsári	5—10	—
57.	Að ná út vökva með ástungu		
	a. úr vatnshaulvi	5—10	—
	b. úr brjóstholi, kviðarholi, blöðru eða eggjastokk	15—30	—
58.	Að taka burt lítil, auðtekin æxli utan á	3—15	—
59.	Að taka burt stór og margbrotin æxli	20—200	—
60.	Að pípusetja eyrnaganginn (tuba Eustachii) og blása inn lofti eða spýta inn vökva	3— 6	—
61.	Að troða upp í nefið	2— 5	—
62.	Að galvanbrenna innan nefið (Galvanokauter)	3—30	—
63.	Smáaðgerð á hljóðhimnu og hljóðholu...	2—10	—
64.	Erfið aðgerð á miðeyranu, innan um hlustina	15—30	—
65.	Að bora í klettbeinið eða meitla það (processus mastoideus)	15—100	—
66.	Að taka burt		
	a. tungukirtil	3—15	—
	b. beræxli (Polyp) úr nefi eða koki	10—20	—
	c. kirtilauka (Aenoidvegetation) úr koki	10—50	—
67.	Smáaðgerð á barkakýli, að koma lyfjum inn í það o. þ.h.	2—10	—
68.	Stórar barkakilisaðgerðir og að taka æxli úr því ...	20—300	—
69.	Að setja saman brotin bein og binda um, svo sem		
	a. einn eða fleiri fingur eða tær	2—10	—
	b. brotið andlitsbein eða herðarblað	3—10	—
	c. brotið bein í mjaðmargrind, í úlflið eða ristarkrók, í handarbaki eða rist	6—10	—
	d. viðbein, eitt eða fleiri rif, upphandleggur... ...	10—20	—
	e. framhandleggur, fótleggur	10—25	—
	f. lærleggur	15—30	—
	g. lærbeinsháls	20—50	—
	h. hnjeskel	15—30	—
	i. að sauma saman hnjeskel	20—100	—
70.	Fyrir að setja saman brotin bein, sem standa út úr húðinni, og binda um hækkar gjaldið í 69. lið um...	10—15	—

71.	Að taka af eða liða frá limi svo sem		
	a. upphandlegg eða framhandlegg, lærlegg eða fótlegg	30—300	Mörk
	b. fót eða hönd...	20—150	—
	c. fingur eða tá eða einstaka kögla	10—30	—
72.	Að taka nögl af fingri eða tá	3—10	—
73.	Að skilja samvaxna fingur eða tær	5—30	—
74.	Úrskurður úr leggjum (Resektion)	30—150	—
75.	Úrskurður úr liðum eða úrskurður úr efri og neðri kjálka	30—300	—
76.	Úrskurður úr rifi	20—150	—
77.	Að opna höfuðskelina	30—200	—
78.	Að opna kjálkaholuna	5— 30	—
79.	Að þrautrjetta kreftan lim (brisement forcé) eða brjóta eða brjóta aftur ranggróið bein	10— 50	—
80.	Að opna lið til útræslu (Drainage) eða til að ná burtu aðskotahlut	10—100	—
81.	Beinmeitlun	20—100	—
82.	Að taka sundur bein (osteotomi)...	15—100	—
83.	Hið sama í mjöðminni	30—200	—
84.	Aðgerð á njórafæti	30—100	—
85.	Viðgerð á liðhlaupi og fyrstu umbúðir		
	a. úr kjálkalið	10— 20	—
	b. úr axlarlið	10— 30	—
	c. úr augnaköllum	30— 60	—
	d. úr olnbogalið, hnjálið, öklalið eða úlflið ...	15— 30	—
	e. úr fingur- eða tálið	2— 10	—
86.	Fyrir að laga og búa um gömul liðhlaup tvöfalt gjald.		
87.	Meiriháttar sköpulagsaðgerðir (plastiskar operationir) að gera augnalok, nef, varir, góm, að gera við margbrotið skarð í vör	20—200	—
88.	Að gera við einfalt skarð í vör	10—100	—
89.	Að taka hluta af tungunni eða hana alla	20—200	—
90.	Að opna barkakýlið eða barkann...	20—200	—
91.	Að taka af barkakýlinu eða taka það alveg	30—500	—
92.	Að opna kokið eða vælindið	30—200	—
93.	Að hleypa greftri úr lungnasekknum með skurði ...	20—150	—
94.	Að opna þarfagang, þvaggang, leggang, ef lokaðir eru að utan	5— 20	—
95.	Að opna ef lokað er fyrir innar í endaþarmi, í þvaggangi, í leggöngum, í legopi	15—100	—
96.	Aðgerð á líffærum inni í kviðarholi	50—500	—
97.	Að ýta inn hreyfanlegu kviðsliti eða endaþarmssigi...	3— 10	—
98.	Að laga sjálfheldukviðslit (hernia incasserata)	10— 50	—
99.	Að laga sjálfheldukviðslit eða fullnaðarviðgerð (radikal operation) á kviðsliti eða að gera þarfagangsop eða aðgerð á ónáttúrlegu þarfagangsopi	30—200	—

100.	Aðgerð á endaþarmsfistli, eða endaþarmssigi eða gylliniæð...	10—100	—
101.	Að taka burt endaþarminn	50—300	—
102.	Að taka þvag af manni	3— 15	—
103.	Að taka þvag af konu	1,50— 5	—
104.	Sjeu aðgerðir þær, sem getur í 102 og 103 framdar hvað eftir annað um langan tíma, þá er fult gjald fyrir þrjú fyrstu skiftin, en síðan hálft, — þó ekki undir 1 M.		
105.	Aðgerð á »Phimosis« og »Paraphimosis	6— 20	—
106.	Að laga »Paraphimosis«	1— 10	—
107.	Þvaggangsskurður	10—100	—
108.	Aðgerð á þvaggangsfistli	10—100	—
109.	Að taka penis af	15— 50	—
110.	Að spegla blöðruna	5— 20	—
111.	Að skola blöðruna o. þessh.	2— 5	—
112.	Að skera til steins eða mylja stein (í einni eða fleiri lotum)	60—500	—
113.	Aðgerð á æðahaulvi (varicocoele)	10— 30	—
114.	Að vefja heftiplástri um eysta	1— 5	—
115.	Að skera í vatnshaul	20—100	—
116.	Að taka burt annað eða bæði eystu	30—100	—
117.	Blóðgjöf (transfusion).	30— 60	—

Augnalæknisverk.

118.	Að rannsaka sjónina (þar með litblindi og takmörkun sjónarsvæðis (Gesichtsfeld) o. s. frv.	3— 15	—
119.	Aðgerð á ofþröngri eða ofvíðri hvarmagátt eða samvaxinni	5— 30	—
120.	Aðgerð á augnaloki samvöxnu við augað...	20—100	—
121.	Aðgerð á úthverfðu augnaloki	10— 50	—
122.	Að skera burt augnaloksfelling, er augahimnan bólgnar	3— 10	—
123.	Aðgerð á innhverfðu eða lafandi augnaloki, í einni eða fleiri lotum	10—100	—
124.	Að pípusetja táraveginn	2— 10	-
	Sje þetta gert oft, fult gjald fyrstu þrjú skiftin, síðan hálft		
125.	Aðgerð á fistli í tárasekk, eða taka burt tárasekk eða gera við fistil í tárakirtli	20— 50	—
126.	Að taka burt tárakirtil	20— 80	—
127.	Að taka burt vængský (pterygium)	10— 50	—
128.	Að taka burt aðskotahluti		
	a. úr augahimnu	2— 10	—
	b. úr sjáaldri	3— 20	—
	c. úr augnatóft...	5— 50	—
	d. innan úr auganu	20—150	—
129.	Aðgerð á rangeygð	15—150	—
130.	Að galvanbrenna augnahimnu eða sjáaldur	3— 20	

131.	Að lita sjáaldur í einni eða fleiri lotum	20—	50	—
132.	Að opna fremra augnahólf með skurði	10—	50	—
133.	Lithimnuúrskurður, ljósopsgerð[1]...	20—	150	—
134.	Aðgerð á gráum starra eða augnahersli (glaucom) .	50—	300	—
135.	Að ná burt starleyfum (Nachstar) í einni eða fleiri lotum...	30—	150	—
136.	Að taka auga út	30—	150	—
137.	Að velja gjörviauga og setja það í	2—	5	—
138.	Að setja á gjörviblóðsugur	2—	3	—

Læknishjálp við barnsburð og í kvennasjúkdómum.

139.	Að rannsaka, hvort kona er barnshafandi, hvort hún hefur átt barn eða hvort getnaðarfærin eru sjúk ...	2—	10	Mörk
140.	Læknisaðstoð við eðlilegan barnsburð...	10—	40	—
141.	Þegar tvíburar fæðast, hálfu hærra gjald.			
142.	Ef lengur stendur á fæðingu en tvo tíma, að auki fyrir hverja byrjaða hálfa stund	1,50—	3	—
143.	Að taka barn.			
	a. með höndum	15—	20	—
	b. með því að snúa því við inni með höndunum, eða með töng	15—	100	—
	c. með snúningi, útdrætti og töng í einu, eða með höfuðstungu, með eða án höfuðkreistings, eða sundurlimun eða nárabeinskurði (symphysiotomie)	30—	150	—
	d. þegar fylgjuna ber að auk þess...	10—	50	—
144.	Að hjálpa, þegar konu leysist höfn	6—	50	—
145.	Að koma á stað fæðingu fyrir tímann, (partus præmaturus artificialis) eða fósturláti (abortus)	10—	50	—
146.	Keisaraskurður á lifandi konu	50—	500	—
147.	Keisaraskurður á dáinni konu	20—	50	—
148.	Að ná fylgju, án þess að hafa hjálpað við barnsburðinn	10—	20	—
149.	Að stöðva blóðrás eftir barnsburð, en hafa ekki tekið barnið	10—	100	—
150.	Aðgerð á nýu holdbrúarsliti	5—	20	—
151.	Aðgerð á gömlu holdbrúarsliti	20—	200	—
152.	Ef það nær yfir í þarminn	30—	100	—
153.	Aðgerð á fistli milli endaþarms og leggangs, milli blöðru og leggangs, þvagstokks og leggangs eða því um líkt	30—	500	—
154.	Að setja lyfstauta í legop, eða skola það, eða brenna legháls eða leghol eða setja blóðsugur með móðurspegli	3—	10	—
155.	Að setja inn leghring og lagfæra leg	2—	20	—
156.	Að laga umhverft leg	10—	100	—
157.	Óblóðug víkkun á legopi og leghálsi	3—	20	—
158.	Blóðug víkkun á legopi	5—	50	—
159.	Að sauma gamla leghálsritu	20—	05	—

160.	Að skafa innan legholið	10—100	—
161.	Að taka burt hluta legs	20—100	—
162.	Að taka leg burt	50—500	—
163.	Að rannsaka brjóstfóstru...	3— 10	—

III. Gjöld til viðurkendra tannlækna.

1.	Fyrir viðtal við tannsjúkling, þar með ransókn á munni og skrifleg fyrirsögn ef þarf:		
	a. heima hjá tannlækni...	1— 5	Mörk
	á nóttu...	2—10	—
	b. heima hjá tannsjúklingi	2— 6	—
	á nóttu...	4—15	—
2.	Ef auk viðtalsins er í sömu lotu gert nokkuð þeirra verka, sem hjer á eftir verða ákveðin gjöld fyrir, þá má ekki taka gjald eftir 1. lið.		
3.	Að hreinsa allar tennur	5—10	—
4.	Að draga úr tönn eða rót	1— 5	—
	Ef margar tennur eða rætur í einni lotu, skal hálft gjald koma fyrir aðra tönn, og síðan, þó ekki undir 1 M.		
5.	Að fylla upp í tönn:		
	a. steypt í tönnina	3—10	—
	b. gull í — eftir stærð	10—30	—
	c. tin og gull í tönn	5—15	—
6.	Að hylja bert hold í tönn, eða taka burt eða deyða ...	2— 4	—
	Ef deyddar eru margar tönnur í einni lotu, hálft gjald fyrir allar eftir þá fyrstu.		
7.	Öll gerileyðandi meðferð á tannholu eða rótarholu ...	1— 2	—
8.	Að opna ígerð í munnholinu og aðrar einfaldar blóðgar aðgerðir á munni...	2— 5	—
9.	Meiriháttar blóðgar aðgerðir á munni	5—20	—
10.	Að sverfa randir af tönn	1— 3	—
	Ef margar eru sorfnar í sömu lotu, hálft gjald eftir þá fyrstu.		
11.	Að deyfa tannhold við tannaðgerð	2— 5	—
12.	Að svæfa við tannaðgerð	5—10	—
13.	Að stilla mikla blóðrás eftir tannaðgerð...	2— 5	—
14.	Sje eitthvað af verkunum í 4.—10. gert heima hjá tannsjúklingi þá hækkar ákvæðisgjaldið fyrir þau um. ...	3—10	—
	á nóttu um	5—15	—
15.	Að gera gervitannaflögu úr kautschuk	8—10	—
16.	Viðgerð á henni hálft gjald.		
17.	Hver tönn, sem fest er í flöguna	5—10	—
	jaxlar hærri um	2— 5	—
18.	Klemmur eða spangir úr dýrum málmi til þess að festa eða styrkja flöguna	5—10	—
19.	Tannflaga úr dýrum málmi, auk málmverðs	20—30	—

20. Hver tönn fest á þá flögu (19)... ... ... 10—15 —
21. Að setja á stingtönn ... ... 10—20 —
22. Fjaðrir og fjaðurberar úr gulli á heilum tanngarði ... 20—30 —

Verð fyrir gómlokur, kjálkaspelkur, tannrjettingarumbúnað og annan tannaumbúnað fer eftir samningi.

Berlín, 15. maí 1896.

Kirkju, kenslu og heilbrigðis ráðgjafi

Bosse.

Frumvarp til laga

um

gjald af innlendri vindlagjörð og tilbúningi á bitter.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Enginn má reka vindlagjörð nje tilbúning á bitterum, hverrar tegundar sem er, til sölu, nema til þess hafi leyst leyfisbrjef hjá lögreglustjóra, þar sem framleiðslan fer fram. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 50 kr. til bæjarsjóðs eða sveitasjóðs.

Ákvæði þetta gildir einnig um þá, sem nú reka vindlagjörð eða bittergjörð, þar á meðal lyfsala, sem búa til og selja bitter án læknisforskriftar.

2. gr.

Fyrir hvert pund af tóbaksvindlum eða vindlingum, sem eru búnir til hjer á landi, skal greiða í landssjóð gjald er nemi helmingi aðflutningsgjalds af vindlum eða vindlingum eftir tollögum þeim, er í hvert sinn gilda. — Fyrir hvern pela af bittervökva (bitteressens, elixír o. þvl.) eða pott af bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar, skal greiða í landssjóð gjald er samsvari þrem fjórðu af aðflutningsgjaldi því, sem greiða ber af vörutegundum þessum samkvæmt toll-lögunum.

3. gr.

Framleiðandi skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi lögreglustjóra áður varan er látin burt frá honum, seld eða send til umboðssölu. Af birgðum þeim, er fyrir liggja af innlendum vindlum og bitterum, þegar lög þessi öðlast gildi, skal gjaldið einnig greitt, og skal hver sá, er slíkan varning hefur til sölu, tilkynna lögreglustjóra sínum í síðasta lagi innan þriggja sólarhringa frá því lög þessi öðlast gildi, hve miklar birgðir hann hefir og greiði jafnframt gjaldið.

4. gr.

Vindlagjörðarmenn mega ekki selja vindla öðruvísi en í kössum, er lokaðir sjeu á venjulegan hátt. Bittergjörðarmenn mega ekki selja bitter neinnar tegundar nema aftappaður sje á þau ílát, sem ætluð eru til smásölunnar til almennings, og sje lakk yfir stút.

Á hverjum kassa vindla, og á hverju íláti bitters, sem selt er eptir að lög þessi öðlast gildi, hvort heldur hjer á landi tilbúið eða aðflutt, skal vera límdur miði, þar er tilgreint sje, hver framleitt hafi vöruna, ef um innlendan tilbúning er að ræða, eða hver aðkeypt hafi vöruna, sje hún aðflutt. Á hverjum seldum vindlakassa eða bitteríláti skal og vera miði með nafni seljanda, sje hann annar en framleiðandi eða innflytjandi, ásamt yfirlýsing framleiðanda, aðflytjanda eða seljanda, um að lögboðið gjald sje greitt, svo og hverjum lögreglustjóra það sje greitt.

5. gr.

Framleiðendur vörutegunda þeirra, er um ræðir í lögum þessum, skulu halda nákvæmar dagbækur, er sýni hve mikið af hverri tegund er framleitt til fullnustu daglega. Bækur vindlagjörðarmanna skulu og sýna, hve mikið þeir fá af tóbaksblöðum til að vinna úr, og auk þyngdarinnar skal og greina tölu hinna tilbúnu vindla. Lögreglustjóri hefur rjett til að rannsaka bók þessa hvenær sem hann óskar, og skal það að jafnaði gjört einu sinni í mánuði. Bókin skal vera gegnumdregin og löggilt af lögreglustjóra. Vanræksla í því að færa bókina jafnóðum varðar sektum 10—100 kr.

6. gr.

Við lok hvers ársfjórðungs, skal framleiðandi afhenda lögreglustjóra skýrslu með árituðu æru- og samviskuvottorði um það, hve mikið framleitt hafi verið af gjaldskyldum vörutegundum í verkstofu hans síðastumliðinn ársfjórðung; giöra skal þar og grein fyrir greiðslu gjaldsins og greiða það, sem ólokið kann að vera af því, er framleitt hefur verið umliðinn ársfjórðung, nema því að eins að hin framleidda vara hafi verið sett í tollgeymslu.

Skýrsla þessi skal afhent lögreglustjóra í síðasta innan 3 sólarhringa eptir lok ársfjórðungsins, að viðlagðri sekt, alt að 500 kr., og má auk þess leggja dagsektir við, að skýrslan sje í tje látin.

7. gr.

Brot gegn fyrirmælum 1., 3. og 4. greinar varða sektum, alt að 500 krónum.

Nú verður vindlagjörðarmaður eða bittergjörðarmaður uppvís að því, að

hafa sagt rangt til um birgðir eða framleiðslu, eða selt er af birgðum án þess að gjaldið sje greitt, eða rangt vottorð er sett á kassa eða ílát, og varðar það þann, sem brotið hefur, sektum frá 100—1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjalds þess, er hann hefur reynt að draga undan. Sá, sem gefur vísvitandi rangt æru- og samviskuvottorð það, er um ræðir í 6. gr., sæti hegningu samkv. 155. gr. hinna almennu hegningarlaga.

8. gr.

Hinar tilbúnu, gjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum. Sje skil ekki gjörð samkvæmt 3. og 6. gr. getur lögreglustjóri selt þær birgðir, sem fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gjöra á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til þeirrar vöru, er gjaldið átti af að greiða, og má þá án undanfarandi birtingar gjöra lögtak fyrir gjaldi og sektum í öðrum eignum gjaldanda.

9. gr.

Toll af stilkum úr innfluttum tóbaksblöðum má ekki endurgjalda, þótt út sje fluttur á þann hátt, er fyrir er mælt í 13. gr. tollaga 8. nóv. 1901.

10. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál (sbr. þó 7. gr. i. f.).

Sektir allar eptir 1., 3. og 5. gr. renna í landssjóð. Hið sama er og um sektir eptir 4. og 6. gr., nema einhver hafi komið því til leiðar með frásögn sinni að brotið kemst upp, þá fær sá helming sekta.

11. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eptir lögum þessum, skal lögreglustjóri gera reikning samkvæmt þeim reglum, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil. Af upphæð gjaldanna fær lögreglustjóri 2 af hundraði í innheimtulaun.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta alþingi komu fram frumvörp um vindlatoll og sölutoll á bitterum. Frumvörp þessi voru samþykt í efri deild, en komust ekki á dagskrá í neðri deild.

Vegna hins mikla munar, sem er á aðflutningsgjaldi af tóbaki og af vindlum í núgildandi tolllögum hefur vindlatollurinn í framkvæmdinni orðið verndartollur fyrir innlenda vindlagjörð, sem ekki á sjer nein skilyrði hjer á landi að öðru leyti, og að eins er til að svifta landssjóð tekjum. Eins hefur hið háa að-

flutningsgjald á bitter haft það í för með sjer, að svo sem ekkert flyst nú lengur inn af bittervökva (bitteressens, elixír o. þ. h.). Þannig nam aðflutningsgjaldið af þessari einu tegund árið 1905 að eins 137 kr. 10 aurum, og er þó víst engu minna notað af henni í landinu nú en áður. En bittergjörðarmenn hafa tekið til að setja saman vöru þessa hjer í landi, og á sú atvinna sjer ágæta vernd, en miður tilætlaða, þar sem tolllögin eru.

Úr þessu áttu frumvörp efri deildar 1905 að bæta, og var valin sú aðferð í báðum frumvörpunum, að innleiða tollfrímerki bæði fyrir vindla og bittera, bæði aðflutta og innlenda. Stjórnarráðið hefur þegar fyrir löngu veitt máli þessu eftirtekt, og ástæðan fyrir því, að ekki kom fram stjórnarfrumvarp 1905 um breyting í þessum efnum, var eingöngu sú, að búist var við að gagngerð endurskoðun á skattamálunum mundi bera bráðan að. Það er því algjörlega samdóma efri deild um aðalatriði málsins, en hyggur að það mundi valda óþarfri fyrirhöfn og kostnaði og enda vera lítt framkvæmanlegt án strangs tollseftirlits, að fara þá leið að fyrirskipa tollfrímerki á vindlum öllum og bitterum, eins og gert var í frumv. 1905. Sjerstaklega væri mjög óhentugt að nota tollfrímerki á vindla, sem tollaðir eru eftir þyngd, með því að ómögulegt gæti verið að skifta þeim tollfrímerkjum, sem afhent væru gegn greiðslu á aðflutnings- eða framleiðslugjaldi af allmiklu þungamagni af ýmsum misþungum tegundum vindla í einu, svo að frímerkin komi rjett niður á hvern kassa, nema tegundirnar sjeu því fleiri og smærri. Ennfremur væri mjög örðugt að fyrirbyggja, að tollfrímerki, sem afhent væru mönnum, sem sjálfir panta sjer vindla eða bitter til heimabrúkunar, sem kvittun fyrir tollgjaldi, væru misbrúkuð, ef ekki væri beint eftirlit með því, að innflytjandi límdi þau á kassa þá og glös, er hann hefur pantað sjer.

Stjórnarráðið hefur því horfið frá því, að nota tollfrímerki á vörutegundir þessar, og sömuleiðis hefur verið álitið óþarft, að skifta máli þessu í tvent. Eru því hjer í einu lagi settar reglur um framleiðslugjald eða sölugjald af vörutegundum þessum, og þykir ekki ástæða til þess að ætla, að meiri undanbrögð geti orðið höfð á gjaldgreiðslunni eins og hún er sett í þessu frv., heldur en á greiðslu aðflutningsgjalds af útlendum tollvörum, er nú flytjast til landsins. Þvert á móti á það að vera hægra með því fyrirkomulagi, sem hjer er stungið uppá, að koma í veg fyrir öll undanbrögð, og það án aukinnar fyrirhafnar svo nokkru nemi.

Um einstakar greinar frumvarpsins athugast:

Um 1. gr.

Það hefur þótt rjettast, að þeir, sem reka vilja vindlagjörð eða bittergjörð, þar með einnig lyfsalar, er selja bittera án læknisforskriftar, leysi sjerstakt leyfisbrjef til þessarar framleiðslu, og kosti það hið sama og borgarabrjef til verslunar. Þeir, sem nú reka þessa atvinnu verða að leysa leyfið jafnskjótt og lögin ganga í gildi, ef þeir ætla sjer að halda áfram.

Um 2. gr.

Framleiðslu- eða sölugjaldið virðist hæfilega sett, að því er vindlana snertir helmingur af því tollgjaldi, sem greiða ber af vindlum eftir gildandi tollögum, því vegna samræmis við tolllögin virðist verða að leggja gjaldið á eftir

þyngd vindlanna, og verður þá upphæð gjaldsins nokkurn vegin hlutfalsleg við aðflutningsgjaldið.

Aðflutningsgjald af 1 pd. af vindlum er eftir tollögunum 1901 ... 2 kr. en innlendur vindlagjörðarmaður mundi greiða fyrir pund af hjer til búnum vindlum

1, Aðflutningsgjald af c. $1^1/_2$ pd. af tóbaksblöðum 0,75
2, sölugjaldið 1,00 1,75

Að því er bitterinn snertir, verður svipuð niðurstaða. Til framleiðslunnar mun jafnan notaður að einhverju leyti spiritus, sem toll á að greiða af, og virðist mega ætla, að útkoman verði lík eins og um tóbak með því að taka $^3/_4$ tolls af bitterum í sölugjald af innlendum tilbúningi. Í frumvarpi um framlenging á gildi laga um tollauka frá 29. júlí 1905 er tekið fram, að gjöld þau, sem hjer eru ákveðin, færist upp um 30%, meðan tollaukalögin standa í gildi.

Um 3. gr.

Hjer er ákveðið, að gjaldið skuli einnig falla á þær birgðir af innlendum vindlum og bitterum, sem til verða óseldar hjá framleiðanda og kaupmönnum, þegar lögin ganga í gildi.

Um 4. gr.

Til þess að ljetta eftirlitið, er ákveðið, að á hverjum vindlakassa og hverju bitterláti skuli vera nafnmiði er sýni hver framleiðandi er eða innflytjandi, svo og hver selt hefur, og hvar hann hefur greitt toll eða sölugjald. Með þessu móti verður lítt mögulegt að fara kringum lögin, án þess kaupendur verði þess varir, og þar sem uppljóstrarmanni brota er heitið helmingi allhárra sekta, má líklegt telja, að á það yrði lítt hætt. Þetta ákvæði verður einnig nokkurt aðhald fyrir þá, sem sjálfir panta sjer vindla eða bitter t. d. gegnum póstinn eða á annan hátt, að skýra lögreglustjóra frá pöntuninni og greiða lögboðið aðflutningsgjald, því að hvar sem vindlakassi eða bitterglas sjest án nafnmiða þeirra, sem fyrirskipað er í þessari grein, verður að álíta, að hlutaðeigandi hafi pantað sjer sjálfur, og er þá auðgert að sjá, hvort hann hefur greitt toll eða ekki.

Um 5. gr.

Ekkert sjerstakt að athuga.

Um 6. gr.

Það er ætlast til að stjórnarráðið láti á landssjóðs kostnað prenta eyðublöð undir skýrslur þær, frá vindla- og bitterframleiðendum, sem hjer eru heimtaðar.

7. og 8. gr.

Svara til 7. og 8. greinar í tollögunum 8. nóv. 1901.

Um 9. gr.

13. gr. í tollögunum 8. nóv. 1901 hefur verið skilin svo, að vindlagjörð-

armenn hafi rjett til að fá toll endurgoldinn af tóbaksstilkum þeim, er ganga úr tóbaksblöðunum við vindlagjörðina. En þar eð endurgreiðsla á tolli í þessu tilfelli virðist að nokkru leyti liggja fyrir utan tilgang 13. gr. tolllaganna, þá virðist rjett að taka þetta úr lögum, enda eru tóbaksstilkar miklu verðminni vara en tóbaksblöð, og er auðsær gróði á því að senda stilkana út til þess að fá tollinn endurgoldinn, þótt þeir verði alveg verðlausir, þegar út er komið. Endurgreiddur tollur af stilkum hefur 3 síðustu árin numið 1100 kr. að meðaltali á ári.

Um 10. og 11. gr. er ekkert sjerstakt að athuga.

Frumvarp

til

námulaga.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

I. kafli.

Um málmleit.

1. gr.

Sjerhverjum skal heimilt samkvæmt ákvæðum þeim, sem hjer fara á eftir, að leita málma og málmblendinga í landareign annara.

2. gr.

Sá, er vill málmleit gera í landi annars manns, skal hafa málmleitarbrjef, og sýna það jarðeiganda áður en hann byrjar málmleit, eða þeim, sem landið hefur til nytja. Land telst hjer: jarðeign, sem metin er að dýrleika, og kaupstaða land. Áður en hann tekur til málmleitar, skal hann setja þá trygging, er brjefið tiltekur fyrir skaða þeim, er kann að hljótast af málmleitinni.

Málmleitarbrjef gefur lögreglustjóri og veitir það þeim mönnum einum, sem honum eru persónulega kunnir eða sanna það með vottorði tveggja skilríkra

manna, hverir þeir sjeu. Málmleitarbrjef gildir um 2 ár frá dagsetningardegi, og að eins í lögsagnarumdæmi útgefanda. Leyfisbrjef til málmleitar á öðrum landsvæðum en þeim, sem að framan greinir, svo sem afrjettum, almenningum og öræfum, veitir stjórnarráð Íslands, og skal leitarsvæðið þar tiltekið.

Málmleitarbrjef skulu veitt ókeypis.

3. gr.

Málmleit má eigi fram fara án leyfis jarðeiganda eða þess, sem jörð hefur til nytja, á túni eða öðru ræktuðu landi, eða á stöðum, er liggja nær íbúðarhúsum, útihúsum eða öðrum mannvirkjum, svo sem brúm, en 200 álnir. Á alfaravegum, kirkjugörðum eða grafreitum má málmleit ekki eiga sjer stað.

Ef málmleit fer fram í minni fjarlægð en 300 álnir frá íbúðarhúsi annars manns eða alfaravegi, skal málmleitarmaður skyldur til, að viðlagðri 30 kr. sekt, að gera íbúum hússins aðvart, þegar hann ætlar að sprengja grjót og setja verði á veginn til að aðvara vegfarendur. Nú vanrækir hann þetta, og skal hann þá auk sektanna bæta þann skaða, er af vanrækslu þessari kann að hljótast.

4. gr.

Nú er ger gryfja til að leita að málmi, og skal þá sá, er gerði, hvort sem er í eigin landi eða annara, halda uppi gripheldri girðing um hana, svo framarlega sem hún er orðin svo djúp, að alidýr geti farið sjer þar að voða. Ef hætt er grefti, skal sá, er gerði, annaðhvort fylla gryfjuna eða girða hana með tryggilegum grjótgarði. Vanræki hann þetta, sæti hann 50 kr. sekt og bæti skaða þann, er af kann að hljótast.

5. gr.

Málmleitarmaður er skyldur til að bæta allan þann skaða, sem jarðeigandi eða sá, er landið hefur til nytja, bíður af málmleit hans.

6. gr.

Sá er hindrar nokkurn í lögmætri málmleit sæti sektum frá 5—50 kr. og bæti þar að auki málmleitarmanni allan þann skaða, er hann sannar, að hann hafi beðið við það.

7. gr.

Nú finnur málmleitarmaður vott þess, að fyrir sje málmur, og skal hann þá, svo framarlega, sem hann vill njóta fundar síns framar öðrum, senda skriflega tilkynning í tveim eintökum um fund sinn til lögreglustjóra eða stjórnarráðsins, eftir því hvar málmur hefur fundist (sbr. 2. gr. 2. málslið). — Í tilkynningunni skal fundarstaðurinn nákvæmlega tilgreindur, og tilnefndir 2 vottar, sem á hann geti vísað. Móttakandi ritar á tilkynningarnar ár, dag og klukkustund, er þær

bárust honum, og hafi annar maður síðustu 12 mánuði þar á undan sent og auglýst á lögmætan hátt tilkynning um málmfund á sama svæði, ritar móttakandi athugasemd um það á tilkynningarnar. Annað eintakið af tilkynningunni afhendist þegar tilkynnanda, gegn 1 kr. gjaldi til landssjóðs. — Finnandi skal því næst annast um, að landeiganda sje birt, að viðstöddum tveim vottum, að tilkynningin hafi fram farið, svo og að tilkynningin, ásamt áritun, sje innan 8 vikna birt í blaði því, sem flytur stjórnarvalda auglýsingar á Íslandi.

2. kafli.

Um málmgraftarbrjef.

8. gr.

Heimill er málmgröftur til allra málma og málmblendinga, nema rauða.

9. gr.

Nú vill sá, er fundið hefur vott um, að málmur sje fyrir, grafa þar til málms, og skal hann þá innan 18 mánaða frá tilkynningu um fundinn (sbr. 7. gr.) senda skriflega beiðni um graftarleyfi til lögreglustjóra eða stjórnarráðs Íslands (sbr. 2. gr.). Í umsókninni skal tilgreint, til hvaða málms eða málma umsækjandi ætli að grafa. Frá þeim tíma, er tilkynningin um fundinn fór fram samkvæmt 7. gr., og til loka þessara 18 mánaða getur síðari málmfundur eigi svift fyrri finnanda rjetti til útmælingar þeirrar, sem 4. kafli laga þessara heimilar honum. Sje aftur á móti vanrækt að senda nefnda umsókn innan hins ákveðna tíma, er öllum heimilt að notfæra sjer málmfundinn, sem finnandi væri.

Nefnd stjórnarvöld rita þegar á málmgraftarbeiðnina dag og klukkustund, er hún barst þeim, og gefa síðan út málmgraftarbrjef, og skal þar tilgreint nafn, heimili og staða málmgraftarmannsins, og hvaða málm eða málma hann ætli að vinna, og í hvers landareign eða hvar málmfundarstaðurinn sje. Eigi má neita neinum um málmgraftarbrjef, en fari svo, að fleiri en eitt brjef verði veitt fyrir sama málmfundarstað, skal fyrsti finnandi hafa forgöngurjett, hafi hann gætt ákvæða laga þessara.

Málmgraftarbrjef skal innfæra orðrjett í námubrjefabók.

10. gr.

Nú vill einhver taka upp vinnu á málmleitarstöðum eða í námugryfjum, sem öllum er orðinn heimill finnandarjettur að, eða gera tilraun til að vinna málm úr uppgrefti eða öðru úrkasti úr og við námur, sem hætt hefur verið við, og skal þá tilkynning um það fram fara á sama hátt og fyrirskipað er um tilkynningar um nýja málmfundi. Innan 6 mánaða frá auglýsing tilkynningarinnar skal tilkynnandi, að viðlögðum rjettarmissi, sækja um málmgraftarbrjef hjá stjórnarráðinu eða lögreglustjóra.

11. gr.

Auglýsing málmgraftarbrjefa til sveita skal fara fram innan 4 mánaða frá dagsetningu þeirra við kirkju eftir messu í kirkjusókn þeirri, er málmfundarstaður liggur í. Ef staðurinn liggur í kaupstaðarlandi skulu málmgraftarbrjef birt á þann hátt, sem venja er í kaupstaðnum, og ef staðurinn liggur á öðrum landsvæðum en þeim, sem nefnd eru, skulu brjefin auglýst í blaði því, sem löggilt er til að flytja stjórnarvalda auglýsingar. Ef auglýsing dregst fram yfir nefndan frest, skal svo litið á, sem málmgraftarbrjefs fyrst hafi verið beiðst þann dag, er það var auglýst.

12. gr.

Fyrir málgraftarbrjef skal greiða 10 kr. til landssjóðs.

3. kafli.

Um landeigandahlut og rjettindi námueiganda og landeiganda hvors gagnvart öðrum.

13. gr.

Þegar vottur finst þess að málmar sjeu fyrir, sem heimilt er að heimta málmgraftarbrjef til samkvæmt 8. gr., hefur landeigandi rjett til að taka þátt í rekstrinum með finnanda að einum fimta hluta. Að svæðum, svo sem afrjettum almenningum og öræfum, er liggja utan landareigna jarða, sem metnar eru til dýrleika, eða kaupstaðarlands, telst landssjóður að þessu leyti landeigandi. Nefnd ákvæði gilda og um leitargryfjur og námur, er öllum er orðinn heimill finnandarjettur að, svo og um uppgröft og annað úrkast úr og við námur, sem hætt hefur verið við.

14. gr.

Nú tjáir landeigandi sig vilja neyta rjettar þess til eins fimta hluta í rekstrinum, er 13. gr. heimilar honum, og hefur hann þá rjett til samtímis að krefjast þess, að einn fimti hluti þess, er úr málmfundarstaðnum hefur unnið verið, skuli vera þar kyrt, þangað til samningar eru komnir á við hann eða þann, sem hann hefur afsalað rjetti sínum.

15. gr.

Landeigandi skal, að viðlögðum missi rjettar síns til hluttöku í rekstrinum, innan 6 mánaða frá því að málmgraftarbrjefið var tilkynt honum, segja til, hvort hann að sínum hluta vilji taka þátt í rekstrinum, og skal þá, ef hann kveður sig fúsan til þess, gera skriflegan samning um skilmálana fyrir hluttökunni.

Nú vill landeigandi ekki taka þátt í rekstrinum, eða getur eigi innan 3 mánaða þar frá orðið á eitt sáttur við málmnema um skilmálana, eða vill ekki ganga að skilmálum þeim, er lögreglustjóri setur þeirra í milli, og hefur eigi heldur orðið ásáttur við málmnema eða aðra um afsal á rjetti sínum, og skal honum þá enn veittur 3 mánaða frestur til að selja hlut sinn við opinbert uppboð, og skal þá í uppboðsskilmálunum sett ákvæði um, að kaupandi, svo framarlega sem hann eigi innan eins mánaðar frá hamarshöggi sje orðinn ásáttur við málmnema og hafi gert um það skriflegan samning, skuli skyldur að hlíta skilmálum þeim, er lögreglustjóri setur þeirra á milli. Nú hefur landeigandi eigi ráðstafað hlutdeildarrjetti sínum á þann hátt, er sagt var, og fellur rjettur hans þá til málmnema.

Fyrir frumvarp til samnings ber lögreglustjóra 8 kr., og sje þess krafist, að hann takist ferð á hendur til málmfundarstaðarins, greiðast honum dagpeningar og ferðakostnaður samkvæmt lögum nr. 2, 2. febr. 1894, 4. og 6. gr.

16. gr.

Landeigandi eða sá, sem fengið hefur samkvæmt 15. gr. afsal á rjetti hans, skal skyldur að taka tiltölulega þátt í kostnaðinum við reksturinn, frá því er hann byrjar, enda á hann hlut í eftirtekjunni frá sama tíma.

17. gr.

Sá, sem fengið hefur málmgraftarbrjef fyrir málmfundarstað, hefur rjett til að krefjast þess að landeigandi eða landeigendur láti af hendi við sig gegn fullu endurgjaldi nægilegt land undir brautir, vegi og stíga, bæði við námuna og til burtflutnings frá henni og undir uppgröft og byggingar við námuna, svo og til fyrirhleðslu og burtleiðslu vatns, undir námuvjelar og þess konar. Enn fremur leyfi landeigandi málmnema vatnsnot til reksturs vjelanna, svo framarlega sem það er ekki notað til reksturs annars iðnaðar, eða af því verður sjeð að skaðlausu fyrir þann iðnrekstur.

18. gr.

Landeigandi fær aftur eignar- og umráðarjett á landi því og vatnsnot, sem hann hefur látið af hendi samkvæmt 17. gr., þegar það er ekki notað lengur við námugröft. Námueigandi heldur þó rjetti sínum eftir 39. gr.

19. gr.

Nú semur landeiganda og námueiganda ekki um endurgjaldið nje um stærð lands þess, sem 17. gr. heimilar, eða um vatnsnotin, og skulu þá óvilhallir dómkvaddir menn gera um það. Kostnaðinn við mat þetta greiðir sá, er afhendingar krefst, nema landeigandi hafi krafist yfirmats og það gengur honum á móti, þá greiðir hann kostnaðinn. Landeigandi getur krafist þess, að endurgjald verði greitt honum alt í einu eða með árlegu gjaldi.

4. kafli.

Um útmæling undir námu.

20. gr.

Hver sá, sem fengið hefur málmgraftarbrjef fyrir málmfundarstað (9. gr.), á heimting á, að fá útmælt námusvæði. Sá, sem fengið hefur útmælt land samkvæmt ákvæðum þessa kafla, hefur einn rjett til málmnáms á því.

21. gr.

Útmælingar skal beiðast af lögreglustjóra ef svæðið liggur í kaupstaðarlandi eða í landi jarðar, sem metin er til dýrleika, en hjá stjórnarráðinu ef það liggur á öðrum landsvæðum. Lögreglustjóri framkvæmir útmælingar á hinum fyrst nefndu svæðum og færir gerðina í námubrjefabókina og afhendir beiðanda útskrift úr henni. Stjórnarráðið setur reglur um útmælingar á hinum síðarnefndu svæðum.

22. gr.

Útmælingin skal vera rjetthyrndur ferhyrningur alt að 2500 ferhyrningsfaðmar að flatarmáli. Takmörk útmælingarinnar skulu talin lóðrjett í jörð niður.

23. gr.

Málmfundarstaðurinn skal vera innan takmarka útmælingarinnar, en útmæla má í hverja þá stefnu, er sá, er útmælingar beiðist, óskar, svo framarlega sem það kemur ekki í bága við rjettindi annara námueigenda eða 3. gr.

24. gr.

Innan eins árs frá því útmælingar hefur krafist verið, skal hlutaðeigandi stjórnarvald láta hana fram fara.

25. gr.

Stjórnarvald það, er framkvæmir eða lætur framkvæma útmæling, ákveður hvenær hún skuli fara fram, en sá, er hennar hefur krafist, skal annast um, að þeim, sem umráðarjett hafa yfir landinu eða eiga þar námur eða málmleitarstaði, er útmælingin gæti snert, sje stefnt til að vera við útmælinguna með sama fresti og í einkamálum.

26. gr.

Fyrir útmæling greiðist 10 kr. þeim, er hana gerði, og þar að auki dagpeningar og ferðakostnaður samkvæmt lögum nr. 2, 2. febr. 1894, 4. og 6. gr.

5. kafli.
Um fresti.

27. gr.

Nú er vinnu ekki haldið áfram óslitinni á málmleitarstað eða í námu, er málmgraftarbrjef er veitt fyrir, og er þá hverjum og einum heimill finnandarjettur á staðnum eða námunni, nema því að eins að um frest hafi verið sótt innan eins mánaðar frá því að vinnu var hætt. Þó þarf ekki frestbrjef fyrsta árið eftir að málmleitarbrjef hefur verið gefið og eigi heldur þótt vinnu sje hætt um vetrartímann fyrstu 3 árin eftir að rekstur hefur hafist.

28. gr.

Frestbrjef, eða leyfi til þess að láta málmleitar- eða málmgraftarstað standa óunninn tiltekinn tíma, skal stjórnarráðið eða lögreglustjóri veita (sbr. 2. gr.). — Beiðandi skal færa sönnur á það, að fyrir rekstrinum sjeu í svipinn verulegar tálmanir, sem beiðanda verða eigi gefnar að sök og stafi annaðhvort af sjerstökum og eigi viðvarandi ástæðum að því er sjálfa námuna snertir eða rekstur hennar, eða þá frekari notkun eða vinslu málmsins eða málmblendingsins. Brjef þetta gildir 14 mánuði frá dagsetning þess.

29. gr.

Frest má endurnýja svo lengi sem lögmætar ástæður eru fyrir honum.

30. gr.

Úrskurði lögreglustjóra um að veita eða neita um frest getur námueigandi og hver annar, sem málið varðar, skotið undir endilegan úrskurð stjórnarráðsins.

Meðan á áfrýjun stendur heldur námueigandi rjetti sínum. Nú er frestur veittur með úrskurði stjórnarráðsins og telst hann þá frá dagsetningu úrskurðarins.

31. gr.

Þegar frestur, sem veittur hefur verið á rekstri málmleitarstaðar eða námu, er útrunninn, skal rekstur þegar hafinn, en hafi verið sótt um frest og honum neitað, skal rekstur hafinn innan 8 vikna, að öðrum kosti skal öllum heimill finnandarjettur.

32. gr.

Nú skemmist náma, án þess að eiganda hennar verði gefið að sök, af vatni úr annari námu, sem rekstursfrestur er á, og er eiganda þeirrar námu þá skylt að ausa námu sína, og geri hann það eigi, er öllum heimill finnandarjettur að henni.

33. gr.

Frest má eigi veita á rekstri námu, er valdið hefur vatnsrensli í nágrannanámu, nema eigandi hennar samþykki.

34. gr.

Nú vill námurekandi um sinn hætta að vinna málm úr uppgreftinum, og fer þá um frestleyfi til þess sem að framan er sagt.

35. gr.

Frestbrjef skulu innfærð orði til orðs í námubrjefabókina. Fyrir frestbrjef greiðast 5 kr. í landssjóð.

36. gr.

Um auglýsing frestbrjefa fer sem um auglýsing málmgraftarbrjefa samkvæmt 11. gr.

6. kafli.
Um rekstur náma og eftirlit.

37. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að setja reglugerð um rekstur náma; skal þar meðal annars sett ákvæði, er miða að því að vernda líf og heilsu verkafólks í námunum, að námur sjeu tryggilega grafnar, að þær sjeu reknar svo að málmauður þeirra verði að fullum notum; svo skulu og vera ákvæði um eftirlit með þeim af hendi stjórnarvalda. Í reglugerðunum má og setja ákvæði um reikningsfærslu við námureksturinn og um viðskifti námueiganda og vinnumanna við námuna.

Fyrir brot á móti reglugerð má ákveða sektir alt að 1000 kr.

38. gr.

Við hverja námu skal vera bók, og skal í hana rita yfirlit yfir námureksturinn um hvern mánuð. Þar skal og rita skýrslu um það, sem við hefur borið eða tekið hefur verið eftir og snertir námuna eða málmæðarnar, og sjerstaklegt þykir eða athugavert. Skal útdráttur úr bók þessari um hvert ár sendur lögreglustjóra áleiðis til stjórnarráðsins eða beint til stjórnarráðsins (sbr. 2. gr.).

Nefndum stjórnarvöldum skal heimilt að krefjast þess, að námueigandi láti gera nákvæman uppdrátt af námu sinni, ef dýpri er en 5 faðmar, og síðar verði bætt við á uppdráttinn, er náman stækkar.

7. kafli.

Um niðurlagning náma.

39. gr.

Þegar náma er lögð niður, skal eiganda hennar heimilt að nota uppgröftinn úr henni þótt annar byrji að reka námuna.

40. gr.

Nú ætlar eigandi að hætta við námu sína, og skal hann þá að viðlagðri 30 kr. sekt tilkynna það lögreglustjóra eða stjórnarráðinu (sbr. 2. gr.) 2 mánuðum áður, og jafnframt senda uppdrátt þann, sem gerður hefur verið af námunni.

41. gr.

Nú er námurekstri hætt eða rjetturinn til að halda honum áfram er fallinn burt, og má þá fráfarandi ekki spilla neinu af því eða flytja burt neitt af því, sem gert hefur verið eða sett upp til að halda námunni og göngum hennar tryggum. Byggingar og áhöld við námuna má fráfarandi því að eins flytja burt, að hann geti eigi orðið ásáttur við viðtakanda um afnot þeirra eða sölu.

8. kafli.

Almenn ákvæði.

42. gr.

Stjórnarráðið löggildir námubrjefabækur lögreglustjóra.

43. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er getur um í 37. gr., skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir renna í landssjóð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og kunnugt er fanst við boranir þær, sem Reykjavíkurbær ljet framkvæma veturinn 1904—'05 í nánd við bæinn til þess að leita eftir neysluvatni, vottur þess að málmar mundu vera þar í jörðu, þar á meðal jafnvel eitthvað af gulli. Fjelag var þá um vorið stofnað í bænum til þess að rannsaka málmfund þenna nánara og, ef til kæmi, til að reka málmnám. Fjekk fjelagið með samningum við bæjarstjórnina rjett til að leita eftir málmum í hinu umrædda svæði bæjarlandsins og á síðan forgangsrjett að námugrefti á tilteknu svæði bæjarlandsins. Í ágústmánuði um sumarið, meðan alþingi stóð yfir, beiddist bæjarstjórnin samkvæmt ákvæðum bæjarstjórnarlaganna samþykkis stjórnarráðsins til samnings þessa, með því að með honum væri seldur af hendi ákveðinn rjettur yfir hluta af bæjarlandinu. Það var nú af samningnum augljóst, að bæjarstjórnin taldi bæinn eiga málma þá er vera kynnu í jörðu í landareign hans, eða með öðrum orðum, að málmnámsrjetturinn samkvæmt hjer gildandi lögum væri að öllu leyti jarðareigandans. En með því að stjórnarráðið, eins og nánara mun skýrt frá hjer á eptir, áleit, að efi gæti að minsta kosti leikið á því, hvort þetta væri rjettur skilningur á hinum gildandi lögum, og með því að fyrir alþingi lá þá lagafrumvarp um námurjettindi, þótti rjett að láta úrslit framangreinds máls bíða, þangað til sjeð yrði hvað þingið gerði í þessu efni. Á þinginu var nú, eins og kunnugt er, ekkert útgert um námurjettindin, og veitti stjórnarráðið þá hið umbeðna samþykki til samningsins milli bæjarstjórnarinnar og fjelagsins, meðal annars með þeim fyrirvara, að landssjóði væri áskilinn óskertur rjettur til árgjalds þess, sem ákveðið var í samningnum, og landsstjórninni rjettur til eptirlits þess, er bæjarstjórninni þar var ætlað, svo framarlega sem alþingi 1907 vildi halda fram að námurjettur sje landseign. Með samþykki þessu var þannig ekkert af tekið, hvorki til nje frá, um þetta mál.

Fjelagið hefur reyndar ekki enn þá byrjað á borunum eptir málmum eins og til stóð, en þess má vænta að verkið verði hafið á þessu sumri. Þótt það því sem stendur sje öldungis óvíst, hvort málmar reynast svo miklir hjer í jörðu, að námurekstur komist á, hefur stjórnarráðinu þótt rjettast að leggja fyrir alþingi lagafrumvarp um þetta efni.

Frumvarp það til námulaga, sem lá fyrir alþingi 1905 og samið var í stjórnarráðinu eptir ýmsum gögnum, er það hafði útvegað, og látið flutningsmönnum í tje, tók í aðalatriðunum hin gildandi norsku námulög frá 14. júlí 1842 til fyrirmyndar. En þau lög eru byggð á þeirri grundvallarreglu, að rjetturinn til málmnáms í landinu sje alþjóðareign, og nota lögin þann rjett til þess að veita finnanda málmsins rjett til graftar, þó þannig að landeiganda er veittur rjettur til hluttöku í námurekstrinum að litlum hluta. Jafnframt er öllum heimilað að leita málma, ef þeir uppfylla ákveðin skilyrði og setja trygging fyrir skemmdum þeim, er af málmleitinni kann að hljótast. Nefnd sú, sem skipuð var í neðri deild til þess að íhuga frumvarp þetta, kom fram með álit um það, og virðist hún þar hallast að þeirri skoðun, að námurjetturinn sje jarðareigandans. Hún kom þó eigi fram með neinar ákveðnar breytingartillögur við frumvarpið, með fram vegna þess að svo áliðið var þingtímans, að hún bjóst ekki við að málið yrði afgreitt á þinginu. Hinsvegar samþykkti efri deild þingsályktun, þar sem skorað er á landsstjórnina, að framfylgja þeim skilningi í námumálum, að námurjettur tilheyri landeiganda, en samhljóða þingsályktun var feld í neðri deild.

Samkvæmt því sem að framan greinir virðast vera skiftar skoðanir um það, hverjum námurjetturinn tilheyri eftir gildandi lögum hjer á landi, og enda hverri grundvallarreglu ætti að fylgja í nýjum lögum um námumál. Það sem sjerstaklega vekur efa um, að rjetturinn til málmgraftar tilheyri landeiganda er það, að svo er ekki í þeim löndum, sem Ísland hefur verið í sambandi við og löggjöf þess á mest skylt við. Þegar er þekking á málmgrefti og námurekstri barst til Norðurlanda frá Þýskalandi, var það álitið og því framfylgt, að rjetturinn til málmgraftar væri ríkiseign, og var þessi rjettur fyrst notaður þannig, að stjórnendur landanna veittu einkaleyfi til málmgraftar á tilteknum svæðum, en síðar ruddi finnandarjetturinn sjer til rúms eins og honum nú er framfylgt bæði í norskum og svenskum lögum. Sjerstök fyrirmæli fyrir Ísland hafa ekki verið gefin um þetta efni, af því um málmnám hefur ekki verið að ræða hjer, og af hinum elstu lögum vorum mun ekki verða leitt neitt með vissu um það, hver eigi málmgraftarrjettinn, því málmnám þekktist ekki þá, og hvað leiði af hlutarins eðli í þessu efni geta hins vegar verið skiftar skoðanir um. Löggjafarvaldið virðist því hafa frjálsar hendur til að skipa þessu máli eins og heillavænlegast þykir.

Það verður nú ekki betur sjeð en að frumvarp það, sem lá fyrir alþingi 1905, og það skipulag á námumálunum, sem þar er farið fram á, eigi best við hjer á landi, ef málmar skyldu vera svo miklir hjer í jörðu, að það gæti orðið atvinnuvegur að leita þeirra og vinna þá. Heimildin fyrir alla til málmleitar og finnandarjetturinn, sem missist ef námuvinnslunni er ekki haldið áfram, er aðalundirstaða þessa fyrirkomulags. Það hvetur til málmleitar, að leitarmaður á von á að fá nokkuð í aðra hönd, en eins og hagar til hjer á landi mun málmleit hafa mikinn kostnað í för með sjer, og þarf því að vera til nokkurs að vinna. Hins vegar útilokar þetta skipulag málanna, að útlent fjármagn kaupi upp stór landsvæði í því skyni að ná undir sig málmum þar, en tryggir jafnframt, að málmlönd sjeu ekki látin ónotuð, ef það á annað borð er atvinnuvegur að reka þar málmnám. Hlut landeiganda má auðvitað gjöra stærri eða minni eftir því sem fært þykir, án þess að rýra aðalmarkmið fyrirkomulagsins, að laða fjármagn að málmnáminu til eflingar þess sem atvinnuvegi í landinu.

Þetta fyrirkomulag hefur reynst vera þjóðfjelaginu í hag, þar sem það hefur verið notað, og eflt þenna atvinnuveg í löndunum á eðlilegan hátt og dregið erlent fjármagn að honum, án þess að landinu hafi staðið nokkur hætta af. Þar sem þessu fyrirkomulagi er fylgt þurfa að vera ýtarleg lög um námumálin, sem er síður þörf eða tíðkanlegt þar, sem málmgraftarrjetturinn er lagður landeiganda, því þar er aðallega ástæða til að gefa lög, sem snerta almenna öryggi og lögregluákvæði, en láta samningafrelsið gilda að öðru leyti í þessum efnum.

Það hefur því þótt rjett að leggja nefnt lagafrumvarp fyrir alþingi á ný, með nokkrum orðabreytingum.

Frumvarp til laga

um

stjórn landsbókasafnsins.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Stjórnarráðið hefur á hendi yfirstjórn landsbókasafnsins, sjer um hinn fasta sjóð þess, og skipar starfsmenn þess.

2. gr.

Skipa skal landsbókavörð með 3000 kr. árslaunum. Hann hefur á hendi daglega stjórn bókasafnsins og gegnir þeim störfum, sem stjórnarnefnd bókasafnsins hefur haft til þessa.

3. gr.

Skipa skal tvo aðstoðarbókaverði; hinn fyrri hefur að árslaunum 1500 kr., en hinn síðari 1000 kr.

4. gr.

Akvæðin um stjórn safnsins í stofnskrá 15. nóv. 1826 eru úr gildi feld.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Þegar »Stiftisbókasafnið á Íslandi« var stofnað (stofnunarskráin staðfest 1826), þá var það að vísu talið til »opinberra stiftana«, og átti að standa undir umsjón stiftsyfirvaldanna, en að öðru leyti kemur það þegar í byrjun fram sem sjálfstæð stofnun, með sjerstakri stjórn, útnefndri af stiftsyfirvöldunum. Stjórn þessi hefur upphaflega samkvæmt stofnunarskránni 15. nóvbr. 1826 öll ráðin yfir safninu; hún semur reglur um notkun safnsins, skipar starfsmenn þess, setur þeim reglur o. s. frv. Í fyrstu virðist heldur eigi bygt á neinum stöðugum styrk til safnsins af landsfje, heldur á tillögum notenda og, ef til vill, öðrum frjálsum tillögum. — Eftir 1874 er farið að veita safninu ríflegri og ríflegri styrk af landssjóði, og nú er safnið löngu komið, eins og sagt er, á landssjóð. Á hinum árlegu fjárlögum eru veitt beint laun handa starfsmönnum þess, fje til bókakaupa, bókbands o. s. frv. Á hinum síðustu fjárlögum nemur veitingin til safnsins 11760 kr. hvort árið. Safn þetta er orðið beint landsstofnun, kostað eingöngu af landsfje. Það er því eðlilegast, að því stjórni, undir umsjón landstjórnarinnar, embættismenn eða sýslunarmenn landsins, og sjeu starfsmenn þess skipaðir af landsstjórninni á sama hátt sem aðrir starfsmenn landsins, enda hefur verið litið svo á í framkvæmd, að landstjórnin hefði rjett til að skipa bókavörð safnsins, þótt stofnskráin ákveði, að það skuli gera hin kosna stjórn safnsins eða bókasafnsnefndin.

Bókasafnið hefur aukist svo mjög hin síðari ár, og eykst allmikið ár frá ári, svo að störfin við safnið eru orðin mjög umfangsmikil og fara sívaxandi; búast má við, að það verði notað miklu meira, er það er komið í hið nýja hús sitt, er nú er verið að byggja, og aðgangur að því er þægilegri, auk þess sem notkun þess eðlilega verður meiri og meiri með vaxandi menning. Stjórnarráðið er því þeirrar skoðunar, að eigi verði komist af með færri starfsmenn við safnið framvegis en 3, einn aðalbókavörð og tvo aðstoðarmenn.

Sjórnarráðið telur það heppilegt, að bókavörðurinn hafi á hendi stjórn safnsins undir eftirliti og yfirstjórn stjórnarráðsins, en bókasafnsnefndin falli burtu. Það má heimta það af bókaverðinum, ef hann er sæmilega launaður, að hann verji starfi sínu öllu í safnsins þarfir, en nefndin launalaus, getur ekki haft stjórn safnsins öðruvísi en í hjáverkum. Bókavörðurinn hefir embættislega ábyrgð á framkvæmdum sínum í safnsins þarfir, en nefndin getur enga slíka ábyrgð haft. Framkvæmdir allar hljóta að sjálfsögðu að verða miklu þunglamalegri af hálfu nefndar, en eins manns, nema þær hvíli aðallega á einum manni, formanni nefndarinnar t. a. m., en þá mundu þau taka svo mikinn tíma upp fyrir honum, að varla getur farið svo til lengdar hjeðanaf, að hann ekki þurfi laun fyrir störf sín. Hið helsta sem nefnd manna ætti að gera við stjórn safnsins, ætti að vera það, að hún sjái um bókakaup til safnsins, en bókavalið af hálfu nefndarinnar gæti heldur ekki orðið öðruvísi en í hjáverkum, og manni, sem leggur starfið sjerstaklega fyrir sig, ætti að vera trúandi til þess að velja bækurnar.

Með því að aðalbókavarðarstaðan verður eptir tillögum stjórnarráðsins bæði umfangsmikil og ábyrgðarmikil, virðast launin ekki mega vera lægri en 3000 kr. um árið, en búast má við, að fá megi hæfa aðstoðarbókaverði fyrir miklu minna, t. a, m. 1500 kr. og 1000 kr.

Frumvarp til laga

um

breytingar á póstlögum 13. september 1901.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Í 2. gr. c. póstlaganna 13. september 1901 komi í stað orðanna: »3 kvint«: 4 kvint.

Á eftir staflið d. í sömu grein komi nýr stafliður e. svohljóðandi:

Póstkröfum, þ. e. kröfum um innheimtu á peningaupphæðum.

Undir póstkröfur má að eins nota eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út.

Stafliður e. í sömu grein verði stafliður f.

2. gr.

Í 11. gr. a. 1. póstlaganna komi í stað orðanna: »3 kvint« á tveim stöðum: 4 kvint, og í stað orðanna: »Sjeu eigi viðhöfð frímerki, verður burðargjaldið tvöfalt við það, sem hjer er ákveðið«: Sjeu eigi viðhöfð frímerki eða næg frímerki, verður burðargjald það, sem ógreitt er, tvöfalt við það, sem hjer er ákveðið.

Í 3. tölulið sama stafliðs komi í stað orðanna: »16 aurar«: 15 aurar.

Í staflið b. í sömu grein komi í stað orðanna: »16 aurar«: 15 aurar.

Í staflið c. í sömu grein komi í stað orðanna: »15. apríl til 15. október«: 15. apríl til 14. október, og í stað orðanna: »15. október til 15. apríl«: 15. október til 14. apríl.

Stafliður d. í sömu grein orðist þannig:

Fyrir póstávísanir:

25 kr. eða minni upphæð ... ... 15 aura
yfir 25 kr. alt að 100 kr. ... ... 30 —
og 15 aura fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð af því, sem fram yfir er.

Á eftir þessum staflið komi nýr stafliður e. svohljóðandi:
Fyrir póstkröfur greiðist sama gjald eins og fyrir póstávísanir.
Stafliður e. í sömu grein verði stafliður f.

3 gr.

Í 1. málsgrein 12. gr. póstlaganna bætist við á eftir orðinu: »póstávísanir«: póstkröfur, og í stað orðanna: »11. gr. e.« komi: 11. gr. f.

Í 2. málsgrein sömu greinar skulu orðin: »En þegar burðargjald er að eins greitt að nokkrum hluta fyrir fram með frímerkjum, skal heimta burðargjald fyrir sendinguna eins og ekkert hefði verið goldið, að frádregnu verði þeirra frímerkja, sem límd hafa verið á« falla burt.

4. gr.

Í 2. málsgrein 13. gr. póstlaganna komi í stað orðanna: »11. gr. e.«: 11. gr. f., og í 3. málsgrein sömu greinar bætist við á eftir orðinu: »póstávísanir«: póstkröfur.

5. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfesting, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál póstlaganna frá 13. september 1901, og getur konungur þó gefið nefnd lög út þannig breytt sem póstlög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er fram komið af því, að það er ákveðið að gera nokkrar breytingar á póstviðskiftum Íslands við önnur lönd.

Stafar það að nokkru leyti af ákvörðunum, sem gerðar voru á fundi alþjóðapóstsambandsins í Rómaborg f. á., og af því, að það er í ráði, að endurskoða auglýsing 26. sept. 1872 um sambandið milli hinna almennu dönsku og hinna sjerstaklegu íslensku póstmála. Um breytingar þær, sem frumvarpið fer fram á að gerðar sjeu á póstlögunum, skal þetta tekið fram:

1. grein gerir þá breytingu, að fylgibrjef með bögglum megi vega alt að 4 kvintum í staðinn fyrir 3 kvint, af því að einföld brjef mega í alþjóðapóstsambandinu framvegis vega 4 kvint, og í öðru lagi gerir hún ráð fyrir póstkröfuviðskiftum hjer innanlands.

Með því að slik viðskifti komast á við önnur lönd, þykir ástæða til að koma þeim einnig á innanlands, enda geta þau oft greitt fyrir mönnum með innheimtu á skuldum og borgun á þeim.

2. grein færir þyngdartakmörkin fyrir einföld brjef úr 3 upp í 4 kvint í samræmi við það, sem nú er ákveðið um brjef í alþjóðapóstsambandinu,

og ábyrgðargjald fyrir brjef er sett 15 aurar í staðinn fyrir 16 aura samkvæmt samskonar breytingu, sem gerð hefur verið á ábyrgðargjaldi til útlanda síðan póstlögin voru gefin út.

Lægsta ábyrgðargjaldi fyrir peningabrjef er og breytt þar eftir úr 16 aurum í 15 aura.

Burðargjaldi fyrir póstávísanir er breytt í þá átt, að það er látið vera dálitið hærra fyrir smáupphæðir, en lægra fyrir stærri upphæðir, af því að fyrirhöfn póstmanna við póstávísanir er lík, hvort sem upphæðin er há eða lág, og sjerstaklega má segja það um póstkröfur, en það þykir heppilegt og eðlilegt, að láta burðargjald fyrir póstávísanir og póstkröfur vera hið sama.

Ennfremur er burðargjaldi fyrir vanborguð brjef breytt í samræmi það sem gildir í alþjóðapóstsambandinu. Loks er breytt hjer ákvæðum um tímatakmark, sem valdið hafa misskilningi.

3. grein ákveður, að burðargjald fyrir póstkröfur skuli borgast fyrir fram, eins og fyrir póstávísanir og fleiri sendingar.

4. grein heimilar póststjórninni að búa til eyðublöð undir póstkröfur, og ákveða verð á þeim, sem eigi er nema sjálfsagt, og ákvæðin í

5. grein eru sett til hægðarauka fyrir þá mörgu, sem þurfa að fjalla um póstlögin, til þess að þeir þurfi ekki að leita að póstlagaákvæðum á mörgum stöðum.

Frumvarp til laga

um

breyting á lögum 27. sept. 1901 um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Island o. fl.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Brot gegn fyrirmælum laga 27. sept. 1901 um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland og 1. gr. í tilskipun 12. febr. 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland o.fl. varða sektum frá 200—2000 króna, er renna í landssjóð; skulu öll veiðarfæri, svo og ólögmætur eða óverkaður afli skipsins, upptæk og andvirði

þeirra renna í landssjóð. Sje miklar sakir, má ákveða, að allur afli innanborðs skuli upptækur vera. Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum og kostnaði.

2. gr.

Hegningarákvæðin í 4. gr. ofannefndra laga 27. sept. 1901 og 1. gr. í tilskipun 12. febr. 1872 skulu úr gildi feld.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eftir tilsk. 12. febr. 1872 varða ólöglegar fiskiveiðar utanríkismanna í landhelgi við Ísland, aðrar en botnvörpuveiðar, sektum frá 20—400 króna, og samkvæmt 4. gr. laga nr. 35, 27. sept. 1901 um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi á jafnframt að gera upptækt »hið ólögmæta veiðifang«. Aftur á móti er engin heimild til að gera veiðarfæri upptæk, nema botnvörpur og dragstrengi, sem við þær eru notaðir.

Það hefur nú komið í ljós, að þessi hegningarákvæði eru ófullnægjandi til þess að tryggja landhelgissvæðinu nægilega vernd gagnvart vaxandi aðsókn utanríkis lóðafiskara og síldveiðamanna. Það er oft ómögulegt að ákveða, hve miklu »hið ólögmæta veiðifang« nemur af því, sem í skipinu er. Ef til vill er mestallur aflinn, sem skipið hefur innanborðs, ólöglega fenginn, þótt eigi sje unt að færa sönnur á það til fulls, nema um lítið eitt af aflanum, að hann sje í landhelgi veiddur; sektarupphæðin er ekki nema fjöður af fati stórrar útgerðar; fárra klukkutíma veiði með hinum öflugu og uppgripaskjótu veiðarfærum, sem nú eru farin að tíðkast, gætu gefið af sjer miklu meira fje, en sektinni nemur, og þegar eigi má taka veiðarfærin, er brotlegu skipi jafnaðarlega innanhandar að fá skjótlega skaða sinn aftur bættan að fullu, í eða utan landhelgi, svo hræðslan við slíka sekt getur eigi verið mikil.

Sjóliðsforinginn, er stýrði eftirlitsskipinu »Islands Falk« í fyrra og þá kyntist síldveiðum Norðmanna við Eyjafjörð, kvartaði yfir því í brjefi til stjórnarráðsins 30. okt. f. á., að það væri lítt vinnandi vegur að halda uppi löggæslu með einu skipi um síldveiðatímann þar nyrðra, ef lögin væru ekki skerpt að miklum mun, og var það tillaga hans, að hegningarákvæðin væru höfð að öllu leyti hin sömu, sem um botnvörpuveiðar. Stjórnarráðið verður yfir höfuð í aðalefninu að fallast á ástæður þær, sem sjóliðsforinginn færði fyrir tillögum sínum, en telur þó rjett að gera þann greinarmun á botnvörpuveiðum og öðrum veiðiskap, að sektirnar fyrir hið síðarnefnda sjeu aðeins ákveðnar eins og

fyrir það brot botnvörpuskipa, að vanrækja að hafa veiðarfæri sín í búlka, meðan þau eru í landhelgi (200—2000 kr., lög nr. 18, 8. júlí 1902). Enn fremur er ástæða til að hafa önnur ákvæði um upptöku afla. Sjerstaklega er veiði sú, sem Frakkar stunda hjer með seglskipum ekki neitt svipuð uppgripaveiði, eins og botnvörpuveiði og síldveiði, enda salta Frakkar fisk sinn vandlega niður í tunnur, sem standa í allháu verði, og væri það tiltölulega miklu þyngra fyrir þá að missa allan afla, ef til vill fleiri mánaða eftirtekju, heldur en fyrir botnvörpung eða síldveiðara að missa fang sitt. Það er því lagt til, að ekki sje gjört að fastri reglu að gjöra meira upptækt en hinn lögmæta afla, með þeirri skýringu til ljettis, að það skuli álítast ólöglega fenginn afli, sem óverkaður finnst í skipi, þegar það er staðið að ólöglegri veiði, en heimilt skuli þó að taka allan afla þegar miklar sakir eru; sjerstaklega mundi það eiga við, þegar ástæða er til að gruna að skipið hafi fengið talsvert af afla sínum með ólöglegri veiði. En ákvæðið um upptekt veiðarfæra, svo og rjett til að leggja löghald á skipið og selja það fyrir sektum, eru sett í fullu samræmi við ákvæði 1. gr. í lögum nr. 8, 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Frumvarp til laga

um

gjafsóknir m. m.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Stjórnarráðið veitir gjafsókn bæði fyrir undirrjetti og yfirrjetti.

2. gr.

Gjafsókn má veita kirkjum, sjúkrahúsum, og stofnunum, sem ætlaðar eru fátækum til framfærslu, og ennfremur snauðum mönnum, sem fátækravottorð hafa frá hlutaðeigandi sveitarstjórn og sóknarpresti.

3 gr.

Þá er beiðst er gjafsóknar, kemur málstaður beiðanda til álita.

4. gr.

Gjafsókn nær eigi einungis til aðalmálsins, heldur og til vitnaleiðslu og annara dómsstarfa, er af því leiða.

5. gr.

Kostnaður af gjafsóknarmálum, sem eftir fullnaðardómi á að greiða af almannafje, lúkist úr landsjóði.

6. gr.

Stjórnarráðið má og veita öðrum en þeim, sem taldir eru í 2. gr., gjafsókn að því er snertir borgun til setudómara fyrir störf hans og ferðakostnað.

Slíka gjafsókn má því að eins veita, að gjafsóknarbeiðandi færi fram líkur fyrir því, að málstaður hans sje góður, að málefni það, er deilt er um, sje áríðandi fyrir hann, og að ekki verði eða hafi orðið hjá því komist að fá setudómara skipaðan, ef málið skyldi fram ganga.

Að öðru leyti fer um gjafsókn þá, er um ræðir í þessari grein, eins og um almenna gjafsókn samkvæmt 1. gr. til 5. gr. þessara laga.

7. gr.

Lög 12. júlí 1878 um gjafsóknir og tilskipun 27. septbr. 1799 um takmörk prentfrelsisins, 10. gr. 1. og 2. liður og 11. gr., eru úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hvað eftir annað hefur verið gerð tilraun til þess á alþingi að afnema gjafsóknarrjett embættismanna, sem svo er kallaður, þ. e. rjett þann, er þeim er veittur með 2. gr. laga 12. júlí 1878 um gjafsóknir, til þess að fá gjafsókn í málum þeim, er þeir höfða eftir skipun yfirmanna sinna til þess að hreinsa sig af ærumeiðandi aburði, samkvæmt tilskipun 27. septbr. 1799 um takmörk prentfrelsis 10. og 11. gr. Á aukaþinginu 1894 var borið fram frumvarp í þessa átt, en varð ekki útrætt. Árið eftir, 1895 var aftur borið upp frumvarp um sama efni, og samþykt í neðri deild en felt í efri deild. Sömu afdrif tjekk samskonar frumvarp á þinginu 1901. Enn var á þingi

1905 borið upp frumvarp um afnám gjafsóknarrjettar embættismanna, en það varð ekki útrætt. Öll frumvörpin hafa verið borin upp af þingmanna hálfu.

Þess verður eigi dulist, að gjafsóknarrjettur embættismanna hefur verið lengi almenningi hjer á landi þyrnir í augum, og svo hefur verið litið á sem embættismönnum með þessu væri veitt, ástæðulaust, forrjettindi fram yfir aðra borgara landsins.

Þetta er samt ekki allskostar rjett; hjer er að eins um að tala sjerrjettindi, er koma á móti þeirri sjerstöku skyldu, sem embættismönnum er lögð á herðar, að hreinsa sig með málsókn af ærumeiðandi áburði. Það virðist því ekki sanngjarnt að afnema rjettinn, nema skyldunni sje afljett um leið, og þetta hefur einnig jafnan verið viðurkent í þessu máli. Hinsvegar virðist eigi full ástæða til þess að halda gjafsóknarrjetti embættismanna, ef umræddri skyldu þeirra til þess að höfða meiðyrðamál að boði yfirmanna sinna er afljett.

Hjer veltur því alt á því, hvort nokkuð verulegt sje því til fyrirstöðu að umrædd ákvæði tilskipunar 27. septbr. 1799 sjeu úr gildi numin. Það er að vísu nú sem fyr áríðandi að »mannorð embættismanna sje óflekkað", svo að bæði landstjórn og almenningur geti borið fult traust til þeirra. En það er mjög efasamt oft og einatt, hvort meiðyrðamál hjálpar mikið til að halda mannorði manns óflekkuðu. Það getur sannast í meiðyrðamáli, að ærumeiðandi áburður, hvort er á embættismann eða annan mann, sje beint ósannur, og þá nær málið auðvitað tilgangi sínum, en hitt mun tíðara eins og eðlilegt er með því rjettarfari, er hjer er í meiðyrðamálum, að hinn ærumeiðandi áburður er dæmdur ógildur af því að eigi hafa verið færðar sönnur á hann. Það getur því vel farið svo, að þótt embættismaður vinni meiðyrðamál, þá dæmi almenningslitið hann sekan eins fyrir það. Á hinn bóginn er yfirboðurum embættismanna hjer eða landstjórninni ekki þörf á þeim rjetti, er tilsk. 27. skipbr. 1799 veitir í þessu efni, enda er rjettur þessi fremur gagnslítið meðal til þess að hafa eftirlit með embættismönnum og sýslunarmönnum. Ef alvarlegar sakir eru bornar á embættismann, hvort er í riti eða ræðu, þá er landstjórninni innan handar að láta rannsaka áburðinn, þyki hann annars þess verður, annaðhvort með sakamálarannsókn eða þá með því að heimta skýrslur og yfirlýsingar af viðkomandi embættismanni. Það virðist ljóst, að slík rannsókn, sem landstjórnin getur sjálf haft hönd í bagga með, er miklu þýðingarmeiri fyrir eftirlitið með embættismönnum en meiðyrðamál, er hinn sakaði embættismaður hefur sjálfur vald yfir. Að vísu er það nokkuð efasamt, hvort tilætlun umgetinna ákvæða í tilsk. 27. septbr. 1799 hafi verið sú, að embættismaður, er skipað er að hreinsa sig af meiðandi áburði, hafi svo mikið vald yfir málinu, sem ofaná hefur orðið hjá íslenskum dómstólum, sbr. dóm landsyfirrjettarins 28. maí 1887 (Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardóma III bindi, bls, 319—321).

Ef nú þessi rjettur yfirboðinna embættismanna til þess að skipa undirmönnum sínum að hreinsa sig af ærumeiðandi áburði ætti að hafa verulega þýðingu til þess að vernda mannorð embættisstjettarinnar yfirleitt, þá ætti afleiðingin af því, að embættismanni ekki tækist að hreinsa sig af ákveðnum ærumeiðandi áburði, er honum hefði verið skipað að höfða mál út af, að vera sú að jafnaði, að embættismaðurinn yrði að missa embætti sitt. En þessu er ekki svo farið. Það gæti oft verið mjög ósanngjarnt og ranglátt, að láta slík afdrif meiðyrðamáls hafa svo mikla refsing í för með sjer fyrir embættismann, og í sumum tilfellum ekki einu sinni heimilt. Ef um dómara er að ræða, er skipað er að hreinsa sig af meiðandi áburði með málssókn, og hann hefur eigi öðrum almennum störfum að gegna en dómstörfum, þá væri landstjórninni samt ekki heimilt að setja dómarann frá embætti, þótt þungar sakir hefðu sann-

ast upp á hann í meiðyrðamálinu. Það yrði alveg eins fyrir því að höfða opinbert mál gegn honum til þess að fá hann dæmdan frá embætti.

Það virðist því ekkert varhugavert að nema úr gildi hjer að lútandi ákvæði í tilsk. 27. septbr. 1799.

Það þykir rjett að geta þess, að sú ástæða, sem stundum hefur verið færð fyrir því, að gjafsóknarrjettur embættismanna ætti að aftakast, að þetta sje svo kostnaðarsamt fyrir landsjóð, er ekki á rökum bygð, því að reynslan hefur sýnt, að framlag landsjóðs í þessu skyni hefur aldrei verið teljandi, og síðan stjórnarbreytingin varð 1904, hefur slík gjafsókn að eins verið veitt í einu einasta máli, embættismanni, er biskup hafði boðið að höfða mál.

Að öðru leyti athugast um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Sú breyting, er hjer er færð í letur, er þegar á komin samkvæmt tilskipun 23. ágúst 1904, sbr. 6. gr. laga 3. oktbr. 1903 um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Um 2. gr.

Hjer er sú ein breyting á gerð, að slept er úr upptalningu þeirra, er veita má gjafsókn, embættismönnum, sem boðið er að höfða mál.

Um 3.—5. gr.

Þessar greinar eru samhljóða tilsvarandi greinum í lögum 12. júlí 1878.

Um 6. gr.

Í sjálfu sjer virðist það rjettast, og enda að miklu leyti viðurkent, að borgarar landsins geti fengið úrslit mála sinna hjá dómstólunum ókeypis, að öðru leyti en því, að þeir borgi, auk málflutnings, einhver rjettargjöld, einkum til þess að koma í veg fyrir, að dómstólarnir sjeu misbrúkaðir í smáatriðum eða óþarfa málum. Þessari reglu er samt engan veginn fylgt með samkvæmni, þar sem þeir, er málum sínum vilja fram koma, verða oft að greiða allmikið fje fyrir ferðir dómenda og stundum dagpeninga, t. a. m. í landamerkjamálum. Einna ósanngjarnast verður þetta, er menn verða að kaupa setudómara, oft úr mikilli fjarlægð, til þess að geta fengið rjetting mála sinna. Ákvæði þessarar greinar eiga að bæta nokkuð úr þessum ójöfnuði með því að heimila stjórnarráðinu að veita einnig öðrum en þeim, sem taldir eru í 2. gr., gjafsókn að því er snertir setudómarakostnað. Lengra hefur ekki þótt fært að fara að svo stöddu, enda virðist mega búast við, að ekki líði mjög langt þangað til breyting verði gerð á rjettarfarinu, og ef til vill dómaskipuninni.

Frumvarp til laga

um

frestun á framkvæmd laga 19. des. 1903 um túngirðingar o. fl.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

Framkvæmd laga 19. desember 1903 um túngirðingar skal frestað fyrst um sinn.

Á fjárhagstímabilinu 1908 og 1909 annast landsstjórnin útvegun á samskonar girðingarefni, sem nefnd lög hljóða um, fyrir sýslufjelög, sveitarfjelög, búnaðarfjelög og samvinnukaupfjelög, og birtir almenningi í tæka tíð verð á girðingarefni því, sem hún útvegar, og nánari fyrirmæli um það, hvers fjelögin verða að gæta, til þess að pöntunum þeirra verði sint.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 22, 20. október 1905 var framkvæmd laga um túngirðingar 19. desember 1903 frestað um fjárhagstímabilið 1906 og 1907, en landsstjórninni jafnframt falið að annast á því fjárhagstímabili pantanir á samskonar girðingarefni og lögin hljóða um fyrir sýslu- og hreppsfjelög, búnaðar- og samvinnukaupfjelög. Með því nú að eigi þykir ástæða til að láta túngirðingalögin koma aptur til framkvæmda að svo komnu, er í frumvarpi þessu farið fram á, að amkvæmd þeirra skuli frestað fyrst um sinn, en jafnframt er þó ætlast til, að stjórnin á næsta fjárhagstímabili annist um útvegun á girðingarefni eins og nú. Því skal bætt við hjer, að í frumvarpi því til vegalaga, sem lagt verður fyrir alþingi, eru ákvæði, sem ætlast er til að komi í stað ákvæðanna í túngirðingalögunum, 16. gr., sbr. 1. gr. 2. málsgrein laga nr. 22, 20. okt. 1905.

Frumvarp til laga

um

stofnun brunabótafjelags Íslands.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Landstjórnin gengst fyrir því, að á stofn sje sett brunabótafjelag með gagnkvæmri ábyrgð. Fjelagið nefnist brunabótafjelag Íslands. Það tekur að sjer brunabótatrygging á húseignum á Íslandi utan Reykjavíkur, sem eigi eru tryggingarskyldar í brunabótasjóði, stofnuðum eftir lögum nr. 26, 20. oktbr. 1905; ennfremur tryggir fjelagið lausafje á Íslandi gegn eldsvoða.

Stjórnarráðið semur reglugjörð fyrir fjelagið, ákveður flokkunarreglur, iðgjöld og tryggingarskilyrði, og setur yfir höfuð allar nánari reglur um starfrækslu fjelagsins, þó svo að gætt sje ákvæða þeirra, er hjer fara á eftir.

2. gr.

Fjelagið er gagnkvæmilegt brunabótafjelag með trygging af landsjóði fyrir alt að 300000 kr., og tekur að sjer:

A. Trygging að fullu, en með hluttöku af hálfu sveitarfjelaganna í eldsvoðaábyrgðinni:
   1) á húseignum í kaupstöðum utan Reykjavíkur og í kauptúnum með 300 íbúum, sbr. þó 7. gr.
   2) á lausafje í kaupstöðum þeim og kauptúnum, er getið er í tölulið 1, og í Reykjavík.

B. Trygging á $^2/_3$ tjóns af eldsvoða á lausafje og á húseignum þeim utan Reykjavíkur, sem ekki verða trygðar eftir staflið A með hluttekning sveitarfjelags, og eigi eru heldur tryggingarskyldar í brunabótasjóði, er hreppur hefir stofnað.

3. gr.

Þegar sveit tekur hlut í ábyrgðinni, má fjelagið ekki, án endurtryggingar,

taka að sjer hærri trygging á húsi, eða húsaþyrpingu í einni og sömu brunahættu, en nemi 10000 kr., og enga lausafjártrygging hærri en 5000 kr. utan Reykjavíkur, og 8000 kr. í Reykjavík; án hluttöku sveitarfjelags í ábyrgðinni má áhætta fjelagsins fyrir eiginn reikning ekki nema meiru en 7500 kr. fyrir hús, og 4000 kr., er um lausafjártrygging er að ræða.

Trygging með hluttöku sveitarfjelags í áhættunni.

4. gr.

Öll þau hús og alt lausafje, sem fjelagið tryggir, hvort er í Reykjavík eða í kaupstöðum þeim og verslunarstöðum, er um ræðir í 2. gr. A, skal hlutaðeigandi sveitarfjelag ábyrgjast að 1/4 hluta; þó skal það engan þátt taka í þeim hluta ábyrgðarinnar, sem endurtrygð er, og þannig aldrei í meira en 10000 kr. af hverri hústrygging og 5000 kr. — í Reykjavík 8000 kr. — af hverri lausafjártrygging.

Hverju sveitarfjelagi skal færður til tekna hluti af iðgjaldinu að rjettri tiltölu við áhættu þess. Þenna hluta iðgjaldanna ásamt vöxtum skal fjelagið geyma og fara með sem iðgjaldasjóð, er sveitarfjelagið á, og ekki má af taka nema til greiðslu þess, er á sveitarfjelagið kann að koma af brunabótum.

5. gr.

Ef brennur, greiðir fjelagið fram allar brunabæturnar. Það sem sveitarfjelagið á að greiða, skal svo sem til vinst taka af inneign þess í iðgjaldasjóði, en hrökkvi inneignin ekki til, skal greiða það er á vantar af sveitarsjóði innan missiris.

6. gr.

Nú hafa brunabætur verið greiddar af sveitarsjóði samkvæmt 5. gr., og skal þá sveitarstjórn jafna þeim niður á sveitarbúa á 15 árum, nema upphæðin sje svo lítil, að hana megi að áliti sveitarstjórnar greiða sem önnur gjöld sveitarsjóðs það ár, er þær fjellu á sveitina samkv. 5. gr.

Niðurjöfnuninni skal haga svo, að brunabótum fyrir hús sje jafnað niður á allar húseignir í kaupstaðnum eða verzlunarstaðnum eftir verði bygginga, jafnt á þær húseignir, sem ekki eru trygðar í fjelaginu, sem á hinar, en brunabótum fyrir lausafje skal jafnað niður á alla þá, sem gjaldskyldir eru til sveitar, sem aukaútsvari eftir efnum og ástæðum. Við þessa niðurjöfnun skal þó, eftir ákvæði stjórnarráðsins, taka tillit til þess, til hverra brunabóta iðgjaldasjóði sveitarfjelagsins hefir verið varið.

Um öll atriði, er snerta niðurjöfnunina, getur hver gjaldandi leitað úrskurðar stjórnarráðsins, og er úrskurður stjórnarráðsins fullnaðarúrslit, þá er um það er að ræða hve miklu skuli jafna niður á húseignir, og hve miklu sem aukaútsvari.

Stjórnarráðið getur veitt samþykki sitt til þess að brunabætur, er sveitarsjóður verður að greiða, endurgreiðist honum að öllu eða nokkru leyti af því fje, er annars ætti að greiða af sveitarfjelaginu til iðgjaldasjóðs.

7. gr.

Eftir ákvæði hlutaðeigandi sveitarstjórnar geta minni kauptún en þau, sem nefnd eru í 2. gr. A 1, með samþykki stjórnarráðsins fengið upptöku í fjelagið með sömu skilyrðum sem hin, þannig að fullar brunabætur verði greiddar gegn því að sveitin taki þátt í áhættunni.

Trygging án hluttöku sveitarfjelags í áhættunni.

8. gr.

Fjelagið getur tekið í brunabótaábyrgð hús og lausafje fyrir utan kaupstaði þá og verslunarstaði, sem eftir framanskráðum reglum taka þátt í áhættunni. Slíka ábyrgð tekur fjelagið þó því aðeins á sig, að einungis $^2/_3$ af skaðanum endurgjaldist, og að sá $^1/_3$ hluti, sem ekki verður endurgoldinn, ekki sje trygður annarsstaðar.

Um húsábyrgð má þó setja það ákvæði í brunabótaskírteinið, að fjelagið bætir brunatjónið að fullu, ef þörf gerist, til þess að veðhafar í húseigninni missi einskis í, ef veðskuldin er stofnuð eftir sömu reglum, sem settar eru um lán af fje ómyndugra. Brunabótaskírteinið verður þá að teljast fullnægja skilyrðum þeim, er lögin setja um brunabótatrygging á húseignum, er lánað er gegn veði í þeim opinbert fje eða fje ómyndugra.

9. gr.

Fjelagið má ekki, nema samþykki stjórnarráðsins komi til, taka í ábyrgð byggingar, er mundu vera tryggingarskyldar í brunabótarsjóði eftir lögum 20. oktbr. 1905, ef stofnaður væri.

Almenn ákvæði.

10. gr.

Vátryggjendur í fjelaginu ábyrgjast hver gagnvart öðrum að fjelagið standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi að eins til eignar þeirrar, er vátrygð er í fjelaginu. Ef brunabótatryggingin nær að eins til $^2/_3$ af andvirði þeirrar eignar, er trygð er, ákveðst ábyrgðin í hlutfalli við $^2/_3$ virðingarverðs eignarinnar.

Skaðabóta má að eins krefjast af vátryggjendum í fjelaginu á þann hátt, að heimt sjeu inn aukaiðgjöld, er eigi sjeu hærri neitt ár en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í brunabótaskírteininu.

11. gr.

Landssjóður ábyrgist með alt að 300,000 kr., að fjelagið uppfylli skyld-

ur sínar. Geti fjelagið eigi af eigin ramleik borgað skaðabætur, er skylt er að greiða, leggur landssjóður til það sem á vantar, þó aldrei meira en áðurnefnda upphæð.

Ef fjelagið hefur orðið að leita aðstoðar landssjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá, er það hefur þegið af landssjóði, að viðbættum 4% í árlega vöxtu, endurgreiðast smátt og smátt eftir því sem efni fjelagsins leyfa. Nú nemur fje það, er lagt hefur verið fram af landssjóði, að meðtöldum vöxtum meiru en 50,000 kr., og skal þá fjelagið gera tryggjendum að greiða aukaiðgjöld, þannig að það sem fram yfir er 50,000 kr. endurgjaldist landssjóði á 10 árum í seinasta lagi ef hægt er, en ávalt skal gæta ákvæða 10. gr. 2. um stærð aukaiðgjaldsins.

Af ábyrgðarupphæð landssjóðs má þegar afhenda fjelaginu alt að 20,000 kr. sem starfsfje, en greiða skal af því 4% árlega. Endurborga skal þetta fje af gróða fjelagsins, þá er lagðar eru 20,000 kr. í varasjóð.

12. gr.

Ganga má úr fjelaginu við áramót að undangenginni uppsögn með 3 mánaða fresti, og gegn því að vátryggiandi greiði iðgjald sitt til þess tíma, er hann fer úr fjelaginu, og sinn hluta af skaðabótum þeim, er á hafa fallið áður, ef þær nema meiru en sjóður brunabótafjelagsins.

Áður en nokkurt hús sje tekið úr trygging fjelagsins, verður sá, er tryggginguna hefur fengið, að fá samþykki til þess frá öllum þeim, sem fyrir þinglesið veðbrjef, aðför eða kaupsamning, eiga á einhvern hátt tillkall til hússins.

Enga byggingu má taka úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sje eigi greitt.

13. gr.

Fjelagið tekur eigi ábyrgð á tjóni, sem orsakast af jarðskjálfta eða ófriði nje heldur á tjóni, sem af því leiðir, að vátryggjandi kona hans eða nánustu erfingjar eru valdir að brunanum, af ásettu ráði eða fyrir vítavert gáleysi.

Fjelagið á auk þess rjett á að draga alt að fjórðung af brunabótunum, er vátryggjandi hefur út af eldsvoðanum verið dæmdur í sekt fyrir brot gegn brunamálalögunum, eða hann hefur gengist undir það sjálfviljugur að greiða slíka sekt.

14. gr.

Tjón, sem eigi nemur meir en 50 kr., verður eigi bætt, og sje það meira, skal draga þá upphæð frá brunabótunum. Við tryggingar, þar sem að eins er bættur skaðinn að $^2/_3$, má þó að eins draga frá 30 kr.

Ef sjerstaklega stendur á má fjelagsstjórnin þó gera undantekning frá þessum ákvæðum, einkum er um tjón er að ræða, er stafar af ráðstöfunum til þess að hindra útbreiðslu eldsvoða, er þegar er upp kominn.

15. gr.

Skaðabætur má eigi greiða af hendi fyr en haldin hefur verið rjettarrannsókn út af brunanum; þó má fjelagsstjórnin gera undantekning frá þessu, er tjónið eigi nemur meiru en 500 kr.

16. gr.

Bætur fyrir tjón á húsum má að eins greiða til þess að byggja upp á sama stað eða gera við hús það, er brunnið hefur, sbr. þó 17. gr. Bætur fyrir húsgögn má að eins hafa til viðgerðar þeirra eða til þess að útvega nýjan húsbúnað.

Við húsábyrgðir er fjelaginu skylt að tryggja það, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sje varið rjettilega, en er um húsgögn er að ræða, þá er það komið undir fjelagsstjórninni, hvort hún krefst tryggingar í þessu efni eða ekki.

Fjelagsstjórnin, ásamt sveitarstjórn, ef sveit er hluttaki, má veita undanþágu frá fyrsta lið þessarar greinar, þó svo að 20% af brunabótaupphæðinni sje þá dregið frá, nema almannahagur heimti að vikið sje frá þessum ákvæðum.

17. gr.

Þegar eignir þær, er trygðar eru hjá fjelaginu, eru veðsettar, er brunabótafjeð einnig fólgið í veðsetningunni. Glati veðsetjandi rjetti sínum til þeirra, á veðhafi engu að síður heimting á greiðslu þeirra svo sem með þarf til þess að borga kröfuskuld hans með eins árs vöxtum, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

18. gr.

Tryggingariðgjaldið hvílir á húseignum þeim, er trygðar eru í fjelaginu, og gengur í 2 ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, er á þeim liggja, nema sköttum til landssjóðs.

Öll iðgjöld til fjelagsins og virðingargjöld má heimta með lögtaki.

Um það fje, sem sveitarstjórnir jafna niður samkvæmt 6. gr. fer sem um önnur sveitargjöld.

19. gr.

Í reglugjörð fjelagsins skulu sett nánari ákvæði um virðingar á eignum þeim, er trygðar eru hjá fjelaginu, og á tjóni því, er á þeim kann að verða. Skylda má sveitarstjórnir til og hreppstjóra að veita fjelaginu aðstoð sína í því efni kauplaust.

Sveitarstjórnirnar í þeim sveitum, er þátt taka í áhættunni, eru yfirleitt skyldar til þess að gæta hags fjelagsins kauplaust og sjer í lagi ber þeim að heimta inn iðgjöldin eftir nánari ákvæðum í reglugjörðinni.

20. gr.

Þegar sameiginlegur brunabótasjóður er stofnaður eftir lögum 20. oktbr.

1905, skal endurtryggja 1/3 þeirra upphæða, er þar eru trygðar, í brunabótafjelagi Íslands, en brunabótasjóðurinn tekur aftur til endurtryggingar jafnmikla upphæð af tryggingum þeim, er fjelagið hefur tekið að sjer.

Stjórn fjelagsins.

21. gr.

Fjelagið skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík, og skal því stjórna undir umsjón stjórnarráðsins framkvæmdarstjóri, er það skipar. Fjelagið greiðir stjórnarkostnað, þar með talin laun framkvæmdarstjóra og hæfileg þóknun handa þeim af embættismönnum stjórnarráðsins, er hin stöðuga umsjón er á hendur falin.

Þegar sameiginlegur brunabótasjóður er stofnaður eftir lögum 20. oktbr. 1905, skal hann hafa sömu stjórn sem brunabótafjelag Íslands og vera yfirleitt í samvinnu við það, þannig, að stjórnarkostnaðurinn skiftist milli þeirra eftir ákvæði stjórnarráðsins. Annars eru fjelagið og brunabótasjóðurinn reikningslega alveg óháð hvort öðru, sbr. þó 20. gr.

22. gr.

Áður en reglugjörð, flokkunarreglur, iðgjöld og tryggingarskilyrði eru sett, skal leita álits sveitarfjelaga þeirra, er hlut taka í ábyrgð. Þær sveitarstjórnir er í hlut eiga, eiga rjett á að koma fram með tillögur um öll málefni fjelagsins, enda skal leita álits þeirra um öll málefni, er mjög eru mikilsverð, og þau atriði, er einkum koma þeim við.

23. gr.

Þegar fjelagið er orðið svo stórt, að ársiðgjöldin nema meira en 75,000 kr., skal stjórnarráðið semja frumvarp um breyting á stjórn þess í þá átt, að skipað sje fulltrúaráð til þess að gæta hags sveitarfjelaganna og vátryggjenda Þegar fengnar eru umsagnir hlutaðeigandi sveitarstjórna, skal frumvarpið lagt fyrir alþingi.

Um brunabótatrygging á eignum landssjóðs.

24. gr.

Á eignum landssjóðs — að undanteknum byggingum í Reykjavík — skal framvegis ekki fengin ábyrgð gegn eldsvoða. Í stað þess skal árlega leggja í tryggingarsjóð, er landssjóður á, svo mikið fje að samsvari því, er hingað til hefur verið greitt fyrir brunabótatrygging á eignum landssjóðs.

Stjórn brunabótasjóðs landssjóðs skal falin brunabótafjelagi Íslands; fyrir það má veita fjelaginu þóknun, er stjórnarráðið ákveður. Að öðru leyti er enginn fjelagsskapur með brunabótafjelaginu og brunabótasjóði landssjóðs; ef síðastnefndur sjóður með vöxtum hrekkur eigi til þess að greiða tjón af eldsvoða á eignum landssjóðs, þá verður landssjóður að bera skaðann að öðru leyti.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um þetta atriði.

Reikningar snertandi brunabótasjóð landssjóðs skulu árlega fylgja landsreikningnum og skulu yfirskoðunarmenn landsreikninganna einnig yfirfara þá.

Um það, hvenær fjelagið taki til starfa.

25. gr.

Brunabótafjelag það, er ræðir um í lögum þessum, tekur eigi til starfa, fyr en sveitarstjórnirnar í 2 kaupstöðum landsins að minsta kosti og 4 kauptúnum hafa látið í ljósi ósk sína um að taka þátt í fjelaginu.

Þá er fengnar eru slíkar yfirlýsingar, og vissa er fengin fyrir því, að keypt verði ábyrgð á 2 miljónum króna að minsta kosti, getur fjelagið tekið til starfa, og allir þeir kaupstaðir og kauptún, er nefnd eru í 2. gr., eru þá hluttakendur í fjelaginu. Fjelagið má þó als eigi taka til starfa fyr en lög um brunamál kauptúnanna eru komin í gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Stjórnarráðið hefir með hálfum huga ráðið það af, að leggja það til í lagafrumvarpi þessu, að stofnað sje innlent brunabótafjelag. Dylst stjórnarráðinu það ekki, að slíkt fjelag getur ekki fullnægt öllum þeim kröfum, sem alment eru gerðar nú á dögum til brunabótafjelags. Til þess er verðgrundvöllurinn hjer á landi of lítill. Í Danmörku getur hrunabótafjelag fyrir hús því aðeins fengið viðurkenningu fyrir því, að það teljist fulltryggilegt fyrir lán gegn húsveði, að trygðar sjeu hjá fjelaginu eignir fyrir 20 miljónir króna að minsta kosti. Hjer á landi er verð húseigna sem stendur varla meira en 16—17 miljónir króna, og frágengur hjer fyrirfram verð húseigna í Reykjavík ɔ: hjer um bil helmingur als verðs húseigna á landinu; að skoðun landstjórnarinnar getur það ekki komið til mála að gera breyting á þeirri brunabótatrygging húsa í Reykjavík, sem nú er, því að hún er mjög hagkvæm. Þvínæst verður að halda fyrir utan fjelagið sveitabæjum, með því að telja má, að sjeð sje nægilega fyrir trygging þeirra með lögunum frá 20. oktbr. 1905. Eftir verða þá aðallega húseignir utan Reykjavíkur og lausafje á öllu landinu. Um virði lausafjár eru eigi til neinar hagskýrslur, en húseignir utan Reykjavíkur nema varla meiru verði en 8 milj. krónum, og þaraf eru hús hvalaveiðastöðvanna fullrar einnar miljónar króna virði.

Það yrði þá aðeins lítill grundvöllur fyrir innlent brunabótafjelag að byggja á, en þetta væri samt ekki svo mjög athugavert, ef hinar vátrygðu eignir væri svo sem sveitabæir samkynja húseignir, er eigi væri í sameiginlegri brunahættu.

En umræddum eignum, sem tryggja skal, er mjög hrúgað saman í kaupstöðunum; á Akureyri og Ísafirði er tryggingarverð húsa undir 1 miljón kr. í hvorum bænum, og um $^1/_2$ miljón kr. á Seyðisfirði. Við þetta bætist að lausafje er mest saman komið í þessum kaupstöðum og í Reykjavík. Sú sundurgreining áhættunnar, sem er aðalatriði fyrir hvert tryggingarfjelag, verður hjer mjög ófullkomin. Ef mjög illa skyldi vilja til, t. d. ef einhver kaupstaðanna eyddist af eldsvoða, þá yrði innlent brunabótafjelag mjög illa statt, svo að landsjóður yrði að leggja talsvert af mörkum eða viðskiftamenn fjelagsins.

Er landstjórnin samt kemur fram með frumvarp þetta, þá verður það að skoðast sem neyðarúrræði vegna þess, hve örðugt er orðið hjer á landi hin síðustu ár um brunabótatryggingar. Það virðist og liggja beint við, að þing og stjórn reyni að koma í veg fyrir það, að vátryggingariðgjöldin verði mjög þung byrði fyrir almenning, og þetta er því nær óhjákvæmilegt, er hinir mörgu og miklu eldsvoðar gera landið tortryggilegt eða koma óorði á það að því er brunabótatrygging snertir. En við það verður eigi ráðið vegna hinna miklu bruna og hins mikla tjóns, er erlend brunabótafjelög hafa orðið fyrir á síðustu 10 árum, nema gerðar sjeu öflugar ráðstafanir til umbóta í þessum efnum. En umbætur í þessum efnum fást varla á annan hátt en þann, að bæði verði sett lög um brunamál alment, — frumvarp um það efni verður lagt fyrir þingið í sumar — og komið á stofn innlendu brunabótafjelagi, er gefi bæði almenningi og yfirvöldunum á hverjum stað hvöt til þess að hindra og hefta eldsvoða. En það er *einungis frá þessu sjónarmiði* skoðað, að ráðið verður til þess að stofna innlent brunabótafjelag sem stendur, og ákvæði þau í frumvarpinu, sem miða að þessu, verða að skoðast aðalatriðin, enda gera þau á hinn bóginn brunabótatrygginguna eigi eins fullkomna og æskilegt væri.

Það eru og þessi hin sömu ákvæði, er gera þetta frumvarp ólíkt þeim, er áður hafa verið til meðferðar á alþingi. Ákvæðin eru aðallega þessi: Að í kaupstöðum og mannmörgum kauptúnum eru sjálf sveitarfjelögin gerð hluttakar í áhættunni gegn hlutfallslegu iðgjaldi, og að utan þessara kaupstaða og kauptúna tekur fjelagið að jafnaði eigi að sjer ábyrgð á meiru en $^2/_3$ af brunatjóninu.

Það er sjálfgefið, að auk þess á einkum skipun innlends gagnkvæmilegs ábyrgðarfjelags beint að stefna að þessu markmiði. Er ábyrgðin er gagnkvæm, fer svo, að almenningur borgar það iðgjald, — hvorki meira nje minna, — sem samsvarar áhættunni, eins og hún í raun rjettri er eða verður.

Loks getur innlent ábyrgðarfjelag stutt að heftingu eldsvoða með því að setja flokkunarreglur, er sjerstaklega hefir fyrir augum staðháttu hvarvetna. Þar sem slökkvitól sveitarinnar hljóta að vera fremur ófullkomin, getur það heimtað sjerstakar varúðarreglur, t. a. m. gert það að skilyrði fyrir því að taka í ábyrgð dýrt vörusafn gegn venjulegu iðgjaldi, að í geymsluhúsið eða geymsluhúsin sjeu sett slökkviáhöld.

Er sveitirnar sjálfar eru gerðar hluttakar, þá verða þær auðvitað að gangast undir allmikla áhættu, og það er ekki rjett að slíkt eigi sjer stað um kauptún, þar sem varla er um önnur verðmæt hús að ræða en nokkur verslunarhús eða þesskonar. Það verður því að láta skylduábyrgð sveitanna ná aðeins til hinna meiri kauptúna, og er rjett að þessu leyti að miða fremur við íbúatölu en verð húsa, því að fáeinar verksmiðjur og verslunarhús geta numið miklu verði. Enn þykir það eigi rjett að leggja slíka skylduábyrgð á sveitirnar, nema þær fallist nokkurnveginn alment á það, og er það því lagt til (25. gr.), að stofnun

fjelagsins sje látin vera undir því komin, hvort hinar viðkomandi sveitir yfirleitt óska að taka íhlut í innlendu brunabótafjelagi. En sje meiri hluti þeirra á því, verða allir kaupstaðirnir og öll mannmörg kauptún að taka íhlut, einnig þau, sem eigi hafa verið meðmælt hluttöku, því að annars yrði grundvöllurinn undir fjelagsstofnun of lítill.

Hlutdeild sveitarfjelaganna í ábyrgðinni á að ná bæði til húsavátryggingarinnar og lausafjárvátryggingarinnar; í Reykjavík, þar sem fjelagið á ekki að taka að sjer vátrygging húsa, tekur bæjarfjelagið aðeins þátt í lausafjárvátryggingunnni.

Með hluttöku sveitarfjelaganna í áhættunni er reynt að koma því til leiðar, að þau sjái sjer sem mestan hag í því, að brunalögregluákvæðunum sje stranglega fylgt, að byggingu sje hagað þannig að sem minst brunahætta stafi af sem hægt er og að slökkvitæki og annað, er að hefting eldsvoða lýtur, sje bætt og aukið*; en með þessu fyrirkomulagi ávinst það einnig, að sveitarstjórnirnar þar sem fjelagið vinnur að mun gætir hagsmunar þess sem umboðsmaður þess, svo sem við virðingar og innheimtu iðgjalda, en af þessu leiðir að mörgu leyti ódýrari og tryggilegri stjórn en hægt er að hafa í öðrum fjelögum, en það veldur hinsvegar að sjálfsögðu því, að iðgjöldin þegar til lengdar lætur verða lægri.

Það er farið fram á það, að sveitarfjelögin taki þátt í áhættunni að $^1/_4$, en við þetta er að athuga, að fjelaginu er ekki leyft að taka að sjer alla áhættu við vátrygging bygginga yfir 10,000 kr. og vátrygging lausafjár yfir 5,000 kr. (í Reykjavík þó 8,000 kr.). Þessi takmörkun er þó auðvitað ekki því til fyrirstöðu, að fjelagið tæki að sjer vátrygging á hærri upphæðum, en það sem fram yfir er verður þá að endurtryggjast, og sveitarfjelagið tekur ekki þátt í þeim hluta vátryggingarinnar, sem endurtrygður er. Hluttaka sveitarfjelaganna í áhættunni er í sjálfu sjer hið sama og ákveðið er í lögum 20. október að því er landsveitirnar snertir, en auðvitað er áhættan miklu meiri hjer, þar sem hið vátrygða er á sama stað. Með skynsamlegri byggingu og með sæmilegum slökkvitólum og slökkviliði má þó minka áhættuna mikið, en ef það samt sem áður kynni að koma fyrir, að ákvæði þessi yllu óbærilegum kvöðum, er kaupstaður eða verslunarstaður brynni til grunna, þá má auðvitað leita aðstoðar löggjafarvaldsins, en ákvæði um þetta hefur þótt erfitt að koma fyrir í lögunum.

Að þeim hluta, sem sveitarfjelagið tekur þátt í áhættunni, er það vátryggjandi í eiginlegri merkingu, o: fær einnig samsvarandi hluta af iðgjöldunum; þó er það lagt til, að þau renni ekki í sveitarsjóð, heldur sje þeim safnað saman og ávöxtuð af fjelaginu fyrir sveitarinnar hönd sem iðgjaldasjóður hennar. Þegar

---

*) Jafnhliða þessu hefur aðgætni almennings auðvitað afarmikla þýðingu fyrir brunaáhættuna. Það er sannreynt í öðrum löndum, að hægt hefði verið að komast hjá öllum hávaðanum af brunatjónum ef mikil aðgætni hefði verið sýnd; það er aðeins tiltölulega lítill hluti af þeim skaða, sem hlýst af atvikum, sem kalla má tilviljun. Til dæmis má taka, að brunabótafjelag sveitabygginga í Danmörku greiddi árið 1904—1905 í brunabætur um 3 milj. kr.; um 651,000 kr. af þessum skaða var upplýst að hafði stafað af tilviljun (svo sem eldingum, sprengingum, neistum úr reykháfum o. s. frv.), um orsökina til 978,000 kr. skaða var ekkert upplýst, en hinsvegar stöfuðu 265,000 kr. af ásetningi, 629,000 kr. af vítaverðri ógætni og 477,000 kr. af trassalegum útbúnaði, hreinsun reykháfa, eldstæðum o. þ. h. Þessi töluhlutföll eru mjög nærri því venjulega, og það er þessvegna engum efa bundið, að ef hægt væri að koma því svo fyrir, að sjerhver bruni snerti áþreifanlega peningalegan hag almennings, þá mundi mikið unnið í þá átt að takmarka brunahættuna og lækka þau iðgjöld, sem krefjast þyrfti.

sveitarfjelagið á þennan hátt hefur safnað töluvert í sjóð, af því ekki hefur verið tekið á honum út af brunum, þá er að sjálfsögðu ástæða til að lækka iðgjald það, sem sveitarfjelagið greiðir vegna hlutdeildar sinnar í áhættunni, o: af þeim fjórðahluta, sem sveitin ábyrgist; þetta má t. d. verða á þann hátt, að vöxtunum af iðgjaldasjóðnum sje varið til þess að greiða iðgjöldin af þessum fjórðahluta að nokkru eða öllu leyti, en með því lækkar iðgjaldið í heild sinni af öllum vátrygðum hlutum í því sveitarfjelagi um alt að fjórðahluta; en ákvæði um þetta eru þó ekki sett í frumvarpið, því það er álitið rjettast, að þau sveitarfjelög, sem á þennan hátt hafa afgang af hluttöku sinni í áhættunni, leggi afgang þenna fyrst um sinn árum saman í sjóð.

Þótt fjelagið í samlögum við sveitarfjelögin vátryggi fyrir öllum brunaskaðanum, verður það hinsvegar, utan hinna nefndu kaupstaða og verslunarstaða, að láta sjer nægja sömu takmörkun á ábyrgðinni, sem ákveðin er í lögum 20. október 1905 um vátrygging sveitabæja.

Um hin einstöku ákvæði frumvarps þessa skal þetta ennfremur tekið fram:

Við 2. gr.

Verslunarstaðir þeir, sem, eins og nú stendur á, mundu heyra undir ákvæðin um hluttöku í ábyrgðinni eru þeir, er nú skal greina: Vestmannaeyjar, Eyrarbakki, Keflavík, Hafnarfjörður, Skipaskagi, Ólafsvík, Stykkishólmur, Patreksfjörður, Bíldudalur, Sauðárkrókur og Húsavík. Þar við bætast kaupstaðirnir 4, og verslunarstaðir þeir, er samkv. 7. gr. æskja hluttöku. Í verslunarstöðum þeim, er hjer eru taldir, er virðingarverð bygginga að meðaltali 150—200,000 kr., er skiftast niður á 35—75 hús.

Við 3. gr.

Hámark það, er hjer er farið fram á að sett sje fyrir áhættu fjelagsins á eigin ábyrgð, er að vísu allhátt í hlutfalli við iðgjaldatekjur þær, er gera má ráð fyrir að fjelagið hljóti, með því að áhætta, að því er lausafje snertir, mun oft og tíðum vera bundin áhættu fyrir bygginguna; en eigi fjelagið eigi að verja því meira af iðgjaldi sínu til gagnvátryggingar, verða upphæðirnar naumast ákveðnar lægri. Að upphæðin fyrir lausafje að því er Reykjavík snertir getur ákveðist hærri, kemur til af því að fjelagið hefur þar eigi jafnframt ábyrgð á byggingum.

Gera má ráð fyrir að fjelagið geti gert fastan samning við útlent fjelag um gagnvátryggingu, þannig að það geti tekist á hendur svo háar tryggingar sem vera skal.

Við 4. gr.

Það er eigi farið fram á að gera mönnum að skyldu að vátryggja; slíkt væri að ganga of langt, ef mönnum væri meinað að vátryggja hjá útlendum fjelögum; en ef það væri leyft, mundi tryggingarskyldan eigi hafa neina verulega þýðingu, þar sem svo að segja öll hús í kaupstöðum og verslunarstöðum eru vátrygð.

Við 6. gr.

Niðurjöfnunin skal einnig ná til þeirra, sem vátrygt hafa hjá öðrum fjelögum, eða þeirra, sem alls eigi hafa vátrygt; þetta er eðlileg afleiðing af takmarki því er stefnt er að með hluttöku sveitarfjelaga í ábyrgðinni, sem sje að koma í veg fyrir og draga úr brunatjóninu meira en verið hefur; útlend fjelög mundu sem sje einnig njóta góðs af þessu fyrirkomulagi og væntanlega að sama skapi þeir, er hjá útlendum fjelögum tryggja, þar sem iðgjöldin mundu lækka að mun. Hins vegar mundu einnig allir íbúar sveitarfjelags þess, þar sem eigi kæmi fyrir brunatjón um langt árabil, njóta góðs af iðgjaldalækkun þeirri, sem leiða mundi af því, er safnaðist fyrir í iðgjaldasjóðinn; sjá að framan.

Auðvitað verður því eigi neitað, að ákvæðið kann að gera fjelaginu að sumu leyti hærra undir höfði en útlendum fjelögum, en hjá því verður eigi komist, eigi á annað borð að gera sveitarfjelögin að hluthöfum í ábyrgðinni.

Í þeim sveitarfjelögum, sem taka yfir bæði kauptún og sveitarhjerað, nær niðurjöfnunin auðvitað að eins til kauptúnsins.

Hve miklu jafna skal niður eftir virðingarverði byggingar, og hve miklu eftir efnum og ástæðum, verður stjórnarráðið að ákveða, þar eð taka verður meðal annars tillit til þess t. d. að varið hefur verið ef til vill skömmu áður allmiklum iðgjaldasjóði í sveitarfjelagsins þarfir til brunatjóns, sem er annarar tegundar en tjón það, sem nú veldur niðurjöfnun; auðvitað mætti skifta iðgjaldasjóðnum í tvennt: byggingasjóð og lausafjársjóð, en kostirnir við þessa skiftingu svara þó naumast til ómaks þess, er slík bókfærsla hefði í för með sjer.

Við 8. gr.

Önnur málsgrein miðar að því meðal annars að gera hinum vátrygðu eignum mögulegt að fullnægja skilyrðum þeim, sem í lögum um stofnun veðdeildar í Landsbankanum 12. jan. 1900, 7. gr., sbr. lög nr. 27, 20. okt, 1905, 6. gr. eru sett fyrir því að fá lán í veðdeild Landsbankans.

Við 9. gr.

Þar sem stofna mætti brunabótasjóð samkvæmt lögum 20. okt. 1905, á fjelagið auðvitað eigi alment að taka í ábyrgð byggingar, sem falla mundu undir brunabótasjóðinn, en benda skal íbúum sveitarfjelagsins á að stofna slíkan sjóð. Því verður eigi neitað, að erfitt er að stofna svolagaðan sjóð í sumum hreppum, en ef svo er, og einnig þegar öðruvísi stendur á, ætti stjórnarráðið að geta leyft fjelaginu að taka einnig sveitabæi o. fl. í ábyrgð.

Byggingar sem vegna verðmæti þeirra gætu eigi orðið vátrygðar í brunabótasjóðnum, mætti ávalt vátryggja í fjelaginu, eins og líka 5. gr. í lögum 20. okt. 1905 mun heimta, að hreppsbrunabótasjóður taki að sjer að tryggja 6000 kr. af virðingarverði bæjar, en það sem fram yfir er tekur fjelagið að sjer, þó eigi frekara en $^2/_3$ af brunatjóninu.

Við 10. gr.

Hættan við stofnun fjelags með gagnkvæmilegri ábyrgð á eins litlum grundvelli og hjer ræðir um er mestmegnis fólgin í því, að þegar óvenju miklu

brunatjóni væri jafnað niður á vátryggjendur, mundi það hafa í för með sjer allþung aukaiðgjöld. Með því eigi er auðið við tryggingunа að hlífa vátryggjendum við að greiða iðgjöld, er að samanlögðu svari hinu virkilega brunatjóni, verður auðvitað að gera alt sem hægt er til að dreifa greiðslunni sem mest. Það er því farið fram á að setja ákveðin takmörk fyrir því, hve mikið leggja skuli á árlega sem aukaiðgjöld; slík takmörk eru nauðsynleg til þess að fæla menn eigi frá að tryggja hjá fjelaginu. Að tekjuhallinn, sem fyrst um sinn greiðist úr landssjóði, að síðustu verður greiddur af vátryggjendum, leiðir af ákvæðum 12. gr.

Þótt gagntryggt sje venjulega gegn ákveðnu iðgjaldi, verður að miða hina gagnkvæmilegu ábyrgð samkvæmt almennum reglum við alla tryggingarupphæðina.

Við 11. gr.

Þar sem landssjóður tekst á hendur allmikla tryggingarskyldu og á ýmsan hátt greiðir fyrir starfsemi fjelagsins, verður að álíta að rjett sje, að undanþága sú frá vaxtagreiðslu af fyrirfram greiddu fje í þarfir fjelagsins, sem getið er um í fyrri frumvörpum, falli burtu. Eftir kröfum þeim, sem að öðru leyti eru gerðar til landssjóðs, verður að tálma því, að fjárstyrkur veitist úr landssjóði með undanþágu á vaxtagreiðslu, að því er snertir lán og fyrirframgreiðslur til þess að gera iðgjöldin ódýrari en þau annars væru; taka verður og tillit til þess að vátryggjendur að öllum jafnaði verða efnaðri menn. Það mun verða að álítast nauðsynlegt að fjelagið fái þegar í stað greidda vissa hluta af ábyrgðarupphæðinni sem starfsfje til að koma fótum undir sig og standast hin fyrstu brunatjón; eigi fjelagið að taka að sjer ábyrgð á lausafje, mun heldur eigi verða hjá því komist, að minnsta kosti framan af, að verja nokkru fje til að launa umboðsmönnum.

Við 12. gr.

Ákvæðið um að eigi megi ganga úr fjelaginu án þess að taka þátt í tekjumissi þeim, er fjelagið kynni að verða fyrir, er nauðsynleg afleiðing af að fjelagið er gagnkvæmilegt.

Við 13. gr.

Önnur nánari ákvæði um, hvað heyrir undir ábyrgð fjelágsins og hvað ekki, eiga eftir eðli sínu heima í samþyktum þess, svo sem meðal annars almenn ákvæði um að skaði, er hlýst af björgunar- og slökkviráðstöfunum, skuli teljast sem brunaskaði. Yfirleitt er ætlast til að samþyktirnar, alstaðar þar sem lögin eigi kveða öðruvísi á um, innihaldi almennar reglur um brunabótafjelög.

Við 14. gr.

Frádráttur sá, er hjer er farið fram á, er að vísu allmikill, en hann ætti að stuðla að því að gera starfsemi fjelagsins kostnaðarminni og þannig með tímanum koma vátryggjendum að góðu með því að iðgjöldin yrðu lægri en önnur fjelög gætu boðið. Auk þess sem frádrátturinn gerir það að verkum að vátryggjendur sjái sjer hag í að skaði komi eigi fyrir, hefur hann mjög mikla þýðingu að því

leyti sem hann sparar fjelaginu öll brjefaviðskifti, virðingargerðir o. fl. út af óverulegum tjónum; slík smátjón eru talsvert tíð hjá hverju brunabótafjelagi, og fjelag, sem eigi bætir fyrir þau, mun með tímanum geta tekist á hendur ábyrgð gegn lægri iðgjöldum en önnur fjelög. Til dæmis má taka, að í »brunabótafjelagi dönsku kaupstaðanna«, sem aðeins tekur í ábyrgð byggingar, eru að öllum jafnaði $^3/_4$ allra tjóna undir 200 kr., og við trygging lausafjár eru smátjónin enn þá tíðari og gefa tilefni til mikillar óráðvendni. Það er því mikil áhersla lögð á þetta ákvæði, þar eð tilætlunin yfirleitt er að tryggja fjelagsmenn gagnvart stórtjóni fyrir sem lægst iðgjald; vera kann að það álítist annmarki að eigi eru einnig bætt smátjón, en þegar litið er til þess, að eigi er hægt að tryggja gegn skaða af völdum allra annara náttúruviðburða, svo sem vatnagangs, storma eða gegn húsdýrasjúkdómum o. s. frv., þá er eigi sanngjarnt að krefjast þess, að tryggja megi gegn sjerhverjum skaða, sem orsakast af eldi.

Við 16. gr.

Frádráttur sá, er farið er fram á í síðustu málsgrein, er alltíður hjá útlendum fjelögum; hann er sanngjarn, því þegar eigandinn hefir hagnað af því að verja peningum sínum á annan hátt eða að byggja á öðrum stað, hefur skaði hans við brunann að rjettu lagi eigi numið eins miklu og tryggingarupphæðin.

Frádrátturinn má þó eigi vera skyldukvöð, þar eð byggingarfyrirkomulag o. fl. getur rjettlætt að húsið sje reist á öðrum stað í þarfir almennings.

Ákvæðum þeim, er stungið er upp á, skal að því er trygging lausafjár snertir aðeins beitt þegar um innbú er að ræða, en aftur á móti gilda þau eigi um verslunarvörur o. þvl.

Við 19. gr.

Ákvæðin um virðingarnar heyra samkvæmt eðli sínu sem reglugerðarákvæði helst undir samþyktirnar, og þau munu líka eftir frumvarpinu vera þýðingarminni sökum hluttöku sveitarfjelaganna í áhættunni.

Við 20. gr.

Stjórnarráðið verður að halda því fram, að rjett sje að frumvarp þetta yfirleitt geri eigi neina breytingu á fyrirkomulaginu á vátryggingu sveitabæja frá 1905; fjelagið og hinn sameiginlegi brunabótasjóður verða því að vera algerlega sjálfstæðar stofnanir, en það útilokar þó eigi (sbr. 21. gr.) að þeim sje stjórnað sameiginlega til að gæta sparnaðar. Þó álíst rjett að fjelögin gagntryggi nokkurn hluta af áhættu hvort hjá öðru, þannig að fjelagið gegn $^1/_3$ af iðgjaldatekjum brunabótasjóðsins taki í gagnábyrgð $^1/_3$ af áhættu hans, gegn því að greiða tilsvarandi upphæð af eigin áhættu. Nemi t. d. $^1/_3$ af áhættu brunabótasjóðsins 300,000 kr., og sje eigin tryggingarupphæð fjelagsins 3 miljónir kr., á það að greiða brunabótasjóðnum $^1/_{10}$ af iðgjaldatekjum sínum, en hefur aftur heimtng á að fá $^1/_{10}$ af skaða sínum bættan af brunabótasjóðnum. Með þessu móti jafnast áhættan mun betur niður á báða parta.

Við 21. og 23. gr.

Nauðsynlegt þykir að hafa stjórnarfyrirkomulagið sem einfaldast og ódýrast; að hafa marga framkvæmdarstjóra eða fulltrúanefnd, er hefur í för með sjer talsverðan ferðakostnað, eins og ákveðið er í frumvarpi því, er samþykt var af alþingi árið 1899, er eigi forsvaranlegt, fyr en iðgjaldatekjur fjelagsins eru orðnar miklum mun stærri en gera má ráð fyrir fyrsta árið; að öðrum kosti verða iðgjöldin vátryggjendum talsvert dýrari.

Við 24. gr.

Það verður að álítast miður eðlilegt, að sveitarfjelögin eftir fyrirkomulagi því sem er á fjelaginu, takist á hendur nokkuð af áhættunni, að því er snertir eignir landssjóðs. Það er því farið fram á að landssjóður hætti að vátryggja eignir sínar (að undanteknum byggingum í Reykjavík), og að iðgjöld þau, er greiða hefði átt, í þess stað sjeu lögð í sjerstakan sjóð. Þetta fyrirkomulag er nýlega komið á í Danmörku og ætti einnig við hjer á landi, með því að landssjóður með hægu móti getur borið áhættu þá sem eigin vátrygging hefur í för með sjer, enda hlýtur landssjóður með tímanum að hafa hag af því, sje það svo sem alment er álitið, að iðgjöld þau, sem nú eru lögð á hjer á landi, sjeu of há í hlutfalli við áhættuna.

Frumvarp til laga

um

metramæli og vog.

1. gr.

Mæli og vog skal af metrakerfi leiða á Íslandi.

Tugakerfi skal ráða í skiftingu mælis og vogar.

2. gr.

Lengd metra og þyngd kílógrams skal jafnt þeirri fyrirmynd mælistærða þessara, sem ákveðin er af allsherjarstofnuninni fyrir mæli og vog í Parísarborg.

3. gr.

Í mæli og vog skal hafa frumeiningar þær og skiftinefni, sem nú skal greina:

Lengdarmál.

Frumeining lengdarmáls er metri.
1 desímetri er $^1/_{10}$ metra.
1 sentímetri er $^1/_{100}$ metra.
1 mílímetri er $^1/_{1000}$ metra.
1 dekametri er 10 metrar.
1 hektómetri er 100 metrar.
1 kílómetri er 1000 metrar.
10 kílómetrar er metramíla.

Flatarmál.

Frumeining flatarmáls er fermetri.
Einn ari er 100 fermetrar.
Einn hektari er 100 arar.
Einn ferkílómetri er 100 hektarar.

Rúmmál.

Frumeining rúmmáls er teningsmetri. Þúsundasti hluti teningsmetra (teningsdesímetri) er lítri.
1 desílítri er $^1/_{10}$ lítra.
1 sentilítri er $^1/_{100}$ lítra.
1 dekalítri er 10 lítrar.
1 hektólítri er 100 lítrar.

Vog.

Frumeining vogar er 1 lítri vatns og nefnist kílógram.
1 kílógram er 1000 gröm.
1 desígram er $^1/_{10}$ úr grami.
1 sentígram er $^1/_{100}$ úr grami.
1 milígram er $^1/_{1000}$ úr grami.
1 dekagram er 10 gröm ($^1/_{100}$ úr kílógrami).
1 hektógram er 100 gröm ($^1/_{10}$ úr kílógrami).
1 ton er 1000 kílógröm.

Stjórnarráð Íslands getur ákveðið, hverjar styttingar skuli hafa til þess að tákna frumeiningar þær og skiftinefni, sem talin eru í þessari lagagrein.

4. gr.

Konungur ákveður tímatakmark, er þó má eigi síðar vera en þrem árum eftir staðfesting laga þessara, en upp frá því skal eingöngu nota metrakerfi í mæli og vog við útreikning á tollgjöldum til landssjóðs og öðrum opinberum gjöldum, sem teljast í vog eða mæli.

Frá sama tíma má nota metramæli og metravog í verzlun og viðskiptum, þegar þeim, er skiftin eiga, kemur saman um það. Að tveim árum liðnum eptir nefnt tímatakmark skal eingöngu nota metramál og metravog; þó getur konungur ákveðið, að vogarlóð og reislur, er gjörðar eru eftir vogarkerfinu frá 1. desbr. 1865 sje notuð fyrst um sinn; svo má og framvegis nota vogarlóð þau, sem

löggilt eru til meðalasölu og vigtar dýrindismálma, til þess er þau eru ætluð. Á því tímabili, þegar nota má metrakerfið jafnhliða núgildandi mæli og vog, skal í hverri þeirri búð eða byrgi, þar er verslun er rekin í smásölu, vera upphengd eða á annan auðveldan hátt höfð til sýnis kaupendum, tafla, staðfest af stjórnarráðinu, er sýni breytingu mælis og vogar úr einu kerfinu í annað.

Aðfluttar vörur, sem eigi er raskað umbúðum á, má hafa til sölu eftir mæli þeim og vog, sem þær eru seldar eftir í landi því, er þær fluttust frá.

5. gr.

Hlutfallið milli núgildandi mælis og vogar og metramælis og metravogar skal telja svo sem nú skal greina, bæði í opinberum erindum og einstakra manna skiftum:

1 míla á landi	7.532 kílómetra.
1 sjómíla	1.852 kílómetra.
(1 vika sjávar 7.408 kílómetra).	
1 faðmur	1.8831 metra.
1 alin	0.6277 metra
1 fet	0.31385 metra.
1 þumlungur	2.615. sentímetra.
1 lína	2.18 mílímetra.
1 fermíla	56.7383 ferkílómetra.
1 túndagslátta	0.31914 hektara.
1 engjateigur (dagslátta)	0.56736 hektara.
1 ferfaðmur	3.546 fermetra.
1 feralin	0.394 fermetra.
1 ferfet	0.0985 fermetra.
1 ferþumlungur	6.84 fersentímetra.
1 teningsfet	0.030916 teningsmetra.
1 brennifaðmur (72 teningsfet)	2.226 teningsmetra.
1 pottur ($^1/_{32}$ teningsfet)	0.9661 lítra.
1 almenn tunna (lýsistunna 120 pottar)	1.1593 hektólítra.
1 öltunna (136 pottar)	1.3139 hektólítra.
1 korntunna (144 pottar)	1.3912 hektólítra.
1 kornskeppa	17.39 lítra.
1 anker (39 pottar)	37.68 lítra.
1 skippund	160 kílógröm
1 pund	0.5 —
1 tunna smjörs (224 pund)	112 —

Þegar reiknað er aðflutningsgjald og útflutningsgjald skal þó, ef ekki er öðruvísi ákveðið í sjerstökum lögum, telja 1 pott sama sem 1 lítra.

Stjórnarráð Íslands getur, ef þörf gjörist, sett nánari ákvarðanir um hlutföllin milli metrakerfis og núgildandi mælis og vogar, þar á meðal um styttan tugabrotareikning við útreikning annara opinberra gjalda.

6. gr.

Brot á móti næstsíðustu málsgrein 4. greinar varða sektum til landssjóðs frá 5—50 kr., og skulu mál út af þeim brotum rekin sem opinber lögreglumál.

7. gr.

Eldri lagaákvæði um mæli og vog sem koma í bága við þessi lög, eru úr gildi feld jafnóðum og lög þessi koma til framkvæmda samkvæmt 4. gr.

Tilsk. 25. júní 1869 um mæling skipa og önnur lagaákvæði um það efni skulu þó óhöggguð standa.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eftir að metramálið er komið á í öllum löndum Norðurálfu, nú síðast í Danmörku með lögum, sem samþykt voru á ríkisdeginum í vetur leið, verður stjórnarráðið að telja, að ekki ætti að dragast lengur að lögleiða mál þetta hjer á landi. Frumvarp til laga um að koma metramáli á hjer lá fyrir alþingi 1897, en náði ekki fram að ganga.

Lagafrumvarp þetta er sniðið eptir lögum þeim, sem samþykt hafa verið í Danmörku, þó er slept öllum ákvæðunum úr dönsku lögunum um löggilding mæla og voga; sparnaðar vegna hefir stjórnarráðið ekki viljað fara fram á það, að löggildingarstofa með öllum útbúnaði væri sett á stofn hjer; í dönsku lögunum nýju er gert ráð fyrir því, að framvegis eins og hingað til verði hægt að fá íslenska mæla og vogir löggilt á löggildingarstofunni í Kaupmannahöfn.

Við hin einstöku ákvæði frumvarpsins, sem eru að mestu samhljóða frumvarpi því, sem var til meðferðar á alþingi 1897, þykir ekki þurfa að taka frekara fram. Það er ekki lagt til að taka upp hina íslensku nýgervinga á heitum mælis og vogareininganna, sem farið var fram á í breytingartillögu 1897; það dregur sem sje ekki lítið úr hinni miklu þýðing, sem metramálið hefur í viðskiftum landa á milli, ef hinum alþjóðlegu heitum er breytt; þeim er því haldið í flestum löndum; í Belgíu var leitast við, þegar málið var lögleitt þar, að setja þjóðleg heiti á hinar nýju einingar, en eftir fá ár var þeim alveg slept og hin alþjóðlegu heiti tekin upp í stað þeirra, með því að af þeim þótti ekki stafa nein hætta fyrir sjálfstæði tungunnar.

Þess skal að lokum getið, að hinar núgildandi reglur um mál og vog eru í tilskipun 18. júní 1784 um vigt og mæli á Íslandi og tilskipun 1. desember 1865 um verslunarvog á Íslandi.

Frumvarp til laga

um

bygging vita.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Vita skal reisa við Dalatanga. Til þess að koma upp vitanum og bústað handa vitaverði má verja 20,000 kr. úr landssjóði.

2. gr.

Nýjan vita skal reisa á Reykjanesi, og má til þess verja 50,000 kr. úr landssjóði.

3. gr.

Veitt skal á fjárlögunum það fje, sem árlega þarf til starfrækslu fyrnefndra vita.

Athugasemdir um lagafrumvarp þetta:

Sá viti, sem nú er á Dalatanga, kemur svo að segja eingöngu að gagni nágrenninu þar, aptur á móti myndi endurbættur og stækkaður viti þar, vera til mikils gagns siglingum til Íslands og umhverfis það. Nefnd sú, sem stjórnarráð flotamálanna skipaði til rannsóknar vitamálum, hefir talið þessa vita mesta þörf allra þeirra vita, sem nauðsynlegt þykir að gera við Ísland, og því var Brinck aðstoðarverkfræðingur fenginn til þess að rannsaka staðhætti þar sumarið 1906. Síðan hefir komið frá stjórnarráði flotamálanna álitsskjal um vitagerð á Dalatanga svo og skýrsla um rannsóknir þær, er Brinck verkfræðingur hefir gert viðvíkjandi vita á Reykjanesi. Þessu álitsskjali og álitsskjali fyrnefndrar vitamálanefndar mun alþingi verða gefinn kostur á að kynnast.

Kostnaður við að koma upp 20 feta háum vitaturni úr trje með bárujárni á Daltanga svo og til vitatækja, ljóskers og annara áhalda, ásamt með bústað handa vitaverði, er áætlaður 20,000 kr. Myndi þá vitinn verða á stærð við vitann í Vestmannaeyjum.

Þegar litið er til þess, hvílíkt gagn slíkur viti myndi gera siglingum austanlands, og telja má að landssjóður fái risið undir kostnaðinum, verður stjórnarráðið að mæla fastlega fram með, að þessum vita verði komið upp, og það því fremur sem ætlast er til, að með frumvarpi því um vitagjald, sem jafnframt þessu frumvarpi er lagt fyrir alþingi, verði haft upp það fje, sem til starfrækslunnar þarf, en það hefur vitamálanefndin áætlað hjer um bil 1300 kr. á ári.

Eftir árangrinum af rannsóknum Brincks verkfræðings á staðháttum á Reykjanesi mun ekki verða hjá því komist að reisa nýjan vita lengra frá sjó; turninn, sem nú er, liggur við falli, því að af sjávarróti og landskjálftum hefir hrunið svo mikið af berginu, að nú eru að eins 30 fet fram á brúnina, og á þeim spöl sprunga í bergið. Þegar nýr viti verður settur á þann stað, sem Brinck verkfræðingur hefir bent á, og er hjer um bil 900 álnum lengra frá sjó, mun nauðsynlegt að hafa turninn hjer um bil 70 fet á hæð og auka ljósmagn vitans. Byggingarkostnaðurinn verður þá eftir áætlun stjórnarráðs flotamálanna um 50,000 kr. Vitatækin úr þeim vita, sem nú er, myndi þó mega nota seinna í annan vita hjer á landi.

Ætlað er, að eyðast muni helmingi meira af steinolíu við þennan nýja vita en hinn núverandi.

Með því að telja verður vitagerð þessa bráðnauðsynlega, skal mælt fram með því, að landsstjórninni verði gefin heimild til þess að sjá um framkvæmdirnar.

Frumvarp til laga

um

vitagjald af skipum.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. gr.

Fyrir hvert skip, að undanskildum herskipum og skemtiskútum, er legst á höfn einhversstaðar á Íslandi, skal greiða í vitagjald 20 aura fyrir hverja smálest (tonn) af rúmmáli skipsins.

Gjaldið skal greitt á þeirri höfn, sem skipið kemur fyrst á.

Skip, sem aðeins eru höfð til innanlands siglinga, greiða vitagjald aðeins einu sinni á ári; önnur skip greiða vitagjald í hvert skifti sem þau koma í höfn á Íslandi frá útlöndum.

Íslenzk fiskiskip eru undanþegin vitagjaldi; þó skulu þau greiða gjaldið, ef þau koma frá útlöndum.

Ráðherra Íslands hefur heimild til að semja við stjórnir annara rikja um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gerð út til fiskiveiða hjer við land.

2. gr.

Vitagjaldið rennur í landssjóð og skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans innheimta það gegn löglegri kvittun. Skyldur er skipstjóri að sýna lögreglustjóra eða umboðsmanni hans dagbók skipsins.

3. gr.

Skipstjóri sá, er skýtur sjer undan því að greiða vitagjaldið, skal sæta 10—100 sektum til landssjóðs, að svo miklu leyti sem atferli skipstjóra á ekki að sæta þyngri hegningu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1908, og frá sama tíma eru lög um vitagjald af skipum frá 10. okt. 1879 úr gildi numin.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Tilefni til lagafrumvarps þessa eru hin miklu útgjöld, sem á landssjóði hvíla nú þegar til vita og ætla má að eftirleiðis komi til að hvíla á honum bæði til byggingar nýrra vita og svo til reksturs og viðhalds vitanna. Má í þessu efni vísa sumpart til hins nýbygða vita í Vestmannaeyjum og sumpart til frumvarps þess um endurbyggingu Reykjanesvitans og um vitabyggingu á Dalatanga, er lagt verður fyrir alþingi, en vitabyggingar þessar eru aðeins að skoða sem einn lið af nauðsynlegum vitabyggingum hjer við land.

Þareð vitar þessir eru landtökuvitar fyrir skip, sem sigla til landsins og þannig sjerstaklega koma þeim skipum að haldi, er sigla milli Íslands og útlanda, hefur þótt rjett að fylgja sömu reglum, sem fylgt var í lögum 12. apríl 1878 og 10. okt. 1879 eftir að Reykjanesvitinn var bygður, að ná kostnaðinum með því að leggja gjöld á skip þau, er sjerstaklega hafa gagn af vitunum.

Í frumvarpi þessu er því farið fram á það, að láta vitagjald það, er nú á að greiða af skipum, er sigla framhjá Reykjanesvitanum, ná til allra skipa, er sigla til landsins.

Þareð það í framkvæmdinni mundi verða of brotasamt, að rannsaka í hvert skifti hvort skipið í raun og veru hafi farið fram hjá vitum þessum, er farið fram á það, að vitagjaldið skuli greiða í hvert sinn, er skipið kemur hingað til lands frá útlöndum, en að skip, sem eingöngu eru höfð til innanlands siglinga, greiði gjaldið einu sinni á ári og þá án tillits til þess hvort þau hafa haft gagn af vitunum. Þó er lagt til, að íslenzk fiskiskip sjeu eins og að undanförnu undanþegin gjaldi þessu.

Það er farið fram á, að vitagjaldið sje 20 aurar fyrir hvert tonn af rummáli skipsins, og er það sama gjald og skip greiða nú, er leita hafna við Faxaflóa.

Að öðru leyti eru ákvæði frumvarps þessa — þar á meðal ákvæðið í síðustu málsgrein 1. greinar — yfir höfuð að tala samhljóða núgildandi vitagjaldslögum, og þykir því ekki ástæða til frekari athugasemda.

Frumvarp til laga

um

takmörkun á eignar- og umráðarjetti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o. fl.

(Lagt fyrir alþingi 1907).

---

1. kafli.

Um eignar- og umráðarjett á fossum.

1. gr.

Engir aðrir en þeir menn, sem heimilisfastir eru í Danaveldi, eða fjelög, er stjórn þeirra á þar aðsetur og stjórnarmenn allir eru þar heimilisfastir, mega hjeðan af, án sjerstaks leyfis, ná að eignast fossa á Íslandi, hvorki eina nje með löndum þeim, sem þeir eru í, eða notkunarrjett á fossum, hvort sem er fyrir frjálsa afhending, eða nauðungarráðstöfun að manni lifanda, eða með hjónabandi, eða að erfðum. Talinn er notkunarrjettur í lögum þessum hvers konar rjettur til að nota fossa.

Konungur veitir leyfið þar sem þess er þörf hjeðan af, eða sá, er hann

fær umboð til þess; leyfið má veita um ákveðinn tíma og skilyrði má setja um notkun vatnsaflsins.

2. gr.

Eigi verður krafist fullnaðargerðar á neinni ráðstöfun til afhendingar, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., nema leyfið sje áður fengið. Ef það fæst eigi, er ráðstöfunin ógild, og andvirði það, er kaupandi hefir af hendi greitt, getur hann þegar fengið endurgoldið.

3. gr.

Ef krafist er innritunar fyrir fram í afsals- og og veðmálabækur eða þinglýsingar á skjali um afhending, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og eigi er um leið sannað fyrir valdsmanni, að leyfið sje þegar fengið, þá skal hann skrá athugasemd um þetta og því næst tafarlaust skýra stjórnarráðinu frá málavöxtum.

4. gr.

Þegar þinglesið hefir verið skjal eins og það, er getur í 3. gr., eða þegar kaupandi að eignar- eða notkunarrjetti á fossi, er fullnægir eigi skilyrðum laga þessara, er orðinn umráðandi fossins eða afnotahafandi, þá skal stjórnarráðið þegar, er það er orðið þessa vitanda, setja kaupanda frest til þess að koma málinu í löglegt horf með því að fá það, er vantar, eða ef það fæst eigi, með því að fá rift kaupunum (2. gr.), eða þá, ef seljandi færist undan að láta kaupin ganga aptur, með því að afhenda fossinn eða notkunarrjettinn þeim manni öðrum, er fullnægi skilyrðunum fyrir að mega öðlast hann. Frestur þessi má eigi styttri vera en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár.

Ákvæði sínu um þetta lætur stjórnarráðið þinglýsa svo fljótt sem unt er á varnarþingi fasteignarinnar og skrá í dálk hennar í veðmálabókinni. Frestinn skal telja frá þinglýsingardegi.

5. gr.

Nú hefir kaupandi eigi áður fresturinn er útrunninn fengið stjórnarráðinu fullnægjandi skilríki fyrir því að málið sje komið í löglegt horf, og lætur þá stjórnarráðið selja fossinn eða notkunarrjettinn við nauðungaruppboð á kostnað kaupanda, og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er rjettindi eiga í fossinum. Um uppboðið fer eptir fyrirmælum 10. gr. í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febrúar 1847, eptir því sem þeim verður við komið. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum í stað skuldunauts birt kaupanda, og ef hann er eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægir, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og ef enginn er þar fyrir, þá næstu grönnum.

Kaupandi fær borgaðan þann hluta uppboðssöluverðsins, sem honum hefði borið, ef hann hefði verið kominn löglega að eign eða afnotum.

6. gr.

Nú er kona eigandi foss eða afnota hans og giftist manni, er fullnægir ekki skilyrðum laga þessara fyrir því að mega öðlast þess konar eignar- eða notkunarrjett, og verður hann þá eigi gerður eign fjelagsbúsins fyrr en maður hennar fullnægir og þessum skilyrðum, en er þá stund sjereign konunnar.

7. gr.

Nú erfir maður eignar- eða notkunarrjett á fossi, sá er getur eigi orðið löglegur eigandi að honum nema með sjerstöku leyfi, þá skal skiptaráðandi þegar gera stjórnarráðinu við vart, og fer síðan um þetta mál eins og segir í 4. og 5. gr. með afbrigðum eptir atvikum.

8. gr.

Hið sama er, ef sá maður verður heimilisfastur utan Danaveldis, er öðlast hefir eignar- eða notkunarrjett á fossi, eptir það er lög þessi öðlast gildi, svo og ef stjórn þess fjelags, er eptir þann tíma hefir öðlast eignar- eða notkunarrjett á fossi, hættir að hafa aðsetur í Danaveldi, eða ef einhver í stjórn er þar eigi lengur heimilisfastur.

9. gr.

Hver sá maður heimilisfastur erlendis, er foss á á Íslandi eða notkunarrjett á fossi, er skyldur að hafa sjer umboðsmann heimilisfastan í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem fossinn er, til þess að andsvara af sinni hendi málum öllum og hvers konar ráðstöfunum, er eignina varða, svo að jafngilt sje sem sjálfur hefði hann það gert.

Undirdómaranum í þeirri þinghá, þar sem fossinn er, skal skýrt frá nafni og heimili umboðsmanns og skal þinglesa það á varnarþingi jarðeignar þeirrar, sem fossinn er í, og skrá í dálk hennar. Ef eigi hefir verið skýrt frá þessu og það þinglesið, getur dómarinn eptir beiðni einhvers, er að máli stendur, skipað hinum umboðsmann, er hann sje bundinn við, og á kostnað hans látið þinglesa og skrá það umboð.

10. gr.

Ákvæðunum hjer á undan verður eigi beitt þar sem það kæmi í bága við samninga við aðrar þjóðir.

2. kafli.

Um eignarnám á fossum o. fl.

11. gr.

Hver maður er skyldur til gegn fullum skaðabótum að láta af hendi

fossa sína, ár eða læki, og jarðir þær, er þar að liggja, eða rjettindi, sem hann hefir yfir þeim, þegar almennings heill krefst þess til mannvirkja í þarfir landsins eða sveitarfjelaga.

12. gr.

Stjórnarráð Íslands ákveður í hvert skipti, hversu mikið skuli af hendi látið samkvæmt 11. gr., það er og á þess valdi að ákveða, að á eignir þær, er getur í 11. gr., skuli gegn endurgjaldi lagðar kvaðir.

13. gr.

Ef samningum verður ekki við komið, skulu 3 óvilhallir dómkvaddir menn meta skaðabætur þær, er getur í 11. og 12. gr., og má skjóta gerð þeirra til 5 manna matsnefndar, er hinn íslenski landsyfirrjettur kveður í hvert skipti.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stjórnarráðinu hefir ekki þótt tiltækilegt að leggja fyrir þingið frumvarp um takmörkun á rjetti til fasteignarráða á Íslandi alment, eins og gert var í lagafrumvarpi því, sem lagt var fyrir alþingi 1901. Aptur í móti telur stjórnarráðið það ráðlegt, þegar litið er til þess, hve mjög notkun vatnsaflsins hefir færst í vöxt á hinum síðari árum, að hjer á landi, eins og í Noregi, sjeu skorður reistar við fossakaupum erlendra manna, þeirra er eingöngu horfa til fjárgróða. Hefir því stjórnarráðið látið semja frumvarp þetta upp úr frumvarpi því, sem lagt var fyrir alþingi 1901, með þeim breytingum, að ákvæðin varða eingöngu fossa. 1. kafli frumvarpsins er í höfuðatriðunum samhljóða lögum Norðmanna um þetta efni, sem nú eru í gildi; um hin einstöku ákvæði frumvarpsins skal vísað til athugasemdanna við stjórnarfrumvarpið 1901 (Alþingistíðindi 1901, bls. 128—134).

Í 2. kafla laganna hafa sett verið ákvæði um heimild til eignarnáms á fossum o. fl. þegar almenningsstofnanir þurfa þess En með því að þá getur opt verið um allstórar fjárupphæðir að ræða, hefir þótt rjettast að setja sjerstaklega tryggilegar reglur um, hversu endurgjaldið skuli ákveðið (sbr. afbrigðaregluna í lögum 22. sept. 1899 um afhending lóðar til vitabyggingar o. fl.).

Nd. **51. Frumvarp**

til laga um vátryggingarskyldu húseigenda og stofnun brunabótasjóða.

Flutningsm.: Jón Jónsson og M. J. Kristjánsson.

1. gr.

Brunabótasjóðir og skylduábyrgð í kaupstöðum.

Í kaupstöðunum Akureyri, Ísafirði og Seyðisfirði skal stofna brunabótasjóði og skal öllum þeim, hvort sem það eru einstakir menn, fjelög eða hið opinbera, er húseignir eiga í nefndum kaupstöðum, skylt að vátryggja þær fyrir brunahættu í brunabótasjóði þess kaupstaðar, þar sem húseignin er.

2. gr.

Brunabótasjóðir og skylduábyrgð kauptúna.

Sýslufjelög, hvert fyrir sig, skulu stofna brunabótasjóð fyrir öll þau löggilt kauptún, sem í sýslunni eru, og er öllum, er hús eiga í kauptúnunum, skylt að vátryggja húseignina í þeim sjóði. —

Kauptún, sem eru eða verða sjerstök sveitarfjelög, geta haft sjerstaka brunabótasjóði fyrir sig, á sama hátt og kaupstaðirnir, ef þau óska þess.

3. gr.

Um nöfn Vátryggingarfjelaga.

Sjerhvert það svæði, hvort sem það er kaupstaður, sýslufjelag eða sjerstakt kauptún, sem myndar sjerstakan brunabótasjóð, er nefnt vátryggingarfjelag og kent við staðinn, t. d. Vátryggingarfjelag Akureyrar, Vátryggingarfjelag Árnessýslu, Vátryggingarfjelag Eskifjarðar, o. s. frv.

4. gr.

Um skyldur brunabótasjóða sýslufjelaga að taka í ábyrgð hús og eignir utan kauptúna.

Brunabótasjóðum þeim, er sýslufjelög stofna (sbr. 2. gr.), er skylt, ef hlutaðeigendur óska, að taka í brunaábyrgð á sama hátt allar aðrar skattskyldar húseignir og opinberar byggingar innan sýslunnar, þótt ekki standi þær í kauptúnum; sömuleiðis lausafje, þar með taldar verslunarvörur; lausafjeð þó því að eins, að það sje í eða við hin vátrygðu hús.

5. gr.

Rjettur til vátrygggingar á lausafje.

Á þeim stöðum, er vátryggingarskylda á húseignum gildir, hvort sem eru kaupstaðir eða kauptún, eiga menn rjett á að fá trygt í hlutaðeigandi brunabótasjóði allskonar lausafje, þar með taldar verslunarvörur, og sömuleiðis skip og báta á landi, eða í skipakví.

6. gr.

Skaða þann, er verður á vátrygðum eignum af elds- bruna, bætir hlutaðeigandi brunabótasjóður að áttatíu og fimm hundruðustu hlutum verðs, nema eigandi, kona hans eða nánustu erfingjar hafi af ásettu ráði eða stórkostlegu hirðuleysi valdið brunanum. Til brunaskaða teljast og skemdir á vátrygðum eignum, sem stafa af björgunartilraunum.

Brunabótasjóður bætir 85% af skaða, nema fyrirgert sje bótarjetti. Um skemdir við björgun.

7. gr.

Öllum vátryggjendum á þeim svæðum, er lög þessi ná yfir, er bannað að vátryggja eignir, hverjar sem eru, fyrir eldsvoða, þótt í öðrum stofnunum sje, utan lands eða innan, á þann hátt að þeir fái nokkurntíma meiri brunabætur en áttatíu og fimm af hundraði hverju.

Bannað að vátryggja meira en 85% þótt við aðrar stofnanir sje.

8. gr.

Það skal vera meginregla við allar brunabætur, er brunabótasjóðir þeir greiða, sem stofnaðir eru samkvæmt lögum þessum, að sá, er skaða hefur beðið, fái aldrei meiri bætur en svo, að hann beri sjálfur fimtán hundruðustu af skaðanum. Verð á verslunarvörum skal talið eins og þær kosta í innkaupi, að viðbættum kostnaði öllum við flutning þeirra til þess staðar, sem þær eru á, er þær brenna eða skemmast af bruna. Á húseignum skal almenn skattvirðing gilda, nema þegar eigandi eða stjórn hlutaðeigandi vátryggingarfjelags fyrir fjelagsins hönd heimta yfirmat, og skal þá sá, er þess mats krefst, greiða kostnað af því. Að öðru leyti skal ákveða nánar í reglugjörð um allar virðingar til vátryggingar og brunabóta.

Hver vátryggjandi beri sjálfur skaðann að 15% Verslunarvörur virðist eftir innkaupsverði en hús eftir skattvirðing. Má heimta yfirmat á húsum.

9. gr.

Bæjarstjórnir í kaupstöðum og sýslunefndir í sýslum annast stjórn brunabótasjóðanna; en í kauptúnum, sem hafa sjerstaka brunabótasjóði (sbr. niðurl. 2. gr.), annast sveitarstjórnin þá. Um reikningsskil, endurskoðun og samþykt á reikningum brunabótasjóðanna gilda sömu reglur og um bæjarsjóði, sýslusjóði og sveitarsjóði.

Stjórn og reikningsskil brunabótasjóðanna.

10. gr.

Eindagi á öllum iðgjöldum skal vera 1. júlí. Nú eru eignir vátrygðar á öðrum tíma, og skal þá ávalt hið fyrsta vátryggingartímabil reiknast til 1. júlí, þess er næst kemur eftir að vátrygging byrjar, nema vátrygt sje til skemri tíma. Öll iðgjöld má heimta með lögtaki.

Eindagi 1. júlí. Lögtaksrjettur.

11. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar innheimta iðgjöldin, og fá þeir 3% í innheimtulaun. Öllu fje sjóðanna skal þegar komið á vöxtu, sbr. 16. gr.

Sýslum. og bæjarfóg. heimta inn.

12. gr.

Reglugjörðir vátryggingarfjelaga.

Rjett er að stjórn hvers vátryggingarfjelags semji reglugjörð um brunamál á sínu svæði. Má þar ákveða um slökkvitæki, skyldu manna til að vinna að slökkvistörfum, bæði með æfingum og þegar eldsvoða ber að höndum o. s. frv., og gildir þá sú reglugjörð fyrir það vátryggingarsvæði, ef hún er staðfest af ráðherranum.

13. gr.

Almennur brunabótasjóður.

Stofna skal innlendan, almennan brunabótasjóð, er landssjóður ábyrgist og stjórnarráðið annast og hefur yfirumsjón með.

Landsstjórnin getur ráðið sjerstakan mann, til að annast alla reikningsfærslu og brjefagjörðir, er snerta hinn almenna brunabótasjóð. Laun hans mega vera alt að 2500 krónur og greiðist þau úr landssjóði.

14. gr.

Tekjur hins almenna brunabótasjóðs. Ávöxtun fjár og reikningsskil.

Sjerhvert vátryggingarfjelag greiði í hinn almenna brunabótasjóð $^{65}/_{85} = {}^{13}/_{17}$ allra iðgjalda. Stjórnarráðið ávaxtar fjeð á sem arðvænlegastan og tryggilegastan hátt og gerir reikningsskil fyrir og sjeu þeir reikningar endurskoðaðir á sama hátt og reikningar landssjóðs og loks samþyktir af alþingi.

15. gr.

Skylda hins almenna brunabótasjóðs.

Hinn almenni brunabótasjóður skal ábyrgjast fyrir tjóni af bruna sextíu og fimm hundruðustu hluta virðingarverðs alls þess, hvort sem eru húseignir eða annað, sem brunabótasjóðir vátryggingarfjelaganna hafa tekið ábyrgð á.

16. gr.

Innheimtumaður sendi strax hinum alm. brunabótasjóði það er honum ber. Vátryggingarfjelög ávaxti fje sjóðanna.

Eign sjóðanna sje handbær fyrirvaralaust og sje leitað samninga við banka.

Eftir að iðgjöld eru innheimt, og ekki seinna en fyrir lok júlímánaðar, skal innheimtumaður senda til hins almenna brunabótasjóðs, það sem honum ber af iðgjöldunum (sbr. 14. grein). Hinn annan hluta iðgjaldanna leggur stjórn hvers vátryggingarfjelags í banka eða ávaxtar á annan hátt, eftir því sem reglugjörð kann að mæla fyrir. Þess skal ávalt gætt að koma sjóðnum þannig fyrir, bæði brunabótasjóðum vátryggingarfjelaganna og hinum almenna brunabótasjóði, að auðvelt sje að gjöra fjeð handbært á skömmum tíma, og skal leitast við að ná samningum við hina innlendu banka, að þeir kaupi fyrirvaralaust og með sem bestum kjörum verðbrjef þau, t. d. bankavaxtabrjef, er brunabótasjóðirnir kunna að eiga.

17. gr.

Hinn alm. brunabótas. greiði brunabætur til

Nú brennur hús eða annað, sem vátrygt er samkvæmt þessum lögum, eða skemmist af bruna, og er þá skylt að

greiða úr hinum almenna brunabótasjóði $^{13}/_{17}$ brunabótanna, til brunabótasjóðs þess vátryggingarfjelags, er hlut á að máli, en það greiðir aftur eiganda allar brunabæturnar. Hinn almenni brunabótasjóður greiði ennfremur að $^{13}/_{17}$ hlutum kostnað við skoðun, er leiðir af bruna.

hlutaðeigandi vátryggingarfjel. en það borgar eiganda. Hinn alm. brunabótas. ber tiltölul. kostnað af brunaskoðun.

18. gr.

Nú verða brunar svo miklir á eignum þeim, sem vátrygðar eru samkvæmt þessum lögum, að brunabótasjóður þess vátryggingarfjelags, sem hlut á að máli, nægir eigi til að greiða bætur að $^{4}/_{17}$ hlutum svo sem honum ber, og er þá hinum almenna brunabótasjóði skylt að lána, það er til skortir, gegn venjulegum vöxtum. Skal þá leggja aukaiðgjald á alla vátryggjendur þess vátryggingarfjelags, er miðast við vátrygða upphæð. Það aukagjald skal vera svo hátt, að hinn almenni brunabótasjóður fái með því borgað að fullu og með vöxtum, það er hann hefur lánað, á ekki lengri tíma en 10 árum í hæsta lagi, og telst þar með það ár, er bruninn verður, og fellur aukaiðgjaldið fyrir það ár þegar í gjalddaga. Stjórn vátryggingarfjelagsins er heimilt að leggja á það ár alt að helmingi þess, er sjóðinn skortir til að geta bætt skaðann.

Skylda hins alm. brunabótasjóðs að lána það. er skortir til að geta greitt brunabætur.

Aukaiðgjald til að endurborga lán.

Heimilt að leggja alt að helmingi aukagjalds á sama ár.

19. gr.

Nú verða brunar svo miklir, að hinn almenni brunabótasjóður hrekkur ekki til að bæta, það er honum ber, og skal þá landssjóður lána það, er á skortir. Endurborgast það með vöxtum svo fljótt, sem verða má, og skal til þess leggja aukaiðgjald á brunabótasjóði allra vátryggingafjelaga, að rjettu hlutfalli við hið fasta iðgjald þeirra það ár, svo sem þörf krefur til þess að lánið greiðist landssjóði með vöxtum að fullu á eigi lengri tíma en 10 árum.

Skylda landssjóðs að lána hinum alm. brunabótasjóði í þörf, og um endurborgun þess láns með aukagjöldum á brunabótasjóðina.

20. gr.

Ábyrgð brunabótasjóðs byrjar, þá er vátryggjandi hefur fengið í hendur vátryggingarskirteini, eða hin fyrstu greiðsluskírteini fyrir iðgjaldi.

Hvenær ábyrgð brunabótasjóðs byrjar.

21. gr.

Bætur fyrir hús, er brenna, skulu að fullu ganga til endurbóta eða endurbyggingar húsum þeim, er brunnið hafa, nema stjórn hlutaðeigandi vátryggingarfjelags (bæjarstjórn, sýslunefnd eða hreppsnefnd) samþykki, að öðruvísi sje með farið. Þarf eigi að láta brunabót af hendi, nema trygging sje fyrir endurbygging jafngóðri þeirri, er brann.

Brunabætur fyrir hús gangi til endurbyggingar húsunum.

22. gr.

Nú eru veðsett hús eða aðrar eignir, sem vátrygð eru samkvæmt þessum lögum, og nær sá veðrjettur einnig til

Rjettur veðhafa til brunabótafjár.

brunabótafjárins. Fyrirgjöri veðsetjandi rjetti sínum til brunabóta, hefur veðhafi eigi að síður rjett til brunabótanna, að svo miklu leyti sem þarf til lúkningar veðskuldinni, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

23. gr.

Endurtrygging erlendis.

Stjórnarráðið má endurtryggja erlendis alt að tveim þriðjungum þeirrar upphæðar, er hinn almenni brunabótasjóður hefur ábyrgð á.

24. gr.

Reglugjörð um flokkun eftir brunahættu o. fl.

Stjórnarráðið setur reglur um nánara fyrirkomulag á brunabótasjóðum vátryggingarfjelaganna og hinum almenna brunabótasjóði. Skal þar meðal annars segja fyrir um flokkun hinna vátrygðu eigna, bæði húseigna og annara eigna eftir brunahættu þeirra. Skal við flokkunina miða við timburhús með járnþaki eða öðru jafn eldtraustu þaki, er standi í ákveðinni fjarlægð frá öðrum húsum, en þó svo nærri, sem venjulegt er í kaupstöðunum, og skal iðgjald fyrir slík hús vera 5‰, enda sje ekki í þeim rekin nein sú atvinna, eða unnin nein þau störf, er valda sjerstakri brunahættu. Síðan skal öðrum eignum skipað í flokka eftir meiri eða minni brunahættu þeirra, miðað við það, sem sagt er í þessari grein.

25. gr.

Reglugjörð um eldstæði og annað því líkt, svo og slökkvitæki.

Stjórnarráðið setur reglur um, hversu haga skal eldstæðum og reykpípum í húsum þeim, er vátrygð eru, og um eftirlit með því; svo og um annað það, sem nauðsynlegt er til tryggingar gegn eldsvoða. Í þeim reglum má og ákveða um skyldu vátryggingarfjelaganna til að eiga slökkvitæki, og skal þess þá gætt, að gera eigi harðari kröfur en svo, að engu vátryggingarfjelagi sje ofvaxið að fullnægja þeim, og sje þar miðað við fjölmenni og efnahag í hverju fjelagi.

26. gr.

Bækur og eyðublöð á kostnað landssjóðs.

Stjórnarráðið lætur búa til á kostnað landssjóðs allar nauðsynlegar bækur handa vátryggingarfjelögunum; sömuleiðis eyðublöð fyrir ábyrgðarskírteini handa öllum vátryggjendum, og sjeu þar á prentuð vátryggingarskilyrðin, og þau ákvæði þessara laga, sem einkum varða hvern vátryggjanda. Ennfremur lætur stjórnarráðið á sama hátt prenta öll önnur nauðsynleg eyðublöð handa vátryggingarfjelögunum og hinum almenna brunabótasjóði. Bækur þessar og eyðublöð fá öll vátryggingarfjelögin ókeypis.

27. gr.

Rjettarmissir og sektir fyrir brot.

Brot vátryggjanda á lögum þessum og reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varða rjettarmissi til brunabóta eftir málavöxtum, svo sem nánar skal til taka

í reglugjörð. Í reglugiörð má ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 5—500 krónur, er renni í sjóð þann, er brotið er við.

28. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál. **Málsmeðferð á brotum.**

Ed. **52. Frumvarp**

til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Flutningsmenn: Valtýr Guðmundsson og Ágúst Flygenring.

1. gr.

Hafnarfjarðarverzlunarstaður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarrjettindum. Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi: Úr sjó utanvert við Balatún, sjónhending eftir takmörkum Hafnarfjarðarhrauns og Dysjamýrar, þar til kemur á hinn forna veg frá Görðum til Reykjavíkur. Eftir þeim vegi í Engidal. Þaðan eftir nyrðri brún Hafnarfjarðarhrauns, þar til kemur móts við austurhorn Hraunsholtstúns. Þaðan bein stefna yfir neðanverðan Kaplakrika í vörðu á háholtinu fyrir ofan Jófríðarstaði; þaðan yfir Fuglstapaþúfu efri beina leið í sjó fram. Kaupstaðurinn skal skyldur til að setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og viðhalda þeim.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins, og hefir hann að launum 500 krónur úr landssjóði.

2. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórna af bæjarstjórn. Í henni eru kosnir bæjarfulltrúar og bæjarfógeti. Bæjarfógeti er oddviti stjórnarinnar; hann hefur atkvæðisrjett á fundum.

3. gr.

Oddviti hefur á hendi framkvæmd á ákvörðunum þeim, er bæjarstjórnin gjörir, og í bæjarmálefnum yfir höfuð. Þó má bæjarstjórnin fela einum eða fleiri mönnum úr sínum flokki, að framkvæma einstök bæjarstörf, eftir reglum, sem hún sjálf setur. Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem bæjarstjórnin þannig felur þeim.

4. gr.

Bæjarfulltrúar skulu vera 6, og skulu kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

5. gr.

Kosningarrjett hafa allir karlmenn í kaupstaðnum, sem eru orðnir fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, eru eigi öðrum háðir, hafa verið heimilisfastir í kaupstaðnum eitt ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, standa eigi í skuld fyrir þeginn sveitarstyrk og hafa greitt að minsta kosti 4 krónur í bein bæjargjöld síðasta árið. Kosningarrjett hafa og ekkjur og ógiftar konur, ef þær fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum 12. maí 1882 um kosningarrjett kvenna, og þeim skilyrðum, sem sett eru í grein þessari.

Kjörgengur er hver sá karlmaður og kvenmaður, er kosningarrjett hefur. Heimilt er þó kvenmönnum að skorast undan kosningu.

6. gr.

Bæjarfulltrúar skulu kosnir til 3 ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skifti, fara 2 frá að ári liðnu, og svo 2 ár hvert, eftir samkomulagi, eða hlutkesti, verði samkomulagi ekki á komið. Ef einhver fulltrúi fer frá áður en 3 ár eru liðin frá kosningu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefur sá fulltrúasýslu á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á að hinn hefði verið 3 ár, er frá fór.

7. gr.

Fulltrúakosningar skulu fara fram einhvern hinn fyrsta virkan dag eftir nýár. Svo skal kosningu undirbúa, að skrá sje samin um þá, sem kosningarrjett eiga; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en kjörstjórar eru: bæjarfógeti og tveir fulltrúanna, er bæjarstjórnin til þess kýs. Kjörskráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Mótbárur gegn kjörskránni, er lúta að því, að nokkur sje oftalinn eða vantalinn, á að bera upp fyrir kjörstjórninni að minsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, og leggur hún þá úrskurð sinn á málið.

8. gr.

Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minsta kosti viku á undan, og á þann hátt, sem þing alment eru boðuð í kaupstaðnum.

9. gr.

Hver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka móti kosningu, nema hann sje sextugur að aldri, eða hann vegna heilsubrests eða annars hafi sennilega ástæðu til að skorast undan kosningu. Kjörstjórnin sker úr þessu, en láti hann sjer ekki lynda úrskurð hennar, skal málinu skjóta til bæjarstjórnarinnar. Sá, sem hefur gegnt fulltrúastörfum 3 ár eða lengur, er eigi skyldur að takast á hendur þá sýslu aftur, fyr en eftir jafnlangan tíma og hann hafði áður verið fulltrúi.

10. gr.

Sá, sem hefur eitthvað að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram hefur farið, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt skriflega undir bæjarstjórnina viku eftir að kosning hefur fram farið, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina. Innan hálfs mánaðar frá því, að kæruskjalið var afhent bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður leita um það álits kjörstjórnarinnar. Kæra má skriflega úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir ráðherranum, innan hálfs mánaðar frá því, er úrskurðurinn var upp kveðinn. Þegar almennar kosningar á ári hverju hafa fram farið, fara bæjarfulltrúar þeir, er frá eiga að fara, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er fullnaðarúrskurður er lagður á kærur þær, er fram kunna að hafa komið yfir hinni nýju kosningu.

11. gr.

Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn, áður en sá tími er liðinn, sem hann er kosinn til, og skal bæjarstjórnin ákveða, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórnin ákveður ennfremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, er svifta hann kjörgengi; hún ákveður og, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða víkja úr bæjarstjórninni um stund, af því að hann hefur vanrækt eða færst undan að gjöra það, er hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn, bera kæru sína undir ráðherrann á þann hátt, sem segir í næstu grein hjer á undan.

12. gr.

Oddviti stjórnar umræðum á fundum, og sér um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gjörðabókina.

Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gjörð, verður auk oddvita, að minsta kosti helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávalt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því að þá ræður hlutkesti.

Það skal kunngjört bæjarbúum, hvenær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar oddvita þykir nauðsyn til bera, eða að minsta kosta helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Oddviti skal á undan fundum, að svo miklu leyti sem unt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundalok, og á sjerhver í bæjarstjórninni rjett á, að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en ráðherrann samþykkir þau.

13. gr.

Virðist bæjarfógeta, að einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út yfir valdsvið hennar, eða að ákvörðun sje gagnstæð lögum, eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðn-

um hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni með því að rita álit sitt um það í gjörðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðherranum skýrslu; en hann leggur úrskurð sinn á málið. Eftirrit af skýrslu bæjarfógeta skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gjört athugasemdir sínar við hana, áður en hún fer til ráðherrans.

14. gr.

Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefur formaður barnaskólanefndarinnar sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

15. gr.

Bæjarstjórnin kýs 4 menn til að vera í byggingarnefnd fyrir kaupstaðinn ásamt bæjarfógeta; skulu tveir þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

16. gr.

Bæjarstjórnin kýs tvo menn til að sitja í hafnarnefnd ásamt bæjarfógeta; skal annar þeirra kosinn úr flokki bæjarfulltrúa,

17. gr.

Bæjarstjórnin kýs bæjargjaldkera, og veitir honum árlega þóknun. Skal hann skyldur til að hafa starf sitt á hendi að minsta kosti um 3 ár, nema honum sje fyrirmunað það af einhverjum atvikum, er bæjarstjórnin tekur gild.

18. gr.

Bæjarstjórnin setur embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn.

19. gr.

Reikningsár kaupstaðarins er almanaksárið. Innan 1. dags Októbermánaðar ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Því, sem á vantar til að standast straum af bæjarþörfum, skal jafna niður á bæjarbúa eftir efnum og ástæðum.

Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða í bæjarstjórninni á 2 fundum með viku millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina, grein fyrir grein, og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermánaðar, og skal hún vera öllum til sýnis í hálfan mánuð.

Án samþykkis ráðherrans má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa, en sem svari meðaltali allra bæjargjalda þrjú hin síðustu árin, að fimtungi viðbættum.

20. gr.

Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í bænum; þeir skulu greiða þar fult gjald eftir efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi og haft aðsetur annarstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í kaupstaðnum. Fast aðsetur í bænum skemmri tíma en 2 mánuði kemur ekki til greina.

Svo má og leggja gjald á fastar verslanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í kaupstaðnum, er sjeu rekin að minsta kosti um 2 mánuði af gjaldárinu, þó að eigendur þeirra hafi þar eigi fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eftir efnum og ástæðum eftir því, er hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði, án þess tillit sje haft til annara tekna eða eigna þess, sem í hlut á.

21. gr.

Fimm manna nefnd skal jafna niður gjöldum eftir efnum og ástæðum. Um kosningarrjett og kjörgengi til niðurjöfnunarnefndar gildir hið sama, sem á er kveðið um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórna. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, og skal kosning fara fram í septembermánuði. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skifti, fara 2 frá að 3 árum liðnum; skal það, hverir frá fara, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Síðan fara frá á hverjum þriggja ára fresti 3 og 2 nefndarmenn. Um kosningaraðferðina í nefnd þessa gildir hið sama, sem fyr segir um kosningu í bæjarstjórn, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

Enginn, sem skyldur er að taka á móti kosningu í bæjarstjórn, getur skorast undan að taka á móti kosningu í niðurjöfnunarnefndina, nema bæjarfulltrúarnir. Hver sá, er verið hefur 6 ár eða lengur, samfleytt, í nefndinni, er og undanþeginn starfa þessum jafn lengi og hann hefur í henni verið. Enginn má á sama tíma sitja í niðurjöfnunarnefnd og bæjarstjórn.

Niðurjöfnunarnefndin kýs sjer oddvita úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu, sem um bæjarstjórnina (12. gr.).

22. gr.

Niðurjöfnunarnefndin jafnar niður hinum árlegu gjöldum í nóvembermánuði, samkvæmt áætluninni. Niðurjöfnunarskráin og skrá um gjöld bæjarins skal liggja öllum til sýnis um hálfan mánuð fyrir árslok, annaðhvort á bæjarþingsstofunni, eða á öðrum hentugum stað, eftir að búið er að birta það opinberlega. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta júnímánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem hafa flutt sig til kaupstaðarins eftir að niðurjöfnun fór fram, og skyldir eru að greiða skatt samkv. 19. gr. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í hálfan mánuð, eins og sagt er að framan.

Kærur gegn hinni framlögðu niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefndinni skriflegar innan hálfs mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin hefur verið til sýnis. Innan hálfs mánaðar þar á eftir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin

til greina. Ályktun þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefur gjört, má svo innan hálfs mánaðar þar á eftir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar. Kærur, sem koma fram eftir hinn tiltekna tíma, verða ekki teknar til greina.

Hverjum, sem settur er í bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefur verið ekki að eins á sjálfan hann, heldur og á aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, sem og yfir því, ef einhverjum er slept, sem þar á að standa. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sje slept, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni, áður en úr þessu er skorið í bæjarstjórninni eða niðurjöfnunarnefndinni.

Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minsta kosti 10% annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem slept hefur verið úr niðurjöfnunarskránni, nema gjald hans geti að minsta kosti numið því lægsta gjaldi, sem þegar hefur verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komist hjá því að greiða þann hluta skattsins, sem fallinn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal greiða aftur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

23. gr.

Ef ágreiningur verður milli Hafnarfjarðarbæjar og einhvers annars sveitarfjelags um það, hvernig skifta eigi milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal ráðherrann skera úr því.

Ef einhver þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga.

24. gr.

Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. okt. ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur kaupstaðarins. Sjeu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji skattskyldur maður sig úr bænum fyrir nýjár, fellur alt það gjald burt, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, sem í hönd fer. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhvern tíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. júlí.

25. gr.

Bæjarstjórn og sjerstaklega bæjarfógeti skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimtar, og í tækan tíma; enn fremur gæta þess, að geymt sje og eftir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda, til að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum og öðrum eignum kaupstaðarins.

26. gr.

Gjaldkeri skal að minsta kosti einu sinni á hverjum 3 mánuðum gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðsskýrslu, er sýnir bæði, hvað goldist hefur í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má gjaldkeri borga neitt úr bæjarsjóði, nema eftir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirritaðar af oddvita bæjarstjórnarinnar, og sjeu þær yfir 100 krónur, þá einnig að minsta kosti af 3 bæjarfulltrúum.

27. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á vegavinnu, á því að útvega vinnu og varning í þarfir bæjarins o. s. frv., skal ekki goldið neitt.

28. gr.

Bæjarstjórnin er skyld að utvega og láta landsstjórninni í tje skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

29. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherrans takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans, nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán, nje lán upp á lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

30. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna ár, og senda bæjarfógetanum fyrir lok janúarmánaðar. Bæjarfógetinn lætur reikning þennan liggja öllum bæjarbúum til sýnis um hálfan mánuð, og skal um birtingu þess, svo og útásetningar út á reikninginn, fara að á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 22. gr. um niðurjöfnunina. Reikningurinn sje því næst vandlega yfirfarinn af yfirskoðunarmanni, er kosinn sje af kaupstaðarbúum þeim, er hafa kosningarrjett samkvæmt 5. gr. Skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir, og hafa starfið á hendi 3 ár. Yfirskoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fjekk hann. Þegar gjaldkeri hefur svarað athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfsmánaðar, skal leggja reikninginn, ásamt athugasemdum endurskoðanda og svari gjaldkera, fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanns og veitir bæjargjaldkera kvittun. Enginn má taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (3. gr.).

Nú vill reikningshaldari, eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, getur bæjarstjórnin birt á prenti ágrip af honum, er bæjarfógetinn semur, og skulu þá í ágripi því greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

31. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda ráðherranum reikning yfir hið umliðna reikningsár með athugasemdum yfirskoðunarmanns og úrskurðum bæjarstjórnarinnar á þeim. Komi það fram, að bæjarstjórnin hafi viðhaft ólögleg gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal ráðherrann gera þær ráðstafanir, er við þarf, og ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem hafa átt þátt í þessum ályktunum.

32. gr.

Ráðherrann gjörir ráðstöfun til, að lög þessi geti öðlast fult gildi 1. dag júnímánaðar 1908.

Ákvarðanir um stundarsakir:

Sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu annars vegar og bæjarstjórn Hafnarfjarðar hins vegar gjöra milli sín samning um skifti á eigum og skuldum sýslusjóðsins og sýsluvegasjóðsins. Ef nokkur ágreiningur verður um þau skifti, liggur hann undir fullnaðarúrskurð ráðherrans.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar og hreppsnefnd hins nýja Garðahrepps gjöra einnig milli sín samning um skifti á eignum, skuldum og ómögum hins núverandi Garðahrepps. Rísi nokkur ágreiningur út af þeim skiftum, sker ráðherrann einnig úr.

Fyrsta fjárhagsár kaupstaðarins telst frá 1. júní 1908 til 31. desember sama ár.

Nd. **53. Tillaga**

til þingsályktunar

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Björn Kristjánsson, Stefán Stefánsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina að ráða Hans Hátign konunginum frá því, að skipa menn í nefnd til að ræða og koma fram með tillögur um samband Íslands og Danmerkur, fyr en nýjar kosningar til alþingis hafa fram farið.

Ed. **54. Tillaga**

til þingsályktunar.

Flutningsmenn: Valtýr Guðmundsson og Sigurður Jensson.

Efri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina að ráða Hans Hátign konunginum frá því, að skipa nefnd til að ræða og koma fram með tillögur um samband Íslands og Danmerkur, fyr en nýjar kosningar til alþingis hafa fram farið.

Nd. **55. Frumvarp**

til laga um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Flutningsmenn: G. Björnsson, Tryggvi Gunnarsson.

Í staðinn fyrir 1. gr., 4. gr., 5. gr., 6. gr., 12. gr. 1. málslið, 18. gr. 1. málslið, 20. gr., 23. gr. 1. málsgrein tilskipunar 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, komi svo hljóðandi greinar:

1. gr.

(1. gr. tilskipunarinnar).

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru kosnir bæjarfulltrúar auk borgarstjóra, sem er oddviti hennar.

Borgarstjóri skal kosinn af bæjarstjórn til 6 ára í senn og hefur hann að launum úr bæjarsjóði 4500 kr. á ári, auk 1500 kr. í skrifstofufje.

2. gr.

(4. gr. tilskipunarinnar).

Hinir kjörnu bæjarfulltrúar skulu vera 15 að tölu, og kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

3. gr.

(5. gr. tilskipunarinnar).

Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, karlar og konur, sem eru fullra 25 ára að aldri þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í bænum 1 ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, eru ekki öðrum háðir sem hjú, og er ekki lagt af sveit, eða hafi þeir þegið sveitarstyrk, þá endurgoldið hann, eða verið gefinn hann upp, — svo framarlega sem þeir greiða skattgjald til bæjarsjóðs. Konur kjósanda hafa kosningarrjett, þótt þær sjeu eigi fjár síns ráðandi vegna hjónabandsins, og þótt þær eigi greiði sjerstaklega gjald í bæjarsjóð, ef þær að öðru leyti uppfylla áðurgreind skilyrði fyrir kosningarrjetti.

Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefur.

4. gr.

(6. gr. tilskipunarinnar).

Í janúarmánuði 1908 skal kjósa fulla tölu bæjarfulltrúa. Gömlu bæjarfulltrúarnir fara jafnframt frá, en þá má endurkjósa. Af þeim bæjarfulltrúum er þá verða kosnir, fer einn þriðjungur frá eftir hlutkesti eftir 2 ár, annar

þriðjungur eftir 4 ár, sömuleiðis eftir hlutkesti, og hinn síðasti þriðjungurinn eftir 6 ár. Í stað þeirra fulltrúa, er úr bæjarstjórninni ganga í hvert skifti, skal þegar kjósa jafnmarga í hana til 6 ára. Á þennan hátt, fer svo jafnan síðan einn þriðjungur hinna kjörnu bæjarfulltrúa frá annaðhvort ár og nýir bæjarfulltrúar kosnir í staðinn. Kosningar í bæjarstjórn fara jafnan fram í janúar.

5. gr.

(12. gr. 1. liður tilskipunarinnar).

Virðist borgarstjóra að ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald bæjarstjórnarinnar, eða að hún sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni með því að rita atkvæði sitt í gjörðabókina.

6. gr.

(18. gr. 1. málsgrein tilskipunarinnar).

Innan loka nóvembermánaðar ár hvert skal samin áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir hið næsta ár. Skal áætlun þessi rædd í bæjarstjórninni á tveimur fundum með hálfsmánaðar millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein út af fyrir sig, og skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin þá samþykkir hana, vera regla, sem farið verður eftir, fyrir upphæð bæjargjalda og fjárstjórn næsta árs, án þess að æðra samþykkis þurfi við, nema í því tilfelli, sem getið er um í 19. gr. bæjarstjórnartilskipunarinnar. Áætlun þessa skal leggja til sýnis á bæjarþingsstofunni eða öðrum hentugum stað eigi skemur en fjórtán daga í desembermánuði ár hvert.

7. gr.

(20. gr. tilskipunarinnar).

Niðurjöfnunarnefnd skal jafna niður gjöldum eftir efnum og ástæðum. Í nefndinni skulu vera 11, 13 eða 15 menn eftir því sem bæjarstjórnin ákveður. Nefndin skal kosin í nóvembermánuði. Kosningarrjett og kjörgengi til nefndarinnar hafa þeir bæjarbúar, sem kosningarrjett og kjörgengi hafa til bæjarstjórnarinnar, og skal kosningin fara fram og henni hagað á sama hátt og eftir sömu reglum eins og kosningu til bæjarstjórnar. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, fer minni hlutinn (5, 6 eða 7) frá eftir 3 ár og skal það ákveðið með hlutkesti hverjir nefndarmenn skuli frá fara; en meiri hlutinn (6, 7 eða 8) fer frá eftir 6 ár, og þar á eftir fer minni og meiri hlutinn frá til skiftis á þriggja ára fresti.

8. gr.

(23. gr. 1. málsgrein tilskipunarinnar).

Niðurjöfnunarnefndin skal jafna niður hinum árlegu gjöldum í febrúarmánuði ár hvert fyrir það ár, er þá stendur yfir. Skrá yfir niðurjöfnunina skal liggja til sýnis á bæjarþingsstofunni eða öðrum hentugum stað eigi skemur en 14 daga í marsmánuði ár hvert. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta septembermánaðar ár hvert og skulu

skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig til kaupstaðarins, eftir að aðalniðurjöfnunin fór fram, og skyldir eru til að greiða skatt. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í 14 daga, eins og að framan er sagt.

9. gr:

Heimilt er niðurjöfnunarnefnd að krefjast þess, að borgarar bæjarins sendi henni á þar til gjörðum eyðublöðum skýrslu um árstekjur sínar og aðrar upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Skylt er nefndinni að halda þessum upplýsingum leyndum. Vanræki gjaldandi að gefa hina umkröfðu skýrslu, skal hann sæta sektum 2—25 kr., er renna í bæjarsjóð.

Hver borgari bæjarins getur heimtað að hann sje tekinn upp á niðurjöfnunarskrá.

10. gr.

2., 3. og 4. gr. laga þessara koma í gildi 1. janúar 1908. Að öðru leyti fá þau gildi 1. júlí þ. á.

Nd. **56. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um manntal í Reykjavík nr. 18, 13. septbr. 1901.

Flutningsmenn: G. Björnsson, Tryggvi Gunnarsson.

1. gr.

Manntal í Reykjavík, er fyrirskipað er með lögum nr. 18, 13. septbr. 1901, skal fara fram á tímabilinu frá 20. til 30. nóvbr. ár hvert.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1908.

Ed. **57. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum 27. sept. 1901 um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland o. fl.

Frá Aug. Flygenring.

Við 1. gr.

Á eftir orðunum: »að allur afli innanborðs skuli upptækur vera«. komi: »og ennfremur skulu þá og upptækar umbúðir, ef um síldafla er að ræða, sem búið er að salta í tunnur«.

Við 3. gr.

Í stað orðanna: »gildi 1. janúar 1908«, komi: »gildi þegar í stað«.

Ed. **58. Breytingartillögur**

við Frumvarp til laga um breyting á lögum 27. sept. 1901 um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland o. fl.

Frá Ágúst Flygenring og Birni M. Ólsen.

1. Aftan við fyrirsögnina bætist: og á tilskipun 12. febr. 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland.
2. Við 1. grein. Í stað orðanna: »skulu öll veiðarfæri . . . . og andvirði þeirra renna í landssjóð« komi: skal gjöra upptæk öll veiðarfæri skipsins og allan ólögmætan afla þess, og renni andvirðið í landssjóð. Til ólögmæts afla má og telja allan þann óverkaðan fisk, sem finst í skipinu, þegar það er staðið að ólöglegri veiði.

Nd. **59. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar að Kirkjuvogi í Hafnahreppi í Gullbringusýslu.

Flutningsmenn: Björn Kristjánsson, Hermann Jónasson.

1. gr.

Að Kirkjuvogi í Hafnahreppi í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefur, samkvæmt lögum Nr. 61, 10. nóv. 1905, ákveðið stærð og takmörk verslunarlóðarinnar.

Ed. **60. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn á Ísafirði.

Frá Sigurði Stefánssyni þm. Ísafjarðarkaupstaðar.

Við 1. gr.

Niðurlag greinarinnar frá orðinu »kaupstaðarins« orðist þannig:
»sem öðrum bæjarmálefnum og á þann hátt er segir í lögum þessum«.

Nd. **61. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907.

Fjárlaganefndin, sem haft hefur frumv. þetta til meðferðar, leyfir sjer að leggja það til, að frumv. sje samþykt óbreytt að öðru en því, að á tveim

stöðum sje gjörð orðabreyting. — Það þykir óviðkunnanlegt að orða fjárveiting svo, að hún sje til að hlaða varnargarð, þar sem garður sá, er um er að ræða, hefur verið hlaðinn þegar 1906. — Sömuleiðis sýnist oss rjett að orða fjárveitinguna til kjallarans undir stýrimannaskólahúsinu þannig, að sagt sje: alt að 500 kr., og sýnist oss því meiri ástæða til þess, þegar þess er gætt, að áætlun sú um verkið, er vjer höfum átt kost á að sjá, er svo laklega úr garði gjörð, að á henni verður lítið bygt.

Vjer viljum og benda á, að oss sýnist rjett, að fengin sje álitsgjörð óviðkomandi manna um varnargarðinn í Höfðaá áður en fjeð er borgað út.

Þær breytingar er nefndin leggur til að gjörðar sjeu, eru þessar:

Við 4. grein: 1. Fyrir: »Til þess að hlaða varnargarð«
komi: Til varnargarðs.
2. Á undan tölunni 500 komi: alt að.

Neðri deild alþingis, 8. júlí 1907.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. Jón Jónsson, skrifari, framsm. Eggert Pálsson, Árni Jónsson.

Með fyrirvara:
Skúli Thoroddsen, Stefán Stefánsson.

Ed.

62. Frumvarp

til laga um breyting á lögum 27. sept. 1901 um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland, og á tilskipun 12. febr. 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland.
(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Brot gegn fyrirmælum laga 27. sept. 1901 um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland og 1. gr. í tilskipun 12. febr. 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl. varða sektum frá 200—2000 króna, er renna í landssjóð; skulu öll veiðarfæri, svo og ólögmætur eða óverkaður afli skipsins, upptæk og andvirði þeirra renna í landssjóð. Sje miklar sakir, má ákveða, að allur afli innanborðs skuli upptækur vera, og ennfremur skulu þá og upptækar umbúðir, ef um síldafla er að ræða, sem búið er að salta í tunnur. Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum og kostnaði.

2. gr.

Hegningarákvæðin í 4. gr. ofannefndra laga 27. sept. 1901 og 1. gr. í tilskipun 12. febr. 1872 skulu úr gildi feld.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **63. Breytingaratkvæði**
við frv. til laga um metramæli og vog.
Frá Birni M. Ólsen.

1. Alstaðar í frv., þar sem orðið *gramm* kemur fyrir, hvort sem það stendur eitt sjer eða í samsetningum, og eins í hverju falli eða tölu, sem orðið stendur, skal rita það með tveimur *m*-um.
2. Við 3. grein: Í stað »ton« seint í greininni skal rita: tonn.

Ed. **64. Breytingaratkvæði**
við frv. til laga um ákvörðun tímans.
Frá Birni M. Ólsen.

Við 1. grein: Í stað orðsins »eyktir« komi: stundir.

Ed. **65. Breytingartillögur**
við frv. til laga um forstjórn landsímanna.
Frá Valtý Guðmundssyni.

1. Fyrir 5000 í 1. gr. komi: 3000.
2. Orðin »Konungur veitir það embætti«, í niðurlagi 1. gr., falli burt.

Nd. **66. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjáraukalaga 1906 og 1907.
Frá Guðlaugi Guðmundssyni, Stefáni Stefánssyni þm. Eyf.

Við 3. gr.
Við D. 3. Orðin:
»með hliðarspottum til Dalvikur og Hjalteyrar« falli burt.

Nd. **67. Viðaukatillaga**
við frumvarp til laga um útgáfu lögbirtingablaðs.
Flutningsmenn: Magnús Andrjesson og Ólafur Briem.

Aftan við 1. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein svo hljóðandi:
Í blaði þessu skal birta allar auglýsingar um seldan óskilafjenað.

Ed.

68. Frumvarp

til laga um breyting á lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.
(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Störf þau, sem byggingarnefndin hefur hingað til haft á hendi samkvæmt opnu brjefi 26. janúar 1866 um að stofna byggingarnefnd í kaupstaðnum Ísafirði, skulu liggja undir bæjarstjórnina, og ræður hún framvegis byggingarmálum kaupstaðarins, sem öðrum bæjarmálefnum, og á þann hátt, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Hafnarmálefnum Ísafjarðarkaupstaðar skal bæjarstjórnin framvegis ráða á þann hátt, er segir í næstu grein hjer á eftir. Þó skal stjórnarráð Íslands staðfesta alla taxta um hafnargjöld og setja eftir tillögum bæjarstjórnar reglugjörð til viðhalds góðu skipulagi á höfninni.

3. gr.

Byggingarnefnd annast framkvæmd á störfum þeim, sem greind eru í 1. gr.; skulu í henni sitja bæjarfógeti og 4 menn aðrir, er bæjarstjórnin kýs, tvo þeirra úr sínum flokki. Hafnarnefnd annast hafnarmálefni, og skulu í henni vera bæjarfógeti og 2 menn aðrir, valdir af bæjarstjórninni, að minsta kosti annar úr hennar flokki. Nefndarmenn þeir, sem kosnir eru utan bæjarstjórnar, eru skyldir að taka við kosningu; þó gilda sömu synjunarástæður og sama starfstímatakmörkun fyrir þá og fyrir bæjarstjórnarmenn samkvæmt lögum um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað frá 8. október 1883.

4. gr.

Ef lóðareiganda þykir rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar í þeim málum, er greind eru í 1. gr., má hann skjóta honum til stjórnarráðsins.

5. gr.

Nú þykir bæjarstjórninni æskilegt, að sett verði fyllri ákvæði um byggingarmál kaupstaðarins en þá eru í lögum, og má þá setja þau með byggingarsamþykt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndarinnar og stjórnarráðið staðfestir. Í byggingarsamþykt má ákveða sektir fyrir brot svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er af ákvæðum byggingarsamþyktarinnar leiðir; svo má þar og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir. Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf fyrir einstaka menn skulu hafa lögtaksrjett, og renna þau í bæjarsjóðinn.

6. gr.

15. og 16. gr. í lögum um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað frá 8. október 1883 falli úr gildi.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Ed. **69. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar að Bakkabót við Arnarfjörð.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Að Bakkabót við Arnarfjörð skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefur ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvbr. 1905, og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Ed. **70. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 10. febr. 1888 um Söfnunarsjóð Íslands.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

Orðin í lögum 10. febrúar 1888 um Söfnunarsjóð Íslands 20. gr. a: »og sömuleiðis það, sem, að því búnu, kynni að vera umfram 4% af höfuðstólnum« falli burt.

Nd. **71. Frumvarp**

til laga um metramæli og vog.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Mæli og vog skal af metrakerfi leiða á Íslandi.

Tugakerfi skal ráða í skiftingu mælis og vogar.

2. gr.

Lengd metra og þyngd kílógramms skal jafnt þeirri fyrirmynd mælistærða þessara, sem ákveðin er af allsherjarstofnuninni fyrir mæli og vog í Parísarborg.

3. gr.

Í mæli og vog skal hafa frumeiningar þær og skiftinefni, sem nú skal greina:

Lengdarmál.

Frumeining lengdarmáls er metri.
1 desímetri er $^1/_{10}$ metra.
1 sentímetri er $^1/_{100}$ metra.
1 mílímetri er $^1/_{1000}$ metra.
1 dekametri er 10 metrar.
1 hektómetri er 100 metrar.
1 kílómetri er 1000 metrar.
10 kílómetrar er metramíla.

Flatarmál.

Frumeining flatarmáls er fermetri.
Einn ari er 100 fermetrar.
Einn hektari er 100 arar.
Einn ferkílómetri er 100 hektarar.

Rúmmál.

Frumeining rúmmáls er teningsmetri. Þúsundasti hluti teningsmetra (teningsdesímetri) er lítri.
1 desílítri er $^1/_{10}$ lítra.
1 sentílítri er $^1/_{100}$ lítra.
1 dekalítri er 10 lítrar.
1 hektólítri er 100 lítrar.

Vog.

Frumeining vogar er 1 lítri vatns og nefnist kílógramm.
1 kílógramm er 1000 grömm.
1 desígramm er $^1/_{10}$ úr grammi.
1 sentígramm er $^1/_{100}$ úr grammi.
1 míligramm er $^1/_{1000}$ úr grammi.
1 dekagramm er 10 grömm ($^1/_{100}$ úr kílógrammi).
1 hektógramm er 100 grömm ($^1/_{10}$ úr kílógrammi).
1 tonn er 1000 kílógrömm.

Stjórnarráð Íslands getur ákveðið, hverjar styttingar skuli hafa til þess að tákna frumeiningar þær og skiftinefni, sem talin eru í þessari lagagrein.

4. gr.

Konungur ákveður tímatakmark, er þó má eigi síðar vera en þrem árum eftir staðfesting laga þessara, en upp frá því skal eingöngu nota metrakerfi í mæli og vog við útreikning á tollgjöldum til landssjóðs og öðrum opinberum gjöldum, sem teljast í vog eða mæli.

Frá sama tíma má nota metramæli og metravog í verslun og viðskiftum, þegar þeim, er skiftin eiga, kemur saman um það. Að tveim árum liðnum eftir nefnt tímatakmark skal eingöngu nota metramál og metravog; þó getur konungur ákveðið, að vogarlóð og reislur, er gjörðar eru eftir vogarkerfinu frá 1. desbr. 1865 sje notuð fyrst um sinn; svo má og framvegis nota vogarlóð þau, sem

löggilt eru til meðalasölu og vigtar dýrindismálma, til þess er þau eru ætluð. Á því tímabili, þegar nota má metrakerfið jafnhliða núgildandi mæli og vog, skal í hverri þeirri búð eða byrgi, þar er verslun er rekin í smásölu, vera upphengd eða á annan auðveldan hátt höfð til sýnis kaupendum, tafla, staðfest af stjórnarráðinu, er sýni breytingu mælis og vogar úr einu kerfinu í annað.

Aðfluttar vörur, sem eigi er raskað umbúðum á, má hafa til sölu eftir mæli þeim og vog, sem þær eru seldar eftir í landi því, er þær fluttust frá.

5. gr.

Hlutfallið milli núgildandi mælis og vogar og metramælis og metravogar skal telja svo sem nú skal greina, bæði í opinberum erindum og einstakra manna skiftum:

1 míla á landi	7.532 kílómetra.
1 sjómíla	1.852 kílómetra.
(1 vika sjávar 7.408 kílómetra).	
1 faðmur	1.8831 metra.
1 alin	0.6277 metra
1 fet	0.31385 metra.
1 þumlungur	2.615 sentímetra.
1 lína	2.18 milímetra.
1 fermíla	56.7383 ferkílómetra.
1 túndagslátta	0.31914 hektara.
1 engjateigur (dagslátta)	0.56736 hektara.
1 ferfaðmur	3.546 fermetra.
1 feralin	0.394 fermetra.
1 ferfet	0.0985 fermetra.
1 ferþumlungur	6.84 fersentímetra.
1 teningsfet	0.030916 teningsmetra.
1 brennifaðmur (72 teningsfet)	2.226 teningsmetra.
1 pottur ($^1/_{32}$ teningsfet)	0.9661 lítra.
1 almenn tunna (lýsistunna 120 pottar)	1.1593 hektólítra.
1 öltunna (136 pottar)	1.3139 hektólítra.
1 korntunna (144 pottar)	1.3912 hektólítra.
1 kornskeppa	17.39 lítra.
1 anker (39 pottar)	37.68 lítra.
1 skippund	160 kílógrömm
1 pund	0.5 —
1 tunna smjörs (224 pund)	112 —

Þegar reiknað er aðflutningsgjald og útflutningsgjald skal þó, ef ekki er öðruvísi ákveðið í sjerstökum lögum, telja 1 pott sama sem 1 lítra.

Stjórnarráð Íslands getur, ef þörf gjörist, sett nánari ákvarðanir um hlutföllin milli metrakerfis og núgildandi mælis og vogar, þar á meðal um styttan tugabrotareikning við útreikning annara opinberra gjalda.

6. gr.

Brot á móti næstsíðustu málsgrein 4. greinar varða sektum til landssjóðs frá 5—50 kr., og skulu mál út af þeim brotum rekin sem opinber lögreglumál.

7. gr.

Eldri lagaákvæði um mæli og vog, sem koma í bága við þessi lög, eru úr gildi feld jafnóðum og lög þessi koma til framkvæmda samkvæmt 4. gr.

Tilsk. 25. júní 1869 um mæling skipa og önnur lagaákvæði um það efni skulu þó óhöggguð standa.

Nd. **72. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 27. sept. 1901 um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland, og á tilskipun 12. febr. 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Brot gegn fyrirmælum laga 27. sept. 1901 um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland og 1. gr. í tilskipun 12. febr. 1872 um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl. varða sektum frá 200—2000 króna, er renna í landssjóð; skulu öll veiðarfæri, svo og ólögmætur eða óverkaður afli skipsins, upptækt og andvirði þeirra renna í landssjóð. Sje miklar sakir, má ákveða, að allur afli innanborðs skuli upptækur vera, og ennfremur skulu þá og upptækar umbúðir, er um síldafla er að ræða, sem búið er að salta í tunnur. Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum og kostnaði.

2. gr.

Hegningarákvæðin í 4. gr. ofannefndra laga. 27. sept. 1901 og 1. gr. í tilskipun 12. febr. 1872 skulu úr gildi feld.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **73. Frumvarp**

til laga um ákvörðun tímans.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hvervetna á Íslandi skal telja eyktir eftir meðalsóltíma á 15. lengdarstigi fyrir vestan Greenwich.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **74. Tillaga**

til þingsályktunar um að skipa nefnd til að íhuga fjármál landsins.

Flutningsmenn: Jón Jakobsson og Valtýr Guðmundsson.

Efri deild alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til þess að íhuga fjármál landsins.

Ed. **75. Nefndarálit.**

í málinu: Frumvarp til laga um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands.

Vjer, sem hin háttv. efri deild alþingis fól að íhuga frumvarp til laga um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands, höfum ransakað frumvarp þetta, og leyfum vjer oss að mæla með, að það verði samþykt.

Að voru áliti er lánsdeild sú, er nefnt frumvarp ákveður að verði stofnuð, mjög þarfleg stofnun, og verður til þess, að hinar bráðnauðsynlegu breytingar og framfarir, ekki að eins í fiskiveiðunum sjálfum, heldur einnig í hagnýting aflans, geti komist fyr í framkvæmd en ella; þar sem fátækt útvegsmanna er þröskuldur í vegi slikra framfara, eins og nú stendur. Vjer álítum það einnig mjög vel við eigandi, að lánsstofnun sú, er hjer er um að ræða, sje grundvölluð á Fiskiveiðasjóðnum, og trygð með fje þeirrar stofnunar, enda þótt vjer að öðru leyti lítum svo á, að með góðri stjórn lánsdeildarinnar geti trauðla komið til þess, að til tryggingarfjárins þurfi nokkurn tíma að taka.

Til tals hefur komið í nefndinni, að $^1/_2$% gjaldið, er 8. gr. ákveður að greitt skuli alt fyrir fram af lánsupphæðinni fyrir öll árin, er lánið er tekið til, sje all-harðir kostir gagnvart lántakendum, en við nánari yfirvegun sá nefndin sjer þó eigi fært að breyta þessu, og það aðallega af þeim ástæðum: Að nefndin gjörir ráð fyrir, að lántakendum þyki, ef til vill, nokkuð ískyggileg ákvæði 5. gr., þar sem svo er ákveðið, að þeir, auk þeirrar upphæðar, er þeir á hverjum tíma skulda lánsdeildinni, skuli jafnframt ábyrgjast, in solidum, aðrar skuldbindingar lánsdeildarinnar með alt að 10% af því, sem lán þeirra var upphaflega. En með því nú að varasjóður hefur lítið annað fje til að byrja með, en þetta $^1/_2$% gjald, sem jafnframt á að standa straum af kostnaði við rekstur lánsdeildarinnar, þá lítur nefndin svo á, að ef það alt sje greitt fyrir fram, eins og lögin ákveða, þá dragi það talsvert úr þeirri áhættu fyrir lántakendur, er ákvæði fyrnefndrar greinar annars kynni að geta bakað þeim. Í öðru lagi álítum vjer, að ákvæðin um greiðslu $^1/_2$% gjaldsins alls fyrir fram fyrir alt lántökutímabilið í einu, hafi þau áhrif á lánbeiðendur, að þeir aldrei fari fram á lán til lengri tíma, en þeir áliti sig minst geta komist af með. Og í þriðja lagi er það augljóst, að brjef lánsdeildarinnar eru á þennan hátt betur trygð, en með því fyrirkomulagi á greiðslu þessa gjalds, sem annars er tíðkað við aðrar lánsstofnanir hjer á landi; en af því ætti aftur að leiða það, að minni hætta er á, að brjefin falli í verði.

Tvær smávægis breytingartillögur við frumvarpið leyfum vjer oss að koma fram með, og eru þær þessar:

1. Við 5. gr.:
   Í stað orðanna »in solidum« komi: solidariskt.
2. Við 13. gr.:
   Síðasta málsgrein þessarar greinar orðist svo: Til borgunar fyrir störf við lánsdeildina má verja alt að 1500 kr. á ári, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugjörðinni.

Efri deild alþingis, 12. júlí 1907.

Eiríkur Briem, form.	Aug. Flygenring, skrifari og framsögum.	Valtýr Guðmundsson.

Ed.

76. Nefndarálit

um frumvarp til laga um stjórn landsbókasafnsins.

Allir nefndarmenn eru samdóma um, að fyrirkomulag það, sem nú er á stjórn landsbókasafnsins, sje úrelt, og að nauðsyn beri til að laga það svo, að það samsvari betur þörfum tímans. Sömuleiðis er öll nefndin á því, að frv. þetta fari í rétta átt, og felst í öllu verulegu á undirstöðuatriði þess.

Meiri hlutinn, Björn M. Ólsen og Jón Jakobsson, telur æskilegt, að þessi þýðingarmikla og nauðsynlega breyting á skipulagi safnsins komist sem fyrst í kring, og leggur einkum áherslu á það, að hinn fyrirhugaði landsbókavörður geti orðið skipaður svo snemma, að hann geti haft nauðsynlegt eftirlit með flutningi safnsins í hin nýju húsakynni, sem því verða ætluð í safnabyggingunni, og sjeð um niðurröðun bókanna þar frá upphafi. Ef bókunum er ekki þegar í fyrstu raðað eftir rjettum og föstum reglum, þá er hætt við, að ervitt verði og kostnaðarsamt að koma góðri niðurskipun á safnið síðar. Sömuleiðis virðist oss miklu varða, að þeir bókaverðir, sem skipaðir verða til aðstoðar, taki þátt í flutningnum og niðurskipuninni með landsbókaverði, bæði til þess að hafa eftirlit með verkamönnum, að bækur ekki skemmist eða týnist á leiðinni, og til þess að sjá um, að fyrirskipunum landsbókavarðar um röðunina sje fylgt nákvæmlega og að hver bók komist á þann stað, þar sem hún á að vera. Ýmsar af bókum og handritum safnsins eru svo miklir dýrgripir, að ekki dugir að fela flutning þeirra eftirlitslaust óvöldum og ábyrgðarlausum verkamönnum. Ef bókaverðirnir taka þátt í flutningnum og röðuninni með landsbókaverði, kynnast þeir og safninu frá upphafi og verða við það hæfari til starfa síns. Auðvitað ættu þeir að fá hæfilega þóknuu fyrir þennan starfa sinn við flutninginn, að svo miklu leyti sem sú vinna, sem til þess gengur, tekur meiri tíma en hin daglega bókasafnsvinna, sem af þeim verður heimtuð. Meiri hlutinn fær og ekki sjeð, að gjaldaauki sá, sem af breytingunni hlýtur að leiða, sje tilfinnanlegur. Eftir frv. gengur til launa starfsmanna ... ... kr. 5500.00
Eftir fjárl. 1906—1907 . ... — 2700.00

Mismunur, eða aukin gjöld, kr. 2800.00

En þess ber að gæta, að þegar niðurskipun safnsins í hinu nýja húsnæði er komin í kring, mun annar bókavarðanna geta starfað talsvert að

samningi spjaldskrár þeirrar, sem í smíðum er, og haft eftirlit með því verki ásamt landsbókaverði og flýtt fyrir því. En það liggur í augum uppi, hve áríðandi það er fyrir bókasafnið, að því starfi verði sem allra fyrst lokið. Mundi þá, þegar það er búið, mega spara þær 1200 kr., sem nú eru veittar á ári hverju til þessa verks, og verður þá gjaldaaukinn, þegar þar að kemur, ekki meira en 1600 kr. En þó að við teljum gjaldaaukann 2800 kr., eins og hann nú er, þá getum við ekki skilið, að fjárhagur landsins sje svo bágborinn — eftir þeirri skýrslu, sem ráðherra hefur nýlega um hann gefið — að landið geti ekki risið undir slíkum gjaldaauka, þar sem um það er að ræða að bæta hag og tryggja framtíð þess safns, sem er lang-verðmætast af söfnum landsins, og má telja lífsskilyrði fyrir mentalíf og andlegum þroska þjóðarinnar.

Um það er nefndin öll á einu máli, að laun starfsmanna sjeu ekki of hátt sett. Þess skal getið, að í fjárlagafrv. stjórnarinnar fyrir árin 1908—1909 (15. gr.; c) eru 2. bókaverði ætlaðar að eins 900 kr. árslaun; það kemur ekki heim við þetta frv., sem ætlar honum 1000 kr., og þyrfti að laga upphæðina í fjárlagafrv., ef þetta frumv. gengur fram.

Öll nefndin hefur orðið samdóma um eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. grein: Niðurlag greinarinnar frá og með orðunum »sjer um» orðist þannig: skipar starfsmenn þess, sjer um hinn fasta sjóð þess og auglýsir árlega reikning hans í Stjórnartíðindunum.
2. Við 3. grein: Í stað orðanna »tvo aðstoðarbókaverði« komi: til aðstoðar tvo bókaverði.

Fyrir þessum breytingartillögum munum vjer gjöra grein við framsöguna, og eins mun meiri hlutinn þá skýra frá, af hverju hann hefur ekki getað orðið samdóma breyttill. minni hlutans við 2. grein.

Alþingi 12. júlí 1907.

Björn M. Ólsen,	Jón Jakobsson,
formaður og framsögumaður.	skrifari.

Álit minni hlutans.

Jeg hef ekki getað orðið háttv. meðnefndarmönnum mínum algjörlega samdóma um frv. þetta. Ágreiningurinn er þó fremur lítill um efni frumvarpsins, heldur um hitt, hvort það eigi fram að ganga á þessu þingi. Mjer virðist fjárhagur landsins horfa svo við, að ástæða sje til að fara sem varlegast á þessu þingi og forðast þær launahækkanir og stofnun nýrra embætta, sem ekki bráðliggur svo á, að bagalaust sje að bíði. Og að því er Landsbókasafnið snertir, þá mun enginn geta neitað því, að alt getur gengið sinn gang eins og hingað til, þó frestað sje um sinn að gjöra breytingar þær, sem frv. fer fram á, uns tillögur eru framkomnar um auknar tekjur fyrir landssjóðinn og hægt að fá ljósara yfirlit yfir framtíðarfjárhag landsins. Jafnframt virðist og rjettara að bíða með að gjöra breytingu á stjórn safnsins, þangað til búið er að koma því fyrir í hinni nýju safnsbyggingu, því þá verður hægra fyrir þing-

ið að mynda sjer ákveðna skoðun um, í hverja átt breytingin eigi að stefna og hve langt skuli fara í því efni. Jeg verð því að ráða háttv. deild til að fella frv. að sinni og láta málið þannig bíða næsta þings.

Verði það aftur ofan á, að ráða þessu máli til lykta á þessu þingi og samþykkja frv., þá get jeg verið meiri hlutanum samdóma um, að laun þau, sem ákveðin eru í frv., sjeu hæfileg, og að breyting sú, sem gjörð er á stjórn safnsins, sje heppilegri en núverandi fyrirkomulag. Jeg er og meiri hlutanum samþykkur um breytingartillögu hans við 1. og 3. gr., en vil auk þess gjöra þá viðaukatillögu við 2. gr., að landsbókavörðurinn megi ekki hafa önnur atvinnustörf á hendi utan safnsins. Til þess er líka beinlínis ætlast af stjórninni, eins og þessi orð í athugasemdunum við frv. sýna: »Það má heimta af bókaverðinum, ef hann er sæmilega launaður, að hann verji starfi sínu öllu í safnsins þarfir«. En mjer finst rjettast og tryggilegast, að þetta sje tekið fram í sjálfum lögunum. Jeg leyfi mjer því að koma fram með svolátandi

VIÐAUKATILLÖGU

við 2. gr.: enda má hann ekki hafa önnur atvinnustörf á hendi utan safnsins.

Alþingi 12. júlí 1907.

Valtýr Guðmundsson.

Nd. **77. Frumvarp**

til laga um forstjórn landsímanna.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Skipa skal forstjóra fyrir símamálefni landsins; hann stendur beint undir stjórnarráðinu. Ráðherrann ákveður starfsvið hans. Hann hefur í árslaun 5000 krónur. Konungur veitir það embætti.

2. gr.

Til aðstoðar á aðalskrifstofu landsímanna veitast 3000 kr. á ári. Tölu starfsmanna við landsímana ákveður stjórnarráðið. Laun þeirra eru ákveðin með fjárlögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Nd. **78. Frumvarp**

til laga um vernd ritsíma og talsíma neðansjávar.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Það varðar hegningu ef einhver af ásettu ráði, eða vegna skorts á al-

mennri varúð, veldur sliti eða skemdum á ritsíma eða talsíma neðansjávar innan eða utan landhelgi við Ísland, svo að sambandið slitnar eða truflast að öllu eða nokkru leyti. Auk þess má með einkamáli sækja hinn seka til skaðabótagreiðslu.

Þetta hegningarákvæði á ekki við slit eða skemdir, sem stafa frá athöfnum, sem einungis hafa verið framkvæmdar í þeim tilgangi að vernda líf manna eða skip frá háska, eða sem eðlilega, eða af tilviljun, hafa orsakast af viðgjörð símanna, hvorttveggja þetta þó því að eins, að alls þess hafi verið gætt, sem unt var, til þess að komast hjá slitum eða skemdum.

2. gr.

Þegar skip eru innan eða utan landhelgi að starfa að viðgjörð á kafsímum, og bera til sýnis þau merki, sem fyrirskipuð eru með konunglegri tilskipun, þá skulu önnur skip, sem sjá, eða eiga að geta sjeð þessi merki, halda sig eigi skemra en mílufjórðung frá aðgjörðaskipinu. Í sömu fjarlægð skal hafa net og önnur veiðarfæri; þó hafa fiskibátar 24 stunda frest til þess að haga sjer eftir þeirri aðvörun, sem felst í fyrgreindum merkjum, svo að á því tímabili má eigi leggja neinar tálmanir fyrir umferð þeirra.

3. gr.

Ennfremur skulu skip þau, er sjá eða eiga að geta sjeð dufl, sem lögð eru út vegna þess, að verið er að leggja síma neðansjávar eða gjöra við slit eða skemdir á þeim, halda sig eigi skemra en $^1/_4$ úr mílufjórðung frá duflum þessum. Net og önnur veiðiáhöld skal hafa í sömu fjarlægð frá duflunum.

4. gr.

Ef skip eða bátur hefur orðið að sleppa akkeri, eða leggja net eða önnur veiðarfæri í sölurnar til þess að komast hjá því að skemma kafsíma í landhelgi eða utan, þá á eigandi heimting á skaðabótum fyrir þetta af símaeiganda, þó að því áskildu, að skaðinn sje sannaður með gjörð, er færð sje til bókar þegar í stað, ef unt er, og staðfest af skipverjum, og að skipstjóri innan 24 stunda, frá því að skipið kemur fyrst í höfn eftir þetta, beri fram fyrir valdsmann þar skýrslu sína um skaðann. Valdsmaður skýrir síðan þeim frá málinu, sem konsúlsumboð hafa fyrir þá þjóð, er frjettaþráðareigandinn er frá.

5. gr.

Nú er sími lagður neðansjávar, eða er undir aðgjörð í landhelgi eða utan, og veldur þetta sliti eða skemdum á öðrum síma, og á þá eigandi þess síma kröfu á hendur eiganda hins símans til endurgjalds fyrir þann kostnað, sem leiðir af viðgjörð á slitinu eða skemdunum, svo framarlega sem slík krafa er samrýmanleg við grundvallarreglur íslenskra laga um skaðabótaskyldu. Þessi ákvæði eru alls ekki því til fyrirstöðu, að beitt sje fyrirmælum 1. gr. laga þessara.

6. gr.

Brot gegn reglum þeim, sem settar eru í 1.—3. gr. þessara laga, varða sektum eða fangelsi (26. gr. hinna almennu hegningarlaga).

Með mál út af þessum brotum skal fara sem almenn lögreglumál, og skulu þau rekin á þeim stað, þar sem skipið eða hinn seki hittist. Sektir renna í landssjóð.

Nd. **79. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 8. október 1883 um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Störf þau, sem byggingarnefndin hefur hingað til haft á hendi samkvæmt opnu brjefi 26. janúar 1866 um að stofna byggingarnefnd í kaupstaðnum Ísafirði, skulu liggja undir bæjarstjórnina, og ræður hún framvegis byggingarmálum kaupstaðarins, sem öðrum bæjarmálefnum, og á þann hátt, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Hafnarmálefnum Ísafjarðarkaupstaðar skal bæjarstjórnin framvegis ráða á þann hátt, er segir í næstu grein hjer á eftir. Þó skal stjórnarráð Íslands staðfesta alla taxta um hafnargjöld og setja eftir tillögum bæjarstjórnar reglugjörð til viðhalds góðu skipulagi á höfninni.

3. gr.

Byggingarnefnd annast framkvæmd á störfum þeim, sem greind eru í 1. gr.; skulu í henni sitja bæjarfógeti og 4 menn aðrir, er bæjarstjórnin kýs, tvo þeirra úr sínum flokki. Hafnarnefnd annast hafnarmálefni, og skulu í henni vera bæjarfógeti og 2 menn aðrir, valdir af bæjarstjórninni, að minsta kosti annar úr hennar flokki. Nefndarmenn þeir, sem kosnir eru utan bæjarstjórnar, eru skyldir að taka við kosningu; þó gilda sömu synjunarástæður og sama starfstímatakmörkun fyrir þá og fyrir bæjarstjórnarmenn samkvæmt lögum um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað frá 8. október 1883.

4. gr.

Ef lóðareiganda þykir rjetti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar í þeim málum, er greind eru í 1. gr., má hann skjóta honum til stjórnarráðsins.

5. gr.

Nú þykir bæjarstjórninni æskilegt, að sett verði fyllri ákvæði um bygg-

ingarmál kaupstaðarins en þá eru í lögum, og má þá setja þau með byggingarsamþykt, er bæjarstjórn semur eftir tillögum byggingarnefndarinnar og stjórnarráðið staðfestir. Í byggingarsamþykt má ákveða sektir fyrir brot svo og setja reglur um greiðslu þess kostnaðar, er af ákvæðum byggingarsamþyktarinnar leiðir; svo má þar og ákveða hæfileg gjöld fyrir leyfi þau, sem bæjarstjórn eða byggingarnefnd veitir. Nú er byggingarfulltrúi skipaður samkvæmt byggingarsamþykt, og má þá ákveða hæfileg gjöld fyrir þau störf hans, er hann leysir af hendi sem byggingarfulltrúi í þarfir einstakra manna, eftir beiðni þeirra. Gjöld fyrir byggingarleyfi og störf fyrir einstaka menn skulu hafa lögtaksrjett, og renna þau í bæjarsjóðinn.

6. gr.

15. og 16. gr. í lögum um bæjarstjórn í Ísafjarðarkaupstað frá 8. október 1883 falli úr gildi.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Ed.

80. Frumvarp

til laga um útgáfu lögbirtinga-blaðs.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórnin annast um, að út sje gefið blað til þess að birta stjórnvaldaauglýsingar, innkallanir og aðrar almennar tilkynningar og skýrslur, sem eftir núgildandi lagafyrirmælum á að birta í einhverju frjettablaði í Reykjavík, er stjórnin til tekur. Í stjórnvaldablaði Íslands má og birta auglýsingar um rjettarverk og yfirvaldsráðstafanir, sem ekki er lögskipuð birting á, svo og umburðarbrjef og sjerhvað það, er landsstjórninni þykir þörf á að gjöra almenningi kunnugt.

Í blaði þessu skal birta allar auglýsingar um seldan óskilafjenað.

2. gr.

Stjórnarráðið ákveður borgun fyrir birtingar í blaðinu, samkvæmt því, er tíðkast hefur um borgun fyrir birting stjórnvaldaauglýsinga í blöðum þeim, er fyrirskipað hefur verið að birta þær í. Ennfremur ákveður stjórnarráðið, hverjar auglýsingar og birtingar skuli vera ókeypis í blaðinu, og tiltekur söluverð þess; svo skipar það og fyrir um, hver stjórnarvöld skuli fá blaðið ókeypis, og hvað gjöra skuli til þess að gjöra almenningi ljettara fyrir að fá vitneskju um það, er í blaðinu stendur.

3. gr.

Opið brjef frá 27. maí 1859, »um breyting á reglum þeim, er gilda á Íslandi viðvíkjandi auglýsingum í blöðum í vissum tilfellum« skal úr gildi felt. Birting í lögbirtingablaði Íslands skal eftirleiðis hafa sama löggildi eins og birting í þeim blöðum, sem flutt hafa stjórnvaldaauglýsingar, hefur haft til þessa.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1908.

Nd. **81. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1906 og 1907 og fjáraukalögum 20. okt. 1905, fyrir 1904 og 1905, veitast kr. 143,062,66 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—6. gr. hjer á eftir:

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitist á eftir 7. lið:

Tiltölulegur hluti tillags til geðveikrahælisins á Kleppi frá miðjum maí til ársloka 1907 ... ... kr. 7000

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast:

Við B. 6.	Til að byggja hús undir áhöld landssjóðs kr. 5500		
	Til þess að kaupa lóð	— 1500	kr. 7000
Við B. 13.	Viðbótarstyrkur til brúargjörðar á Jökulsá á Jökuldal		— 1300
Við D.	Aftan við liðinn bætist þessir liðir:		
	1. Til aukalínu frá Hofi til Vopnafjarðarkauptúns		— 2000
	2. Til aukalínu frá Seyðisfirði til Mjóafjarðar		— 2500
	3. Til þess að festa upp sjerstakan ritsíma á línunni frá Sauðárkrók til Akureyrar með hliðarspottum til Dalvíkur og Hjalteyrar		— 12975
	4. Til sjerstaks ritsíma á línuna frá Akureyri til Seyðisfjarðar		— 23600
	5. Til kaupa á staurum ásamt flutningi hingað til lands í haust:		
	a, 5500 staurar til línunnar frá Borðeyri til Ísafjarðar ... ... kr. 41250		
	b, 2000 staurar frá Ísafirði til Vatneyrar	— 15000	
	c, 2000 staurar frá Reykjavík til Ægissíðu	— 15000	
	d, 900 varastaurar	— 6750	— 78000
	6, Til þess að ransaka nýjar símaleiðir og setja á fót nýjar stöðvar		— 4000
			kr. 131375

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju og kenslumála, veitast:

Við A, b:	Til varnargarðs fyrir Höfðaá, til varnar engjum á prestssetrinu Höfða í Fells-prestakalli	kr. 177
Við B, V. b.	Til stýrimannaskólans, til þess að stækka og endurbæta kjallarann undir skólahúsinu alt að	— 500
		kr. 677

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 15. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja veitast:

Við 1. g.	Styrkur til að stunda skóggræðslu	kr. 500
Við 18. a.	Til ransóknarstofu í Reykjavík, stofnkostnaður ...	— 552,53
		kr. 1052,53

6. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, sem veitt er í fjáraukalögum 20. okt. 1905 fyrir árin 1904 og 1905 í 3. gr. 2 til ransóknarferða og undirbúnings við ritsímalagningu, veitast 2958 kr. 13 aur.

Nd. **82. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905, og skipun milliþinganefndar.

Skattamálanefndin, eða nefnd sú, er háttv. neðri deild skipaði á fundi 4. þ. m. til að íhuga framangreint frumvarp, hefur ekki orðið að öllu leyti á eitt mál sátt um frumvarpið.

Nefndin er öll sammála um það, að ekki muni verða hjá því komist, að halda tollaukanum, sem ákveðinn var á síðasta þingi, þar til að nýrri skipun verður komið á skattamál landsins.

Nefndin telur þó, eftir atvikum, rjett, að innheimtulaun sjeu greidd af gjaldaukanum, þar sem það er alkunnugt, að skrifstofukostnaður innheimtumanna eykst yfirleitt ár frá ári.

Þá vill nefndin gjöra ákvæðið í 2. staflið 1. gr. viðtækara, svo að það nái yfir alla innlenda vörugjörð, þeirrar vöru, sem tollskyld er.

Nefndarmenn greindi á um skipun milliþinganefndar. Meiri hlutinn álítur, að endurskoðun á skattalöggjöf landsins sje svo geysimikið og afarvandasamt verk, að fylsta þörf sje á milliþinganefnd, til að vinna að því starfi, og felst á tillögur frumvarpsins um tölu nefndarmanna og skipun nefndarinnar. Minni hlutinn telur milliþinganefnd óþarfa, stjórninni eigi að vera fært, að undirbúa þetta mál undir meðferð á alþingi.

Verði skipuð milliþinganefnd, telur nefndin öll æskilegt, að verksvið milliþinganefndarinnar sje rýmra, en til er tekið í frumvarpinu.

Samkvæmt þessu ber nefndin fram svohljóðandi breytingartillögur:

Við 1. grein:

1. Aftan við fyrri málsgrein bætist: »þó þannig, að innheimtulaun skuli og greiða af gialdaukanum«.

Í stað orðanna »vindlagjörð og bittergjörð« í seinni málsgrein, komi: vindlagjörð, bittergjörð, brjóstsykursgiörð eða aðra vörugjörð, þeirrar vöru, sem tollskyld er.

Við 2. grein.

1. Í stað orðanna »hvort hentugt muni vera o. s. frv.« í fyrra tölulið, komi: hvort hentugra muni vera, að þeir fastir skattar, sem nú eru, haldist, með breytingum, er nauðsynlegar kynnu að þykja, eða o. s. frv,

2. Síðari töluliður orðist þannig: »hvort fært muni vera að hækka aðflutningsgjald frá því, sem nú er, eða bæta við fleiri tollstofnum, eða leiða í lög alment verslunargjald.

Neðri deild alþingis, 12. júlí 1907.

Lárus H. Bjarnason, formaður. Hermann Jónasson. Pjetur Jónsson.

G. Björnsson, skrifari og framsögumaður.

Með fyrirvara:
Ólafur Briem. Björn Kristjánsson.
Ólafur Ólafsson.

Nd. **83. Frumvarp**

til laga um útflutning hesta.

Flutningsmenn: Ólafur Briem, Magnús Andrjesson, Eggert Pálsson og Hermann Jónasson.

1. gr.

Á erlendan markað má ekki flytja yngri hross en 4 vetra, nje eldri en 11 vetra, og eigi heldur skjótt hross, glaseygð eða glámótt, nje hross, sem hafa önnur veruleg lýti eða galla, eða eru mögur eða illa útlítandi.

Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá þessum ákvæðum eftir tillögu Búnaðarfjelags Íslands, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

2. gr.

Öll skip, er flytja hross frá Íslandi til útlanda, skulu vera hagkvæmlega útbúin í því skyni. Hross má eigi flytja á þilfari frá Íslandi til annara landa. Hrossin skal hafa í stíum hæfilega stórum og traustgjörðum, og sje þeim ætlað nægilegt rúm. Jötur skal hafa fyrir öll hross, og eiga þær að vera svo stórar að öll hrossin í hverri stíu geti jetið í einu, og sjeu eigi hafðir sjerstakir vatnsstokkar, skulu jöturnar vera vatnsheldar, svo að hægt sje að vatna í þeim. Á

stíugólf og gangrúm, sem hross eru leidd um, skal strá sandi, eða gjöra ósleip á annan hátt. Sjá skal fyrir góðri loftræsting, þar sem hross eru höfð, og birtu eftir því sem ástæður frekast leyfa.

Hrossunum skal ætla nægilegt fóður á leiðinni, og má það ekki vera minna en 10 pund af góðu heyi á dag fyrir hvern hest, miðað við áætlun skipsins, eða sem því svarar í öðru fóðri.

3. gr.

Í þeim kauptúnum landsins, sem hross eru flutt frá til sölu á erlendum markaði, skal ráðherra Íslands skipa mann, er hefur á hendi umsjón og eftirlit með útflutningi hrossa. Þeir, sem slík hross vilja senda til útlanda, tilkynna það umsjónarmanni með minst viku fyrirvara. Umsjónarmaður skoðar hrossin nákvæmlega áður en þau eru flutt á skip, og kyrsetur þau hross, sem að hans áliti eru eigi hæf til útflutnings. Útflytjandi er skyldur að láta umsjónarmanni í tje næga aðstoð við skoðunina. Umsjónarmaður hefur eftirlit með útskipun hrossanna, og sjer um að útbúnaður skipsins og fóðurbyrgðir fullnægi fyrirmælum laganna, og má lögreglustjóri ekki afgreiða skipið, fyr en umsjónarmaður hefur ritað á skipsskjölin vottorð um það.

Umsjónarmenn skulu senda stjórnarráðinu við lok hvers árs, skýrslu um tölu útfluttra hrossa, og hvenær og með hvaða skipi þau hafi verið flutt.

Fyrir starfa sinn fá umsjónarmenn hæfilega þóknun úr landssjóði, og skal það fje veitt á fjárlögum.

4. gr.

Ráðherra Íslands semur nánari reglur um útflutning hrossa, sjerstaklega um meðferð þeirra á leið milli landa, og gefur út erindisbrjef handa umsjónarmönnum.

5. gr.

Brot móti lögum þessum varða sektum frá 10 til 1000 kr., er renna í landssjóð. Mál út af slíkum brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1910.

Nd. **84. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um vitagjald af skipum.

Þessu frumvarpi hefur háttv. neðri deild vísað til skattamálanefndarinnar.

Nefndin leggur til að frumvarpið nái samþykki deildarinnar.

Sektarákvæðin í 3. gr. telur nefndin þó of lág og ekki nógu víðtæk. Ennfremur virðist ekki gjörlegt að láta þessi lög öðlast gildi fyr en 1. jan. 1909, vegna þess, að vitagjörð á Dalatanga getur ekki orðið lokið fyr en á næsta ári, enda skýrði hæstvirtur ráðherra frá því, þá er hann lagði frumvarpið fram í deildinni, að ártalið 1908 í 4. gr. væri prentvilla, hefði átt að vera 1909.

Samkvæmt þessu ber nefndin fram þessar breytingartillögur:

Við 3. gr.: Í stað orðanna: »skipstjóri sá . . . . til landssjóðs« komi: Brot gegn lögum þessum varða skipstjóra 10—200 kr. sektum til landssjóðs.

Við 4. gr.: Í stað »1908« komi: 1909.

Neðri deild alþingis, 13. dag júlímánaðar 1907.

Lárus H. Bjarnason, formaður. G. Björnsson, skrifari og framsm. Ólafur Briem. Pjetur Jónsson.

Hermann Jónasson. Björn Kristjánsson.

Nd. **85. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar að Bæ á Höfðaströnd í Skagafjarðarsýslu.

Flutningsmenn: Stefán Stefánsson þm. Skagf. og Ólafur Briem.

1. gr.

Að Bæ á Höfðaströnd í Skagafjarðarsýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefur ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvbr. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **86. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um gjafsóknir m. m.

Við undirskrifaðir, sem háttvirt neðri deild alþingis fól að athuga frumvarp til laga um gjafsóknir m. m., höfum ekki fundið ástæðu til þess að gjöra neina breytingu við það.

Um 5 fyrstu greinar frumvarpsins þarf ekki að fara mörgum orðum. Þær fara ekki fram á, að gjöra aðra breytingu á hinum gildandi lögum, en að sleppa embættismönnum, sem skipað er að höfða mál til þess að hreinsa sig af ærumeiðandi áburði, úr tölu þeirra, sem, samkvæmt lögum 12. júlí 1878, mátti veita gjafsókn, og neðri deild alþingis hefur fleirum sinnum samþykt frumvörp til laga um afnám gjafsóknarrjettar embættismanna í þessum málum, og þessi yfirlýsti vilji deildarinnar hefur alveg verið í samræmi við almenningsviljann í landinu, sem hefur álitið, að miklu leyti með rjettu, að gjafsóknarrjettur embættismanna væri óþarfur einkarjettur, og að embættismenn gætu, eins og aðrir, sjálfir kostað mál, er þeir þurfi að höfða til þess að hreinsa sig af ærumeiðandi áburði. Bein afleiðing af því, að svifta embættismenn gjafsóknarrjettinum, er afnám rjettar þess, sem yfirboðarar þeirra hafa eftir lögum 27. sept. 1799 10. gr. 1. og 2. lið og 11.

gr. til þess að skipa þeim að hreinsa sig af ærumeiðandi áburði. Þetta hefur neðri deild þingsins viðurkent, þar sem hún hefur, í frumvörpum þeim um afnám gjafsóknarrjettar embættismanna, sem hún hefur samþykt, einnig samþykt afnám rjettar þessa; en afnám rjettar þessa er efni 7. gr. frumvarps stjórnarinnar.

5 fyrstu greinar og 7. gr. frumvarpsins eru því gamalkunnar hinni háttvirtu deild, og má búast við að þær sæti hinni sömu alúðlegu meðferð af hendi deildarinnar eins og margsinnis áður.

Ákvæðið í 6. gr. frumvarpsins er nýmæli, sem við fellum okkur mjög vel við og sem gjörir það enn aðgengilegra að samþykkja frumvarpið í heild sinni. Nýmæli þetta fer fram á það, að með þeim takmörkunum, sem taldar eru í 2. lið greinarinnar, megi veita öllum íbúum landsins gjafsókn að því er snertir borgun til setudómara fyrir störf hans og ferðakostnað; en takmarkanirnar eru, samkvæmt 2. lið greinarinnar, að málstaður gjafsóknarbeiðanda virðist að vera góður, að deilumálefnið sje áríðandi fyrir hann, og að mál hans geti ekki fengið framgang, nema hann fái skipaðan setudómara.

Þetta nýmæli miðar til enn þá meira jafnrjettis meðal manna, en afnám gjafsóknarrjettar embættismanna, og í þá átt, að menn geti fengið sem kostnaðarminst úrslit mála sinna hjá dómstólunum; en það er efalaust hin rjetta hugsjón, að öllum verði gjört sem hægast fyrir að ná rjetti sínum.

Þegar svo stendur á, að menn þurfa að höfða mál gegn hinum reglulega dómara, vandamönnum hans eða jafnvel vinnufólki, eða mál, sem hinn reglulegi dómari er eitthvað svo riðinn við, að hann geti verið vilhallur dómari í því, eða ef hinn reglulegi dómari er óvinur þess, sem með málssókn þarf að ná rjetti sínum, þá verður þeim mönnum oft meira eða minna ókleyft, að ná rjetti sínum, þar sem þeir geta ekki notað sama dómarann sem aðrir, og verða að fá skipaðan setudómara oft úr fjarlægð og greiða ferðakostnað hans og dagpeninga, sem oft nemur mikilli upphæð.

Þetta getur jafnaðarlega orðið til þess, að menn verða að sleppa allri von um, að ná rjetti sínum og gjöra sjer það að góðu.

Hið sama á sjer stað, ef dómarinn þarf að ná rjetti sínum með málssókn, eða svo nánir vandamenn hans, að hann verður að víkja úr dómarasæti, ef þess er krafist, eða ef vinnufólk hans þarf að höfða mál, og ef leiða þarf dómarann sem vitni í málinu.

Öllum þessum mönnum er gjört langt um dýrara og oftsinnis næsta ómögulegt, að ná rjetti sínum, en nýmæli 6. gr. frumvarpsins bætir úr þessu mikla misrjetti, og við verðum því, að leggja eindregið með því, að hin háttvirta neðri deild samþykki þetta nýmæli.

Við leyfum oss því hjer með að leggja það til, að hin háttvirta deild samþykki frumvarpið óbreytt eins og það liggur fyrir frá stjórninni.

Neðri deild alþingis, 13. júlí 1907.

Hannes Þorsteinsson, form. Björn Bjarnarson, skrifari og framsögum.

Ólafur Briem.

Nd. **87. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum 4. mars 1904 um stofnun lagaskóla.

a. Álit meiri hlutans.

Meiri hlutinn er þeirrar skoðunar, að stjórnin hafi fært full rök fyrir því, að varla verði komist af með minni kenslukrafta við væntanlegan lagaskóla íslenskan, en tvo fasta kennara og einn aukakennara, og telur því ástæðu til að breyta ofannefndum lögum 4. mars 1904 að þessu leyti. Meiri hlutinn telur heppilegra, að fje það, er frumvarpið ætlar til aukakenslu, handa einum eða fleiri timakennurum, sje beint ætlað einum föstum aukakennara, og gjörir breytingartillögu við frumvarpið í þá átt. Eins og bent er á í athugasemdum stjórnarinnar við frumvarpið, virðist eigi heppilegt, að sameina kensluna við lagaskólann öðrum störfum, eða leggja hana á herðar mönnum, sem hafa annað að aðalstarfi sínu.

Það virðist of lágt, að ætla öðrum aðalkennaranum við skólann að eins 2400 kr. Það má ekki gjöra ráð fyrir því, að þessi kennari geti haft önnur störf á hendi, og þá eru 2400 kr. mjög lág laun fyrir mann, er annars á úrkosta, en í þeirri stöðu verður að vera valinn maður. Það er því ráðið til, að árslaun hans sjeu sett upp í 2800 kr., og er þó alllágt.

Samkvæmt ofanskrifuðu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að 1. gr. frvs. orðist þannig:

2. gr. laganna orðist þannig:

Við skóla þennan skulu vera tveir fastir kennarar, skipaðir af konungi, og einn aukakennari, er ráðherra skipar. Annar fasti kennarinn er jafnframt forstöðumaður skólans, og hefur að launum 4000 kr. Hinn fasti kennarinn hefur að launum 2800 kr. Aukakennarinn skal hafa að launum 1800 kr.

Alþingi, 12. júlí, 1907.

Lárus H. Bjarnason	Jón Magnússon
formaður.	skrifari, framsögum.

b. Álit minni hlutans.

Jeg fæ ekki sjeð, að nauðsyn beri til þess, að gjöra nú þegar breytingu á fyrirkomulagi því, sem ákveðið er í lögum 4. mars 1904, þar sem enn er óreynt, hvort það reynist ekki viðunandi. — Til þessa virðist mjer því síður ástæða, þar sem núverandi yfirdómarar mega, að mínu áliti, teljast öðrum löfræðingum landsins færari um það, að hafa lagakensluna á hendi, svo að lagaskólanum væri það óhagur, ekki síst í byrjuninni, að njóta eigi þekkingar þeirra í íslenskum lögum, enda embættisstörfum yfirdómaranna yfirleitt þannig háttað, að álíta verður, að þeir hafi nægan tíma til þess, að taka kenslustörf þessi að sjer, eins og tilætlun alþingis var, og svo sem þeir hafa því búist við. — Frumvarp stjórnarinnar myndi því, að mínu áliti, baka landssjóði óþarfan kostnað, og svifta skólann bestu kenslukröftunum, sem völ er á.

Að öðru leyti mun jeg gjöra ýtarlegri grein fyrir skoðun minni við umræðurnar um málið, og ræð hinni háttvirtu neðri deild til þess, að fella frumvarpið.

Alþingi, 12. júlí, 1907.

Skúli Thoroddsen.

Ed. **88. Frumvarp**
til laga um breyting á lögum um manntal í Reykjavík nr. 18, 13. septbr. 1901.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Manntal í Reykjavík, er fyrirskipað er með lögum nr. 18, 13. septbr. 1901, skal fara fram á tímabilinu frá 20. til 30. nóvbr. ár hvert.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1908.

Ed. **89. Frumvarp**
til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1906 og 1907 og fjáraukalögum 20. okt. 1905, fyrir 1904 og 1905, veitast kr. 143,062,66 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—6. gr. hjer á eftir:

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitist á eftir 7. lið:

Tiltölulegur hluti tillags til geðveikrahælisins á Kleppi frá miðjum maí til ársloka 1907 ... ... kr. 7000

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast:

Við B. 6. Til að byggja hús undir áhöld landssjóðs kr. 5500
Til þess að kaupa lóð ... ... — 1500 kr. 7000

Flutt: kr. 7000

Við B. 13. Viðbótarstyrkur til brúargjörðar á Jökulsá á Jökuldal ... ... — 1300

Við D. Aftan við liðinn bætist þessir liðir:

1. Til aukalínu frá Hofi til Vopnafjarðarkauptúns — 2000
2. Til aukalínu frá Seyðisfirði til Mjóafjarðar ... ... — 2500
3. Til þess að festa upp sjerstakan ritsíma á línunni frá Sauðárkrók til Akureyrar með hliðarspottum til Dalvíkur og Hjalteyrar ... ... — 12975
4. Til sjerstaks ritsíma á línuna frá Akureyri til Seyðisfjarðar ... ... — 23600
5. Til kaupa á staurum ásamt flutningi hingað til lands í haust:
   a, 5500 staurar til línunnar frá Borðeyri til Ísafjarðar ... ... kr. 41250
   b, 2000 staurar frá Ísafirði til Vatneyrar... ... ... — 15000
   c, 2000 staurar frá Reykjavík til Ægissíðu ... ... — 15000
   d, 900 varastaurar ... ... — 6750 — 78000
6. Til þess að ransaka nýjar símaleiðir og setja á fót nýjar stöðvar ... ... — 4000

kr. 131375

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju og kenslumála, veitast:

Við A, b: Til varnargarðs fyrir Höfðaá, til varnar engjum á prestssetrinu Höfða í Fells-prestakalli ... ... kr. 177

Við B, V. b. Til stýrimannaskólans, til þess að stækka og endurbæta kjallarann undir skólahúsinu alt að — 500

kr. 677

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 15. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja veitast:

Við 1. g. Styrkur til að stunda skógræðslu ... ... kr. 500

Við 18. a. Til ransóknarstofu í Reykjavík, stofnkostnaður ... — 552,53

kr. 1052,53

6. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, sem veitt er í fjáraukalögum 20. okt. 1905 fyrir árin 1904 og 1905 í 3. gr. 2 til ransóknarferða og undirbúnings við ritsímalagningu, veitast 2958 kr. 13 aur.

Ed. **90. Frumvarp**
til laga um stjórn landsbókasafnsins.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Stjórnarráðið hefur á hendi yfirstjórn landsbókasafnsins, skipar starfsmenn þess, sjer um hinn fasta sjóð þess, og auglýsir árlega reikning hans í Stjórnartíðindunum.

2. gr.

Skipa skal landsbókavörð með 3000 kr. árslaunum. Hann hefur á hendi daglega stjórn bókasafnsins og gegnir þeim störfum, sem stjórnarnefnd bókasafnsins hefur haft til þessa.

3. gr.

Skipa skal til aðstoðar tvo bókaverði; hinn fyrri hefur að árslaunum 1500 kr., en hinn síðari 1000 kr.

4. gr.

Akvæðin um stjórn safnsins í stofnskrá 15. nóv. 1826 eru úr gildi feld.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Ed. **91. Frumvarp**
til laga um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands.

(Eins og það var samþykt við 2. umr, í Ed.).

1. gr.

Við Fiskiveiðasjóð Íslands, sem stofnaður er með lögum 10. nóvbr. 1905, skal setja á fót lánsdeild, til að veita aðgang að lánum gegn veði í fiskiskipum, veiðarfærum og öðrum eignum, er heyra til þess að reka fiskiveiðar.

2. gr.

Sem tryggingarfje fyrir lánsdeild Fiskiveiðasjóðsins skulu vera 100,000 krónur af sjálfum Fiskiveiðasjóðnum. Landssjóðurinn ábyrgist, að þótt Fiskiveiðasjóðurinn tyrir einhver óhöpp, kynni að verða minni en 100,000 krónur, þá skuli þó tryggingarfje þetta nema þeirri upphæð. Tryggingarfjeð ásamt skuldabrjefum þeim, sem lánsdeildin fær frá lántakendum sínum, með þeirri sólidarisku ábyrgð, sem síðar getur um, svo og allar aðrar eignir hennar, eru því til tryggingar, að lánsdeildin fullnægi skuldbindingum sínum.

3. gr.

Lánsdeild Fiskiveiðasjóðsins getur gefið út vaxtabrjef, er hljóða upp á handhafa, en geta orðið skrásett upp á nafn. Upphæð þeirra samtals má eigi fara fram úr fimmfaldri upphæð tryggingarfjárins og varasjóðsins til samans. Eigi heldur má nokkru sinni vera í umferð manna á milli stærri upphæð af vaxtabrjefum þessum, en upphæð skuldabrjefa þeirra, sem lánsdeildin á.

4. gr.

Fje lánsdeildarinnar skal lána út gegn veði í íslenskum skipum, veiðarfærum, fasteignum og öðrum eignum hjer á landi, sem notuð eru til fiskiveiða eða til að gjöra aflann að verðmætri vöru. Til frekari tryggingar má einnig heimta, þegar þörf þykir á, persónulega ábyrgð, sjerstaklega fyrir því, að veðin sjeu fyrir hendi.

Ekki má lán út á nokkurt einstakt veð nema meiru en 40,000 kr., og eigi meiru en helmingi af upphæð þeirri, sem veðið er vátrygt fyrir í vátryggingarfjelagi, er stjórnarráðið tekur gilt. Veðsetja skal einnig vátryggingarupphæðina. Lána má gegn öðrum veðrjetti, þótt veðið sje veðsett með fyrsta veðrjetti opinberum sjóði, þó svo að lánsupphæðirnar samtals fari ekki fram úr hálfvirði veðsins.

Stjórn lánsdeildarinnar skal nákvæmlega gæta þess, að taka ekki sem gilt veð þær eignir, sem búast má við að missi söluverð sitt, áður en lánið er að fullu endurborgað, og eigi má heldur taka sem gilt veð skip eða eignir, sem eru svo lagaðar, að þær hafa ekki reynst arðvænlegar hjer á landi.

5. gr.

Lántakendur ábyrgjast, auk þeirrar upphæðar, er þeir á hverjum tíma skulda, jafnframt sólidariskt aðrar skuldbindingar lánsdeildarinnar, þó eigi með meiri upphæð en 10% af því, sem lán þeirra var upphaflega. Nú hrekkur varasjóður lánsdeildarinnar ekki til að borga skaða, er hún hefur orðið fyrir, og skal þá, áður en gripið er til tryggingarfjárins, jafna niður á lántakendur aukagjaldi til varasjóðsins, svo sem þörf er á til að bæta skaðann.

Niðurjöfnunin skal vera í hlutfalli við hinar upphaflegu upphæðir lánanna, og má ekki nema meiru samtals en 10% af þeim. Eftir ákvörðun stjórnar lánsdeildarinnar má skifta henni niður á fleiri eða færri ár.

Þegar lán er borgað að fullu, má eigi veita viðurkenningu fyrir því, nema með þeim fyrirvara, að lánsdeildin hafi rjett til að grípa til hinnar sólidarisku ábyrgðar; en ekki síðar en reikningsskilum fyrir næsta ár er lokið, skal stjórn lánsdeildarinnar skýra frá, hvort og að hve miklu leyti taka þurfi til ábyrgðar þessarar. Veðskuldabrjefið má þó afmá, þegar lánið er endurborgað, ef önnur trygging er sett fyrir hinni sólidarisku ábyrgð.

Verði þörf á því, að grípa til tryggingarfjárins til að fullnægja skuldbindingum lánsdeildarinnar, skal endurborga það jafnskjótt og hagur lánsdeildarinnar leyfir það.

6. gr.

Þeir, sem fengið hafa eða ætla að fá lán úr lánsdeildinni, hafa rjett til

að fá að sjá, hverjir hafa fengið lán hjá lánsdeildinni og hverja tryggingu þeir hafa sett fyrir lánum sínum.

7. gr.

Lán þau, sem lánsdeildin veitir, hefur hún heimild til að borga út í vaxtabrjefum eftir ákvæðisverði þeirra, en stjórn lánsdeildarinnar er skyld til, ef lántakandi óskar þess, að koma vaxtabrjefunum í peninga, án þess að hann þurfi að borga annað en beinan kostnað.

8. gr.

Þegar lán er veitt, skal halda eftir af upphæð þess sem tillagi til kostnaðar og varasjóðs, $^1/_2$% af hinni upphaflegu upphæð lánsins fyrir hvert ár, þangað til því á að vera að fullu lokið. Annað gjald til kostnaðar og varasjóðs borga lántakendur ekki, sbr. þó 5. gr.

9. gr.

Í reglugjörð fyrir lánsdeildina, er stjórnarráðið semur, skal gjöra frekari ákvæði að því er snertir lánsdeildina, þar á meðal tryggilegar reglur um eftirlit með því, hvernig veðunum er haldið við. Leggja má fyrir sýslumenn og sveitarstjórnir að veita stjórn lánsdeildarinnar aðstoð, er hún kynni að óska eftir í tilliti til skoðunar og virðingar á eignum þeim, er menn ætla að setja að veði fyrir láni úr lánsdeildinni. Enn fremur eru stjórnir innlendra vátryggingarfjelaga skyldar að gefa skýrslur og yfirlýsingar að því er veðin snertir.

Í reglugjörðinni fyrir lánsdeildina skal setja reglur um, að lánin falli til útborgunar, ef tryggingin fyrir þeim minkar, um að lánin skuli vera óuppsegjanleg og um árlegar afborganir. Hvert lán skal vera borgað að fullu innan 15 ára frá því það var tekið. Frest má veita einstök ár á afborgunum, ef stjórn lánsdeildarinnar þykir ástæða til, þó svo að lánið sje að fullu endurborgað á þeim tíma, sem upphaflega var ákveðinn, þó má, ef sjerstaklega stendur á, lengja afborgunartíma frá því sem upphaflega hefur verið ákveðið, — alt að 15 árum alls — en þá ber að greiða tillag til kostnaðar og varasjóðs fyrir þau ár, er við bætast. Allar afborganir til lánsdeildarinnar hafa lántakendur rjett til að greiða með vaxtabrjefum lánsdeildarinnar eptir ákvæðisverði.

10. gr.

Öllum afborgunum af lánum skal varið til að innleysa vaxtabrjef þau, er lánsdeildin hefur gefið út. Vaxtabrjef má innleysa annaðhvort með því að kaupa vaxtabrjef eða með útdrætti, sem notarius publicus sjer um. Númer þeirra vaxtabrjefa, sem þannig kynnu að verða dregin út, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara.

Nú glatast vaxtabrjef lánsdeildarinnar, sem nafnskráð er í bókum hennar, og getur þá stjórn lánsdeildarinnar innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í því blaði á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í Ríkistíðindunum í Kaup-

mannahöfn. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur stjórn lánsdeildarinnar útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt vaxtabrjef með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er vaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir gjört kröfu á hendur lánsdeildinni.

Um ógilding annara vaxtabrjefa lánsdeildarinnar fer eftir almennum lögum.

11. gr.

Þegar lánið er komið í gjalddaga, hefur lánsdeildin rjett til þess, ef veðið er fasteign, að láta selja veðið við opinbert uppboð án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, eftir reglum þeim, sem settar eru í tilskipun um fjárforráð ómyndugra dags. 18. febr. 1847, 10. gr., eða ef þörf er á, að láta leggja lánsdeildinni það út til eignar. Veðsettum fiskiskipum og öðru veðsettu lausafje getur lánsdeildin gengið að og látið gjöra fjárnám í, hvar sem veðið er, eins og sátt hefði verið gjörð um skuldina. Lánsdeildin þarf ekki að láta neinn mæta fyrir sína hönd við uppboðið eða fjárnámið, og mótmæli skuldunauts verða þar ekki tekin til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á fullum rökum byggð, og eigi verður heldur uppboðinu eða fjárnáminu frestað með neinni áfrýjun. Aftur á móti ber lánsdeildin ábyrgð á því, að krafa hennar sje rjett og að hún sje komin í gjalddaga, og skuldunautur getur, ef hann vill, höfðað mál á móti henni til að fá endurgoldið alt það tjón, sem hann kann að hafa beðið við uppboðið eða fjárnámið, sem og málskostnað skaðlaust.

Rjett er að lánsdeildin semji svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðum megi halda á skrifstofu uppboðshaldara.

Ákvæði greinar þessarar gildir einnig um lán úr Fiskiveiðasjóði Íslands.

12. gr.

Verja má fje ómyndugra og opinberra stofnana, þar á meðal viðlagasjóðs landssjóðsins, til að kaupa vaxtabrjef lándsdeildarinnar, en þó eigi fyrir hærra verð en ákvæðisverð eða gangverð, ef það nær ekki ákvæðisverði.

13. gr.

Stjórn sjóðsins skulu 2 menn hafa á hendi, er stjórnarráðið skipar, og skal að minsta kosti annar þeirra hafa fengist við að reka fiskiveiðar. Verksvið þeirra skal nánar ákveða í reglugjörðinni.

Landsbankinn skal hafa á hendi reikningsstörf og gjaldkerastörf lánsdeildarinnar.

Til borgunar fyrir störf við lánsdeildina má verja alt að 1500 kr. á ári, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugjörðinni.

14. gr.

Fiskiveiðasjóður Íslands skal greiða tillag til lánsdeildarinnar 2000 kr. fyrsta árið og 1000 kr. á ári í næstu 4 ár.

15. gr.

Reikninga lánsdeildarinnar skal auglýsa í Stjórnartíðindunum. Að öðru leyti fer um reikning lánsdeildarinnar á sama hátt, sem um reikning Fiskiveiðasjóðsins.

16. gr.

Eigi síðar en 1913 skal landsstjórnin leggja fyrir alþingi frumvarp til laga viðvíkjandi framhaldi á útlánsstarfi því, er um ræðir í lögum þessum, ásamt skýrslu um reynslu þá, er þá er fengin um það. Eftir árslok 1913 má eigi veita nein ný lán úr lánsdeild Fiskiveiðasjóðsins, nema það hafi verið heimilað með nýjum lögum.

Nd. **92. Frumvarp**

til laga um afnám fátækrahlutar af fiskiafla.

Flutningsmaður: Jón Magnússon.

Eigi skal framar skylt að gjalda fátækrahlut af fiskiafla, fimtung af allskonar fiski, sem veiddur er á opnum bátum á helgum dögum.

Ed. **93. Breytingartillögur**

við frv. til laga um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands.

Frá Birni M. Ólsen og Steingrími Jónssyni.

1. Við 2. grein: Í stað »sólídarisku« komi: samstaklegu (sólídarisku).
2. Við 5. grein 1. lið: Í stað »sólídariskt« komi: samstaklega (in solidum).
3. Við 5. grein 3. lið: Í stað »sólídarisku« komi á báðum stöðum: samstaklegu (sólídarisku).

Nd. **94. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um metramæli og vog.

Flutningsmenn: Guðm. Björnsson. Pétur Jónsson.
Ólafur Ólafsson. Stefán Stefánsson, þm. Skgf.

Við 1. grein:

1. Fyrri málsgreinin falli burtu.
2. Aftan við síðari málsgreinina bætist »á Íslandi«.

Við 3. gr.

1. Eftir »Frumeining lengdarmáls er metri« komi: »(stika)«.
2. — »sentímetri« komi: »(þumlungur)«.

3. Eftir »milimetri« komi: »(lína)«.
4. — »kilometri« — »(röst)«.
5. — »fermetri« — »(ferstika)«.
6. — »Einn ari« — »(reitur)«.
7. — »Einn hektari« — »(teigur)«.
8. Fyrir »Rúmmál« — »lagarmál«.
9. Eftir »lítri« — »(pottur)«.
10. — »kílogramm« — »(tvípund)«.
11. — »grömm« — »(met)«.
12. — »tonn« — »(lest)«.

Fyrir »metrakerfi« komi alstaðar »tugakerfi«,
— »metramál« — — »tugamál«.
— »metravog« — — »tugavog«.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:
»Frumvarp til laga um tugamál og tugavog«.

Nd. **95. Frumvarp**

til laga um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905, og skipan milliþinganefndar.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hækkun sú á aðflutningsgjaldi, sem ákveðin er í lögum 29. júlí 1905, skal haldast þangað til annari skipan verður komið á skattamál landsins, þó þannig, að innheimtulaun skuli og greiða af gjaldaukanum.

Verði gjald lagt á innlenda vindlagjörð, bittergjörð, brjóstsykursgjörð eða aðra vörugjörð, þeirrar vöru, sem tollskyld er, skal það gjald hækkað að sama skapi og aðflutningsgjald, meðan lög þessi eru í gildi.

2. gr.

Skipa skal 7 manna nefnd milli þinga til þess að endurskoða skattalög landsins og sjerstaklega athuga,

1, hvort hentugra muni vera, að þeir fastir skattar, sem nú eru, haldist, með breytingum, er nauðsynlegar kynnu að þykja, eða að fasteignarskattur, er bæði hvíli á jarðeignum til sveita og á húsum og lóðum í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum, komi í stað þeirra föstu skatta, sem nú eru,

2, hvort fært muni vera, að hækka aðflutningsgjald frá því, sem nú er, eða bæta við fleiri tollstofnum, eða leiða í lög alment verslunargjald, svo og koma fram með frumvörp eða tillögur, er nefndinni mætti ástæða til virðast.

3. gr.

Í nefndina tilnefnir neðri deild alþingis 4 menn, efri deild tvo og stjórnarráðið einn mann, og er sá formaður nefndarinnar. Konungur skipar nefndina. Kostnaður við hana greiðist af landssjóði. Nefndinni er heimilt að taka sjer þá aðstoð, sem hún þarf með, og telst það sem kostnaður við nefndarstörfin. Öllum stjórnarvöldum er skylt að láta nefndinni í tje þær skýrslur og upplýsingar, er hún beiðist eftir.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd. **96. Breytingartillaga**

við frv. til laga um forstjórn landsímanna.

Flutningsmenn: Þórh. Bjarnarson, Árni Jónsson, Stefán Stefánsson, þm. Skagf. Pjetur Jónsson, Hannes Þorsteinsson.

Við 1. gr.

1. Fyrir 5000 komi: 3500.
2. Aftan við komi ný málsgrein:

Verði embætti þetta veitt þeim manni, sem nú hefur forstjórn landsímanna á hendi, veitist honum persónuleg launaviðbót 1500 kr. á ári. Launaviðbótinni fylgir eftirlaunarjettur.

Nd. **97. Frumvarp**

til laga um stækkun verslunarlóðarinnar og hafnarinnar í Keflavík.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

1. gr.

Hin löggilta höfn og verslunarlóð fyrir Keflavíkurkauptún skal talin að ná inn að Vogastapa.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefur, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, ákveðið stærð og takmörk verslunarlóðarinnar að öðru leyti milli hinnar núverandi verslunarlóðar og Vogastapa.

Ed. **98. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar að Kirkjuvogi í Hafnahreppi í Gullbringusýslu.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Að Kirkjuvogi í Hafnahreppi í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefur, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, ákveðið stærð og takmörk verslunarlóðarinnar.

Nd. **99. Frumvarp**

til laga um stofnun húsmæðraskóla.

Flutningsm.: Pétur Jónsson, Stefán Stefánsson Eyf., Stefán Stefánsson Skagf., Jón Magnússon, Þórh. Bjarnarson.

1. gr.

Tveir skulu vera skólar á landi hér, er nefnist húsmæðraskólar. Markmið þeirra er, að veita konum þá kunnáttu, bóklega og verklega, sem nauðsynleg er hverri húsmóður í búanda stöðu og gjörir hana færa um köllun sína. Skal annar skólinn vera fyrir Suðurland og Vesturland, en hinn fyrir Norðurland og Austurland, og sjeu þeir settir þar, sem hagkvæmast þykir. Skólarnir skulu vera í sveit og hafa jörð til nauðsynlegra afnota. Heimilt er að reka búskap á landssjóðs kostnað á skólajörðinni. Stjórnarráðið ákveður að öðru leyti, hvar skólarnir skuli vera settir.

2. gr.

Við hvorn skóla skal vera ein kenslukona, og er hún jafnframt forstöðukona skólans. Með ráði stjórnarráðsins og samþykki ræður forstöðukona þá kennara aðra, er nauðsyn krefur. Forstöðukona skal hafa tekið próf, er sýni að hún sje fær um kenslu í hinum helstu námsgreinum skólans. Hún hefur að launum 1200 krónur á ári auk leigulauss bústaðar á skólanum.

3. gr.

Skólar þessir hafa á hendi bæði bóklega og verklega kenslu.

Bóklega kenslan skal aðallega fara fram með fyrirlestrum í fræðigreinum þeim, er að húsmóðurstörfum lúta. Auk þeirrar kenslu skal sjerstök áhersla lögð á, að nemendur læri að tala og rita móðurmálið vel og skipulega, ennfremur sögu landsins og í því sambandi sje sjerstaklega skýrð þýðing konunnar fyrir heimili og þjóðfjelag. Þá skal og kenna reikning og reikningsfærslu.

Verklega kenslan fer fram með munnlegri tilsögn og verklegri æfing í nauðsynlegum heimilisstörfum kvenna, og skal þar einkum kappkosta að innræta nemendum hagsýni, þrifnað, áhuga í verkum, reglusama vinnustjórn og heimilisforstöðu.

Kenna skal ennfremur dráttlist, söng og leikfimi, svo sem tími og kenslukraftar leyfa.

4. gr.

Aðalnámsskeið sje alt að 7 mánuðum (frá október til maí) ár hvert. En auk þessa skulu vera tvö námsskeið stutt á skólanum; annað að vori, þar sem nemendur fá tilsögn og æfing í garðrækt og fleiri vorstörfum; hitt að hausti og fá þá nemendur á sama hátt kenslu í notkun og geymslu garðávaxta (matjurta) svo og geymslu matvæla og fleiru, er að hauststörfum lýtur. Heimilt er konum utanskóla, að sækja kensluskeið þessi, eins og rúm leyfir á skólanum. En þó skulu hinir föstu nemendur sitja þar í fyrirrúmi

5. gr.

Hvor skólinn um sig á að geta tekið á móti 30 nemendum, er jafnframt hafi heimavistir í skólanum. Skal skólastjórnin sjá um, að nemendur geti komið á sameiginlegu mötuneyti.

6. gr.

Landstjórnin hefur á hendi yfirumsjón skólanna og setur reglugjörðir fyrir þá, er meðal annars kveða á um inntökuskilyrði, fyrirkomulag kenslunnar og vitnisburði.

7. gr.

Kostnaður við að gjöra skóla þessa úr garði greiðist úr landssjóði, að öðru leyti en því, sem hjeruðin styrkja til þess. Kennaralaun og annar árlegur kostnaður greiðist og úr landssjóði. —

8. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda þá fyrst, er hjeruðin, er að skólunum lúta, hafa skuldbundið sig til að ábyrgjast 15,000 króna framlög til stofnunar hvorum skóla. —

Athugasemdir.

Við 1. gr.

Markmið skólanna er sett hátt. Að öðru leyti gjörir frumv. þetta eigi ráð fyrir skólunum öðruvísi en dálítilli byrjun, eða vísi til fullkominna hús-

mæðraskóla, og er þá mest um vert, að markmiðið sje ljóst og framþróunarskilyrðin fólgin í þessari byrjun; en þetta heppnast, þó smátt sje byrjað, ef haganlega er farið að og stefnt að rjettu marki.

Að flestra dómi er nauðsynlegt, að skólar þessir sjeu settir í sveit, og fái sveitalífsbrag, og óhjákvæmilegt er, að þeir hafi jörð til afnota á einhvern hátt og að minsta kosti nokkrar kýr, bæði til afnota á skólabúinu og til þess að kenndar verði þar mjaltir og hirðing kúa. Ætti hæfilegt kúabú í þessu augnamiði, að vera fyrirhafnarlítið, þar sem vel hagaði með tún eða engi, og fyllilega að bera sig. Líklegt er, að semja mætti við prívat mann um, að reka bú þetta á eigin ábyrgð. En þó getur svo farið, að haganlegra þyki, að skólinn sjálfur eða landssjóður eigi búið og reki það, og er því stjórninni áskilin heimild til þess.

Um stað fyrir skóla þessa getur margt komið til álita. En vjer flutningsmenn álítum heppilegt, að þeir sjeu svo settir, að auðvelt sje að fá aukakennara, t. d. að þeir sjeu í sambandi við bændaskólana eða svo nærri þeim eða öðrum mentastofnunum, að tá mætti aðstoð þaðan til kenslunnar. Þó getum vjer eigi ráðið til, að skólinn fyrir Norður- og Austurland sje settur á Hólum í Hjaltadal. Best virðist oss sá skóli settur við Eyjafjörð, eigi langt frá Akureyri.

Við 2. gr.

Vjer höfum eigi að svo komnu viljað hafa ákvæði um meira en eina kenslukonu við hvorn skóla af 2 ástæðum: Þeirri fyrst, að eins og nú stendur, er hæpið, að völ væri á fleiri kenslukonum, er gætu fyllilega fullnægt þeim kröfum, sem gjöra verður til fastlaunaðra kenslukvenna. Og þar næst þeirri, að reynslan sker best úr, hvernig beita skuli hinum föstu kenslukröftum, bæði eftir aðsókn að skólanum og eftir því, hvar þeir verða settir o. s. frv. Er þá auðvelt að breyta lögunum eftir því, sem reynslan bendir til, þá er hún er fengin.

Við 3. gr.

Fræðigreinar þær, sem skólanum er ætlað að kenna, verða að sjálfsögðu að teljast upp í reglugjörðum þeirra. En vjer höfum viljað taka fram í þessu frumvarpi það, sem telja verður með helstu undirstöðuatriðum þjóðlegrar menningar, en það er móðurmál og saga landsins, þannig kent, að það veki og glæði þjóðernistilfinningu kvenna. Þá höfum vjer einnig viljað taka upp í frumvarpið, það sem að sama skapi væri mest um vert, að innræta húsmæðrum í verklegum efnum.

Dráttlist, söng og leikfimi höfum vjer og nefnt meðal sjálfsagðra verkefna skólans, en með fyrirvara á meðan eðlileg vanefni væru á að fullnægja því.

Við 4. gr.

Námsskeið hvert höfum vjer ekki að svo komnu viljað tiltaka lengra en einn vetur, eða sem næst sjö mánuðum. Ef til vill ætti námsskeiðið nú þegar að vera það lengra, að það byrjaði með slátrunartíma á hausti og endaði um það leyti, sem garðyrkjustörf byrja á vori; en í Norðurlandi er þetta oft lengri tími

en 7 mánuðir. En þetta fer einnig eftir því, hve löng hin verklegu aukanámsskeið verða, sem jafnframt eru ákveðin haust og vor, því þau verða að vera sett í samband við aðalnámsskeiðið sem haganlegast. Þau mega eigi skemri vera en 2—4 vikur hvort.

Við 5. gr.

Vjer höfum ekki viljað ákveða stærð skólanna meiri í byrjun, en hjer er gjört. En nauðsynlegt er, að haga bygging þeirra svo, að auðvelt sje að auka við þá, er þörf heimtar og efni leyfa, og ætti svo að vera um hvern nýbygðan skóla. Heimavistir er nauðsynlegt að hafa fyrir alla nemendur skólans, því heimangöngu-nemendur ættu þar fáir eða engir að vera. Fjelagsskapur um fæði með nemendum (og helst kenslukonum líka) virðist sjálfsagður; því þar er verkefnið fyrir matreiðslukensluna og fleira, er kenna þarf. Auk þess hefur sú tilhögun hingað til verið beinn og óbeinn hagnaður nemendum.

Við 7.—9. gr.

Þau ákvæði 9. gr. að lögin komi því að eins til framkv., að hjeruð leggi fram 15000 kr. hvorum skóla, eru miðuð að nokkru leyti við bændaskólana. Þeir voru stofnaðir og styrktir af hjeruðum, og gengu svo með öllum eignum sínum til landssjóðs, þá er hann tók þá að sjer. Að sama skapi er eðlilegt, að húsmæðraskólunum sje í byrjuninni lögð einhver fúlga frá hjeruðunum, sem að þeim sækja, og þá mest þeim, sem næst eru. Framlög þau verða þá aðalsönnun þess, að hlutaðeigendur vilji eitthvað verulegt til vinna, að fá þessar stofnanir.

Til nánari skýringar þessu máli leyfum vjer flutningsmenn oss, að láta hjer með fylgja frumskrá yfir samskonar skóla í Noregi og hjer er miðað við. Hann var stofnaður 1898 og hefur verið notaður af einni stúlku hjeðan af landi.

Frumskrá

fyrir »Den praktiske Jenteskole i Smaalenenes Amt« í Noregi.

1. gr.

Tilgangur skólans er, að gjöra húsmæður mentaðar og hagsýnar (praktiskar); í stuttu máli veita dætrum búandstjettarinnar tækifæri til að afla sjer bæði hinnar yfirgripsmeiri andlegu mentunar og notasællar kunnáttu í daglegum störfum.

2. gr.

Kenslan er bæði bókleg og verkleg.

A. Hin verklega kensla er í þessum greinum:
   1. Búr- og eldhússtörfum, bæði hinum vandaminni og hinum fínni. Sjerstaklega er kappkostað, að innræta hagsýni og sparsemi í þessum störfum, svo sem best hagar eftir staðháttum. Telst til þessa: Matreiðsla, sláturstörf, matvælageymsla, brauðbakstur grófari og fínni, súrsun, víngjörð (úr berjum og garðurtum) og ölgjörð. Ennfremur þvottur allskonar, sljettun línfatnaðar og fatasnið.
   2. Handavinna, sjerstaklega vefnaður, fatasaumur og fatasnið.
   3. Gripahirðing og mjólkurmeðferð.
   4. Fuglarækt.
   5. Garðyrkja.

B. Hinar bóklegu námsgreinar eru:
   1. Móðurmálið, þar í fólgið að gjöra skriflega grein fyrir því, sem numið er, ennfremur reikning og reikningsfærslu.
   2. Stutt ágrip af efnafræði, eðlisfræði og líffræðlisfræði, að því leyti sem þessar greinar notfærast við bústörfin.
   3. Húsdýrafræði og mjólkurmeðferð.
   4. Garðyrkjufræði.
   5. Heilsufræði.
   6. Söng og mentandi fyrirlestra, eftir því sem tími leyfir.

3. gr.

Nemanda hverjum eru ætlaðar að minsta kosti 3 stundir á dag til bóklegs náms.

4. gr.

Við skólann sje vel rekið sveitabú, og veitist nemendum þar tækifæri til að taka þátt í allri vinnu, er hefur þýðingu til verklegrar mentunar.

5. gr.

Nemendurnir hafi fult aðsetur á skólanum og hafi fæði á eigin fjelagsbúi. Taka því til skiftis þátt í störfum á fjelagsbúinu, og njóta til þess nauðsynlegrar tilsagnar og eftirlits. Nemendum, sem heima eiga mjög nálægt skólanum, er heimilt að hafa aðsetur heima hjá sjer, en þátt skulu þeir taka í máltíðum á skólanum. Nemendur leggi sjer til sængurföt og handklæði.

6. gr.

Nemendur þeir, er aðsetur hafa á skólanum, greiði fyrir fæði og húsnæði 150 kr. fyrir kensluskeiðið. Kenslan er ókeypis. Efnalausum nemendum veitist styrkur. Umsóknum um slíkan styrk fylgi vottorð frá »Ordförer« hjeraðsins um efnahag umsækjanda.

7. gr.

Kensluskeiðið er að minsta kosti 11 mánuðir, þar með talið 14 daga skólahlje að sumrinu.

8. gr.

Skólanum er ætlað að taka á móti 20 nemendum. Skilyrði um inntöku er að jafnaði: að hafa náð 18 ára aldri, ennfremur vottorð frá hlutaðeigandi presti um góða hegðun, frá barnaskólakennaranum um góða þekking í almennum námsgreinum, og loks vottorð um, að umsækjandi hafi eigi neina sjúkdóma eða sjerstaka móttækileika fyrir sjúkdóma.

9. gr.

Í lok hvers kensluskeiðs veitist hverjum nemenda vitnisburður frá kennurum skólans um kunnáttu og ástundun og sömul. alla hegðun á skólanum.

10. gr.

Stjórn amtsskólanna ræður kennara skólans. Hún semur reglugjörð skólans, skipar fyrir um skifting námsgreina, tímaskrá og kenslubækur og ákveður um inntöku nemenda á skólann, og hverjum veitist námsstyrkur, alt með ráði skólastjóra.

Nd. **100. Frumvarp**

til laga um stjórn landsbókasafnsins.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Stjórnarráðið hefur á hendi yfirstjórn landsbókasafnsins, skipar starfsmenn þess, sjer um hinn fasta sjóð þess, og auglýsir árlega reikning hans í Stjórnartíðindunum.

2. gr.

Skipa skal landsbókavörð með 3000 kr. árslaunum. Hann hefur á hendi daglega stjórn bókasafnsins og gegnir þeim störfum, sem stjórnarnefnd bókasafnsins hefur haft til þessa.

3. gr.

Skipa skal til aðstoðar tvo bókaverði; hinn fyrri hefur að árslaunum 1500 kr., en hinn síðari 1000 kr.

4. gr.

Ákvæðin um stjórn safnsins í stofnskrá 15. nóv. 1826 eru úr gildi feld.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Nd. **101. Frumvarp**
til laga um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Við Fiskiveiðasjóð Íslands, sem stofnaður er með lögum 10. nóvbr. 1905, skal setja á fót lánsdeild, til að veita aðgang að lánum gegn veði í fiskiskipum, veiðarfærum og öðrum eignum, er heyra til þess, að reka fiskiveiðar.

2. gr.

Sem tryggingarfje fyrir lánsdeild Fiskiveiðasjóðsins skulu vera 100,000 krónur af sjálfum Fiskiveiðasjóðnum. Landssjóðurinn ábyrgist, að þótt Fiskiveiðasjóðurinn fyrir einhver óhöpp kynni að verða minni en 100,000 krónur, þá skuli þó tryggingarfje þetta nema þeirri upphæð. Tryggingarfjeð, ásamt skuldabrjefum þeim, sem lánsdeildin fær frá lántakendum sínum, með þeirri samstaklegu (sólídarisku) ábyrgð, sem síðar getur um, svo og allar aðrar eignir hennar, eru því til tryggingar, að lánsdeildin fullnægi skuldbindingum sínum.

3. gr.

Lánsdeild Fiskiveiðasjóðsins getur gefið út vaxtabrjef, er hljóða upp á handhafa, en geta orðið skrásett upp á nafn. Upphæð þeirra samtals má eigi fara fram úr fimmfaldri upphæð tryggingarfjárins og varasjóðsins til samans. Eigi heldur má nokkru sinni vera í umferð manna á milli stærri upphæð af vaxtabrjefum þessum, en upphæð skuldabrjefa þeirra, sem lánsdeildin á.

4. gr.

Fje lánsdeildarinnar skal lána út gegn veði í íslenskum skipum, veiðarfærum, fasteignum og öðrum eignum hjer á landi, sem notuð eru til fiskiveiða eða til að gjöra aflann að verðmætri vöru. Til frekari tryggingar má einnig heimta, þegar þörf þykir á, persónulega ábyrgð, sjerstaklega fyrir því, að veðin sjeu fyrir hendi.

Ekki má lán út á nokkurt einstakt veð nema meiru en 40,000 kr., og eigi meiru en helmingi af upphæð þeirri, sem veðið er vátrygt fyrir í vátryggingarfjelagi, er stjórnarráðið tekur gilt. Veðsetja skal einnig vátryggingarupphæðina. Lána má gegn öðrum veðrjetti, þótt veðið sje veðsett með fyrsta veðrjetti opinberum sjóði, þó svo að lánsupphæðirnar samtals fari ekki fram úr hálfvirði veðsins.

Stjórn lánsdeildarinnar skal nákvæmlega gæta þess, að taka ekki sem gilt veð þær eignir, sem búast má við að missi söluverð sitt, áður en lánið er að fullu endurborgað, og eigi má heldur taka sem gilt veð skip eða eignir, sem eru svo lagaðar, að þær hafa ekki reynst arðvænlegar hjer á landi.

5. gr.

Lántakendur ábyrgjast, auk þeirrar upphæðar, er þeir á hverjum tíma

skulda, jafnframt samstaklega (in solidum) aðrar skuldbindingar lánsdeildarinnar, þó eigi með meiri upphæð en 10% af því, sem lán þeirra var upphaflega. Nú hrekkur varasjóður lánsdeildarinnar ekki til að borga skaða, er hún hefur orðið fyrir, og skal þá, áður en gripið er til tryggingarfjárins, jafna niður á lántakendur aukagjaldi til varasjóðsins, svo sem þörf er á til að bæta skaðann.

Niðurjöfnunin skal vera í hlutfalli við hinar upphaflegu upphæðir lánanna, og má ekki nema meiru samtals en 10% af þeim. Eftir ákvörðun stjórnar lánsdeildarinnar má skifta henni niður á fleiri eða færri ár.

Þegar lán er borgað að fullu, má eigi veita viðurkenningu fyrir því, nema með þeim fyrirvara, að lánsdeildin hafi rjett til að grípa til hinnar samstaklegu (sólidarisku) ábyrgðar; en ekki síðar en reikningsskilum fyrir næsta ár er lokið, skal stjórn lánsdeildarinnar skýra frá, hvort og að hve miklu leyti taka þurfi til ábyrgðar þessarar. Veðskuldabrjefið má þó afmá, þegar lánið er endurborgað, ef önnur trygging er sett fyrir hinni samstaklegu (sólidarisku) ábyrgð.

Verði þörf á því, að grípa til tryggingarfjárins til að fullnægja skuldbindingum lánsdeildarinnar, skal endurborga það jafnskjótt og hagur lánsdeildarinnar leyfir það.

6. gr.

Þeir, sem fengið hafa, eða ætla að fá, lán úr lánsdeildinni, hafa rjett til að fá að sjá, hverjir hafa fengið lán hjá lánsdeildinni og hverja tryggingu þeir hafa sett fyrir lánum sínum.

7. gr.

Lán þau, sem lánsdeildin veitir, hefur hún heimild til að borga út í vaxtabrjefum eftir ákvæðisverði þeirra, en stjórn lánsdeildarinnar er skyld til, ef lántakandi óskar þess, að koma vaxtabrjefunum í peninga, án þess að hann þurfi að borga annað en beinan kostnað.

8. gr.

Þegar lán er veitt, skal halda eftir af upphæð þess, sem tillagi til kostnaðar og varasjóðs, $^1/_2$% af hinni upphaflegu upphæð lánsins fyrir hvert ár, þangað til því á að vera að fullu lokið. Annað gjald til kostnaðar og varasjóðs borga lántakendur ekki, sbr. þó 5. gr.

9. gr.

Í reglugjörð fyrir lánsdeildina, er stjórnarráðið semur, skal gjöra frekari ákvæði að því er snertir lánsdeildina, þar á meðal tryggilegar reglur um eftirlit með því, hvernig veðunum er haldið við. Leggja má fyrir sýslumenn og sveitarstjórnir, að veita stjórn lánsdeildarinnar aðstoð, er hún kynni að óska eftir, í tilliti til skoðunar og virðingar á eignum þeim, er menn ætla að setja að veði fyrir láni úr lánsdeildinni. Enn fremur eru stjórnir innlendra vátryggingarfjelaga skyldar að gefa skýrslur og yfirlýsingar að því er veðin snertir.

Í reglugjörðinni fyrir lánsdeildina skal setja reglur um, að lánin falli til útborgunar, ef tryggingin fyrir þeim minkar, um, að lánin skuli vera óuppsegjanleg og um árlegar afborganir. Hvert lán skal vera borgað að fullu inn-

an 15 ára frá því það var tekið. Frest má veita einstök ár á afborgunum, ef stjórn lánsdeildarinnar þykir ástæða til, þó svo, að lánið sje að fullu endurborgað á þeim tíma, sem upphaflega var ákveðinn, þó má, ef sjerstaklega stendur á, lengja afborgunartíma frá því, sem upphaflega hefur verið ákveðið, — alt að 15 árum alls — en þá ber að greiða tillag til kostnaðar og varasjóðs fyrir þau ár, er við bætast. Allar afborganir til lánsdeildarinnar hafa lántakendur rjett til að greiða með vaxtabrjefum lánsdeildarinnar eptir ákvæðisverði.

10. gr.

Öllum afborgunum af lánum skal varið til að innleysa vaxtabrjef þau, er lánsdeildin hefur gefið út. Vaxtabrjef má innleysa annaðhvort með því, að kaupa vaxtabrjef, eða með útdrætti, sem notarius publicus sjer um. Númer þeirra vaxtabrjefa, sem þannig kynnu að verða dregin út, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara.

Nú glatast vaxtabrjef lánsdeildarinnar, sem nafnskráð er í bókum hennar, og getur þá stjórn lánsdeildarinnar innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í því blaði á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur stjórn lánsdeildarinnar útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt vaxtabrjef með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er vaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir gjört kröfu á hendur lánsdeildinni.

Um ógilding annara vaxtabrjefa lánsdeildarinnar fer eftir almennum lögum.

11. gr.

Þegar lánið er komið í gjalddaga, hefur lánsdeildin rjett til þess, ef veðið er fasteign, að láta selja veðið við opinbert uppboð án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, eftir reglum þeim, sem settar eru í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, dags. 18. febr. 1847, 10. gr., eða, ef þörf er á, að láta leggja lánsdeildinni það út til eignar. Veðsettum fiskiskipum og öðru veðsettu lausafje getur lánsdeildin gengið að og látið gjöra fjárnám í, hvar sem veðið er, eins og sátt hefði verið gjörð um skuldina. Lánsdeildin þarf ekki að láta neinn mæta fyrir sína hönd við uppboðið eða fjárnámið, og mótmæli skuldunauts verða þar ekki tekin til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á fullum rökum bygð, og eigi verður heldur uppboðinu eða fjárnáminu frestað með neinni áfrýjun. Aftur á móti ber lánsdeildin ábyrgð á því, að krafa hennar sje rjett og að hún sje komin í gjalddaga, og skuldunautur getur, ef hann vill, höfðað mál á móti henni til að fá endurgoldið alt það tjón, sem hann kann að hafa beðið við uppboðið eða fjárnámið, sem og málskostnað skaðlaust.

Rjett er, að lánsdeildin semji svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðum megi halda á skrifstofu uppboðshaldara.

Ákvæði greinar þessarar gildir einnig um lán úr Fiskiveiðasjóði Íslands.

12. gr.

Verja má fje ómyndugra og opinberra stofnana, þar á meðal viðlaga-

sjóðs landssjóðsins, til að kaupa vaxtabrjef lándsdeildarinnar, en þó eigi fyrir hærra verð, en ákvæðisverð eða gangverð, ef það nær ekki ákvæðisverði.

13. gr.

Stjórn sjóðsins skulu 2 menn hafa á hendi, er stjórnarráðið skipar, og skal að minsta kosti annar þeirra hafa fengist við að reka fiskiveiðar. Verksvið þeirra skal nánar ákveða í reglugjörðinni.

Landsbankinn skal hafa á hendi reikningsstörf og gjaldkerastörf lánsdeildarinnar.

Til borgunar fyrir störf við lánsdeildina má verja alt að 1500 kr. á ári, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugjörðinni.

14. gr.

Fiskiveiðasjóður Íslands skal greiða tillag til lánsdeildarinnar 2000 kr. fyrsta árið og 1000 kr. á ári í næstu 4 ár.

15. gr.

Reikninga lánsdeildarinnar skal auglýsa í Stjórnartíðindunum. Að öðru leyti fer um reikning lánsdeildarinnar á sama hátt, sem um reikning Fiskiveiðasjóðsins.

16. gr.

Eigi síðar en 1913 skal landsstjórnin leggja fyrir alþingi frumvarp til laga viðvíkjandi framhaldi á útlánsstarfi því, er um ræðir í lögum þessum, ásamt skýrslu um reynslu þá, er þá er fengin um það. Eftir árslok 1913 má eigi veita nein ný lán úr lánsdeild Fiskiveiðasjóðsins, nema það hafi verið heimilað með nýjum lögum.

Nd. **102. Breytingartillaga**

við breytingartillögu (þingskjal 96) við frv. til laga um forstjórn landsímanna.

Flutningsmaður: Ólafur Briem.

Við 1. gr.

1. Fyrir 3500 komi: 3000.
2. — 1500 — 2000.

Nd. **103. Viðaukatillögur**

við frumvarp til laga um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905 og skipan milliþinganefndar.

Flutningsmaður: Ólafur Briem.

Við 2. gr. 2. tölul. Á eftir »aðflutningsgjald« komi: og útflutningsgjald.

— - — Á eftir 2. tölul. bætist inn nýr liður:

3. hvort haganlegt muni vera að breyta gildandi ákvæðum um sveitagjöld og gjöld til prests og kirkju.

Nd. **104. Frumvarp**

til laga um forstjórn landsímanna.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Skipa skal forstjóra fyrir símamálefni landsins; hann stendur beint undir stjórnarráðinu. Ráðherrann ákveður starfsvið hans. Hann hefur í árslaun 3500 krónur. Konungur veitir það embætti.

Verði embætti þetta veitt þeim manni, sem nú hefur forstjórn landsímanna á hendi, veitist honum persónuleg launaviðbót 1500 kr. á ári.

2. gr.

Til aðstoðar á aðalskrifstofu landsímanna veitast 3000 kr. á ári. Tölu starfsmanna við landsímana ákveður stjórnarráðið. Laun þeirra eru ákveðin með fjárlögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Nd. **105. Frumvarp**

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874 með áorðnum breytingum samkvæmt stjórnarskipunarlögum 3. oktbr. 1903 og lögum nr. 41, 20. oktbr. 1905.

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen. Ólafur Ólafsson. Björn Kristjánsson. Magnús Andrjesson. Ólafur Briem. Ólafur Thorlacius. Stefán Stefánsson, þm. Skgf. og Einar Þórðarson.

1. gr.

Í 2. gr. stjórnarskipunarlaganna skulu orðin »í ríkisráðinu« falla burt.

2. gr.

Í 5. gr. laganna skal í stað orðanna »annaðhvort ár« koma: ár hvert.

3. gr.

Í 14. gr. laganna skulu 3 fyrstu málsgreinar hljóða þannig:

Á alþingi eiga sæti 36 þjóðkjörnir alþingismenn. Tölu alþingismanna má breyta með lögum. Kosningar alþingismanna gilda venjulega fyrir 3 ára tímabil.

4. gr.

Í 15. gr. laganna breytast tölurnar »14« og »26« í: 12. og 24.

5. gr.

Á 16. gr. laganna verða þessar breytingar:

Fyrsta málsgrein falli burt.

Önnur málsgrein orðist þannig:

Þingmenn í efri deild kýs alþingi í heild sinni með hlutfallskosningu fyrir allan kjörtímann, í fyrsta sinn, er það kemur saman, eftir að nýjar kosningar hafa farið fram.

Í 3. málsgrein skulu orðin »sem þjóðkjörnir alþingismenn sitja í« og »meðal þjóðkjörnu þingmannanna« falla burt.

6. gr.

17. gr. laganna skal hljóða þannig:

Kosningarrjett til alþingis hafa allir karlar og konur, sem eru fullra 25 ára, þegar kosningin fer fram.

Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sje fjár síns ráðandi, og honum hafi eigi verið lagt af sveit síðustu 5 ár, eða hafi hann þegið sveitarstyrk á þeim tíma, að hann þá hafi endurgoldið hann eða honum hafi verið gefinn hann upp.

Giftar konur hafa kosningarrjett, þótt þær sjeu ekki fjár síns ráðandi vegna hjónabandsins, ef þær að öðru leyti fullnægja áðurgreindum skilyrðum fyrir kosningarrjetti.

7. gr.

18. gr. laganna skal breytt svo sem hjer segir:

Í 1. tölul. skulu orðin »eða að öðru leyti er í þjónustu þess« falla burt.

Í 2. tölul. skal fyrir »Danaveldi« koma: Danakonung.

3. tölul. falli burt.

8. gr.

Í 25. gr. laganna skal í stað orðanna »fyrir tveggja ára fjárhagstímabil, sem í hönd fer« koma: fyrir næsta ár.

9. gr.

Á 26. gr. laganna verða þessar breytingar:

Fyrir »hina árlegu reikninga« komi: hinn árlega reikning.

Upphaf síðustu málsgreinar orðist þannig: Reikninginn skal leggja fyrir alþingi o. s. frv.

10. gr.

Um leið og lög þessi eru staðfest, getur konungur gefið út, sem stjórnarskrá Íslands, texta stjórnarskrárinnar 5. janúar 1874 með þeim breytingum, sem stjórnarskipunarlög þessi innihalda, og með áorðnum breytingum samkvæmt stjórnarskipunarlögum 3. oktbr. 1903 og lögum nr. 41, 20. oktbr. 1905.

Nd.

106. Nefndarálit

um frumvarp til laga um útflutning hesta.

Nefndin telur nauðsynlegt, að reynt sje að ráða bót á annmörkum þeim, sem nú eru á útflutningi hesta og álítur rjett, að löggjafarvaldið styðji þá viðleitni á líkan hátt og farið er fram á í frumvarpi þessu.

Að því er snertir einstök ákvæði, virðist of langt farið að banna útflutning skjóttra hrossa, því að þótt þau sjeu verðminni, er varla hægt að staðhæfa, að þau spilli fyrir sölu annara hrossa, enda ætti verðmunurinn að vera næg hvöt til að útrýma skjótta litnum,

Sömuleiðis þykir varhugavert, að leggja algjört bann við útflutningi hrossa, sem eru 3 vetra að aldri, ef þau eru efnileg og bráðþroska. Að vísu er allmikið vandhæfi á, að gjöra þar rjettan og sanngjarnan greinarmun, en þó virðist ekki nein frágangssök, að ætla það hinum skipuðu umsjónarmönnum.

Enn fremur eru skiftar skoðanir um það, hvort rjett sje að banna flutning hrossa á þilfari um hásumarið, þegar síst er að óttast ósjó og illviðri, með því það er vitanlegt, að með góðum umbúnaði getur að sumu leyti farið betur um hrossin þar, en niðri undir þiljum.

Ákvæði 2. gr. um vatnsheldar jötur virðist mega sleppa úr lögunum, en að því leyti sem það álítist hentugt, mætti taka það upp í reglugjörð þá, sem um er rætt í 4. gr.

Á hinn bóginn vantar í frumvarpið ákvæði um, að hross þau, sem útflutt eru, sjeu bandvön. Á þetta leggur nefndin mikla áherslu, með því að leiðitöm hross eru þægari í útskipun og allri meðferð, og koma kaupendum í útlöndum betur fyrir sjónir.

Þar sem svo er ákveðið í frumvarpinu, að lögin öðlist gildi 1. janúar 1910, virðist það alt of langur dráttur á framkvæmd laganna, enda verður ekki sjeð neitt því til fyrirstöðu, að þau nái gildi ári fyr.

Samkvæmt framanrituðu leggur nefndin það til, að frumvarpið verði samþykt með þessum breytingum.

1. Við 1. gr. Fyrri liður orðist þannig:

Á erlendan markað má ekki flytja mögur hross og illa út-

lítandi, glaseygð, glámótt, meidd, hölt, eða með öðrum verulegum lýtum og göllum.

Enn fremur er bannað að flytja til söln á útlendum markaði yngri hross en 4 vetra og eldri en 10 vetra. Hross 3 vetra má þó flytja út, ef þau eru stór og falleg útlits.

Öll hross, sem útflutt eru, skulu vera tamin eða að minsta kosti bandvön.

2. — 2. gr. Aftan við aðra málsgrein bætist: á öðrum tíma árs en frá miðjum júní til ágústmánaðarloka.

3. — 2. — Fjórða málsgrein (»Jötur skal hafa« o. s. frv.) falli burt.

4. — 2. — Fyrir orðin í fimtu málsgrein »skal strá sandi« komi: skal strá hálmi eða sandi.

5. — 2. — Síðari liður orðist þannig:

Á hverju skipi, er flytur hross til útlanda, skal vera hentugur útbúnaður við fóðrun hrossanna og vötnun. Hrossunum skal ætla nægilegt fóður og vatn á leiðinni, og má fóður ekki vera minna en 10 pund af góðu heyi á dag fyrir hvern hest, miðað við áætlun skipsins, eða sem því svarar í öðru fóðri.

6. Við 3. gr. Fyrir orðin í annari málsgrein »með minst viku fyrirvara« komi: með nægum fyrirvara.

7. — 3. — Í stað orðanna í síðustu málsgrein »skal það fje veitt« komi: skal fje til þess veitt.

8. — 6. — Fyrir ártalið »1910« komi: 1909.

Alþingi, 18. júlí. 1907.

Pjetur Jónsson formaður. Ólafur Briem skrifari og framsögum.

Hermann Jónasson.

Nd. **107. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um veð í skipum.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og er það samdóma álit nefndarinnar, að það feli í sjer nauðsynlega rjettarbót. — Ákvæði frumvarpsins miða til þess, að gjöra veðrjett í skipum og verðmætum bátum tryggilegri með því, að láta um veðsetningar á þeim og eignarhöft gilda sviplíkar reglur, eins og þær, er nú gilda um fasteignir, og með því að ákveða, að slíkra eignarhafta, auk þess sem þau verða tilfærð í hinum almennu veðmálabókum umdæmanna, skuli einnig getið í blaðsíðu eða dálki skipsins í skrásetningabókunum, þar sem skipið er skrásett að eiga heima. Þetta eru meginatriði frumvarpsins, og eru þau mjög þýðingarmikil rjettarbót.

Að því er einstök atriði snertir í frv., hefur nefndin komið sjer saman um nokkrar breytingar, sem eigi raska í neinu aðaltilgangi frumvarpsins og snerta fremur orðalag en efni. Um þessar breytingartillögur, sem ítrari grein verður gjörð fyrir í framsögu málsins, skal þetta tekið fram:

1. Nefndin telur ákvæðið í 2. málsgr. 1. gr. óþarft. — Skip, sem eru 30 tonn brúttó, munu aldrei vera innfærð á skipaskrá, nema þjóðernis- og eignaryfirlýsing sje afhent skrásetningarskrifstofunni um leið og skrásetningar er beiðst. En þá virðist óþarft að heimta slíka yfirlýsing með afsalinu sjerstaklega, og hið sama virðist og, þegar um síðari eigendaskifti er að ræða, sbr. lög 13. des. 1895 18. gr. 1. lið. — Það mun alls eigi hafa verið tilætlunin með þessu ákvæði, að heimta slík skilríki við afsöl á skipum 30 tonn brúttó eða minni, sem færð eru á (viðauka-)skipaskrána, en um hin stærri skip er það skrásetningarskrifstofan, sem heimtar öll skilríki, og fyrri en þau eru í lagi, virðist ekki mögulegt að veðsetja skipið, án þess þá að gjörð verði athugasemd um heimildarbrest.

   Í 9. gr. frv. er það tekið fram, sem alment ákvæði, að lögin gildi að eins um skip og báta af ákveðinni stærð, og það ákvæði má því falla burt úr 1. gr.

   Að öðru leyti en þessu, eru breytingartillögur nefndarinnar við 1., 2. og 3. gr. frv. að mestu leyti orðabreytingar.
2. 6. gr. frv. virðist mega falla burtu þar sem ákvæðið um forgangsrjett veðskuldar felst í 1. gr.
3. Frest þann, er settur er í 8. gr., telur nefndin of stuttan, og leggur til, að hann sje ákveðinn tólf mánuðir.
4. Eins og kunnugt er, hefur mótor- og vjelabátum fjölgað mjög hin síðari ár, en allflestir þeirra munu vera minni, en 8 tonn brúttó. Nefndin leggur því til, að ákvæði laganna nái til báta, sem eru 5 tonn brúttó eða meir, með það sjerstaklega fyrir auga, að þau geti náð til hinna smærri vjelabáta, er mikið verðmæti er falið í.

Breytingartillögur nefndarinnar eru því þessar:

1. 1. gr. orðist þannig:
   Þinglestur brjefa, er snerta heimildir fyrir eða eignarhöft á skipum og bátum, sem skrásett eru hjer á landi, skal fara fram þar, er skipið er skrásett að eiga heima.

   Um þýðing og gildi veðrjettarins og þinglestursins fer eftir almennum fyrirmælum laganna um veð í fasteignum.

   Innrita má slík heimildar- eða eignarhaftsbrjef eftir tilsk. 24. apríl 1833, 4. gr. og opnu brjefi 28. apríl 1841.
2. 2. gr. orðist þannig:
   Á blaðsíðu skipsins í skipaskrá umdæmisins skal getið þeirra heimildarskjala, veðsetninga og eignarhafta, er þinglesin hafa verið viðvíkjandi skipum. — Að því er snertir skip og báta, er eigi standa á skipaskrá, skal þinglesturs getið á dálki skipsins eða bátsins á fiskiskipaskránni.
3. 3. gr. falli burt.
4. 6. gr. falli burt.
5. Við 8. gr.:
   Í stað »þriggja« komi: tólf.
   Í stað »skrásetningarskyldum« komi: skrásettum.

6. Við 9. gr.
Í stað »8 — átta —« komi: »5 — fimm —«.

Neðri deild alþingis, 17. júlí, 1907.

Skúli Thoroddsen	Guðl. Guðmundsson
formaður.	skrifari og framsm.

M. J. Kristjánsson.

Ed. **108. Nefndarálit**
í málinu frumvarp til laga um lausamenn og þurrabúðarmenn.

Vjer, sem hin háttv. efri deild kaus í nefnd til þess að segja álit vort um mál þetta, höfum íhugað það og rætt á nokkrum fundum, og er álit vort á þessa leið:

Eins og sjá má á athugasemdunum aftan við frumvarpið, er það lítið annað en samsteypa á þremur lagaboðum, sem gilt hafa að undanförnu, nefnil. tilskipun um lausamenn og húsmenn 26. maí 1863, lögum um þurrabúðarmenn 12. jan. 1888 og lögum 2. febr. 1904 um breyting og viðauka við fyrtalda tilskipun.

Þó má geta þess, að tvær breytingar eru gjörðar á tjeðum lagaboðum í frumvarpi þessu, og má telja verulegasta þá, að samkv. því útheimtist ekki leyfi sveitarstjórnar til þess að þurrabúðarmaður eða húsmaður geti sett sig niður sem slíkur, í hvaða hreppi, er hann óskar.

Annað er það, að slept er ákvæðinu um vissa eigna-upphæð, sem þurrubúðarmaður þurfi að eiga, sem skilyrði fyrir því, að mega setjast að í þurrabúð.

Vjer viljum ekki leyna því, að vjer föllumst á hina fyrtöldu og stærri breytingu með nokkru hiki, því það er augljóst, að með henni er kipt af sveitarstjórnum valdi, sem með skynsamlegri og sanngjarnri notkun verður að teljast talsvert þýðingarmikið fyrir hag hvers hreppsfjelags, og vjer teljum líklegt, að mörgum sveitarstjórnum muni finnast, að þingið með þessu ræna sig rjetti, er þeim beri sem forsjármönnum sveitanna.

En þegar þess er gætt:

1. *að* margar sveitarstjórnir og í mörgum tilfellum hafa alls ekki notað sjer þennan rjett, og á stundum alls ekki verið spurðar um hann;
2. *að* sumar af þeim, sem hafa notað hann, hafa beitt honum á stundum óheppilega;
3. *að* við það, að taka þennan rjett af sveitarstjórnum, þá eru þær um leið losaðar við þunga ábyrgð, sem því fylgir, að játa eða neita slíkri búsetu eða atvinnurekstri, og
4. *að* þessi rjettur sveitarstjórna geti verið og verði á stundum óheppilegt haft á atvinnufrelsi manna, þá verður nefndin að fallast á þessa breytingu.

Hvað viðvíkur þeirri breytingu, að afnema sem skilyrði fyrir þurrabúðarmensku ákveðna eignaupphæð, þá verðum vjer eindregið að vera því meðmæltir, þar sem það er augljóst og einnig sannað af reynslunni, að menn geta

sýnt slík skilríki, enda þótt engar skuldlausar eignir sjeu í raun og veru til. Einnig mun þessu ákvæði hafa verið miður vel fylgt á mörgum stöðum, og loks má geta þess, að meira er komið undir öðrum ástæðum manna og hæfileikum, en því einu, hvort eignir upp á 400 krónur eru fyrir hendi.

Vjer vitum dæmi til þess, að margir á 20—22 ára aldri vilja vera lausir undan vistarskyldu og mörgum af þeim hefur tekist það með yfirhilmingu og í beinu trássi við lögin, með fram af því, að menn hafa vorkent þeim það, að geta ekki fengið lausnina fyrir peninga.

Þetta hefur vanið þá við ólöghlýðni í nokkur ár, svo að þegar aldurstakmarkið hefur verið fengið, þá hafa þessir menn verið orðnir svo vanir við þessi undanbrögð frá lögunum, að þeim hefur ekki virst úr því ástæða til þess að kaupa leyfið, þó þeir hefðu verið fúsir til þess í upphafi lausamenskunnar.

Vjer leggjum því til, að aldurstakmarkið sje fært niður í 20 ára aldur. Af þessari breytingu leiðir, að vjer sjáum ekki, að ákvæðin í 3. gr., að því er snertir ekkjumenn og ekkjur, sjeu nauðsynleg. Því viðvíkjandi, að menn fái að vera lausir, þótt yngri sjeu, ef þeir hafa 1 hndr. á landsvísu í ársarð af eignum sínum, þá sjáum vjer ekki ástæðu til þeirrar undanþágu, því síður, sem aldurstakmarkið er lægra, og þegar það er athugað, að einmitt þeir menn eiga ljettara með að kaupa leyfið, en hinir, sem ekkert eiga.

Vjer leggjum því til, að 3. gr. falli burtu.

Vjer álítum síðustu setninguna í 8. gr. óþarfa endurtekningu og leggjum því til, að hún verði feld aftan af.

Það er bæði nokkuð hart ákvæði, að sekta húsráðendur fyrir það, þó þeir hýsi ólöglegan lausamann lengur en 3 nætur, og í annan stað getur oft verið, að húsráðanda sje alls ekki vitanlegt, hvort maðurinn er í ólöglegri lausamensku, og einnig geta verið deildar meiningar um það, hvort hýsingin sje að nauðsynjalausu eður eigi. Reynslan hefur líka sýnt, að þetta ákvæði hefur aldrei komist lengra, en á pappírinn.

Vjer leggjum því til, að síðari málsgrein 12. greinar verði feld burtu.

Vjer álítum ekki ástæðu til að gjöra mun á því, hvort húsráðandi tekur húsmann í sín eigin hús, sem getur verið sveitabær, eða lætur hann fara í þurrabúð, þegar um vöntun á fullnægjandi skilyrðum er að ræða, og því viljum vjer breyta nokkuð orðuninni á síðari málsgrein 14. greinar.

Með því að vjer álítum til stórra heilla, bæði fyrir þurrabúðarmennina sjálfa og þjóðfjelagið í heild, að þeir fái sem mest land til ræktunar og sjeu knúðir til framkvæmda í því efni, þá leggjum vjer til, að hver þurrabúðarmaður fái í minsta lagi eina túndagsláttu til ræktunar. Vjer sjáum ekki ástæðu til þess, að skylda þurrabúðarmenn til þess, að hafa matjurtagarð á lóð þessari, heldur sjeu þeir látnir ráða sjálfir, hverja ræktun þeir hafa á bletti þessum, með því að á mörgum stöðum landsins má telja garðræktina mjög svo óvissa til afraksturs.

Vjer getum búist við, að í þjettbýlum og landlitlum sjóplássum geti komið fyrir, að ein túndagslátta þyki helst til stór lóð, eins og líka, að hún má teljast alt of lítil, þar sem landrými er nóg og sjóarafurðir litlar, en komi þetta fyrir, þá eru ákvæði 19. greinar, sem geta bætt úr þessum vankvæðum, með undantekningu í báðar áttir.

Þar eð reynslan hefur sýnt það, að mjög óvíða hefur verið fylgt ákvæðunum í lögunum um þurrabúðarmenn, sem tekin eru upp í 16.—17. og

18. gr, frumvarpsins, en sem þó verða að teljast mjög þýðingarmikil og miða til heilla fyrir þjóðfélagið, og að þessi yfirtroðsla laganna hefur getað gengið svo víða og lengi, stafar af því, að menn hafa getað látið þetta ástand liggja í þagnargildi og flestir af þurrabúðarmönnum vita ekki rjett sinn eða skyldur í þessu efni, þá viljum vjer leggja til, að hreppstjórum verði gjört að skyldu, að gefa sýslumanni árlega skýrslu um þurrabúðarmenn í hrepnum, og sje sú skýrsla gjörð eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur. Á skýrslu þessari ætlumst vjer til að sjáist, hvort ákvæðum þessum sje fylgt, með fleiru, sem getur orðið fróðlegt í hagfræðislegu tilliti, svo sem um leigumála, rjett til annara landsnytja o. fl. Vjer göngum svo út frá því sem vísu, að sýslumenn skoði skyldu sína, að halda mönnum til þess, að fullnægja ákvæðum laganna, og vera þeim leiðbeinandi í því efni, þegar skýrslurnar bera með sjer misbrest í því tilliti.

Loks finst oss lágmarkið á sektum fyrir brot gegn lögum þessum vera helzt til lágt, 1. kr., þar sem 100 kr. eru þó hámarkið. Vér viljum því færa lágmarkið upp í 2 krónur.

Samkvæmt framan sögðu leggjum vjer til, að frumvarp þetta verði samþykt með eftirfylgjandi breytingum:

1. Við 2. gr. Í stað »22. ára« komi: 20 ára.
2. — 3. — Greinin falli burt og greinatalan breytist eftir því.
3. — 8. — Orðin »ef hann gefur lögreglustjóranum það til vitundar« (aftast í greininni) falli burt.
4. — 12. — Síðari málsgrein falli burtu.
5. — 14. — Í stað orðanna í síðari málsgrein »húsmann þann tekur í þurrabúð« komi: húsmann eða þurrabúðarmann tekur.
6. — 16.a. — Í staðinn fyrir »400« komi: 900. Orðin »að meðtöldum matjurtagarði — þurrabúð« falli burt.
7. — 20. — Í stað »1—100« komi: 2—100.
8. — 20. — Eptir fyrri málsgrein komi ný málsgrein svo hljóðandi:

Fyrir lok hvers árs skulu hreppstjórar gefa sýslumönnum skýrslur um þurrabúðarmenn í hreppum þeirra og jafnframt upplýsingar um, hvort fyrirmælum 16.—18. greinar í lögum þessum sje fylgt. Skulu skýrslur þessar gjörðar eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur.

Alþingi, 19. júlí, 1907.

Steingrímur Jónsson (formaður). Guðjón Guðlaugsson (skrif. og framsm.)

Sigurður Stefánsson.

Nd. **109. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905 og skipun milliþinganefndar.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

Flutningsmenn: Árni Jónsson. Magnús Andrjesson. M. J. Kristjánsson. Stefán Stefánsson Eyf. Hannes Þorsteinsson. Eggert Pálsson.

1. Við 2. gr.: Í staðinn fyrir: »7« í 1. línu greinarinnar komi: »5«.
2. — 3. gr.: Í staðinn fyrir: »4« og »tvo« í 1. línu greinarinnar komi: »3« og »1«.

Nd. **110. Frumvarp**

til laga um vitagjald af skipum.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrir hvert skip, að undanskildum herskipum og skemtiskútum, er legst á höfn einhversstaðar á Íslandi, skal greiða í vitagjald 20 aura fyrir hverja smálest (tonn) af rúmmáli skipsins.

Gjaldið skal greitt á þeirri höfn, sem skipið kemur fyrst á.

Skip, sem að eins eru höfð til innanlands siglinga, greiða vitagjald að eins einu sinni á ári; önnur skip greiða vitagjald í hvert skifti, sem þau koma í höfn á Íslandi frá útlöndum.

Íslensk fiskiskip eru undanþegin vitagjaldi; þó skulu þau greiða gjaldið, ef þau koma frá útlöndum.

Ráðherra Íslands hefur heimild til að semja við stjórnir annara rikja um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gjörð út til fiskiveiða hjer við land.

2. gr.

Vitagjaldið rennur í landssjóð og skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans innheimta það gegn löglegri kvittun. Skyldur er skipstjóri að sýna lögreglustjóra eða umboðsmanni hans dagbók skipsins.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða skipstjóra 10—200 kr. sektum til landssjóðs að svo miklu leyti sem atferli skipstjóra á ekki að sæta þyngri hegningu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1909, og frá sama tíma eru lög um vitagjald af skipum frá 10. okt. 1879 úr gildi numin.

Nd. **111. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 4. mars 1904 um stofnun lagaskóla.

Flutningsmaður Guðl. Guðmundsson, Guðm. Björnsson, Pjetur Jónsson.

Fyrir 2400 kr. komi 2800 krónur.

Orðin »Aukakennara við skólann getur stjórnarráðið skipað með 1800 kr. launum« falli burt.

Nd. **112. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um vitagjald af skipum.

Flutningsmaður: Jóhannes Ólafsson.

2. grein frumvarpsins orðist þannig:

Vitagjaldið rennur í landssjóð, og skal lögreglustjóri, eða sá maður (hreppstjóri eða umboðsmaður sýslumanns), sem hefur á hendi afgreiðslu útlendra skipa á staðnum, innheimta það gegn löglegri kvittun. Af fiskiskipum ber innheimtumanni 20% af gjaldi þessu.

Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni dagbók skipsins.

Ed. **113. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingar á póstlögum 13. sept. 1901.

Nefndin er öll á einu máli um það, að breytingar þær, sem felast í frv., sjeu til verulegra bóta og vísar um það til athugasemdanna við frv. Þó hafa breytingartillögur nefndarinnar orðið nokkuð margar, en fæstar af þeim eru efnisbreytingar.

Nokkrar af breytingunum miða til þess, að laga bersýnilegar ógátsvillur, sem slæðst hafa inn í frv. T. d. hefur gleymst í frv., að taka það fram, að póststjórnin ákveði, hvenær og hvernig póstkröfuviðskifti geti byrjað innan lands; er það lagfært í 3. breytingartillögu vorri (breytingin við 4. gr. póstlaganna). Enn fremur hefur gleymst að laga tímatakmarkið, að því er snertir burðargjald fyrir blöð og tímarit að vetrarlagi og á sumrum, í samræmi við samskonar ákvæði um mismunandi burðargjald eftir árstíma fyrir bögla. Þetta er lagað í 4. breytingartillögu aftast (sbr. frv. 2. gr., 4. lið). Sömuleiðis stafar það eflaust af ógáti, að frv. lætur 29. gr. póstlaganna, um, að lögin öðlist gildi 1. júlí 1902, standa óhaggaða. Er það leiðrjett í 8. breytingartillögu.

Flestar af breytingartillögunum miða til þess, að greiða götu nýmælanna um metramæli og vog, sem bráðum munu verða samþykt af þinginu, með því, að taka upp í lögin hinar nýju vogareiningar, en þó hefur oss þótt rjett, að láta gömlu vogareiningarnar standa enn um sinn við hliðina á hinum nýju í svigum.

Loks virðist það ekki eiga vel við í endurskoðaðri útgáfu póstlaganna,

að eigna þau störf landshöfðingja, sem nú eru ætluð stjórnarráði. Til að laga þetta höfum vjer komið fram með tvær breytingartillögur (1. og 6.).

Nefndinni hefur borist erindi til alþingis frá Bóksalafjelaginu í Reykjavík, dags. 13. þ. m., er fer fram á, að þyngdarhámark krossbandssendinga sje fært upp í 4 pund. Meiri hluta nefndarinnar, Jóni Jakobssyni og Birni M. Ólsen, þykir þetta ísjárvert, einkum af því, að af slíkri breytingu mundi leiða aukin gjöld fyrir póststjórnina, svo að muna mundi mörgum þúsundum króna, eftir því sem póstmeistari telur líklegt. Minni hlutinn, Þorgrímur Þórðarson, vill aftur á móti sinna þessari beiðni að nokkru og kemur fram með breytingartillögu í þá átt.

Um öll önnur atriði höfum vjer orðið vel ásáttir.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Framan við 1. gr. frv., sem verður 2. gr., bætist ný grein, sem verður 1. gr. svo hljóðandi:

   Í 1. gr. póstlaganna 13. september 1901 komi í stað orðanna: »landshöfðingjans yfir Íslandi«: Stjórnarráðs Íslands.

2. Við 1. gr. frv., (sem verður 2. gr.):

   a. Í stað fyrsta liðar greinarinnar komi:

      Í 2. gr. a. 2. póstlaganna komi í stað orðanna: »50 kvint«: 250 grömm (50 kvint).

      Í staflið b. sömu gr. komi í stað orðanna: »50 kvint«: 250 grömm (50 kvint).

      Í staflið c. sömu greinar komi: í stað orðanna »3 kvint«: 20 grömm (4 kvint).

   b. Í stað síðasta liðar sömu gr. frv. komi:

      Í staflið e. sömu gr., sem verður staflíður f, komi: í stað »25 kvint«: 125 grömm (25 kvint).

3. Á undan 2. gr. frv., sem verður 6. gr., bætist inn 3 nýjar gr. svo hljóðandi:

3. gr.

Í 4. gr. póstlaganna í stað orðanna: »hvenær og hvernig póstávísanaviðskifti geti byrjað innanlands« komi: hvenær póstkröfuviðskipti geti byrjað innanlands og hvernig póstávísana- og póstkröfuviðskiptum skuli hagað.

4. gr.

Í 8. gr. póstlaganna komi: í stað »50 punda«: 25 kílógramma (50 punda) — og í stað »hvert pund« komi: hvert $^1/_2$ kílógramm (hvert pund).

5. gr.

Í 8. lið 9. gr. póstlaganna komi: í stað orðanna »3 pund« á tveim stöðum: $1^1/_2$ kílógramm (3 pund) — og í stað orðanna »50 mílur« komi: 50 vikur sjávar

4. Við 2. gr. frv. (sem verður 6. gr.):

Greinin orðist þannig:

Í 11. gr. a. 1. póstlaganna komi: í stað orðanna »3 kvint« á tveim stöðum: 20 grömm (4 kvint). — Enn fremur í stað »25 kvintum« komi: 125 grömmum (25 kvintum) — og í stað »25 kvint að 50 kvintum«: 125 grömm (25 kvint) að 250 grömmum (50 kvintum). Og loks í stað orðanna: »Sjeu eigi viðhöfð frímerki, verður burðargjaldið tvöfalt við það, sem hjer er ákveðið« komi: Sjeu eigi viðhöfð frímerki eða eigi næg frímerki, verður burðargjald það, sem ógreitt er, tvöfalt við það, sem hjer er ákveðið. Enn fremur ber að laga prentvillu þá, sem slæðst hefur inn í póstlögin í þessum staflið, alstaðar þar sem stendur »aura« fyrir: aurar.

Í sömu grein a. 2. komi í stað »10 kvint«: 50 grömm (10 kvint).

Í sömu grein a. 3. komi í stað orðanna »16 aurar«: 15 aurar.

Í sömu grein staflið b. komi í stað orðanna »16 aurar«: 15 aurar. Enn fremur skal hjer laga prentvilluna »aura« fyrir: aurar.

Stafliður c. 1. sömu greinar orðist þannig:

Með landpóstum:

Frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kílógramm (hvert pund) eða minni þunga . . . 30 aurar.

Frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir hver 125 grömm (25 kvint) eða minni þunga . . 25 —

Í staflið c. 2. sömu greinar komi í stað »pund«: ½ kílógramm (hvert pund),

Stafliður d. í sömu grein orðist þannig:

Fyrir póstávísanir:

25 kr. eða minni upphæð . . . . . 15 aurar
yfir 25 kr. alt að 100 kr. . . . . 30 —
og 15 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð, af því, sem fram yfir er.

Á eftir þessum staflið komi nýr stafliður e, svo hljóðandi:

Fyrir póstkröfur greiðist sama gjald og fyrir póstávísanir.

Í staflið e. sömu greinar, sem verður stafliður f. komi: í stað orðanna »15. apríl til 15. október undir hvert pund«: 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kílógramm (hvert pund) — og í stað »15. október til 15. apríl undir hvert pund« komi: 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kílógramm (hvert pund).

5. 3. grein frumv. verður 7. grein.

6. Á eftir 4. gr. frumv., sem verður 8. gr., bætist inn ný gr., svo hljóðandi, er verður 9. gr.

Í 27. gr. póstlaganna falli burt niðurlagið, frá og með orðinu »eða«.

7. Við 5. gr. frumv., sem verður 10. gr.: í stað »þó« komi: þá.

8. Aftan við frumv. bætist ný gr., er verður 11. gr., svo hljóðandi:

29. gr. póstlaganna falli burt.

Alþingi, 18. júlí 1907.

Jón Jakobsson
formaður.

Björn M. Ólsen
skrifari og framsögum.

Þorgr. Þórðarson
með fyrirvara.

BREYTINGARTILLÖGUR

við breytingartillögur nefndarinnar við frumvarp til laga um breytingar á póstlögum 13. september 1901.

Frá minni hluta nefndarinnar.

1. Í staðinn fyrir breytingartillögu 2. a, 1. lið komi: Í 2. gr. a. 2. póstlaganna í stað orðanna »og eigi þyngri en 50 kvint — fylgi þeim« komi: en hvorki má skrifa á þær verð nje að aðrir munir fylgi þeim. Á tímabilinu 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, má prentað mál í krossbandi, eða einbrugðnu bandi, eigi vera þyngra en 2 kílógrömm (4 pund), og á tímabilinu frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, eigi þyngra en $^3/_4$ kílógramms ($1^1/_2$ pund). Sýnishorn af vöru eða snið má eigi veru þyngra en 250 grömm (50 kvint).
2. Í stað »125 grömm (25 kvint)« í staflið 2. b, komi: 250 grömm (50 kvint).

Efri deild alþingis, 19. júlí, 1907.

Þorgr. Þórðarson.

Nd. **114. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894 um útflutningsgjald.

Frá skattanefndinni.

1. gr.

Af hverri síldartunnu (108—120 pt.), í hverjum umbúðum, sem hún flytst, skal útflutningsgjald vera 50 aurar.

2. gr.

Ákvæði nefndra laga í 1. gr., 4. tölul., er hjer með numið úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **115. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um breytingar á lögum 31. jan. 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Nefnd sú, er hin háttv. efri deild kaus til þess að íhuga og segja álit sitt um frumvarp þetta, hefur athugað og rætt málið á nefndarfundum, borið

frumvarpið saman við lög frá 31. jan. 1896 og komist að raun um, að í því felast miklar og góðar umbætur á nefndum lögum.

Nefndin leyfir sjer því að ráða hinni háttvirtu deild til að samþykkja frumvarpið með nokkrum breytingum, er hjer skulu tilgreindar.

1. Formáli frumvarpsins orðist þannig:
Í stað 2. liðs 2. gr. nefndra sóttvarnarlaga, 4. liðs sömu gr., 5. liðs sömu gr. 3. málsgr., 1. liðs 1. málsgr. 5. gr., fyrra liðs 7. gr., 1. liðs 8. gr., 3. og 4. liðs sömu gr., 9. gr., 2. liðs 12. gr., 13. gr. og 15. gr., og á eftir 2. gr., og 14. gr. 1. lið komi:

2. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er orðist þannig:

3. gr. (2. gr. 5. liður 3. málsgr.).
Sleppa má þó auglýsingunni meðan að eins er að ræða um þá sjúklinga, er hjúkrað er í húsum þeim, er talað er um í 6. gr. laga 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.
Eftirfarandi greinatal breytist samkvæmt þessu.

3. Við 9. gr., sem verður 10. gr. frumvarpsins, síðustu málsgrein:
Í stað »20%« komi: 10%.

4. Á eftir 10. gr. komi ný grein, sem verður 11. gr. og orðist þannig:

11. gr. (13. gr.).
Útgjöld þau, er samkvæmt lögum þessum skal greiða af almanna fje, án þess tiltekið sje, að þau skuli greiða úr sveitarsjóði (5. gr. 3. lið), skal greiða að öllu leyti úr landssjóði.
Eftirfarandi greinatal breytist samkvæmt þessu.

Efri deild Alþingis, 17. júlí, 1907.

Steingrímur Jónsson, formaður — Þorgr. Þórðarson, skrifari og framsögum.
Aug. Flygenring.

Ed.

116. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um lausamenn og þurrabúðarmenn
frá Þórarni Jónssyni.

1. 9. gr. falli burtu, greinatalan breytist eftir því.

Nd. **117. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905 og skipan milliþinganefndar.

Flutningsmenn: G. Björnsson, Lárus H. Bjarnason, Pjetur Jónsson.

Við 3. gr. Í stað orðanna »neðri deild alþingis 4 menn, efri deild 2« komi: Sameinað alþingi 6 menn.

Ed. **118. Frumvarp**

til laga um gjafsóknir m. m.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. i Nd.).

1. gr.

Stjórnarráðið veitir gjafsókn bæði fyrir undirrjetti og yfirrjetti.

2. gr.

Gjafsókn má veita kirkjum, sjúkrahúsum, og stofnunum, sem ætlaðar eru fátækum til framfærslu, og enn fremur snauðum mönnum, sem fátækravottorð hafa frá hlutaðeigandi sveitarstjórn og sóknarpresti.

3 gr.

Þá er beiðst er gjafsóknar, kemur málstaður beiðanda til álita.

4. gr.

Gjafsókn nær eigi einungis til aðalmálsins, heldur og til vitnaleiðslu og annara dómsstarfa, er af því leiða.

5. gr.

Kostnaður af gjafsóknarmálum, sem eftir fullnaðardómi á að greiða af almannatje, lúkist úr landssjóði.

6. gr.

Stjórnarráðið má og veita öðrum en þeim, sem taldir eru í 2. gr., gjafsókn, að því er snertir borgun til setudómara fyrir störf hans og ferðakostnað.

Slíka gjafsókn má því að eins veita, að gjafsóknarbeiðandi færi fram líkur fyrir því, að málstaður hans sje góður, að málefni það, er deilt er um, sje áríðandi fyrir hann, og að ekki verði eða hafi orðið hjá því komist, að fá setudómara skipaðan, ef málið skyldi fram ganga.

Að öðru leyti fer um gjafsókn þá, er um ræðir í þessari grein, eins og um almenna gjafsókn samkvæmt 1. gr. til 5. gr. þessara laga.

7. gr.

Lög 12. júlí 1878 um gjafsóknir og tilskipun 27. septbr. 1799 um takmörk prentfrelsisins, 10. gr. 1. og 2. liður og 11. gr., eru úr gildi numin.

Ed. **119. Frumvarp**
um breyting á lögum 4. mars 1904 um stofnun lagaskóla.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Við skóla þennan skulu vera tveir fastir kennarar, skipaðir af konungi. Annar er jafnframt forstöðumaður skólans og hefur að launum 4000 krónur á ári. Hinn hefur að launum 2800 krónur.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist:

Og skal þar, auk hins venjulega prófs yfir nemendum skólans, skipa fyrir um aukapróf fyrir fullnuma frá Kaupmannahafnarháskóla, sem óðlast vilja rjett til embætta hjer á landi.

3. gr.

Þegar lög þessi eru staðfest, skal færa breytingar þær, sem með þeim eru gjörðar, inn í texta laganna frá 4. mars 1904, og getur konungur þá gefið lögin, þannig breytt, út sem lög um stofnun lagaskóla á Íslandi.

Nd. **120. Breytingartillaga**
við breytingartillögu á þingskjali 117.

Flutningsmaður: Magnús Andrjesson.

Í staðinn fyrir »6« komi: 4.

Ed. **121. Breytingartillögur**
við frumvarp til laga um lausamenn og þurrabúðarmenn.

Frá Eiríki Briem.

1. Við 1. gr. fyrir: »5 hundruð á landsvísu« komi: 200 kr.
2. Við 2. gr. fyrir: »22. ára« komi: 21 árs að aldri eða að fullu fjár síns ráðandi þótt yngri sje.
3. Við 13. gr fyrir: »8 vikum« komi: viku.

Nd. **122. Nefndarálit**
í málinu: Frv. til laga um skipun læknishjeraða o. fl.

Nefnd sú, er kosin var til að íhuga frv. til laga um skipun læknahjeraða o. fl., leyfir sjer hjer með að láta uppi eftirfylgjandi álit og tillögur í því máli.

Mál þetta greinist aðallega í tvö meginatriði: Skipun læknishjeraðanna í landinu og launakjör hjeraðslækna. Vjer fáum ekki betur sjeð, en að undanfarinna ára reynsla hafi eindregið bent í þá átt, að hvorttveggja þetta atriði þyrfti breytingar við og að því leyti til sje grundvöllur frumvarpsins fyllilega rjettmætur.

Að því er fyrra atriðið — skipun hjeraðanna — snertir, þá er það kunnugt, að varla hefur liðið svo nokkurt þing, frá því er núgildandi læknalög gengu í gildi, að þinginu hafi ekki borist kvartanir og áskoranir um breytingar á þeim. Þetta sýnir það, að ýmsir eru ekki sem ánægðastir með þá hjeraðaskipun, sem nú er, og hún þarf endurskoðunar við.

Það sem hafa verður fyrir augum þegar ræða er um, að skifta landinu í læknahjeruð, er fyrst og fremst það, að hjeruðin verði ekki stærri nje erfiðari yfirferðar en svo, að hjeraðsbúum sje vel kleift vegna erfiðismuna og kostnaðar að ná í læknishjálp, hvar sem er í hjeraðinu og að hjeruðin verði svo fjölmenn að læknir hafi þar nægilegt starfsvið og staða hans þar vel lífvænleg. Til þess að hið fyrra af þessum skilyrðum yrði uppfylt til hlítar, þá dylst oss ekki, að stofna þyrfti enn ekki allfá smáhjeruð á útkjálkum landsins, en vafasamt teljum vjer, hvort þangað fengist nokkurn tíma læknir, jafnvel þó launin væru 1500 kr. á ári. Þetta mundi og leggja tilfinnanlega útgjaldabyrði á landssjóð. Nefndin sjer því eigi fært að leggja til, að læknishjeruðunum verði fjölgað úr því sem er, en felst á þá tillögu stjórnarinnar, að láta hjer staðar numið að sinni, en reyna heldur að haga skiftingu hjeraðanna á milli læknanna svo, að sem hægast verði fyrir hjeraðsbúa, að ná til þeirra, og að læknasetrin verði þar, sem þjettbýlast og fólksflest er og læknisþörfin mest. Vjer leggjum meiri áherslu á það, að þau hjeruð, sem til eru, sjeu ávalt (eða því nær ávalt) fullskipuð og vel skipuð, heldur en að þeim sje fjölgað. Þessu takmarki verður ekki náð á annan hátt, en að gjöra hin minni læknaembætti aðgengilegri en nú er. Sum af þessum embættum eru svo lítilfjörleg, að þangað hefur aldrei fengist læknir frá því þau voru stofnuð og engin líkindi til, að þangað fáist nokkurn tíma læknir, nema breyting verði á þeim gjörð til batnaðar. Í önnur hafa aftur á móti fengist læknar, en þeir hafa ekki getað ílengst þar, vegna þess hve embættin hafa verið ólífvænleg. Á þessu teljum vjer ráðna mikla bót, ef frv. stjórnarinnar og br.till. vorar ná fram að ganga.

Vjer höfum athugað óskir þær, er borist hafa úr ýmsum hjeruðum landsins um stofnun nýrra læknishjeraða og skulum vjer minnast hjer á hinar helstu þeirra:

1. Mjófirðingar og Norðfirðingar í Suður-Múlasýslu hafa farið þess á leit, að stofnað verði nýtt læknishjerað fyrir Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppa. Nefndin játar að vísu, að það geti verið allmiklum erfiðleikum bundið í einstöku tilfellum á vetrardegi, að ná til læknis úr þessum fjörðum, en aftur á móti flýtir væntanleg talsímalagning milli Mjóafjarðar og Seyðisfjarðar og vænt-

anleg talsímalagning milli Norðfjarðar og Eskifjarðar afarmikið fyrir mönnum þar, að ná lækni til sín; hlutaðeigandi hjeraðslæknar gjöra líka tiltölulega lítið úr erfiðleikunum við að gegna læknisstörfum í þessum fjörðum og sjer nefndin sjer því eigi fært að leggja til, að hjerað þetta verði stofnað, þar eð hún yfirleitt heldur sjer við þá reglu, að fjölga ekki læknishjeruðunum að sinni.

2. Önfirðingar óska eftir hjeraðslækni búsettum á Flateyri. Þeir sækja nú lækni á Þingeyri og er sá vegur langur og alltorsóttur. En þar er nú einnig í ráði að lagður verði talsími á milli og með tilliti til þess og von um, að það mál nái fram að ganga áður langt líður, þá leggjum vjer ekki til, að hjerað þetta verði stofnað.

3. Þá hefur komið fram ósk frá íbúum Kjósarhrepps í Kjósarsýslu og íbúum Nauteyrarhjeraðs í Ísafjarðarsýslu um, að Kjósarhjerað og Nauteyrarhjerað fái að haldast óbreytt. Nefndin hefur athugað þessar óskir ítarlega og komist að þeirri niðurstöðu, að hjeraðsbúar í þessum hjeruðum mundu engu betur settir með læknishjálp, þótt hjeruðum þessum væri haldið óbreyttum, heldur en þótt ákvæði stjórnarfrv. yrðu að lögum. Hjeruð þessi eru bæði sem stendur læknislaus, þar eð þeir læknar, sem þar hafa verið, hafa farið þaðan og talið þau með öllu ólífvænleg fyrir fólksfæð og strjálbygð. Það eru því litlar líkur til, að í þau fengist nokkur læknir að staðaldri og væri þá ver farið en heima setið bæði fyrir hjeraðsbúa og landssjóðinn. Það verður líka að teljast allvel kleift fyrir íbúa Kjósarhrepps, að ná til sín lækni úr Hafnarfirði nú, þegar talsímastöð er komin þar. Mótorbátaferðir eru nú orðnar mjög tíðar um Ísafjarðardjúp, svo hægt mun vera að ná lækni frá Ísafirði á 4—5 tímum alstaðar að úr Nauteyrarhjeraði þegar talsími er kominn yfir hjeraðið, sem nú er í vændum.

Að því er launakjör lækna snertir, þá felst meiri hluti nefndarinnar á tillögur stjórnarfrumvarpsins í því efni, bæði að því er snertir hin föstu laun og gjaldskrá lækna og ástæður þær, er færðar eru fyrir þeim breytingum í frv., og tillögum landlæknis.

Fyrir breytingartillögum vorum um hin einstöku læknishjeruð á þgskj. 123 mun verða gjörð nánari grein við framsögu málsins. Þær eru flestar gjörðar í samræmi við óskir hjeraðsbúa og álit hjeraðslækna þeirra, er hlut eiga að máli.

Alþingi, 21. júlí, 1907.

G. Björnsson
formaður og framsögumaður.

Ólafur Thorlacius
skrifari.

Guðl. Guðmundsson.

Við undirskrifaðir höfum ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum okkar, að því, er snertir læknaskipunina á Vestfjörðum og ákvæði 4. gr. um borgun fyrir læknisverk, og leggjum til, að eftirfarandi breytingartillögur verði samþyktar.

1. Við 1. gr.
13. töluliður orðist þannig: Þingeyrarhjerað: Auðkúluhreppur, Þingeyr-

arhreppur og Mýrahreppur, að undanskildum Ingjaldssandi. Læknissetur á Þingeyri.

Í staðinn fyrir 14. lið, sem verður 15. liður, komi nýr liður:

14. Flateyrarhjerað: Ingjaldssandur, Mosvallahreppur og Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Flateyri.

Töluliðir greinarinnar breytist eftir því.

4. gr. frumv. orðist þannig:

Um borgun fyrir störf hjeraðslækna fer eftir gjaldskrá, er ráðherrann semur, með ráði landlæknis. Gjaldskrá þessi skal yfirleitt eigi mæla fyrir um hærri borgun en þá, sem ákveðin er fyrir læknisverk í 4. og 5. gr. laga 13. okt. 1899 nr. 24, eða sem næst eftir tiltölu við það, er um önnur læknisstörf er að ræða en þau, sem þar eru nefnd.

Alþingi, 21. júlí, 1907.

Stefán Stefánsson (Eyf.). Jóhannes Ólafsson.

Nd.

123. Breytingartillögur

við frv. til laga um skipun læknishjeraða o. fl.

Frá nefndinni í læknaskipunarmálinu.

Við 1. gr. 21. lið: Orðin »og Þóroddsstaðahreppur« falli burt.
— - — 22. — Liðurinn orðist þannig: Svarfdælahjerað: Þóroddsstaðahreppur, Svarfaðardalshreppur og Arnarneshreppur inn að Hillum. Læknissetur á Dalvík.
— - — 23. — Á undan »Glæsibæjarhreppur« komi: Arnarneshreppur innan við Hillur, Skriðuhreppur.
— - — 27. — Orðin »vestan Skinnalónsheiðar« falli burt.
— - — 28. — Liðurinn orðist þannig: Þistilfjarðarhjerað: Svalbarðshreppur, Sauðaneshreppur og Skeggjastaðahreppur. Læknissetur á Þórshöfn.
— - — 29. — Orðin »Skeggjastaðahreppur og« falli burt.
— - — 34. — Liðurinn orðist þannig: Fáskrúðsfjarðarhjerað: Fáskrúðsfjarðarhreppur, Stöðvarhreppur og Norðurdalur í Breiðdalshreppi. Læknissetur í Búðakauptúni.
— - — 35. — Liðurinn orðist þannig: Berufjarðarhjerað: Breiðdalshreppur að undanskildum Norðurdal, Beruneshreppur og Geithellahreppur. Læknissetur á Djúpavogi.
— - — 36. — Liðurinn orðist þannig: Hornafjarðarhjerað: Austur-Skaftafellssýsla að undanskildum Hofshreppi.
— - — 37. — A undan »Hörgslandshreppur« komi: Hofshreppur,
— - — 38. — Liðurinn orðist þannig: Mýrdalshjerað: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur, Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppur.

— - — 40. — Liðurinn orðist þannig: Rangárhjerað: Rangárvallasýsla að undanskildum Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppum.
— - — 41. — Í stað »Selvogshreppur« komi: Selvogshreppur og Grafningshreppur.
— - — 42. — Orðið »Grafningshreppur« falli burt.
— - — 43. — Aftan við liðinn bætist: Ráðherra getur, eftir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda, gjört breytingu á takmörkunum milli hinna einstöku læknishjeraða, og verða læknar að sætta sig við þá breytingu endurgjaldslaust.

Nd. **124. Skrá**

yfir erindi til alþingis 1907, (lögð fram á lestrarsal þingsins frá þingbyrjun til 22. júlí).

I. Fjárbænir o. fl.

1. Beiðni frá Guðmundi Guðmundssyni cand. phil. um skáldastyrk.
2. Beiðni frá Holmgeiri Jenssyni um styrk til dýralækninga, með 1 fskj.
3. Beiðni frá Sigurði Þorvaldssyni um styrk til að stunda nám við »Statens Lærerhöjskole« í Kaupmannahöfn, með 2 fskj.
4. Beiðni frá Halldóru Bjarnadóttur um styrk til að ferðast um Norðurlönd, til að kynna sjer kensluaðferðir og skólamál yfir höfuð, með prentuðum fylgiritum.
5. Beiðni frá Bjarna Jónssyni og Jóni Ófeigssyni um styrk til að semja þýsk-íslenska orðabók.
6. Beiðni frá Ásgrími málara Jónssyni um ferðastyrk til Suðurlanda.
7. Beiðni frá Sambandi Ungmennafjelaga Íslands um 3000 kr. styrk.
8. Áskorun frá konum í Suður-Þingeyjarsýslu um stofnun tveggja húsmæðraskóla, er kostaðir sjeu af landssjóði.
9. Beiðni frá Birni Guðmundssyni um 300 kr. styrk til að kynna sjer kensluaðferðir á lýðháskólum í Noregi, með 1 fskj.
10. Beiðni frá íbúum Búðaþorps í Fáskrúðsfirði um styrkveitingu til skólahússbyggingar, með 2 fskj. (uppdráttum).
11. Beiðni frá Indriða Helgasyni um 300 kr. styrk til að stunda rafmagnsfræði við »Statens Forsögsmölle« í Askov, með 1 fskj.
12. Beiðni frá Grímsnesingum um fje til að leggja vagnveg við Sogsbrúna, með 1 fskj.
13. Beiðni um styrk til unglingaskóla á Núpi í Dýrafirði, með 3 fskj.
14. Beiðni frá Magnúsi Sigurðssyni um styrk til að koma á fót unglingaskóla á Grund í Eyjafirði.
15. Beiðni frá Rósamundu G. Friðriksdóttur á Bíldudal um 400 kr. styrk til að fullkomna sig í hjóðfæraslætti og söngfræði, með 1 fskj.
16. Beiðni frá Þóru Matthíasdóttur og Margrjetu Jónsdóttur um styrk til að halda handavinnuskóla á Akureyri næstkomandi vetur.
17. Beiðni frá bindindisfjelaginu »Tilraun« á Blönduósi um 1500 kr. styrk úr landssjóði til barnaskólahússbyggingar, með 2 fskj.
18. Beiðni frá stjórnarnefnd Bindindissameiningar Norðurlands um 1000 kr. styrk.
19. Beiðni frá Magnúsi Einarssyni á Akureyri um 600 kr. styrk á ári til útbreiðslu söglistarinnar.
20. Beiðni frá Einari Hjörleifssyni um 2000 kr. styrk til ritstarfa.
21. Beiðni frá Edv. Brandt um 3000 kr. lán til jarðyrkju.
22. Beiðni frá Helga Jónssyni um 6000 kr. styrk til að koma upp tilraunastöð til að rækta mýrar, og 3000 kr. árlegan styrk til að reka hana.
23. Beiðni frá Helga Jónssyni og Einari Helgasyni um 300 kr. árlegan styrk á næsta fjárhagstímabili til grasgarðs í Reykjavík, með 1 fskj.

24. Beiðni frá Jónasi Jónssyni um 300 kr. styrk á ári á fjárhagstímabilinu til að stunda kennaranám erlendis, með 1 fskj.
25. Erindi frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu um, að þingið gjöri sitt ítrasta til, að kvennaskólinn á Blönduósi fái sem riflegastan styrk úr landssjóði á fjárlögunum 1908—09, með 1 fskj.
26. Erindi frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu um 3500 kr. styrk úr landssjóði til byggingar sjúkraskýlis á Blönduósi, með 2 fskj. og uppdrætti.
27. Erindi frá 1. þingm. Sunnmýlinga til fjárlaganefndarinnar, um að hún gjöri tillögu til, að þingið veiti alt að 3000 kr. úr landssjóði til sjúkrahússbyggingar á Eskifirði, með 1 fylgiskjali.
28. Beiðni frá prestinum til Hestsþinga, sjera Arnóri Þorlákssyni, um 1000 kr. í eitt skifti fyrir öll, til endurgjalds kostnaðar við að koma upp vönduðu íbúðar- og geymsluhúsi úr steini á prestsetrinu Hesti, með 3 fskj.
29. Beiðni frá Stokkseyrarhreppi um 12000 kr. styrk til áframhaldandi umbóta á Stokkseyrarhöfn, með 1 fskj.
30. Samningur um byggingu safnhúss á Arnarhólstúni í Reykjavík.
31. Beiðni frá Ingibjörgu Guðbrandsdóttur um 600 kr. árlegan styrk á næsta fjárhagstímabili til að kenna leikfimi.
32. Beiðni frá Guðmundi Jónssyni bæjarpósti á Akureyri um launahækkun.
33. Beiðni um aukinn fjárstyrk til Flensborgarskólans, með 5 fskj.
34. Beiðni frá stjórnarnefnd Flensborgarskólans um fulltingi fjárlaganefndarinnar til þess, að fá fjárupphæðir þær til skólans, sem hún sækir um, með 1 fskj.
35. Beiðni frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu um styrk til vegagjörðar frá Hafnarfirði til Keflavíkur, með 2 fskj.
36. Tillaga frá Búnaðarþingi Íslands um, að landssjóður kosti verklega búnaðarkenslu og veiti ekki minni upphæðir, en nú eru veittar, til skólans á Eiðum og Torfa Bjarnasonar í Ólafsdal.
37. Beiðni frá Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal um styrk til verklegrar jarðyrkjukenslu.
38. Beiðni frá Þorsteini Guðmundssyni um að laun hans sem yfirfiskimatsmanns verði hækkuð upp í 1600 kr., og að honum verði veittur styrkur til að ferðast kringum landið í því skyni að líta eftir fiskiverkun.
39. Beiðni frá Jóni A. Jónssyni fiskimatsmanni um 600 kr. launahækkun.
40. Skýrsla frá Stefáni Eirikssyni um teiknikenslu hans og skurðkenslu veturna 1905—06 og 1906—07.
41. Beiðni frá mag. Benedikt Gröndal um 3—400 kr. styrk sem viðurkenning fyrir meira en tveggja mannsaldra starf hans í ýmsum fræðigreinum.
42. Beiðni frá Páli Þorkelssyni um 2000 kr. styrk til þess að gefa út bók um táknmál.
43. Bendingar um lýðháskólamálið frá Sigurði Þórólfssyni forstöðumanni Hvítárbakkaskólans, með 1 fskj.
44. Beiðni frá Jóni Jónssyni sagnfræðing um að ákvæði það, sem tengt er við styrkveiting til hans í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, þess efnis, að 400 kr. af styrknum sjeu greiddar sem ritlaun, verði felt burtu,
45. Beiðni frá Bjarna Sæmundssyni og Helga Jónssyni um, að hinu íslenska náttúrufræðisfjelagi verði veittur 1000 kr. styrkur hvort árið, og 800 kr. aukastyrkur, með 2 fskj.
46. Beiðni frá Hirti Snorrasyni kennara á Hvanneyri um 400 kr. launaviðbót á ári.
47. Beiðni frá Páli Halldórssyni forstöðumanni stýrimannaskólans um 900 kr. styrk til þess að kaupa og koma fyrir hengilklukku til afnota við fyrirhugaðar jarðskjálftaathuganir.
48. Erindi frá Páli Steingrímssyni póstafgreiðslumanni um, að laun hans verði hækkuð úr 1000 kr. upp í 1500 kr. frá 1. jan. 1908.
49. Erindi frá amtmanni J. Havsteen um, að þau ár, sem hann var settur amtmaður yfir Norður- og Austuramtinu, verði talin með við útreikning og ákvörðun eftirlauna hans, svo sem þau væru regluleg embættisár.
50. Erindi frá sýslunefnd Húnavatnssýslu um, að alþingi veiti styrk til bryggju á Blönduósi, $^2/_3$ af áætluðum kostnaði, eða um 18,400 kr., með 3 fskj. og uppdrætti.
51. Erindi frá gufuskipafjelaginu »Thore« um gufuskipaferðir.
52. Beiðni um styrk til skólahússbyggingar á Fáskrúðsfirði.
53. Beiðni frá Einari Arnórssyni cand. jur. um 1500 kr. styrk næsta ár til að ransaka og rita um rjettarsögu Íslands.

54. Beiðni frá sýslunefndinni í Húnavatnssýslu um ríflegan styrk til kvennaskólans á Blönduósi, ásamt skýrslu um skólann.
55. Beiðni frá sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu um eftirgjöf á láni úr viðlagasjóði, að upphæð 2750 kr.
56. Erindi frá þingmanni Ísafjarðarkaupstaðar áhrærandi bókasafn Vesturamtsins.
57. Beiðni frá hlutafjelaginu »Klæðaverksmiðjan Iðunn« í Reykjavík um 50,000 kr. lán úr viðlagasjóði.
58. Beiðni frá Jóni H. Ísleifssyni um 500 kr. árlegan styrk á næsta fjárhagstímabili til fullnaðarnáms við »Trondhjems tekniske Læreanstalt«, með 2 fskj.
59. Beiðni frá Ingvari E. Ísdal á Seyðisfirði um 12000 kr. lán til að endurreisa trjesmíðaverksmiðju sína, sem brann síðastliðinn vetur.
60. Beiðni frá O. J. Haldorson um 2000 kr. styrk til utanfarar til að kaupa efni til vagnhjóla o. fl.
61. Beiðni frá Tómasi Skúlasyni um 200 kr. styrk til að halda uppi greiðasölu í Borgarnesi, með 2 fskj.
62. Beiðni frá byggingarnefnd sjúkraskýlisins á Brekku í Fljótsdalshjeraði um alt að 2000 kr. styrk til þess, að grynna á skuldum nefnds sjúkraskýlis.
63. Beiðni frá Guðmundi J. Hlíðdal um 1700 kr. styrk hið fyrra ár næsta fjárhagstímabils til að dvelja erlendis og afla sjer verklegrar kunnáttu í rafmagnsfræði, og 700 kr. síðara árið til að rannsaka og mæla fossa hjer á landi (Prófskírteini umsækjanda eru til sýnis hjá skjalaverði þingsins).
64. Beiðni frá Boga Th. Melsteð um styrk til að stofna og halda lýðháskóla í sveit (með 1 fskj., prentuðu).
65. Beiðni frá Þorvaldi lækni Pálssyni um 3500 kr. styrk til sjúkraskýlis í Hornafjarðarlæknishjeraði.
66. Beiðni frá íbúum Breiðdalshrepps um 1000 kr. fjárstyrk til brúargjörðar á Tinnudalsá.
67. Beiðni frá Benedikt Jónassyni um styrk til að ljúka námi í húsagjörðarfræði, með 2 fskj.
68. Brjef frá 1. þingmanni Gullbringu- og Kjósarsýslu um, að sýslufjelag Kjósarsýslu sje eigi fært um, að leggja jafnmikið fje til akfærs vegar um sýsluna, og frumv. til fjárl. gjörir ráð fyrir.
69. Áætlun frá O. Forberg um kostnað við lagningu ritsímalínu frá Grund til Borgarness og Stykkishólms, og frá Nordtungu til Borgarness.
70. Beiðni um aukinn styrk til kvennaskóla Reykjavíkur, með 1 fskj.
71. Beiðni frá Ásgeiri Torfasyni efnafræðingi um, að þóknun hans fyrir að kenna læknaskólasveinum efnafræði verði hækkuð upp í 600 kr. á ári, ásamt meðmælum landlæknis.
72. Erindi frá sýslunefndinni í Suður-Þingeyjarsýslu um ritsímalínu frá Breiðumýri til Húsavíkur, ásamt umsögn ritsímastjórans og bráðabirgðaráætlun um kostnaðinn.
73. Beiðni frá þingmönnum Snæfellinga og Dalamanna um, að fjárlaganefndin taki upp á fjárlagafrumvarpið 1908—'09 106,650 kr. fjárveitingu til talsíma frá Borðeyri um Dalasýslu og Stykkishólm til Ólafsvíkur, með 5 fskj. og uppdrætti.
74. Beiðni frá stórstúku Íslands um 8000 kr. styrk til eflingar og útbreiðslu G.-T.reglunnar á Íslandi fyrra árið, og 1600 kr. síðara árið.
75. Erindi frá 2. þingm. Eyfirðinga um, að fjárlaganefndin setji inn á væntanlegt fjárlagafrumvarp alt að 11,000 kr. til framhalds akbrautar um Eyjafjörð, með 1 fskj.
76. Ágrip af reikningi Iðnskólans í Reykjavík.

II. Ýms erindi.

77. Beiðni um löggilding verslunarstaðar að Bæ í Skagafirði.
78. Beiðni frá Vatnsnesingum í Húnavatnssýslu um, að höfnin Lambhúsvík á austanverðu Vatnsnesi verði framvegis tekin upp á áætlun strandferðaskipanna.
79. Beiðni frá Ríp ur-söknarmönnum um, að söknin verði lögð til Viðvíkurprestakalls.
80. Beiðni frá fundi í Skefilsstaðahreppi um, að Selvík verði tekin upp á áætlun strandferðaskipanna.

81. Áskorun frá eigendum jarða í Skefilsstaðahreppi um, að þeir fái keypt með hæfilegu verði rekaitök kirkna, er á eignum þeirra hvíla.
82. Áskorun frá hinu skagfirska kvenfjelagi til alþingis um, að fylgja af fremsta megni fram kvenrjettindunum á næsta þingi.
83. Tillögur áhrærandi kirkjulöggjöfina, samþyktar á Synodus, er haldin var 26. júní sl.
84. Beiðni frá Kaupfjelagi Dalahrepps í Barðastrandarsýslu um löggilding verslunarstaðar að Bakka í Dalahreppi.
85. Erindi frá ábúandanum á Kornsá í Húnavatnssýslu um kaup á tjeðri jörð.
86. Erindi frá ábúandanum á Brúsastöðum í Húnavatnssýslu um kaup á tjeðri jörð.
87. Erindi frá ábúandanum á Sveinsstöðum í Húnavatnssýslu um kaup á tjeðri jörð.
88. Beiðni um löggilding verslunarstaðar í Hnífsdalsvík í Ísafjarðarsýslu.
89. Beiðni frá ábúendum á legatsjörðum Jóns sál. Sigurðssonar í Eyjafjarðarsýslu um, að alþingi veiti lagaheimild til þess, að jarðirnar verði gefnar falar til kaups.
90. Beiðni frá búendum í Mjóafjarðarhreppi um, að Norðfjarðar og Mjóafjarðarhreppar verði gjörðir að sjerstöku læknishjeraði.
91. Beiðni frá Snæfjallahreppsbúum um, að Nauteyrarlæknishjerað verði látið halda sjer.
92. Áskorun til alþingis frá Búnaðarþingi Íslands um, að taka til sjerstakrar íhugunar útflutning hrossa.
93. Tillögur frá Búnaðarþingi Íslands um, að alþingi:
    1. hlutist til um, að hraðskreitt skip með kældu rúmi fari að minsta kosti 4 ferðir á ári milli Reykjavíkur og Leith og 2 ferðir á ári milli Norðurlands og Leith; og
    2. færi eigi fjárveitinguna til smjörverðlauna niður um meira en 1000 kr. á ári.
94. Beiðni frá Búnaðarfjelagi Íslands um, að alþingi komi því til leiðar, að skipaður verði verslunarerindsreki fyrir Ísland.
95. Beiðni frá Nauteyrar- og Reykjarfjarðarhreppum um, að Nauteyrarlæknishjerað verði látið halda sjer.
96. Beiðni frá Þóroddsstaða- og Svarfaðardalshreppum um breyting á læknaskipuninni.
97. Áskorun til alþingis frá 52 konum í Kaldrananeshreppi um, að konum verði veittur kosningarrjettur og kjörgengi til alþingis.
98. Eftirrit af ályktun Norðuramtsins á aðalfundi þ. á. viðvíkjandi afhendingu búnaðarskólans á Hólum, ásamt leigusamningum við ábúendur á Hólum og bréfi amtsráðsmannsins í Skagafjarðarsýslu 20. júní þ. á., með þar nefndum 4 fskj.
99. Bréf frá sýslumanninum í Vestmannaeyjasýslu, ásamt útdrætti af fundargjörð sýslunefndarinnar 26. júní þ. á., með tilmælum um, að þau mál, sem um ræðir í tjeðum útdrætti, verði lögð fyrir alþingi.
100. Bréf frá mag. scient. Helga Jónssyni um ritgjörð dr. Helga Pjeturssonar um jarðfræðisransóknir.
101. Kirkjumálafundargjörð úr Reykjavík.
102. Beiðni frá búendum í Gaulverjabæjarprestakalli um, að tjeð prestakall verði framvegis látið halda sjer sem sjerstakt prestakall.
103. Erindi frá Geir prófasti Sæmundssyni viðvíkjandi sameiningu Glæsibæjarsóknar við Akureyrarprestakall.
104. Erindi um samgöngumál frá Austur-Skaftfellingum.

Nd. **125. Nefndarálit**
um frumvarp til laga um fræðslu barna.

Eftir rækilega yfirvegun, höfum vjer undirritaðir, sem hin h. v. neðri deild kaus til þess, að athuga frumvarp þetta, komist að þeirri niðurstöðu, að stefna frumvarpsins sje rjett, og meginákvæði þess vel til þess fallin, að verða að lögum. Skulum vjer færa að þessu nokkur rök.

Undirbúningur og saga þessa máls er öllum kunn. Fá eða engin mál

hafa fengið jafn rækilegan undirbúning. Í 4 ár fjekkst meistari Guðmundur Finnbogason við ransóknir lýðfræðslumála erlendis og hjer á landi. Á ransóknum hans bygði stjórnin barnafræðslufrumvarp það, sem hún lagði fyrir síðasta þing og samhljóða má heita frumv. því, sem hjer liggur fyrir. Efri deild gjörbreytti frumvarpi stjórnarinnar, og svo lauk, að málið varð ekki útrætt. Síðan hafa bæði frumv., stjórnarinnar og e. d., ásamt tillögum Guðm. Finnbogasonar og frumvarpi, er hann hafði samið, verið lögð undir álit sýslunefnda og hjeraðsnefnda. Flestir þingmálafundir hafa og tekið mál þetta til meðferðar. Ályktanir sýslufunda, hjeraðsfunda og þingmálafunda um þetta mál bera það með sjer, að skoðanir manna eru allmjög á reiki, og að mönnum er ekki almennt fyllilega ljóst, hver munurinn er á frumvarpi stjórnarinnar og efri deildar. Víða hafa menn litið svo á, að stjórnarfrumvarpið innleiddi skólaskyldu um land alt, er leiddi til þess, að reisa yrði með ærnum kostnaði skólahús, eitt eða fleiri, í hverjum hreppi, og þessa skóla ættu svo sveitirnar að kosta að mestu leyti um aldur og æfi (sbr. brjef aðstoðarmanns stjórnarinnar í fræðslumálum, sem prentað er með áliti þessu sem fylgiskjal). Mönnum hefur ógnað, að taka á sig slíka byrði, og því snúist á móti stjórnarfrumvarpinu, en aðhylst efri deildar frumvarpið, sem lætur þeim í sjálfsvald, hvernig þeir haga barnafræðslunni, og hvort þeir verja til hennar einum eyri eða engum úr sveitarsjóði.

Vjer þykjumst þess fullvissir, að menn hefðu almennt fallist á frumv. stjórnarinnar, ef þeir hefðu athugað nógu rækilega ákvæði 4. gr. frv. — Þar er með skýrum orðum sagt, að þeir hreppar — og þeir eru miklu fleiri en hinir — sem ekki eiga kost á, að senda börn í fastan skóla, sjeu skyldir til að sjá þeim börnum á skólaaldri fyrir fræðslu hjá farkennara, að minsta kosti tvo mánuði á ári, sem ekki fá jafngóða fræðslu á annan hátt.

Þessi er þá byrðin, er frv. fer fram á, að lögð verði á sveitarsjóðina, byrði, sem þar að auki að hálfu leyti hvílir, eða getur hvílt, á landssjóði. Það traust berum vjer til áhuga meiri hluta almennings á fræðslumálum, að hann telji ekki eftir sveitarsjóðunum, að láta svona lítið af mörkum til þess að koma í veg fyrir, að nokkurt barn færi á mis við nauðsynlega fræðslu, og geti með hægu móti náð því fræðslu-lágmarki, sem frumv. setur.

Frumv. stjórnarinnar er bygt á þeirri grundvallarsetningu, að þjóðfjelaginu sje skylt að sjá um, að hvert einasta barn þjóðarinnar eigi kost á að njóta þeirrar mentunar, sem nauðsynleg er talin hverjum manni.

Í frv. eru ákveðnar kröfur um kunnáttu barna, sem eru fullra 14 ára. En jafnframt því, að gjöra þessar kröfur til einstaklinganna, skyldar frv. þjóðfjelagið — sveitarsjóðina og landssjóð með vissum skilyrðum — til þess að styðja að því með fjárframlögum, að foreldrar og framfærendur barnanna geti fullnægt fræðslukröfunum.

Ekkert getur, að voru áliti, verið sjálfsagðara nje sanngjarnara.

Frv. efri deildar raskar algjörlega þessum grundvelli.

Það gjörir allar sömu kröfurnar, en lætur það vera á valdi minni hluta almennings, hvort nokkur eða enginn eyrir er lagður fram af sveitasjóðunum til fræðslu barna. — Meira að segja tæpur einn fjórði hluti atkvæðisbærra manna í hreppi hverjum getur, eptir því frumv., komið í veg fyrir það, að nokkurt fast skipulag komist á barnafræðslu sveitarinnar. — Að setja slík

lög, virðist tilgangslítið, þau mundu verða pappírsgagn eitt og því betur ósamin.

Yrði frv. efri deildar að lögum, mundi fræðslusamþyktaákvæði þess — og þau eru kjarni frv. — koma til framkvæmda á þeim stöðum einum, sem þeirra er minnst þörf. En alstaðar þar sem áhugi manna á fræðslumálum er svo daufur, skilningur manna á gagnsemi og nauðsyn góðrar barnafræðslu svo sljór, að menn vilja lítið og helst ekkert á sig leggja til þess, að koma henni í betra horf en nú er, þar mun allt sitja í sama farinu um óákveðinn tíma. Í fám orðum sagt, þar sem þörfin á skjótum umbótum er mest, mundu lögin ekki koma að neinu liði.

Eftir frv. stjórarinnar hafa skólnefndirnar vald, og þeim er fengið í hendur eða til umráða fje, til þess að framkvæma það vald. Fræðslunefndir efri deildar-frumvarpsins eru aftur á móti valdalitlar og fjelausar, og geta því að eins að gagni komið, að mikill meiri hluti manna í fræðsluhjeruðunum fallist á tillögur þeirra.

Frumv. stjórnarinnar gjörir foreldrum og forráðendum barna það að skyldu, að láta öll börn á skólaaldri, sem ekki njóta nauðsynlegrar fræðslu heima fyrir, að áliti skólanefndar, ganga í þá skóla, sem þegar eru til, eða seinna kunna að verða stofnaðir af frjálsum vilja manna. Efri deildar frumv. lætur þetta alt laust og bundið, gefur að eins heimild til, að gjöra um það samþykt, eins og annað, sem hjer að lýtur. Í stuttu máli, frumv. stjórnarinnar kemur fastlögbundu skipulagi á barnafræðslu í landinu, bæði á fræðsluna sjálfa, fjárframlög til hennar og alt fyrirkomulag. — Efri deildar frv. leggur það á vald alþýðu manna, að skipa fyrir um þetta.

Vjer viljum því ráða hinni hv. deild eindregið til þess, að samþykkja frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, með þeim breytingum, sem vjer höfum lagt til, að gjörðar yrðu við einstakar greinar þess. Þær eru flestar smávægilegar og orðabreytingar einar. Þó mega nokkrar þeirra teljast efnisbreytingar, en engum þeirra er svo farið, að þær raski að nokkru leyti stefnu frumv. Að voru áliti miða þær allar að því, að gjöra frumv. en líklegra til þess, að ná tilgangi sínum.

Þær af tillögum vorum, er talist geta verulegar efnisbreytingar, eru 5., 6., 7. og 8. breytingartillagan, og munum vjer gjöra nánari grein fyrir þeim við framsögu málsins.

Neðri deild alþingis, 22. júlí 1907.

Þórh. Bjarnarson, form. — Stefán Stefánsson, skrifari og framsögumaður.

Árni Jónsson. Eggert Pálsson. Jón Magnússon.

G. Björnsson, Magnús Andrjesson

Nd. **126. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um fræðslu barna.

(Frá fræðslumálanefndinni).

1. Við 1. gr.: Í stað »verður« komi: er
2. — — — Í stað »uppfræðslu í þessu tilliti« komi: fræðslu í þessum greinum

3. — — — »Með aðstoð — sveitarstjórnar« falli burt
4. — 2. — 4. tölulið: Í stað »líkama« komi: hluta
5. — 4. — Í stað »Hver sá hreppur — hagað svo« komi: Í hverjum þeim hreppi, þar sem ekki er kostur á, að senda börn á skólaaldri í fastan skóla, skal á kostnað sveitarsjóðs halda uppi farkenslu. Skal kenslu þeirri hagað svo
6. — 4. — Á eftir öðrum málslið komi nýr málsliður svo hljóðandi:
Skólanefnd getur með samþykki yfirstjórnar lýðskólanna slept að ráða farkennara þegar svo stendur á, að börn eru fá í hreppnum á skólaaldri, enda megi sjá þeim fyrir nægilegri fræðslu á annan hátt.
7. — 4. — 3. málsliður, sem verður 4. málsliður orðist svo:
Sleppa má kristindómsfræðslu í farskólum og föstum skólum ef skólanefnd telur það heppilegt.
8. — 9. — Í stað fyrsta málsliðs komi svohljóðandi málsliðir:
Próf skal halda árlega um kunnáttu barna í hverjum hreppi og kaupstað. Við próf skal jafnan vera prófdómandi skipaður af yfirstjórn lýðskólanna. Fær hann alt að 4 kr. í dagpeninga, er greiðast úr landssjóði. Börn þau, sem lokið hafa lögskipuðu námi, geta fengið vottorð um kunnáttu sína og þroska undirritað af prófdómanda. Að loknu prófi skal prófdómandi senda skólanefnd álit sitt skriflegt um það, hversu barnafræðslunni er háttað í sveitinni eða kaupstaðnum, en hún sendir það yfirstjórn lýðskólanna.
Próf skal haldið að vorinu og ákveður prófdómandi stað og tíma í samráði við skólanefnd.
9. — 13. — Í stað »til farkenslu og barnaskóla« komi: farskólum, heimangönguskólum og heimavistarskólum
10. — 14. — Í stað »Enginn — nema« komi: Hreppnum veitist styrkur úr landssjóði til farskóla með þeim skilyrðum:
11. — — — Á eftir liðatölunum 1. 2. 3. komi: að
12. — — — Í stað »samkvæmt — sett« komi: og yfirstjórn lýðskólanna hefur samþykt
13. — 15. — Í stað »Enginn — nema« komi: Hreppnum veitist styrkur úr landssjóði handa föstum heimangönguskólum með þeim skilyrðum:
14. — — — Aftan við liðtöluna 1. bætist: að
15. — 16. — »Eftir sömu reglum og öðrum föstum barnaskólum« — falli burt.
16. Við 16. gr.: Aftan við greinina komi nýr liður:
Nú fullnægir skólinn þessum skilyrðum, og veitist honum þá styrkur úr landssjóði eftir sömu reglum og föstum heimangönguskólum.
17. — 18. — Í stað »kennari í nefndina« komi: Einn lýðskólakennari á sæti í nefndinni.
18. — 18. — Aftan við »2 þeirra« bætist: eða þrjá, ef enginn lýðskólakennari er búsetur í hreppnum
19. — 18. — Í stað »barnakennari« komi: kennari

20. — 22. — Eftir »áhöld« komi: eftir því sem yfirstjórn lýðskólanna ákveður.
21. — 22. — Í stað »hefur til vörslu fje það« komi: ráðstafar fje því.
22. — 24. — Í stað greinarinnar komi ný grein svo hljóðandi:
Yfirstjórn lýðskólanna og umsjón hefur stjórnarráð Íslands. Sjer til aðstoðar hefur það skólafróðan mann, er ráðherra Íslands skipar. Gegnir hann aðallega umsjónarstarfinu fyrir hönd stjórnarráðsins, undirbýr ráðstafanir þær og reglugjörðir, er stjórnarráðið setur fyrir lýðskólana og aðrar þær stofnanir, er að lýðmentun lúta. Umsjónarmaður hefur að launum 3000 kr. Kostnað við ferðir, sem leiða af starfi hans, fær hann greiddan eftir reikningi. Starfsvið hans ákveður stjórnarráðið nánar með reglugjörð.
23. — 25. — Í stað »1. október« komi: 1. júní.

Fylgiskjal með áliti fræðslumálanefndarinnar í Nd. 1907.

Þjer hafið, herra lektor, spurt mig um það, hvað mjer sje kunnugt um skoðanir manna úti um land á frumvörpum þeim um barnafræðslu, sem þingið 1905 hafði til meðferðar, og vil jeg fúslega verða við tilmælum yðar um, að svara þessari spurningu.

Í fyrra vetur og í fyrra sumar ferðaðist jeg víða um land, og kom í allar sýslur landsins á liðnu ári, nema Austurskaftafellssýslu. Áður nefnd frumvörp höfðu verið sjerprentuð og send út um alt land, ásamt nefndarálitinu í báðum deildum alþingis 1905. Jeg þóttist því mega búast við, að frumvörp þessi væru mönnum í fersku minni, og meðferð þeirra á seinasta þingi.

Nú var það eitt af aðalerindum mínum til manna, að grenslast eftir skoðunum þeirra á *lagasetningu um barnafræðslu*, og urðu frumvörp síðasta þings því eðlilega og að sjálfsögðu eitt umræðuefnið. Jeg hafði orðið þess áskynja, að ýmsar sýslunefndir höfðu á fundum sínum »hallast að stefnu efri deildar« — eins og það var víðast hvar orðað — en varla nokkurs staðar nein rökstuðning. Fyrir því gjörði jeg mjer far um, að ná tali sýslunefndarmanna, og heyra ástæður þeirra fyrir þessum fundarályktunum. Sumir þeirra sýslunefndarmanna, sem jeg átti tal við, kváðust vera fylgjandi frumvarpi stjórnarinnar, en hafa verið atkvæðum bornir á sýslufundi. Aðrir kváðust »aðhyllast stefnu efri deildar«, af því að sjer stæði stuggur af skólaskylduákvæði stjórnarfrumvarpsins, sem hefði það í för með sjer, að reisa þyrfti skóla nú þegar um allar sveitir þessa lands. En þegar er jeg benti á, hvílík fjarstæða þetta væri, og misskilningur á stjórnarfrumvarpinu, þar sem skólaskylduákvæði þess ná einungis til þeirra staða, þar sem fastir heimangönguskólar eru fyrir hendi, eða verða síðar reistir (6. gr.), þá ljetu þeir í ljós, að meginástæða sín gegn stjórnarfrumvarpinu væri burtu fallin.

Tvo sýslunefndarmenn hitti jeg fyrir, sem á sýslufundunum höfðu kosið að greiða atkvæði með frumvarpi efri deildar af því, að þeir höfðu skilið svo tillöguna, að annaðhvort væri að greiða atkvæði með því, eða þá að »aðhyllast uppástungu Guðmundar Finnbogasonar um, að leggja niður alla farkenslu, en stofna í hennar stað heimavistarskóla fyrir 18,000 kr. í hverri sveit«.

Þessi atriði tek jeg fram til að sýna, á hversu lausum grundvelli er bygt álit manna í svo merku máli, og það jafnvel sumra þeirra, sem að þessu sinni voru sjerstaklega kallaðir til þess, að segja álit sitt um það, svo að það gæti verið til stuðnings stjórn og þingi til þess, að ráða málinu til heppilegra úrslita. Þetta er meira en lítið raunalegt, en þó ekki allskostar óskiljanlegt, þegar kunnug eru atvik, sem að því liggja. En afleiðingin er eðlilega sú, að ekki virðist gjörlegt að byggja mjög mikið á atkvæðagreiðslunni á sumum sýslunefndarfundunum.

Prestar, kennarar, skólanefndir og safnaðarfulltrúar fáeinir, voru annars þeir menn, sem jeg aðallega leitaði til. Alstaðar vakti jeg máls á lagasetningunni; og með því, að jeg hafði orðið svo áþreifanlega var við misskilning á skólaskylduákvæðunum, gjörði jeg þau að sjerstöku umræðuefni.

Nær því undantekningarlaust töldu þessir menn stjórnarfrumvarpið viðunanlegt í öllum aðalatriðum; og um prestana skal jeg sjerstaklega geta þess, að tólf þeirra presta, er jeg átti tal við, töldu einmitt skólaskylduákvæðin aðalstyrk þess frumvarps.

Allir hinir áhugamestu prestar, og sem mest afskifti höfðu haft af barnafræðslunni í sóknum sínum, töldu samþyktarstefnuna ráðleysu, meðal annars af þeirri ástæðu, að áhugi manna væri enn eigi orðinn svo mikill á fræðslumálum, að vissa væri fyrir því, að nokkur fræðslusamþykt kæmist á.

En ekki vil jeg dyljast þess, að jeg á ferðum mínum 1906 varð var við þær skoðanir hjá ýmsum, að samþyktarstefnan væri heppilegri, að minsta kosti nú fyrst um sinn. En þegar betur er grenslast eftir ástæðum fyrir því, kemur það hjá sumum mjög ótvíræðlega í ljós, að þeir eru hræddir við alla lagasetning um barnafræðslu, er setji hærra fræðslumark, en nú er að lögum heimtað. Ekki virðist þurfa að leiða neinum getum að því, hversu ötullega slíkir menn mundu hagnýta sjer heimildarlög um barnafræðslu.

Þetta, sem að framan er sagt, er hið frekasta, sem jeg veit og vil herma um skoðanir manna víðs vegar á landinu í fyrra um barnafræðslulöggjöfina. En síðan í fyrra haust hefur ekki svo lítið verið rætt eg ritað um málið, og á flestum þingmálafundum í vor hefur eitthvað verið sagt, meira eða minna ákveðið, sem yður er eins kunnugt og mjer.

Því get jeg bætt við það, sem að framan er sagt, að síðan jeg í ársbyrjun 1906 tók að hafa afskifti af fræðslumálunum, sem ráðunautur stjórnarinnar, hef jeg skrifast á við fjölda manna víðsvegar um land. Í vor og sumar hef jeg þar að auki farið nokkuð um Gullbringusýslu, Árnessýslu og Vestfirði, og rætt þetta mál við einstaka menn og á fundum. Á þessum ferðum hef jeg verið á 5 þingmálafundum í 5 kjördæmum, og hefur alstaðar komið fram eindregin ósk um, að frumvarp stjórnarinnar næði samþykki þingsins í sumar.

Þegar jeg þá lít á skoðanir manna um barnafræðslufrumvörp þau, sem hjer ræðir um, eins og mjer eru þær kunnar eftir ferðir mínar 1906 og 1907, eins og mjer eru þær kunnar af brjefaviðskiftum við menn víðsvegar um landið og eins og þær mega vera öllum kunnar af því, sem fram hefur komið í blöðum og á þingmálafundum, og jafnvel á hjeraðafundum, þar sem málið hefur verið verulega rætt, — þá þykist jeg enga ályktun hafa leyfi til að draga aðra en þá, að það sje almennur vilji málsmetandi manna á landinu, að lög verði sett þegar á þessu þingi um barnafræðsluna, og að frumvarp stjórnarinnar sje vel til þess kjörið að ná samþykki þingsins.

Virðingarfylst

Flensborg 13. júlí 1907.

Jón Þórarinsson.

Til

formanns mentamálanefndarinnar í neðri deild alþingis 1907.

Ed.

127. Nefndarálit.

í málinu: Frumvarp til laga um skipun sóknar- og hjeraðsnefnda.

Samkvæmt þingsályktun alþingis 1903 og allra hæstum úrskurði 2. mars 1904 var skipuð milliþinganefnd til að íhuga kirkjumál landsins. Nefnd þessi samdi 11 frumvörp, er birt voru á prenti vorið 1906. Af frumvörpum þessum lagði stjórnin 10 eftirfylgjandi frumvörp fyrir þingið að þessu sinni með litlum breytingum:

1. Frumvarp til laga um skipun sóknar- og hjeraðsnefnda.
2. —— — — — veiting prestakalla.
3. —— — — — umsjón og fjárhald kirkna.
4. —— — — — skipun prestakalla.
5. —— — — — laun sóknarpresta.
6. —— — — — laun prófasta.
7. —— — — — ellistyrk presta og eftirlaun.
8. —— — — — skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri.
9. —— — — — lán úr landsjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum.
10. —— — — — sölu kirkjujarða.

Öllum þessum frumvörpum hefur hin háttvirta efri deild vísað til vor, er hún skipaði í nefnd í 1. málinu. Frumvöpin standa í svo nánu sambandi hvert við annað, að nefndin áleit rjettast, að afgreiða þau öll í einu til deildarinnar, er hún hafði athugað þau bæði hvert einstakt þeirra og öll í sameiningu. Hún hefur átt 16 fundi um þetta umfangsmikla mál og lætur hjer með uppi álit sitt um frumvörp þessi.

Öll frumvörpin miða sumpart að því, að auka rjettindi og vald safnaðanna í kirkjulegum málum og sumpart að því, að bæta hag prestastjettarinnar og er nefndin samdóma þeirri aðalstefnu, þótt henni þyki í sumum atriðum helst til skamt farið í þessu efni.

Vjer skulum því næst láta uppi álit vort um hin einstöku frumvörp í þeirri röð, sem þau eru hjer að framan.

1. Frumvarp

til laga um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.

Í athugasemdum stjórnarinnar við frumvarpið er gjörð grein fyrir breytingum þeim, er það fer fram á við hin núgildandi lög. Vjer teljum allar þessar breytingar til bóta og leggjum því til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfylgjandi breytingum:

1. Við 4. gr. Aftan við fyrstu málsgrein bætist: eða fyrri hluta júnímánaðar.
2. — 10. — Í stað orðanna í niðurlagi greinarinnar: »nýnefnd lög tiltaka« komi: af því leiða.
3. — 13. — Greinin falli burt.
4. — 19. — Fyrir »upptekt« komi: upptöku.

2. Frumvarp
til laga um veiting prestakalla.

Mikilverðustu nýmælin í þessu frumvarpi eru ákvæðin um, að söfnuðirnir skuli jafnan velja um alla umsækendur, er fullnægja skilyrðunum fyrir prestsembætti í þjóðkirkjunni og að kosningin er leynileg, á líkan hátt og kosningar til alþingis. Þetta er mikil rjettarbót, og með því að hinar breytingarnar, sem frumvarpið gjörir á gildandi lögum, eru einnig til mikilla bóta, þá leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

3. Frumvarp
til laga um umsjón og fjárhald kirkna.

Nefndin telur æskilegt, að kirkjurnar komist sem allra fyrst í hendur safnaðanna, og sú aðalbreyting sem frumvarpið fer fram á á gildandi lögum, að eigi þurfi nema einfaldan meiri hluta atkvæða á safnaðarfundi til þess, að söfnuður taki við kirkju, þar sem nú þarf $^2/_3$ atkvæðisbærra sóknarmanna á almennum safnaðarfundi, miðar til þess, að hægra verði að fá lögfult samþykki safnaðarins til viðtöku kirknanna.

Það getur oft komið fyrir, að árstekjur kirkna hrökkvi ekki til lúkningar ársútgjöldum þeirra og vantar þá ákvæði í frumvarpið hvernig bætt verði úr þeim vandkvæðum. Nefndin leggur til, að úr því sje bætt með því, að veita sóknarnefndum heimild til, að jafna niður aukagjaldi til kirkjunnar á alla sóknarmenn, sem gjaldskyldir eru til kirkju. Einnig vill nefndin heimila sóknarnefdum með samþykki hjeraðsfundar, að jafna peningagjaldi niður á sóknarmenn í stað skylduvinnu þeirrar við kirkjubyggingu, er þeir nú eiga að inna af hendi. Innheimtu gjalda þessara vill nefndin fela sóknarnefndunum.

Nefndin ræður því deildinni til að samþykkja svo látandi viðaukatillögu við frumvarpið.

1. Á eftir 4. gr. komi ný grein er verði 5. gr. svo hljóðandi:

Nú hrökkva árstekjur kirkju, er söfnuður hefur tekið að sjer, eigi til lúkningar ársgjöldum hennar og má sóknarnefndin þá jafna niður því, er til vantar, sem aukagjaldi á sóknarmenn, þá er gjaldskyldir eru til kirkju, þannig, að helmingur gjaldsins greiðist eftir efnum og ástæðum, en hinn helmingurinn komi jafnt niður á hvern tilskilinn mann.

A sama hátt má sóknarnefnd jafna niður peningagjaldi í stað skylduvinnu sóknarmanna við kirkjubygging.

Sóknarnefndir innheimta gjöld þessi og skal hver húsráðandi inna þau af hendi fyrir sig og þá gjaldskylda menn, sem eru til húsa hjá honum. Gjalddagi er 31. desbr. Taka má gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

Greinatalan breytist þessu samkvæmt.

4. Frumvarp
til laga um skipun prestakalla.

Frumvarp þetta er að mestu leyti samhljóða frumvarpi milliþinganefnd-

arinnar. Það fer fram á, að fækka prestaköllunum úr 142 niður í 112 eða um 30. Fækkun gjörð til að auka laun prestunum, sem bæði stjórnin og milliþinganefndin telja óhæfilega lá, enda sje fyrirsjáanlegur hinn mesti prestaskortur með núverandi launakjörum. Þeirri stefnu er fylgt í frumvarpinu, að auka ekki útgjöld landsjóðsins til prestastjettarinnar til frambúðar, þess vegna er gripið til þessa ráðs, að sameina prestaköllin sem mest að auðið er. Þótt nokkuð langt kunni að vera gengið í þessa átt á sumum stöðum, telur nefndin þó rjettast, að láta reynsluna skera úr, hvernig þessar samsteypur reynast.

Frá prófastinum í Eyjafjarðarprófastsdæmi barst nefndinni erindi þess efnis, að í ráði væri, að leggja niður Glæsibæjar- og Lögmannshlíðarkirkjur, og reisa eina kirkju í stað þeirra og sameina sóknirnar í eina, er svo yrði útsókn frá Akureyri. Eftir frumvarpinu á Glæsibæjarsókn að fylgja Möðruvallaklaustri, sem ætluð er erfiðleikauppbót. Nefndin er samþykk þessu erindi prófastsins og leggur til, að breyta frumvarpinu samkvæmt því.

Að öðru leyti ræður nefndin deildinni til, að samþykkja frumvarpið óbreytt.

1. Við 1. gr. tölul. 99. Orðin: »og Glæsibæjar« falli burt.
2. — - — — 101. Fyrir »og Lögmannshlíðarsóknar« komi: Lögmannshlíðar og Glæsibæjarsóknir.

5. Frumvarp
til laga um laun sóknarpresta.

Bæði milliþinganefndin og stjórnin telja launakjör prestanna mjög bágborin. Við þetta kannast og öll þjóðin. Þetta er og engin furða. Lög þau, sem laun þeirra eru að mestu leyti bygð á, eru frá löngu liðnum öldum og því löngu úrelt orðin; eiga hvorki við hugsunarhátt, atvinnuvegi eður lifnaðarháttu þjóðarinnar. Einkum á þetta við sóknatekjurnar. Tekjur þessar, sem ásamt tekjum presta af fasteignum, voru fyr á tímum nokkurnveginn lífvænlegar fyrir prestana og eigi mjög ósanngjörn gjöld fyrir þjóðina, draga nú mjög skamt til sómasamlegs framfæris prestanna og eru auk þess orðin afarranglátur skattur á þjóðinni, sökum þess, hve þau koma ójafnt niður, og sem hún fyrir löngu hefur átt heimting á, að losast við.

Það, sem gjörir þó þessi launakjör prestanna enn þá verri, er innheimta prestsgjaldanna, er prestarnir verða sjálfir að hafa á hendi. Þessi innheimta er hin hvimleiðasta kvöð á prestsembættinu og því mjög ósamboðin og hefur fyr og síðar haft eigi alllítinn tekjumissi í för með sjer fyrir fjölmarga presta.

Ábúðarjarðir prestanna, prestsetrin, hafa til skamms tíma verið aðal hlunnindi prestsembættanna.

Jarðir þessar hafa víðast hvar verið með bestu ábýlum í prestakallinu. Margur presturinn hefur því fyr og síðar mestmegnis lifað af búskap sínum á þessum jörðum. En þessi hlunnindi hverfa nú óðum. Búskapurinn á jörðum þessum, sem flestar eru stórar og fólksfrekar, er orðinn svo erfiður og dýr, sökum síhækkandi kaupgjalds og verkafólkseklu, að hann svarar ekki kostnaði fyrir þá, sem ekki geta gefið sig óskifta við honum. Þannig er fokið í eitt hið besta skjól prestastjettarinnar.

Atvinnuvegum í landinu fjölgar óðum, sjávarútvegur, iðnaður og versl-

un veita nú fleirum lífvænlega og enda ágæta atvinnu, en nokkru sinni áður, auk annara sýslana, er fjölga ár frá ári með nýjum framfarafyrirtækjum. Launakjör allra annara embættismanna landsins hafa verið stórum bætt frá því, sem áður var. Ungum mönnum standa því nú fleiri vegir opnir til arðvænlegrar atvinnu, en nokkru sinni áður, og flestir þeirra miklu girnilegri en prestsstaðan. Menn, sem litlu eða engu hafa kostað sjer til mentunar eða undirbúnings undir lífsstarf sitt, eiga nú orðið hópum saman við miklu betri launakjör að búa, en prestarnir, sem kostað hafa 10—12 bestu árum æfi sinnar til undirbúnings undir þessa stöðu.

Hvert sem litið er í þjóðlífi voru um þessar mundir, er prestastjettin sú stjett, sem einna verst er farin, eins og högum þjóðarinnar nú er háttað.

Afleiðingin er líka sú, að þeim fækkar sífelt, sem ganga vilja í þessa stöðu, og innan skamms hlýtur að fara svo, að mikill skortur verði á hinni bráðnauðsynlegu prestsþjónustu í þjóðkirkjunni.

Hjer þarf því skjótra aðgjörða, sem löggjafarvaldið má ekki viðra fram af sjer, vilji það gæta skyldu sinnar gagnvart þjóðkirkjunni.

Viðsvegar um landið heyrast nú raddir um skilnað ríkis og kirkju. Að því leyti, sem raddir þessar koma frá vinum kirkju og kristindóms eru þær sjálfsagt sprotnar af kristilegum áhuga og óánægju yfir deyfð þeirri og áhugaleysi á öllum kirkjulegum málum, sem nú virðist vera drotnandi í landinu. Lækning þessara meina þykjast þeir sjá í skilnaðinum og stofnun fríkirkju.

Hugmyndir manna í þessu efni eru sjálfsagt enn sem komið er tölu-vert óákveðnar og óljósar. En hjer er um alvarlegt mál að ræða frá sjónarmiði allra þeirra, er láta hag kirkjunnar sig miklu skifta.

Það er að vísu lítt hugsanlegt, að sú stórkostlega breyting, er skilnaður ríkis og kirkju hlýtur að hafa í för með sjer fyrir alt þjóðlíf vort, geti svo vel fari orðið í skjótri svipan. Fríkirkjuhugmyndin þarf fyrst að ná allmiklum þroska. Þjóðin þarf að gjöra sjer ljóst, að svo miklu leyti, sem unt er, alt það, er leiða kann af þeirri stórkostlegu bylting í lífi hennar. Frá þeirra sjónarmiði, sem vilja með fríkirkjunni vekja fjörugt og framkvæmdarsamt safnaðalíf og stuðla að andlegri vakning í kirkju og trúarmálum, hlýtur skilnaðurinn við ríkið að hafa stórum aukin útgjöld frá því, sem nú er, í för með sjer frá safnaðanna hálfu, þegar litið er á strjálbygð landsins og fátækt alþýðu, þá má búast við, að margir söfnuðir, einkum á útkjálkum landsins, ættu mjög erfitt aðstöðu að fá viðunandi prestsþjónustu.

Nefndin nefnir þetta ekki af því, að hún sje fríkirkjuhreyfingunni andstæð, þar sem hún er sprottin af kristilegum áhuga, hún álítur þvert á móti, að fremur beri að styðja hana en tálma henni á nokkurn hátt. Hjer er mest um það vert bæði fyrir ríkið og kirkjuna, að ekki sje hrapað að neinu í þessu afarmikla vandamáli og fríkirkjuhugmyndin skýrist sem best, áður en verulega er hafist handa til fullkomins skilnaðar.

Í þessu sambandi vill nefndin ekki láta þess ógetið, að henni þykir það miður farið, að stjórnin ekki gat aðhylst frumvarp milliþinganefndarinnar um stofnun kirkjuþings. Sú stofnun gat leitt til rækilegrar athugunar og ljósari skilnings á þessu máli og leitt í ljós, hve áhuginn á því væri í raun og veru mikill hjá þjóðinni. Á hinn bóginn sá nefndin sjer ekki fært, að taka frumvarp þetta að sjer til flutnings að þessu sinni; bjóst hún við, að það myndi ekki hafa nægilegt fylgi, einkum þar, sem sumir nefndarmennirnir að minsta

kosti töldu það þurfa allverulegra breytinga, er hefðu allmikinn kostnað í för með sjer.

En hvort sem hagur prestastjettarinnar er skoðaður frá sjónarhæð þjóðkirkjunnar eða fríkirkjunnar, þarfnast hann svo bráðra umbóta, að þeim má ekki fresta um óákveðinn tíma. Það getur ekki verið væntanlegri fríkirkju til neins góðs, að öllum umbótum á kjörum prestanna sje skotið á frest af því, að skilnaður ríkis og kirkju sje í aðsigi. Auk bess sem ríkið með þeirri aðferð vanrækir skyldur sínar gagnvart þjóðkirkjunni, býr það alt annað en vel í haginn fyrir fríkirkjuna. Með því, að gjöra kjör prestanna viðunandi, getur ríkið, ef til skilnaðar kemur, skilað kirkjunni með mörgum og nýtum kennimönnum, sem fríkirkjan þarfnast engu síður en þjóðkirkjan, og myndi því eflaust hagnýta sjer. En sitji alt í sama horfinu með kjör þessara embættismanna, verður prestastjettin íslenska innan skams bæði fámenn og illa ment.

Þjóðin, þingið og stjórnin telur kjör prestanna óviðunanleg, og af þeim ástæðum hefur svo miklu verið kostað til undirbúnings þessara frumvarpa, sem nefndin hefur til meðferðar.

Frumvarp þetta um laun presta, er nær því samhljóða frumvarpi milliþinganefndarinnar.

Stærstu nýmæli þess eru, að prestar eru settir á föst laun, prestaköllin gjörð jöfn að föstum launum, launin látin hækka eftir embættisaldri, persónuleg launabót ákveðin 20 prestum eftir verðleikum og innheimta sóknargjalda lögð í hendur sóknarnefnda.

Launaákvæði frumvarpsins, að því er föstu launin snertir, telur nefndin til verulegra bóta, og launin því í flestum tilfellum viðunandi fyrir prestana. Sama er að segja um erfiðleika-uppbæturnar, sem auðvitað stafa af hinum miklu sameiningum prestakallanna, er farið er fram á í prestakallaskipunarfrumvarpinu. Nefndin hefur því ekkert við þær að athuga, að öðru leyti en því, að uppbótin til Möðruvallaklausturs fellur burt, af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í áliti nefndarinnar um prestakallaskipunarfrumvarpið.

Nefndinni þykir of mikill munur gjörður á launum Reykjavíkurprestanna, þar sem annar þeirra, dómkirkjupresturinn, á að fá 1600 kr. viðbót við föstu launin. Nefndin vill ekki gjöra þeirra svona mikinn mun, og leggur því til, að upphæð þessi sje lækkuð um kr. 400,00.

Persónulegu launabæturnar vilja 4 nefndarmenn fella burtu; telja þeir mikla vandhæfni á, að ákveða verðleika prestanna til þessara uppbóta, og of litla trygging fyrir því, að uppbætur þessar komi rjettlátlega niður. Upphæð þeirri, er þannig sparast, kr. 6,800 vilja þeir jafna niður á öll prestaköll landsins með 50 krónum á hvert, sem að vísu nemur ekki fullkomlega þessari upphæð.

Um það ákvæði frumvarpsins, að sóknarnefndir innheimti sóknartekjurnar, er það að segja, að nefndin telur töluverð tormerki á þessari innheimtu; býst hún við, að sóknarnefndum verði sá starfi mjög óljúfur og enda svo hvimleiður, að menn reyni á allan hátt að skjóta sjer undan kosningu í sóknarnefnd, til að losast við innheimtu þessara óvinsælu gjalda hjá sveitungum sínum. Nefnin er á því, að rjettast sje, að láta nú verða af því, að afnema þessi gömlu og úreltu gjöld, er þjóðin hefur lengi viljað losast við, en að landsjóður svari prestunum aftur því, sem þessari upphæð nemur. Samkvæmt skýrslu milliþinganefndarinnar er upphæð þessara gjalda alt að 67000 krónur. Þessi út-

gjöld landsjóðs vill nefndin bæta honum upp með 10% í viðbót við bráðabirðartollhækkun þá, sem nú liggur fyrir neðri deild; nemur sú hækkun svipaðri upphæð og þessi útgjöld. Mun nefndin koma með breytingartillögur í þessa átt við tollaukafrumvarp stjórnarinnar.

Því hefur alloft verið varpað fram, að kirkjujörðunum væri ekki svo vel borgið, sem skyldi, undir umsjón og yfirráðum prestanna. Hvað sem um það er, þá mun prestunum almennt ekki vera fast í hendi með þessi umráð, allra síst eins og þau víða verða samkvæmt þessu frumvarpi, þar sem prestarnir eiga að nokkru leyti að verða umboðsmenn landsjóðs og greiða í peningum jarðarafgjöldin, að svo miklu leyti, sem þau ganga ekki upp í laun þeirra. Nefndinni virðist því rjett, að losa prestana algjörlega við öll umráð og afskifti af þessum jörðum, að fráteknum prestsetrunum, og fá umboð þeirra í hendur hreppstjórunum, er greiði afgjöldin í landssjóð, er síðan greiðir prestunum þau upp í laun þeirra, hyggur nefndin, að þessi breyting geti ekki verið neinum sjerlegum vandkvæðum bundin, umboðin verða auðvitað mörg, en því hægri, þar sem hver hreppstjóri hefur að eins umboð yfir þeim kirkjujörðum, er liggia í hreppi hans, og að því leyti telur nefndin, að komast megi af með umboðslaunin, með 6% í umboðslaun. Nái frumvarpið um sölu kirkjujarðanna fram að ganga, fækkar jörðum þessum að líkindum mikið á næstu árum.

Samkvæmt þessum breytingum nefndarinnar fá prestarnir þá nálega öll laun sín, er þeir taka ekki undir sjálfum sjer, úr landssjóði, nema borgun fyrir aukaverk, sem helst óbreytt og þeir innheimta sjálfir eins og hingað til. Þetta er að vísu stórmikil breyting, en nefndin er þess fullviss, að henni verður vel tekið af þjóðinni. Prestarnir eru á þennan hátt losaðir við erfiða og óvinsæla innheimtu og laun þeirra þannig gjörð miklu vissari, en hingað til. En af þjóðinni er ljett ójafnaðargjaldi og úreltum skatti (sóknargjöldunum), og í stað þess látin koma lítil hækkun á óbeinum sköttum, er þjóðin fellir sig miklu betur við en beina skatta, þótt rjettlátari sjeu, en þessi gjöld.

Sje litið á það, hvernig þetta frumvarp, ásamt breytingartillögum nefndarinnar, sem og hin frumvörpin, er nefnd þessi hefur fjallað um, horfi við frá sjónarmiði fríkirkjuhreyfingarinnar, þá sjer nefndin ekki, að þau bindi kirkjuna á nokkurn hátt fastara við ríkið en nú er. Með rýmkun á kjörfrelsi safnaðanna og rjetti þeirra til að ráða meir en áður ýmsum safnaðarmálum, stofnun sjerstaks kirkjueignasjóðs, er eingöngu skal varið í kirkjunnar þarfir og afhenda má kirkjunni til allra umráða, ef til skilnaðar kemur, verður nefndin að telja, að fremur sje gengið í fríkirkjuáttina, heldur en hert á ríkisfjötrunum. En nefndin vill jafnvel ganga feti framar í þessa átt. Þegar hin beinu gjöld til prestanna eru afnumin og óbeinir skattar látnir koma í þeirra stað, sem auðvitað greiðast eins af fríkirkjumönnum og meðlimum þjóðkirkjunnar, þykir henni sanngirni mæla með því, að fríkirkjusöfnuðir þeir, sem standa á sama trúargrundvelli og þjóðkirkjan, fái gjöld sín að því leyti, sem þau ganga til þjóðkirkjunnar, að einhverju leyti uppborin með fjárstyrk frá ríkinu til safnaðarþarfa sinna. Þess vegna vill nefndin leggja það til, að á fjárlögunum sje veitt upphæð, er landstjórnin megi veita fríkirkjusöfnuðum, er fengið hafa sjer prestsþjónustu, og játa trú þjóðkirkjunnar, og mun nefndin síðar koma með ákveðna tillögu í þá átt.

Að því er kemur til annara breytinga á prestalaunafrumvarpinu, þá standa þær allar að einhverju leyti í sambandi við þær aðalbreytingar sem

vjer höfum gjört grein fyrir hjer að framan, og mun nánari grein gjörð fyrir þeim í framsögu málsins.

Vjer ráðum því deildinni til að samþykkja frumvarpið með eftirfylgjandi breytingatillögum:

1. Við 1. gr. Fyrir tölurnar »1200«, »1400« og »1600« komi: 1250, 1450 og 1650.
   Aftan við greinina komi svo látandi málsgrein: Launin greiðast úr landssjóði, að svo miklu leyti, sem prestur tekur þau ekki undir sjálfum sjer, sbr. 7. gr.
2. — 2. — Fyrir »1600« komi: 1200.
   — 2. — 10. tölul. falli burtu.
3. — 3. — Greinin falli burtu.
4. — 5. — Sömuleiðis.
5. — 6. — Sömuleiðis.
6. — 7. — Upphaf greinarinnar orðist svo: Afgjald eftir prestssetrið, lóðargjöld á landi þess, arð af ítökum, er prestur notar sjálfur sem og prestsmötu, tekur hann að svo miklu leyti o. s. frv., eins og í frumvarpsgreininni.
7. — 8. — Greinin orðist þannig:
   Ákvæðisverð gjalda þessara um næstu 2 ár eftir að lög þessi öðlast gildi, fer eftir mati því, er fram fór 1899. En ákvæðisverð fyrir næsta 10 ára tímabil þar á eftir skal finna þannig: Jafnskjótt eftir að lög þessi öðlast gildi skal prestur hver senda prófasti tvíritaða skýrslu um afgjald prestssetursins, að fráskildu íbúðarhúsi, með arði af lóðargjöldum á landi þess, ítökum og prestsmötu eftir fyrirmynd, er biskup semur, sem og matsgjörð dómkvaddra manna. Skýrsla þessi skal einnig bera með sjer, hvað tekjugreinar þær, sem þar hafa taldar verið, hafi numið hver um sig næstu 5 ár á undan.
8. — 9. — Fyrir orðin: »af kirkjueignum ...« til »prestsmötu« komi: þær, sem nefndar eru í 7. grein.
9. — 9. — Orðin »og auk ...« til enda málsgr. falli burtu.
10. — 10. — Niðurlag greinarinnar »og gengur ...« til enda, fellur burtu.
11. — 11. — Greinin orðist þannig:
    Hver hreppstjóri hefur umsjón yfir öllum þeim kirkjueignum, er liggja í hreppi hans, að undanskildum prestssetrum og lóðargjöldum á prestssetrunum, sem og ítökum þeim, er presturinn notar sjálfur. Hann innheimtir eftirgjöld jarðanna og skilar sýslumanni þeim fyrir lok júnímánaðar ár hvert, en sýslumaður greiðir tekjur þessar í landssjóð. Í umboðslaun fær hreppstjóri 6% af eftirgjöldunum.
12. — 12. — Fyrir »Prestar« komi: Hreppstjórar.
13. — 12. — Fyrir »prófastur« komi: sýslumaður.
14. — 12. — Fyrir »biskup« komi: landstjórnarinnar.
15. — 13. — Fyrir »Prestinum« komi: hreppstjóranum.
    — 13. — Fyrir »prestsins« komi: hreppstjórans.

16. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
Nú hrekkur ákvæðisverð á eftirgjaldi prestssetursins, með lóðargjöldum, ítökum og prestsmötu, ekki fyrir launum prestsins, og fær hann þá það, sem til vantar, úr landssjóði. Fari ákvæðisverðið hins vegar fram úr launununum, borgar prestur afganginn í landssjóð innan júnímánaðarloka.
17. — 15. — Greinin falli burtu.
18. — 16. — Sömuleiðis.
19. — 17. — Sömuleiðis.
20. — 18. — Sömuleiðis.
21. — 19. — Sömuleiðis.
22. — 20. — Sömuleiðis.
23. — 21. — Sömuleiðis.
24. — 22. — Sömuleiðis.
25. — 23. — Sömuleiðis.
26. — 24. — Sömuleiðis.
27. — 25. — Fyrir orðin »að taka laun« komi: að fá launaupphæðina.
28. — 25. — Þriðja málsgrein falli burtu.
29. — 25. — Fjórða málsgrein orðist þannig:
Þar sem prestur heldur áfram að taka laun eftir eldri ákvæðum, skal hann fá úr landssjóði uppbót fyrir tekjur af kirkjueignum og sóknum, eftir meðaltali á tekjum þessum frá 1903—1908.
30. — 25. — Síðasta málsgrein orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi í fardögum 1908 og frá sama tíma falla burtu tiund og lausamannagjald til prests, offur, lambsfóður og dagsverk, og jafnframt eru úr gildi numin öll lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

6. Frumvarp
til laga um laun prófasta.

7. Frumvarp
til laga um ellistyrk presta og eftirlaun.

8. Frumvarp
til laga um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri og

9. Frumvarp
til laga um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum, ræður nefndin deildinni til að samþykkja óbreytt og skýrskotar að öðru leyti til athugasemda milliþinganefndarinnar og stjórnarinnar við þessi frumvörp.

10. Frumvarp
til laga um sölu kirkjujarða.

Frumvarp þetta er sniðið eftir þjóðjarðarsölulögunum. Í áliti sínu um prestalaunafrumvarpið hefur nefndin lagt til, að prestarnir yrðu losaðir við umsjón og yfirráð kirkjueignanna, samkvæmt þeirri tillögu leggur nefndin til, að sú breyting sje gjörð á þessu frumvarpi, að prestar og hjeraðsnefndir hafi engin afskifti af sölu jarðanna, heldur fari að öllu leyti um sölu þeirra eins og þjóðjarðanna. Ákvæðum 12. gr. frumv. vill nefndin þó breyta þannig, að í stað hinna kunnugu manna, er stjórnin getur kvatt sjer til ráðaneytis, geti hún skipað fyrir um yfirmat á jörðum, er falaðar eru, þyki henni ástæða til. Eins vill nefndin, að kaupandi sýni árlega skilríki fyrir því, að jörðin sje í sjálfsábúð, meðan á afborguninni stendur.

Nefndin ræður deildinni til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi breytingartillögum:

1. Við 2. gr. Fyrir »hjeraðsnefnd« á þrem stöðum í greinni komi: sýslunefnd.
2. — 2. — Í stað orðanna í niðurlagi síðustu málsgreinar »þarf . . . .« til enda greinarinnar, komi: má hann einskis í missa við söluna.
3. — 6. — Fyrir »hjeraðsnefndar« og »hjeraðsnefd« á þrem stöðum í gr., komi: sýslunefndar og sýslunefnd.
4. — 7. — Fyrir »hjeraðsnefnd« á tveim stöðum, komi: sýslunefnd.
5. — 7. — Orðin »að tilhlutun oddvita nefndarinnar« falli burtu.
6. — 9. — Greinin orðist þannig: Jafnframt því, er sýslumaður kveður matsmenn samkvæmt 7. gr., skal hann útvega frá umráðamanni jarðarinnar skýrslur þær viðvíkjandi jörðinni, sem matsmenn þurfa, samkvæmt 7. og 8. gr., við mat sitt og lýsing á jörðinni, lætur sýslumaður skýrslur þessar fylgja útnefningarbrjefum til matsmanna. Umráðamanni jarðar er skylt, að láta skýrslur þessar í tje innan hæfilegs tíma, er sýslumaður tiltekur.
7. — 10. — Fyrir »oddvita hjeraðsnefnda« komi: umráðamanni jarðarinnar.
8. — 10. — Á eftir orðunum »afgreiðir málið« bætist inn í: áleiðis.
9. — 12. — Í stað fyrstu og annarar málsgreinar komi svolátandi grein:
   Landsstjórnin getur, þyki henni sjerstakar ástæður til, skipað fyrir um yfirmat á jörðum þeim og ítökum, sem til kaups eru föluð. Yfirmatsmenn skulu vera þrír og fer um kvaðning þeirra sem segir í 7. gr.
   Nú vill stjórnin ekki hlýta yfirmati og þarf þá sjerstakrar lagaheimildar til þess, að jörðin sje seld.
10. — 13. — Á eftir fyrstu málsgrein komi ný málsgrein svo hljóðandi:
   Kaupandi skal með hverri afborgun senda vottorð hlutaðeigandi hreppstjóra um, að jörðin sje í sjálfsábúð.
11. — 15. — Aftan við greinina komi svo látandi málsgrein:
   Í þennan sjóð skal enn fremur leggja peningaeign prestakalla.
12. — 16. — Greinin orðist þannig: Eign kirkjujarðasjóðsins skal ávaxta

sem óskerðanlegan höfuðstól og skal árlega leggja við innistæðuna 5% af árstekjunum, en að öðru leyti ganga vextirnir í landsjóð til að launa sóknarpresta þjóðkirkjunnar.

Alþingi, 22. júlí 1907.

Eiríkur Briem formaður. Sigurður Stefánsson skrifari og framsögum. Guttormur Vigfússon.

Sigurður Jensson. Þórarinn Jónsson.

Nd. **128. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um almennan kosningarrjett til alþingis.

Nefnd sú, er haft hefur frumvarp þetta til meðferðar, hefur athugað það; felst meiri hlutinn á ástæður þær, er stjórnin hefur fært fyrir frumvarpinu, og ræður háttvirtri deild til að samþykkja það.

Neðri deild alþingis, 20. júlí 1907.

Pjetur Jónsson formaður Jón Magnússon skrifari og framsögum. Lárus H. Bjarnason

Ólafur Thorlacius Jón Jónsson.

Álit minni hlutans.

Við undirritaðir höfum ekki getað orðið öldungis sammála háttv. samnefndarmönnum okkar og þess vegna komist að gagnstæðri niðurstöðu að því, er snertir frumvarp það, sem hjer um ræðir. Við lítum að vísu, eins og þeir, svo á, að kosningarrjettinn til alþingis beri ekki að miða við nokkuð ákveðið gjald, þareð alt slíkt gjald, hverrar tegundar sem er, getur ekki, út af fyrir sig, verið nein trygging fyrir því, að vel og viturlega sje með þann rjett farið, heldur er hún að eins fólginn í samviskusemi og þroska þess, er með hann fer. En með því, að þessi samviskusemi og þessi þroski á sjer vitanlega engu síður stað hjá hinum umkomuminni, en hinum efnaðri, engu síður hjá konu en karli, þá virðist okkur, að með frumvarpi því, sem hjer um ræðir, sje alt of skamt farið í aukning kosningarrjettarins. Við sjáum enga ástæðu til þess, að gjöra þann mismun á lausamanni og vinnumanni, að hinum fyrnefnda skuli takmarkalaust veittur kosningarrjettur til alþingis, ef hann að eins hefur náð ákveðnu aldurstakmarki, er skuldlaus við sveit og hefur óflekkað mannorð, en hinum síðarnefnda skuli vera neitað um hann, þótt hann fullnægi öllum sömu skilyrðum og gjaldi auk þess máske meira eða minna til allra stjetta. Með slíku fyrirkomulagi væri óneitanlega gefið í skyn, að lausamenskustöðuna bæri skilyrðislaust að skoða hjúastöðunni æðri, en það teljum við hvorki rjettlátt nje eftir ástæðum heppilegt. Við lítum einnig svo á, að eigi fullkomin sanngirni og rjettlæti að ráða, þá ætti konum jafnt sem körlum, eftir þroska og hæfileikum, að gefast kostur á, að taka þátt í lög-

gjafarstarfi þjóðarinnar og í því skyni beri því að veita þeim bæði kosningar- og kjörgengisrjett til alþingis. Sakir þessa mundum við hafa kosið, að koma fram með annað frumvarp, er hefði haft að innihaldi ákvarðanir um fullkomlega almennan kosningarrjett í stað frumvarps þess, er hjer liggur fyrir, enda þótt með því hefði verið um stjórnarskrárbreytingu að ræða. En þar sem nú nýlega hefur verið lagt fyrir alþ. frv. um ýmsar breytingar á gildandi stjórnarskrá, og við væntum, að það ákvæði nefnds frumvarps, sem snertir hinn almenna kosningarrjett, nái nú, eða innan skamms, samþykki þingsins, þá álítum við, að það geti engu tjóni valdið, þótt kosningarrjetturinn sje ekki nú þegar eða áður veittur hinum fáu lausamönnum, sem eigi greiða 4 króna sveitarútsvar, og leyfum okkur því að leggja það til, að hin háttv. deild felli frumvarp það um almennan kosningarrjett, sem hjer liggur fyrir.

Eggert Pálsson. Björn Kristjásson.

Ed. **129. Frumvarp**

til laga um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905, og skipan milliþinganefndar.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hækkun sú á aðflutningsgjaldi, sem ákveðin er í lögum 29. júlí 1905, skal haldast þangað til annari skipan verður komið á skattamál landsins, þó þannig, að innheimtulaun skuli og greiða af gjaldaukanum.

Verði gjald lagt á innlenda vindlagjörð, bittergjörð, brjóstsykursgjörð eða aðra vörugjörð, þeirrar vöru, sem tollskyld er, skal það gjald hækkað að sama skapi og aðflutningsgjald, meðan lög þessi eru í gildi.

2. gr.

Skipa skal 5 manna nefnd milli þinga til þess að endurskoða skattalög landsins og sjerstaklega athuga,

1, hvort hentugra muni vera, að þeir fastir skattar, sem nú eru, haldist, með breytingum, er nauðsynlegar kynnu að þykja, eða að fasteignarskattur, er bæði hvíli á jarðeignum til sveita og á húsum og lóðum í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum, komi í stað þeirra föstu skatta, sem nú eru,

2, hvort fært muni vera, að hækka aðflutningsgjald og útflutningsgjald frá því, sem nú er, eða bæta við fleiri tollstofnum, eða leiða í lög almennt verslunargjald, svo og koma fram með frumvörp eða tillögur, er nefndinni mætti ástæða til virðast.

3, hvort haganlegt muni vera að breyta gildandi ákvæðum um sveitagjöld og gjöld til prests og kirkju.

3. gr.

Í nefndina tilnefnir sameinað alþingi 4 menn og stjórnarráðið einn mann, og er sá formaður nefndarinnar. Konungur skipar nefndina. Kostnaður við hana greiðist af landssjóði. Nefndinni er heimilt að taka sjer þá aðstoð, sem hún þarf með, og telst það sem kostnaður við nefndarstörfin. Öllum stjórnarvöldum er skylt að láta nefndinni í tje þær skýrslur og upplýsingar, er hún beiðist eftir.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **130. Frumvarp**

til laga um forstjórn landsímanna.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Skipa skal forstjóra fyrir símamálefni landsins; hann stendur beint undir stjórnarráðinu. Ráðherrann ákveður starfsvið hans. Hann hefur í árslaun 3500 krónur. Konungur veitir það embætti.

Verði embætti þetta veitt þeim manni, sem nú hefur forstjórn landsímanna á hendi, veitist honum persónuleg launaviðbót 1500 kr. á ári.

2. gr.

Til aðstoðar á aðalskrifstofu landsímanna veitast 3000 kr. á ári. Tölu starfsmanna við landsímana ákveður stjórnarráðið. Laun þeirra eru ákveðin með fjárlögum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Nd. **131. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894, um útflutningsgjald.

Flutningsm.: M. J. Kristjánsson, Jón Jónsson, Árni Jónsson.

Á eftir 1. gr. komi ný gr. þannig:

Af útflutningsgjaldi því, sem ákveðið er í 1. gr. skal greiða 10% í Fiskiveiðasjóð Íslands, og skal því fje varið til eflingar síldarútveg innlendra manna.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

Nd. **132. Frumvarp**
til laga um löggilding verslunarstaðar að Kalmansárósi við Hvalfjörð í Borgarfjarðarsýslu.

Flutningsmaður Þórh. Bjarnarson.

1. gr.

Að Kalmansárósi við Hvalfjörð í Borgarfjarðarsýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefur ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvember 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **133. Breytingartillaga**
við breytingartillögu á þingskjali 131.

frá Birni Bjarnarsyni og Birni Kristjánssyni.

Fyrir »10%« komi: 25%.

Ed. **134. Breytingartillaga**
við frv. til laga um breytingar á póstlögum 13. sept. 1901.

Frá nefndinni.

1. 10. grein frv. verði 11. grein.
2. 11. grein frv. verði 10. gr.

Ed. **135. Nefndarálit**
um frumv. til laga um verndun fornmenja.

Stjórnin á þakkir skilið fyrir það, að hún hefur haldið þessu máli vakandi og orðið við áskorun síðasta alþingis, að leggja frumvarp um það efni fyrir þingið.

Samt hefur nefndin ekki getað orðið stjórninni að öllu leyti samdóma um þau undirstöðuatriði, sem felast í frv.

Frv. er sniðið eftir hinum norsku fornmenjalögum 13. júlí 1905, með hliðsjón af frv., er cand. Matthías Þórðarson hafði samið. En vjer getum af ýmsum ástæðum ekki talið stefnu hinna norsku laga hentuga.

Frv. skiftir fornmenjunum, eins og norsku lögin, í staðbundnar fornmenj-

ar, (er vjer viljum nefna til hægðarauka fornleifar) og lausar (er vjer nefnum forngripi), og er sú skifting eðlileg og heppileg.

Frv. friðar *óskorað allar* staðbundnar fornmenjar, sem eldri eru enn 100 ára, og fer að því leyti lengra en norsku lögin, sem að eins friða þær, sem eru úr fornöld eða miðöld. Slík friðun mundi reynast pappírsgagn í framkvæmdinni. Enginn getur ætlast til þess, að almenningur geti greint aldur slíkra fornleifa, t. d. rústa af bæjum, seljum, búpeningshúsum o. s. frv., án nokkurrar leiðbeiningar. En lögin gjöra ekki ráð fyrir, að landeigendur eða ábúendur fái neinar leiðbeiningar í því efni. Þeir, sem umráð hafa yfir landi, mundu því alls ekki geta vitað, hvort þeir brjóta lögin eða ekki, er þeir hreyfa við einhverri rúst, enda mundi oftast reynast ómögulegt að sanna, hve gömul tóftin er. Af þessari óvissu mundi leiða, að menn mundu hafa lögin að engu, einkum þar sem líklegt er, að bændum mundi þykja hart, að mega okki hreyfa við neinu tóftarbroti, hve ómerkilegt sem það er, ef það að eins gæti álitist eldra en 100 ára.

Í fornmenjalögum ýmsra annara þjóða, t. d. Frakka og Ítala, er *skrásetning fornmenja* höfð sem grundvöllur undir friðun þeirra, þó þannig, að fornmenjar einstakra manna verða ekki skrásettar án leyfis eiganda. Þessari meginreglu hefur Matthías Þórðarson fylgt í frv. sínu.

Vjer viljum nú, að því er staðbundnar fornmenjar snertir, fara nokkurskonar milliveg milli stjórnarfrv. og frv. Matthíasar Þórðarsonar. Vjer ætlumst til, að fornmenjavörður semji skrá yfir allar þær staðbundnar fornmenjar, sem nú eru kunnar og ástæða er til að friða, og bæti jafnóðum á skrána þeim, sem honum verða síðar kunnar, og að allar slíkar fornmenjar, sem á skrá eru settar, sjeu friðaðar. Hins vegar þykir oss ekki ástæða til að gjöra leyfi eiganda að skilyrði fyrir skrásetningu *þessara* fornmenja. Vjer fáum ekki sjeð, að eignarrjettur einstaklingsins sje skertur í neinu verulegu, þar sem ætlast er til, að eigandi eða ábúandi megi beita og slá fornleifina eftir sem áður, ef hún spillist ekki við það, og þar sem eiganda eru ætlaðar skaðabætur fyrir tjón það, er hann kann að hafa af friðuninni, enda mundi skaðinn oftast nær verða enginn eða lítill. Annars vegar mun hver sá, sem ant er um íslenskt þjóðerni, játa, að það er alþjóðar nauðsyn að friða fornhelgar sögulegar leifar frá forfeðrum vorum. Ef skrásetning er höfð, virðist mega láta aldurstakmark fornleifanna óákveðið, því að vænta má, að fornmenjavörður taki ekki aðrar fornleifar á skrá en þær, sem eru merkilegar í sögu landsins eða fyrir menningarsögu þjóðarinnar.

Jafnframt teljum vjer óhjákvæmilegt, að sjá um, að friðun fornleifar verði kunn þeim manni eða mönnum, sem hlut eiga að máli. Besta ráðið til þess er að vorri hyggju, að þinglýsa friðhelginni við það þing, sem fornleifin liggur til. Með því móti er það trygt, að landeigandi og ábúandi og nágrannar viti, hvað friðað er og hverju eigi má spilla.

Sumar eru þær fornmenjar, sem bæði eru staðbundnar og lausar, eða, sem vjer köllum *lausar fornleifar*, svo sem fornir legsteinar, minnisvarðar, gripir, sem finnast í haugum, dysjum og hofum. Rjett teljum vjer, að friða allar slíkar fornmenjar án samþykkis landeiganda. Þær eru þess eðlis, að þær geta varla talist eign landeiganda, heldur eru þær frá upphafi helgaðar minningu dáinna manna eða hafa heyrt til hofum, þar sem allsherjar guðsdýrkun fór fram. En hjer á þinglýsing ekki við, þar sem um lausa muni er að ræða. Vjer leggjum því til, að þessar fornleifar sjeu friðaðar án þinglýsingar og sjeu eign landsins, og sömuleiðis, að þær verði sem fyrst skrásettar.

Lausum fornmenjum eða *forngripum* utan Forngripasafnsins má skifta í tvo flokka: forngripi, sem finnast í jörðu eða á, og þá, sem nú eru í eign einstakra manna.

Um *fundna forngripi* fylgir stjórnarfrumvarpið, eins og norsku fornmenjalögin, þeirri meginreglu, að þeir skuli vera óskift eign landsins, en þó skuli finnandi og landeigandi fá sinn helminginn hvor af andvirði hlutarins, og er síðara ákvæðið auðvitað sett til þess, að fundi skuli síður vera leynt, ef von er á fullu endurgjaldi, en ekki heimilar fyrri reglan neinn slíkan rjett eftir eðli sínu, síst fyrir landeiganda, sem ekki virðist eiga neitt tilkall til hlutarins, úr því hann á ekkert í honum. Auk þess virðist ákvæðið um, að landið eigi óskorað alla fundna forngripi, ekki vera í samræmi við almennar rjettarfarsreglur, nje heldur við forn og ný lög vor og rjettarmeðvitund þjóðarinnar. Ef eigandi týnir forngrip á förnum vegi, og annar maður finnur, þá verður gripurinn eign landsins eftir 8. gr. stjfrv., en sá, sem týndi, missir rjettar síns. Þetta virðist ekki rjettlátt eða sanngjarnt.

Í þessu efni er ekki ófróðlegt, að bera saman hin eldri lög Íslendinga um fundna gripi eða fje.

Eftir Grágás er það föst regla, að annaðhvort finnandi eða landeigandi skal »halda upp«, ɔ: lýsa, hinum fundna grip á þingi. *Ef engin leiðir sig að hlutnum*, eignast sá, sem land á undir, þar sem hluturinn fanst, og fær finnandi þá ekki neitt. En ef finnandi getur að einhverju leyti talist meðeigandi að landinu, t. d. ef hluturinn finst á alþingi eða í almenningum, þá eignast hann, *ef ekki verður eigandi að* (Grágás, Konungsbók 239. og 170. kap., útg. V. Finsens II 185. —186. og 75. bls. Sbr. Staðarhólsbók, útg. V. Finsens, 182. kap. 221. bls.).

Eftir Jónsbók er það algild regla, að sá sem finnur, *skal lýsa samdægris fundnum grip ella verður hann þjófur að.* Ef enginn leiðir sig að hlutnum, á finnandi þriðjung, en landeigandi tvo þriðjunga (Jónsbók, Þjófabálkur 14. kap. sbr. Landsbrigðabálkur 6. og 7. k., útg. Ólafs Haldórssonar 274.—275. sbr. 124. og 125. bls. Sbr. enn fremur Hákonarbók 81. og 82. kap., Norges gamle love I 285. bls.).

Við þessi ákvæði Jónsbókar virðist hafa staðið, þangað til menn fóru hér á landi að beita Norsku lögum Kristjáns 5. Þar eru í 5—9—1—6 allnákvæmar reglur um meðferð á fundnum munum. Er þar alveg samskonar ákvæði og í Jónsbók, að *finnandi skuli lýsa hlutnum ella verði hann þjófur að.* Ef enginn verður eigandi að, er það meginreglan, að finnandi eignast þriðjung, landeigandi þriðjung og konungur þriðjung í fundnu fje, nema í almenningum hafi fundit,s þá telst konungur sem landeigandi og fær tvo þriðjunga, en finnandi einn.

Í opnu brjefi 7. ágúst 1752 er tekið fram, að konungur eigi alt jarðfólgið fje eftir DL. 5—9—3 og part af peningum og öðrum munum, sem í jörðu finnast eftir NL. 5—9—3—6. Samt lofar brjefið finnanda slíkra muna fullu endurgjaldi, eftir verðmæti þeirra, ef hann sendir hlutinn skilvíslega til Rentukammersins. Brjef þetta var upphaflega gefið út að eins fyrir Danmörku og Noreg. En með Kansellíbrjefi 26. apríl 1817 var fyrirskipað, að því skyldi þinglýsa á Íslandi. En á Lovsamling for Island VII 674. bls. neðanmáls sjest, að þinglýsingin hefur farist fyrir af sjerstökum ástæðum í Norður- og Austuramtinu, en annarsstaðar virðist brjefið hafa verið þinglesið og einnig efni þess verið kunngjört sýslumönnum til frekari birtingar í Norður- og Austuramtinu. Á neðanmálsgrein við 673. bls. á s. st. sjest,

að íslenskir lögfræðingar um þær mundir (1826) töldu Þjófabálk Jónsbókar 14. k. eða NL. 5—9—3—7 hin einu gildandi lög um fundið fje á Íslandi.[1]

Vjer erum ekki svo djarfir, ólögfróðir menn, að kveða upp neitt álit um það, hvort opið brjef 7. ágúst 1752 hefur gildi fyrir Ísland. Stjórnarráðið virðist heldur hnegjast að því en frá, þar sem það vill láta nema það úr gildi í 14. gr. frv. (sbr. þó athugasemd við 14. gr.). En þótt það sje í gildi, þá er þó vafasamt, hvort þar með eru inn leidd nokkur ný lög um þetta efni á Íslandi — aðalatrið í brjefinu er ekki tilvitnunin til DL. og NL. í inngangínum, heldur loforðið um fult endurgjald fyrir fundna muni — en ef hjer er um innleiðslu nýrra laga að ræða, þá er ljóst, að það eru fyrirmæli Norsku laga um þetta efni, en ekki fyrirmæli Dönsku laga, eins og stjórnarráðið virðist álíta (sjá ath. við 6. gr. frv.). Og það er þó að minsta kosti víst, að ákvæðum Norsku laga hefur verið beitt hér í framkvæmdinni jafnhliða Jónsbókar lögum.

Á þessu sjest, að það hafa frá alda öðli verið lög á Íslandi, að finnandi sje skyldur að lýsa fundnu fje, ella varði við lög, og að eigandi slíkra hluta, ef nokkur er, missi ekki eignarjett sinn, ef hann getur sannað hann.

Þetta er sanngjarnt og líka hentugt að því leyti, sem finnandi hefur fremur hitann í haldinu, er hann veit, að ólögmæt meðferð fundar varðar við almenn hegningarlög, og leggjum vjer til, að því sje haldið, þó þannig, að rjettur eiganda falli burt, ef hann gefur sig ekki fram, áður en 4 mánuðir eru liðnir frá lögbirtingu fundarins. Ef til vill kann það að virðast óþarfi, að lýsa fundnu fje, ef það er þess eðlis, að engar líkur sje til, að nokkur núlifandi maður eigi það (t. d. jarðfólgnir peningar frá fornöld). En hjer er erfitt að draga nokkra fasta takmarkalínu, og ætlumst vjer því til, að jarðfundið fje sje alt af auglýst, enda veldur það að eins litlum drætti og tilkostnaði, og svo er aðgætandi, að þeir munir, sem finnast í og tilheyra fornum haugum eða hofrústum, komast eftir tillögum vorum undir önnur ákvæði laganna (»lausar fornleifar« — sjá áður) og þarf ekki að auglýsa þá.

Vjer komum þá að meginatriðinu, hvernig skifta skuli eignarrjettinum að fundnu fje, ef ekki verður eigandi að, og er það skoðun vor, að í því efni sje ákvæði Norsku laga bæði eðlileg í sjálfu sjer og vænleg til þess, að veita forngripunum tryggilega vernd.

Það virðist bæði eðlilegt og sanngjarnt, að eignarrjetturinn að fundnu fje, sem ekki verður eigandi að, skiftist milli landsins, sem lagaverndina veitir, og finnanda og landeiganda. Fyrir verndun forngripa er það einkar áríðandi, að landið eignist part í hlutnum, því að það veitir stjórnarvöldunum rjett til, að hafa umráð yfir hlutnum og varðveita hann, þangað til útsjeð er um, hvað af honum verður, og sviftir meðeigendur rjettinum til að farga honum eða spilla. Enn fremur er það æskilegt sakir verndarinnar, að meðeigendur landsjóðs sjeu heldur tveir (finnandi og landeigandi) en einn (annarhvor þeirra), því að þá er síður hætt við, að fundi verði leynt. Stundum getur það auðvitað komið fyrir, þó að þessari meginreglu sje fylgt, að meðeigandi landsjóðs verði að eins einn maður (t. d. ef hluturinn finst á þjóðjörð, eða ef finnandi og landeigandi er sami maður o. s. frv.), en við því verður ekki gjört.

Af þessum ástæðum höfum höfum vjer hallast að meginreglu Norsku laga.

---

1) Amtmaður J. P. Havstein og sýslumaður Eggert Briem virðast aftur hafa verið á þeirri skoðun, að 14. k. í Þjófabálki Jónsbókar væru þau lög, sem ein hefðu gildi í þessu efni (Jónsbók, Akureyri 1858, XIX. bls.).

Ef forngripur finst við ransókn þá, sem getur í 4. gr. stjórnarfrv., eða í almenningum, afrjettarlöndum eða þar sem hreppsfjelag eða sýslufjelag á land undir, þykir oss rjett, að landssjóður teljist sem landeigandi og fái tvo hluti, en finnandi einn. Vanalega munu hvort sem er sveitarfjelög ekki hirða mjög um rjett til forngripa og fúslega unna forngripasafninu að eignast þá. Í sambandi við þetta höfum vjer komið oss saman um reglur fyrir meðferð fundinna forngripa, er vjer vonum, að mæli með sér sjálfar. Ef fundinn forngripur er úr dýrum málmi eða sje um silfurpeninga eða gullpeninga að ræða, viljum vjer, að landssjóður greiði meðeiganda eða meðeigendum fult málmverð að viðlögðum 10 %. Þetta er tekið eftir hinum norsku fornmenjalögum og miðar til að tryggja það, að dýrum fundi sje ekki leynt og gripirnir bræddir, því að hjer er freistingin mikil.

Forngripi þá, sem eru eign einstakra manna viljum vjer láta skrásetja, en þó því að eins, að eigendur beiðist þess eða leyfi. Samskonar ákvæði er í fornmenjalögum Ítala og Frakka, og eftir þeim tók Matthías Þórðarson það í frv. sínu, því er fyr var getið. Ætlumst vjer til, að sú kvöð falli á skrásettan grip, að jafnan verði að láta fornmenjavörð vita um eigendaskifti, til þess að hann geti sjeð um, að gripurinn sje ekki fluttur af landi burt, ella falli hann endurgjaldslaust til Forngripasafnsins, og að Forngripasafnið öðlist forkaupsrjett að gripnum, ef hann er seldur. Á þessa skrá viljum vjer líka setja — *án leyfis* eiganda — alla forna kirkjugripi og auk þess þá fundna gripi, sem landssjóður eða Forngripasafnið eignast forkaupsrjett að, eftir tillögum vorum (sjá 13. og 15. breytingartillögu [hina nýju 18. gr.]). Eins og kunnugt er, voru óskir manna um friðun kirkjugripa ekki síst tilefni til þingsályktunar þeirrar, er neðri deild samþykti á síðasta þingi. Vjer erum samdóma stjórninni um, að það sje ósanngjarnt að taka slíka gripi af eigendum með eignarnámi, en aftur virðist ekki vera gengið of nærri rjetti þeirra, þó að sú kvöð, sem vjer ætlumst til að skrásetningu fylgi, sje lögð á munina, einkum þar sem eigendum er bannað að selja þá í Kansellíbrjefi 19. april 1817, er vjer hyggjum ekki hafa verið úr gildi numið. — Ein nýmæli viljum vjer taka upp við skrásetinguna, sem vjer vitum ekki til, að sje í öðrum fornmenjalögum, en það er, að þeir munir, sem á forngripaskrá eru settir, sjeu merktir skrásetningarmerki, ef því verður við komið, án þess að skemma gripinn. Ef eigandaskifti verða, er slíkt mark nokkur trygging fyrir því, að sá sem eignast viti, hver kvöð liggur á hlutnum, og getur orðið til þess að koma því upp, ef ólöglega er með farið. Líklegt er, að sú verði reyndin á hjer sem annarsstaðar, að allmargir verði til að láta skrásetja forngripi, sem þeim er ant um að ekki hverfi úr landi eða í ómildra hendur. Auðvitað getur eigandi látið skrásetja forngrip með beinu skilorði, t. d. að hann megi ekki úr ætt ganga, ella hverfa til Forngripasafnsins, en slíkt virðist ekki þurfa að taka fram í lögunum.

Nokkur efi getur á því leikið, hve gamlir forngripir eða fornleifar skuli vera, til þess að lagafriðun nái til þeirra. Norsku fornmenjalögin friða ekki aðra muni en þá, sem eru úr fornöld eða miðöld. Það þykir oss of skamt farið. Stjórnarfrv. vill friða allar fornleifar, sem eru eldri en 100 ára. Það er aftur á móti, ef til vill, nokkuð djúpt tekið í árinni. Vjer höfum sett 150 ára aldurstakmark, þar sem oss þótti þörf að setja það, Við alla þá muni, sem settir eru á fornleifa- eða forngripaskrá, fanst oss þess ekki þurfa; því að þar segir skráin til. Þeir munir, sem eru yngri en 150 ára, eru sjaldan mjög fágætir, og er fornmenjaverði ekki ofætlun að útvega slíkt, ef þess þarf, til skýringar menningarsögu landsins, þó að lagavernd nái ekki til þess.

Vjer erum alveg samdóma stjórnarfrv. um það, að leggja bann við útflutningi forngripa úr landinu, en þykir rjettara að setja þar aldurstakmark.

Við 3. kafla stjórnarfrv. höfum vjer að eins gjört óverulegar breytingar.

Vjer teljum sjálfsagt, að það komist undir ákvæði Almennra hegningarlaga um ólöglega meðferð á fundnu fje, eða um skemd á eigum annara, ef finnandi leynir fundi forngrips eða skemmir hann vísvitandi, og viljum setja um það ákvæði í lögin og breyta 12. gr. stjórnarfrv. eftir því. Aðrar breytingar við þennan kafla eru óverulegar.

Af því að skoðanir vorar um undirstöðuatriði þau, sem koma eigi til greina við samning fornmenjalaga, eru að ýmsu ólíkar þeim, sem felast í stjórnarfrv., höfum vjer orðið að gjöra mjög miklar og margar breytingartillögur. Flestar af þeim eru bein afleiðing af þeim meginskoðunum vorum, sem vjer höfum látið í ljós hjer að framan, og þarf varla að rökstyðja þær. Fyrir sumum munum vjer gjöra grein við framsögu málsins.

Oss dylst eigi, að skilyrðið fyrir því, að þessi lög, sem nú eru í smíðum, beri góðan ávöxt, er það, að duglegur, iðinn og samviskusamur maður fáist til að vera fornmenjavörður. Sú staða verður bæði ábyrgðarmikil og vandasöm og önnum kafin. Launin, sem henni eru ætluð, eru síst of há (1800 kr.), en ekki höfum vjer viljað hækka þau úr því, sem farið er fram á. Það er og ljóst, að framkvæmd laganna muni kosta talsvert fje, bæði til ferðakostnaðar handa fornmenjaverði, og til skaðabóta, endurgjalds o. fl., sem landssjóður verður að takast á hendur. Til þess verður að ætla fje í fjárlögum. En vjer erum óhræddir um það, að enginn góður Íslendingur muni horfa í það, þar sem um það er að ræða, að varðveita og friða eftir föngum fornmenjar þjóðarinnar og varna því, að þær, sem enn eru eftir, sópist burt úr landinu.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumvarp til laga um verndun fornmenja.

1. Á undan 1. kafla bætist inn nýr kafli í 4 greinum, sem verður 1. kafli, svohljóðandi:

1. kafli.

Skifting fornmenja og skýringar orða.

1. gr.

Fornmenjar eru annaðhvort staðbundnar eða lausar eða hvorttveggja.

Staðbundnar fornmenjar eru í lögum þessum nefndar *fornleifar*, en lausar fornmenjar *forngripir*.

Þær fornmenjar, sem eru hvorttveggja, staðbundnar og lausar, teljast til fornleifa og nefnast *lausar fornleifar*.

2. gr.

Til fornleifa teljast:

a. Þingbúðarústir, gömul mannvirki á fornum þingstöðum, sögustöðum og öðrum merkisstöðum, sem nokkurs er um vert fyrir menningarsögu landsins, rústir af hofum, hörgum og hverskonar blótstöðum frá heiðni, af kirkjum og kirkjugörðum, kapellum og bænahúsum, forn vígi eða rústir af þeim, forn garðlög, rústir af fornum bæjum, seljum, búpeningshúsum, fornmannabúðum, naustum og öðrum fornbyggingum, enn fremur fornir öskuhaugar.
b. Fornar grafir, haugar, dysjar og leiði í jörðu eða á, er menn hafa verið grafnir, heygðir eða dysjaðir í.
c. Hellar með áletrunum eða öðrum verksummerkjum af manna höndum.
d. Áletranir og myndir gjörðar af manna höndum á jarðfasta steina eða berg eða annað jarðfast efni.
e. Fornar kirkjur, bæjarhús og önnur hús, sem ekki framar eru notuð til þess, sem upphaflega var til ætlast.
f. Alt annað, er telja má til fornra mannvirkja.

3. gr.

Til lausra fornleifa teljast:

a. Þeir munir allir, er finnast í og tilheyra fornum haugum, dysjum eða leiðum, þar á meðal leifar af líkömum manna og dýra.
b. Þeir munir allir, er finnast í og tilheyra fornum hofrústum, eða hafa verið notaðir í hofum, svo sem blótbollar og því um líkt.
c. Öll minningarmörk dáinna manna, bautasteinar, legsteinar, krossar, minnisvarðar og annað þess háttar, sem ekki er jarðfast, og eins þó að eitthvað af þessu hafi verið jarðfest með steinlími eða öðru af mannavöldum.

4. gr.

Til forngripa teljast:

a. Lausir steinar, sem mannaverk eru á og ekki komast undir 3. grein, svo sem steinar með fangamörkum eða öðrum áletrunum eða myndum.
b. Allskonar fornir kirkjugripir.
c. Forn handrit, skjöl og bréf úr skinni eða pappír.
d. Allskonar gamlar myndir og gripir með myndum eða letri á.
e. Fornir peningar, úr hverjum málmi sem er.
f. Gamlir dúkar, ofnir eða saumaðir, ábreiður, bönd og allskonar forn vefnaður og hannyrðir, fornir vefstólar eða partar af þeim og öll forn áhöld, er til hannyrða hafa verið höfð eða vefnaðar.
g. Allskonar fornir skrautgripir og listasmíði, úr hverju efni sem er.
h. Gamlir búningar og búningsskraut karla og kvenna, þar á meðal hringir, belti og því um líkt, enn fremur allskonar gömul vopn, hlífar, verjur. hnífar o. s. frv.
i. Allskonar gamall húsbúnaður og búsáhöld, þar á meðal borðbúnaður og reiðskapur, fornar matarleifar, forn skip, skipspartar og skipabúnaður, ef

það kemst ekki undir 3. grein, forn smíðatól, veiðarfæri og önnur forn verkfæri og því um líkt.

j. Gömul taflborð og taflmenn og önnur tafláhöld.

k. Fjalir og stokkar úr fornum húsum og hirslum.

l. Allir gamlir munir, sem menn hafa notað eða mannaverk eru á.

2. Við fyrirsögn 1. kafla frv. (sem verður 2. kafli):
Fyrirsögnin orðist þannig: **Um fornleifar.**

3. Á undan 1. grein frv. bætist inn 3 nýjar greinar, sem verða 5., 6. og 7. gr., svo hljóðandi:

5. gr.

Fornmenjavörður skal semja skrá yfir allar fornleifar, taldar í 2. grein, sem nú eru kunnar og honum þykir ástæða til að friða, og skal tiltaka staðinn svo nákvæmlega, sem unt er. Nú kemst fornmenjavörður að raun um, að fornleifar, sem hann telur nauðsyn á að friða, sjeu til á einhverjum stað, og skal hann þegar taka þær á fornleifaskrá.

6. gr.

Allar þær fornleifar, sem á fornleifaskrá standa, skulu friðaðar, og sjer stjórnarráðið um, að friðhelginni sje þinglýst á því þingi, er hver einstök fornleif liggur til. Friðhelgi telst frá þinglýsingardegi.

Ef landeigandi eða ábúandi verður fyrir nokkru tjóni við það, að friðhelgi er á lögð, skal greiða skaðbætur úr landssjóði. Nú rís ágreiningur milli þess, er hlut á að máli, og stjórnarráðsins um það, hvort nokkrar skaðabætur skuli greiða eða um upphæð skaðabóta, og skulu óvilhallir, dómkvaddir menn skera úr því máli. Skaðabótakröfur skulu komnar til stjórnarráðsins, áður en 4 mánuðir eru liðnir frá þinglýsingardegi, ella falla þær niður.

7. gr.

Allar lausar fornleifar, sem taldar eru í 3. grein og eru eldri en 150 ára, eru friðaðar án þinglýsingar, og eru eign landsins. Fornleifar þessar skal setja á sjerstaka skrá, svo fljótt, sem því verður við komið.

4. Við 1. gr. frv. (sem verður 8. grein):
Greinin orðist þannig:

Friðuðum fornleifum má enginn, hvorki landeigandi nje leiguliði nje nokkur annar, spilla, granda nje breyta, laga nje aflaga nje úr stað flytja, nema leyft sje í lögum þessum, og skal þá fara eftir þeim reglum, sem lögin setja.

5. við 2. grein frv.
Greinin falli burt.

6. Við 3. grein frv. (sem verður 9. grein):
Greinin orðist þannig:

Skyldur er ábúandi eða leiguliði að gjöra lögreglustjóra við vart, ef friðuð fornleif liggur undir skemdum af völdum náttúrunnar eða er skemd af

manna völdum. Gjörir þá lögreglustjóri þær bráðabirgðar-ráðstafanir, sem þarf til að varna skemdum, og skýrir þegar stjórnarráðinu frá málavöxtum, en stjórnarráðið ákveður með ráði fornmenjavarðar, hvað gjöra skuli. Aðgjörðin greiðist úr landssjóði, nema skemdin sje af manna völdum; þá greiðir sá, er skemdi.

Vilji landeigandi eða leiguliði gjöra jarðrask það nokkuð, er haggar við friðuðum fornleifum, eða gjöra nokkuð það, er þeim geti spilt, skal hann skýra lögreglustjóra frá því og um leið lýsa fornleifunum og gjöra skýra grein fyrir þeim breytingum, er hann vill gjöra. Þá skýrslu ber þegar að senda til stjórnarráðsins, er ákveður með ráði fornmenjavarðar hvað gjöra megi og með hvaða skilmálum.

Ef landeigandi eða leiguliði við gröft eða á annan hátt finnur fornleifar, er teljast verða til menja þeirra, er nefndar eru 2. eða 3. gr., skal hann jafnskjótt skýra frá því, eins og nú var sagt, og hætta vinnu að svo miklu leyti, sem hún kann að hagga við fornleifunum, þangað til úrskurður stjórnarráðsins er fenginn.

Grasi vaxnar fornmenjar, sem nú eru slegnar eða beittar, má framvegis nota á þann hátt, ef engin hætta er á, að þær spillist við það.

7. Við 4. grein frv. (sem verður 10. grein):
Greinin orðist þannig:

Ef ómögulegt er að komast hjá því, að eyða eða spilla staðbundnum fornmenjum við vegagjörð eða önnur mannvirki í þarfir landsins, sýslu eða sveitar, nema þá með mjög mikilli fyrirhöfn og kostnaði, skal verkstjóri eða það stjórnarvald, sem hlut á að máli, skýra stjórnarráðinu frá málavöxtum, áður en nokkuð er haggað við fornmenjunum, og ákveður þá stjórnarráðið, hvað gjöra skuli.

8. Við 5. grein frv. (sem verður 11. grein):
Greinin orðist þannig:

Stjórnarráðið hefur ætíð rjett til að gjöra eða láta gjöra alt það, er því þykir þörf á vera, til þess að ransaka fornleifar með greftri eða á annan hátt, eða til verndar fornmenjum, viðhalds eða endurbóta, en þó skal eiganda eða umráðanda jafnan gjört viðvart um það áður. Eftir gröft og aðrar ransóknir, er jarðraski valda, skal sá, er ransókn stýrði, koma öllu í samt lag aftur, nema honum þyki betur fara á annan veg.

Valdi slíkar ransóknir eða aðgjörðir eigendum eða umráðendum fornleifanna nokkru tjóni eða tilkostnaði, skal sá skaði bættur úr landssjóði, ef krafist er. Náist samkomulag ekki um skaðabætur, skulu þær metnar af óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

9. Við fyrirsögn 2. kafla (sem verður 3. kafli):
Fyrirsögnin orðist þannig: **Um forngripi.**

10. Við 6. grein frv. (sem verður 12. grein):
Greinin orðist þannig:

Hver sá, er finnur forngrip í jörðu eða á, er skyldur til að skýra lögreglustjóra þegar í stað nákvæmlega frá fundinum. Jafnframt skal hann afhenda lögreglustjóra það, sem fundist hefur, nema hætt sje við, að það skemmist í flutningnum, þá skal hann varðveita það á þann hátt, sem hann best getur, uns lögreglustjóri ráðstafar því. Ef líkur eru til, að fleiri forn-

gripir munu dyljast á fundarstaðnum, skal finnandi við engu hagga, en skýra þegar lögreglustjóra frá. Fundarstað skal finnandi jafnan greina skilmerkilega.

Ef forngripur finst við mannvirki þau eða störf, sem framkvæmd eru samkvæmt 10. grein, skal finnandi afhenda hann verkstjóra eða því stjórnarvaldi, sem hlut á að máli, og skal viðtakandi gefa lögreglustjóra nákvæma skýrslu um fundinn og fari með, sem að framan er greint. Nú finst forngripur við ransókn þá eða aðgjörð, sem getur í 11. grein, og skal þá sá, er ransókninni eða aðgjörðinni stýrir, annast um hlutinn og sjá um, að hann komist til Forngripasafns Íslands og að ágrip af skýrslu um fundinn sje birt, sem síðar segir (sbr. 14. grein).

Skylt er lögreglustjóra að gefa skriflega viðurkenningu fyrir móttöku forngrips, ef þess er óskað.

11. Við 7. grein frv. (sem verður 13. grein):
Greinin orðist þannig:

Jafnskjótt sem lögreglustjóri hefur fengið skýrslu um fund forngrips, skal hann skýra þeim manni eða mönnum frá, sem land eiga undir, þar sem forngripur fanst, og jafnframt senda stjórnarráðinu skýrsluna með þeim viðaukum frá sjálfum sjer, sem honum virðast nauðsynlegir. Enn fremur sendir hann þá forngripi, sem honum hafa verið afhentir, til stjórnarráðsins, nema hætt sje við, að þeir skemmist í flutningi, þá skal lögreglustjóri geyma gripina, uns stjórnarráðið ráðstafar þeim.

Ef lögreglustjóra virðast líkur til, að fleiri forngripir muni dyljast þar, sem forngripur fanst, skal hann geta þess í skýrslu sinni til stjórnarráðsins og sjá um, að engu verði rótað á fundarstaðnum, þangað til ransókn getur fram farið.

12. Við 8. grein frv. (sem verður 14. grein): Greinin orðist þannig:

Ágrip af þeim skýrslum um fundna forngripi, sem stjórnarráðið fær frá lögreglustjóra eða þeim manni, er ransókn eða aðgjörð stýrir, samkvæmt 11. grein (sbr. 13. og 12. grein), skal birta þrisvar í því blaði, er flytur stjórnvaldaauglýsingar, með áskorun til eiganda, ef nokkur sje, að gefa sig fram.

Alla þá forngripi, sem nefndir eru í fundarskýrslu, skal fornmenjavörður taka á sjerstaka skrá, og skulu þeir geymdir á sjerstökum stað í Forngripasafni Íslands, uns útsjeð er um, hvort eigandi finst (sbr. 15. og 16. grein).

13. Við 9. grein frv. (sem verður 15. grein). Greinin orðist þannig:

Nú gefur eigandi sig fram, áður enn 4 mánuðir eru liðnir frá síðustu lögbirtingu fundins forngrips, og sannar eignarrjett sinn, og skal þá afhenda eiganda hann gegn því, að hann greiði lögbirtingarkostnað, en jafnframt skal fornmenjavörður setja hlutinn á forngripaskrá þá, er getur í 19. grein, ef honum þykir hann þess verður, og leggst þá á hann sú kvöð, er þeirri skrásetning er samfara.

14. Við 10. grein frv. (sem verður 16. grein). Greinin orðist þannig:

Nú líða svo 4 mánuðir, frá síðustu lögbirtingu fundins forngrips, að enginn eigandi leiðir sig að honum, og verður hann þá eign landssjóðs að þriðjungi, finnanda að þriðjungi, og að þriðjungi eign þess, sem land á undir, þar sem hluturinn fannst.

Ef gripurinn hefur fundist við framkvæmd á vegagjörðum eða öðrum

mannvirkjum, samkvæmt 10 gr., eða í almenningum, afrjettarlöndum, eða á heiðum uppi, sem ekki teljast til heimalanda, telst landsjóður sem landeigandi, og sömuleiðis ef hann hefur fundist á kirkjujörðum, eða ef hreppsfjelag, sýslufjelag eða bæjarfjelag á land undir; eignast landssjóður þá forngripinn að tveim þriðjungum, en finnandi að þriðjungi.

Ef forngripur hefur fundist við ransókn þá eða aðgjörð, er ræðir um í 11. grein, telst landssjóður sem finnandi og eigandi gripsins að tveim þriðjungum, en landeigandi að þriðjungi, nema um þá hluti sje að ræða, sem eru óskift eign landsins samkvæmt 7. gr.

Ef fleiri eru finnendur en einn, skiftist eignarrjetturinn að finnanda þriðjungi jafnt milli þeirra. Ef landeigendur eru fleiri en einn, skiftist eignarrjetturinn að landeigenda þriðjungi milli þeirra í rjettri tiltölu við eign hvers eins í landinu.

15. Við 11. grein frv. Í stað þessarar greinar komi 4 nýjar greinar (sem verða 17., 18., 19. og 20. grein), svo hljóðandi:

17. gr.

Ef finnandi leynir fundi forngrips og skýrir ekki lögreglustjóra frá honum (sbr. 12. gr.), eða spillir honum eða lógar af ásettu ráði, telst sem ólögleg meðferð á fundnu fje eða skemd á eigum annara og fer eftir ákvæðum Almennra hegningalaga 249., 196. og 298. grein, enda missir þá finnandi tilkall til síns þriðjungs.

18. gr.

Landssjóður á kauprjett að þeirri hlutdeild í fundnum forngrip, sem hann á ekki, eftir mati fornmenjavarðar. Því mati getur meðeigandi skotið til stjórnarráðsins, og nefnir það þá til 3 óvilhalla lögmetendur, er vit hafa á forngripum, og skal standa við mat þeirra. Sje það hærra en mat fornmenjavarðar, greiðir landssjóður kostnað við yfirmatið, en ella áfrýjandi.

Ef forngripurinn er úr gulli eða silfri, eða sje um silfurpeninga eða gullpeninga að ræða, skal meta málmverð hlutarins og leggja ofan á 10 af hverju hundraði, og fær meðeigandi landssjóðs eða meðeigendur að rjettri tiltölu, ef fleiri eru, það andvirði óskert, eins og landssjóður ætti ekkert í.

Ef kauprjettar landsjóðs er eigi neytt, áður ár sje liðið frá því, er lögreglustjóra var skýrt frá fundinum og sje fornmenjaverði eða stjórnarráði um dráttinn að kenna, missir landssjóður eignarrjettar til síns hluta í forngripnum, og skal þá afhenda hann meðeiganda, eða meðeigendum, landssjóðs gegn borgun lögbirtingarkostnaðar, en jafnframt skal fornmenjavörður setja hlutinn á forngripaskrá þá, er getur í 19. grein, ef hann telur hann þess verðan, og fellur þá á hann sú kvöð, sem þeirri skrásetningu er samfara.

Ef fornmenjavörður telur fundinn forngrip einskisverðan fyrir menningarsögu landsins, eignast finnandi og landeigandi hann að helmingi hvor, og skal þá afhenda þeim hann gegn kvittun þeirra, jafnskjótt sem lögbirtingarfrestur er liðinn, ef þeir vitja hans. En vitji þeir hans ekki, áður fjórir mánuðir eru liðnir frá því, er þeim var skrifað um, að landið mundi eigi nota kauprjett sinn, má lóga hlutnum.

19. gr.

Fornmenjavörður skal setja þá forngripi, sem einstakir menn eiga, á sjerstaka forngripaskrá, ef eigendur beiðast þess eða leyfa. Skal beiðnin eða leyfið vera skriflegt og undirskrifað af eiganda í viðurvist vitundarvotta eða lögbókanda (notarii publici) og geymist í skjalasafni Forngipasafnsins. Á þessa skrá skal fornmenjavörður og setja alla forna kirkjugripi, svo fljótt sem því verður við komið, og þarf ekki neitt leyfi til þess, enn fremur þá gripi, sem á þessa skrá skal setja samkvæmt 15. og 18. grein.

Þá muni, sem á þessa skrá eru settir, skal auðkenna með sjerstöku skrásetningarmerki, ef því verður við komið, án þess að gripurinn skemmist við.

20. gr.

Þeir forngripir, sem á skrá standa, eru friðaðir á sama hátt og friðaðar fornleifar (sjá 8. grein). Þó er eiganda heimilt, að flytja þá úr stað, en ekki af landi burt.

Ef eigandi gefur öðrum skrásettan forngrip, skal hann láta fornmenjavörð vita um eigandaskiftin.

Forngripasafnið á forkaupsrjett að skrásettum forngrip, og skal eigandi því ávalt bjóða fornmenjaverði hlutinn, áður en hann selji öðrum hann, ella er sala ógild og fellur þá hluturinn ókeypis til Forngripasafnsins. Nú notar Forngripasafnið eigi forkaupsrjett sinn, þá má eigandi selja hlutinn, en þó skal hann láta fornmenjavörð vita, hverjum hann selur.

Ef skrásettur forngripur gengur að erfðum, skal skiftaráðandi eða, ef erfingjaskifti eru, þá erfingi sá, er eignast gripinn, láta fornmenjavörð vita um eigandaskiftin.

Í hvert skifti, sem eigandaskifti verða að skrásettum forngrip, skal ávalt láta fornmenjavörð vita um eigandaskiftin, ella er eigarheimildin ógild, og fellnr þá hluturinn endurgjaldslaust til Forngripasafnsins.

Fornmenjavörður skal ávalt geta þess í forngripaskrá, ef eigandaskifti verða að skrásettum forngrip.

16. Á eftir þeim 4 nýju greinum, sem koma í stað 11. greinar frv., komi inn nýr kafli (sem verður 4. kafli) í 2 greinum (sem verða 21. og 22. grein), svo hljóðandi:

4. kafli.

Um útflutning formenja og geymslu.

21. gr.

Engar fornmenjar, eldri en 150 ára, má flytja úr landi, nema með leyfi stjórnarráðsins. Sje vafi á um aldur slíkra hluta, sker fornmenjavörður úr.

22. gr.

Allir þeir forngripir, sem landssjóður eignast eftir lögum þessum eða á annan hátt, skulu geymdir í Forngripasafni Íslands. Þó skal Landsbókasafnið eða Landsskjalasafnið taka við fornum handritum, skjölum og brjefum.

17. 3. kafli frv. verður 5. kafli.

18. Við 12. grein frv. (sem verður 23. grein):

Í staðinn fyrir orðið »Brot« (í upphafi greinarinnar) komi: Ef fundi forngrips er leynt, varðar eftir 17. grein. Önnur brot.

19. Við sömu grein:

Á eftir orðinu »sektum« bætist inn í, frá 20 til 500 kr.

20. Við 13. grein frv. (sem verður 24. grein):

Alstaðar þar, sem nefndur er »forngripavörður« komi í þess orðs stað: fornmenjavörður (í því falli, sem við á á hverjum stað).

21. Við sömu grein:

Í stað orðanna »3.—6. grein — laga þessara« komi: lögum þessum.

22. 14. grein frv. verði 25. grein.

Alþingi 22. júlí 1907.

Björn M. Ólsen
formaður og framsögumaður.

Jón Jakobsson
skrifari.

Valtýr Guðmundsson
með fyrirvara.

Ed.

136. Frumvarp

til laga um breytingar á póstlögum 13. september 1901.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í 1. gr. póstlaganna 13. september 1901 komi í stað orðanna: »landshöfðingjans yfir Íslandi«: Stjórnarráðs Íslands.

2. gr.

Í 2. gr. a. 2. póstlaganna í stað orðanna »og eigi þyngra en 50 kvint — fylgi þeim« komi: en hvorki má skrifa á þær verð nje að aðrir munir fylgi þeim. Á tímabilinu 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, má prentað mál í krossbandi, eða einbrugðnu bandi, eigi vera þyngra en 2 kílógrömm (4 pund), og á tímabilinu frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, eigi þyngra en $^3/_4$ kílógramms ($1^1/_2$ pund). Sýnishorn af vöru eða snið má eigi vera þyngra en 250 grömm (50 kvint).

Í staflið b. sömu gr. komi í stað orðanna: »50 kvint«: 250 grömm (50 kvint).

Í staflið c. sömu greinar komi í stað orðanna »3 kvint«: 20 grömm (4 kvint).

Á eftir staflið d. í sömu grein komi nýr stafliður e. svohljóðandi:

P ó s t k r ö f u m, þ. e. kröfum um innheimtu á peningaupphæðum.

Undir póstkröfur má að eins nota eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út.

Í staflið e, sömu gr., sem verður stafliður f, komi í stað »25 kvint«: 250 grömm (50 kvint).

3. gr.

Í 4. gr. póstlaganna í stað orðanna: »hvenær og hvernig póstávísanaviðskifti geti byrjað innanlands« komi: hvenær póstkröfuviðskipti geti byrjað innanlands og hvernig póstávísana- og póstkröfuviðskiftum skuli hagað.

4. gr.

Í 8. gr. póstlaganna komi í stað »50 punda«: 25 kílógramma (50 punda) — og í stað »hvert pund« komi: hvert $^1/_2$ kílógramm (hvert pund).

5. gr.

Í 8. lið 9. gr. póstlaganna komi í stað orðanna »3 pund« á tveim stöðum: $1^1/_2$ kílógramm (3 pund) — og í stað orðanna »50 mílur« komi: 50 vikur sjávar

6. gr.

Í 11. gr. a. 1. póstlaganna komi í stað orðanna »3 kvint« á tveim stöðum: 20 grömm (4 kvint). — Enn fremur í stað »25 kvintum« komi: 125 grömmum (25 kvintum) — og í stað »25 kvint að 50 kvintum«: 125 grömm (25 kvint) að 250 grömmum (50 kvintum). Og loks í stað orðanna: »Sjeu eigi viðhöfð frímerki, verður burðargjaldið tvöfalt við það, sem hjer er ákveðið« komi: Sjeu eigi viðhöfð frímerki eða eigi næg frímerki, verður burðargjald það, sem ógreitt er, tvöfalt við það, sem hjer er ákveðið. Enn fremur ber að laga prentvillu þá, sem slæðst hefur inn í póstlögin í þessum staflið, alstaðar þar sem stendur »aura« fyrir: aurar.

Í sömu grein a. 2. komi í stað »10 kvint«: 50 grömm (10 kvint).

Í sömu grein a. 3. komi í stað orðanna »16 aurar«: 15 aurar.

Í sömu grein staflið b. komi í stað orðanna »16 aurar«: 15 aurar. Enn fremur skal hjer laga prentvilluna »aura« fyrir: aurar.

Stafliður c. 1. sömu greinar orðist þannig:

Með landpóstum:

Frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert $^1/_2$ kílógramm (hvert pund) eða minni þunga . . . 30 aurar.

Frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir hver 125 grömm (25 kvint) eða minni þunga . . 25 —

Í staflið c. 2. sömu greinar komi í stað »pund«: $^1/_2$ kílógramm (hvert pund),

Stafliður d. í sömu grein orðist þannig:

Fyrir póstávísanir:

25 kr. eða minni upphæð . . . . . 15 aurar
yfir 25 kr. alt að 100 kr. . . . . 30 —
og 15 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð, af því, sem fram yfir er.

Á eftir þessum staflið komi nýr stafliður e, svo hljóðandi:

Fyrir póstkröfur greiðist sama gjald og fyrir póstávísanir.

Í staflið e. sömu greinar, sem verður stafliður f. komi í stað orðanna »15. apríl til 15. október undir hvert pund«: 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert $^1/_2$ kílógramm (hvert pund) — og í stað »15. október til 15. apríl undir hvert pund« komi: 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert $^1/_2$ kílógramm (hvert pund).

7 gr.

Í 1. málsgrein 12. gr. póstlaganna bætist við á eftir orðinu: »póstávísanir«: póstkröfur, og í stað orðanna: »11. gr. e.« komi: 11. gr. f.

Í 2. málsgrein sömu greinar skulu orðin: »En þegar burðargjald er að eins greitt að nokkrum hluta fyrir fram með frímerkjum, skal heimta burðargjald fyrir sendinguna eins og ekkert hefði verið goldið, að frádregnu verði þeirra frímerkja, sem límd hafa verið á« falla burt.

8. gr.

Í 2. málsgrein 13. gr. póstlaganna komi í stað orðanna: »11. gr. e.«: 11. gr. f., og í 3. málsgrein sömu greinar bætist við á eftir orðinu: »póstávísanir«: póstkröfur.

9. gr.

Í 27. gr. póstlaganna falli burt niðurlagið, frá og með orðinu »eða«.

10. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfesting, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál póstlaganna frá 13. september 1901, og getur konungur þá gefið nefnd lög út þannig breytt sem póstlög.

11. gr.

29. gr. póstlaganna falli burt.

Ed.

137. Nefndarálit

í málinu frumvarp til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Vjer, sem hin háttv. efri deild kaus til að athuga og segja álit vort um ofannefnt frumvarp, höfum, eftir að hafa kynt oss það, orðið á einu máli um það, að með kaupstaðarrjettindum hefði Hafnafjörður talsvert betri skilyrði til menningarlegra framfara, jafnframt mannfjölguninni, en með fyrirkomulagi því með sveitastjórn og samfjelagi við sýsluna, sem nú á sjer stað, eða hlyti einnig að eiga sjer stað, þó hreppnum væri skift samkv. lögum.

Nefndin lítur svo á, að eitt aðal-skilyrði fyrir menningarlegum þroska og framförum þessa kauptúns sje: að það fái full yfirráð sinna eigin mála og fjárhagslegt sjálfstæði, en til þess útheimtist aðskilnaður kauptúnsins við sýslufjelagið.

Því verður trauðla neitað, að kauptúnið Hafnarfjörður, sem nú telur hjer um bil 1300 manns, stendur að sínu leyti í harla óhagkvæmu sambandi við sýslufjelagið, þar sem sýslunefndin hefur öll yfir-fjárráð hreppsins í hendi sjer, hefur þurft undanfarið og mun á næstu árum þurfa að leggja mikið fje til vegagjörða m. fl., án þess að Hafnafjörður í minsta máta — frekar en t. d. Keflavíkin eða Reykjavík — njóti góðs af því. En þegar þess er gætt, að Hafnarfjörður borgar mera en $^1/_4$ part sýslusjóðsgjaldsins, og þess utan, í ár, hátt á sjöunda hundrað krónur í sýsluvegasjóð, þá er auðsætt, að slíkt fyrirkomulag er lítt við unandi.

Nefndin hefur leyft sjer, að gjöra nokkrar breytingartillögur við frumvarpið. Hin fyrsta og helsta þeirra er sú, að bæjarstjóri skuli launaður af bæjarsjóði, og þá eðlilega kosinn af bæjarfulltrúunum, en ekki skipaður með lögum.

Jafnvel þó að hinar sjerstaklegu kringumstæður í Hafnarfirði mæli með því, að fyrirkomulagið með bæjarstjóra og laun handa honum væri hið sama í Hafnarfirði og hinum kaupstöðunum, þar sem laun sýslumannsins í Kjósar- og Gullbringusýslu eru sjerlega lág í hlutfalli við annríki hans, þá varð þó nefndin að telja það principelt rjett, að bæjastjóri sje launaður úr bæjarsjóði, en ekki af landssjóði, og sje kosinn af bæjarfulltrúunum í stað þess, að vera skipaður af landstjórninni. Álítur nefndin, að sú breyting ætti, sem fyrst, að komast að í öllum kaupstöðum landsins.

Þá hefur nefndin lagt það til, að ákvæðum frumvarpsins um kosningarjett verði breytt, og kosningarrjetturinn rýmkaður, á sama hátt og lagt er til í frumvarpi því um kosningarrjett til bæjarstjórnar í Reykjavík, sem nú liggur fyrir þinginu.

Fyrir öðrum breytingartillögum verður gjörð grein við framsögu málsins.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr.
   Síðasta setning þessarar greinar: »og hefur hann að launum 500 kr. úr landssjóði« falli burt.
2. Við 2. gr.
   Greinin orðast svo: Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kosnir bæjarfulltrúar auk bæjarstjóra, sem er oddviti hennar. Bæjarstjóri skal kosinn af bæjarstjórn til 6 ára í senn og skal hann launaður af bæjarsjóði.

Bæjarstjóri hefur því að eins atkvæðisrjett á fundum, að hann sje jafnframt bæjarfulltrúi.

3. við 3. gr.
Í stað orðsins oddviti, í upphafi greinarinnar, komi: Bæjarstjóri.

4. Við 4. gr.
Í stað greinarinnar komi svo hljóðandi grein:
Bæjarfulltrúar skulu vera 7; þó má ráðherra breyta tölu þeirra, ef þörf gjörist, eftir tillögu bæjarstjórnarinnar. Skulu bæjarfulltrúar kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

5. Við 5. gr.
Í stað þessarar greinar komi ný grein, er hljóði svo:
Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, karlar og konur, sem eru 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafa átt lögheimili í bænum 1 ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, eru ekki öðrum háðir sem hjú og standa eigi í skuld fyrir sveitastyrk — ef þeir greiða skattgjald til bæjarsjóðs. Konur kjósenda hafa kosningarrjett, þótt þær sjeu eigi fjár síns ráðandi vegna hjónabandsins og þótt þær eigi greiði sjerstaklega gjald í bæjarsjóð, ef þær að öðru leyti uppfylla áður greind skilyrði fyrir kosningarrjetti.

Kjörgengur er hver sá, er kosningarjett hefur. Þó meiga hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, heldur eigi foreldrar og börn, nje móðurforeldrar, eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Heimilt er og konum jafnan að skorast undan kosningu.

6. Við 6. gr.
Í stað þessarar greinar komi og ný grein svo hljóðandi:
Bæjarfulltrúar skulu kosnir til 6 ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta sinn, fara 2 frá eftir hlutkesti að tveim árum liðnum, aðrir 2 eftir 4 ár, og þeir 3, sem þá eru eftir, eftir 6 ár. Sömu reglu skal úr því fylgt um endurnýjun bæjarstjórnar, eftir aldursröð án hlutkestis,

Ef einhver fulltrúi fer frá áður en 6 ár eru liðin frá kosningu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefur sá fulltrúi sýslan á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 6 ár, sem frá fór.

7. Við 7. gr.
Við fyrstu málsgrein þessarar greinar: »Fulltrúakosningar skulu fram fara einhvern hinn fyrsta virkan dag eftir nýár« bætist: nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf aukreitis.

8. Í stað orðsins »bæjarfógeti«, í sömu grein, komi: bæjarstjóri.

9. Við 9. gr.
Í stað töluorðsins »3« á eftir: . . . »gegnt fulltrúastörfum«, komi: 6.

10. Við 10. gr.
Orðin: »á ári hverju«, í setningunni: »Þegar almennar kosningar á ári hverju hafa fram farið«, falli burt.

11. Við 12., 13., 15. og 16. gr.
Í stað orðanna: »oddviti«, »oddvita« og »bæjarfógeta«, komi: bæjarstjóri, bæjarstjóra.

12. Við 18. gr.
Í stað orðsins »setur«, komi: skipar.

13. Aftan við greinina bætist:

Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarfulltrúanna.

14. Við 20. gr.
Í stað töluorðsins »2« í næst síðustu línu fyrri málsgreinar og annari línu að ofan síðari málsgreinar, komi: 4.

15. Við greinina bætist nýr liður, er hljóði svo:
Á hvalveiði og síldveiði með nót, er utanhreppsmenn reka í kaupstaðnum, má gjald leggja, þótt atvinna þessi sje rekin styttri tíma en 4 mánuði af gjaldárinu. Einnig má leggja gjald á kaupfjelög og pöntunarfjelög, ef þau hafa leyst borgarabrjef, hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir veltu og arði í söludeild fjelagsins.

16. Við 21. gr.
Í viðbót við setninguna: »Síðan fara frá á hverjum 3 ára fresti 3 og 2 nefndarmenn«, komi: til skiftis.

17. Við 23. gr.
Í stað orðsins »niðurjöfnun«, í fyrsta lið þessarar greinar, komi: aðalniðurjöfnun.

18. Við 25. gr.
Í stað orðsins »bæjarfógeti» komi: bæjarstjóri.

19. Við 26. gr.
Í stað orðanna »oddvita bæjarstjórnarinnar«, komi: bæjarstjóra.

20. Í stað töluorðsins »3«, í enda greinarinnar, komi: 2.

21. Við 30. gr.
Í stað orðsins: »bæjarfógetanum« og »Bæjarfógeti« í fyrstu og annari málsgrein 1. liðs, svo og »bæjarfógetinn« í síðasta lið sömu greinar, komi: bæjarstjóranum, Bæjarstjóri og bæjarstjóri.

22. Í stað orðanna: »svo og útásetningar út á reikninginn, fara að á sama hátt«, komi: Svo og um athugasemdir við reikninginn fara á sama hátt.

23. Við 31. gr.
Í stað orðanna: »viðhaft ólöglega«, komi: greitt ólögmæt.

24. Á milli orðanna: »komið ábyrgð«, í næst neðstu línu greinarinnar, komi: fram.

Alþingi, 22. júlí 1907.

Steingrímur Jónsson, formaður
Aug. Flygenring, skrifari og framsögum.
Valtýr Guðmundsson.

Ed. **138. Frumvarp**
til laga um lausamenn og þurrabúðarmenn.
(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

I. kafli.

Um lausamenn.

1. gr.

Þeir menn eru eigi skyldir til að vera í vist, er hafa 200 kr. eða meira í árságóða af fasteignum eða öðru fje.

2. gr.

Hverjum þeim manni, sem er 21 árs að aldri, eða að fullu fjár síns ráðandi, þótt yngri sje, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni með því að taka leyfisbrjef hjá lögreglustjóra.

Fyrir leyfisbrjef skal karlmaður gjalda 15 kr., en kvenmaður 5 krónur. Rennur það fje í styrktarsjóð handa alþýðufólki í þeim hreppi eða bæjarfjelagi, er hann var síðast vistfastur í.

Sá, sem er fullra 30 ára að aldri, fær leyfisbrjefið ókeypis.

Sá, er leyfisbrjefið vill fá, skal taka það í síðasta lagi 1. dag maímánaðar það ár, er hann gengur úr fastri vist.

3. gr.

Auk gjalds þess, er ræðir um í 2. gr., skal greiða í landssjóð 2 kr. fyrir útgáfu leyfisbrjefs hvers.

4. gr.

Skylt er hverjum manni, er þannig verður laus, að hafa fast ársheimili, og skal hann tilkynna hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarfógeta á vori hverju, eigi síðar en 20. júní, hjá hverjum húsráðanda heimili hans er, og sanna það með skírteini frá húsráðandanum, ef hreppstjóri eða bæjarfógeti krefst þess. Verði ella sekur um 4—20 kr., og renni þær sektir í fátækrasjóð.

5. gr.

Rjett er, að lausamaður greiði þar lögboðin gjöld, sem ársheimili hans er. Nú greiðir hann eigi gjöld þessi á rjettum gjalddaga, og er þá húsráðandi sá, er lausamaður á heimili hjá, skyldur að greiða gjöldin fyrir hann, nema hann geti vísað á eignir, er lausamaður á, og teknar verði lögtaki til lúkningar gjöldunum.

6. gr.

Láti nokkur, sem fengið hefur leyfisbrjef til að komast hjá vist, undanfalla 2 ár í bili að greiða lögboðin gjöld eður skylduverk, eða þurfi fjárnámi

að beita 2 ár hvort eftir annað, til að ná þeim gjöldum, þá hefir hann fyrirgjört þeim rjetti sínum, er leyfisbrjefið veitir honum, og má honum eigi veita leyfisbrjef að nýju fyrr en eftir 5 ár.

7. gr.

Nú flytur maður sig, er fengið hefur lausamenskuleyfi, í annað lögsagnarumdæmi, og skal hann þá taka nýtt leyfisbrjef, er hann fái borgunarlaust; þó skal greiða gjald það, sem ræðir um í 3. gr. Ef einhver, sem fengið hefur leyfisbrjef, tilkynnir hlutaðeigandi lögreglustjóra, að hann ætli eigi að nota leyfið ákveðinn tíma, skal honum heimilt að nota það síðar, án þess að greiða nokkra borgun.

8. gr.

Lögreglustjórnin skal hafa vakandi auga á því, að enginn sá, sem er skyldur að vera í vist, komi sjer hjá skyldu þeirri, og skulu lögreglustjórar á hverju manntalsþingi grenslast eftir, hvort brotið hafi verið á móti lögum þessum.

Lögreglustjórnin skal vaka yfir því, að þeir, sem leyst hafa leyfisbrjef, hafi fast heimili og sjeu ekki á flakki; en verði þeir sekir í flakki, sektast þeir 4—40 kr., og skal lögreglustjórnin útvega þeim samastað, ef þeir engan hafa.

9. gr.

Hver sá, sem skyldur er að fara í vist, en hefur eigi gjört það, nje heldur keypt leyfisbrjef það, sem um er rætt í 2. gr., verður um það sekur 10—50 kr., og greiði að auki jafnmikið og lúka á fyrir leyfisbrjef eftir 2. gr. Þyngja skal jafnan sektina, ef brotið er ítrekað eða beitt er röngum fyrirburði um vistaráð, eða ef maður gjörir sig sekan í flakki.

10. gr.

Hver sá, er hjálpar öðrum til að koma sjer undan skyldu sinni að fara í vist, skal eftir málavöxtum sektast um helming eða alt að tveim þriðjungum þeirra sekta, sem ákveðnar eru í næstu grein á undan.

II. kafli.

Um húsmenn.

11. gr.

Nú vill maður setjast að í húsmensku eða þurrabúð og skal hann þá skýra lögreglustjóra í kaupstöðum og hreppstjóra annarstaðar frá því, að minsta kosti viku áður en hann ætlar að setjast að þannig í kaupstöðum eða sveitinni, og um leið skal hann sanna fyrir lögreglustjóra eða hreppstjóra, að hann eigi vísan samastað þar um 1 ár að minsta kosti.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri gefur manni þeim, er húsmaður eða þurrabúðarmaður vill gerast, vottorð um tilkynninguna, og er vottorð þetta að skoða sem bygðarleyfi.

12. gr.

Nú sest maður að í húsmensku eða þurrabúð án þess að fullnægja áður skilyrðum þeim, er ræðir um í 11. gr., og er hann þá sekur um 10—50 krónur.

Sömu sekt sætir húsráðandi, er húsmann eða þurrabúðarmann tekur, er eigi hefur bygðarleyfi samkvæmt 11. gr.

13. gr.

Ákvæði 11. og 12. gr. ná til þeirra manna, er til afnota hafa jarðarpart, er eigi er stærri en 1 hundrað.

14. gr.

Enginn má byggja þurrabúðir utan kaupstaðar eða verslunarstaðar, hvort sem henni fylgja sjerstök hús eða landsdrottinn leigir af eigin húsum sínum, nema með þessum skilyrðum:

a. að þurrabúðinni fylgi lóð með ákveðnum merkjum, er að minsta kosti sje 900 ferh.faðmar að stærð. Fjara skal eigi talin með, þar sem hún fylgir þurrabúðinni;
b. að þurrabúðin hafi nægileg húsakynni fyrir þann, er við tekur, og að þau sjeu viðunanlega loftgóð og hlý, eftir dómi skilríkra manna;
c. að þurrabúðin sje afhent viðtakanda með löglegri úttekt.

15. gr.

Þurrabúðarmaður sá, er tekur við þurrabúð með óræktaðri lóð, skal hafa ræktað hana og girt innan 7 ára; vera skal hann undanþeginn eftirgjaldi þessi ár.

16. gr.

Þurrabúð með óræktaðri lóð skal ávalt bygð að minsta kosti 8 ár. — Landsdrottinn skal gefa þurrabúðarmanni byggingarbrjef, þar sem skýrt er tekið fram um ábúðartíma, rjettindi og skyldur þurrabúðarmannsins. Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbrjef, og skal þurrabúðin þá álítast bygð þurrabúðarmanni og ekkju hans æfilangt og með þeim leigumála, er þurrabúðarmaður viðurkennir, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið.

17. gr.

Þegar ábúendaskifti verða á þeim þurrabúðum, sem þegar eru til, skal í öllu fara sem segir í lögum þessum um húsakynni, útmælingu lóðar, ræktun, úttekt og bygging; þó má sýslunefnd eftir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar gjöra undantekningar viðvíkjandi stærð á lóð þurrabúðar.

18. gr.

Nema öðru visi sje ákveðið í einstökum greinum, varða brot gegn lögum þessum 2—100 kr. sekt.

Fyrir lok hvers árs skulu hreppstjórar gefa sýslumönnum skýrslur um þurrabúðarmenn í hreppum þeirra og jafnframt upplýsingar um, hvort fyrirmælum 14.—16. greinar í lögum þessum sje fylgt. Skulu skýrslur þessar gjörðar eptir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur.

Sektir eftir lögum þessum renna að helmingi í hlutaðeigandi fátækrasjóð, en hinn helminginn fái hreppstjóri eða hreppstjórar.

19. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863, lög um þurrabúðarmenn 12. jan. 1888 og lög 2. febrúar 1894 um breyting á 2., 4. og 15. gr. í tilsk. um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana.

Ed.

139. Frumvarp

til laga um löggilding verslunarstaðar að Króksfjarðarnesi í Geiradalshreppi.

Flutningsmaður: Sigurður Jensson.

1. gr.

Að Króksfjarðarnesi í Geiradalshreppi, skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefur ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvbr. 1905 og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Ed.

140. Frumvarp

til laga um löggilding verslunarstaðar að Eysteinseyri við Tálknafjörð.

Flutningsmaður: Sigurður Jensson.

1. gr.

Að Eysteinseyri við Tálknafjörð skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefur ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr, 61, 10. nóvbr. 1905 og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Nd. **141. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um vegi.

Vegafrumvarp það, er háttvirt deild hefur fengið oss nefndarmönnum til athugunar, er allmikill og margbrotinn lagabálkur, er vjer höfum rætt og íhugað á mörgum fundum, svo ítarlega sem kostur var á.

Mál þetta hefur fengið allrækilegan undirbúning frá stjórnarinnar hálfu, með því að Jón Þorláksson landsverkfræðingur hefur ferðast víðast um land, þar sem nokkur tiltök eru, að vegir verði lagðir, og látið uppi ákveðnar tillögur um, hvernig vegamálum landsins verði komið í það horf, er viðunanlegt megi kallast. Þessi skýrsla verkfræðingsins og tillögur hans um vegagjörðir hefur verið sjerprentuð og úthýtt meðal þingmanna, er væntanlega hafa kynt sjer hana. En hún myndar grundvöll þessa vegafrumvarps, er stjórnin hefur nú lagt fyrir þingið. Er svo að sjá, sem stjórnin hafi víðast hvar fylgt tillögum verkfræðingsins.

Í vegafrumvarpi þessu eru ekki að eins fólgnar þýðingarmiklar breytingar á núgildandi vegalögum og viðaukar við þau, heldur markar frumvarp þetta algjörða *stefnubreyting* í vegamálum landsins að því leyti, að viðhaldskostnaður flutningabrauta og akfærra þjóðvega er fluttur af landssjóði yfir á sýslur þær, er vegirnir liggja í með örfáum undantekningum, er landsjóður á að kosta viðhald á, eins og að undanförnu. Ástæðan fyrir þessari breytingu er aðallega talin sú, að með þeim kröfum, sem nú sje farið að gjöra til vegalagninga og eftir hinni vaxandi vegaþörf, sje landssjóði öldungis ókleift, bæði að leggja vegina og kosta viðhald þeirra. Landssjóður hafi í svo mörg horn að líta, svo mörgum þörfum og kröfum að sinna, að hann geti ekki fullnægt vegalagningarkröfum nema í mjög litlum mæli, ef hann eigi jafnframt að kosta viðhaldið, eins og að undanförnu. En sá dráttur á nauðsynlegum vegagjörðum, er af þessu mundi stafa, yrði afaróheppilegur og tilfinnanlegur fyrir landsmenn.

Nefndin hefur orðið samdóma um, að naumast verði hjá því komist, að gjöra breytingu á núgildandi vegalögum í þá stefnu, er frv. fer fram á, en stingur hinsvegar upp á ýmsum ívilnunum, er gjöri sýslufjelögunum ljettara fyrir að taka að sjer þær byrðar, er frv. leggur þeim á herðar.

Samkvæmt uppástungum landsverkfræðingsins yrði árlegur viðhaldskostnaður, er sýslufjelögin ættu að greiða, rúm 49,000 kr., þ. e. að segja, þá er allar þær vegagjörðir, er frv. gjörir ráð fyrir, eru komnar í kring. Og þessi viðhaldskostnaður kæmi mjög mismunandi niður á hin einstöku sýslufjelög, eins og eðlilegt er, því að vegaþörfin er svo mismunandi. Þau hjeruð, er hafa svo að segja engin not af strandferðunum þarfnast einmitt veganna mest, og þessi kostnaður kemur því harðast niður á þeim, t. d. á Árnessýslu 7500 kr., þá er vegir þar eru komnir í það horf, er frv. gjörir ráð fyrir, enda er sú sýsla langhæst með þetta gjald. Næst kemur Húnavatnssýsla með 5300 kr., þá Mýrasýsla með 4630 kr., þá Eyjafjarðarsýsla með 4440 kr., Þingeyjarsýsla með 4330 kr. o. s. frv. Að vísu er ekki enn lagður fullur helmingur þeirra flutningabrauta, sem frv. tiltekur, svo að viðhaldskostnaðurinn verður fyrst um sinn ekki nándarnærri svona hár. Viðhald þeirra vega, sem nú eru lagðir, yrði sýslufjelögunum því naumast ókleift, en við það má ekki miða, heldur við vegaviðhaldið, eins og það yrði, þá er ákvæði frv. eru komin til framkvæmda.

Eins og sjá má af frv. eru allar brýr, bæði stórar og smáar, taldar með vegum þeim, er þær liggja á, og viðhald þeirra háð sömu reglum sem veganna,

Árnes- og Rangárvallasýslur eiga því að kosta viðhald stórbrúnna yfir Þjórsá og Ölfusá, viðhald, sem nú hvílir á landssjóði. Nefndin var samdóma um, að þetta væri allþung byrði, enda þótt um smærri brýr væri að ræða en þessar. Það hefur því verið stungið upp á þeirri miðlun, að ef miklar skemdir verða á brúm þessum af jarðskjálftum, ofviðri eða öðrum ófyrirsjáanlegum atvikum, þá skuli landssjóður bæta þær skemdir að öllu leyti á sinn kostnað. Hinsvegar mun það hafa verið meining stjórnarinnar, þótt það komi ekki nógu glögt fram í frumvarpinu, að landsjóður kostaði, þá er þörf krefði, endurbyggingu allra hinna stærri brúa (járnbrúa) á flutningabrautum, en ekki sýslufjelögin, og landsverkfræðingurinn, er kvaddur hefur verið álits um þetta mál, hefur skýrt nefndinni frá, að hann hafi ávalt talið þetta fyrirkomulag sjálfsagt. En með því að áríðandi er, að þessum skilningi laganna sje slegið algerlega föstum, svo að ekki sje um að villast, þykir rjettast að taka þetta skýrt fram í frv. og hefur því nefndin gert ákveðna tillögu um það. Hefði landsjóður ekki haft þessa lagaskyldu, gat ekki annað komig til mála, en að sýslufjelögin hefðu heimtað álag á brýrnar, er þau tóku við þeim. En nú virðist mega við það una, að um afhending brúa gildi hið sama og um afhending vega, að alt sje í góðu standi, er afhending fer fram.

Því hefur og nefndin tekið það beinlínis fram með ákveðinni tillögu, að sama skylda um bætur á ófyrirsjáanlegum skemdum og um endurbyggingu hvíli á landssjóði, að því er snertir allar brýr, er þegar eru bygðar eða bygðar verða á flutningabrautum og kosta yfir 15,000 kr.

Þá hefur nefndin stungið upp á þeirri breytingu, að landsjóður kosti að einum fjórða hluta viðhald flutningabrautarinnar frá Búðareyri við Reyðarfjörð að Lagarfljóti.

Nefndin var öll á einu máli um það, að það hlyti að vera sjálfsögð afleiðing af þessari stefnubreyting í vegaviðhaldinu, er frumv. gjörir, að eftirstöðvar allra lána, er sýslufjelög hafa tekið úr viðlagasjóði til flutningabrauta, að brúm meðtöldum, fjellu niður frá 1. október 1909, eða frá þeim tíma, sem sýslurnar taka að sjer viðhaldið. Hversu upphæð þessi sje mikil verður nú ekki sagt með fullri vissu, en eftir þeim upplýsingum, er nefndin hefur fengið frá gjaldkera landssjóðs, munu eftirstöðvar þessara lána naumast fara mikið fram úr 20,000 kr. — Samskonar lán, sem tekin eru annarsstaðar en í viðlagasjóði munu vera örfá, og sú upphæð sáralítil, og leiðir það af sjálfu sjer, að landsjóður tekur að sjer, að greiða eftirstöðvar þeirra lána, frá sama tíma og hin fjellu niður.

Með þessum úrslitum, getur nefndin fallist á, að sýslufjelögin taki að sjer viðhaldskostnað þann, er frv. ákveður, enda þótt nefndin viðurkenni, að kostnaður þessi komi ekki sem rjettlátlegast niður, og rjettara hefði verið, að miða viðhaldskostnaðargreiðslu við notkun vega og brúa, frekar en gjört er í frumv., en nefndin sjer sjer ekki fært, að leggja notkun veganna alment til grundvallar. Þó hefur hún gjört þá breytingu í viðbót við samkynja ákvæði í frv., að Rangárvallasýsla kosti að einum þriðja viðhald flutningabrautarinnar millum Þjórsárbrúar og Ölfusárbrúar, en Árnessýsla að tveimur þriðju. Þessi vegarkafli er um 17 kílómetrar að lengd, og miklu meira notaður af Rangæingum en Árnesingum. Það virðist því að minsta kosti ekki ósanngjarnt, þótt viðhaldi þessa kafla sje skift milli sýslnanna á þennan hátt.

Þá hefur og þótt rjett, að taka það skýrt fram í lögunum, að Árnessýsla kosti eingöngu gæslu og viðhald Ölfusárbrúarinnar, en Rangárvallasýsla Þjórsárbrúar.

Í frv. er ákveðið, að hlutaðeigandi sýslufjelag eða sýslufjelög greiði allan þann kostnað, er orsakast af jarðraski, landnámi eða átroðningi við lenging flutningabrauta. Þetta ákvæði leggur nefndin til, að felt verði burtu og fyrirkomulagið verði eins og verið hefur, að landssjóður kosti brautarlagninguna, að öllu leyti.

Þessar breytingartillögur nefndarinnar, er nú hefur verið vikið að, snerta allar höfuð-nýmæli frumvarpsins — vegaviðhaldið — og eiga að miða til þess, að gjöra sýslunum ljettara, að taka það að sjer.

Frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu barst nefndinni erindi um, að vegurinn frá Reykjavík til Keflavíkur yrði tekinn í tölu flutningabrauta eða akfærra þjóðvega, og er þar gjörð ítarleg grein fyrir nauðsyn þessa vegar, og tekið fram, að sýslunefndin hafi sama sem skuldbundið sig til, að leggja á þessu ári og næstu fimm árum yfir 40,000 kr. til vegarins, ef tillag kæmi úr landssjóði á móti; auk þess, sem skýrt er frá, að sýslubúar hafi undanfarin 3 ár lagt á sig árlega um 3000 kr. aukaskatt til vegarins. Í sumar er vonast eftir, að fullgjör verði tæpur þriðjungur af allri vegalengdinni frá Hafnarfirði til Keflavíkur, og hefur landssjóður lagt til þess 10,600 kr., en sýslan um 17,800 kr.

Með því, að endurnýjuð yfirlýsing er fengin frá sýslumanni um, í sömu átt og landsverkfræðingurinn hefur lýst því yfir í viðurvist nefndarinnar, að hann álíti, að vegur þessi eigi að vera akfær vegur, verði hann lagður, leggur nefndin til, að hann verði tekinn í þjóðvegatölu.

Þess skal getið, að í nefndinni kom fram erindi frá þingmanni Norður-Þingeyinga um, að aðal-póstleið um Þingeyjarsýslu lægi til Húsavíkur og þaðan í bygð um Norður-Þingeyjarsýslu, en ekki um Hólsfjöll.

Nefndin tók þetta til athugunar, en komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri ráðlegt, að taka þær málsbætur til greina, meðal annars vegna þess, hve »nyrðri leiðin« er miklu lengri en hin, og snjóþyngsli þar miklu meiri m. fl. (sbr. einnig álit verkfræðingsins).

Hins vegar þótti nefndinni rjett, að einskorða ekki jafn ákveðið eins og gjört er í frv., vegastefnuna á nokkrum hluta þjóðvegarins í Þingeyjarsýslu, eða á kaflanum frá Einarsstöðum að Reykjahlíð, með því, að upplýst var, að þar gæti verið um aðra heppilega vegarstefnu að ræða, en frv. ákveður.

Ákvæði frumvarpsins um afhending veganna í fullgildu standi virtust nefndinni nokkurn veginn fullnægjandi, en hins vegar þótti henni það ónógt, að skýrsla eða vottorð verkfræðings þess, er stjórnaði vegagjörðinni, skyldi teljast full sönnun þess, gagnvart sýslu, hvort vegur eða vegarkafli væri fullgjör. — Er því stungið upp á, að það sje landsverkfræðingur sá, er stjórnar vegagjörðum landsins, er þetta vottorð gefi, en umsögn hans megi skjóta til stjórnarráðsins til fullnaðarúrslita.

Í frv. er gjört ráð fyrir, að hið sjerstaka sýsluvegagjald falli niður, en kostnaður við sýsluvegi, eins og kostnaður við viðhald flutningabrauta og akfærra þjóðvega, greiðist úr sýslusjóði. Færir stjórnin þær ástæður fyrir þessari breytingu, að sýslunefndum sje með þessu gefnar frjálsar hendur í vegamálum. Þetta atriði tók nefndin sjerstaklega til rækilegrar íhugunar, og komst að þeirri niðurstöðu, að heppilegra væri, að halda sýsluvegagjaldinu, með því, að þar hefðu sýslunefndir álögustofn, er ekki hefur verið kvartað yfir, en til þess, að hendur sýslunefnda væru ekki um of bundnar í vegamálum, þykir rjett, að ákveðið sje, að sýsluvegagjaldið skuli renna í sýslusjóð, auk þess, sem sýslunefnd-

um er veitt heimild til, að ákveða gjaldið fyrir eitt ár í senn, alt að 3 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann.

Í samræmi við þetta, stingur nefndin upp á, að sams konar heimild sje veitt hreppsnefndum í ákvörðun hreppsvegagjalds, að hámark þess færist upp úr alt að 2 kr. 25 a. upp í alt að 3 kr.

Nefndin leggur til, að breytt sje ákvæðun frv. um girðingar við alfaraveg, þannig, að ávalt sje einnar álnar bil milli girðingarinnar og vegjaðarins, hvort sem vegurinn er mjór eða breiður.

Þá leggur og nefndin til, að fella burtu, að landeigandi þurfi að fá leyfi sýslunefndar til, að mega loka hliði á vegi eða götutroðningum yfir land hans. Leyfi hreppsnefndar talið nægilegt.

Þá þykir og nefndinni óþarft, að skylda kaupstaði og verslunarstaði, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, til að gjöra akfæra vegi, í sambandi við akvegi þá, er að kaupstaðnum liggja, heldur muni nægja, að láta bæjarstjórn eða hreppsnefnd ákveða, hvar vegirnir skuli liggja og hvernig þeir skuli gjörðir, enda virðist það liggja í hlutarins eðli, að kaupstaðir eða verslunarstaðir sjái hag sinn í því, að halda vegum sínum í góðu lagi.

Þá þótti nefndinni enn fremur ekki brýn nauðsyn á, að heimta bein laga-ákvæði um snjómokstur í kaupstöðum og verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, og leggur því til, að ákvæði frv. um þetta efni, sjeu feld burtu.

Loks stingur nefndin upp á þeirri breytingu, að jafnan sje vikið úr vegi til hægri handar, eins og alstaðar mun tíðkast, en ekki til vinstri handar, eins frv. ákveður.

Um leið og nefndin leggur frumv. fyrir hina háttv. [deild til athugunar, leyfir hún sjer að gjöra við það eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. *Við 3. gr.* stafl. 5. Í staðinn fyrir: »og Laxárdalsheiði — Hólasand« komi: »um Reykjahlíð«.
2. Aftan við 3. *gr.* stafl. 10 bætist nýr töluliður:
   11. Frá Hafnarfirði til Keflavíkur.
3. *Við 7. gr.* »Þó skal fjárveiting — þessara laga«, falli burt.
4. *Við 8. gr.* Aftan við stafl. a bætist: »og viðhald flutningabrautarinnar frá Búðareyri við Reyðarfjörð að Lagarfljóti hjá Egilsstöðum að einum fjórða«.
5. *Við 8. gr.* Aftan við stafl. a komi ný málsgrein svo látandi:
   Landssjóði skal skylt, að bæta að fullu á sinn kostnað miklar skemdir, er brýr á flutningabrautum verða fyrir af ófyrirsjáanlegum atvikum, svo sem jarðskjálfta, ofviðri o. s. frv. Landssjóður kosti einnig endurbyggingu brúnna, er þörf krefur. Þó fellur þessi viðgjörðar- og endurbyggingarskylda landssjóðs burtu, þar sem hinn upphaflegi byggingarkostnaður brúnna hefur ekki farið fram úr 15,000 krónum.
6. Við sömu *gr.*:
   Í stafl. b. bætist inn í á eftir kosti: »að öðru leyti«, en burtu falli: »við Reyðarfjörð« og »hjá Egilsstöðum«.

7. Aftan við stafl. c í sömu gr. fyrri málsgrein komi nýr stafliður:
   d. Rangárvallasýsla kosti viðhald flutningabrautarinnar milli Þjórsárbrúar og Ölfusárbrúar að einum þriðja, en Árnessýsla að tveim þriðju.
   Gæsla og viðhald Þjórsárbrúarinnar sje kostuð af sýslusjóði Rangárvallasýslu, en gæsla og viðhald Ölfusárbrúarinnar af sýslusjóði Árnessýslu.
9. *Við 9. gr.* Í stað: »verkfræðings þess, er stjórnar vegagjörðinni« í 2. málsgrein komi: »landsverkfræðings þess, er stjórnar vegagjörðum landsins«.
   Aftan við þessa málsgrein bætist: »Þó skal sýslunefnd heimilt að skjóta þessari umsögn landsverkfræðingsins til stjórnarráðsins til fullnaðarúrslita«.
   Á eftir 8. gr. bætist inn ný grein, er verði:
8. 9. gr.:
   Eftirstöðvar allra þeirra lána, er sýslufjelög hafa fengið úr viðlagasjóði til flutningabrauta að brúm meðtöldum og tekin eru fyrir 1. janúar 1907, falla niður frá 1. október 1909. Frá sama tíma tekur og landsjóður að sjer greiðslu á eftirstöðvum allra samskonar lána, er tekin hafa verið gegn ábyrgð sýslufjelaga annarstaðar en í viðlagasjóði fyrir áðurgreindan tíma (1. jan. 1907).
   9. gr. frv. verði 10. gr., en 10. gr. 11. gr. o. s. frv. samskonar talnabreyting á öllum gr. frv.
10. *Við 14. gr.*: »Þó skal fjárveiting — átroðningi. Ennfremur má« falli burtu. Fyrir »þegar« þar næst á eftir komi »Þegar« og á eftir »fyrir hendi« í næstu línu bætist inn í »má«.
11. *Við 15. gr.*: Í stað 9—12 komi 10—13.
12. *Við 17. gr.*: Í stað 15. gr. komi 16. gr.
13. *Við 19. gr.*: Aftan við »úr sýslusjóði« bætist: en í hann greiðir hvert hreppstjelag 1 kr. 25 a. fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum 20—60 ára í hverri stöðu sem er. Heimilt er sýslunefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að gjald þetta skuli vera hærra, alt að 3 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann. Hreppstjórar skulu á ári hverju fyrir lok marsmánaðar senda sýslumanni nafnaskrár yfir alla verkfæra menn 20—60 ára, sem heimili hafa í hreppnum. Eftir skrám þessum ákveður sýslumaður sýsluvegagjald hvers hrepps. Gjaldið skal borgað úr sveitarsjóði og greiðast sýslumanni á manntalsþingi.
14. *Við 23. gr.*: Í stað »2 kr. 25 a.« komi »3 kr.«.
15. *Við 24. gr.*: Á undan »jafnmikil upphæð« í næst síðustu línu bætist inn í »alt að«.
16. *Við 31. gr.*: Í stað 33. gr. komi 34. gr.
17. *Við 43. gr.*: Í staðinn fyrir »að fullar 3 álnir sjeu frá miðju vegarins til girðingarinnar« komi: »að full 1 alin sje milli vegarjaðarins og girðingarinnar«.
18. *Við 44. gr.* »og sýslunefnd« falli burtu.
19. *Við 51. gr.* »skal gjöra akfæra vegi —
   »Að öðru leyti« falli burtu.
20. *Við 53. gr.* Í stað 23. gr. komi: 24. gr.
21. *55. og 56. gr.* falli burtu, og eftirfarandi greinatala breytist samkvæmt því.
22. *Við 57. gr.* Fyrir: »vinstri« komi: »hægri«.

Neðri deild alþingis 23. júlí 1907.

Jón Magnússon, formaður.	Hannes Þorsteinsson, skrifari og framsögum.	Árni Jónsson.
Ólafur Thorlacius.	Jón Jónsson.	Björn Kristjánsson. Ólafur Ólafsson.

Ed. **142. Breytingartillögur**
við frumvarp til laga um lausamenn og þurrabúðarmenn.
Frá nefndinni.

1. Við 2. gr. Í stað orðsins »ókeypis« í 3. málsgrein komi: án þess að greiða gjald þetta.
2. — 8. gr. Greinin falli burtu
3. — 17. gr. Í stað orðanna: »þó má sýslunefnd« til enda greinarinnar, komi: Þó má hreppsnefnd í einstökum tilfellum leyfa undantekningar viðvíkjandi stærð lóða þurrabúða, sem bygðar hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi.
4. Eftir 17. gr. sem verði 16. gr. komi ný grein, sem verði 17. gr. svo hljóðandi:
   Sýslunefndir geta eftir tillögum hreppsnefna gjört undantekning frá fyrirmælum 14. greinar, að því er snertir stærð þurrabúðarlóða í einstökum bygðarlögum, þar sem landshættir mæla með því. Þó má sýslunefnd aldrei ákveða stærð þurrabúðarlóða minni en 300 ferh. faðma og ekki stærri en 1800 ferh. faðma.
5. Við fyrirsögn II. kafla bætist: og þurrabúðarmenn.
6. Í fyrirsögn frumvarpsins bætist á eftir orðinu »lausamenn«: húsmenn.

Nd. **143. Frumvarp**
til laga um löggilding verslunarstaðar að Tjaldanesi í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
Flutningsmenn: Jóhannes Ólafsson, St. Stefánsson Eyf.

1. gr.

Að Tjaldanesi í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefur ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvember 1905, og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Ed. **144. Frumvarp**
til laga um farandsala og umboðssala.

Flutningsmenn: Aug. Flygenring og Stgr. Jónsson.

1. gr.

Farandsalar og umboðssalar, sem ekki hafa fast aðsetur hjer á landi,

og bjóða til kaups útlendan varning, eða gefa kost á að útvega eða gjöra um kaup á vörum, er síðar koma frá útlöndum, skulu leysa leyfisbrjef, aður en þeir hefja atvinnurekstur hjer á landi. Leyfisbrjefið gefur lögreglustjóri í því lögsagnarumdæmi, þar sem farandsalinn kemur fyrst við land, eða byrjar atvinnurekstur sinn. Gildir það fyrir 1 ár, reiknað frá dagsetningardegi.

2. gr.

Í leyfisbrjefinu skal tekið fram, hvort leyfishafi reki atvinnu fyrir sjálfan sig eða í umboði annara, og þá fyrir hvert eða hver nafngreind firma eða verksmiðju. Skal leyfishafi áður en leyfisbrjefið er afhent honum, lýsa skriflega yfir því, að viðlögðum drengskap, að hann reki eigi umboðsstörf fyrir aðra eða fleiri en þá, er tilgreindir eru.

3. gr.

Fyrir leyfisbrjefið skal leyfishafi greiða 200 króna gjald, hafi hann að eins umboð eða vörur til framboðs frá einu firma eða verksmiðju. En hafi hann vöruframboð fyrir fleiri, greiði hann 100 króna viðbótargjald fyrir hvern; þannig, að sá sem hefur umboð fyrir 2, greiði 300 kr., fyrir 3, 400 krónur o. s. frv. Leyfisbrjefsgjaldið greiðist til lögreglustjóra fyrir fram, og rennur í landssjóð.

4. gr.

Hafa skulu lögreglustjórar eftirlit með leyfisbrjefum farandsala, sjerstaklega að því er snertir nöfn og tölu þeirra firma og verksmiðja, er þeir reka störf fyrir. Sýna skal farandsali leyfisbrjef sitt hlutaðeigandi lögreglustjóra, áður en hann byrjar atvinnurekstur í því lögsagnarumdæmi. Ritar lögreglustjóri ókeypis vottorð á brjefið um að honum hafi það sýnt verið.

5. gr.

Leyfisbrjef farandsala skulu bundin við nafn. Að öðru leyti skipar ráðherra fyrir um fyrirkomulag þeirra og efni.

6. gr.

Umboðssalar, eða farandsalar, er hafa fast aðsetur hjer á landi, og greiða hjer lögboðin gjöld, skulu leysa borgarabrjef, sem innlendir kaupmenn, samkvæmt fyrirmælum laga nr. 28, 7. nóvemb. 1879, eða lögum, er síðar kunna að verða sett um það efni.

7. gr.

Farandsalar eða umboðssalar mega eigi selja eða útvega erlendar vörur öðrum en kaupmönnum eða kaupfjelögum, er leyst hafa borgarabrjef Þó skal þeim heimilt, að selja vörur til verksmiðju- og handverksiðnaðar, eða annars sjerstaks atvinnureksturs, að því leyti, sem vörurnar eingöngu eru notaðar til reksturs slíkrar atvinnu.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum skal fara með, sem almenn lögreglumál, og sæta þau sektum frá 50 til 500 krónur.

Sje brotið fólgið í því, að farandsali eða umboðssali hafi eigi leyst leyfisbrjef samkvæmt lögum þessum, skal hann auk sektanna greiða gjald það, er honum bar að greiða.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í landsjóð.

Nd. **145. Frumvarp**

til laga um heimild til að leggja sporbraut milli Skerjafjarðar og Reykjavíkur og til að setja reglugjörð um notkun hafnar í Skerjafirði.

Flutningsmenn: Stefán Stefánsson þm. Skgf., Jón Jónsson, Árni Jónsson.

1. gr.

Stjórnarráði Íslands heimilast, að veita hlutafjelaginu Höfn, sem þeir augnlæknir Björn Ólafsson, kaupmaður Ólafur Árnason og póstmeistari Sigurður Briem standa fyrir, leyfi til þess, að leggja sporbraut frá Skerjafirði norður að sjó við Reykjavík.

2. gr.

Sjerhver sá, sem hefur eignarrjett eða önnur rjettindi yfir landi því, sem sporbrautin verður lögð um, skal vera skyldugur til þess, að láta af hendi við nefnt fjelag, gegn fullu endurgjaldi, svo mikið af rjettindum þessum eða eign, sem nauðsynlegt er til sporbrautarinnar og brautarstöðva við hana.

Endurgjaldið greiðir fjelagið.

3. gr.

Nú geta málsaðilar ekki orðið á eitt sáttir um það, hverjar eignir eða rjettindi þurfi að taka eignarnámi eða um upphæð endurgjaldsins, og skal þá leggja ágreininginn undir úrskurð 5 manna, af þeim nefnir bæjarstjórn Reykjavíkur 2, hlutafjelagið Höfn 2, en stjórnarráð Íslands nefnir til oddamanninn.

Nú vill málsaðili eigi nefna til menn og skulu þá dómkvaddir menn í þeirra stað.

4. gr.

Stjórnarráðinu veitist og heimild til, að setja reglugjörð um notkun hafnarinnar í Skerjafirði, um notkun á hafnarbryggjum þar og öðrum mannvirkjum, svo og um seglfestu, eftir tillögum hlutafjelags þess, sem nefnt er í 1. gr.

5. gr.

Ákveða má í reglugjörð þeirri, sem um er rætt í 4. gr., sektir fyrir brot, alt að 400 kr., svo og gjöld fyrir afnot hafnarinnar, hafnamannvirkja og fyrir seglfestu.

6. gr.

Með mál um brot gegn reglugjörð þeirri, sem nefnd er í 4. gr., skal farið sem almenn lögreglumál. Sektir renna í hafnarsjóð Skerjafjarðar.

Nd. **146. Frumvarp**

til laga um veð í skipum.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þinglestur brjefa, er snerta heimildir fyrir eða eignarhöft á skipum eða bátum, sem skrásett eru hjer á landi, skal fara fram þar, er skipið er skrásett að eiga heima.

Um þýðing og gildi veðrjettarins og þinglestursins fer eftir almennum fyrirmælum laganna um veð í fasteignum.

Innrita má slík heimildar- eða eignarhaftsbrjef eftir tilsk. 24. apríl 1833, 4. gr. og opnu brjefi 28. apríl 1841.

2. gr.

Á blaðsíðu skipsins í skipaskrá umdæmisins skal getið þeirra heimildarskjala, veðsetninga og eignarhafta, er þinglesin hafa verið viðvíkjandi skipinu. Að því er snertir skip og báta, er eigi standa á skipaskrá, skal þinglesturs getið á dálki skipsins eða bátsins á fiskiskipaskránni.

3. gr.

Þegar þinglýsa skal heimildarskjali eða brjefi um haft á skipi, þá skal hlutaðeigandi embættismaður líta eptir því, hvort útgefandi þess hefur sjálfur eignarheimild fyrir skipi því, sem hann ráðstafar, og hvort nokkuð það hafi verið þinglesið áður, er ónýtt geti eða rýrt gildi skjalsins. Finnist nokkur brestur eða tálmun, skal rita athugasemd á skjalið um heimildarbrest hans eða hið áður lesna heftingarskjal jafnframt vottorðinu um þinglesning.

Hins sama ber að gæta við fyrirframinnritun veðbrjefsins og vottorð um hana.

4. gr.

Nú er skrásett skip flutt úr einu skrásetningarumdæmi í annað, og skal þá skrásetningarstjóri í því umdæmi, er skipið var skrásett í, senda skrásetningarstjóra í umdæmi því, er skipið á að flytjast í, eptirrit af veðbrjefum þeim, og öðrum eignarhaftsbrjefum, er þinglesin hafa verið um skipið, svo og útskript af blaðsíðu skipsins í skipaskránum, og ber skrásetningarstjóra í hinu nýja umdæmi kauplaust að annast um innfærslu veðbrjefanna í afsals- og veðbrjefabók lögsagnarumdæmisins, og geta um veðsetningarnar á blaðsíðu skipsins í skipaskránni; hefur slík innfærsla sama gildi, sem hinn upprunalegi þinglestur.

Nafnbreyting á skipi eða flutning þess í annað skrásetningarumdæmi má því að eins leyfa, að allir þeir, sem þinglesinn veðrjett hafa í skipinu, samþykki það.

5. gr.

Nú missir skrásett skip rjett til að sigla undir dönsku flaggi, eða er af öðrum ástæðum strykað út úr skrám yfir íslensk skip, og hefur þetta engin áhrif á þinglesinn veðrjett, eða aðrar þinglesnar eignartakmarkanir. En í gjalddaga fellur skuld, sem trygð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið er selt út úr landinu, og verður þar af leiðandi strikað út af skipaskránni.

6. gr

Innan tólf mánaða eftir að lög þessi öðlast gildi, skal afhenda hlutaðeigandi embættismanni í því umdæmi, þar sem skipið er skrásett, til þinglesturs, öll brjef með veði í skrásettum skipum, er þinglesin hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi, ella týnist veðrjetturinn.

Hafi brjefið áður verið þinglesið í sama lögsagnarumdæmi, þá nægir að veðsetningarinnar sje getið á blaðsíðu skipsins á skipaskránni. Fyrir vottorð um innfærslu þessa svo og fyrir þinglestur þann, er ræðir um í þessari grein, skal ekkert gjald greiða.

7. gr.

Lög þessi gilda að eins um skip eða báta, sem eru 5 — fimm — smálestir að stærð eða meira.

Ed. **147. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 10, 13. apríl 1894 um útflutningsgjald.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Af hverri síldartunnu (108—120 pt.), í hverjum umbúðum, sem hún flytst, skal útflutningsgjald vera 50 aurar.

2. gr.

Af útflutningsgjaldi því, sem ákveðið er í 1. gr., skal greiða 10% í Fiskiveiðasjóð Íslands, og skal því fje varið til eflingar síldarútvegi innlendra manna.

3. gr.

Ákvæði nefndra laga í 1. gr., 4. tölul., er hjer með numið úr gildi.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Ed. **148. Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um lausamenn og þurrabúðarmenn.
Frá Þórarni Jónssyni.

Fyrir orðið »viku« í 11. gr. komi: 4 vikum.

Nd. **149. Frumvarp**
til laga um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað 8. okt. 1883.

Flutningsmenn: Guðl. Guðmundsson, M. J. Kristjánsson, Stefán Stefánsson Skagf., Jón Jónsson.

1. gr.

Með hafnarreglugjörð fyrir Akureyrarkaupstað, er stjórnarráðið gefur út eftir tillögu bæjarstjórnar Akureyrar, má setja ákvæði um lögreglu á höfninni og liggja sektir við brotum gegn ákvæðum reglugjörðarinnar. — Fyrirmæli þessi ná einnig til afnota af mannvirkjum við höfnina og skipakvína, svo og af uppskipunar- og geymslusvæðum með fram höfninni og skipakvínni.

2. gr.

Með reglugjörð, er stjórnarráðið staðfestir, getur bæjarstjórnin skipað fyrir um almenna vatnsveitu fyrir kaupstaðinn, um fráræslu, og um lýsing með rafmagni eða gasljósum.

Þegar þessi fyrirtæki, eða eitthvert þeirra, er komið til framkvæmdar, má eftir gjaldskrá, er stjórnarráðið staðfestir, leggja alment gjald til bæjarsjóðsins á notendur fyrir afnot þess. —

3. gr.

Nú reynist nauðsynlegt að taka eignarnámi lóðareignir einstakra manna eða önnur rjettindi til almennings nota við höfnina eður skipakvína, eða til þess að koma í framkvæmd fyrirtækjum þeim, er nefnd eru í 2. gr., og skulu þá eigendur skyldir að láta þær eignir eða rjettindi af hendi við bæjarstjórnina, en greiða skal eigendum fullt endurgjald úr sjóði kaupstaðarins eftir mati dómkvaddra manna. —

4. gr.

Rísi ágreiningur milli bæjarstjórnar og eiganda út af eignarnámi, skal skorið úr ágreiningnum á þann hátt, er fyrir er mælt í lögum nr. 57. 10. nóv. 1905, um skyldu eigenda til að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrar eignarrjett og önnur rjettindi yfir Glerá og landi með fram henni.

Tilnefning matsmanna skal fara fram á þann hátt, er ákveðið er í nefndum lögum.

5. gr.

Lög þessi koma þegar í gildi.

Nd. **151. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Á þinginu 1905 var af hálfu bæjarstjórnarinnar farið fram á að skifta bæjarfógetaembættinu þannig, að stjórn bæjarmála og nokkur önnur störf, er bæjarfógetinn nú hefur með höndum, væri fráskilin bæjarfógetanum og fengin í hendur nýjum embættismanni, bæjarstjóra, er launaður væri af landssjóði. Nefnd sú, er hin háttvirta neðri deild setti þá til þess að íhuga málið, viðurkendi að vísu, að bráðlega mundi reka að því, að óhjákvæmilegt væri að skifta bæjarfógetaembættinu. Benti nefndin á það, að þar mætti fara tvo vegi, annan þann, að skilja bæjarstjórnarstörfin ein frá embættinu, og ætti þá bæjarsjóður að launa bæjarstjóranum; hinn vegurinn væri sá, að fá bæjarstjóranum fleiri af störfum bæjarfógetans en bæjarstjórnarformenskuna, og ætti þá bæjarsjóður og landssjóður að greiða í fjelagi bæjarstjóralaunin, sem ráðgjört var að væri 4000 kr. Á þessum grundvelli var leitað samninga við bæjarstjórnina, en hún vildi þá ekki fallast á það, að lagt væri fram fje úr bæjarsjóði til launa handa bæjarstjóra.

Nú hefur bæjarstjórnin látið flytja hjer á þinginu áðurnefnt frumvarp um breytingar á nokkrum atriðum í bæjarstjórnartilskipuninni frá 20. apríl 1872, og farið þar meðal annars fram á það, að skifta bæjarfógetaembættinu þannig, að taka að eins af bæjarfógetanum forstöðuna fyrir bæjarstjórninni, og fá hana í hendur embættismanni bæjarins, enda sje laun hans greidd úr bæjarsjóði, og hann skipaður af bæjarstjórn, án nokkurrar íhlutunar af hálfu landsstjórnarinnar. Jafnframt og í sambandi við þetta, hefur bæjarstjórnin, samkvæmt brjefi, er nefndinni hefur borist frá bæjarfógetanum í Reykjavík, farið þess á leit, að landssjóður taki að sjer að greiða kostnaðinn við lögregluþjónustu bæjarins. Nefndin er þeirrar skoðunar, að mikil þörf sje á því að skifta bæjarfógetaembættinu, og hefur ekkert að athuga við það, að embættinu sje skift á þann veg, er gjört er í frumvarpi þessu, en á hinn bóginn getur hún ekki viðurkent, að á landssjóði hvíli fyrir því sú skylda, að greiða kostnað við lögregluþjónustu í Reykjavík. En með tilliti til þess, meðal annars, að landssjóður greiðir kostnaðinn við bæjarstjórnarforstöðurnar í öðrum kaupstöðum landsins, þá virðist nefndinni ekki ósanngjarnt, til samkomulags, að leggja fje til lögregluþjónustunnar í Reykjavík á þann hátt, að auk lögreglustjóra sje skipaður einn lögregluaðstoðarmaður í bænum með 1400 kr. launum, er greiðist úr landssjóði. En með því að lögregluaðstoðarmaður ætti enn fremur að ljetta nokkuð á bæjarfógetanum, og bæjarfógetaembættið er orðið allhálaunað, virðist nefndinni ekki varhugavert að leggja það til, að af launum þess embættis sje dregin jafnmikil upphæð, sem laun þessa aðstoðarmanns, og ræður hún þá til að felt sje burt skrifstofufjeð, og það því heldur sem aðrir bæjarfógetar hafa það ekki. Það er sjálfgefið, að gegn vilja hins núverandi bæjarfógeta í Reykjavík verða embættislaun hans ekki skert í hans embættistíð. Með því að ákvæði hjer að lútandi virðist ekki eiga heima í frumvarpi um breyting á bæjarstjórnartilskipuninni, þá leyfir nefndin sjer að koma fram með tillögur sínar um þetta í sjerstöku frumvarpi.

Eftir umræddu frumvarpi bæjarstjórnarinnar er ennfremur allmjög rýmkaður kosningarrjettur og kjörgengi til bæjarstjórnarinnar. Nú er kosningarrjettur og kjörgengi bundið því skilyrði, að viðkomandi greiði í bein bæjargjöld 8 kr. að minsta kosti, en frumvarpið setur í þessari grein það eitt skilyrði, að viðkomandi greiði skattgjald til bæjarsjóðs. Svo veitir frumvarpið giftum konum þessi rjettindi. Nefndin er þeirrar skoðunar, að rjett sje að fara enn lengra í þessa átt, þannig að vinnufólki sje og veitt hin umræddu rjettindi og skilyrðið um skattgjald burtu felt, enda verður að álíta, að það sje í samræmi við vilja bæjarbúa yfirleitt, eftir því sem hann hefur lýst sjer bæði á almennum borgarafundi í vetur og þigmálafundum bæjarins í vor eða sumar.

Ákvæðið í 9. gr. um sektir fyrir vanrækslu í því að gefa niðurjöfnunarnefnd skýrslu um efnahag gjaldanda, getur nefndin eigi felt sig við, og telur rjett, að það sje felt burtu. Að öðru leyti hefur nefndin ekki fundið neitt verulegt að athuga við frumvarpið.

Með þessum athugasemdum ræður nefndin háttvirtri deild til að samþykkja umrætt frumvarp bæjarstjórnarinnar, þó svo, að á því sjeu gjörðar eftirgreindar breytingar:

Við 3. gr.

Orðin: »eru ekki öðrum háðir sem hjú«,

» — svo framarlega sem þeir greiða skattgjald til bæjarsjóðs« og »og þótt þær eigi greiði sjerstaklega gjald í bæjarsjóð« falli burt.

Við 9. gr.

Orðin: »Vanræki — í bæjarsjóð« falli burt.

Neðri deild alþingis, 22. júlí, 1907.

Lárus H. Bjarnason	Jón Magnússon	Guðl. Guðmundsson.
formaður, framsögum.	skrifari.	
Stefán Stefánsson	Magnús Andrjesson.	
þm. Skagf.		

Nd. **150. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 66, frá 10. nóvbr. 1905 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

Flutningsmaður: Lárus H. Bjarnason.

Upphaf 2. gr. orðist svo:

Hlutafje bankans má eigi nema meiru, en 5 — fimm — miljónum króna.

Nd. **151. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Á þinginu 1905 var af hálfu bæjarstjórnarinnar farið fram á að skifta bæjarfógetaembættinu, þannig að stjórn bæjarmála og nokkur önnur störf, er bæjarfógetinn nú hefur með höndum, væri fráskilin bæjarfógetanum og fengin í hendur nýjum embættismanni, bæjarstjóra, er launaður væri af landssjóði. Nefnd sú, er hin háttvirta neðri deild setti þá til þess að íhuga málið, viðurkendi að vísu, að bráðlega mundi reka að því, að óhjákvæmilegt væri að skifta bæjarfógetaembættinu. Benti nefndin á það, að þar mætti fara tvo vegi, annan þann, að skilja bæjarstjórnarstörfin ein frá embættinu, og ætti þá bæjarsjóður að launa bæjarstjóranum; hinn vegurinn væri sá, að fá bæjarstjóranum fleiri af störfum bæjarfógetans en bæjarstjórnarformenskuna, og ætti þá bæjarsjóður og landssjóður að greiða í fjelagi bæjarstjóralaunin, sem ráðgjört var að væri 4000 kr. Á þessum grundvelli var leitað samninga við bæjarstjórnina, en hún vildi þá ekki fallast á það, að lagt væri fram fje úr bæjarsjóði til launa handa bæjarstjóra.

Nú hefur bæjarstjórnin látið flytja hjer á þinginu áðurnefnt frumvarp um breytingar á nokkrum atriðum í bæjarstjórnartilskipuninni frá 20. apríl 1872, og farið þar meðal annars fram á það, að skifta bæjarfógetaembættinu þannig, að taka að eins af bæjarfógetanum forstöðuna fyrir bæjarstjórninni, og fá í hendur embættismanni bæjarins, enda sje laun hans greidd úr bæjarsjóði, og hann skipaður af bæjarstjórn, án nokkurrar íhlutunar af hálfu landsstjórnarinnar. Jafnframt og í sambandi við þetta, hefur bæjarstjórnin, samkvæmt brjefi, er nefndinni hefur borist frá bæjarfógetanum í Reykjavík, farið þess á leit, að landssjóður taki að sjer að greiða kostnaðinn við lögregluþjónustu bæjarins. Nefndin er þeirrar skoðunar, að mikil þörf sje á því að skifta bæjarfógetaembættinu, og hefur ekkert að athuga við það, að embættinu sje skift á þann veg, er gjört er í frumvarpi þessu, en á hinn bóginn getur hún ekki viðurkent, að á landssjóði hvíli fyrir því sú skylda, að greiða kostnað við lögregluþjónustu í Reykjavík. En með tilliti til þess meðal annars, að landssjóður greiðir kostnaðinn við bæjarstjórnarforstöðurnar í öðrum kaupstöðum landsins, þá virðist nefndinni ekki ósanngjarnt til samkomulags að leggja fje til lögregluþjónustunnar í Reykjavík á þann hátt, að auk lögreglustjóra sje skipaður einn lögregluaðstoðarmaður í bænum með 1400 kr. launum, er greiðist úr landssjóði. En með því að lögregluaðstoðarmaður ætti enn

fremur að ljetta nokkuð á bæjarfógetanum, og bæjarfógetaembættið er orðið allhálaunað, virðist nefndinni ekki varhugavert að leggja það til, að af launum þess embættis sje dregin jafnmikil upphæð, sem laun þessa aðstoðarmanns, og ræður hún þá til að felt sje burtu skrifstofufjeð, og það því heldur sem aðrir bæjarfógetar hafa það ekki. Það er sjálfgefið, að gegn vilja hins núverandi bæjarfógeta í Reykjavík verða embættislaun hans ekki skert í hans embættistíð. Með því að ákvæði hjer að lútandi virðast ekki eiga heima í frumvarpi um breyting á bæjarstjórnartilskipuninni, þá leyfir nefndin sjer að koma fram með tillögur sinar um þetta í sjerstöku frumvarpi.

Eftir umræddu frumvarpi bæjarstjórnarinnar er ennfremur allmjög rýmkaður kosningarrjettur og kjörgengi til bæjarstjórnarinnar. Nú er kosningarrjettur og kjörgengi bundið því skilyrði, að viðkomandi greiði í bein bæjargjöld 8 kr. að minsta kosti, en frumvarpið setur í þessari grein það eitt skilyrði, að viðkomandi greiði skattgjald til bæjarsjóðs. Svo veitir frumvarpið giftum konum þessi rjettindi. Nefndin er þeirrar skoðunar, að rjett sje að fara enn lengra í þessa átt, þannig að vinnufólki sje og veitt hin umræddu rjettindi og skilyrðið um skattgjald burtu felt, enda verður að álíta, að það sje í samræmi við vilja bæjarbúa yfirleitt, eftir því sem hann hefur lýst sjer bæði á almennum borgarafundi í vetur og þingmálafundum bæjarins í vor eða sumar.

Ákvæðið í 9. gr. um sektir fyrir vanrækslu í því að gefa niðurjöfnunarnefnd skýrslu um efnahag gjaldanda, getur nefndin eigi felt sig við, og telur rjett, að það sje felt burtu. Að öðru leyti hefur nefndin ekki fundið neitt verulegt að athuga við frumvarpið.

Með þessum athugasemdum ræður nefndin háttvirtri deild til að samþykkja umrætt frumvarp bæjarstjórnarinnar, þó svo, að á því sjeu gjörðar eftirgreindar breytingar:

Við 3. gr.

Orðin: »eru ekki öðrum háðir sem hjú«,

»— svo framarlega sem þeir greiða skattgjald til bæjarsjóðs« og »og þótt þær eigi greiði sjerstaklega gjald í bæjarsjóð« falli burt.

Við 9. gr.

Orðin: »Vanræki — í bæjarsjóð« falli burt.

Neðri deild alþingis, 22. júlí, 1907.

Lárus H. Bjarnason	Jón Magnússon	Stefán Stefánsson
formaður, framsögum.	skrifari.	þm. Skagf.
	Magnús Andrjesson.	

Nd. **152. Frumvarp**

til laga um stofnun lögregluaðstoðarmannssýslanar í Reykjavík m. m.

Frá nefndinni í málinu um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

1. gr.

Í Reykjavík skipar ráðherra lögregluaðstoðarmann með 1400 kr. árslaunum, er greiðast úr landssjóði.

2. gr.

Þegar bæjarfógetaembættið í Reykjavík losnar, fellur burtu ritfje það, er embætti þessu er lagt úr landssjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1908.

Nd. **153. Frumvarp**

til laga um dánarskýrslur.

Flutningsmenn: G. Björnsson. Ólafur Thorlacius. Jón Magnússon.

1. gr.

Í þeim kirkjusóknum, er læknir býr í, má prestur ekki jarðsetja lík neins manns fyr en hann hefur fengið dánarvottorð hans frá lækni þeim, er stundaði hinn látna í banalegunni. Vottorðið skal læknir láta í tje ókeypis, ritað á eyðublað, er landlæknir lætur gjöra; skal þar tilgreina nafn hins látna, heimili, stöðu, dauðadag, dauðaár og dauðamein.

Nú deyr maður í kirkjusókn, er læknir situr í, og er ekki auðið að ná í lækni þann, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir sjeð hann í banalegunni, þá skal innan sólarhrings frá andlátinu sækja hjeraðslækni eða annan löggiltan lækni, ef kostur er, til að skoða líkið og semja dánarvottorð. Fyrir þá líkskoðun fær læknir 1 kr. auk ferðakostnaðar og dagpeninga, ef í sveit er, eftir þeim reglum er gilda um störf hjeraðslækna. Skal greiða þann kostnað úr landssjóði.

2. gr.

Þá er prestur jarðsetur lík í kirkjusókn, þar sem enginn læknir býr, skal hann auk venjulegra atriða (nafns, aldurs, stöðu, dánardags og greftrunardags), færa í kirkjubókina dauðamein hins látna eftir þeim upplýsingum, er hann getur bestar fengið.

3. gr.

Stjórnarráðið lætur prestum í tje eyðublöð undir dánarskýrslur. Skal semja skýrslu fyrir hvert prestakall eða hluta úr prestakalli í hverju læknishjeraði.

Þessar skýrslur skal prestur senda hjeraðslækni sínum ásamt dánarvottorðum, ef nokkur eru.

Hjeraðslæknir ransakar skýrslurnar með tilliti til dauðameina og bætir úr því, er hann finnur ábótavant; skal hann því næst semja eina dánarskýrslu fyrir alt hjeraðið eftir fyrirmælum landlæknis og senda þá skýrslu til landlæknis með öðrum ársskýrslum, og láta fylgja skýrslur prestanna.

Ed. **154. Frumvarp**

til laga um hækkun á aðflutningsgjaldi. Frá nefndinni í málinu: Frumvarp til laga um skipun hjeraðsnefnda og sóknarnefnda o. fl.

Auk hækkunar þeirrar á aðflutningsgjaldi, sem ákveðin er í lögum nr. 6, 29. júlí 1905, skal gjald þetta hækka um 10 af hundraði frá 1. janúar 1908.

Ed. **155. Nefndarálit**

í málinu frumvarp til laga um frestun á framkvæmd laga 19. des. 1903 um túngirðingar o. fl.

Vjer, sem hin háttv. efri deild kaus til þess, að athuga og gjöra tillögur um frumvarp þetta, höfum nú yfirvegað það og komist að þeirri niðurstöðu, er hjer skal greina:

Með því oss er það mjög vel kunnugt, að lögin um túngirðingar hafa gjört mikið gagn bæði beint og óbeint, þá höfum vjer orðið sammála um það, að miður heppilegt væri að samþykkja nú á þessu þingi ný frestunarlög, og það því fremur, þegar þess er gætt, að hin endurnýjaða frestun er ekkert annað en það, að nema úr lögum það, sem þýðingarmest er í túngirðingalögunum, og það eina, sem unt er að fresta framkvæmd á, nefnil. 1. grein þeirra og þeim ákvæðum, sem standa í beinu sambandi við hana.

Vjer teljum því happasælla, að breyta túngirðingalögunum í nokkrum atriðum, eða með öðrum orðum, þeim **fáu** atriðum, sem einhver **skynsamleg** og **óhlutdræg** rök hafa verið færð fyrir, að athugaverð væru. Þó höfum vjer viljað taka það fullkomlega með í reikninginn, að útgjaldakröfur landssjóðsins eru á næsta ári svo þungar, og margar óhjákvæmilegar, að jafnvel þó að eins sje um lán að ræða, að þá sje þó þess ekki krafist á næsta ári, heldur einungis í eitt skifti fyrir öll á árinu 1909 og þó ekki stærri upphæðar, en hverju ári 1904—1909 var ætluð, samkv. túngirðingalögunum.

Í sambandi við þetta o. fl. hefur nefndin athugað svo nákvæmlega, sem unt er, væntanlegan fjárhag viðlagasjóðs, og borið sig saman við hæstv. ráðherra í því efni, og komist að þeirri niðurstöðu, að ekkert sjerlegt væri við þetta athugavert.

Vjer ráðum því hinni háttv. efri deild til þess, að samþykkja meðfylgjandi frumvarp, og mun verða gjörð nákvæm grein fyrir þeim lagabreytingum, er það flytur, í framsögu málsins. Vjer sjáum því ekki ástæðu til þess, að deildin taki frekar fyrir frumvarp það, er oss var falið til athugunar um frestun túngirðingalaganna.

Alþingi 24. júlí 1907.

Eiríkur Briem (formaður).	Guðjón Guðlaugsson (skrifari og framsögum.).	Steingrímur Jónsson.

Ed.

156. Frumvarp

til laga um breytingu á lögum 19. desember 1903 um túngirðingar o. fl.

Frá nefndinni í túngirðingamálinu.

1. gr.

Í stað 1. greinar túngirðingalaganna komi ný 1. gr. svo hljóðandi:

Á árinu 1909 má verja til lánveitinga 100,000 kr. úr viðlagasjóði, til að kaupa fyrir galvaniseraðan gaddavír, galvaniseraða járnteina og galvaniseraða járnstólpa í túngirðingar.

2. gr.

Síðari málsgrein 2. greinar túngirðingalaganna orðist þannig:

Sýslumenn annast um, að menn sjeu á höfnunum, er veiti girðingarefninu móttöku og gjöri aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, og skulu kaupendur kosta uppskipun, geymslu og afhendingu efnisins.

3. gr.

Í stað 3. greinar túngirðingalaganna komi ný 3. gr. svo hljóðandi:

Þeir ábúendur jarða eða eigendur, sem hlaða undir vírgirðinguna garð úr torfi eða grjóti, er að minsta kosti sje 1 fet á hæð utan og innan (mælt frá hæstu þúfnakollum) og því þurfa ekki nema 4 vírstrengi, geta fengið lán fyrir alt hið umrædda girðingarefni, en að öðrum kosti verða þeir að láta pöntuninni fylgja $^1/_4$ hins áætlaða verðs efnisins.

Gamlir garðar mega ekki notast, nema þeir sjeu beinir og jafnir að hæð, og að öðru leyti eins stæðilegir sem nýir væru.

4. gr.

Í stað 4. greinar túngirðingalaganna komi ný 4. gr. svo hljóðandi:

Af láni því, er viðlagasjóður veitir til túngirðinganna, greiðist árlega í 22 ár, 7 krónur af hverjum 100 krónum í vexti og afborgun; sýslumenn innheimta gjaldið á manntalsþingum hjá ábúendum, og reiknast það frá þeim tíma er efnið kom á þá höfn, er um var beðið, en sje gjaldið ófáanlegt frá ábúanda, skal jarðareigandi greiða það.

Gjaldi þessu fylgir lögtaksrjettur.

5. gr.

Í stað orðsins: »sýslunefndir« í upphafi 5. greinar túngirðingalaganna komi: sýslumenn.

Orðin í sömu gr.: »Ráði sýslunefnd — 1904« falli burtu.

6. gr.

Í stað orðsins: »landssjóði« í 7. gr. túngirðingalaganna komi: viðlagasjóði.

Orðin í sömu grein: »ef jörðin er eigi — skal hann« falli burtu. Sömuleiðis síðari málsgrein sömu greinar.

7. gr.

Í stað 8. greinar túngirðingalaganna komi ný 8. gr. svo hljóðandi:

Á árinu 1908 semur landsstjórnin áætlun um verð á hverri virrjúpu af fjóryddum vírstreng og hverju feti í teinum og stólpum að meðtöldum flutningskostnaði, og gildir sú áætlun sem fastákveðið verð, að því er snertir framlag þeirra manna, sem fje þurfa fram að leggja með pöntuninni.

Áætlun þessi sje birt, sem önnur stjórnarvalda-auglýsing og sje í henni tekið fram, hvað langur strengur að minsta lagi er í hverri virrjúpu, svo að pöntun hvers enstaks manns eða samgirðingafjelags geti staðið á heild (heilrjúpu eða hálfrjúpu), og útheimtir það ekki neitt peningaframlag fyrirfram, þó pantendur eða aðrir færi pöntunina upp í þessu augnamiði.

8. gr.

Málsgreinin aftast í 9. gr. túngirðingalaganna: »Við hver árslok« til enda greinarinnar, falli burtu.

9. gr.

Orðin í fyrri málsgrein 15. greinar túngirðingalaganna: »sem hvorki er landssjóðs nje kirkjueign« falli burtu.

10. gr.

16. gr. túngirðingalaganna falli burtu, og í 17. grein sem verði 16. gr. breytist tilvitnunin: »12. 13. og 16. gr.« í 12. og 13. gr.

11. gr.

18. gr. túngirðingalaganna falli burtu.

12. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær á túngirðingalögunum frá 19. desember 1903, sem í lögum þessum eru ákveðnar, inn í meginmál þeirra, og getur þá konungur gefið lögin, þannig breytt, út sem lög um túngirðingar.

Ed. **157. Breytingartillögur**

við breytingartillögur á þingsk. 142 og frumv. til laga um lausamenn og þurrabúðarmenn á þingsk. 138.

Frá nefndinni.

1. Við 2. breytingartill.: Fyrir 8. komi 7.

2. Við 14. gr. frv.: Í stað »byggja« komi: leigja.

Nd. **158. Breytingartillaga**
við frv. til laga um vegi.

frá Þórh. Bjarnarsyni

Við 8. gr. c-lið. Í staðinn fyrir »einum þriðja« komi: einum sjetta; og í staðinn fyrir »tveim þriðju« komi: fimm sjettu.

Ed. **159 Frumvarp**
til laga um veitingar áfengra drykkja á skipum á Íslandi.

Flutningsmaður: Aug. Flygenring.

1. gr.

Á skipum, er koma hjer við land, eða ganga meðfram ströndum landsins eða innfjarða, mega veitingar áfengra drykkja fyrir borgun ekki eiga sjer stað meðan skipið liggur í höfn. Ákvæði þessarar greinar nær ekki til útlendra skemtiskipa, eða annara ferðamannaskipa, er koma hingað til lands eingöngu í því skyni, að flytja hingað útlenda ferðamenn.

2, gr.

Brot gegn 1. grein varða sektum frá 50—500 kr. Ef brotið er ítrekað, skulu auk þess upptækir allir áfengir drykkir, er finnast hjá þeim, er brýtur.

Bryti ber ábyrgð á veitingum þjóna sinna, nema það sannist, að hann hafi bannað þær eða á annan hátt reynt að afstýra þeim.

Sektir og andvirði áfengra drykkja, sem upptækir eru gjörðir, renna í sjóð sveitar þeirrar eða kaupstaðar, er brotið er framið í.

3. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála.

Ed. **160. Breytingartillaga**
við frv. til laga um framlenging á gildi laga um hækkun á aðflutningsgjaldi frá 29. júlí 1905, og skipan milliþinganefndar.

Flutningsmaður: Jóh. Jóhannesson.

Á eftir orðunum: »skattamál landsins«, í 1. málsgrein 1. gr. bætist inn í: á öðrum tollskyldum vörum en sykri og sírópi.

Nd.

161. Nefndarálit

um frumvarp til laga um stofnun brunabótafjelags Íslands.

Nefndin er algjörlega samþykk stefnu frumvarpsins, en álítur nauðsynlegt, að breyta því í ýmsum verulegum atriðum.

Fyrst og fremst virðist ekki nógu vel sjeð fyrir því, að brunabótafjelagið geti jafnan staðið í skilum, þó stórkostlega eldsvoða beri að höndum. Trygging fyrir þessu er þó einkar-áríðandi til þess, að húseignir þær, sem vátrygðar eru, haldist í fullu gildi sem veð fyrir lánum. Til að bæta úr þessu er það lagt til, að ábyrgð landsjóðs sje tvöfölduð.

Einnig álíst nauðsynlegt, til þess að fjelagið geti sem fyrst tekið til starfa með fullum krafti, að lögleidd sje skylda til vátryggingar í fjelaginu á öllum húseignum í kaupstöðum, utan Reykjavíkur, og stærri kauptúnum. Jafnvel þó slíkt ákvæði gangi nærri nútíðarrjetti einstaklingina, verður ekki betur sjeð, en að það rjettlætist fullkomlega af þeim mikla fjárhagslega voða, sem af því mundi stafa, ef útlend brunabótafjelög hættu að tryggja fyrir eldsvoða hjer á landi, en innlent fjelag gæti ekki komist á fót fyrir samtakaleysi.

Enn fremur þykir varhugavert, og jafnvel frágangssök, að minsta kosti í byrjun, að fjelagið takist á hendur trygging að fullu, enda álíst það eitt af kröftugustu ráðum til að varna brunum, að vátryggjandi beri sjálfur nokkurn hluta áhættunnar, og er stungið upp á $^1/_6$.

Í frumvarpinu er gjört ráð fyrir, að eftir ákvæði sveitarstjórnar geti minni kauptún með samþykki stjórnarráðsins fengið upptöku í fjelagið með sömu skilyrðum, sem hin stærri. En með því að þar með fylgir, eftir tillögum nefndarinnar, almenn vátryggingarskylda á húseignum kauptúnsins, virðist hæpið, að þessu verði komið við, nema með sjerstökum lögum fyrir hvert kauptún, er æskir upptöku.

Að öðru leyti eru breytingar þær, er nefndin fer fram á, ekki mjög þýðingarmiklar, og þykir nægja að gjöra grein fyrir þeim við framsögu málsins.

Frumvarp það til laga um vátryggingarskyldu húseigenda og stofnun brunabótasjóða, er vísað var til nefndarinnar, hefur hún haft til hliðsjónar við breytingartillögur sínar, en með því stjórnarfrumvarpið var lagt til grundvallar, mun hitt frumvarpið verða tekið aftur af flutningsmönnum.

Samkvæmt þessu er það eindregin tillaga nefndarinnar, að frumvarpið verði samþykt með þessum breytingum og viðaukum:

1. Á undan 1. gr. komi: Verksvið fjelagsins,
2. Við 2. gr. Fyrir: »trygging af landsjóði fyrir alt að 300,000 kr.« komi: ábyrgð landsjóðs fyrir alt að 600,000 kr.
3. — 2. — Upphaf stafliðs A. orðist þannig: Trygging á $^5/_6$ hlutum verðs, með hluttöku sveitarfjelaga í eldsvoðaábyrgðinni:
4. — —2. — Orðin: »sbr. þó 7. gr.« falli burt
5. Á eftir 2. gr. komi þrjár nýjar greinar:

3. gr.

Í kaupstöðum þeim og kauptúnum, sem um er rætt í 2. gr. A., skulu allar húseignir, hvort sem þær eru eign einstakra manna, fjelaga eða hins opinbera, að undanskildum húseignum landsjóðs, vátrygðar fyrir eldsvoða í brunabótafjelagi landsins.

4. gr.

Á þeim stöðum, er vátryggingarskylda á húseignum gildir samkvæmt 3. gr., hvort sem eru kaupstaðir eða kauptún, eiga menn rjett á að fá trygt í brunabótafjelaginu allskonar lausafje, þar með taldar verslunarvörur, og sömuleiðis skip og báta á landi eða í skipakví.

5. gr.

Eigendur húsa þeirra og lausafjár, sem fjelagið tryggir að $^5/_6$ hlutum samkvæmt 2. gr. A., skulu sjálfir bera ábyrgð á þeim $^1/_6$, sem fjelagið tekur ekki í ábyrgð, og er bannað að vátryggja þann hluta fyrir eldsvoða í nokkurri stofnun innanlands eða utan.

6. 3. gr., sem verður 6. gr., orðist þannig:

Fjelaginu er skylt að endurtryggja hjá öðrum brunabótafjelögum það sem einstakar vátryggingar, er fjelagið tekur að sjer, eru hærri en hjer segir:

A. með hluttöku sveitarfjelags í ábyrgðinni, trygging á húsi eða húsaþyrpingu í sameiginlegri brunahættu 10,000 kr. og lausafjártrygging 6,000 kr.

B. án hluttöku sveitarfjelags í ábyrgðinni, trygging á húseign 7,500 kr. og lausafjártrygging 4,500 kr.

7. Við 4. gr. Fyrir »$^1/_4$ hluta« komi: $^1/_5$ hluta ábyrgðarinnar ($^1/_6$ hluta verðs).

8. — 4. — Fyrir »endurtrygð« komi: endurtrygður.

9. — 4. — Fyrir »5000 kr.« komi: 6000 kr.

10. — 4. — Orðin »í Reykjavík 800 kr.« falli burt.

11. — 5. — Orðið »fram« falli burt.

12. — 6. — Í stað »5. gr.« komi: 8. gr.

13. — 6. — Á undan »15 aurum« komi: alt að.

14. — 6. — Fyrir »það ár, er þær fjellu á sveitina samkv. 5. gr.« komi: án endurgjalds.

15. — 6. — Á eftir »verslunarstaðnum« komi: að undanskildum húseignum landssjóðs.

16. — 6. — Orðin »jafnt á þær húseignir, sem ekki eru trygðar í fjelaginu, sem á hinar« falli burt.

17. — 6. — Síðari málsgrein annars liðs (»Við þessa niðurjöfnun« o. s. frv.) falli burt.

18. — 6. — Þriðji liður orðist þannig:

Um öll atriði, er snerta niðurjöfnunina, getur hver gjaldandi leitað úrskurðar sýslunefndar eða bæjarstjórnar, og er sá úrskurður fullnaðarúrslit.

19. — 6. — Fyrir »af sveitarfjelaginu til iðgjaldasjóðs« komi: í iðgjaldasjóð sveitarfjelagsins.

20. — 7. — Greinin falli burt.

21. — 8. — Í stað orðanna »fyrir utan kaupstaði þá og verslunarstaði« komi: annarstaðar en í kaupstöðum þeim og verslunarstöðum.

22. — 8. — Fyrir »þó því að eins á sig« komi: þó ekki að sjer, nema með því einu skilyrði.

23. — 8. — Síðari liður falli burt.

24. — 10. — Þriðja málsgrein orðist þannig:

Ábyrgðin skal ákveðin í hlutfalli við þann hluta eignarinnar, sem vátrygður er.

25. Við 11. gr. Fyrir »300,000 kr.« komi: 600,000 kr.
26. — 11. — Í stað »10. gr. 2« komi: 12. gr.
27. — 11. — Niðurlag greinarinnar orðist þannig: þá er varasjóður nemur 20,000 kr.
28. — 12. — Upphaf greinarinnar orðist þannig:
Að því er snertir lausafje, svo og húseignir aðrar en þær, sem vátryggingarskyldar eru samkvæmt 3. gr., má ganga úr fjelaginu o. s. frv.
29. — 12. — Í stað orðanna »fyrir þinglesið veðbrjef, aðför eða kaupsamning« komi: samkvæmt þinglesnu veðbrjefi, aðför eða kaupsamningi.
30. — 12. — Fyrir »taka úr tryggingu« komi: fella úr tryggingu.
31. — 13. — Fyrir »vítavert gáleysi« komi: stórkostlegt hirðuleysi.
32. — 14. — Fyrir »30 kr.« komi: 40 kr.
33. — 14. — Aftan við fyrri lið bætist: Ef sjerstaklega stendur á, má fjelagsstjórnin þó gjöra undantekning frá þessum ákvæðum.
34. — 14. — Síðari liður orðist þannig:
Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um tjón, er stafar af ráðstöfunum til þess að hindra útbreiðslu eldsvoða, sem þegar er upp kominn.
35. — 16. — Í stað »17. gr.« komi: 19. gr.
36. — 16. — Fyrir »20%« komi: 15—20%.
37. — 17. — Í stað orðanna »er brunabótafjeð einnig fólgið í veðsetningunni« komi: nær veðrjetturinn einnig til brunabótafjárins.
38. — 17. — Fyrir »til þeirra« komi: til brunabótanna.
39. Á eftir 18. gr. komi ný grein, er verður 21. gr.
Eindagi á öllum iðgjöldum skal vera 15. október. Nú eru eignir vátrygðar á öðrum tíma, og skal þá ávalt fyrsta vátryggingartímabilið teljast til 15. október, þess er næst kemur eftir að vátrygging byrjar, nema vátrygt sje til skemri tíma.
40. Við 19. gr. Í stað orðanna »og sjer í lagi« komi: Enn fremur.
41. — 21. — Í stað orðanna »og skal því stjórna undir umsjón stjórnarráðsins, framkvæmdarstjóri, er það skipar« komi: og stendur undir umsjón stjórnarráðsins. Fjelaginu stjórnar framkvæmdarstjóri, sem skipaður er af ráðherra Íslands.
42. — 21. — Niðurlag fyrra liðs (»og hæfileg þóknun« o. s. frv.) falli burt.
43. — 21. — Í stað »20. gr.« komi: 23. gr.
44. — 23. — Fyrir »frumvarp« komi: frumvarp til laga.
45. 25. gr., er verður 28. gr., orðist þannig:
Landsstjórnin sjer um, að lög þessi komi til framkvæmda og brunabótafjelag það, er ræðir um í lögunum, taki til starfa svo fljótt, sem verða má.
46. Á eftir 25. gr. komi 2 nýjar greinar:

29. gr.

Brjóti vátryggjandi móti lögum þessum eður reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varðar það rjettarmissi til brunabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugjörð nánar til tekur.

Í reglugjörð má ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar 5—500 krónur, er renni í sjóð þann, sem brotið er við.

30. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Alþingi, 24. júlí, 1907.

M. J. Kristjánsson formaður. Ólafur Briem skrifari og framsögum.
Jón Magnússon. Jón Jónsson. Stefán Stefánsson Eyf.
Stefán Stefánsson Skagf. Skúli Thoroddsen.

Nd. **162. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um gjald af innlendri vindlagjörð og tilbúningi á bitter.

Skattamálanefndin hefur haft þetta frumvarp til meðferðar og er álit hennar á þessa leið:

Nefndin er stjórninni fyllilega samdóma um þann galla á núgildandi tolllögum, að ýms aðflutningsgjöld verða í framkvæmdinni að verndartollum. Þessa var ekki gætt, þá er tolllögin 8. nóv. 1901 voru samin; hefur síðan verið sett á stofn hjer á landi vindlagjörð, brjóstsykursgjörð og bittergjörð; hefur það orðið til lítils atvinnuauka fyrir alþýðu manna, en mikils tekjumissis fyrir landssjóð.

Nefndin telur því rjett að leggja gjald á innlenda vörugjörð, þeirrar vöru, sem tollskyld er, en álítur að þar beri tvenns að gæta: — 1) að gjaldkvöðin verði ekki svo þung, að þeir, er nú reka vindlagjörð, brjóstsykursgjörð eða bittergjörð, neyðist með öllu til að hætta þeim atvinnuvegum og verði fyrir fjártjóni af þeim sökum; — 2) að gjaldkvöðin verði almenn, svo að gjaldið falli þegar í stað á hverja tollskylda vöru, sem nú er ekki unnin, en hugsa má, að síðar verði unnin innanlands, t. d. súkkulaði.

Þetta síðara atriði, almenna gjaldkvöð, þarf naumast að rökstyðja.

Fyrra atriðið, gjaldhæðin, er miklu athugaverðara. Nefndinni er kunnugt um, að ýmsir menn hjer á landi reka nú vindlagjörð og hafa varið talsverðu fje í áhöld til þess; brjóstsykursgjörð og bittergjörð er minna um, og áhaldakostnaður þar mjög lítill, og tjónið því lítið, þó að þeir yrðu að hætta vegna gjaldsins, sem þá atvinnu reka. Og aðrar tollskyldar vörur eru ekki unnar innanan lands. Fyrir því hefur nefndin talið sjer skylt að athuga sjerstaklega, hvernig ákvæði frumvarpsins mundu koma niður á innlendum vindlagjörðarmönnum. Vindlagjörðarmaður hjer í bænum hefur tjáð nefndinni, að úr hverjum 100 pd. af ósunnu tóbaki fáist til uppjafnaðar 75 pd. af vindlum; úrgangurinn, 25 af hundraði, er annars vegar rusl og sandur, hins vegar leggir úr tóbaksblöðunum (um 20%). Nú er aðflutningsgjaldið samkvæmt tolllögum fyrir Ísland 8. nóv. 1901, 50 aurar af pundi af ósunnu tóbaki, en 2 kr. af vindlapundi. Ef gjaldið af

innlendri vindlagjörð er sett helmingur af aðflutningsgjaldi og endurgoldinn tollurinn af leggjunum, ef út eru fluttir, þá verður hlutfallið þannig:

Ounnið tóbak 100 pd.: aðfl.gjald	50	kr.
Vindlar unnir úr því, 75 pd.: ½ aðfl.gjald	75	—
Samtals	125	—
Leggir, 20 pd.: endurgoldið aðfl.gjald	10	—
Eftir	115	kr.

Um leggina er það að segja, að fyrir þá fæst eigi meira verð í Danmörku, en nemi innflutningsgjaldi af þeim þar í landi.

Útkoman er því sú, með þessum hætti, að af innlendum vindlum yrðu goldnar um 115 kr. af hverjum 75 pd., en 150 kr. af jöfnum þunga útlendra vindla.

Nefndinni virðist sem munurinn megi ekki vera minni en þetta, ef þingið vill hlífast við því, að neyða vindlagjörðarmenn til að hætta atvinnunni, og því síður má munurinn vera minni, sem oss er kunnugt um, að kaupgjald vinnufólks er talsvert hærra í vindlastofum hjer á landi, en víðast í útlöndum, og fólkið þó óvanara hjer og afkastaminna.

Nefndin leggur því til, að gjaldið af vindlagjörð sje helmingur af aðflutningsgjaldi, og tollurinn endurgoldinu af leggjum, sem út eru fluttir.

Það er og álit nefndarinnar, að helmingur af aðflutningsgjaldi sje yfirleitt hæfilegt gjald á alla innlenda vörugjörð, þeirrar vöru, sem tollskyld er; slíkt gjald mundi ekki koma hart niður á brjóstsykursgjörð eða bittergjörð eða annari vörugjörð, sem hjer gæti komið til greina, en landssjóður hins vegar lítinn baga bíða.

Þá hefur nefndin íhugað ákvæði frumvarpsins um gjaldheimtuna.

Nefndinni virðist ekki rjett, að láta þessi lög ná aftur fyrir sig, þannig, að gjaldið sje goldið »af birgðum þeim, er fyrir liggja, af innlendum vindlum og bitterum«, (sbr. 3. gr. frumv.). Það ákvæði mundi koma býsna hart niður á vindlagjörðarmönnum, og þá ekki síður á þeim, er keypt hafa vindlana til sölu og eiga þá óselda, þegar lögin koma í gildi,

Enn fremur telur nefndin vafasamt, að ákvæðin í 4., 5. og 6. gr. frumv., um eftirlit og innheimtu, mundu reynast hagfeld í framkvæmdinni; telur nefndin hyggilegra að fela stjórnarráðinu að setja reglur um vörugjörðina, og afhendingu og sölu varanna, að svo miklu leyti, sem þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtu af þeim. Sú aðferð hefur þann mikla hag í för með sjer, að þá má jafnan breyta þessum reglum eftir því, sem reynsla krefur. Þó vill nefndin leggja til, að vörugjörðarmönnum sje bannað í lögunum, að selja minna í einu af þeim vörum, sem um er að ræða, en nemi 25 kr. virði; það ákvæði gjörir eftirlitið og innheimtuna yfirleitt miklum mun auðveldari; nefndin telur og nauðsynlega lagaheimild fyrir því, að stjórnarráðið megi leggja dagsektir við brotum á þeim reglum, er það setur.

Breytingartillögur nefndarinnar eru í samræmi við framangreindar athugasemdir, og verður gjörð nánari grein fyrir þeim í framsögu málsins.

Neðri deild alþingis 24. júlí 1907.

Lárus H. Bjarnason formaður. G. Björnsson skrifari og framsögumaður.

Ólafur Briem. Ólafur Ólafsson. Pjetur Jónsson.

Björn Kristjánsson.

Nd. **163. Breytingartillögur.**

við frv. til laga um gjald af innlendri vindlagjörð og tilbúningi á bitter.

Frá skattamálanefndinni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Enginn má reka vörugjörð til sölu, þeirrar vöru, sem tollskyld er, nema til þess hafi leyst leyfisbrjef hjá lögreglustjóra, þar sem vörugjörðin er rekin. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 50 kr. í bæjarsjóð eða sveitarsjóð.

Ákvæði þetta gildir einnig um þá, sem nú reka vindlagjörð, brjóstsykursgjörð eða bittergjörð, þar á meðal lyfsala, sem blanda og selja bitter án læknisforskriftar.

2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:

»Af hverri tollskyldri vöru, sem gjörð er hjer á landi, skal greiða í landssjóð gjald, er nemi helming aðflutningsgjalds þess, er á vörunni hvílir«.

3. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

Vörugjörðarmaður skal greiða gjaldið lögreglustjóra sínum, áður en hann lætur vöruna af hendi, selur hana eða sendir til umboðssölu. Heimil er þó geymsla og greiðslufrestur á gjaldi þessu, eftir þeim fyrirmælum, er gilda um aðflutningsgjald. Eigi skal gjald greiða af birgðum þeim, er fyrir liggja af innlendum vindlum, brjóstsykri og bitterum, þá er lög þessi öðlast gildi; en skyldur er hver sá, er slíka vöru hefur til sölu, að tilkynna lögreglustjóra sínum þann dag, er lögin öðlast gildi, hve miklar birgðir hann hefur, og skal lögreglustjóri tafarlaust skoða vöruna, semja skrá yfir hana og merkja með miðum, er votti, að varan sje gjörð áður en lögin gengu í gildi.

4. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:

Vörugjörðarmenn mega ekki selja minna í einu af neinni vöru, þeirri er ræðir um í lögum þessum, en nemi 25 kr. virði.

Að öðru leyti setur stjórnarráðið reglugjörð um vörugjörðina og afhendingu og sölu varanna, að svo miklu leyti, sem þurfa þykir til að tryggja gjaldheimtu af þeim.

5. Við 5. gr. Greinin falli burtu.

6. Við 6. gr. Greinin falli burtu.

7. Við 7. gr., sem verður 5. gr.
Greinin orðist þannig:
Brot gegn fyrirmælum 1., 3. og 4. greinar, eða reglum þeim, er stjórnarráðið setur samkvæmt 4. gr., varða sektum, alt að 500 krónum. Stjórnarráðinu er heimilt, auk hegningarsekta, að leggja dagsektir við brotum á reglugjörðinni.
Nú verður vörugjörðarmaður uppvís að því, að hafa sagt rangt til um vörugjörð sína eða birgðir, eða selt er af birgðum, án þess að gjaldið sje greitt, og varðar það þann, sem brotið hefur, sektum frá 100—1000 krónum og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjalds þess, er hann hefur reynt að draga undan. Heimta má gjaldheimtumaður æru- og samviskuvottorð vörugjörðarmanns um framtal vöru.

8. Við 8. gr., sem vorður 6. gr.:
Fyrir: »Hinar tilbúnu, gjaldskyldu vörur skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum«,
komi: Vörur þær, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum, skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum.

9. — 8. — Fyrir: »Sje skil ekki gjörð samkvæmt 3. og 6. gr.«,
komi: Sjeu rjett skil ekki gjörð.

10. Við 9. gr. Greinin falli hurtu.

11. Við 10. gr., sem verður 7. gr.
Greinin orðist þannig:
Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál (sbr. þó 5. gr., síðari málsgrein).
Hegningarsektir allar renna í landssjóð. Þó skal sá fá helming sektar, sem veldur því með frásögn sinni, að uppvís verður undandráttur á gjaldi.

12. Á eftir 11. gr., sem verður 8. gr., komi ný grein, þannig orðuð:
Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

13. Fyrirsögn frumvarpsins orðist þannig:
Frumvarp til laga um gjald af tollskyldum vörum, sem unnar eru innanlands.

Nd.

164. Frumvarp

til laga um breytingar á póstlögum 13. september 1901.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í 1. gr. póstlaganna 13. september 1901 komi í stað orðanna: »landshöfðingjans yfir Íslandi«: Stjórnarráðs Íslands.

2. gr.

Í 2. gr. a. 2. póstlaganna í stað orðanna »og eigi þyngra en 50 kvint — fylgi þeim« komi: en hvorki má skrifa á þær verð nje að aðrir munir fylgi þeim. Á tímabilinu 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, má prentað mál í krossbandi, eða einbrugðnu bandi, eigi vera þyngra en 2 kílógrömm (4 pund), og á tímabilinu frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, eigi þyngra en $^3/_4$ kílógramms ($1^1/_2$ pund). Sýnishorn af vöru eða snið má eigi vera þyngra en 250 grömm (50 kvint).

Í staflið b. sömu gr. komi í stað orðanna: »50 kvint«: 250 grömm (50 kvint).

Í staflið c. sömu greinar komi í stað orðanna »3 kvint«: 20 grömm (4 kvint).

Á eftir staflið d. í sömu grein komi nýr stafliður e. svohljóðandi:

Póstkröfum, þ. e. kröfum um innheimtu á peningaupphæðum.

Undir póstkröfur má að eins nota eyðublöð þau, sem póststjórnin gefur út.

Í staflið e, sömu gr., sem verður stafliður f, komi í stað »25 kvint«: 250 grömm (50 kvint).

3. gr.

Í 4. gr. póstlaganna í stað orðanna: »hvenær og hvernig póstávísanaviðskifti geti byrjað innanlands« komi: hvenær póstkröfuviðskipti geti byrjað innanlands og hvernig póstávísana- og póstkröfuviðskiftum skuli hagað.

4. gr.

Í 8. gr. póstlaganna komi í stað »50 punda«: 25 kílógramma (50 punda) — og í stað »hvert pund« komi: hvert $^1/_2$ kílógramm (hvert pund).

5. gr.

Í 8. lið 9. gr. póstlaganna komi í stað orðanna »3 pund« á tveim stöðum: $1^1/_2$ kílógramm (3 pund) — og í stað orðanna »50 mílur« komi: 50 vikur sjávar

6. gr.

Í 11. gr. a. 1. póstlaganna komi í stað orðanna »3 kvint« á tveim stöðum: 20 grömm (4 kvint). — Enn fremur í stað »25 kvintum« komi: 125 grömmum (25 kvintum) — og í stað »25 kvint að 50 kvintum«: 125 grömm (25 kvint) að 250 grömmum (50 kvintum). Og loks í stað orðanna: »Sjeu eigi viðhöfð frímerki, verður burðargjaldið tvöfalt við það, sem hjer er ákveðið« komi: Sjeu eigi viðhöfð frímerki eða eigi næg frímerki, verður burðargjald það, sem ógreitt er, tvöfalt við það, sem hjer er ákveðið. Enn fremur ber að laga prentvillu þá, sem slæðst hefur inn í póstlögin í þessum staflið, alstaðar þar sem stendur »aura« fyrir: aurar.

Í sömu grein a. 2. komi í stað »10 kvint«: 50 grömm (10 kvint).

Í sömu grein a. 3. komi í stað orðanna »16 aurar«: 15 aurar.

Í sömu grein staflið b. komi í stað orðanna »16 aurar«: 15 aurar.

Enn fremur skal hjer laga prentvilluna »aura« fyrir: aurar.

Stafliður c. 1. sömu greinar orðist þannig:

Með landpóstum:

Frá 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kílógramm (hvert pund) eða minni þunga . . . 30 aurar.

Frá 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir hver 125 grömm (25 kvint) eða minni þunga . . 25 —

Í staflið c. 2. sömu greinar komi í stað »pund«: ½ kílógramm (hvert pund),

Stafliður d. í sömu grein orðist þannig:

Fyrir póstávísanir:

25 kr. eða minni upphæð . . . . . 15 aurar

yfir 25 kr. alt að 100 kr. . . . . 30 —

og 15 aurar fyrir hverjar 100 kr. eða minni upphæð, af því, sem fram yfir er.

Á eftir þessum staflið komi nýr stafliður e, svo hljóðandi:

Fyrir póstkröfur greiðist sama gjald og fyrir póstávísanir.

Í staflið e. sömu greinar, sem verður stafliður f. komi í stað orðanna »15. apríl til 15. október undir hvert pund«: 15. apríl til 14. október, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kílógramm (hvert pund) — og í stað »15. október til 15. apríl undir hvert pund« komi: 15. október til 14. apríl, að báðum dögum meðtöldum, undir hvert ½ kílógramm (hvert pund).

7 gr.

Í 1. málsgrein 12. gr. póstlaganna bætist við á eftir orðinu: »póstávísanir«: póstkröfur, og í stað orðanna: »11. gr. e.« komi: 11. gr. f.

Í 2. málsgrein sömu greinar skulu orðin: »En þegar burðargjald er að eins greitt að nokkrum hluta fyrir fram með frímerkjum, skal heimta burðargjald fyrir sendinguna eins og ekkert hefði verið goldið, að frádregnu verði þeirra frímerkja, sem limd hafa verið á« falla burt.

8. gr.

Í 2. málsgrein 13. gr. póstlaganna komi í stað orðanna: »11. gr. e.«: 11. gr. f., og í 3. málsgrein sömu greinar bætist við á eftir orðinu: »póstávísanir«: póstkröfur.

9. gr.

Í 27. gr. póstlaganna falli burt niðurlagið, frá og með orðinu »eða«.

10. gr.

29. gr. póstlaganna falli burt.

11. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfesting, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim, inn í meginmál póstlaganna frá 13. september 1901, og getur konungur þá gefið nefnd lög út þannig breytt sem póstlög.

Nd. **165. Frumvarp**

til laga um útflutning hesta.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á erlendan markað má ekki flytja mögur hross og illa útlítandi, glaseygð, glámótt, meidd, hölt, eða með öðrum verulegum lýtum og göllum.

Enn fremur er bannað að flytja til sölu á útlendum markaði yngri hross en 4 vetra og eldri en 10 vetra. Hross 3 vetra má þó flytja út, ef þau eru stór og falleg útlits.

Öll hross, sem útflutt eru, skulu vera tamin eða að minsta kosti bandvön. —

Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá þessum ákvæðum eftir tillögu Búnaðarfjelags Íslands, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

2. gr.

Öll skip, er flytja hross frá Íslandi til útlanda, skulu vera hagkvæmlega útbúin í því skyni. Hross má eigi flytja á þilfari frá Íslandi til annara landa á öðrum tíma árs en frá miðjum júní til ágústmánaðar loka. Hrossin skal hafa í stíum hæfilega stórum og traustgjörðum, og sje þeim ætlað nægilegt rúm. Á stíugólf og gangrúm, sem hross eru leidd um, skal strá hálmi eða sandi, eða gjöra ósleip á annan hátt. Sjá skal fyrir góðri loftræsting, þar sem hross eru höfð, og birtu, eftir því sem ástæður frekast leyfa.

Á hverju skipi, er flytur hross til útlanda, skal vera hentugur útbúnaður við fóðrun hrossanna og vötnun. Hrossunum skal ætla nægilegt fóður og vatn á leiðinni, og má fóður ekki vera minna en 10 pd. af góðu heyi á dag fyrir hvern hest, miðað við áætlun skipsins, eða sem því svarar í öðru fóðri.

3. gr.

Í þeim kauptúnum landsins, sem hross eru flutt frá til sölu á erlendum markaði, skal ráðherra Íslands skipa mann, er hefur á hendi umsjón og eftirlit með útflutningi hrossa. Þeir, sem slík hross vilja senda til útlanda, tilkynna það umsjónarmanni með nægum fyrirvara. Umsjónarmaður skoðar hrossin nákvæmlega áður en þau eru flutt á skip, og kyrsetur þau hross, sem að hans áliti eru eigi hæf til útflutnings. Útflytjandi er skyldur að láta umsjónarmanni í tje næga aðstoð við skoðunina. Umsjónarmaður hefur eftirlit með útskipun hrossanna, og sjer um að útbúnaður skipsins og fóðurbirgðir fullnægi fyrirmælum

laganna, og má lögreglustjóri ekki afgreiða skipið, fyr en umsjónarmaður hefur ritað á skipsskjölin vottorð um það.

Umsjónarmenn skulu senda stjórnarráðinu við lok hvers árs, skýrslu um tölu útfluttra hrossa, og hvenær og með hvaða skipi þau hafi verið flutt.

Fyrir starfa sinn fá umsjónarmenn hæfilega þóknun úr landssjóði, og skal fje til þess veitt á fjárlögum.

4. gr.

Ráðherra Íslands semur nánari reglur um útflutning hrossa, sjerstaklega um meðferð þeirra á leið milli landa, og gefur út erindisbrjef handa umsjónarmönnum.

5. gr.

Brot móti lögum þessum varða sektum frá 10 til 1000 kr., er renna í landssjóð. Mál út af slíkum brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1909.

Ed. **166. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar að Bæ á Höfðaströnd í Skagafjarðarsýslu.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Að Bæ á Höfðaströnd í Skagafjarðarsýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefur ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvbr. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **167. Frumvarp**

til laga um breytingar á lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

Í stað 2. liðs 2. gr. nefndra sóttvarnarlaga, 4. liðs sömu gr., 5. liðs sömu gr. 3. málsgr., 1. liðs 1. málsgr. 5. gr., fyrra liðs 7. gr., 1. liðs 8. gr., 3. og 4. liðs sömu

gr., 9. gr., 2, liðs 12. gr., 13. gr. og 15. gr., og á eftir 2. gr. og 14. gr. 1. lið komi:

1. gr. (2. gr. 2. liður).

Þyki landlækni nauðsyn til bera, getur stjórnarráðið fyrirskipað, að vörnum skuli og beita gegn þessum sjúkdómum: inflúensu, barnaveiki (diftheritis, kroup), kíghósta (pertussis), taugaveiki (febris typhoidea), hettusótt (parotitis epidemica) og blóðsótt (dysenteria), þegar þeir sjúkdómar eru skæðir eða ganga víða, eða aðrar sjerstakar ástæður knýja til þess.

2. gr. (2. gr. 4. liður).

Í hvert sinn, er einhver sá sjúkdómur kemur upp, er nefndur er í 1. lið greinar þessarar, skal hlutaðeigandi læknir þegar í stað beita hinum almennu sóttvarnarreglum. Heimilt er honum og að beita þeim til bráðabirgða, þá er upp koma sjúkdómar þeir, er taldir eru í 2. lið sömu greinar, svo framarlega sem honum þykir þörf á því, enda gjöri hann almenningi ráðstafanir sínar kunnar á þann hátt, er honum þykir þurfa.

3. gr. (2. gr. 5. liður 3. málsgr.).

Sleppa má þó auglýsingunni meðan að eins er að ræða um þá sjúklinga, er hjúkrað er í húsum þeim, er talað er um í 6. gr. laga 6. nóv. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

4. gr. (aftan við 2. gr.)

Nú hagar mislingasótt eða skarlatssótt sjer þannig, að sýkin verður að áliti landlæknis ekki talin skæð, og hefur náð svo mikilli útbreiðslu, að lítil líkindi eru til, að heft verði með sóttvörnum á þann hátt, sem lög þessi fyrirskipa, og er þá stjórnarráðinu heimilt með samþykki landlæknis að láta hætta þeim.

5. gr. (5. gr. 1. liður 1. málsgr.).

Nú kemur sjúkdómur upp á einhverju heimili, er auðsætt þykir eða líklegt, að sje einhver af þeim sjúkdómum, sem taldir eru í 2. gr. 1. eða 2. lið, og skal þá húsráðanda þegar skylt að skýra lækni sínum frá því.

6. gr. (7. gr. fyrri liður).

Ef sjúklingur er ekki fluttur frá heimili sínu, getur lögreglustjóri eða hreppstjóri eftir tillögu læknis bannað öllum utanheimilismönnum að koma á bústað hans, hús eða bæ; einnig má banna öllum heimamönnum að fara á annara manna heimili, hús eða bæi, og skal þá setja mann af öðru heimili til að líta daglega eftir hinu sýkta heimili og annast nauðsynlega aðflutninga. Banna má og að flytja af sýktu heimili matvæli, einkum mjólk og mjólkurafurðir.

Nú er bann sett, og skal þá auglýsa það á útidyrahurð hins sýkta húss, eða á bæjarþili fast við bæjardyr, ef bær er.

Ekki má flytja sjúkling frá heimili hans, þar sem hann er undir læknisumsjón, nema fengið sje skriflegt samþykki læknisins.

7. gr. (8. gr. 1. liður).

Heimilt er lækni að skipa svo fyrir, að fram skuli fara sótthreinsun á bústöðum manna, húsum og bæjum, og lausum munum, þar er verið hefur einhver af sjúkdómum þeim, sem taldir eru í 2. gr. 1. og 2. lið; nú gengur maður, eða er álitinn ganga, með einhvern af þessum sjúkdómum eða hefur átt mök við sjúklinga, svo að hætt er við, að hann beri sjúkdóminn út, og er hann þá skyldur til að ganga undir sótthreinsun með sig og muni sína, ef læknir telur nauðsyn á.

8. gr. (8. gr. 3. og 4. liður).

Til að hafa sótthreinsanir á hendi skal læknir ráða sótthreinsunarmann, karl eða konu, einn eða fleiri í hverjum hreppi hjeraðsins. Hann veitir sótthreinsunarmanni þessum næga tilsögn í sótthreinsun og semur við hann um ákveðna borgun fyrir hverja sótthreinsun, er hann leysir af hendi eftir fyrirsögn læknis.

Nú fær læknir engan hæfan mann til að taka að sjer sótthreinsun fyrir hæfilega borgun, og getur hann þá leitað aðstoðar sýslumanns, en sýslumanni er heimilt að skipa eftir tillögum læknis hvern þann innanhreppsmann, er honum sýnist, á aldrinum frá 25—50 ára, til þess að hafa sótthreinsun á hendi í 3 ár. Ef sá, sem þannig er skipaður sótthreinsunarmaður, þykist eigi geta haft starfann á hendi sökum heilsubrests eða annara orsaka, getur stjórnarráðið leyst hann frá því að gegna þessum starfa, telji það ástæður hans á rökum bygðar. Verði ekki samkomulag um hæfilega borgun fyrir hverja sótthreinsun, ákveður stjórnarráðið borgunina.

Kostnaður við allar sótthreinsanir eftir þessari grein skal greiddur af almannafje; þó er heimilismönnum skylt að annast endurgjaldslaust alla þá vinnu við sótthreinsunina, sem þeir geta af hendi leyst, og sótthreinsunarmaður þarf með og heimtar; þeim er og skylt að leggja til ókeypis heitt vatn og kalt, eldivið og sápu eftir þörfum, en ekki önnur efni, sem til sótthreinsunar þurfa.

Stjórnarráðið sjer um, að ætíð sje á kostnað landsjóðs fyrirliggjandi í lyfjabúðum og hjá læknum, að svo miklu leyti sem landlæknir álítur þörf á því vegna fjarlægðar frá lyfjabúðum, nægar birgðir af efnum þeim, er þurfa til sótthreinsunar, og skal þeim útbýtt ókeypis, þá er þeirra er þörf samkvæmt lögum þessum.

9. gr. (9. gr.).

Nú hefur sjúkdómur, er yfirvöld hafa sett varnir við, gjört vart við sig á heimili, þar sem eru börn, er ganga í skóla, og mega þau þá ekki koma í skólann, fyr en þau hafa fengið vottorð frá lækni um, að eigi sje hætt við sóttnæmisútbreiðslu frá þeim. Gefa skal vottorð þetta ókeypis. Hafi barnaveiki eða taugaveiki gjört vart við sig á einhverju heimili, skal þessa gætt, þótt yfirvöld hafi ekki sett varnir við sjúkdómnum. Nú gjörir einhver sá sjúkdómur, er nefndur er í 1. lið 2. gr., eða barnaveiki, eða taugaveiki, vart við sig á heimili kennara, og skal hann þá hætta kenslu í skólanum, þangað til læknir hefur gefið vottorð um, að eigi þurfi að óttast, að hann breiði sjúkdóminn út. Sama er og um hvern annan næman sjúkdóm, ef yfirvöld hafa sett varnir við honum.

10. gr. (12. gr. 2. liður).

Skaðabætur þær, er greiða skal samkvæmt 8. gr. laga þessara, skal læknir eða sótthreinsunarmaður meta; skal hann semja lýsing á þeim munum, er lógað er, meta þá hvern um sig, og láta þessa matsgjörð fylgja sótthreinsunarreikningnum. Bæði yfirvöld og hinir, er í hlut eiga, geta krafist yfirmatsgjörðar, og meta þá 2 dómkvaddir menn. Fái eigandi, er heimtað hefur yfirmat, eigi 10% hærri skaðabætur að minsta kosti eftir hinni síðari gjörð en eftir hinni fyrri, skal hann greiða kostnaðinn við yfirmatið, ella skal kostnað þennan greiða af almannafje.

11. gr. (13. gr.).

Útgjöld þau, er samkvæmt lögum þessum, skal greiða af almanna fje, án þess tiltekið sje, að þau skuli greiða úr sveitarsjóði (5. gr. 3. lið), skal greiða að öllu leyti úr landssjóði.

12. gr. (Á eftir 1. lið 14. gr. nýr liður).

Ef maður hefur einhvern þann sjúkdóm, sem um ræðir í 1. lið 2. gr., eða barnaveiki, eða taugaveiki, eða einhvern annan sjúkdóm, er yfirvöld hafa sett varnir við, eða maður hefur dvalið á heimili, þar sem einhver af þeim sjúkdómum gengur, þá skal hann jafnan, er hann kemur á önnur heimili, þar með talin skip, láta húsráðanda eða skipstjóra vita um sjúkdóminn. Nú vanrækir hann þetta, og skal hann þá, auk hegningar þeirrar, sem ákveðin er í 1. lið þessarar greinar, greiða allan sótthreinsunarkostnað, er leiðir af komu hans á heimilið eða skipið.

13. gr. (15. gr.)

Tilskipun 17. apríl 1782 um ráðstafanir gegn næmum sjúkdómum meðal alþýðu og viðaukalög við lög 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma frá 13. septbr. 1901 eru úr gildi numin.

14. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær og viðauka, sem um ræðir í þeim, inn í meginmál laga nr. 2, frá 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, og auk þess setja »stjórnarráðið« í stað »landshöfðingja« í viðeigandi föllum, þar sem orð þetta kemur fyrir í nefndum lögum.

Ed. **168. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingar á lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Frá Birni M. Ólsen.

Við 11. grein: Greinin falli burt og greinatalan á eftir breytist eftir því.

Nd. **169. Viðaukatillaga**
við frumvarp til laga um útflutning hesta.
Frá nefndinni.

Við 5. gr. Á eftir »lögum þessum« komi: og reglum þeim, er ræðir um í 4. gr.

Nd. **170. Frumvarp**
til laga um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

I. kafli.

Um lausamenn.

1. gr.

Þeir menn eru eigi skyldir til að vera í vist, er hafa 200 kr. eða meira í árságóða af fasteignum eða öðru fje.

2. gr.

Hverjum þeim manni, sem er 21 árs að aldri, eða að fullu fjár síns ráðandi, þótt yngri sje, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni með því að taka leyfisbrjef hjá lögreglustjóra.

Fyrir leyfisbrjef skal karlmaður gjalda 15 kr., en kvenmaður 5 krónur. Rennur það fje í styrktarsjóð handa alþýðufólki í þeim hreppi eða bæjarfjelagi, er hann var síðast vistfastur í.

Sá, sem er fullra 30 ára að aldri, fær leyfisbrjefið, án þess, að greiða gjald þetta.

Sá, er leyfisbrjefið vill fá, skal taka það í síðasta lagi 1. dag maímánaðar það ár, er hann gengur úr fastri vist.

3. gr.

Auk gjalds þess, er ræðir um í 2. gr., skal greiða í landssjóð 2 kr. fyrir útgáfu leyfisbrjefs hvers.

4. gr.

Skylt er hverjum manni, er þannig verður laus, að hafa fast ársheimili, og skal hann tilkynna hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarfógeta á vori hverju, eigi síðar en 20. júní, hjá hverjum húsráðanda heimili hans er, og sanna það með skírteini frá húsráðandanum, ef hreppstjóri eða bæjarfógeti krefst þess. Verði ella sekur um 4—20 kr., og renni þær sektir í fátækrasjóð.

5. gr.

Rjett er, að lausamaður greiði þar lögboðin gjöld, sem ársheimili hans er. Nú greiðir hann eigi gjöld þessi á rjettum gjalddaga, og er þá húsráðandi sá, er lausamaður á heimili hjá, skyldur að greiða gjöldin fyrir hann, nema hann geti vísað á eignir, er lausamaður á, og teknar verði lögtaki til lúkningar gjöldunum.

6. gr.

Láti nokkur, sem fengið hefur leyfisbrjef til að komast hjá vist, undanfalla 2 ár í bili að greiða lögboðin gjöld eður skylduverk, eða þurfi fjárnámi að beita 2 ár hvort eftir annað, til að ná þeim gjöldum, þá hefir hann fyrirgjört þeim rjetti sínum, er leyfisbrjefið veitir honum, og má honum eigi veita leyfisbrjef að nýju fyrr en eftir 5 ár.

7. gr.

Lögreglustjórnin skal hafa vakandi auga á því, að enginn sá, sem er skyldur að vera í vist, komi sjer hjá skyldu þeirri, og skulu lögreglustjórar á hverju manntalsþingi grenslast eftir, hvort brotið hafi verið á móti lögum þessum.

Lögreglustjórnin skal vaka yfir því, að þeir, sem leyst hafa leyfisbrjef, hafi fast heimili og sjeu ekki á flakki; en verði þeir sekir í flakki, sektast þeir 4—40 kr., og skal lögreglustjórnin útvega þeim samastað, ef þeir engan hafa.

8. gr.

Hver sá, sem skyldur er að fara í vist, en hefur eigi gjört það, nje heldur keypt leyfisbrjef það, sem um er rætt í 2. gr., verður um það sekur 10—50 kr., og greiði að auki jafnmikið og lúka á fyrir leyfisbrjef eftir 2. gr. Þyngja skal jafnan sektina, ef brotið er ítrekað eða beitt er röngum fyrirburði um vistaráð, eða ef maður gjörir sig sekan í flakki.

9. gr.

Hver sá, er hjálpar öðrum til að koma sjer undan skyldu sinni að fara í vist, skal eftir málavöxtum sektast um helming eða alt að tveim þriðjungum þeirra sekta, sem ákveðnar eru í næstu grein á undan.

II. kafli.

Um húsmenn og þurrabúðarmenn.

10. gr.

Nú vill maður setjast að í húsmensku eða þurrabúð og skal hann þá skýra lögreglustjóra í kaupstöðum og hreppstjóra annarstaðar frá því, að minsta kosti 4 vikum áður en hann ætlar að setjast að þannig í kaupstöðum eða

sveitinni, og um leið skal hann sanna fyrir lögreglustjóra eða hreppstjóra, að hann eigi vísan samastað þar um 1 ár að minsta kosti.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri gefur manni þeim, er húsmaður eða þurrabúðarmaður vill gjörast, vottorð um tilkynninguna, og er vottorð þetta að skoða sem bygðarleyfi.

11. gr.

Nú sest maður að í húsmensku eða þurrabúð án þess að fullnægja áður skilyrðum þeim, er ræðir um í 10. gr., og er hann þá sekur um 10—50 krónur.

Sömu sekt sætir húsráðandi, er húsmann eða þurrabúðarmann tekur, er eigi hefur bygðarleyfi samkvæmt 10. gr.

12. gr.

Ákvæði 10. og 11. gr. ná til þeirra manna, er til afnota hafa jarðarpart, er eigi er stærri en 1 hundrað.

13. gr.

Enginn má leigja þurrabúðir utan kaupstaðar eða verslunarstaðar, hvort sem henni fylgja sjerstök hús eða landsdrottinn leigir af eigin húsum sínum, nema með þessum skilyrðum:

a. að þurrabúðinni fylgi lóð með ákveðnum merkjum, er að minsta kosti sje 900 ferh.faðmar að stærð. Fjara skal eigi talin með, þar sem hún fylgir þurrabúðinni;
b. að þurrabúðin hafi nægileg húsakynni fyrir þann, er við tekur, og að þau sjeu viðunanlega loftgóð og hlý, eftir dómi skilríkra manna;
c. að þurrabúðin sje afhent viðtakanda með löglegri úttekt.

14. gr.

Þurrabúðarmaður sá, er tekur við þurrabúð með óræktaðri lóð, skal hafa ræktað hana og girt innan 7 ára; vera skal hann undanþeginn eftirgjaldi þessi ár.

15. gr.

Þurrabúð með óræktaðri lóð skal ávalt bygð að minsta kosti 8 ár. — Landsdrottinn skal gefa þurrabúðarmanni byggingarbrjef, þar sem skýrt er tekið fram um ábúðartíma, rjettindi og skyldur þurrabúðarmannsins. Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbrjef, og skal þurrabúðin þá álítast bygð þurrabúðarmanni og ekkju hans æfilangt og með þeim leigumála, er þurrabúðarmaður viðurkennir, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið.

16. gr.

Þegar ábúendaskifti verða á þeim þurrabúðum, sem þegar eru til, skal í öllu fara sem segir í lögum þessum um húsakynni, útmælingu lóðar, ræktun, úttekt og bygging; þó má hreppsnefnd í einstökum tilfellum leyfa

undantekningar viðvíkjandi stærð lóða og þurrabúða, sem bygðar hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi.

17. gr.

Sýslunefndir geta eftir tillögum hreppsnefnda gjört undantekning frá fyrirmælum 13. greinar, að því er snertir stærð þurrabúðarlóða í einstökum bygðarlögum, þar sem landshættir mæla með því. Þó má sýslunefnd aldrei ákveða stærð þurrabúðarlóða minni en 300 ferh. faðma og ekki stærri en 1800 ferh. faðma.

18. gr.

Nema öðru vísi sje ákveðið í einstökum greinum, varða brot gegn lögum þessum 2—100 kr. sekt.

Fyrir lok hvers árs skulu hreppstjórar gefa sýslumönnum skýrslur um þurrabúðarmenn í hreppum þeirra og jafnframt upplýsingar um, hvort fyrirmælum 13.—15. greinar í lögum þessum sje fylgt. Skulu skýrslur þessar gjörðar eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur.

Sektir eftir lögum þessum renna að helmingi í hlutaðeigandi fátækrasjóð, en hinn helminginn fái hreppstjóri eða hreppstjórar.

19. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863, lög um þurrabúðarmenn 12. jan. 1888 og lög 2. febrúar 1894 um breyting á 2., 4. og 15. gr. í tilsk. um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana.

Nd. **171. Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjörðina Árbakka í Húnavatnssýslu.

Flutningsm. Hermann Jónasson.

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúanda þjóðjörðina Árbakka í Húnavatnssýslu fyrir að minsta kosti 2200 krónur.

2. gr.

Þegar kaupin eru gjörð, greiðist að minsta kosti tíundi hluti kaup-

eftir tölu verkfærra karlmanna þar, ef hreppsfjelagið ver árlega til vegagjörðar í verslunarstaðnum að minsta kosti jafnmiklu fje úr sveitarsjóði, auk hreppsvegagjaldsins, sem þessi þriðjungur sýslusjóðsgjaldsins mundi nema.

ÁTTUNDI KAFLI.

Um reglur fyrir umferð um vegi, skemdir o. fl., og um sektir fyrir brot gegn lögum þessum.

56. gr.

Vegfarendur, hvort heldur eru gangandi, ríðandi eða á vagni eða á hjólum, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sjer og gripum sínum á vinstri helmingi vegarins eingöngu.

57. gr.

Stjórnarvöld þau, er eiga að annast viðhald vega, geta — hreppsnefndir og sýslunefndir þó eigi nema með samþykki stjórnarráðsins — sett þær reglur fyrir umferð um vegi þá, er þau annast um viðhald á, sem nauðsynlegar eru til þess að fyrirbyggja skemdir á vegunum eða til þess að greiða fyrir umferð um vegina, svo sem bannað trjádrátt og umferð þungavagna með mjóum hjólgjörðum.

58. gr.

Enginn má skilja eftir á alfaravegi neitt það, er getur hindrað eða bagað umferð um veginn; enginn má heldur stýfla skurði fram með vegi, eða frá vegi eða ræsi gegnum veg, eða gjöra neitt það, er hindrað getur eðlilegt vatnsrensli gegnum veg eða frá vegi.

59. gr.

Hver sá, er notar sæluhús við alfaraveg, skal ganga þrifalega um það, fara gætilega með eld, eldfæri og önnur þau tæki, er þar kunna að vera, ganga frá hverju á sínum stað og loka dyrum svo, að ekki nái að fenna inn. Skylt er hverjum, sem verður var við, að brotið hafi verið móti þessu, að tilkynna það tafarlaust umsjónarmanni sæluhússins eða lögreglustjóra.

60. gr.

Brot gegn lögum þessum og gegn þeim reglugjörðum og ákvörðunum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum frá 4—100 kr. Sömu sektum varðar það að skemma af ásettu ráði vegi, brýr, ferjur, vörður eða sæluhús, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það, sem hann hefur unnið.

61. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

62. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Lög 24. nóv. 1893 um gæslu og viðhald á brúm yfir Ölfusá og Þjórsá.

Lög 13. apríl 1894 um vegi.

Lög 26. febr. 1898 um sjerstakt gjald til brúargjörða.

Lög 9. sept. 1899 um viðauka við lög um vegi 13. apríl 1894.

Lög 12. jan. 1900 um fjölgun og viðhald þjóðvega.

Lög 23. okt. 1903 um breyting á lögum nr. 8 um vegi frá 13. apríl 1894

Lög 10. nóv. 1905 um breyting á lögum 13. apríl 1894 um vegi og á lögum um breyting á þessum lögum 23. október 1903.

Nd. **182. Frumvarp**

til laga um skipun læknishjeraða o. fl.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Íslandi skal skift í 43 læknishjeruð, þau er hjer segir:

1. Reykjavíkurhjerað: Reykjavíkurkaupstaður og Seltjarnarneshreppur inn að Elliðaám og Fossvogi að meðtaldri Engey og Viðey. Læknissetur í Reykjavík.
2. Hafnarfjarðarhjerað: Bessastaðahreppur, Garðahreppur, Seltjarnarneshreppur fyrir ofan Elliðaár og Fossvog, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Læknissetur í Hafnarfirði.
3. Skipaskagahjerað: Ytri Akraneshreppur, Innri Akraneshreppur, Skilmannahreppur, Leirár- og Melahreppur og Strandarhreppur. Læknissetur á Skipaskaga.
4. Borgarfjarðarhjerað: Skorradalshreppur, Andakílshreppur, Lundareykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur, Stafholtstungnahreppur.
5. Borgarneshjerað: Borgarhreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur, Eyjahreppur. Læknissetur í Borgarnesi.
6. Ólafsvíkurhjerað: Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur, Neshreppur utan Ennis og Neshreppur innan Ennis. Læknissetur í Ólafsvík.
7. Stykkishólmshjerað: Eyrarsveit, Stykkishólmshreppur, Helgafellshreppur, Skógarstrandarhreppur og Miklaholtshreppur. Læknissetur í Stykkishólmi.
8. Dalahjerað: Dalasýsla, nema Rauðseyjar og Rúfeyjar.
9. Reykhólahjerað: Geiradalshreppur, Reykhólahreppur og Gufudalshreppur.
10. Flateyjarhjerað: Flateyjarhreppur, Rauðseyjar og Rúfeyjar í Dalasýslu, Múlahreppur og Hjarðarnes að Vatnsfirði. Læknissetur í Flatey.
11. Patreksfjarðarhjerað: Rauðasandshreppur, Tálknafjarðarhreppur og Barðastrandarhreppur vestan Vatnsdalsár. Læknissetur í Patreksfjarðarkauptúni.
12. Bíldudalshjerað: Suðurfjarðahreppur og Dalahreppur. Læknissetur í Bíldudalskauptúni.

13. Þingeyrarhjerað: Vestur-Ísafjarðarsýsla. Læknissetur á Þingeyri.
14. Ísafjarðarhjerað: Hólshreppur, Eyrarhreppur, Ísafjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur. Læknissetur í Ísafjarðarkaupstað.
15. Hesteyrarhjerað: Grunnavíkurhreppur og Sljettuhreppur. Læknissetur á Hesteyri.
16. Strandahjerað: Strandasýsla að undanskildum Bæjarhreppi.
17. Miðfjarðarhjerað: Húnavatnssýsla vestan Gljúfurár, og Bæjarhreppur í Strandasýslu.
18. Blönduóshjerað: Húnavatnssýsla austan Gljúfurár. Læknissetur á Blönduósi.
19. Sauðárkrókshjerað: Skefilsstaðahreppur, Sauðárhreppur, Staðarhreppur, Seiluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur og Rípurhreppur. Læknissetur á Sauðárkróki.
20. Hofsóshjerað: Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Fellshreppur, Haganeshreppur og Holtshreppur. Læknissetur á Hofsósi.
21. Siglufjarðarhjerað: Hvanneyrarhreppur. Læknissetur í Siglufjarðarkauptúni.
22. Svarfdælahjerað: Þóroddsstaðahreppur, Svarfaðardalshreppur og Arnarneshreppur inn að Hillum. Læknissetur í Dalvík.
23. Akureyrarhjerað: Arnarneshreppur innan við Hillur, Skriðuhreppur, Glæsibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur,, Svalbarðsstrandarhreppur, Illugastaðasókn í Hálshreppi. Læknissetur í Akureyrarkaupstað.
24. Höfðahverfishjerað: Grýtubakkahreppur, Flateyjarhreppur, Draflastaða- og Hálssóknir í Fnjóskadal.
25. Reykdælahjerað: Ljósavatnshreppur ofan fyrir Þóroddsstað, Reykdælahreppur og Skútustaðahreppur.
26. Húsavíkurhjerað: Ljósavatnshreppur upp undir Þóroddsstað, Aðaldælahreppur, Húsavíkurhreppur og Grímsey. Læknissetur í Húsavík.
27. Axarfjarðarhjerað: Kelduneshreppur, Axarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur.
28. Þistilfjarðarhjerað: Svalbarðshreppur, Sauðaneshreppur og Skeggjastaðahreppur. Læknissetur á Þórshöfn.
29. Vopnafjarðarhjerað: Vopnafjarðarhreppur. Læknissetur í Vopnafjarðarkauptúni.
30. Hróarstunguhjerað: Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár upp að Gilsá, Hlíðarhreppur, Tunguhreppur, Hjaltastaðarhreppur, Eiðahreppur og Borgarfjarðarhreppur.
31. Fljótsdalshjerað: Jökuldalshreppur beggja megin Jökulsár fyrir ofan Gilsá, að meðtaldri Jökuldalsheiði, Möðrudal og Víðidal, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur, Skriðdalshreppur og Vallahreppur.
32. Seyðisfjarðarhjerað: Loðmundarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Mjóafjarðarhreppur. Læknissetur í Seyðisfjarðarkaupstað.
33. Reyðarfjarðarhjerað: Norðfjarðarhreppur og Reyðarfjarðarhreppur. Læknissetur í Eskifjarðarkauptúni.
34. Fáskrúðsfjarðarhjerað: Fáskrúðsfjarðarhreppur, Stöðvarhreppur og Norðurdalur í Breiðdalshreppi. Læknissetur í Búðakauptúni.

35. Berufjarðarhjerað: Breiðdalshreppur að undanskildum Norðurdal, Beruneshreppur og Geithellahreppur. Læknissetur á Djúpavogi.
36. Hornafjarðarhjerað: Austur-Skaftafellssýsla að undanskildum Hofshreppi.
37. Síðuhjerað: Hofshreppur, Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Leiðvallarhreppur, Álftaversbreppur og Skaftártunguhreppur.
38. Mýrdalshjerað: Hvammshreppur, Dyrhólahreppur, Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppur.
39. Vestmannaeyjahjerað: Vestmannaeyjar.
40. Rangárhjerað: Rangárvallasýsla, að undanskildum Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppum.
41. Eyrarbakkahjerað: Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur á Eyrarbakka.
42. Grímsneshjerað: Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Þingvallahreppur.
43. Keflavíkurhjerað: Vatnsleysustrandarhreppur, Njarðvíkurhreppur, Rosmhvalaneshreppur, Miðneshreppur, Hafnahreppur og Grindavíkurhreppur. Læknissetur í Keflavík.

Ráðherra getur, eftir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda, gjört breytingu á takmörkunum milli hinna einstöku læknishjeraða, og verða læknar að sætta sig við þá breytingu endurgjaldslaust.

Nú er hjeraðslæknis vitjað úr öðru læknishjeraði til konu í barnsnauð eða í annari mjög brýnni nauðsyn, fyrir þá sök að hægra er að ná til hans en viðkomandi læknis, og hefur hann þá sömu skyldu til að vitja sjúklingsins, eins og hjeraðsbúi hans ætti í hlut.

2. gr.

Konungur skipar hjeraðslækna í hjeruð þau öll, er talin eru í 1. gr.

Auk þess skulu skipaðir aðstoðarlæknar hjeraðslæknunum í Ísafjarðarhjeraði og Akureyrarhjeraði. Aðstoðarlækna þessa skipar ráðherra.

Í þeim hjeruðum, þar sem lög þessi ekki kveða beint á um það, hvar læknissetrið skuli vera, skal hjeraðslæknir skyldur til að setjast þar að, er ráðherra ákveður með ráði viðkomandi sýslunefndar eða sýslunefnda.

Hjeraðslæknarnir í Reykjavíkurhjeraði, Ísafjarðarhjeraði, Akureyrarhjeraði og Seyðisfjarðarhjeraði skulu skyldir að takast á hendur án sjerstakrar borgunar lækniseftirlit við sóttvarnarhús þau, er þar eru bygð samkvæmt 6. gr. laga 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

3. gr.

Hjeraðslæknir hver fær að árslaunum 1500 kr.

Aðstoðarlæknunum skal veita 800 kr. þóknun hvorum á ári.

Launin greiðast úr landsjóði,

Hafi nokkur hjeraðslæknir, sem nú er skipaður í embætti, hærri laun en honum bæri eftir lögum þessum, heldur hann því, sem fram yfir er, sem viðbót við sjálfan hann.

Hjeraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við hverja breyting, sem verður á hjeruðum þeirra eftir lögum þessum.

4. gr.

Um borgun fyrir störf hjeraðslækna fer eftir gjaldskrá, er ráðherrann semur, með ráði landlæknis. Gjaldskrá þessi skal yfirleitt eigi mæla fyrir um hærri borgun en þá, sem ákveðin er fyrir læknisverk í 4. og 5. gr. laga 13. okt. 1899 nr. 24, eða sem næst eftir tiltölu við það, er um önnur læknisstörf er að ræða en þau, sem þar eru nefnd.

5. gr.

Verði læknir að takast ferð á hendur til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, skal sjá honum fyrir flutningi ókeypis og svo beina leið sem hægt er, og greiða honum enn fremur, auk borgunar fyrir læknisverkið, 30 aura fyrir hverja klukkustund að deginum til, milli miðmorguns og náttmála, en 50 aura fyrir stundina á öðrum tíma sólarhringsins. Þegar læknir ferðast í þarfir heilbrigðis- og rjettargæslu, ber honum yfirleitt 40 aura borgun fyrir hverja stund, sem hann er á ferð eða að embættisstarfi, þó aldrei meira en 6 kr. fyrir sólarhring og tiltölulega við það fyrir þann tíma, sem fram yfir er sólarhring; á slíkum ferðum ber lækni engin borgun fyrir skoðun á sjúklingum í þarfir sóttvarna. Tímalengd ferðar skal miða við beinustu færa leið frá bústað læknis og jafnt áframhald án óþarfatafa. Ef læknis er vitjað í senn til 2 eða fleiri sjúklinga í sömu átt og er sinn á hverjum stað, þá skal hann jafna stundagjaldinu niður á sjúklingana í rjettu hlutfalli við vegalengdir frá læknissetrinu til hvers þeirra, og á hann jafnan heimtingu á kauplausum flutningi áleiðis af þess hendi, er hann kemur síðast til. Nú er læknir á ferð og beðinn að koma út af leið til sjúklings, og ber þeim sjúklingi að greiða stundagjald fyrir þann tíma, er töfin tekur, svo sem ef læknir hefði verið heimtur af heimili sínu.

6. gr.

Lög 13. oktbr. 1899 um skipun læknishjeraða á Íslandi o. fl. eru úr gildi numin.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1908.

Ed.

183. Frumvarp

til laga um veð í skipum.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Þinglestur brjefa, er snerta heimildir fyrir eða eignarhöft á skipum eða

bátum, sem skrásett eru hjer á landi, skal fara fram þar, er skipið er skrásett að eiga heima.

Um þýðing og gildi veðrjettarins og þinglestursins fer eftir almennum fyrirmælum laganna um veð í fasteignum.

Innrita má slík heimildar- eða eignarhaftsbrjef eftir tilsk. 24. apríl 1833, 4. gr. og opnu brjefi 28. apríl 1841.

2. gr.

Á blaðsíðu skipsins í skipaskrá umdæmisins skal getið þeirra heimildarskjala, veðsetninga og eignarhafta, er þinglesin hafa verið viðvíkjandi skipinu. Að því er snertir skip og báta, er eigi standa á skipaskrá, skal þinglesturs getið á dálki skipsins eða bátsins á fiskiskipaskránni.

3. gr.

Þegar þinglýsa skal heimildarskjali eða brjefi um haft á skipi, þá skal hlutaðeigandi embættismaður líta eftir því, hvort útgefandi þess hefur sjálfur eignarheimild fyrir skipi því, sem hann ráðstafar, og hvort nokkuð það hafi verið þinglesið áður, er ónýtt geti eða rýrt gildi skjalsins. Finnist nokkur brestur eða tálmun, skal rita athugasemd á skjalið um heimildarbrest hans eða hið áður lesna heftingarskjal jafnframt vottorðinu um þinglesning.

Hins sama ber að gæta við fyrirframinnritun veðbrjefsins og vottorð um hana.

4. gr.

Nú er skrásett skip flutt úr einu skrásetningarumdæmi í annað, og skal þá skrásetningarstjóri í því umdæmi, er skipið var skrásett í, senda skrásetningarstjóra í umdæmi því, er skipið á að flytjast í, eftirrit af veðbrjefum þeim, og öðrum eignarhaftsbrjefum, er þinglesin hafa verið um skipið, svo og útskrift af blaðsíðu skipsins í skipaskránum, og ber skrásetningarstjóra í hinu nýja umdæmi kauplaust að annast um innfærslu veðbrjefauna í afsals- og veðbrjefabók lögsagnarumdæmisins, og geta um veðsetningarnar á blaðsíðu skipsins í skipaskránni; hefur slík innfærsla sama gildi, sem hinn upprunalegi þinglestur.

Nafnbreyting á skipi eða flutning þess í annað skrásetningarumdæmi má því að eins leyfa, að allir þeir, sem þinglesinn veðrjett hafa í skipinu, samþykki það.

5. gr.

Nú missir skrásett skip rjett til að sigla undir dönsku flaggi, eða er af öðrum ástæðum strykað út úr skrám yfir íslensk skip, og hefur þetta engin áhrif á þinglesinn veðrjett, eða aðrar þinglesnar eignartakmarkanir. En í gjalddaga fellur skuld, sem trygð er með þinglesnu veði í skipi eða skipshluta, um leið og skipið er selt út úr landinu, og verður þar af leiðandi strykað út af skipaskránni.

6. gr.

Innan tólf mánaða eftir að lög þessi öðlast gildi, skal afhent hlutaðeigandi embættismanni í því umdæmi, þar sem skipið er skrásett til þinglesturs, öll brjef með veði í skrásettum skipum, er þinglesin hafa verið áður en lög þessi öðlast gildi, ella týnist veðrjetturinn.

Hafi brjefið áður verið þinglesið í sama lögsagnarumdæmi, þá nægir að veðsetningarinnar sje getið á blaðsíðu skipsins á skipsskránni. Fyrir vottorð um innfærslu þess svo og fyrir þinglestur þann, er ræðir um í þessari grein, skal ekkert gjald greiða.

7. gr.

Lög þessi gilda að eins um skip eða báta, sem eru 5—fimm — smálestir að stærð eða meira.

Ed. **184. Frumvarp**

til laga um útflutning hesta.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á erlendan markað má ekki flytja mögur hross og illa útlítandi, glaseygð, glámótt, meidd, hölt, eða með öðrum verulegum lýtum og göllum.

Enn fremur er bannað að flytja til sölu á útlendum markaði yngri hross en 4 vetra og eldri en 10 vetra. Hross 3 vetra má þó flytja út, ef þau eru stór og falleg útlits.

Öll hross, sem útflutt eru, skulu vera tamin eða að minsta kosti bandvön. —

Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá þessum ákvæðum eftir tillögu Búnaðarfjelags Íslands, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

2. gr.

Öll skip, er flytja hross frá Íslandi til útlanda, skulu vera hagkvæmlega útbúin í því skyni. Hross má eigi flytja á þilfari frá Íslandi til annara landa á öðrum tíma árs en frá miðjum júní til ágústmánaðar loka. Hrossin skal hafa í stíum hæfilega stórum og traustgjörðum, og sje þeim ætlað nægilegt rúm. Á stíugólf og gangrúm, sem hross eru leidd um, skal strá hálmi eða sandi, eða gjöra ósleip á annan hátt. Sjá skal fyrir góðri loftræsting, þar sem hross eru höfð, og birtu, eftir því sem ástæður frekast leyfa.

Á hverju skipi, er flytur hross til útlanda, skal vera hentugur útbúnaður við fóðrun hrossanna og vötnun. Hrossunum skal ætla nægilegt fóður og vatn á leiðinni, og má fóður ekki vera minna en 10 pd. af góðu heyi á dag fyrir hvern hest, miðað við áætlun skipsins, eða sem því svarar í öðru fóðri.

3. gr.

Í þeim kauptúnum landsins, sem hross eru flutt frá til sölu á erlendum markaði, skal ráðherra Íslands skipa mann, er hefur á hendi umsjón og eftirlit með útflutningi hrossa. Þeir, sem slík hross vilja senda til útlanda, tilkynna það umsjónarmanni með nægum fyrirvara. Umsjónarmaður skoðar hrossin nákvæmlega áður en þau eru flutt á skip, og kyrsetur þau hross, sem að hans á-

liti eru eigi hæf til útflutnings. Útflytjandi er skyldur að láta umsjónarmanni í tje nægа aðstoð við skoðunina. Umsjónarmaður hefur eftirlit með útskipun hrossanna, og sjer um að útbúnaður skipsins og fóðurbirgðir fullnægi fyrirmælum laganna, og má lögreglustjóri ekki afgreiða skipið, fyr en umsjónarmaður hefur ritað á skipsskjölin vottorð um það.

Umsjónarmenn skulu senda stjórnarráðinu við lok hvers árs, skýrslu um tölu útfluttra hrossa, og hvenær og með hvaða skipi þau hafi verið flutt.

Fyrir starfa sinn fá umsjónarmenn hæfilega þóknun úr landssjóði, og skal fje til þess veitt á fjárlögum.

4. gr.

Ráðherra Íslands semur nánari reglur um útflutning hrossa, sjerstaklega um meðferð þeirra á leið milli landa, og gefur út erindisbrjef handa umsjónarmönnum.

5. gr.

Brot móti lögum þessum og reglum þeim, er ræðir um í 4. gr. varða sektum frá 10 til 1000 kr., er renna í landssjóð. Mál út af slíkum brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1909.

Nd. **185. Nefndarálit**
um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið vandlega og rætt það á mörgum fundum ásamt fylgiskjölum frá stjórnarráðinu, svo og bænaskrám, skýrslum og málaleitunum, er fyrir þinginu liggja. Viljum vjer skýra frá áliti voru og tillögum á þessa leið:

I.

Tekjukaflinn.

Reynsla undanfarinna ára er sú, að ýmsir tekjuliðir þessarar greinar fara stöðugt hækkandi, og ekki hvað síst hinir stærstu, svo sem aðflutnings- og útflutningsgjöld. Stjórnin hefur og tekið töluvert tillit til þessa, og hækkað allverulega ýmsa liði áætlunarinnar. En nefndin er þeirrar skoðunar, að rjett sje og hættulaust að hækka suma liði töluvert meira, en stjórnin hefur lagt til, einkum þegar litið er til teknanna eins og þær reyndust síðasta ár, 1906.

Þeir liðir, sem vjer leggjum til að hækkaðir sjeu, eru þessir:

4. tölulíður, aukatekjur ... ... verði kr. 45,000 á ári.
6. —— vitagjald... ... ... — — 13,000 - —

8. tölulíður útflutningsgjald ... ... verði kr. 80,000 á ári
11. —— aðflutningsgjald af kaffi o. fl. ... — — 260,000 - —
14. —— tekjur af póstferðum ... ... — — 60,000 - —

Að því er 4. tölul. snertir er þess að gæta, að aukatekjurnar voru 1906 yfir 55 þús. krónur, og síðastl. 4 ár hafa þær verið að meðaltali rúm 46 þús.

Vitagjaldið hefur farið stöðugt hækkandi og 1906 var það 15,750 kr. — Meðaltal þess í 4 ár er nærri 14,000 kr. Með því að skipaferðir aukast árlega, mun eigi vera mikill vafi á, að sú upphæð, sem vjer leggjum til að áætluð sje, verður í reyndinni ekki of há,

Útflutningsgjald af fiski og lýsi var 1906 125 þús. krónur, og meðaltal 4 síðustu ára er um 109 þús. Jafnvel þótt sú tekjugrein sje í eðli sínu ein af þeim óvissari, þá ber á hinn bóginn þess að gæta, að sjávarútvegur landsmanna fer árlega vaxandi, og teljum vjer því fullvarlega farið, þótt áætlunin sje sett 80 þús. kr. hvort árið.

Aðflutningsgjald af kaffi og sykri var síðastl. ár rúm 300 þús. kr. að tollaukanum frádregnum. Tekjur af þessum lið hafa verið að meðaltali síðustu 4 ár yfir 270 þús. kr. Þessar tekjur eru í eðli sínu næsta vissar og stöðugar, og lítur nefndin svo á, að allrar varfærni sje gætt, þótt þær sjeu áætlaðar 260 þús. kr. á ári.

Tekjur af póstferðum voru síðasta ár nærri 88 þús. kr. og 6 ára meðaltal þeirra er um 86 þús. Jafnvel þótt aukasala frímerkja hafi átt töluverðan þátt í að auka tekjurnar á þessu árabili, þá mun hún þó varla hafa haft veruleg áhrif á tekjurnar í fyrra, og þegar þess jafnframt er gætt, að það er eðli þessara tekjugreina að vaxa með aukinni menning og framför, þá teljum vjer óhætt að áætla þessar tekjur nú eins og vjer leggjum til.

Oss sýnist rjett, að tekjur af efnarannsóknastofunni verði taldar undir sjerstökum tölulið og leggjum því til að 18. tölul. 2. greinar verði svo:

Tekjur af efnarannsóknastofunni ... ... 600—600

og að 18. liður verði 19. liður.

Verði breytingar þær, er vjer leggjum til að gjörðar sjeu við 2. gr. samþyktar, hækkar tekjuáætlunin um 64,200 kr. á fjárhagstímabilinu.

4. gr.

Nefndin lítur svo á, að það muni eigi hafa verið tilætlun fjárveitingavaldsins, að eftirgjöfin, 200 kr. á ári, til prestsins í Kirkjubæjarprestakalli ætti að standa um aldur og æfi og gjörir ráð fyrir, að nú sje þessi eftirgjöf veitt í síðasta sinn.

5. gr.

Jafnvel þótt allgóður árangur hafi, eftir því er sjeð verður, orðið af fje því, sem veitt hefur verið prestinum í Staðastaðarprestakalli til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins, þá vill þó nefndin leiða athygli að því, að ekki virðist rjett að sú fjárveiting verði að föstum skatti, er hvíli á landsjóðnum, og skýtur því til stjórnarinnar að hún athugi það fyrir næsta þing.

6. gr.

Nefndin leggur til að greinin orðist svo:

Úr ríkissjóði greiðast ... ... 60,000—60,000—120,000.

II.
Gjaldakaflinn.

9. gr. 7.

Með því að fjárveiting á þessum tölulið er að miklu leyti ætluð til breytinga og umbóta á stjórnarráðshúsinu, leggur nefndin til að liðurinn orðist svo:

Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu.

11. gr. A. 3. a.

Fyrir »umsjónarmannsins« komi: fangavarðarins, eins og sami maður er nefndur í næsta staflið á eftir.

12. gr. 2. og 3.

Nefndin lítur svo á, að það muni í rauninni verða affarasælla, að sá hjeraðslæknir, sem á að hafa aðstoðalæknir, ráði sjálfur, hvern hann fær til þess, og leggur því til, að orðin: »Stjórnarráðið skipar aðstoðarlækna þessa« falli burtu.

12. gr. 6.

Nefndin vill leiða athygli að því, að það virðist ekki heppilegt að láta skuldir standa lengi óinnheimtar. Nú eru 2 sveitarfjelög í skuld við holdsveikraspítalann síðan 1903, og þó hjer sje um smá-upphæðir að ræða, þá ætti að kippa þessu í lag.

13, gr. A. 1. a.

Jafnvel þótt nefndinni sje það fullljóst, að störf póstmeistara sje orðin bæði mjög mikil og vandasöm, getur hún þó eigi fallist á, að ástæða sje til, sjerstaklega, þegar borið er saman við launakjör flestra annara embættismanna og starfsmanna landssjóðs, að hækka launin svo mjög, sem frumv. gjörir, og leggur því til að þau verði sett 4000 kr.

13. gr. A. 1. b. 1.

Nefndinni barst erindi frá Páli Steingrímssyni póstafgreiðslumanni í Reykjavík, þar sem hann fer þess á leit, að laun hans, sem nú eru 1000 kr. verði hækkuð upp í 1500 kr. Nefndin telur sanngirni mæla með því, að þessari beiðni sje sint að nokkru, og játar að það sje mjög óheppilegt, ef menn þeir, sem vanir eru orðnir póststörfum, verða að leggja þau niður og leita sjer annarar atvinnu sökum þess, hve illa þeim er launað. Hún vill því að Páll Steingrímsson fái 1200 kr. framvegis, og leggur því til að liðurinn hækki um 200 kr.

13. gr. A. 1. b. 2.

Á fjárlögum þeim, er nú gilda eru ætlaðar 11,000 kr. til launa handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur. Störf þeirra manna vaxa mjög og verða vandasamari ár frá ári, einkum á þeim stöðum, þar sem miklar eru skipaferðir. Sjálfsögð afleiðing þess er sú, að til þess þarf að verja hærri og hærri upphæð; enda gjörir frv. ráð fyrir 13,800 kr. til þess, og er það þó talsvert minna fje, en póstmeistari hefur farið fram á, að til þess yrði veitt. Nefndin leggur til að liðurinn sje hækkaður um 200 kr. og verði því 14,000 kr. og vill jafnframt láta þess

getið, að hún telur laun póstafgreiðslumannsins á Akureyri ekki mega vera lægri en 1800 kr. og að hún ætlast til, að mest af hinni hækkuðu fjárveitingu á þessum lið gangi til að bæta kjör póstafgreiðslumanna á þeim stöðum þar sem skipaferðir eru mestar. Nefndin lítur svo á, að póstafgreiðslumönnum í sveitum sje tiltölulega betur launað, einkum þar sem þeir geta haft hagnað af að annast aukapóstferðir.

12. gr. A. 4. a.

Með tilliti til hinnar miklu hækkunar (úr 2000 í 5000), sem gjörð er á fjárveitingunni til skrifstofukostnaðar póstmeistara, og annars vegar með tilliti til þarfa og þæginda almennings leggur nefndin til, að svo verði fyrirmælt að pósthúsið sje opið 10 tíma hvern virkan dag.

13. gr. A. 4. f. og g.

Nefndin leggur til að tölur þessara stafliða færist þannig til, að til brjefaburðar í Reykjavík sjeu ætlaðar 1400 kr. og til brjefaburðar í hinum kaupstöðunum 600 kr. og að af þeirri 200 kr. hækkun gangi 100 kr. til Akureyrar, og aðrar 100 krónurnar skiftist milli Seyðisfjarðar og Ísafjarðar.

13. gr. B. I. og II.

Um nokkur undanfarin ár hefur verið veitt til verkfróðra aðstoðarmanna við samgöngubætur alt að ... ... 1500 kr.

Nú leggur stjórnin til að þessi liður sje settur að eins 1000 kr. af því að upphæðin hafi ekki verið notuð nema að nokkru. Síðastliðið ár var eigi notað af þessum lið nema 202 kr. Líklega verður þörfin fyrir þetta fje minni nú, þegar skipaður verður fastur aðstoðarmaður auk verkfræðings landsins. Nefndin leggur því til að fjárveitingin til verkfróðra aðstoðarmanna falli burtu. En til þess þó, að mögulegt verði að verja nokkru fje á þann hátt, ef nauðsyn krefur, leggur nefndin til að B. I. 4. orðist svo: til vegamælinga og verkfróðra aðstoðarmanna.

13. gr. B. IV.

Af þeim 12,000 kr., sem ætlaðar eru fyrra árið til þjóðvega í Norðlendingafjórðungi, er gjört ráð fyrir í aths. við frv., að 9000 sje varið til að halda áfram Kræklingahlíðarveginum, og er ætlast til, að hann komist með þeirri upphæð út á Moldhaugaháls. Nefndin vill láta þess getið, að hún ætlast til að vegurinn verði í einu lagður svo langt, að hann komi saman við sýsluveginn austan við Hörgá, hjá Grjótgarði, því að þá fyrst kemur hann að fullum notum. Enda ætlast verkfræðingur landsins til þess, og hefur oss þótt rjett að taka þetta fram til skýringar, til þess að ekki verði hætt við vegargjörðina fyr en svona langt er komið, þótt þessi fjárupphæð ekki hrykki að fullu til þess. Þess skal þó getið að eftir áætlun verkfræðings eiga 9000 kr. að nægja,

Síðasta þing hækkaði fjárveitinguna til þjóðvega í Austuramtinu um 4000 kr. frá því sem frv. stjórnarinnar fór fram á, og bætti þeirri aths. við, að þessar 4000 kr. skyldu ganga til vegagjörða í Austur-Skaftafellssýslu og var svo tilætlað, að því fje skyldi varið til að gjöra veg milli Bjarnaness og Borga.

Verkfræðingur landsins hefur óskað, að fjárlaganefndin gæfi fyrir sitt leyti samþykki til, að þessum 4000 kr. væri nú í sumar varið til vegagjörðar í Suður-

sveit, í stað þess að nota það til vegagjörðar í Nesjunum, meðal annars af því, að enn væri ekki ákveðið, hvar vegurinn yrði lagður í Nesjunum, en annars vegar væri afarbrýn þörf að fresta eigi lengur að fullgjöra veginn í Suðursveit, sem gjörður var 1905. — Vjer getum eftir atvikum fallist á, að þessu sje hagað eftir tillögum verkfræðingsins.

13. gr. B. VII.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að þessi liður falli, með því að hún lítur svo á, að engar líkur sjeu til, að ráðist verði í að byggja járnbraut austur um sveitir fyrst um sinn, og telur því að þetta undirbúningsstarf megi bíða, þar sem annarsvegar er á það að líta, að hjer er um allstóra upphæð að ræða. Auk þeirra 16,500 kr. sem frv. nefnir, mundi þurfa nú þegar 3000 kr. fjárveiting til smámælinga og uppkasta af járnbrautinni, eftir því sem verkfræðingur Th. Krabbe hefur skýrt frá.

13. gr. B.

Nefndin leggur til að óvanalega stór upphæð sje veitt til sýsluvegar suður frá Hafnarfirði, 7500 kr. hvort árið, með því afdráttarlausu skilyrði, að jafnmikilli upphæð, að minsta kosti, sje varið til vegarins annarsstaðar frá á fjárhagstímabilinu. Höfum vjer haft með höndum ítarlegt erindi frá sýslunefnd Gullbringusýslu, þar sem þessa er óskað, og skuldbindur sýslunefndin sig til að sjá um, að jafnmikil fjárhæð verði lögð til vegagjörðarinnar og landsjóðsstyrknum nemur. — Til þessa vegar er þegar búið að verja miklu fje, yfir 28,000 kr., en ráð er gjört fyrir, að hann kosti allur, frá Hafnarfirði til Keflavíkur alt að 100,000 kr. Sýslunefnd Gullbringusýslu hefir ákveðið að verja til vegarins á næstu tveim árum 15,000 kr., ef jafnmikil upphæð fáist úr landsjóði, og í ráði er að halda fjárveitingum og verki svo vel áfram, að vegurinn verði fullgjör á næstu 5 árum, ef landsjóður veitir alt að helmingi kostnaðarins. En til þess verður sýslan að leggja fram, auk þess sem þegar er komið, líklega að minsta kosti 35,000 kr. á næstu 5 árum. Nefndin lítur svo á, að í þessum afarmiklu framlögum frá sýslufjelaginu til vegarins sje fólgin ábyggileg sönnun fyrir nauðsyn og nytsemi vegarins, enda ber og þess að gæta, að svo að kalla við annan enda þessa vegar býr sjöundi hluti allra landsmanna og að öðru leyti liggur vegurinn um allfjölment bygðarlag og verður enn fremur til þess að tengja bestu verstaði við Faxaflóa við landsveitirnar austanfjalls. Að öllu þessu athuguðu sýnist nefndinni rjett, að landssjóðurinn leggi til þessa vegar framvegis tiltölulega við það sem hjer er farið fram á, jafnótt og hlutaðeigandi sýslufjelag álítur sjer fært að koma verkinu í framkvæmd.

13. gr. C. 1.

Ráðherrann hefir skýrt nefndinni frá, að hann hafi gjört ýmsar alvarlegar tilraunir til að fá hið sameinaða gufuskipafjelag og gufuskipafjelagið Thore til að gjöra tilboð um, að halda uppi strandferðum við Ísland og millilandaferðum framvegis. Meðal þeirra tilrauna hans var sú, að hann ljet semja áætlun, er hann svo sendi báðum þessum fjelögum og óskaði að þau gjörðu tilboð eftir henni. Hvorugt fjelagið vildi taka að sjer að halda uppi skipaferðum eftir þeirri áætlun Loks kom hið sameinaða fram með áætlun, og tilboð um ferðir eftir þeirri áætlun. gegn ákveðinni borgun. Í því tilboði stendur meðal annars það, að ef tilboðinu verði tekið, þá skuldbindi fjelagið sig til að byggja 2 ný skip til Íslandsferðanna,

er komi í stað »Laura« og »Vesta«, stærri og hraðskreiðari, gjörð samkvæmt nútímakröfum, að því er snerti rúm og þægindi fyrir farþega og með kælirúmum fyrir kjöt og smjör. En tilboðinu um þessi 2 nýju skip fylgir það skilyrði, að bindandi samningur sje gjörður til 10 ára. Fyrir svona lagaðar ferðir og skip, vill fjelagið svo fá frá Íslandi 60,000 kr. á ári.

Meiri hlutinn lítur svo á, að ferðir þær, er vjer eigum kost á eftir þessu tilboði, sjeu all-viðunanlegar, og miklum mun betri, að því er til strandferðanna kemur, en þær ferðir eru nú. Það er sem sje ætlast til, að ferðirnar verði svo margar og góðar sem þær hafa bestar verið, enda ætlast til, að farþegarúm á strandferðaskipunum verði mjög aukið og bætt. Í öðru lagi gjörum vjer ráð fyrir, að fjártillagið árlega verði ekki að frágangssök, því að vjer þykjumst hafa ástæðu til að ætla, að það megi færa niður og viljum því leggja til, að ekki verði veitt að svo komnu til slíkra gufuskipaferða, sem hjer er um að ræða, meira en 40,000 kr.

Það verður að teljast mjög mikilsvert, ef vjer gætum fengið skip til millilandaferðanna, sem hefðu kælirúm og væru auk þess hraðskreiðari en vjer höfum átt að venjast. Óskir um kælirúm til smjör-, kjöt- og fiskflutnings til útlanda heyrast frá framleiðendum landsins í öllum áttum, og má gjöra ráð fyrir, að ef þesskonar flutningar tækjust, þá mundi það auka til verulegra muna verð þess, sem framleitt er af landi og sjó. En þessu tilboði um skip með kælirúmi, fylgir sá óþægilegi annmarki, að vjer eigum ekki kost á þeim, nema vjer gjörum bindandi samning um allar ferðirnar fyrir nokkur ár.

Meiri hluti nefndarinnar hefur nú komist að þeirri niðurstöðu, að þegar bornir eru saman kostir og gallar þessa tilboðs, þá sje ekki frágangssök að ganga að því, þó með þeirri takmörkun, að samning megi eigi gjöra lengur en til 8 ára, og þykjumst vjer hafa ástæðu til að ætla, að það muni ekki standa fyrir samningum, ef til kemur. Þess verður vel að gæta, að varla verður ætlast til, að vjer getum átt kost á því að fá svona verulegar umbætur á skipaferðum, nema að vjer vinnum eitthvað verulegt til. Vjer höfum áður gjört 5 ára samning um gufuskipaferðir, og mátti heita að það leiddist þolanlega út.

Eins og að framan er getið, kom ekki fram tilboð frá gufuskipafjelaginu Thore. — Ráðherra setti fjelaginu þau skilyrði, að ef tilboð ætti að koma, yrði það að kom fyrir þingbyrjun. Af því varð ekki og hafði þó verið ráðgjört, að Thore kæmi fram með tilboð, að minsta kosti um strandferðirnar.

Í þingbyrjun fjekk formaður fjárlaganefndarinnar brjef frá Thore, þar sem þess er óskað, að nefndin fresti öllum aðgjörðum í þessu gufuskipamáli til loka þessa mánaðar, því að þá muni framkvæmdarstjóri fjelagsins, stórkaupmaður Thor E. Tulinius, koma hingað til Reykjavíkur.

Vjer lítum nú svo á, að með því að orða fjárveiting þá, sem hjer er um að ræða, þannig, sem vjer leggjum til, án þess að nefna nokkurt fjelag eða útgjörðarmann, er fjárveitingin sje ætluð, þá geti bæði Thore og hver annar gjört tilboð, ef að eins er fullnægt þeim skilyrðum, sem þingið setur. Vjer viljum og taka það fram, að vjer teljum að öllu rjettara og hagfeldara, að þessu máli sje komið í framkvæmd á þann hátt, að þingið veiti til þess ákveðið fje með ákveðnum skilyrðum, og að stjórninni sje ætlað að gjöra samninga þá, er með þarf, heldur en að þingið sjálft með sínum takmarkaða tíma og miklu og margbreyttu störfum taki að sjer að þrefa fram og aftur um hin einstöku samningsatriði við þá menn eða fjelög, sem vilja taka að sjer gufuskipaferðirnar.

Tillögur þær, er vjer berum fram um gufuskipamálið, eru bygðar á því,

er sagt er hjer að framan, og mun að öðru leyti verða gjörð grein fyrir einstökum atriðum þeirra við framsögu málsins.

13. gr. C. 2.

Úr Akureyrarkaupstað, Eyjafjarðarsýslu og úr Þingeyjarsýslum báðum eru komnar áskoranir um að veita að minsta kosti 6000 kr. styrk til gufubátsferða á Eyjafirði og í Þingeyjarsýlsum; en það er hálfu hærri styrkur en sá, sem veittur er á fjárlögum þeim, er gilda; enda hefur sá styrkur reynst ónógur, og ekki verið hægt að fá til ferðanna nema of lítinn og ófullkominn gufubát, og hafa þó hlutaðeigandi sýslur og Akureyri lagt töluvert fram til ferðanna. Annars vegar hefur það komið í ljós, að þörf fyrir bátinn hefur verið mikil. Nefndin vill því veita 6000 kr. en þó að því tilskildu, að báturinn sje svo úr garði gjörður, að hann geti farið bæði til Skagafjarðar og Axarfjarðar. Norður-Þingeyingar hafa þegar, eins og áður er sagt, óskað þessa, og vjer þykjumst þekkja svo vel til staðhátta, að vjer getum fullyrt, að Skagfirðingar mundu taka því fegins hendi, jafnvel þó ekki liggi fyrir áskoranir þaðan um þetta mál.

Aftur á móti sýnist oss, að 6000 kr. styrkur muni hljóta að nægja til bátsferða um Breiðafjörð, og leggjum því til að sú upphæð verði veitt þar.

13. gr. D. II. 2.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að tillag það, sem hlutaðeigandi hjeruðum er ætlað að greiða til talsímalagningar frá Ísafirði til Vatneyrar, sje ekki miðað við $^1/_3$ kostnaðarins, heldur sje sett 25,000 kr. Ástæður vorar fyrir þessari tillögu eru einkum þær, að með því að setja tillag hlutaðeigenda þetta lægra, sje meiri líkur til, að þessi símalagning komist í raun og veru á. En vjer teljum annars vegar mjög nauðsynlegt, vegna hinna miklu skipaferða, fiskiveiða og verslunar á Vestfjörðum, að alt það svæði, sem hjer er um að ræða, komist sem allra fyrst í símasamband við aðra hluta landsins og við önnur lönd. Vjer lítum enn fremur svo á, að jafnvel þó vjer teljum rjett og sjálfsagt, að hlutaðeigendur borgi jafnaðarlega að minsta kosti þriðjung kostnaðarins, þegar um aukalínur og hliðarlínur er að ræða, þá verði þó að hliðra til frá þeirri reglu eftir atvikum, sjerstaklega þar sem mjög brýn nauðsyn virðist vera fyrir hendi.

13. gr. D. II. 4.

Forberg símastjóri hefur nýlega ransakað símleiðina austanfjalls, þar á meðal hliðarlínu frá Selfossi niður á Eyrarbakka og Stokkseyri, og framlenging línunnar frá Ægissíðu og austur að Eystri-Garðsauka og gjört áætlunina alla upp á ný, og er nú kostnaðaráætlunin orðin nærri 17,000 kr. hærri en áður. Engin loforð eða skuldbindingar frá hlutaðeigandi hjeruðum, um framlag til þessara símalina, hafa komið fram, nema hvað Rangæingar hafa boðið 8000 kr. með því skilyrði, að síminn sje lagður alla leið austur að Eystri-Garðsauka.

Meiri hluti nefndarinnar hefur nú hallast að þeirri skoðun, að ástæða sje til, að vægja til á hinni upphaflegu kröfu um $^1/_3$ alls kostnaðarins frá hlutaðeigandi hjeruðum, sjerstaklega af þeirri ástæðu, að lengsti og dýrasti kafli línunnar, frá Reykjavík austur að Selfossi, liggur að miklu leyti um lítt bygt svæði; en nefndin vill þó halda því föstu, að hjeruðin leggi allverulega til þessarar línu,

og hefur nefndin ákveðið að halda því fram, að lína þessi verði því að eins bygð, að hlutaðeigandi hjeruð leggi fram að minsta kosti 20,000 kr., og sýnist þá ekki rjett eða sanngjarnt að ætlast til, að Rangárvallasýsla leggi meira fram, en þau 8000, sem hún þegar hefur boðið, en að Árnessýsla leggi fram 12,000. Má ætla, ef hjeraðsbúum er mikill hugur á að fá símasambandið, að þeir gangi greiðlega að þeim kostum, þegar tillit er tekið til þess, að tvö stór kauptún í sýslunni komast þá um leið inn í sambandið, og að þeim er vilnað í, samanborið við aðra, bæði Vestfirðinga og þó einkum Suður-Þingeyinga, ef tillögur nefndarinnar, um tillög til símalagningar á þeim stöðum, fá framgang.

13. gr. D. II.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að eftir 4. lið komi nýr liður um fjárveiting til talsíma frá Breiðumýri til Húsavíkur 14,000 kr. síðara árið. Suður-Þingeyingar hafa búið þetta mál allvel undir og boðið fram alt að $^1/_3$ kostnaðarins; en hann er áætlaður alls um 21,000 kr. Það er talið líklegt, að þessi hliðarlína muni gefa talsverðar tekjur og að öllum líkindum bera sig allvel, og hikum vjer því ekki við að mæla með þessari fjárveitingu.

13. gr. D. II. 5.

Nefndinni er það kunnugt, að eigendur og notendur talsímakerfanna í kaupstöðunum, að minsta kosti á Akureyri, munu vera ófúsir til að láta símakerfin af hendi, enda eru þess fullvissir, að þau muni borga sig vel með því fyrirkomulagi sem nú er. Nefndin vill þó ekki leggja það til, að þessi liður sje feldur, en sýnist annars vegar rjett, að tryggja notendur fyrir því, að þurfa að borga hærra gjald að óþörfu en nú á sjer stað fyrir notkun innanbæjartalsíma. En þetta er látið í veðri vaka í ástæðum frv. um leið og skýrt er frá, að kaupin muni vera ábatavænleg fyrir landssjóðinn. Vjer leggjum því til, að því sje slegið föstu, að notendagjöld verði ekki hækkuð næstu 5 ár.

13. gr. D. II. 7.

Vjer leggjum til, að niðurlag málsgreinarinnar orðist svo: Gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar frá, — með því að annars gæti það skilist svo, að það sveitarfjelag eitt, Fáskrúðsfjarðarkauptún, yrði að leggja þetta fje til, og væri meinað að fá aðstoð sýslufjelagsins og annara.

14. gr. A. b. 5.

Vjer leggjum til, að þessi liður sje felldur úr frv. — Landssjóður hefur fyrir skömmu lagt mjög mikið fje fram, til að kaupa kirkjugarðsstæði handa Reykjavík, og mun vera nóg rúm í kirkjugarðinum fyrst um sinn, þótt hið umrædda hús standi, þar sem það er. Vjer lítum svo á, að það sje safnaðarins eigið málefni og komi ekki landsjóðnum við, hversu umhorfs er í kirkjugarðinum.

14. gr. A. b.

Sjera Arnór Þorláksson á Hesti hefur beðið um 1000 kr. fjárstyrk. Færir hann til suðnings beiðni sinni, að hann hafi kostað mjög miklu til jarðabóta á

prestsetrinu, en geti nú ekki notið ávaxtanna af jarðabótunum, með því að hann sje þrotinn að heilsu. Nefndinni virðist sanngjarnt eftir atvikum, að honum sje veittur þessi styrkur, með tilliti til túnbóta þeirra, er hann hefur gjört, og sem hann nú, vegna heilsubrests, ekki getur notið sjálfur. —

14. gr, B. II. b. 4.

Vjer leggjum til að þessi liður, sem stjórnin hefur hækkað um 300 kr. hvort árið, frá því, sem nú er, verði settur 600 kr. síðara árið, og gjörum ráð fyrir, að sú upphæð muni reynast viðunanleg.

14. gr. B. II. b. 6.

Kennarinn í efnafræði, Ásgeir Torfason, hefur skýrt frá, að kenslan í efnafræði hafi vaxið svo mjög, að fje það, sem til hennar hefur verið ætlað, geti með engu móti nægt lengur, og fer fram á, að 600 kr. verði veittar til þess hvort árið. — Nefndin leggur til, að liðurinn sje hækkaður upp í 400 kr., og telur, að það muni nægja, og að ekki sje ástæða til að ætla fje til verklegrar efnafræðikenslu, með því, að hún sje kend í efnarannsóknarstofunni, sem kennarinn er forstöðumaður fyrir, og hefur, að því er virðist, sæmileg laun. —

14. gr. B. IV. b.

4. og 5. tölul. undir staflið c. virðist eftir eðli sínu eiga betur heima undir staflið b. — Það er lagt til að þessu sje breytt og að næst á eftir »b. aðsoðarfje« komi ný lína:

Til tímakenslu og prófdómenda 2400—2400, og er álitið, að sú upphæð muni vera nægileg.

14. gr. B. V. b. 3.

Nefndin leggur til, að þessi liður sje hækkaður um 200 kr. á ári, til þess að hægt verði að borga Stefáni Björnssyni kennara í dráttlist og handvinnu þeim mun betur; að öðrum kosti mun hann vera ófáanlegur til að kenna við skólann; en það væri skaði og varla völ á öðrum til að taka að sjer þau störf, sem hann hefur haft á hendi.

14. gr. VII. b. 1.

Hingað til hefur þeirri reglu verið fylgt, að barnaskólar utan kaupstaða gæti fengið svo mikinn styrk úr landssjóði, að hann næmi alt að $^2/_3$ af kostnaði við skólahaldið. Nefndin leggur nú til, að þessu verði breytt þannig, að landssjóðsstyrkurinn megi ekki vera meiri en helmingur kostnaðarins.

14. gr. VII. b. 2.

Vjer leggjum til, að síðari grein athugas. sje feld, með því að vjer teljum hana óþarfa.

14. gr. B. VII. b. 4.

Nefndin telur ráðlegt að setja þessari fjárveiting þau takmörk, að styrkur til barnaskólabygginga megi ekki fara fram úr $^1/_3$ byggingarkostnaðarins, með því líka að gjöra verður ráð fyrir, að þeim fjölgi mjög, er leita þess styrks. Svo

sýnist oss og rjett að taka það skýrt fram, að styrkinn megi veita til barnaskólabygginga í kauptúnum, og gjörum tillögu um breyting á liðnum samkvæmt því sem hjer er sagt.

Enn fremur leggjum vjer til, að fjárveitingin sje hækkuð, svo að hún verði 6000 kr. fyrra árið og 8000 hið síðara, til þess að mögul. verði að gegna sanngjörnum óskum þeirra, er styrksins þarfnast á fjárhagstímabilinu. — Skulum vjer í því sambandi benda á bænarskrár þær, er fyrir þinginu liggja, frá Fáskrúðsfirði og Blönduósi, og sem að líkindum geta fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir þessari fjárveiting.

14. gr. B. VII. b. 5.

Vjer teljum ekki að svo komu næga ástæðu til að veita þetta fje, enda liggur engin beiðni fyrir um það, og mætti að líkindum, ef brýn þörf væri, verja til þess einhverju af því fje, sem veitt er á næsta tölulið á undan.

14. gr. B. VII. b. 6.

Nefndin lætur þess getið, að hún gjöri ráð fyrir, að þessu fje verði varið samkvæmt tillögum ráðunauts stjórnarinnar í kenslumálum, eins og þær eru settar fram í fylgiskjali III. við frumvarpið.

14. gr. B. VII. l.

Næsta ár verður stúlka sú, sem hjer er um að ræða, 16 ára, og með því, að styrkurinn hefur eiginl. verið veittur í því skyni, að faðir hennar, sem er fjölskyldumaður, þyrfti eigi að leita sveitarstyrks, þá virtist oss rjett, að styrkveitingin falli niður síðara árið, og verður þá fæðingarsveit stúlkunnar að sjá um hana. Vjer leggjum til, að styrkur þessi verði veittur í síðasta sinni 1908 með 300 kr.

14. gr. B. VII. eftir m.

Magnús Sigurðsson á Grund hefur sent þinginu tilboð um, að byggja stóran unglingaskóla með mörgum heimavistum, og gjöra hann úr garði, ef hann fái helming byggingarkostnaðarins úr landssjóði, alt að 7500 kr. Nefndin leggur til, að veitt sje til þessa alt að $^1/_3$ byggingarkostnaðar, 5000 kr.

14. gr. B. VII.: Til sundkenslu.

Þessi liður á að vera VIII. en ekki VII. og næsti liður: Styrkur til Stefáns Eiríkssonar á að vera IX. Þessar villur þarf að leiðrjetta.

Aftan við greinina leggjum vjer til að bætist 3 nýir liðir, styrkur til þriggja nemenda við kennaraskóla erlendis. Ýmsir fleiri hafa sótt um styrk í sama, eða líku skyni; en þeir hafa viljað fá styrkinn til að fara að heiman til útlanda til að læra. Þessir 3 nemendur, er vjer viljum að fái styrk, hafa þar á móti af eigin ramleik farið til útlanda, dvalið þar og aflað sjer kenslu með góðum vitnisburðum, og sýnist oss rjett, að það sje yfirleitt gjört að skilyrði fyrir styrkveitingunni.

15. gr. 1.

Um þennan lið gjörum vjer engar tillögur að svo stöddu, til þess er sjeð

verða forlög frumv. þess um stjórn landsbókasafnsins, sem þingið hefur til meðferðar.

15. gr. 2. a. b. c.

Vjer leggjum til, að bætt verði inn í orðunum »alt að« á undan tölunum, er ákveða fjárveitinguna til amtsbókasafnanna. Gjörum vjer það til þess, að bókasöfnin geti átt kost á að fá einhvern styrk, þótt þau eitthvert skifti fái ekki svo mikið frá bæjarfjel. eða sýsfunefnd, að það sje jafnmikið styrknum úr landssjóði, eins og hann getur mestur verið.

15. gr. 4. a. og b.

Vjer getum ekki fallist á, að nauðsyn almennings heimti, að landskjalasafnið sje opið 3—6 tíma á degi hverjum, og ætlum að það mundi nægja, að safnið væri opið 1—2 tíma á dag eða 2—3 tíma annan hvern dag, hvort sem hentara þætti. Þess vegna sjáum vjer ekki ástæðu til, að laun skjalavarðarins sjeu hækkuð svo mjög, sem frv. gjörir ráð fyrir, og leggjum því til, að þau sjeu sett 1400 kr. fyrra árið og 1600 hið síðara. — Sömul. sýnist oss nægja, að veittar sjeu 1000 kr. til að binda inn skjöl og til aðstoðar síðara árið.

15. gr. 7. b.

Vjer leggjum til, að til umsjónar forngripasafnsins sje veitt fyrra árið eins og nú 720 kr. og 1200 hið síðara, sem vjer ætlum að muni nægja, og við aths. viljum vjer að bætt sje ákvæði um það, að reglur þær, er aths. setur um þann tíma, er safnið skuli opið vera, gildi að eins fyrir síðara árið, og gjörum ráð fyrir, að fyrra árið verði fylgt um það sömu reglum og nú.

15. gr. 9.

Nefndinni barst erindi, þar sem farið er fram á, að Náttúrufræðisfjelagið fái hærri árl. styrk. Hagur fjelagsins batnar nú að því leyti, að framvegis sparast því húsaleiga, og teljum vjer rjett, að láta við það sitja í þetta sinn. Aftur á móti leggjum vjer til, að fjelaginu verði, samkvæmt beiðni þess, veittar 800 kr. til að kaupa hið merkilega grasasafn Ólafs heitins Davíðssonar, og til að koma skipulagi á það.

15. gr. 10.

Nefndin leggur til að þessi liður sje látinn falla, en að mag. B. Gröndal sje auk eftirlauna veittar 1000 kr. árl., og virðist rjett, að það standi í 18. gr. — En það viljum vjer taka fram, að dýramyndasafnið og undirbúningsverkið til þjóðmenningarsögunnar er auðvitað eign landsins, samkvæmt því, er staðið hefur í fjárlögunum í mörg ár.

15. gr. við 15.

Vjer leggjum til, að eftir 15. lið komi 4 nýir liðir: Til söguskáldanna Guðmundar Magnússonar og Einars Hjörleifssonar styrkur til ritstarfa, til Ásgríms málara Jónssonar ferðastyrkur til Suðurlanda og til Magnúsar Einarssonar styrkur til að halda uppi söngkenslu á Akureyri. Mun verða gjörð nánari grein fyrir þessum tillögum við framsögu málsins. Viðvíkjandi umsókn Ásgríms Jónssonar skal þess þó getið hjer, að hann býðst til að borga styrkinn með málverkum, er þá verði

eign landsins. Nefndin vill ekki gjöra þetta að skilyrði fyrir styrkveitingunni, en telur það þó vel við eiga, að landið eignaðist málverk eftir Ásgrím, ef það gæti orðið án þess að það hefti framkvæmdir hans til að afla sjer meiri þekkingar og þroska í málaralistinni.

15. gr. 16.

Nefndin vill veita Sigfúsi Einarssyni styrk til eflingar og útbreiðslu sönglistar og söngþekkingar, en þykir eigi ástæða til fyrir landsjóðinn að launa honum að fullu svo sem væri hann embættismaður, og kemur því fram með tillögu um, að hann fái 1200 kr. hvort árið.

15. gr. 18.

Stórstúkan hefur sótt um 8000 kr. fyrra árið til útbreiðslu bindindis, einkum, að því er virðist, til þess, að undirbúa atkvæðagreiðslu þá um aðflutningsbann, sem fram á að fara næsta ár. Nefndin finnur ekki ástæðu til að mæla með þessari beiðni; þar á móti leggur meiri hluti hennar til, að styrkurinn til stórstúkunnar verði hækkaður um 400 kr. hvort árið.

15. gr. 19.

Vjer leggjum til að styrkur þessi sje veittur að eins fyrra árið, af því að búast má við að verkinu verði þá lokið.

15. gr. 21. og 22.

Vjer viljum hækka þessa fjárveiting á 21. lið um 200 kr. hvort árið, með tilliti til þess, að vjer leggjum jafnframt til, að næsti liður, til frú Stefaníu Guðmundsdóttur, sje feldur. Vjer teljum rjettara að auka styrkinn til fjelagsins en að landsjóður fari að veita einstökum leikendum, þótt góðir sjeu, fjárstyrk. Væntum vjer, að auknum styrk til fjelagsins verði varið svo, að bestu leikendurnir njóti þess.

15. gr. 24.

Jón Jónsson sagnfræðingur hefur óskað þess, að skilyrðið, sem sett er honum, um að rita ákveðna arkatölu árlega, verði felt burtu. Nefndin ræður til, að þessari ósk hans sje fullnægt, og felst á þær ástæður er hann hefur fært til í brjefi sínu.

Eftir 24. lið leggur meiri hluti nefndarinnar til að komi nýr liður, fjárveiting til Einars Arnórssonar, til að ransaka og rita um rjettarsögu Íslands. Vjer teljum það nauðsynjaverk, með sjerstöku tilliti til lagaskólans.

15. gr. 25.

Meiri hluti nefndarinnar vill ekki veita Ágúst Bjarnasyni til útgáfu heimspekilegra fyrirlestra meira en 1200 kr. alls, og að sú fjárveiting sje öll fyrra árið. — Tillaga er gjörð samkvæmt því.

15. gr. 25. og 29.

Nefndin vill veita dr. Helga Pjeturssyni og Helga Jónssyni styrk til starfa þeirra, er þeir vinna að, en telur ekki rjett að veita til þess svo mikið fje, sem frv. fer fram á. Auðvitað fellur þá um leið burtu athugasemdin um ferðakostnaðinn. — Að því er Helga Pjetursson snertir, þá vill nefndin minna á það, að í umsókn sinni til alþingis 1905 lýsti hann yfir því, að hann mundi eigi þarfnast styrksins oftar eða lengur, ef hann þá fengi það, er hann fór fram á. Vjer höfum ekki fengið í hendur neina skýrslu um störf hans í fyrra, og heldur ekki sjeð neina umsókn frá honum nje áætlun um störf hans framvegis.

15. gr.

Forstöðumaður Stýrimannaskólans hefur farið fram á, að fje væri veitt til að kaupa og setja upp hengilklukku til tímaákvarðana, og sýnt fram á nauðsyn þess með sjerstöku tilliti til jarðskjálftaransóknanna. Nefndin felst á tillöguna og ræður til, að fje sje veitt í því skyni.

16. gr. 1. og 2.

Vjer leggjum í 1. lagi til, að fjárveitingin til skólanna á Hólum og Hvanneyri verði orðuð svo, að það sje til bændaskóla, því að svo heita þeir.

Í öðru lagi látum vjer þess getið, að bæði skólastjórarnir á bændaskólunum og aðrir, er þeim málum eru kunnugir, telja með öllu ómögulegt, að geta haft kensluna í viðunanl. lagi, nema bætt sje við kennara, og leggjum vjer því til, að það sje gjört, þó, að því er bændaskólann á Hvanneyri snertir, ekki fyr en síðara árið.

Enn fremur sýnist ekki verða hjá því komist, að veita nokkurt fje til verklegrar kenslu fyrir nemendur skólanna og sýnist oss, að það megi ekki minna vera en 1000 kr. á ári til hvors skólans.

Loks viljum vjer leiða athygli að því, að ef bændaskólarnir fengju ekki annað eða meira fje en það, sem þeim er ætlað eftir frv., þá væri það auðsæ og sjálfsögð afturför frá því, sem áður var, meðan þeir voru ekki eign landssjóðs. Tilgangurinn var þó víst sá, að þeim skyldi fara fram, en ekki aftur, við eigandaskiftin og breytinguna.

Það hefur vakið eftirtekt vora, að þar sem frv. ætlar bændaskólunum að eins 5000 kr. fyrra árið og 4300 hið síðara, hvorum, eða alls á fjárhagstímabilinu 18,600 kr. þá er í sömu grein frv. ætlað til skóggræðslu 20,900 kr. f. á. og 19,100 hið síðara, það er á fjárhagstímabilinu alls 40,000 kr. eða nokkru meira en tvöfalt við það, sem bændaskólarnir, eign og handbendi landssjóðs, eiga að fá báðir til samans. — Auðvitað er það mjög skemtilegt, ef skógar gætu smátt og smátt myndast hjer á landi; en þó finst oss, að varla geti komið til mála að jafna því við nauðsyn og nytsemi góðrar og fullkominnar bænda- og búfræðismentunar, og væntum þess, að stjórnin líti á þetta á sama hátt og vjer.

16. gr.

Eftir 2. tölul. leggjum vjer til að komi nýr liður um fjárveiting til Torfa Bjarnasonar til að halda uppi verklegri búnaðarkenslu, sama upphæð og hann hefur þetta ár eftir fjárlögum þeim, er gilda. — Um samskonar fjárveiting til búnaðarskólans á Eiðum gjörum vjer eigi að svo stöddu tillögu, með því að oss er eigi enn fullkunnugt um, hvernig horfur eru með þann skóla.

16. gr. 3. og 4.

Með því að nú er svo komið, að flest búnaðarfjelög landsins standa í sambandi við Búnaðarfjelag Íslands eða við Ræktunarfjelag Norðurlands eða Búnaðarsambönd Austurlands og Vesturlands og fá þannig margskonar aðstoð og leiðbeiningar til starfa sinna og framkvæmda, þá virðist ástæða til, að fjárveitingin til búnaðarfjelaga ætti að fara minkandi úr þessu, þar sem þau njóta mjög mikils gagns, bæði beinlínis og óbeinlínis af því mikla fje, sem Búnaðarfjelag Íslands fær úr landsjóði. Meiri hlutinn leggur því til, að upphæðin færist niður um 1000 kr. fyrra árið og 2000 kr. hið síðara, en leggur jafnframt til, að næsti liður, til Búnaðarfjelags Íslands, sje hækkaður nokkuð, og er það ekki síst með tilliti til þess að fjelagið fær töluvert aukin útgjöld nú, er það hefur tekið að sjer Búnaðarsamband Vesturlands.

16. gr. 5. og 6.

Jafnvel þótt nefndin játi afdráttarlaust, að sjálfsagt sje að halda áfram þeim skógvörslu- og skógræktartilraumum, sem byrjað hefur verið á, og sömul. að rjett sje að kosta nokkru fje til að gjöra alvarlegar tilraunir með sandgræðslu, þá getur hún ekki fallist á, að rjett sje, að verja nú til þessa svo miklu fje og starfi, sem frumvarpið gjörir ráð fyrir. — Vjer teljum það tæplega forsvaranlegt, að skipa þessum málum svo hátt, að því er fjárveiting til þeirra snertir, samanborið við svo mörg önnur nauðsynjamál, landsins. sem vjer erum neyddir til að skamta mjög úr hnefa, er um landssjóðsfje er að ræða. Vjer leggjum því til að þessar fjárveitingar til skógræktar og sandgræðslu verði færðar töluvert niður og skulum jafnframt láta í ljósi hvernig oss, að því er skógræktina snertir, sýnist að komast megi af með þá upphæð, sem vjer leggum til að veitt sje, án þess þó að nokkur afturkippur þurfi að koma í þær framkvæmdir þess máls, sem þegar er stofnað til.

Vjer höfum hugsað oss, að fje því, er veitt verður, mundi mega verja svo sem hjer segir:

	1908	1909
A. Laun:		
1. Yfirskógarvörður ...	3,000 00	3,000 00
2. Þrír skóggræðslumenn	3,000 00	3,000 00
B. Verklegar framkvæmdir:		
1. Reksturskostnaður við 5 gróðrarstöðvar	2,200 00	2,200 00
2. Girðingar	3,000 00	3,500 00
3. Ýms vinna í skógunum við Vagli og Hallormsstað	1,000 00	1,300 00
4. Húsabætur	800 00	
5. Ferðakostnaður yfirskógvarðar	500 00	500 00
6. Ýms útgjöld	500 00	500 00
	14,000 00	14,000 00
C. Styrkur til eins skóggræðslumanns	300 00	
D. Sandgræðsla	4,000 00	4,000 00
	18,300 00	18,000 00

16. gr. 7.

Vjer teljum varhugavert, að lækka styrkinn til samvinnusmjörbúanna svo mjög, sem frumv. gjörir, og leggjum því til, að upphæðin sje sett 16,000 kr. fyrra árið og 14,000 kr. hið síðara.

16. gr. 18

Yfirmatsmennirnir báðir, í Reykjavík og á Ísafirði, hafa sótt um launahækkun, 600 kr. hvor, og fært það til, að starfið væri svo áríðandi og umfangsmikið, að enginn tími væri afgangs til annara starfa. Að því er snertir Þorstein Guðmundsson, yfirmatsmann í Reykjavík, játar nefndin, að starf hans sje allmikið, og vill því, að honum sje veitt 200 kr. viðbót hvort árið. Aftur á móti finnur nefndin ekki ástæðu til, að hækka laun yfirmatsmannsins á Ísafirði. — Fiskútflytjendur á Ísafirði hafa mjög lítið notað yfirmatsmanninn; en nefndin telur það mjög óheppilegt, að svo skuli ganga, að mikið af fiski sje flutt út þaðan, sem yfirmatsmaður er skipaður, án þess að vottorð hans til tryggingar um gæði vörunnar fylgi með fiskförmunum, og er nefndin ekki í neinum vafa um það, að slíkt hlýtur að spilla verði vörunnar í Miðjarðarhafslöndunum, og kemur sá skaði niður á Íslendingum þeim, er framleitt hafa vöruna. Vjer viljum því leitast við, að slá varnagla við þessu framvegis, með því að setja inn í fjárlögin ákvæði, er knýi útflytjendur til, að láta yfirmatsmenn skoða fisk sinn og gefa vottorð um gæði hans. —

Enn fremur viljum vjer leggja það til, samkvæmt tillögum Þorsteins Guðmundssonar, yfirmatsmanns, að honum sje veittur styrkur til, að geta ferðast austur um land og norður til að gefa ráð og leiðbeiningar um fiskverkun á aðalveiðistöðunum. Ætlumst vjer til, að hann geti dvalið dálítið á helstu stöðunum, og átt tal við sjómenn og fiskverkunarmenn og litið eftir og leiðbeint þeim við störf þeirra. Vjer vitum til þess, að á sumum stöðum fyrir austan og norðan óska menn mjög eftir slíkum leiðbeiningum; sömuleiðis væntum vjer, að eftir þessar ferðir gætu komið fram rökstuddar tillögur um það, hvernig komið yrði á yfirmati á fiski á Austur- og Norðurlandi; en til þess fer nú að verða knýjandi nauðsyn, eftir því sem sjávarútvegur og fiskiveiðar vaxa þar nú.

16. gr. 20. c.

Eftir framkomnum upplýsingum leggur nefndin til, að húsaleigufjeð sje hækkað um 200 kr. á ári.

16. gr.

Aftan við greinina, leggjum vjer til að bætt sje þessum nýjum liðum:

1. Til Guðmundar J. Hlíðdals 1200 kr. styrkur fyrra árið til að afla sjer verklegrar kunnáttu í rafmagnsfræði erlendis, líkl. í Noregi, og 500 kr. síðara árið til að ransaka og mæla fossa hjer á landi. Þessi maður hefur sýnt mikinn dugnað til að afla sjer þekkingar í rafmagnsfræði og leyst af höndum próf í þeirri grein á Þýskalandi með mjög góðum vitnisburði, og er ástæða til að ætla, að hann geti átt þarft framtíðarstarf hjer á landi.
2. Benedikt Jónassyni viljum vjer láta veita sama styrk og hann nýtur nú, til þess að hann geti lokið námi við »Teknisk Læreanstalt« í Þrándheimi.

18. gr.

Samkvæmt því, sem tekið er fram hjer að framan við 15. gr. 10. leggjum vjer til, að við þessa grein sje bætt til mag. Benedikts Gröndals auk eftirlauna 1000 kr.

Vjer leggjum og til, að ekkja Páls skálds Ólafssonar fái hvort árið 200 kr.

Amtmaður Júlíus Havsteen hefur óskað þess, að eftirlaun sín yrðu reiknuð þannig, að þau 3 ár, sem hann var settur amtmaður yfir Norður- og Austuramtinu, verði talin með sem embættisár. Meiri hluti nefndarinnar telur að ástæður þær, er hann færir fyrir þessari beiðni, sjeu á rökum bygðar, og að það sje sanngjarnt, að verða við beiðninni.

21. gr.

Þótt vjer eigi leggjum til, að breytt sje upphæð þess fjár, sem heimilað er að veita til stofnunar mjólkurbúum, þá þykjumst vjer þess fullvissir, að eigi muni til þess þurfa nándarnærri svo mikið. — En vjer viljum láta þess getið, að vjer ætlumst til, að eigi sje lánað til stofnunar nokkurs eins mjólkurbús hærri upphæð, en venja hefur verið hingað til, hæst 2500 kr.

21. gr.

Hlutafjelagið »Klæðaverksmiðjan Iðunn« hefur óskað að fá úr viðlagasjóði 50,000 kr. lán, og verði þá um leið borgað það 35,000 kr. lán, sem hlutafjelagið hefur áður fengið úr viðlagasjóði. Vjer leggjum til að þessi lánsheimild verði veitt.

21. gr.

Samkvæmt tillögum þeim, er vjer höfum gjört um símlagningu á Vestfjörðum og á Suðurlandi, er gjört ráð fyrir að hlutaðeigandi hjeruð leggi fram minna en $^1/_3$ af kostnaðinum. Eigi að síður sýnist oss rjett, að heimilt sje að veita þeim lán úr viðlagasjóði, eins og gjört er ráð fyrir í síðustu málsgrein 21. greinar, og verður þá að breyta orðalagi greinarinnar samkvæmt því.

Breytingartillögur þær, er vjer komum fram með, verða prentaðar á sjerstöku skjali, og sömuleiðis látum vjer prenta sem fylgiskjal brjef frá hinu sameinaða gufuskipafjelagi, er ræðir um skip þau, er fjelagið býðst til að byggja til Íslandsferðanna.

Neðri deild alþingis, 27. júlí, 1907.

Tryggvi Gunnarsson formaður. Jón Jónsson skrifari og framsögum. Árni Jónsson, Eggert Pálsson.
Þórh. Bjarnarson, Skúli Thoroddsen, Stefán Stefánsson, Skgf.

Fylgiskjal við fjárlaganefndarálitið.

Det Forenede Dampskibs-Selskab
Aktieselskab.

Köbenhavn d. 15. Maj 1907.

Deres Ekscellence!

Henholdende til behagelig Samtale tillader jeg mig herved at meddele de omtrentlige Particulars af de 2 projekterede Islandsbaade:

Dödvægt 1300 Tons,
Kubikindhold 76000 Kubf.,
Fart 11½ Knob,
Deplacement 3000 Tons,
1. Kl. Passagerer 75 Köjepladser,
2. — —»— 50 do.

Foruden de 2 Spisesaloner til 1. og 2. Kl. vil Skibene blive udstyret med Rögesalon og Musiksalon og selvfölgelig med de nödvendige Herre- og Dame- Toiletværelser samt Badeværelser, endvidere Kölemaskineri til Smör, fersk Köd etc. Skibene vil blive forsynede helt igennem med dobbelt Bund til Vandballast og som Sikkerhed mod Bundskade.

Dimensionerne vil omtrent blive: 265 Fod Længde, 38 Fod Bredde og 19 Fod Dybde.

I Haab om at disse Opgaver vil være Deres Ekscellence til Nytte.

Ærbödigst.
Det Forenede Dampskibs-Selskab
Aktieselskab.
Chr. Kronman.

Til
Hans Ekscellence den islandske Minister
Hannes Hafstein.
her.

Nd.

186. Breytingartillögur

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Frá fjárlaganefndinni.

1.	Við	2. gr.	4.	Fyrir	40,000—	40,000—	80,000	komi:	45,000—	45,000— 90,000.
2.	—	- —	6.	—	11,500—	11,500--	23,000	— :	13,000—	13,000— 26,000.
3.	—	- —	8.	—	75,000—	75,000 –	150,000	— :	80,000—	80,000—160,000.
4.	—	- —	11.	—	250,000—	250,000—	500,000	— :	260,000—	260,000—520,000.
5.	—	- —	14.	—	50,000—	50,000—	100,000	— :	60,000—	60,000—120,000.
6.	—	- —		Eftir 17. tölul. komi nýr töluliður:						
			18.	Tekjur af efnaransóknarstofu 600—600—1200.						
7.	—	6. gr.		Greinin orðist þannig:						
				Úr ríkissjóði greiðast: 60,000—60,000—120,000.						
8.	—	9. —	7.	orðist svo: til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu.						
9.	—	11. —	A. 3. a.	Fyrir: umsjónarmannsins, komi: fangavarðarins.						
10.	—	12. —	3.	Athugasemdin falli burt.						
11.	—	13. —	A. 1. a.	Fyrir: 4,500 komi: 4.000.						
12.	—	— —	- - b. 1.	— 4,200 — 4,400.						
13.	—	— —	- - - 2.	— 13,800 — 14,000.						
14.	—	— —	- 4. a.	Aftan við liðinn komi þessi athugasemd:						
				Pósthúsið sje opið 10 stundir hvern virkan dag.						
15.	—	— —	A. 4. f.	Fyrir: 1,600 komi: 1,400.						
16.	—	— —	- - g.	— 400 — 600.						
17.	—	— —	B. I. 4.	orðist þannig: til vegamælinga og verkfróðra aðstoðarmanna.						
18.	—	— —	- II.	Liðurinn falli burt.						

19. — — — B VII. Sömuleiðis.

20. — — — - Á eftir VIII. komi nýr liður:
til sýsluvegar frá Hafnarfirði að Vogastapa 7,500—7,500.
Fjárveiting þessi veitist með því skilyrði, að jafnmiklu fje sje að minsta kosti varið til vegarins annarsstaðar frá.

21. — — — C. 1. Liðurinn orðist svo:
1. Til gufuskipaferða: 40,000—40,000.
Stjórninni veitist heimild til að gjöra samninga um gufuskipaferðirnar, er gildi alt að 8 árum, að því tilskildu:
Að strandferðir og millilandaferðir verði að minsta kosti jafnmiklar og fult eins hagkvæmar hinum einstöku landshlutum, eins og þær hafa bestar verið, svo sem strandferðir hins Sameinaða gufuskipafjelags 1904 og 1905, og millilandaferðir sama fjelags nú.
Að tvö af millilandaskipunum, að minnsta kosti. sjeu ný, fullnægi kröfum tímans sem farþegaskip, hafi stór kælirúm fyrir flutning á kjöti, fiski og smjöri, og sjeu að miklum mun stærri og auk þess hraðskreiðari en »Vesta« og »Laura«.
Að til strandferðanna verði höfð eigi minni nje lakari skip en »Hólar« og »Skálholt«, en með stærra og hagfeldara farþegarúmi.
Að viðkomur í Færeyjum sje ekki fleiri en í gildandi ferðaáætlun hins Sameinaða gufuskipafjelags.
Að fargjöld og farmgjöld verði eigi hærri en nú eru, og
Að alt að 25 stúdentum og alt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum árlega veitist sú ívilnun með fargjald á milli Íslands og Kaupmannahafnar, að þeir geti ferðast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá forstjóra íslensku stjórnarráðsskrifstofunnar í Kaupmannahöfn eða frá sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað, og enn fremur að því tilskildu, að fluttir sjeu innflytjendur (immigrantar) til Íslands fyrir samsvarandi fargjald því, sem hið sameinaða gufuskipafjelag hingað til hefur tekið fyrir útflytjendur (emigranta) frá Íslandi, milli Íslands og Skotlands.

22. Við 13. gr. C. 2. b. Fyrir: 8,000 komi: 6,000.

23. — — — — - d. - — 3,000 — 6,000.
Fjárveitingin undir staflið d. er því skilyrði bundin, að báturinn geti gengið vestur á Skagafjörð og austur á Axarfjörð.

24. — 13. — D. II. 2. Í staðinn fyrir: alt að 1/3 af 103,500 kr. — 34,500 komi: 25,000.

25. — — — — — - Fyrir: 54,000 komi: 63,500.

26. — — — — — 4. Liðurinn orðist þanaig:
Af kostnaði til talsíma frá Reykjavík að Eystri-Garðs-

auka í Rangárvallasýslu, og með hliðarlínu til Eyrarbakka og Stokkseyrar, að því tilskildu að Árnesingar leggi til . . . . . 12,000 kr.
og Rangvellingar. . 8,000 —
48,433 kr.

27. Við 13. gr. D. II. Á eftir þessum (4.) lið komi nýr liður:
5. Kostnaður við talsíma frá Breiðumýri til Húsavíkur (síðara árið) . . . . . 21,000 kr.
Hjer af væntist frá hlutaðeigandi hjeraði 1/3 . . . . . 7,000 — 14.000 kr.

28. — — — — II. 7. Fyrir: frá sveitinni, komi: Annarsstaðar frá.

29. — 14. — A. b. 5. Liðurinn falli burt.
Í staðinn fyrir hann komi nýr liður:
Styrkur til sjera Arnórs Þorlákssonar á Hesti 1,000.

31. — — — B. II. b. 4. Síðara árið komi: 600.

32. — — — — — - 6. Fyrir: 200 komi: 400.

33. — — — — IV. b. Á eftir »aðstoðarfje« komi ný lína:
til tímakenslu og prófdómenda 2,400.

34. — — — — — c. 4. og 5. Falli burt.

35. — — — — V. b. 3. Fyrir: 1,800—1,800 komi: 2,000—2,000.

36. — — — —VII. b. 1. Síðari hluti athugasemdarinnar orðist svo:
að skólarnir njóti móts við styrkinn úr landssjóði, jafnmikils styrks annarsstaðar frá og að þeir hafi nauðsynlegustu kensluáhöld.

37. Við 14. gr. B. VII. b. 2. Fyrir: »sveitakennara« komi: farkennara.

38. — — — — — b. - Síðari málsgrein athugasemdarinnar falli burt.

39. — — — B. VII. b. 4. Fyrir »í sveitum alt að helmingi« komi: utan kaupstaða alt að þriðjungi.

40. — — — — — — — — Fyrir »5,000—5,000« komi: 6,000—8,000.

41. — — — — — — 5. Liðurinn falli burt.

42. — — — — — l. Fyrir »150—150« komi: 300 fyrra árið

43. — — — — — m. Á eftir þessum lið komi nýr liður:
Til skólabyggingar á Grund í Eyjafirði alt að þriðjungi byggingarkostnaðar (fyrra árið) 5,000.

44. — — — — Á eftir liðnum VIII, sem á vera IX, komi:

45. — — — — X. Til Jóns Þ. Björnssonar til að ljúka námi við kennaraskólann í Jonstrup fyrra árið 500.

46. — — — — XI. Til Jónasar Jónssonar til að stunda kennaranám erlendis 300—300.

47. — — — — XII. Til Ingibjargar Jónsdóttur til að ganga á kennaraskóla í Danmörku, fyrra árið 300.

48. Við 15. gr. 2. a. b. c. Á undan tölunum bætist inn í: alt að.

49. — — — 4. a. Fyrir »1,700—2,000 komi: 1,400—1,600.

50. — — — - b. Fyrir »1,400« komi: 1.000.

51. — — — 7. b. Fyrir »1,260—1,800 komi: 720—1,200.

52. — — — - — Fyrir »Safnið sje opið« komi: Síðara árið sje safnið opið.

53. — — — 9. Fyrir »800 (fyrra árið)« komi: 1,600.
og bætist við ný athugasemd á eftir orðunum »200 kr. á ári«:

Af fjárveitingunni fyrra árið gangi 800 kr. til að kaupa grasasafn Ólafs heit. Davíðssonar, og koma skipulagi á það.

54. Við 15. gr. 10. Liðurinn falli burt.
— — — 15. Bætist inn í 4 nýir liðir.
55. — — — 16. til Einars Hjörleifssonar til ritstarfa 1,200—1,200.
56. — — — 17. til Guðmundar Magnússonar til ritstarfa 500—500.
57. — — — 18. til Ásgríms málara Jónssonar, ferðastyrkur til Suðurlanda 2,000—1,000.
58. — — — 19. til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri 300—300.
59. — — — 16. Fyrir 1,800—1,800 komi: 1,200—1,200.
60. — — — 18. Fyrir 1,600—1,600 komi: 2,000—2,000.
61. — — — 19. Síðara árið falli burt: 1,000.
62. — — — 21. Fyrir 1,000—1,000 komi: 1,200—1,200.
63. — — — 22. Liðurinn falli burt.
64. — — — 24. Athugasemdin falli burt.
65. — — — Bætist inn í nýr liður:
25. til Einars Arnórssonar til að ransaka og rita um rjettarsögu Íslands (fyrra árið) 1,500.
66. — — — 25. Fyrir 600—600 komi: fyrra árið 1,200.
67. — — — 28. Fyrir 3,000—3,000 komi: 1,200—1,200 og athugasemdin falli burt.
68. — — — 29. Fyrir 3,000—3,000 komi: 1,200—1,200. Athugasemdin falli burt.
69. — — — 31. Aftan við komi nýr liður:
(35). Til að kaupa og setja upp »hengilklukku« til tímaákvarðana, fyrra árið, 900.
70. — 16. gr. 1. Orðist svo: Til bændaskólans á Hólum.
71. — — — — a. komi nýr liður, sem verður b. til aðstoðarkennara 800—800.
72. — — — b. komi nýr liður er verði fyrsti (1.): Til verklegrar kenslu 1,000—1,000.
73. — — — 2. Orðist svo: Til bændaskólans á Hvanneyri.
74. — — — 2. a. komi nýr liður, sem verður b.: til aðstoðarkennara (síðara árið) 800.
75. — — — — b. komi nýr liður er verði fyrsti (1.): Til verklegrar kenslu 1,000—1,000.
76. — — — 2. komi nýr liður er verður 3. Til Torfa Bjarnasonar til verklegrar búnaðarkenslu: 1,500—1,500.
77. — — — 3. Fyrir: 24,000—24,000 komi: 23,000—22,000.
78. — — — 4. Fyrir: 45,000—47,000 komi; 49,000—49,000.
79. — — — 5. Orðist þannig: Til skóggræðslu 14,000—14,000.
80. — — — 6. Orðist svo: Til sandgræðslu 4,000—4,000.
81. — — — 7. Fyrir: 15,000—12,000 komi: 16,000—14,000.
— — — 18. Liðurinn verði þannig:

82. Við 16. gr. 18 a. Laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma, öðrum í Reykjavík, hinum á Ísafirði . . . . . 2000—2000.

83. — — — — b. Til Þorsteins Guðmundssonar launaviðbót . . . . . 200— 200.

84. — — — — c. Til sama manns til þess, að ferðast austur og norður um land til að leiðbeina mönnum í fiskverkun eftir reikningi alt að . . . . . 500— 500. 2,700—2,700

85. — — — — Aftan við liðinn bætist:
Þegar skip, sem eiga að flytja fiskfarma til Spánar eða Ítalíu, eru afgreidd frá Reykjavík eða Ísafirði, ber lögreglustjóra að sjá um, að vottorð yfirfiskimatsmannsins um gæði vörunnar sje ritað á hleðsluskjöl þeirra.

86. — — — 20 c. Fyrir 500—500 komi: 700—700.

— — — 23. Aftan við greinina bætist 2 nýir liðir.

87. — — — (25) Til Guðmundar J. Hliðdal til þess að afla sjer verklegrar kunnáttu í rafmagnsfræði erlendis, fyrra árið, og til að rannsaka og mæla fossa hjer á landi, síðara árið, 1,200—500.

88. — — — (26) Til Benedikts Jónssonar til að ljúka námi við »Teknisk Læreanstalt« í Þrándheimi 500—500.

89. — 18. gr. Á eftir: »til sjera Matthíasar Jochumssonar 2,000 kr«.
komi til mag. Benedikts Gröndals sem viðbót við eftirlaun hans 1,000 kr.

90. — — — Á eftir: »til frú Sigríðar Þorkelsdóttur 200 kr.
komi: til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls skálds Ólafssonar, 200 kr.

91. — — — Aftan við greinina bætist:
Eftirlaun amtmanns Júlíusar Havsteens teljast frá þeim tíma, er hann var settur amtmaður, 1881.

92. — 21. gr. Á eftir 6. málsgr. komi þessi málsgrein:
Úr viðlagasjóði má verja alt að 50,000 kr. til lánveitingar handa hlutafjelaginu »Klæðaverksmiðjan Iðunn«, til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, þó svo, að lánveitingin nemi eigi meiru en helmingi stofnfjárins. Lánið sje trygt með fyrsta veðrjetti í stofnuninni, og má ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði hennar, nema því að eins að Reykjavíkurbær ábyrgist það sem umfram er. Lánið ávaxtast með 4% árlega, sje afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

93. — — — Við síðustu málsgrein. Fyrir orðin: »að minsta kosti þriðjungs« komi: áskilið.

Tölulíðir, stafliðir og samtölur á Fjárlagafrumvarpinu breytist samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

Ed. **187. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. í lögum 3. október 1903, um hafnsögugjald í Ísafjarðarkaupstað.

Flutningsmaður: Sigurður Stefánsson þm. Ísafjarðarkaupstaðar.

Undanþegin hafnsöguskyldu í Ísafjarðarkaupstað eru öll fiskiskip, hvort sem þau eru eign utanríkis- eða innanríkismanna.

Nd. **188. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

1. gr.

Í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu, milli svo nefndrar Heimabæjarvarar og Stekkjalæks, skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefir ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og þau hafa birt verið í B. deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **189. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Flutningsmaður: Björn Bjarnarson.

Við 13. gr. B. Eftir VIII. lið komi nýr liður, sem orðist þannig:

IX. Til uppmælingar á innsiglingarleið inn að Salthólmavík í Dalasýslu og Króksfjarðarnesi í Barðastrandarsýslu alt að 4000 kr. (fyrra árið).

Styrkur þessi er því skilyrði bundinn, að Dalasýsla og Barðastrandarsýsla leggi fram 1/4 til móts við landssjóðsstyrkinn.

Nd. **190. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjörðina Árbakka í Húnavatnssýslu.

Flutningsmaður: Þórhallur Bjarnarson.

1. 1. grein orðist svo:
   Ráðherra Íslands veitist heimild til, að selja ábúendum þjóðjarðirnar Árbakka í Húnavatnssýslu fyrir 2200 kr., og Kornsá í sömu sýslu fyrir 4500 kr.
2. Niðurlag yfirskriftar orðist svo:
   Þjóðjarðirnar Árbakka og Kornsá í Húnavatnssýslu.

Ed. **191. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum 4. mars 1904 um stofnun lagaskóla,

Frá Valtý Guðmundssyni.

1. gr. falli burt og greinatalan breytist samkvæmt því.

Til vara:

1. gr. orðist svo:

Kennarar skólans skulu vera þrír, einn prófessor og tveir dósentar. Prófessorinn er forstöðumaður skólans, skipaður af konungi, og hefur að launum 4000 kr. á ári. Dósentarnir skulu skipaðir af ráðherra Íslands og hafa að launum 1000 kr. hvor, en fá eftir hverja 5 ára þjónustu 500 króna launaviðbót, uns launin eru orðin 2000 krónur.

Nd. **192. Frumvarp**

til laga um brunamál.

Frá brunamálanefndinni.

I. kafli.

Um tilhögun húsa og eldstæða.

1. gr.

Þá er ný húseign er reist, hvort heldur er bær, einstakt hús eða fleiri hús en eitt, sem ætluð eru til sameiginlegra afnota og standa á sömu lóð, skulu vera auð millibil milli hennar og annara húseigna, svo stór sem hjer segir:

a. 20 álnir, ef báðar húseignirnar eru úr timbri, ójárnvarðar.
b. 15 álnir, ef önnur húseignin er úr steini, torfi eða úr timbri járnvarin, en hin úr timbri ójárnvarin.
c. 10 álnir, ef báðar húseignir eru úr steini, torfi eða úr timbri járnvarðar.
d. 5 álnir, ef eldvarnarveggur er fyrir annari húseigninni, að minsta kosti 6 þumlungum hærri, en veggir þess húss, sem eldvarnarveggurinn stendur við, enda sje það hús með eldtraustu þaki, en eldtraust þök skulu talin járnþök og önnur málmþök, helluþök og tjörupappaþök einföld eða tvöföld, ef þykt pappans eða pappalaganna til samans er að minsta kosti $1^{8}/_{10}$ línu.
e. Loks mega húseignir vera samfastar, ef milli þeirra er sameiginlegur eldvarnarveggur, að minsta kosti 6 þuml. hærri en hærri húseignin.

Eldvarnarveggir skulu vera að minsta kosti 7 þuml. þykkir, hlaðnir úr steinlímdu grjóti eða úr steinsteypu, og mega eigi vera í þeim viðir eða neinskonar op.

Nú er húseign að nokkru leyti úr steini, torfi eða úr timbri járnvarin, en að nokkru leyti úr timbri ójárnvarin, og má þá enginn hluti hennar vera nær annari húseign, eða hluta af annari húseign, en svo, að hver einstakur hluti fullnægi þeim fjarlægðar-ákvæðum, er að framan eru sett um heila húseign af sömu gjörð.

2. gr.

Lýsisbræðsluhús, tígulofna og kalkofna má eigi byggja nær öðrum húseignum, en 50 álnir frá þeim.

3. gr.

Eigi má byggja hús til að geyma í skotelda, eða til þess að búa til í skotelda, nær öðrum húsum en 100 álnir frá þeim.

Hús til þess að geyma í púður eða önnur sprengiefni má eigi byggja, nema með sjerstöku leyfi lögreglustjóra.

4. gr.

Nú vill maður gjöra viðbót við húseign sína og skal þá fylgt framangreindum reglum um fjarlægð frá öðrum húseignum eftir gjörð viðbótarinnar, nema viðbótin komi eigi nær öðrum húseignum en hinn eldri hluti húseignarinnar og sje eigi miður eldtraust en hann.

5. gr.

Framangreind ákvæði um fjarlægð nýrra húseigna frá öðrum húseignum skulu einnig gilda, þá er húseignir eru endurreistar, eftir að þær hafa brunnið eða verið rifnar niður, ef hlutaðeigandi hefur nægilega stóra lóð til þess. Sje lóðin eigi nægileg til þessa, eða ef að eins nokkur hluti húseignarinnar hefur brunnið eða verið refinn niður, má endurreisa hana á sama stað og með sömu gjörð og áður. Þessi undanþága nær þó eigi til slíkra bygginga, sem ræðir um í 2. og 3. gr.

6. gr.

Í smiðjum og trjesmíðavinnustofum, þar sem eldstæði er, eða farið er með eld, skulu veggir vera úr steini eða steinsteypu, eða reyrlagðir og kalkaðir innan, ef þeir eru úr trje; loftin skulu og vera reyrlögð og kölkuð, ef þau eru úr trje. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá þessu, ef smiðja eða trjesmíðavinnustofa er sjerstakt hús eða er í útihúsi, þar sem eigi er íbúð nje önnur eldstæði og eigi geymd eldfim efni, ef ekki verður álitið, að öðrum húsum stafi brunahætta af smiðjunni.

7. gr.

Herbergi, sem geyma á í ull, hey, hálm eða önnur þess konar eldfim efni, skulu greind frá öðrum herbergjum þeim, er eldstæði eru í, með steinveggjum eða steyptum veggjum eða trjeveggjum reyrlögðum og kölkuðum þeim megin, er veit að herbergi því, sem eldstæði er í.

Dyr mega eigi vera að slíkum geymsluherbergjum frá eldhúsum með opnum eldstæðum eða frá smiðjum eða trjesmíðavinnustofum, slíkum er ræðir um í 6. gr.

8. gr.

Opin eldstæði (hlóð) má ekki hafa í þeim herbergjum, sem trjególf er

í eða trjebitar í gólfi. Hlóð skulu jafnan svo hlaðin, að hvergi sje skemra en 24 þuml. frá eldstæðinu eða öskustónni að stoðum eða öðrum viðum.

Um ofna og eldavjelar, sem eftirleiðis verða sett upp, skulu þær reglur gilda, sem hjer segir:

1. Ofna og eldavjelar má eigi setja nær timburvegg en svo, að 8 þuml. sjeu í milli.
2. Pipur frá ofnum og eldavjelum mega eigi koma nær trje en svo, að 8 þuml. sjeu í milli: þær skulu liggja inn í reykháf og mega ekki liggja um herbergi, sem geymt er í hey eða ámóta eldfim efni.
3. Eldavjelar má setja á trjególf, ef $4^1/_4$ þuml. að minsta kosti er frá gólfi upp að botni eldavjelarinnar og gólfið undir eldavjelinni þakið með járnþynnu eða öðru eldtraustu efni.
4. Ofnar skulu standa á múruðum fæti eða á múrfyltum eða opnum járnfæti; sje rist í botni ofnsins, skal öskuskúffa vera í fætinum og skal þá vera undir skúffunni járnþynna, er tyllir út í holið, 2 þuml. frá gólfi að minsta kosti.
5. Þar sem ofnar eða eldavjelar standa á trjególfi, skal gólfið fram undan eldstæðinu þakið með einhverju efni, sem ekki er eldnæmt, t. d. með járnþynnu. Skal járnþynnan eða það, sem í hennar stað er notað, ná að minsta kosti 12 þuml. fram á gólfið fyrir framan ofninn eða eldavjelina og að minsta kosti 8 þuml. út fyrir ofninn eða eldavjelina til hliðanna og að aftanverðu.

Herbergi, sem ætluð eru gufukötlum eða vatnskötlum til miðstöðvarhitunar, skulu hafa veggi og gólf úr steini eða steinsteypu og loft af sömu gjörð, þó má í þess stað koma trjeloft, reyrlagt og kalkað, ef ketillinn kemur eigi nær loftinu, en 2 álnir frá því.

9. gr.

Reykháfar skulu hlaðnir upp rambyggilega úr tígulsteini eða grjóti, lögðu í steinlím, eða gjörðir úr steinsteypu, og skulu hliðar reykháfsins eigi vera þynnri en $4^1/_2$ þuml. Þar sem reykháfur gengur gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, skal að minsta kosti vera $8^1/_2$ þml. bil milli þeirra hliða hans, sem snúa inn, og viðanna. Ekki má heldur þilja reykháfinn eða klæða hann borðum eða láta utan um hann veggfóður, sem límt er utan á lista. Reykháfur skal annaðhvort hlaðinn frá grundvelli eða liggja á hvelfingu milli tveggja steinveggja, en má eigi standa á bitum eða trjególfum. Reykháfar skulu eigi þrengri en 9 þml. á hvern veg að innanmáli, og ná að minsta kosti 1 alin upp fyrir mæni, ef þeir koma upp úr mæni húss, en að minsta kosti $1^1/_2$ alin upp úr þekjunni utan mænis.

Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópgöt, jafnvíð reykháfnum, og traust járnhurð fyrir í járnumgjörð. Inn í 9 þml. víðan reykháf má eigi setja reykpípu frá fleiri eldstæðum en 8, og jafnan skal hafa járnkraga í reykháfnum utan um hverja pípu þannig gjörðan, að pípan geti eigi ýtst inn í reykháfinn.

Eigi má reykháfur vera í herbergi, þar sem geymt er hey, ull eða ámóta eldfim efni, nema þiljað sje alt í kring um reykháfinn í því herbergi, að minsta kosti 1 alin frá honum á hvern veg, svo að engin eldfim efni nái að komast að reykháfnum.

10. gr.

Enginn má, án leyfis bæjarstjórnar í kaupstöðum eða hreppsnefndar og lögreglustjóra í verslunarstöðum, byggja verksmiðju, sem brunahætta stafar af, nema verksmiðjan standi að minsta kosti 50 álnir frá nágrannalóð. Úrskurði bæjarstjórna eða hreppsnefnda um þetta, má þó skjóta til stjórnarráðsins til úrslita. Sá, sem fær leyfi til að byggja slíka verksmiðju nær nágrannalóð en 50 álnir frá henni, skal skyldur, að gjöra þær ráðstafanir gegn brunahættu, sem heimtaðar kunna að verða.

11. gr.

Stjórnarráðið getur, ef bæjarstjórn eða hreppsnefnd mælir með, veitt undanþágu frá ákvæðum þeim, er að framan eru sett, ef staðhættir krefja og eigi verður álitið, að brunahætta stafi af.

12. gr.

Brjóti nokkur gegn ákvæðum þeim, er að framan eru sett, skal hann sæta sektum frá 4 til 100 kr. Þar að auki má knýja hann með dagsektum til þess að bæta það, sem ábótavant er, svo að fullnægi framangreindum ákvæðum.

Hafi sá, er hús lætur gjöra, falið framkvæmdina smiðum, einum eða fleiri, bera þeir ábyrgðina, nema þeir hafi brotið framangreind ákvæði beinlínis eftir skipun þess, er hús lætur gjöra.

II. kafli.
Um meðferð á eldi, ljósum o. fl.

13. gr.

Allir eru skyldir að fara varlega með eld, ljós og annað, sem valdið getur eldsvoða eða stuðlað að því, að hann komi upp. Húsbændur og húsmæður skulu hafa eftirlit með, að börn þeirra, vinnuhjú eða annað heimilisfólk þeirra eða aðrir, sem í þeirra þjónustu fást við einhver störf í húsinu, hegði sjer svo í þessu efni, að eigi verði að fundið. Í leiguhúsi skal eigandi eða umráðamaður hans, hafa gætur á því, að leiguliðar þeirra, eða þeir, sem búa í húsum þeirra, vanræki það ekki, sem grein þessi skipar fyrir um, og skulu þeir, eftir því sem unt er, koma í veg fyrir það og hindra.

14. gr.

Það skal með öllu bannað: *að* leggja eldfima hluti, svo sem hamp, hey, ull og annað því um líkt, við eldstór eða upp við reykháfa, sem ganga upp úr eldstóm; *að* reykja tóbak eða bera kerti eða lampa, sem kveikt hefur verið á og eigi er byrgður í öruggu ljóskeri, glæður eða annan eld, sem eigi

er geymdur í lokuðum járnkassa, um fjós, fjárhús, hesthús, heyhlöður, loft eða um aðra staði, þar sem mikið er fyrirliggjandi af heyi, ull, hefilspónum eða öðrum hlutum jafn eldfimum; *að* geyma í húsum ösku og annað, sem fellur frá eldstóm, annaðhvort óblandað eða blandað sorpi og öðru þvílíku, nema það sje í kössum úr málmi, steini eða leiri, eða að snara því út, fyr en helt hefur verið á það vatni eða með öðru móti komist hjá allri hættu fyrir því, að í því kvikni; *að* hleypa af skotvopnum nálægt húsum, heystökkum, móhlöðum eða öðru jafn eldfimu; *að* kveikja skotelda og tendra blys eða bikhringa, nema með leyfi lögreglustjóra, og er þá skylt, að fara eftir reglum þeim, er hann setur.

15. gr.

Sjerhver húseigandi hefur ábyrgð á því, að öllum eldstæðum, ofnum, reyháfum og reykpípum sje haldið í tilhlýðilegu standi. Leiguliði tekur þátt í þessari ábyrgð ásamt eigandanum, þegar hann eigi í tæka tíð hefur skýrt eigandanum frá einhverjum annmarka, sem honum er kunnugt um, eða byggingarnefnd eða hreppsnefnd, ef nauðsyn krefur.

Reykháfa skal hreinsa svo oft sem þörf gjörist, og eigi sjaldnar en 4 sinnum á ári, ef þeir eru notaðir að staðaldri. Húseigandi ber ábyrgð á því, að hreinsað sje, ef hann býr í húseigninni eða ef hann hefur leigt hana fleirum en einum leigjanda; sje húseign leigð einum manni eða á annan hátt leyfð honum einum til notkunar, ber hann ábyrgð á því, að reykháfar sjeu hreinsaðir, svo sem hjer er fyrir mælt.

Ekki má hreinsa reykháfa með því, að brenna sótið innan úr þeim. Ofna og eldavjelar, og pípur frá þeim til reykháfa, skal hreinsa svo oft sem þörf er á, og er það á ábyrgð þeirra, sem búa í þeim herbergjum, sem ofnarnir eða eldavjelarnar eru í.

16. gr.

Stjórnarráðið getur eftir tillögum hreppsnetnda ákveðið, að sótara skuli skipa í verslunarstöðum, sett þeim reglur fyrir hreinsuninni og um þær skyldur, er á þeim hvíla, og ákveðið gjöld fyrir hreinsanir.

Þá er ákveðið hefur verið að skipa sótara, skal hreppsnefnd útvega hæfan mann til starfans, og skulu húseigendur í verslunarstaðnum þá skyldir til að nota hann og má taka hreinsunargjöldin lögtaki. Ber sótari þá ábyrgð á framkvæmd hreinsunarinnar, en ábyrgð húseiganda eða leigjanda samkvæmt 15. gr. fellur niður, nema hann eða þeir aðhafist eitthvað það, er tálmað getur hreinsuninni eða hindrað hana.

Um hreinsun reykháfa í kaupstöðum fer eftir því, sem fyrir er mælt í lögum nr. 29, 13. sept. 1901.

17. gr.

Eigi má hafa birgðir af eldivið, steinkolum, mó eða öðru eldsneyti fast við hús að utan; birgðir af trjávið og borðum má eigi hafa utan húss nær húsum, en 10 álnir frá þeim.

18. gr.

Sjerhver sá, sem í húsi hefur forða af púðri, skal vera skyldur til að

geyma það í lokuðu íláti úr pjátri eða eiri, og geyma það uppi undir þaki fyrir ofan efstu bita. Skoteldar skulu varðveittir á sama hátt. Samt skal það vera leyft, að hafa alt að 4 pundum af púðri í búð eða því herbergi, þar sem notað er púður við einhverja iðn, en þar skal það sömuleiðis varðveitt í lokuðum ílátum úr pjátri eða eiri. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd skal tvisvar á ári grenslast eftir því hjá þeim, sem versla með púður, hvort það sje geymt á þann hátt, sem hjer er fyrir mælt, og ef svo er eigi, skal lögreglustjóra skýrt frá því. Sjerhver sá, er flytur púður, dýnamít, nítroglyserín, skotbaðmull og þess konar sprengiefni til bæjar eða kauptúns, skal senda lögreglustjóra eða hreppstjóra eða umboðsmanni hans ritaða tilkynningu um það, og skal hann sjá um, að fylgt sje þeim varúðarreglum, sem þörf er á, þar til það er komið til geymslu á óhultan stað.

19. gr.

Eigi má hafa birgðir af steinolíu, terpentínu, bensíni eða þess háttar eldnæmum vökvum, nema þar sem lögreglustjóri eða hreppstjóri álítur, að eigi geti stafað af þeim sjerstök brunahætta. Þó má geyma alt að 20 tunnur (3500 potta) af steinolíu í kjöllurum undir húsum, sem engin íbúð er í, og þar að auki skulu kaupmenn og verksmiðjur hafa leyfi til að geyma alt að því 800 potta af fyrnefndum vökvum í trjeílátum eða í flöskum í sölubúðakjöllurum og smiðjukjöllurum, en alt að því 200 potta af hinum sömu vökvum í sölubúðum eða smíðahúsum ofanjarðar. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd í samráði við lögreglustjóra setur nánari varúðarreglur um geymslu og meðferð á steinolíubirgðum.

20. gr.

Allar verksmiðjur, þar með taldar vinnustofur trjesmiða og járnsmiða og bökunarhús, skulu háð sjerstöku eftirliti bæjarstjórna og hreppsnefnda, og skal öllum skylt að fylgja í þeim bæði hinum almennu varúðarreglum, og hinum sjerstöku reglum, sem bæjarstjórn eða hreppsnefnd álítur nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir brunahættu. Sjerstaklega skulu spænir úr trjesmíðahúsum fluttir burt á hverjum degi og látnir á óhultan og afvikinn stað, þar sem eigi er farið með eld eða ljós.

21 gr.

Hver sá, sem brýtur ákvæði 13.—20. greinar, skal sæta sektum frá 2—100 kr., jafnvel þótt ekkert tjón hafi af brotinu hlotist. Sömu sektum skal húsbóndi sæta, ef börn hans eða aðrir heimamenn hans brjóta, og því verður um kent, að hann hafi vanrækt eftirlit það, er honum bar að hafa með þeim.

III. kafli.

Um slökkviáhöld, slökkvilið og eldsvoða.

22. gr.

Í öllum verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, svo og í

öllum öðrum verslunarstöðum, sem 300 íbúar eru í eða fleiri, skal jafnan vera til að minsta kosti ein slökkvidæla að stærð og gjörð eftir því, sem stjórnarráðið tekur gilt, ásamt tilheyrandi nauðsynlegum slöngum og brunastútum. Hver hreppsnefnd skal útvega dæluna á kostnað sveitarsjóðs og halda henni við og geyma hana á þeim stað, er greiður gangur er að, hvenær sem eldsvoða ber að höndum.

23. gr.

Í öllum verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, svo og í öllum öðrum verslunarstöðum, sem 300 íbúar eru í eða fleiri, skal stofna slökkvilið. Skulu í því vera allir verkfærir karlmenn 20 til 60 ára að aldri, þeir, er búsettir eru í verslunarstaðnum. Skulu þeir vera skyldir að mæta við slökkviæfingar alt að 4 sinnum á ári, og auk þess skulu þeir mæta tafarlaust, hvenær sem eldsvoða ber að höndum.

Hreppsnefnd kýs slökkviliðsstjóra til 3 ára í senn, og skal hann vera búsettur í verslunarstaðnum. Sá, sem hefur verið slökkviliðsstjóri í 3 ár eða lengur, getur skorast undan starfinu um jafnlangan tíma og hann hefur haft það á hendi samfleytt.

Slökkviliðsstjóri kveður slökkvilið til æfinga og stýrir þeim, svo stjórnar hann og slökkvitilraunum, þá er eldsvoða ber að höndum. Hann hefur og umsjón með slökkviáhöldum verslunarstaðarins eða hreppsins.

Hreppsnefnd getur, með samþykki stjórnarráðsins, sett nánari reglur um slökkvitól og slökkvilið, og má í slíkri reglugjörð ákveða sektir fyrir brot á henni.

24. gr.

Allir húseigendur eru skyldir til að útvega á eigin kostnað og eiga þessi slökkvitól: brunastiga, brunakrókstjaka og að minsta kosti 2 skjólur. Áhöldum þessum skal jafnan haldið í tilhlýðilegu standi. Þau skulu ávalt fylgja eigninni, og má eigi taka þau fjárnámi eða lögtaki út af fyrir sig, hvorki fyrir skatta nje aðra skuld.

25. gr.

Það er skylda allra, sem verða varir við, að eldsvoði sje að koma upp, að hefja upp viðvörunarkall. Eigandi húss þess, sem eldur kemur upp í, eða sje hann eigi viðstaddur, hlutaðeigandi leiguliðar eða heimilismenn, skulu hið fyrsta unt er annast um, að hreppstjóra eða lögreglustjóra, sje hann búsettur þar á staðnum, verði sagt til um brunann.

26. gr.

Hver og einn skal, þá er bruni kemur upp í húsi hans eða híbýlum, auk þess þegar í stað að gjöra þá, sem þar búa, vara við, reyna til með öllu móti, sem í hans valdi stendur, að slökkva eldinn þegar í stað, en samt má eigi fyrir þá sök láta hjá líða að segja til um brunann, eins og mælt er fyrir í næstu grein á undan.

27. gr.

Sjerhver er skyldur til, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa að-

gang að húsi sínu og lóð með slökkvivjelar og önnur áhöld, og láta sjer það lynda, að það verði gjört með því að brjóta niður og ryðja því burt, sem til fyrirstöðu er. Eigi getur heldur neinn bannað það, að bygging, sem hann á, verði rifin, ef lögreglustjóri eða slökkviliðsstjóri, þegar brýn nauðsyn ber til, álítur það nauðsynlegt, til þess að stöðva útbreiðslu eldsins.

28. gr.

Þær skemdir, sem hljótast af ráðstöfunum þeim, sem getið er um í 27. gr., teljast brunaskemdir, og skulu endurgreiðast á sama hátt og aðrar brunaskemdir. Sá, sem vill krefjast skaðabóta fyrir slíkar skemdir, skal svo fljótt, sem auðið er, og í síðasta lagi innan 8 daga, frá því að bruninn varð, bera upp kröfur sínar fyrir lögreglustjóra, sem því næst sjer um, að upphæð skaðabótanna verði ákveðin, að svo miklu leyti sem unt er, í sambandi við virðingargjörðir þær, sem fram fara til þess að meta brunatjónið til endurgjalds frá hlutaðeigandi ábyrgðarfjelagi, og að öðrum kosti með því, að láta 2 menn, sem sjerstaklega þar til verða kvaddir, meta skaðann. Þeir menn, sem til þess eru kvaddir, fá í fæðispeninga 4 kr. hvor; standi gjörðin lengur yfir en 8 klst., fá þeir fæðispeninga fyrir 2 daga. Borgunin greiðist eins og aðrar brunaskemdir af hlutaðeigandi ábyrgðarfjelagi. Sje húseign sú, er fyrir skemdum varð, óvátrygð, skal hlutaðeigandi sveitarfjelag bæta eiganda skaðann að hálfu.

29. gr.

Það er skylda allra, þegar eldsvoða ber að höndum, að láta þá aðstoð í tje, til að slökkva eldinn, sem mögulegt er, hvort sem er með því að leggja sjálfur hönd á verkið eða með því að láta af hendi vatnsfötur, slökkvitól, hesta, vagna eða aðra hluti.

30. gr.

Enginn má, þegar eldsvoða ber að höndum, undir nokkru yfirskyni ryðjast inn fyrir verði þá, sem settir eru til þess að bægja óviðriðnum mönnum frá þeim stað, þar sem bruninn er, eða skorast undan að hlýða fyrirmælum lögreglustjórnarinnar um það, að víkja burtu frá svæði því, sem þannig er innibyrgt. Hvern þann, sem verður brotlegur í því, má þegar taka fastan.

31. gr.

Enginn má við eldsvoða kasta hlutum út úr húsum ofan á stræti, torg eða í húsgarða, þar sem menn eru fyrir við slökkvitilraunir.

32. gr.

Með húsum þeim, sem eru svo skamt frá brunanum, að hætt er við að eldurinn læsi sig í þau, eða neistaflug nái til, skal eigandinn eða sá, sem kemur í hans stað, vera skyldur að hafa nákvæmt eftirlit, og skal hann þar að auki gjöra alt, sem í hans valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir, að kvikni

í húsunum, og sömuleiðis í tæka tíð skýra slökkviliðsstjóra, hreppstjóra eða lögreglustjóra frá, ef þess er kostur, að hætta vofi yfir.

33. gr.

Enginn getur meinað lögreglustjóra, hreppsnefnd eða byggingarnefnd, eða þeim. sem eru útsendir af henni, inngöngu á lóð sína, eða í hús sitt, þegar þeir koma til þess að halda ransóknir, til þess að sjá um, að því verði fylgt, sem fyrirskipað er í lögum þessum, og er sjerhver húseigandi skyldur til, að sýna fram slökkvitól þau, sem eiga að fylgja eigninni, þegar þess verður krafist af byggingarnefnd, hreppsnefnd eða þeim, sem hún hefur út sent.

IV. kafli.
Ýms ákvæði.

34. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu, hver innan síns sveitarfjelags, hafa eftirlit með, að lögum þessum sje hlýtt. Í kaupstöðunum og í verslunarstöðum með 300 íbúum eða meira skal slökkviliðsstjóri eða annar sá, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs til þess, einu sinni á ári hverju ransaka alla ofna, eldavjelar, reykháfa og pípur, hvort þetta fullnægi ákvörðun laga þessara um gjörð og hreinsun. Jafnframt skal hann og ransaka, hvort slökkviáhöld þau, er húsum eiga að fylgja, sjeu fyrir hendi og í gildu standi. Leiði skoðunargjörðin það í ljós, að einhverju sje ábótavant, skal skoðunarmaður heimta, að það sje lagfært, annaðhvort þegar í stað, ef bein brunahætta stafar af því, eða innan ákveðins tíma, og skal hann síðan ransaka, hvort skipuninni hafi verið fylgt. Hafi það eigi verið gjört, skal hann tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra.

35. gr.

Hver sá, er óhlýðnast fyrirmælum skoðunarmanns um að lagfæra það, sem ábótavant er, skal sæta sektum frá 5—100 kr., og skal auk þess í dóminum ákveðið, að hann, að viðlögðum dagsektum, skuli lagfæra það, sem ábótavant er.

36. gr.

Lögreglustjóri skal, svo fljótt sem unt er, eftir að eldsvoði er afstaðinn, halda rjettarpróf, til þess að komast fyrir orsök brunans, og skal rjettarprófið haldið á vættvangi eða svo nálægt vættvangi, sem kostur er.

37. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed. **193. Frumvarp**

til laga um að skifta Húnavatnssýslu í tvö sýslufjelög.

Flutningsmenn: Jón Jakobsson og Þórarinn Jónsson.

1. gr.

Að því er stjórn sveitarmála snertir, skal Húnavatnssýslu skift í tvö sýslufjelög.

Annað sýslufjelagið heitir Austur-Húnavatnssýsla, og eru í því þessir hreppar: Vindhælishreppur, Engihlíðarhreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Svínavatnshreppur, Torfalækjarhreppur, Sveinsstaðahreppur og Áshreppur.

Hitt sýslufjelagið heitir Vestur-Húnavatnssýsla, og eru í því þessir hreppar: Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur.

Hvort sýslufjelagið hefur sinn fjárhag út af fyrir sig.

2. gr.

Í hvoru sýslufjelaginu skal vera sýslunefnd, er hafi á hendi stjórn sveitamálefna þeirra, sem varða sýslufjelagið, samkvæmt lögum um sveitarstjórn 5. okt. 1905. Í sýslunefndum þessum eiga sæti, auk sýslumanns, sem er oddviti beggja nefnda, einn maður úr hverjum hreppi, er sje kosinn eftir reglum þeim, sem settar eru í nefndum lögum um kosningu sýslunefndarmanna.

3. gr.

Eignum, skuldum og skuldbindingum, er útgjöld hafa í för með sjer í Húnavatnssýslu, skal skift milli hinna nýju sýslufjelaga eftir samanlagðri tölu fasteignar- og lausafjárhundraða hvors um sig.

Nd. **194. Nefndarálit**

um frumv. til laga um kennaraskóla í Reykjavík.

Eftir að vjer höfum rætt mál þetta á allmörgum fundum, urðum vjer ásáttir um, að ráða hinni hv. deild til að samþykkja frumv. þetta með nokkrum breytingum.

Það var einhuga álit nefndarinnar, að stofnun kennaraskóla mætti með engu móti dragast lengur, og sú sama skoðun hefur komið fram á þingmálafundum víðsvegar um land alt, bæði nú og fyrir síðasta þing. Um þetta hafa allir verið sammála. Ágreiningurinn hefur verið um það eitt, hvort skóli þessi skyldi reistur í Reykjavík eða Hafnarfirði, og þessi ágreiningur hefur hingað til tafið fyrir málinu til stórtjóns fyrir landið. Nú voru allir nefndarmenn, að einum undanteknum, á því máli, að væri eigi nema um þessa tvo staði að velja, þá væri Reykjavík sjálfsögð, og yrði henni slept sem skólasetri, þá ætti að sjálfsögðu að velja skólanum hentugan samastað í sveit, en setja hann ekki

í smábæ, er hefði alla ókostina, sem bæirnir hafa sem skólasetur í samanburði við sveitina, en vantaði alla kostina. Allsterkar raddir komu fram í nefndinni um það, að taka nú skarið af og setja skólann upp í sveit, en við nánari yfirvegun urðu allir einhuga á því, að leggja það til, að skólinn yrði í Reykjavík. Kostnaðurinn við stofnun sveitaskóla óx mönnum í augum og vandkvæðin á því, að afla nægra og nógu fjölbreyttra kenslukrafta við slíkan skóla, nema þá með afarkostnaði. Það vakti og fyrir nefndinni, að viðsjárvert væri, að reisa skólahús uppi í sveit með ærnum kostnaði, áður en nokkur reynsla væri fengin fyrir því, hvort kennaraskóli gæti þrifist hjer í Reykjavík og komið að góðum notum. Því ef svo færi, að skólinn reyndist illa á þeim stað, sem hann yrði settur í sveit, þá væri örðugra að kippa honum þaðan burtu, því búast mætti við, að hinar dýru byggingar yrðu þar verðlausar eða verðlitlar. Úr Reykjavík mætti aftur á móti flytja skólann að skaðlausu, ef hann reyndist þar illa, hvenær sem mönnum sýndist, því skólahús ætti að mega selja þar fullu verði.

Þó nefndin sje þeirrar skoðunar, að æskilegt væri, að allir nemendur skólans hefðu vist í skólanum, þá vill hún þó ekki, af fjárhagslegum ástæðum, leggja það til, að skólahúsið sje haft svo stórt, að þar geti orðið, auk skólastjórabústaðar, heimavistir fyrir alla nemendur, en úr því það er ekki, þá lítur nefndin svo á, að ávinningurinn við það að nokkur hluti nemendanna, eins og frumvarpið gjörir ráð fyrir, hafi þar heimavistir, sje all-vafasamur.

Hún leggur því til, að heimavistaákvæðið sje felt burt úr frumv., en þar af leiðir aftur, að stofnkostnaðurinn ætti að lækka um 10—15 þúsund. En það telur nefndin sjálfsagt, að skólahúsinu sje hagað svo, að auðvelt verði að bæta við það síðar, ef mönnum sýndist, að koma á heimavistum í skólanum. Enn fremur ætlast nefndin til, að fátækum *utanbæjarnemendum* sje árlega veittur nokkur húsaleigustyrkur, svo vöntun heimavistanna verði þeim eigi eins tilfinnanleg.

Skólaárið leggjum vjer til að sje stytt um $1^1/_2$ mánuð, til þess að gjöra mönnum, sem ekki hafa annað sjer til framfærslu en vinnukaup sitt, hægra fyrir að sækja skólann. — En svo ætlumst vjer til, að kennarar skólans hafi á hendi ókeypis kenslu og æfingar við tveggja mánaða framhalds-kensluskeið fyrir lýðskólakennara. Starfstími þeirra verður eftir því 8 mánuðir á ári.

Laun kennaranna viljum vjer gjöra jafnari, því vjer lítum svo á, að tæplega sje hægt að komast hjer af með minni laun en 2000 kr.

Að endingu skal þess getið, að nefndin beindi þeirri fyrirspurn til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík, hvort tilboð hennar til alþingis 1903 og 1905 um ókeypis hæfilega stóra lóð handa kennaraskóla hjer í bænum o. fl., standi enn óbreytt. Út af fyrirspurn þessari hefur bæjarstjórnin á fundi sínum 27. júlí þ. á., tekið svolátandi ályktun, sem bæjarfógetinn hefur með brjefi d. s. 29. júlí, sent oss útskrift af:

»2. Í tilefni af brjefi til bæjarstjórnar frá kennaraskólanefnd alþingis, lýsti bæjarstjórn yfir því, að hún stæði enn við tilboð sitt til alþingis frá 1905 um ókeypis hæfilega stóra lóð undir kennaraskóla — alt að 600 fer.faðma — og að heimila 1—2 bekki barnaskólans til æfinga fyrir nemendur kennaraskólans«.

Munnlega hafa bæjarfulltrúar látið á sjer skilja, að kensla sú og æfingar, sem hjer er um að ræða, mundi borguð, ef hún yrði eins notadrjúg og önnur kensla við skólann.

Verður ekki annað sagt, en að þetta sje hið mesta sómaboð af hálfu bæjarstjórnarinnar.

Breytingar þær, er vjer leggjum til að gjörðar verði á frumv., eru svo látandi, og mun verða gjörð nánari grein fyrir þeim við framsögu málsins:

Við 1. gr. Fyrir: »40,000« komi: alt að 30,000

— 2. — Aftan af greininni falli: »og alt — nemendur«

— 3. — Fyrir: »14. maí« komi: 31. mars.

5. — Orðist svo:

Við skóla þennan skipar ráðherrann 3 fasta kennara; er einn þeirra forstöðumaður og hefur 2400 kr. að árslaunum, auk ókeypis bústaðar í skólahúsinu, hita og ljóss; annar kennari hefur 2200 kr. árslaun og þriðji kennari 2000 kr.

Forstöðumaður hefur alla umsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans.

Á eftir 5. gr. komi ný grein, sem verður 6. gr. svo hljóðandi:

Kennarar skólans eru skyldir til, að hafa á hendi ókeypis um tveggja mánaða tíma á ári, kenslu og æfingar við framhaldskensluskeið fyrir lýðskólakennara, eftir nánari reglum, er yfirstjórn lýðskólanna setur.

Neðri deild alþingis 12. ágúst 1907.

Þórh. Bjarnarson, form. — Stefán Stefánsson, þm. Skagf., skrifari og framsögumaður.

Árni Jónsson. Magnús Andrjesson. Eggert Pálsson.

Jón Magnússon. G. Björnsson.

Nd. **195. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um vegi.

Flutningsmaður: Þórh. Bjarnarson.

Við 8. gr. staflið C.:

Fyrir: »að einum þriðja, en Mýrasýsla að tveim þriðju«

komi: að einum fimta, en Mýrasýsla að fjórum fimtu.

Nd. **196. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Flutningsm.: Einar Þórðarson og Ólafur Thorlacius.

Við 16. gr. Á eftir 2. lið komi nýr liður:

Til verklegrar búnaðarkenslu á Eiðum:

2000—2000.

Nd. **197. Breytingartillaga**
við breytingartillögu á þingskjali 195.
Flutningsmaður: Björn Bjarnarson.
Fyrir: »að einum fimta, en Mýrasýsla að fjórum fimtu«
komi: að tveim níundu, en Mýrasýsla að sjö níundu.

Nd. **198. Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Flutningsmaður: Einar Þórðarson.

Við 21. gr. Á eftir 8. málsgrein komi ný málsgrein þannig hljóðandi:
Úr viðlagasjóði má lána Ingvari E. Ísdal, snikkara, alt að 12,000 kr., gegn þeirri ábyrgð, er stjórnin tekur gilda, til þess að koma á fót trjesmíðaverksmiðju á Seyðisfirði. Af láninu greiðast 4% vextir árlega, það sje afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Nd. **199. Breytingartillögur**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908—1909.
Flutningsmenn: G. Björnsson, Ólafur Thorlacius, Herm. Jónasson, Einar Þórðarson.

Aftan við 12. gr. 9. h. komi tveir nýir leiðir:

i. Styrkur til þess, að byggja sjúkraskýli á föstum læknasetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 2000 kr. á hverja þúsund hjeraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis . . . . . 10.000 kr.

j. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar. Stjórnarráðið veitir þennan styrk eftir tillögum landlæknis og má ekki verða meira en 200 kr. fyrir hverja mánaðardvöl utanlands . 1.600 kr.

Nd. **200. Viðaukatillaga**
við breytingartillögur við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908—1909 frá fjárlaganefndinni (þingskjal 186).
Flutningsmaður: Magnús Andrjesson.

(Við 14. gr. B fjárlagafrumvarpsins). Á eftir 47. tölulið í breytingartillögum fjárlaganefndarinnar komi nýr liður, sem verður 48. liður, svo hljóðandi:
XIII. Til Sigurðar Þorvaldssonar, til að stunda nám við »Statens Lærerhöjskole« í Kaupmannahöfn 400 kr. síðara árið. Liðatalan breytist samkvæmt því.

Ed. **201. Frumvarp**
til laga um almennan kosningarrjett til alþingis.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Aukaútsvarsgreiðsla skal eigi lengur vera skilyrði fyrir kosningarjetti til alþingis (sbr. 6. gr. b. í stjórnarskipunarlögum 3. okt. 1903).

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1908.

Ed. **202. Frumvarp**
til laga um fræðslu barna.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

I. kafli.

Um fræðsluskyldu.

1. gr.

Fræðslu barna til fullnaðs 10 ára aldurs skulu heimilin annast sjálf og kosta, nema þar sem öðruvísi er ákveðið með skólareglugjörð (6. gr.). Skal hvert barn 10 ára að aldri vera orðið nokkurn veginn læst og skrifandi, ef það er til þess hæft. Komist skólanefnd að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi fræðslu í þessum greinum, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða mótþróa húsbænda, ber henni að gjöra ráðstöfun til, að börnunum verði komið fyrir annarstaðar, þar sem þau fái nauðsynlega tilsögn. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, eru aðstandendur barnsins skyldir að greiða, en borga má hann fyrirfram úr sveitarsjóði. Kostnað þennan má taka lögtaki.

2. gr.

Hvert barn, sem er fullra 14 ára, á að hafa lært:

1. að lesa móðurmálið skýrt og áheyrilega og geta sagt munnlega frá því, er það les; það skal og geta gjört skriflega grein fyrir efni, sem það þekkir vel, nokkurn veginn ritvillulaust og mállýtalaust; það skal vita nokkuð um merkustu menn vora, einkum þá, er lifað hafa á síðustu öldum, og kunna utanbókar nokkur íslensk kvæði, helst ættjarðarljóð og söguleg kvæði, og geta skýrt rjett frá efni þeirra í óbundnu máli.
2. að skrifa læsilega og hreinlega snarhönd.
3. í kristnum fræðum það, sem heimtað er eða heimtað kann að verða, að börnin kunni í þeirri grein til fermingar.
4. fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og brotum og geta

notað þær til þess að leysa úr auðveldum dæmum, sem koma fyrir í daglegu lífi, meðal annars til þess að reikna flatarmál og rúmmál einföldustu hluta; það skal og vera leikið í því að reikna með lágum tölum í huganum.

5. að nota landabrjef; það skal og hafa nokkra þekking á náttúru Íslands og atvinnuvegum þjóðar vorrar, þekkja legu helstu landa í Norðurálfunni og vita hvernig álfur liggja á hnettinum.
6. nokkur einföld sönglög, einkum við íslensk ættjarðarljóð.

3. gr.

Auk þeirrar fræðslu, sem 2. gr. ræðir um, skulu þau börn, 10—14 ára að aldri, er sótt geta fasta skóla, öðlast þá fræðslu í landafræði, sögu Íslands, náttúrufræði og öðrum greinum, sem fyrirskipuð kann að verða með reglugjörðum skólanna.

II. kafli.

Um skólahald.

4. gr.

Í hverjum þeim hreppi, þar sem ekki er kostur á að senda börn á skólaaldri í fastan skóla, skal á kostnað sveitarsjóðs halda uppi farkenslu. Skal kenslu þeirri hagað svo, að hvert barn í hreppnum, 10—14 ára að aldri, geti notið að minsta kosti tveggja mánaða fræðslu hjá farkennara ár hvert. Skulu foreldrar og þeir aðrir, er hafa börn á þessum aldri til framfærslu, skyldir að láta þau njóta þessarar fræðslu, nema skólanefnd hreppsins veiti undanþágu, og skal hún gjöra það, ef hún álítur, að fræðsla sú, er börnin fá með því móti, verði jafngild þeirri fræðslu, sem fer fram á hreppsins kostnað. Umsóknir um slíkar undanþágur skulu vera komnar til skólanefndar á þeim tíma, er hún sjálf ákveður og auglýsir í lok kensluársins ár hvert.

Nú óhlýðnast foreldrar eða þeir aðrir, er barn hafa til framfærslu, ákvæðum þessum, án gildra ástæðna, og varðar það 1—25 kr. sekt eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð.

Skólanefnd getur með samþykki yfirstjórnar lýðskólanna slept að ráða farkennara þegar svo stendur á, að börn eru fá í hreppnum á skólaaldri, enda megi sjá þeim fyrir nægilegri fræðslu á annan hátt.

Sleppa má kristindómsfræðslu í farskólum og föstum skólum, ef skólanefnd telur það heppilegt.

5. gr.

Geti barn eigi gengið daglega milli heimilis síns og þess kenslustaðar, sem skólanefnd hreppsins hefur ákveðið því, skal sá, er barnið hefur til framfærslu, koma því fyrir á kenslustaðnum eða á heimili svo nálægt honum, að barnið geti sótt skólann þaðan.

6. gr.

Í kaupstöðum, sjóþorpum og þjettbýlum sveitum, þar sem eru eða settir verða á stofn fastir heimangönguskólar og reglugjörð þeirra og hollustuhættir eru samþykt af yfirstjórn lýðskólanna, skulu öll börn 10—14 ára að aldri, þau er skóla geta sótt að heiman, njóta þar kenslu, nema foreldrar þeirra eða húsbændur hafi fengið undanþágu með sama hætti og segir í 4. gr.

Árlegur námstími skal vera að minsta kosti 6 mánuðir. Þó getur yfirstjórn lýðskólanna veitt leyfi til að stytta þennan námstíma um einn mánuð, sje það gjört til þess að nota skólann til kenslu barna 8—10 ára að aldri, að minsta kosti 2 mánuði haust eða vor, samkvæmt reglugjörð, er yfirstjórnin samþykkir. Yfirstjórnin getur og veitt kaupstöðum og hreppum heimild til að skipa fyrir um skólaskyldu fyrir börn, sem eru yngri en 10 ára, þó ekki yngri en 7 ára fullra.

Nú geta nokkur börn í hreppnum, 10—14 ára að aldri, fyrir vegalengdar sakir ekki sótt skólann að heiman, og skal þá annaðhvort sjá þeim fyrir farkenslu með þeim hætti, er segir í 4. og 5. gr., eða koma þeim fyrir í heimavistir í skólanum sjálfum eða á heimili í nánd við hann, svo að þau geti sótt skólann þaðan.

Brot móti ákvæðum þessarar greinar varða sektum samkvæmt því, sem segir í 4. gr.

7. gr.

Yfirstjórn lýðskólanna setur reglur um tilhögun heimavistarskóla þeirra, er settir kynnu að verða á stofn í sveitum.

8. gr.

Í öllum þeim skólum, sem nú hafa taldir verið, veitist kenslan ókeypis.

III. kafli.

Um próf.

9. gr.

Próf skal halda árlega um kunnáttu barna í hverjum hreppi og kaupstað. Við próf skal jafnan vera prófdómandi skipaður af yfirstjórn lýðskólanna. Fær hann alt að 4 kr. í dagpeninga, er greiðast úr landssjóði. Börn þau, sem lokið hafa lögskipuðu námi, geta fengið vottorð um kunnáttu sína og þroska undirritað af prófdómanda. Að loknu prófi skal prófdómandi senda skólanefnd álit sitt skriflegt um það, hversu barnafræðslunni er háttað í sveitinni eða kaupstaðnum, en hún sendir það yfirstjórn lýðskólanna.

Próf skal haldið að vorinu og ákveður prófdómandi stað og tíma í samráði við skólanefnd.

Til prófs skulu koma öll börn, sem eru 10 ára að aldri og alt að fullra 14 ára.

Nú kemur barn á þessum aldri ekki til prófs, án gildra forfalla, og

sætir þá sá, er barnið hefur til framfærslu, sektum frá 2 til 20 kr., eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð.

10. gr.

Reynist barn, sem er yngra en 14 ára, svo vankunnandi, að sterkar líkur eru til, að það nái eigi lögskipaðri kunnáttu, áður en það er 14 ára fullra, ber skólanefnd að gjöra ráðstafanir til, að lögð sje við það meiri rækt en áður, og má hún, ef nauðsyn ber til, kaupa því sjerstaka kenslu á kostnað þess, er barnið hefur til framfærslu, samkvæmt því sem segir í 1. gr.

11. gr.

Barni, sem er fullra 14 ára og hefur eigi fengið hina lögskipuðu kunnáttu, ber skólanefnd að sjá fyrir nægilegri tilsögn á sama hátt og segir í 10. gr., og er því skylt að koma árlega til prófs, uns það stenst prófið eða er fullra 16 ára. Undanskilin fyrirmælum þessarar greinar og fyrirmælum næstu greinar á undan eru þau börn, er skólanefndin dæmir óhæf til hins lögboðna náms sakir gáfnaskorts eða vanheilsu.

12. gr.

Yfirstjórn lýðskólanna setur reglur um tilhögun prófanna og um skýrslur þær og skírteini, er henni skal senda um prófin.

IV. kafli.

Um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnafræðslu.

13. gr.

Styrkur af landssjóði veitist farskólum, heimangönguskólum og heimavistarskólum utan kaupstaða, eftir þeim reglum, sem segir í eftirfarandi greinum.

14. gr.

Hreppnum veitist styrkur úr landssjóði til farskóla með þeim skilyrðum:

1. að kenslunni sje hagað eftir reglugjörð, sem skólanefnd hreppsins semur og yfirstjórn lýðskólanna hefur samþykt.
2. að kennarinn sje ráðinn af skólanefnd með skriflegum samningi og hafi, auk fæðis, húsnæðis og þjónustu, að minsta kosti 6 kr. kaup fyrir hverja viku, er hann kennir;
3. að fullnægt sje ákvörðun yfirstjórnarinnar um kensluáhöld.

Nú fullnægir hreppur kröfum þessum, og fær hann þá úr landssjóði styrk að tiltölu við tölu þeirra barna, 10—14 ára að aldri, er kenslunnar nutu, og lengd námstimans.

15. gr.

Hreppnum veitist styrkur úr landssjóði handa föstum heimangönguskólum með þeim skilyrðum:

1. að kenslu skólans sje hagað eftir reglugjörð, sem yfirstjórn lýðskólanna hefur samþykt;
2. að fullnægt sje reglum þeim, er yfirstjórnin setur um hollustuhætti slíkra skóla og kröfum hennar um kensluáhöld;
3. að hver kennari skólans sje ráðinn af skólanefnd, — með hæfilegum uppsagnarfresti af beggja hálfu, — með skriflegum samningi, og hafi aðalkennarinn að minsta kosti 18 kr. laun fyrir hverja viku, er hann kennir, og aðstoðarkennari eigi minna en 12 kr. um vikuna, er þeir kenna 4—5 stundir á dag.

Nú fullnægir hreppur þessum kröfum, og fær hann þá úr landssjóði styrk að tiltölu við barnafjölda skólans og lengd námstímans.

16. gr.

Heimavistarskóla veitist styrkur úr landssjóði, ef hann fullnægir þessum skilyrðum:

1. að skólastaður, tilhögun skólahússins og stærð og takmörk skólahjeraðsins sje ákveðið með samþykki yfirstjórnar lýðskólanna;
2. að kenslunni og skipulagi skólans verði hagað eftir reglugjörð, sem yfirstjórnin samþykkir;
3. að aðalkennari skólans hafi að minsta kosti 25 kr. laun fyrir hverja viku, er hann kennir, auk húsnæðis, ljóss og hita, ef ekki færri en 20 börn njóta kenslu í skólanum í senn, en að því skapi minni laun, sem nemendur eru færri, þó aldrei minni en 18 kr., og skal kennarinn ráðinn af skólanefnd — með hæfilegum uppsagnarfresti frá beggja hálfu — með skriflegum samningi og með samþykki yfirstjórnar lýðskólanna.

Nú fullnægir skólinn þessum skilyrðum, og veitist honum þá styrkur úr landssjóði eftir sömu reglum og föstum heimangönguskólum.

17. gr.

Hverri beiðni um styrk til barnafræðslu, samkvæmt því, er nú hefur sagt verið, skulu fylgja skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn lýðskólanna fyrirskipar.

V. kafli.

Um skólanefndir

18. gr.

Í hreppi hverjum og kaupstað skal vera skólanefnd, og sitja í henni 5 menn: Einn lýðskólakennari á sæti í nefndinni; í kaupstöðunum kýs bæjarstjórn hina 4; í sveitum kýs hreppsnefnd 2 þeirra eða 3, ef enginn lýð-

skólakennari er búsettur í hreppnum, en hinir tveir eru kosnir á hreppaskilaþingi af þeim, sem atkvæðisrjett eiga í sveitarmálum; kjörgengur er hver, sem atkvæðisrjett hefur. Þar sem fastur lýðskóli er í hreppnum (kaupstaðnum), skal aðalkennari hans sjálfkjörinn í nefndina. Sje annars fleiri en einn kennari við sveitarskóla innan skólahjeraðsins, nefnir hreppsnefnd annan eða einn þeirra í skólanefndina.

Þegar hreppar ganga saman í eitt skólahjerað, skulu skólanefndir hreppanna halda fund með sjer, og kjósa sín á meðal nýja skólanefnd fyrir skólahjeraðið, og skulu í henni vera fimm menn eða sjö.

19. gr.

Kosning nefndarmanna gildir um 3 ár, og má endurkjósa þá að þeim tíma liðnum, en ekki eru þeir skyldir að taka við kosningu fyr en jafnlangur tími er liðinn og þeir sátu í nefndinni. Kosning til skólanefndar skal jafnan fram fara, er hreppsnefndarmenn hafa setið í hreppsnefnd þrjú ár eða sex. Þeir, sem kosnir verða í hina fyrstu skólanefnd hreppsins, skulu kosnir að eins til þeirra tímamóta. Deyi nefndarmaður eða fari úr nefndinni annara orsaka vegna, áður en þrjú ár eru liðin, frá því er hann var kosinn, skal sá, er kosinn er í hans stað, að eins vera í nefndinni þann tíma af þrem árum, sem enn er eftir.

20. gr.

Nefndin kýs úr sínum hóp til eins árs formann, varaformann og skrifara. Skyldir eru embættismenn nefndarinnar að taka við endurkosningu tvö ár í röð.

Enginn nefndarmanna hefur atkvæðisrjett um þau mál, er snerta hann sjálfan sjerstaklega.

21. gr.

Formaður kallar nefndina saman til funda svo oft, sem þörf krefur. Nefndin getur enga ályktun gjört, nema að minsta kosti fullur helmingur hennar sje viðstaddur. Atkvæðafjöldi ræður úrslitum. Ef jafnmörg eru atkvæði, skal atkvæði formanns ráða. Ályktanir nefndarinnar skulu ritaðar í gjörðabók.

22. gr.

Skólanefnd skal sjá um að mentun barna í hreppi hennar eða kaupstað nái því takmarki, sem lög þessi ákveða eða sett verður með reglugjörðum samkvæmt þeim. Hún annast um að herbergi þau, er notuð eru til kenslu, sjeu svo, að heilsu barnanna sje eigi hætta búin, og jafnframt skal hún leitast við að velja kenslustaði svo, að sem mestur jöfnuður verði á aðstöðu þeirra, er senda börn til kenslunnar, og hún útvegar börnum samastað, ef aðstandendur þeirra geta það ekki (sbr. 4. og 5. gr.). Skólanefnd skal gjöra sjer far um að útvega sem hæfasta kennara og skulu þeir, sem staðist hafa kennarapróf jafnaðarlega vera látnir ganga fyrir þeim, sem ekki hafa

staðist slíkt próf. Hún skal sjá um að börnin hafi til náms síns nauðsynlegustu bækur og áhöld, eftir því, sem yfirstjórn lýðskólanna ákveður. Hún hefur og umsjón með prófum þeim, sem fyrirskipuð eru í lögum þessum. Skólanefnd sjer um bygging skólahúsa eftir uppdrætti, er yfirstjórnin hefur samþykt, og um útvegun nauðsynlegra skólaáhalda; hún annast og viðhald húsa og kensluáhalda og endurbætur á þeim. Hún ráðstafar fje því, sem hreppurinn (kaupstaðurinn) veitir til barnafræðslu, og afhendir hreppsnefnd (bæjarstjórn) í tæka tíð áætlun um kostnað við barnafræðsluna fyrir hvert ár. Hún semur og undirritar beiðnir um styrk úr landssjóði til barnafræðslunnar og býr út skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn lýðskólanna heimtar um allan hag barnafræðslunnar.

23. gr.

Yfirstjórn lýðskólanna setur nánari ákvæði um skyldur og störf skólanefnda.

VI. kafli.

Um yfirstjórn lýðskólanna og umsjón.

24. gr.

Yfirstjórn lýðskólanna og umsjón hefur stjórnarráð Íslands. Sjer til aðstoðar hefur það skólafróðan mann, er ráðherra Íslands skipar. Gegnir hann aðallega umsjónarstarfinu fyrir hönd stjórnarráðsins, undirbýr ráðstafanir þær og reglugjörðir, er stjórnarráðið setur fyrir lýðskólana og aðrar þær stofnanir, er að lýðmentun lúta. Umsjónarmaður hefur að launum 3000 kr. Kostnað við ferðir, sem leiða af starfi hans, fær hann greiddan eftir reikningi. Starfsvið hans ákveður stjórnarráðið nánar með reglugjörð.

VII. kafli.

Um það, hver lagaákvæði sjeu úr gildi numin með lögum þessum og hvenær lögin öðlast gildi.

25. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin: Konungsbrjef 2. júlí 1790 um uppfræðing barna, og lög 9. janúar 1880 um uppfræðing barna í skrift og reikningi.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1908.

Nd. **203. Breytingartillögur**
við frumvarp til laga um skipun læknishjeraða o. fl. (á þingskjali 182).
Flutningsmaður: Magnús Andrjesson.

1. Við 1. gr. 1. lið. Á eftir: »Reykjavíkurkaupstaður« komi: »Kjósarhreppur, Kjaldarneshreppur«.
2. Við 1. gr. 2. lið. a, Á milli orðanna »Fossvog — Mosfellshreppur« bætist: »og«
b, Orðin: »Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur« falli burt.

VARATILLAGA.

Á eftir 1. lið í 1. gr. komi nýr málsliður svo hljóðandi: Læknirinn í hjeraði þessu er enn fremur skyldugur til, þegar því verður við komið og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Kjósarhreppi og Kjalarneshreppi.

Nd. **204. Viðaukatillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1908—1909.
Flutningsmaður: Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyfirð.

Við 13. gr. B. III. Á eftir staflið 3 komi nýr stafliður, er verði 4. liður: Frá Grund í Eyjafirði að Djúpadalsá fyrra árið 11,000 kr.

Nd. **205. Viðaukatillaga**
við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar á þingskjali 186.
Flutningsmaður: Stefán Stefánsson, þm. Eyf.

Við 14. gr. B. fjárlagafrumv. Á eftir 47. breytingartillögu, staflið XII, komi nýr liður:
XIII. Til Karls Finnbogasonar til að kynna sjer kenslu og fyrirkomulag á lýðháskólum erlendis 600 kr. (fyrra árið).

Nd. **206. Viðaukatillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1908—1909.
Flutningsmaður: Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyfirðinga.

Við 18. gr. Á eftir »til fyrverandi fangavarðar Sigurðar Jónssonar 700 kr.« komi: til Tómasar Davíðssonar 200 kr.

Upphæðin í byrjun greinarinnar breytist samkvæmt því.

Ed. **207. Frumvarp**
til laga um laun sóknarpresta.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hver sóknarprestur fær að byrjunarlaunum 1250 kr. á ári. Þegar hann er orðinn eldri að embættisaldri en fullur þriðjungur sóknarpresta landsins, fær hann í laun 1450 kr. á ári, og þegar hann er orðinn eldri að embættisaldri, en fullir tveir þriðjungar sóknarpresta landsins, fær hann í laun 1650 kr. á ári. Launin greiðast úr landssjóði, að svo miklu leyti, sem prestur tekur þau ekki undir sjálfum sjer, sbr. 4. gr.

2. gr.

Auk launa þeirra, sem ákveðin eru í 1. grein, fær dómkirkjupresturinn í Reykjavík 1200 kr. á ári. Þá fá og sóknarprestarnir í eftirtöldum prestaköllum, fyrir erfiðleika sakir, árlega þá aukaþóknun, sem nefnd er hjer á eftir við hvert þeirra:

1.	Hof í Vopnafirði	150,00 kr.
2.	Kirkjubær í Hróarstungu	200,00 —
3.	Hof í Álftafirði	200,00 —
4.	Þykkvabæjarklaustur...	150,00 —
5.	Torfastaðir	200,00 —
6.	Suðurdalaþing	150,00 —
7.	Staður á Reykjanesi	200,00 —
8.	Dýrafjörður	200,00 —
9.	Vatnsfjörður	300,00 —
10.	Laufás	200,00 —
11.	Háls í Fnjóskadal	300,00 —
12.	Skútustaðir	200,00 —
13.	Skinnastaðir...	200,00 —

Nú batnar eitthvert af nefndum prestaköllum að stórum mun að yfirferð, vegna aukinna vega, nýrra brúa, af því að bygð á útkjálkum legst niður eða af öðrum ástæðum, og getur landsstjórnin þá, við næstu prestaskifti, flutt erfiðleikauppbótina, með ráði biskups, yfir á annað erfitt prestakall.

3. gr.

Auk launa þeirra, sem ákveðin eru í undanförnum greinum, ber hverjum presti borgun fyrir aukaverk eftir gildandi lögum, þó svo, að borgun fyrir aukaverk í þarfir þurfamanna greiðist úr sveitarsjóði. Presturinn innheimtir sjálfur borgun fyrir aukaverk.

4. gr.

Afgjald eftir prestssetrið, lóðargjöld á landi þess, arð af ítökum, er prestur notar sjálfur, sem og prestsmötu, tekur hann, að svo miklu leyti sem gjöld þessi fara ekki fram úr launum hans, samkvæmt 1. og 2. gr.,

undir sjálfum sjer, með því ákvæðisverði, sem sett er á gjöld þessi í matsgjörð, er fari fram 10. hvert ár.

5. gr.

Ákvæðisverð gjalda þessara um næstu 2 ár eftir að lög þessi öðlast gildi, fer eftir mati því, er fram fór 1899. En ákvæðisverð fyrir næsta 10 ára tímabil þar á eftir skal finna þannig: Jafnskjótt eftir að lög þessi öðlast gildi, skal prestur hver senda prófasti tvíritaða skýrslu um afgjald prestssetursins, að fráskildu íbúðarhúsi, með arði af lóðargjöldum á landi þess, ítökum og prestsmötu, eftir fyrirmynd, er biskup semur, sem og matsgjörð dómkvaddra manna. Skýrsla þessi skal einnig bera með sjer, hvað tekjugreinar þær, sem þar hafa taldar verið, hafi numið, hver um sig, næstu 5 ár á undan.

6. gr.

Þá er skýrslur þær, sem nefndar eru í 8. gr., eru komnar til prófasts, sendir hann landsstjórninni annað eintak þeirra. En stjórnin setur síðan í krónutali — samkvæmt skýrslum þessum — ákvæðisverð á tekjur þær, sem nefndar eru í 4. gr. Skal svo á sama hátt ávalt undirbúa ákvæðisverð í hönd farandi 10 ára tímabils.

Skýrslu um ákvæðisverð þetta í öllum prestaköllum landsins skal birta í Stjórnartíðindunum, þegar er það er ákveðið.

7. gr.

Í hverju því prestakalli, þar sem presturinn hefur hingað til haft ákveðið prestssetur, heldur hann ábúðarrjetti á því framvegis.

8. gr.

Hver hreppstjóri hefur umsjón yfir öllum þeim kirkjueignum, er liggja í hreppi hans, að undanskildum prestssetrum og lóðargjöldum á prestssetrunum, sem og ítökum þeim, er presturinn notar sjálfur. Hann innheimtir eftirgjöld jarðanna og skilar sýslumanni þeim fyrir lok júnímánaðar ár hvert, en sýslumaður greiðir tekjur þessar í landssjóð. Í umboðslaun fær hreppstjóri 6% af eftirgjöldunum.

9. gr.

Hreppstjórar hafa byggingarráð á kirkjueignum þeim, er þeir hafa umráð yfir; þó skal bygging á jörðum því að eins fullgild, að sýslumaður hafi ritað samþykki sitt á byggingarbrjefið.

Þegar kirkjujarðir eru framvegis bygðar, skal eftirgjaldið ákveðið í peningum og gjalddagi 31. desbr. ár hvert. Ef lóðarblettur eða önnur jarðarnot eru leigð lengur en leiguliði getur sjálfur notað þau, þá skal ávalt ákveðinn leigutími til nefndur, eigi lengri en 50 ár, og er slíkur leigusamningur eigi fullgildur, nema samþykki landsstjórnarinnar komi til.

10. gr.

Hreppstjóranum ber að hafa eftirlit með því, að kirkjujarðirnar sjeu vel setnar, og að ekkert gangi undan þeim af því, sem þeim fylgt hefur og fylgja ber. Hann má ekki líða neinum leiguliða að láta tún eða engi fara í órækt eða jörðina skemmast á annan hátt af hans völdum. Hann skal og gæta þess, að leiguliði láti eigi innstæðu-kúgildi falla eða hús hrörna um skör fram, og er það á hreppstjórans ábyrgð, ef hann vanrækir þetta. Eftirlit með prestssetrum og úttekt á þeim fer eftir sömu reglum og hingað til.

11. gr.

Nú hrekkur ákvæðisverð á eftirgjaldi prestssetursins, með lóðargjöldum, ítökum og prestsmötu, ekki fyrir launum prestsins, og fær hann þá það, sem til vantar, úr landssjóði. Fari ákvæðisverð hins vegar fram úr laununum, borgar prestur afganginn í landssjóð innan júnímánaðarloka.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi fyrsta fardag 1908, þannig, að hver sem fær veitingu fyrir prestakalli frá þeim tíma eða síðar, fær laun eftir lögum þessum. Prestar í þeim prestaköllum, þar sem engar breytingar verða eftir prestakallaskipunarlögunum á sóknaskipun, mega kjósa um það, að fá launaupphæðina eftir eldri reglunum, eða eftir lögum þessum. Sama er um presta í þeim prestaköllum, þar sem kostur er að koma þegar á breytingum, sem fyrir er mælt um í lögum, og presturinn gengur að þeim breytingum.

Uppbætur sökum erfiðleika veitast að eins í þeim brauðum, þar sem sú skipun er komin á, sem hin nýju lög um skipun prestakalla mæla fyrir um, enda taki presturinn þar að öðru leyti laun sín eftir þessum lögum.

Þar sem prestur heldur áfram að taka laun eftir eldri ákvæðum, skal hann fá úr landssjóði uppbót fyrir tekjur af kirkjueignum og sóknum, eftir meðaltali á tekjum þessum frá 1903—1908.

Lög þessi öðlast gildi í fardögum 1908, og frá sama tíma falla burtu tíund og lausamannagjald til prests, offur, lambsfóður og dagsverk, og jafnframt eru úr gildi numin öll lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

Nd. **208 Nefndarálit.**

um frumvarp til laga um almennan ellistyrk.

Frumvarp þetta er bygt á sama grundvelli og lögin frá 11. júlí 1890 og 18. desbr. 1897 um styrktarsjóði handa alþýðufólki.

Helstu afbrigðin eru þau, er hjer segir:

Eftir alþýðustyrktarsjóðslögunum eru að eins hjú og lausafólk gjaldskylt.

Frumvarpið ætlast til, að gjaldskyldan hvíli á öllum stjettum.

Nú er aldurstakmarkið að neðanverðu 20 ár, en er ráðgjört 18 ár.

Gjaldið nemur nú 1 kr. fyrir karlmann og 30 aurum fyrir kvenmann, en á að verða 2 kr. og 1 kr.

Nú er ekkert lagt fram úr landssjóði, en frumvarpið ætlast til, að landssjóður leggi til 50 aura fyrir hvern gjaldskyldan.

Nú er úthlutað 1/2 af árgjaldinu og 1/2 af vöxtum. Eftir frumvarpinu á árlega að úthluta 2/3 af árgjaldinu og 1/2 af vöxtum og framlagi landssjóðs.

Eftir alþýðustyrktarsjóðslögunum er heilsulitlum og ellihrumum fátæklingum, sem ekki þiggja af sveit, ætlaður styrkur úr sjóðunum. Frumvarpið ætlar styrkinn ellihrumum fátæklingum, sextugum eða eldri, með ýmsum takmörkunum þó.

Eftir núgildandi reglum má styrkupphæð ekki vera minni en 6 kr., eftir frumvarpinu ekki minni en 20 og ekki meiri en 200 kr.

Nefndin er samþykk stjórninni um flestar nýbreytingar frumvarpsins, en kemur þó fram með ekki allfáar breytingartillögur, er verða prentaðar sjer.

Helstu breytingar nefndarinnar eru um hækkun á framlagi landssjóðs og um lækkun á aldurstakmarkinu, sem skilyrði fyrir styrkþágu.

Nefndin hefði helst óskað, að hægt hefði verið, að tryggja öllum landslýð viðunanlega lífsbjörg, er heilsa þryti eða elli bagaði. En að svo stöddu er þess ekki kostur, einkum vegna ófullkominnar vitneskju um öryrkjatölu í landinu.

Frumvarpið bætir nokkuð úr ástandi því, sem er. En þar sem bæturnar aðallega fást með auknum álögum á almenning, telur nefndin fyrst og fremst rjett, að *almenningur* geti gjört sjer nokkra von um, að njóta góðs af framlögum sínum, og vill í annan stað hækka framlag landssjóðs, þannig, að það verði helmingur af framlagi karls og konu.

Haldist 60 ára takmarkið sem skilyrði fyrir styrk, geta fæstir gjört sjer von um að njóta góðs af stofnun hinna nýju sjóða, enda virðist aldurinn einn ekki eiga hærri rjett á sjer en önnur ósjálfráð veiklun. Nefndin leggur því til, að allir gjaldskyldir öryrkjar eigi heimtingu á styrk úr sjóðunum.

Fyrir öðrum breytingum verður gjörð grein í framsögunni, að svo miklu leyti, sem ræða verður um efnisbreytingar.

Neðri deild alþingis 12. ág. 1907.

Björn Bjarnarson, form.	Lárus H. Bjarnason, skrifari og framsögum.

Magnús Andrjesson. Pjetur Jónsson. Hermann Jónasson.

Nd. **209. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um almennan ellistyrk.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr., 1. málsgr.
   Í stað orðanna: »ellihrumu fólki« komi: öryrkjum.
2. Við 1. gr., 2. málsgr.
   Í stað orðanna: »50 aurum fyrir hvern gjaldskyldan mann til sjóðsins það ár« komi: 1 krónu fyrir hvern gjaldskyldan karlmann og 50 aurum fyrir hvern gjaldskyldan kvenmann.
3. Við 2. gr., 1. málsgr.

Í stað: »ellistyrktarsjóðsins« komi: öryrkjasjóðsins.

4. Við 2. gr. c.

Liðurinn falli burt, en í hans stað komi: Karlmaðurinn greiðir 2 kr. í sjóðinn á ári, en kvenmaðurinn 1 kr.

5. Við 3. gr.

Í stað: »ellistyrktarsjóð« komi: öryrkjasjóð.

6. Við 4. gr.

Í stað: »febrúar« komi: janúar.

Í stað: »styrktarsjóðsins« komi: sjóðsins.

Í stað orðanna: »Í skránni skulu vera skýringar« o. s. frv. málsgreinina út, komi: Skráin skal rituð á prentuð eyðublöð, er stjórnarráðið útbýtir.

Í stað: »eftirrit af fólkstalsskýrslum — árlega« komi: skrá yfir hið gjaldskylda fólk, er dregin sje út úr manntalsskýrslunum í Reykjavík og sálnaregistrunum annarsstaðar.

7. Við 5. gr., 1. málsgr.

Í stað: »ellistyrktarsjóðsins« komi: öryrkjasjóðsins.

Við a. Í stað: »eiga að inna af hendi ellistyrktarsjóðsgjald«, komi: eiga að inna gjaldið af hendi.

Við b. Í stað hins sama komi sama.

Við c. Í stað: »styrktarsjóðsgjald« komi: gjaldið.

Við d. Í stað sama komi sama.

Við e. Sömuleiðis.

Við f. Sömuleiðis.

Við síðustu málsgr.

Í stað: »hreppsnefndar og bæjarstjórnar« komi: hreppsnefndar eða bæjarstjórnar.

Í stað: »styrktarsjóðsgjöld« á 2 stöðum komi: gjöldin.

8. Við 6. gr.

Í stað: »ellistyrktarsjóðanna« komi: öryrkjasjóðanna.

Í stað: »1.—7. mars« komi: 1.—7. dags febrúarmánaðar.

Við greinina bætist:

enda sje áður auglýst með viku fyrirvara, hvar skrárnar verði lagðar fram.

9. Við 7. gr.

Í stað orðanna: »eða ranglega slept þar« komi: eða einhverjum ranglega slept þar.

Í stað: »14. mars« komi: 15. dag febrúarmánaðar.

Eftir: »til sýslumanns«, komi: innan 15. dags marsmán.

Í stað: »innan loka marsmánaðar« komi: innan 15. dags aprílmán.

Í stað: »úr styrktarsjóðnum« komi: úr sjóðnum.

Í stað: »fyrir lok júnímánaðar sama ár« komi: innan ársloka.

10. Við 8. gr.

Í stað: »fyrir ómak sitt« o. s. frv. komi: innheimtumenn fá 2% fyrir gjaldheimtuna.

11. Við 9. gr.

Í stað: »fellir úrskurð um reikningana« komi: úrskurðar reikningana.

Í stað: »ellistyrktarsjóðanna« — »styrktarsjóðanna« komi: sjóðanna.

12. Við 10. gr.

Í stað: »styrktarsjóðsgjald« — »styrktarsjóðsgjöld« komi á fyrri staðnum: árgjöld til öryrkjasjóða, og á seinni staðnum: gjöldin:

13. Við 11. gr.
Í stað: »ellistyrktarsjóðsins« komi: öryrkjasjóðsins.
Í stað: »styrktarsjóðsins« — »styrktarsjóðnum« komi: sjóðsins — sjóðnum.

14. Við 12. gr.
Í stað: »styrktarsjóðnum« komi: öryrkjasjóðnum.

15. 13. gr. orðist svo:
Styrk þann, er úthluta skal ár hvert, veita bæjarstjórnir og hreppsnefndir fátækum öryrkjum, þó þeim einum, sem eru fullra 18 ára að aldri eða þar yfir, eiga heima í kaupstaðnum eða hreppnum, hafa ekki þegið sveitarstyrk árið áður og eiga framfærslurjett hjer á landi.
Við úthlutun styrksins skal einkum hafa fyrir augum, hve mikil og brýn þörf öryrkja er og hvort hann hefur verið reglusamur og vandaður maður.
Styrkur til lækninga, borgun fyrir meðul, sjúkrahúsvist, umbúðir og slíkt telst eigi sveitarstyrkur þá er um öryrkjastyrk er að ræða.

16. Við 14. gr.
Í stað: »ellistyrktarsjóðs« komi: öryrkjasjóðs.
Í stað: »beiðni« komi: umsókn.
Í stað: »bænaskráin« komi: umsóknarbrjefið.

17. Við 15. gr.
Orðin: »ekki yfir 200 kr.« falli burt.

18. Við 16. gr.
Í stað: »ellistyrktarsjóðsgjöld« komi: öryrkjasjóðsgjöld.
Fyrirsögnin verði:
Frumvarp til laga um öryrkjastyrk.

Nd. **210. Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908—1909.
Flutningsmaður: Jóhannes Ólafsson.

Við 12. grein.
Á eftir tölulið 3. komi nýr liður, sem verði 4. töluliður: Styrkur til aðstoðarlæknis, er sje búsettur á Flateyri 1000—1000.
Styrkur þessi veitist gegn 300 kr. árlegu tillagi annarsstaðar frá.

Nd. **211. Breytingartillögur,**
við 24. og 25. breytingartillögu á þingskjali 186, við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908—1909.
Flutningsmaður: Jóhannes Ólafsson.

13. grein D. II. 2.
24. í staðinn fyrir »25,000« komi: 13,000.
25. - — — »63,500« komi: 75,500.

Nd. **212. Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar (þgskj. 186) við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Frá Jóni Magnússyni.

Á eftir 26. lið komi nýr (27.) liður þannig:

Við 13. gr. B. II. 5. Kostnaður við síma frá Eystri-Garðsauka til Vestmannaeyja . . . . . 32,300 kr.
Með því skilyrði að annarsstaðar frá greiðist . 10,000 kr.

Nd. **213. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908—1909.

Flutningsmaður: Jóhannes Ólafsson.

Við 14. gr. B. VII. Á eftir staflið m. komi nýr stafliður n.:
til unglingaskólans á Núpi í Dýrafirði 500 — 500.

Nd. **214. Breytingartillaga**

við breytingartill. fjárlaganefndarinnar á þingskjali 186.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson, Eyf.

Við 14. gr. B. VII. m. Fyrir »5000« komi: 7500.

Nd. **215. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1904 og 1905.

Hin auknu útgjöld, sem farið er fram á að veita fje til í frumvarpi þessu, stafa sumpart af því, að áætlanir þær, sem gjörðar hafa verið við undirbúning fjárlaganna, hafa reynst of lágar, t. d. útgjöld við póststjórnina. Á sama tíma hafa einnig tekjur af póstferðum aukist stórkostlega, svo litlu munar, að þessi starfræksla landssjóðs beri sig.

Sumpart leiðir útgjaldaaukinn af endurbótum, sem hentugra hefur þótt að framkvæma á fjárhagstímabilinu, en fresta til seinni tíma, t. d. útgjöld til vegabóta.

Að öðru leyti hefur nefndin ekkert að athuga við einstakar greinar frumvarpsins og leggur til, að það verði samþykt með þessum viðaukum (sbr. nefndarálit um athugasemdir yfirskoðunarmanna við landsreikninginn 1905, 24. og 2).5.

Við 5. gr. Á eftir »B. Til kenslumála« komi: Við III. Til hins almenna mentaskóla.

Við C. 4 til tímakenslu og prófdómenda 1904 og 1905 kr. 927,80.

Á eftir 5. grein komi ný grein:

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. fjárlaganna, veitist:
Við tölulið 5. til útrýmingar fjárkláða 1904 og 1905 kr. 40323,27.

Alþingi 29. Júlí 1907.

Guðl. Guðmundsson
form.

Ólafur Briem
skrifari og framsögum.

M. J. Kristjánsson.

Nd. **216. Nefndarálit**
um frumvarp til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1904 og 1905.

Eins og tekið er fram í álitsskjali um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1902 og 1903, hefur peningaforði landssjóðs í landsreikningnum undanfarin ár ekki verið talinn eins og hann hefur verið í raun rjettri. Við rannsókn, er gjörð var um peningaforðann við árslok 1903, kom það fram, að þessi munur er kr. 3363,97. Þótt ekki hafi tekist að finna, hvernig á þessari skekkju stendur, hefur þótt nauðsynlegt, að leiðrjetta upphæð peningaforðans í landsreikningnum, og er það gjört í frumvarpi þessu, á þann hátt, að umræddar kr. 3363,97 eru algjörlega feldar burtu eftir samráði við yfirskoðunarmenn landsreikninganna.

Samkvæmt nefndaráliti um athugasemdir yfirskoðunarmannanna við landsreikningana 1904 og 1905, tölul. 27, eiga óviss útgjöld að lækka um kr. 348,80 (kostnað við heimsending norskra sjómanna), og leggur nefndin því til, að frumvarp þetta verði samþykt með þeirri breytingu:

Við gjaldlið 10. Fyrir 21518,66 komi: 21169,86.

Upphæð peningaforðans breytist samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

Alþingi, 29. júlí 1907.

Guðl. Guðmundsson,
form.

Ólafur Briem,
skrifari og framsögum,

M. J. Kristjánsson.

Nd. **217. Nefndarálit**
um athugasemdir yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1904 og 1905.

I. Reikningurinn 1904.

Tekjubálkurinn.

1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og lausafje.

Í athugasemdum yfirskoðunarmanna er fundið að því, að eftirstöðvar úr

Skagafjarðarsýslu af ábúðar og lausafjárskatti o. fl. hafi komið nokkuð seint í landssjóðinn. Í svörum ráðherrans er það upplýst, að dráttur á greiðslunni stafi af því, að gjöldin hafi verið borguð með ávísunum, er hljóðuðu upp á greiðslu 3 mánuðum eftir sýningu, og hafi þannig lagaðar ávísanir að undanförnu verið teknar sem gild borgun á manntalsbókartekjum.

Á alþingi 1887 bar landsreikninganefndin upp tillögu um, að ávísanir á verslunarhús í Kaupmannahöfn yrðu því að eins teknar sem gild borgun upp í tekjur landssjóðs, að þær væru stílaðar á borgun við sýningu. Tjeð þingsályktunartillaga var feld, af þeim ástæðum, að hún væri ekki til neinna hagsmuna fyrir landssjóðinn, með því að greiðslan gengi upp í viðskifti landssjóðs við aðalfjehirslu, er engum vöxtum væri svarað af, en hins vegar gæti breytingin orðið gjaldendum til óhagræðis, að því leyti sem þeir ættu örðugra með að fá innskrift fyrir gjöldunum hjá kaupmönnum.

Jafnvel þó landssjóður hafi ekki beinan halla af innlausnarfresti ávísana, mundi afnám hans draga allmikið úr tekjueftirstöðvum í landsreikningnum, og þannig miða til að gjöra reikningsfærsluna einfaldari. Nefndin leyfir sjer því að leggja það til, að ávísanir á verslunarhús í Kaupmannahöfn verði því að eins teknar sem gild borgun upp í tekjur landssjóðs, að þær sjeu borgaðar við sýningu.

4. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum.

Yfirskoðunarmenn vekja athygli á, að eftirstöðvar úr Strandasýslu sjeu nokkuð seint greiddar, en vonast eftir, að haft sje vakandi auga á, að landssjóður bíði engan halla við vanrækslu gjaldheimtumanns. Ráðherra hefur skýrt frá, að sýslumaður hafi verið áminntur um, að innheimta og afgreiða tekjur landssjóðs í tæka tíð. Nefndin finnur ekki að svo stöddu ástæðu til frekari aðgjörða.

10. Afgjald af jarðeignum landssjóðs.

Út af skekkju, sem komið hefur fram í eftirstöðvum í Arnarstapa- og Skógarstrandar-umboði, hafa yfirskoðunarmenn haldið því fram, að í eftirstöðvum eigi að standa ekki eingungis það, sem ógreitt kann að vera hjá umboðsmanni, heldur einnig óinnheimt jarðaafgjöld, svo lengi sem þau eru ekki talin ófáanleg, og jafnframt hafa þeir lagt það til, að glögg grein sje gjörð fyrir, hvað innheimtist á ári hverju af gömlum eftirstöðvum. Þessu er nefndin fyllilega samdóma.

En þar sem yfirskoðunarmenn enn fremur leggja það til, að feld sjeu úr eftirstöðvum sem ófáanleg þau gjöld, er ekki hafa getað orðið innheimt næstliðin 4—5 ár, vill nefndin taka það fram, að hún álítur ekki rjett, að óinnheimtum afgjöldum sje slept úr eftirstöðvum, fyr en sönnun er fram komin fyrir því, að þau sjeu ófáanleg, t. d. við árangurslaust lögtak eða gjaldþrotaskifti.

11. Tekjur, er snerta viðlagasjóð.

Af þilskipalánum er talið burt fallið sem ófáanlegt kr. 3169,68. Tjón það, er landssjóðnr hefur þannig beðið, stafar af lánum, er Helga kaupmanni Helgasyni í Reykjavík voru veitt árin 1896 og 1898. Þegar kaupmaður þessi varð gjaldþrota, voru eftirstöðvar lánanna með vöxtum kr. 4903,24, en skip þau, er stóðu að veði fyrir þeim, voru seld við nauðungaruppboð, að kostnaði frádregnum, fyrir kr. 1733,56. Annað skipið, sem lánað var út á 1950 kr., seldist á 475 kr. 78 a., og hitt skipið, sem lánað var út á 4000 kr., seldist á 1257 kr. 78 au.

Samkvæmt þeirri reynslu, sem þannig er fengin, virðist sú tillaga yfirskoð-

unarmannanna á góðum rökum bygð, að skorað sje á landsstjórnina að gæta þess svo sem unt er, að landssjóður, eða nú Fiskiveiðasjóður Íslands, verði ekki fyrir skakkaföllum af slíkum lánum.

Gjaldabálkurinn.

17. Kostnaður við sakamál og gjafsóknamál.

Kostnaður við sakamál og gjafsóknamál hefur farið talsvert fram yfir fjárveitingu. Hafa yfirskoðunarmenn lagt það til, að leitað verði aukafjárveitingar fyrir tjeðri upphæð, enda hafi það verið föst regla, að krefjast aukafjárveitingar á öllum umframgreiðslum, er nokkru nema. Í svari ráðherrans er því þar á móti haldið fram, að aukafjárveiting sje ekki nauðsynleg, þar sem um áætlunarupphæð lögmæltra útgjalda sje að ræða.

Jafnvel þó stundum geti verið skiftar skoðanir um, hvað sje föst fjárveiting og hvað sje áætlun, virðist eðlilegast, að gjörður sje greinarmunur á þessu tvennu, þannig, að í fjáraukalög sjeu að eins teknar þær upphæðir, sem greiddar eru fram yfir fastákveðnar fjárveitingar, en ekki þó umframgreiðsla verði á áætlunarupphæð lögmæltra gjalda. Enda er sá greinarmunur öldungis nauðsynlegur, þegar því er að skifta að skera úr, hvort þingið hafi vald til að synja um samþykki til útborgunar, sem greidd hefur verið um fram fjárveitingu.

29. Greiðslur samkvæmt fjárlögum 13. gr. B. VIII. 3.

Út af athugasemd yfirskoðunarmannanna um ferðakostnaðarreikninga kand. mag. Guðmundar Finnbogasonar, vill nefndin láta í ljósi það álit sitt, að embættismenn og sýslunamenn, er taka laun úr landssjóði, eigi ekki heimting á að fá greidda fæðispeninga á ferðalögum í landsins þarfir, nema sjerstök lagaheimild sje fyrir slíkri greiðslu.

Að undanförnu mun ekki hafa verið fylgt fastri reglu í þessu efni, og með tilliti til þess er það tillaga nefndarinnar, að við svo búið megi standa í þetta sinn.

31. Til verklegra fyrirtækja.

Í fjárlögum 1904 og 1905, 14. gr. 15., er D. Thomsen konsúl veittur 2000 kr. styrkur til að útvega mótorvagn frá útlöndum og reyna hann á akvegum hjer. Halda yfirskoðunarmenn því fram, að eftir því sem fjárveitingin er orðuð, virðist vagninn vera landssjóðs eign. Í svari ráðherra er það upplýst, að Thomsen hafi ekki afhent vagninn, enda hafi stjórnarráðið enga kröfu til hans gjört.

Nefndin hefur gjört fyrirspurn til framsögumanns fjárlaganefndarinnar á alþingi 1903 um rjettan skilning á tjeðri fjárveitingu. Samkvæmt svari hans, er hjer með fylgir, og öðrum atvikum, verður að álíta það tilgangslaust, að gjöra kröfu til vagnsins fyrir landssjóðs hönd.

32. Eftirlaun og styrktarfje.

Þegar embættismenn eða ekkjur þeirra komast á eftirlaun úr landssjóði, ætlast yfirskoðunarmenn til, að eftirlaunin sjeu reiknuð út svo fljótt, að það, sem á að greiða á reikningsárinu, geti komið í þess árs reikning. Nefndin væntir þess, að þessu verði fylgt sem aðalreglu.

Að því er snertir greiðslu á eftirlaunum prestsekkna, hefur stjórnarráðið,

með brjefi, dags. 28. desbr. 1904, ákveðið, að því leyti sem eftirlaunin hvíla á landssjóði, þá skuli greiða þau fyrir fram fyrir hvern ársfjórðung. Yfirskoðunarmenn telja rjettara, að eftirlaun prestsekkju reiknist nákvæmlega til þess tíma, er hún í raun rjettri fer af landssjóði.

Regla sú um greiðslu á eftirlaunum prestsekkna, er stjórnarráð hefur sett, er í samræmi við það lagaákvæði, að laun embættismanna skuli útborguð fyrirfram fyrir hvern mánuð, og sýnist tjeð regla mega standa óhögguð.

II. Reikningurinn 1905.

Tekjubálkurinn.

8. Afgjald af jarðeignum landssjóðs.

Til húsabóta á þjóðjörðum í Kjósar- og Gullbringusýslu hefur verið veitt meira fje, en öllum afgjöldum jarðanna nemur. Og hafa yfirskoðunarmenn látið í ljós, að þar sje lengra farið, en heimilt sje eftir fjárlögunum. Í svari ráðherra er skýrt svo frá, að mikill hluti þessa fjár sje veittur samkvæmt ráðgjafabrjefi 25. maí 1880, er setur reglur um styrkveitingu til jarðabóta á þjóðjörðum.

Jafnvel þó reglurnar í umræddu ráðgjafabrjefi hafi um eitt skeið verið látnar ná til húsabygginga, einkum þeirra, er standa í nánu sambandi við jarðabætur, svo sem heyhlöður og safnhús, virðist síðar þörf á því nú, eftir að fengin er sjerstök lagaheimild fyrir fjárveitingu til húsabóta. Nefndin verður því að vera yfirskoðunarmönnum samdóma um, að rjett sje, að stjórnin fari ekki út fyrir heimildina í 3. gr. fjárlaganna, að því er þess konar fjárveitingar snertir.

Gjaldabálkurinn.

17. Útgjöld til holdsveikraspítalans.

Yfirskoðunarmenn hafa vakið máls á því, að ekki sje sanngjarnt að neita Grafnings- og Þingvallahreppum í Árnessýslu um endurborgun á 400 kr., er þeir hafa greitt til að útbúa einangrunarklefa fyrir vitskertan sjúkling í holdsveikraspítalanum, og hafa lagt það til, að tekin verði í aukafjárlög endurborgun á tjeðri upphæð.

Nefndin lætur þess getið, að hún álítur það óskylt starfi yfirskoðunarmanna, að annast hagsmuni einstakra hreppa fram yfir það, sem lög standa til, og leiðir hjá sjer, að hlutast til um þetta mál.

24. Til hins almenna mentaskóla.

Til tímakenslu og prófdómenda hefur verið varið umfram fjárveitingu 1905 kr. 684,35 og 1904 kr. 243,45. Hafa yfirskoðunarmenn gefið í skyn, að sleppa mætti að leita aukafjárveitingar fyrir þessari umframgreiðslu, af þeirri ástæðu, að sparnaður hefði orðið á allri fjárveitingu til skólans, og hefur ráðherra tjáð sig því samþykkan.

Þessa skoðun getur nefndin alls ekki aðhylst, en álítur það eitt rjett, að leita aukafjárveitingar fyrir umframgreiðslu á einstökum liðum, ef ekki er um lögskip-

uð útgjöld að ræða, án tillits til þess, hvort útgjöldin að samanlögðu fara fram úr fjárveitingu eður eigi.

25. Til verklegra fyrirtækja.

Til útrýmingar fjárkláða hefur á fjárhagstímabilinu verið varið kr. 40323,27 fram yfir fjárveitingu, og telja yfirskoðunarmenn sjálfsagt, að leita aukafjárveitingar fyrir þeirri umframgreiðslu, en í svari ráðherra er því haldið fram, að ekki sje ástæða til þess, með því að umræddur kostnaður sje lögskipaður.

Að vísu er það lögum samkvæmt, að kostnaður við útrýming fjárkláða greiðist úr landssjóði, en með því að upphæð hans er bundin við ráðstafanir, sem eru ekki fastákveðnar með lögum, heldur fara að miklu leyti eftir áliti stjórnarvalda, virðist rjett, að upphæðin sje tekin í fjáraukalög.

27, Óviss útgjöld.

Til útgjalda er talinn kostnaður við heimsending norskra sjómanna, kr. 348,80. Í landsreikningnum eru ekki færð nein rök fyrir því, að kostnaður þessi eigi að hvíla á landssjóði, og í svari ráðherra upp á fyrirspurn yfirskoðunarmanna, er ekki heldur nein slík rök að finna. Einungis er þess getið, að norski konsúllinn hafi eigi talið sjer skylt að sjá um heimsending þeirra, að hvorki Noregur nje önnur ríki endurgjaldi slíkan kostnað, og loks, að þau skilyrði hafi ekki verið fyrir hendi, sem útheimtist til þess, að kostnaðurinn yrði endurgoldinn landssjóði úr ríkissjóðnum danska.

Samkvæmt þessu virðist liggja næst, að umræddur kostnaður hefði átt að greiðast af því sveitarfjelagi eða bæjarfjelagi, þar sem áminstir sjómenn urðu vegalausir, gegn endurgjaldi frá þeim sveitarfjelögum, er þeir eiga framfærslurjett í. Nefndin getur því ekki að svo stöddu fallist á, að ofannefnd upphæð verði færð landssjóði til endilegra útgjalda.

Alþingi, 29. júlí 1907.

Guðl. Guðmundsson form.	Ólafur Briem skrifari og framsm.	M. J. Kristjánsson.

Fylgiskjal.

Út af fyrirspurn yðar viðvíkjandi styrk þeim, er veittur var í fjárlögum fyrir 1904 og 1905 D. Thomsen konsúl til mótorvagnskaupa, er því að svara, að fjárlaganefndin 1903 ætlaðist ekki til, að vagninn væri eign landssjóðs, heldur að það væri nýr og góður flutningavagn, sem verulegt mark væri að við tilraun hjer á vegunum, og þess vegna var styrkurinn veittur. Þegar til kom, reyndist vagninn ver á sig kominn, en nefndinni hafði verið gefin von um.

Alþingi, 12. ágúst 1907.

Pjetur Jónsson.
alþingism.

Til
Formanns landsreikninganefndarinnar á alþingi 1907.

Nd. **218. Tillögur**

yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1904 og 1905.

Alþingi ályktar:

1. Að ávísanir á verslunarhús í Kaupmannahöfn verði því að eins teknar sem gild borgun upp í tekjur landssjóðs, að þær sjeu borgaðar við sýningu.
2. Að landsstjórnin gæti þess, svo sem unt er, að landssjóður eða Fiskiveiðasjóður Íslands verði ekki fyrir skakkaföllum af lánum, sem veitt eru gegn veði í skipum eða veiðarfærum.
3. Að embættismönnum og sýslunarmönnum, sem taka laun úr landssjóði, sjeu eigi greiddir fæðispeningar á ferðalögum í landsins þarfir, nema sjerstök lagaheimild sje fyrir þeirri greiðslu.
4. Að landsstjórnin fari ekki út fyrir heimildina í 3. gr. fjárlaganna, að því er snertir styrkveitingar til húsabóta á þjóðjörðum.

Nd. **219. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason. Magnús Andrjesson.

Við 13. gr. D. II.

Eftir 2. staflið komi nýr (3.) liður:

Til talsímalagningar frá Grund eða Norðtungu um Borgarnes til Stykkishólms (seinna árið) 67,000,00

Hjer af væntist frá hlutaðeigandi hjeruðum alt að $^1/_3$ *22,333,00* _____

44,667.00

Nd. **220. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909 á þskj. 199.

Flutningsmaður: Einar Þórðarson.

Aftan við síðari lið bætist:

Þó ekki meira en 800 kr. handa hverjum.

Nd. **221. Breytingartillaga**

við viðukatillögu á þingskjali 204, við frv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Frá Stefáni Stefánssyni Eyf.

Fyrir »fyrra« (árið) komi: síðara (árið).

Nd. **222. Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Flutningsmenn: Hannes Þorsteinsson, Ólafur Ólafsson.

Við 13. gr. B. III.
Á eftir stafl. 3 komi nýr stafl.:
Frá Ingólfsfjalli hjá Alviðru upp í Grímsnes 10,000 kr. fyrra árið.

Nd. **223. Viðaukatillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Flutningsmenn: Hannes Þorsteinsson, Ólafur Ólafsson.

Við 16. gr. Eftir stafl. 21. bætist nýr liður:
Til að fullgjöra umbætur á höfn og skipalagi á Stokkseyri 12,000 kr. fyrra árið.

Ed. **224. Frumvarp**
til laga um löggilding verslunarstaðar við eystri enda Viðeyjar, móti Gufunesi.
Flutningsmaður: Aug. Flygenring.

1. gr.

Við eystri enda Viðeyjar, móti Gufunesi, skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefur ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvbr. 1905.

Nd. **225. Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Aftan við 18. gr. bætist:
Enn fremur til Pjeturs bónda Pjeturssonar í Hafnardal í Norður-Ísafjarðarsýslu 400 kr. fyrra árið.

Ed.

226. Frumvarp

til laga um skipun læknishjeraða o. fl.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Íslandi skal skift í 43 læknishjeruð, þau er hjer segir:

1. Reykjavíkurhjerað: Reykjavíkurkaupstaður og Seltjarnarneshreppur inn að Elliðaám og Fossvogi að meðtaldri Engey og Viðey. Læknissetur í Reykjavík.
   Læknirinn í hjeraði þessu er enn fremur skyldugur til, þegar því verður við komið og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Kjósarhreppi og Kjalarneshreppi.
Fornmenjavörður skal semja skrá yfir allar fornleifar, taldar í 2. grein, sem nú eru kunnar og honum þykir ástæða til að friða, og skal tiltaka staðinn svo nákvæmlega, sem unt er. Nú kemst forngripvörður að raun um, að fornleifar, sem hann telur nauðsyn á að friða, sjeu til á einhverjum stað, og skal hann þegar taka þær á fornleifaskrá.

6. gr.

Allar þær fornleifar, sem á fornleifaskrá standa, skulu friðaðar, og sjer stjórnarráðið um, að friðhelginni sje þinglýst á því þingi, er hver einstök fornleif liggur til. Friðhelgi telst frá þinglýsingardegi.

Ef landeigandi eða ábúandi verður fyrir nokkru tjóni við það, að friðhelgi er á lögð, skal greiða skaðabætur úr landssjóði. Nú rís ágreiningur milli þess, er hlut á að máli, og stjórnarráðsins um það, hvort nokkrar skaðabætur skuli greiða eða um upphæð skaðabóta, og skulu óvilhallir, dómkvaddir menn skera úr því máli. Skaðabótakröfur skulu komnar til stjórn-

arráðsins, áður en 4 mánuðir eru liðnir frá þinglýsingardegi, ella falla þær niður.

7. gr.

Allar lausar fornleifar, sem taldar eru í 3. grein og eru eldri en 150 ára, eru friðaðar án þinglýsingar, og eru eign landsins. Fornleifar þessar skal setja á sjerstaka skrá, svo fljótt, sem því verður við komið.

8. gr.

Friðuðum fornleifum má enginn, hvorki landeigandi nje leiguliði nje nokkur annar, spilla, granda nje breyta, laga nje aflaga nje úr stað flytja, nema leyft sje í lögum þessum, og skal þá fara eftir þeim reglum, sem lögin setja.

9. gr.

Skyldur er ábúandi eða leiguliði að gjöra lögreglustjóra við vart, ef friðuð fornleif liggur undir skemdum af völdum náttúrunnar eða er skemd af manna völdum. Gjörir þá lögreglustjóri þær bráðabirgðar-ráðstafanir, sem þarf, til að varna skemdum, og skýrir þegar stjórnarráðinu frá málavöxtum, en stjórnarráðið ákveður með ráði fornmenjavarðar, hvað gjöra skuli. Aðgjörðin greiðist úr landssjóði, nema skemdin sje af manna völdum; þá greiðir sá, er skemdi.

Vilji landeigandi eða leiguliði gjöra jarðrask það nokkuð, er haggar við friðuðum fornleifum, eða gjöra nokkuð það, er þeim geti spilt, skal hann skýra lögreglustjóra frá því og um leið lýsa fornleifunum og gjöra skýra grein fyrir þeim breytingum, er hann vill gjöra. Þá skýrslu ber þegar að senda til stjórnarráðsins, er ákveður með ráði fornmenjavarðar hvað gjöra megi og með hvaða skilmálum.

Ef landeigandi eða leiguliði við gröft eða á annan hátt finnur fornleifar, er teljast verða til menja þeirra, er nefndar eru í 2. eða 3. gr., skal hann jafnskjótt skýra frá því, eins og nú var sagt, og hætta vinnu að svo miklu leyti, sem hún kann að hagga við fornleifunum, þangað til úrskurður stjórnarráðsins er fenginn.

Grasi vaxnar fornmenjar, sem nú eru slegnar eða beittar, má framvegis nota á þann hátt, ef engin hætta er á, að þær spillist við það.

10. gr.

Ef ómögulegt er að komast hjá því, að eyða eða spilla staðbundnum fornmenjum við vegagjörð eða önnur mannvirki í þarfir landsins, sýslu eða sveitar, nema þá með mjög mikilli fyrirhöfn og kostnaði, skal verkstjóri eða það stjórnarvald, sem hlut á að máli, skýra stjórnarráðinu frá málavöxtum, áður en nokkuð er haggað við fornmenjunum, og ákveður þá stjórnarráðið, hvað gjöra skuli.

11. gr.

Stjórnarráðið hefur ætíð rjett til að gjöra eða láta gjöra alt það, er því þykir þörf á vera, til þess að rannsaka fornleifar með greftri eða á annan hátt, eða til verndar fornmenjum, viðhalds eða endurbóta, en þó skal eiganda eða umráðanda jafnan gjört viðvart um það áður. Eftir gröft og aðrar rannsóknir, er jarðraski valda, skal sá, er rannsókn stýrði, koma öllu í samt lag aftur, nema honum þyki betur fara á annan veg.

Valdi slíkar rannsóknir eða aðgjörðir eigendum eða umráðendum fornleifanna nokkru tjóni eða tilkostnaði, skal sá skaði bættur úr landssjóði, ef krafist er. Náist samkomulag ekki um skaðabætur, skulu þær metnar af óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

3. kafli.

Um forngripi.

12. gr.

Hver sá, er finnur forngrip í jörðu eða á, er skyldur til að skýra lögreglustjóra þegar í stað nákvæmlega frá fundinum. Jafnframt skal hann afhenda lögreglustjóra það, sem fundist hefur, nema hætt sje við, að það skemmist í flutningnum, þá skal hann varðveita það á þann hátt, sem hann best getur, uns lögreglustjóri ráðstafar því. Ef líkur eru til, að fleiri forngripir muni dyljast á fundarstaðnum, skal finnandi við engu hagga, en skýra þegar lögreglustjóra frá. Fundarstað skal finnandi jafnan greina skilmerkilega.

Ef forngripur finst við mannvirki þau eða störf, sem framkvæmd eru samkvæmt 10. grein, skal finnandi afhenda hann verkstjóra eða því stjórnarvaldi, sem hlut á að máli, og skal viðtakandi gefa lögreglustjóra nákvæma skýrslu um fundinn og fari með, sem að framan er greint. Nú finst forngripur við rannsókn þá eða aðgjörð, sem getur í 11. grein, og skal þá sá, er rannsókninni eða aðgjörðinni stýrir, annast um hlutinn og sjá um, að hann komist til Forngripasafns Íslands og að ágrip af skýrslu um fundinn sje birt, sem síðar segir (sbr. 14. grein).

Skylt er lögreglustjóra að gefa skriflega viðurkenningu fyrir móttöku forngrips, ef þess er óskað.

13. gr.

Jafnskjótt sem lögreglustjóri hefur fengið skýrslu um fund forngrips, skal hann skýra þeim manni eða mönnum frá, sem land eiga undir, þar sem forngripur fanst, og jafnframt senda stjórnarráðinu skýrsluna með þeim viðaukum frá sjálfum sjer, sem honum virðast nauðsynlegir. Enn fremur sendir hann þá forngripi, sem honum hafa verið afhentir, til stjórnarráðsins, nema hætt sje við, að þeir skemmist í flutningi, þá skal lögreglustjóri geyma gripina, uns stjórnarráðið ráðstafar þeim.

Ef lögreglustjóra virðast líkur til, að fleiri forngripir muni dyljast þar, sem forngripur fanst, skal hann geta þess í skýrslu sinni til stjórnarráðsins og sjá um, að engu verði rótað á fundarstaðnum, þangað til rannsókn getur fram farið.

14. gr.

Ágrip af þeim skýrslum um fundna forngripi, sem stjórnarráðið fær frá lögreglustjóra eða þeim manni, er rannsókn eða aðgjörð stýrir samkvæmt 11. grein (sbr. 13. og 12. grein), skal birta þrisvar í því blaði, er flytur stjórnvaldaauglýsingar, með áskorun til eiganda, ef nokkur sje, að gefa sig fram.

Alla þá forngripi, sem nefndir eru í fundarskýrslu, skal fornmenjavörður taka á sjerstaka skrá, og skulu þeir geymdir á sjerstökum stað í Forngripasafni Íslands, uns útsjeð er um, hvort eigandi finst (sbr. 15. og 16. grein).

15. gr.

Nú gefur eigandi sig fram, áður en 4 mánuðir eru liðnir frá síðustu lögbirtingu fundins forngrips, og sannar eignarrjett sinn, og skal þá afhenda eiganda hann gegn því, að hann greiði lögbirtingarkostnað, en jafnframt skal fornmenjavörður setja hlutinn á forngripaskrá þá, er getur í 19. grein, ef honum þykir hann þess verður, og leggst þá á hann sú kvöð, er þeirri skrásetning er samfara.

16. gr.

Nú líða svo 4 mánuðir, frá síðustu lögbirtingu fundins forngrips, að enginn eigandi leiðir sig að honum, og verður hann þá eign landssjóðs að þriðjungi, finnanda að þriðjungi, og að þriðjungi eign þess, sem land á undir, þar sem hluturinn fannst.

Ef gripurinn hefur fundist við framkvæmd á vegagjörðum eða öðrum mannvirkjum, samkvæmt 10 gr., eða í almenningum, afrjettarlöndum, eða á heiðum uppi, sem ekki teljast til heimalanda, telst landsjóður sem landeigandi, og sömuleiðis ef hann hefur fundist á kirkjujörðum, eða ef hreppsfjelag, sýslufjelag eða bæjarfjelag á land undir; eignast landssjóður þá forngripinn að tveim þriðjungum, en finnandi að þriðjungi.

Ef forngripur hefur fundist við rannsókn þá eða aðgjörð, er ræðir um í 11. grein, telst landssjóður sem finnandi og eigandi gripsins að tveim þriðjungum, en landeigandi að þriðjungi, nema um þá hluti sje að ræða, sem eru óskift eign landsins samkvæmt 7. gr.

Ef fleiri eru finnendur en einn, skiftist eignarrjetturinn að finnanda þriðjungi jafnt milli þeirra. Ef landeigendur eru fleiri en einn, skiftist eignarrjetturinn að landeiganda þriðjungi milli þeirra í rjettri tiltölu við eign hvers eins í landinu.

17. gr.

Ef finnandi leynir fundi forngrips og skýrir ekki lögreglustjóra frá

honum (sbr. 12. gr.), eða spillir honum eða lögar af ásettu ráði, telst sem ólögleg meðferð á fundnu fje eða skemd á eigum annara og fer eftir ákvæðum Almennra hegningarlaga 249., 296. og 298. grein, enda missir þá finnandi tilkall til síns þriðjungs.

18. gr.

Landssjóður á kauprjett að þeirri hlutdeild í fundnum forngrip, sem hann á ekki, eftir mati fornmenjavarðar. Því mati getur meðeigandi skotið til stjórnarráðsins, og nefnir það þá til 3 óvilhalla lögmetendur, er vit hafa á forngripum, og skal standa við mat þeirra. Sje það hærra en mat fornmenjavarðar, greiðir landssjóður kostnað við yfirmatið, en ella áfrýjandi.

Ef forngripurinn er úr gulli eða silfri, eða sje um silfurpeninga eða gullpeninga að ræða, skal meta málmverð hlutarins og leggja ofan á 10 af hverju hundraði, og fær meðeigandi landssjóðs, eða meðeigendur, að rjettri tiltölu, ef fleiri eru, það andvirði óskert, eins og landssjóður ætti ekkert í.

Ef kauprjettar landsjóðs er eigi neytt, áður ár sje liðið frá því, er lögreglustjóra var skýrt frá fundinum og sje fornmenjaverði eða stjórnarráði um dráttinn að kenna, missir landssjóður eignarrjettar til síns hluta í forngripnum, og skal þá afhenda hann meðeiganda, eða meðeigendum, landssjóðs gegn borgun lögbirtingarkostnaðar, en jafnframt skal fornmenjavörður setja hlutinn á forngripaskrá þá, er getur í 19. grein, ef hann telur hann þess verðan, og fellur þá á hann sú kvöð, sem þeirri skrásetningu er samfara.

Ef fornmenjavörður telur fundinn forngrip einskisverðan fyrir menningarsögu landsins, eignast finnandi og landeigandi hann að helmingi hvor, og skal þá afhenda þeim hann gegn kvittun þeirra, jafnskjótt sem lögbirtingarfrestur er liðinn, ef þeir vitja hans. En vitji þeir hans ekki, áður fjórir mánuðir eru liðnir frá því, er þeim var skrifað um, að landið mundi eigi nota kauprjett sinn, má lóga hlutnum.

19. gr.

Fornmenjavörður skal setja þá forngripi, sem einstakir menn eiga, á sjerstaka forngripaskrá, ef eigendur beiðast þess eða leyfa. Skal beiðnin eða leyfið vera skriflegt og undirskrifað af eiganda í viðurvist vitundarvotta eða lögbókanda (notarii publici) og geymist í skjalasafni Forngripasafnsins. Á þessa skrá skal fornmenjavörður og setja alla forna kirkjugripi, svo fljótt sem því verður við komið, og þarf ekki neitt leyfi til þess, enn fremur þá gripi, sem á þessa skrá skal setja samkvæmt 15. og 18. grein.

Þá muni, sem á þessa skrá eru settir, skal auðkenna með sjerstöku skrásetningarmarki, ef því verður við komið, án þess að gripurinn skemmist við.

20. gr.

Þeir forngripir, sem á skrá standa, eru friðaðir á sama hátt og friðaðar fornleifar (sjá 8. grein). Þó er eiganda heimilt, að flytja þá úr stað, en ekki af landi burt.

Ef eigandi gefur öðrum skrásettan forngrip, skal hann láta fornmenjavörð vita um eigandaskiftin.

Forngripasafnið á forkaupsrjett að skrásettum forngrip, og skal eigandi því ávalt bjóða fornmenjaverði hlutinn, áður en hann selji öðrum hann, ella er sala ógild og fellur þá hluturinn ókeypis til Forngripasafnsins. Nú notar Forngripasafnið eigi forkaupsrjett sinn, þá má eigandi selja hlutinn, en þó skal hann láta fornmenjavörð vita, hverjum hann selur.

Ef skrásettur forngripur gengur að erfðum, skal skiftaráðandi eða, ef erfingjaskifti eru, þá erfingi sá, er eignast gripinn, láta fornmenjavörð vita um eigandaskiftin.

Í hvert skifti, sem eigandaskifti verða að skrásettum forngrip, skal ávalt láta fornmenjavörð vita um eigandaskiftin, ella er eignarheimildin ógild, og fellur þá hluturinn endurgjaldslaust til Forngripasafnsins.

Fornmenjavörður skal ávalt geta þess í forngripaskrá, ef eigandaskifti verða að skrásettum forngrip.

4. kafli.

Um útflutning fornmenja og geymslu.

21. gr.

Engar fornmenjar, eldri en 150 ára, má flytja úr landi, nema með leyfi stjórnarráðsins. Sje vafi á um aldur slíkra hluta, sker fornmenjavörður úr.

22. gr.

Allir forngripir, sem landssjóður eignast eftir lögum þessum eða á annan hátt, skulu geymdir í Forngripasafni Íslands. Þó skal Landsbókasafnið eða Landsskjalasafnið taka við fornum handritum, skjölum og brjefum.

5. kafli.

Almenn ákvæði.

23. gr.

Ef fundi forngrips er leynt, varðar eftir 17. gr. Önnur brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 20 til 500 kr.; auk þess má taka munina eða andvirði þeirra af hinum seka. Með mál út af brotunum skal farið sem almenn lögreglumál.

24. gr.

Stjórnarráðið skipar sjerstakan fornmenjavörð, og hefur hann jafnframt

umsjón með forngripasafninu. Fornmenjavörður skal hafa 1800 kr. í árslaun. Fela má stjórnarráðið fornmenjaverði að hafa á hendi og framkvæma að öllu eða nokkru leyti þau rjettindi eða störf, sem því eru lögð í lögum þessum, þó þannig, að jafnan geti sá, sem óánægður er með ákvæði fornmenjavarðar, skotið málinu til stjórnarráðsins.

25. gr.

Opið brjef 7. ágúst 1752, svo og öll önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi eru úr gildi numin.

Nd. **243. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Flutningsmenn: Ólafur Thorlacius. Ólafur Ólafsson. Einar Þórðarson.

Við 13. gr. B. IV. Í stað: »Í Austfirðingafjórðungi 7000—7000« komi: Í Austfirðingafjórðungi 11000—12000.

Nd. **244. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Frá Eggert Pálssyni.

Við 13. gr. B. IV. Í Sunnlendingafjórðungi: a. og b.
Í staðinn fyrir: »15000—6000« komi: 4000—6000, og
í staðinn fyrir: »29000« komi: 55000. Þar af 5000 frá Rangárvallasýslu.

Nd. **245. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um vegi (þingskjal 181).

Frá Eggert Pálssyni.

Við 8. gr. d. Í staðinn fyrir: »að einum þriðja—tveim þriðju« komi: frá mótum Skeiðavegarins og austur að Þjórsá.

Nd. **246. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um metramæli og vog.

Nefndin hefur orðið ásátt um það, að leggja til, að hin háttvirta deild samþykki frumvarpið með þeirri einni breytingu, að inn sje skotið í niðurlag

3. greinar ákvæði um það, að landstjórnin geti sagt fyrir um það, hver íslensk heiti megi nota jafnhliða útlendu heitunum.

Athygli skal og vakið á því, að í 5. gr., í línunni um engjateig, er aftasta talan í tugabrotinu röng, er 6, en á að vera 8. Á þetta var bent við umræður í efri deild og verður leiðrjett á skrifstofunni. Línan svo rjett:

1 engjateigur (dagslátta) 0,56738

Breytingartillaga nefndarinnar er þá, sem hjer segir:

Síðasta málsgrein 3. gr. orðist svo:

Stjórnarráð Íslands getur ákveðið, hver íslensk heiti megi nota jafnhliða útlendu heitunum og hverjar styttingar skuli hafa til þess, að tákna frumeiningar þær og skiftinefni, sem talin eru í þessari lagagrein.

Neðri deild alþingis 14. ágúst 1907.

Þórh. Bjarnarson, form. G. Björnsson, skrifari og framsögum.

Ólafur Ólafsson.

Ed. **247. Frumvarp**

til laga um breyting á 2. grein laga um prentsmiðjur 4. desember 1886.

Flutningsmaður: Jón Jakobsson.

1. gr.

Allar prentsmiðjur þær, er nú eru, eða síðar kunna stofnaðar að verða hjer á landi, eru skyldar að láta Landsbókasafni Íslands og hinni konunglegu bókhlöðu í Kaupmannahöfn ókeypis í tje 2 eintök hvoru af hverju því, sem prentað er í þeim, stóru og smáu, sem og endur- og sjerprentunum úr blöðum, ritum og ritsöfnum, og skal annað eintakið jafnan prentað á skrifpappír. — Amtsbókasöfnin á Akureyri, Stykkishólmi og Seyðisfirði og háskólabókasafnið í Kaupmannahöfn, skulu einnig fá ókeypis hjá öllum prentsmiðjum landsins 1 eintak hvert af öllu því prentmáli, sem í þeim er prentað. Prentsmiðja sendi tvisvar á árí hverju, í janúar- og júlímánuði, lögreglustjóra þess lögregluumdæmis, sem prentsmiðjan er í, alt það prentmál, sem henni ber að standa áður nefndum söfnum skil á, ásamt skrá yfir það, sem prentað hefur verið, og annast lögreglustjóri sendingu á því til hlutaðeigandi safna. Slíkt hið sama gildir um afhending blaða, er Landsskjalasafnið á lögum samkvæmt að fá. Vanskil á prentmáli varða sektum frá 5—500 kr., ef eigi er bætt úr vanrækt-inni, þegar ámint er um það. Í lok hvers árs skulu allar prentsmiðjur landsins senda bókaverði Landsbókasafnins skrá yfir alt það, stórt og smátt, sem prentað hefur í þeim verið á árinu.

2. gr.

Með lögum þessum er 2. gr. laga um prentsmiðjur, 4. desember 1886, úr gildi numin.

Nd. **248. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir 1908—09.
Flutningsm. Lárus H. Bjarnason og Pjetur Jónsson.

1. Við 13. gr. A. 1. a. Í stað: »4500« komi: 3500
2. — — — — - b. 1 Í stað: »þrem og 4200« komi: fjórum og 5200
3. — — — — 4. a. Í stað: »5000« komi: 2000

Nd. **249. Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Flutningsmaður: Lárus H. Bjarnason.

Við 9. gr. 5. Í stað: »16,000—16000« komi: 15,000—15,000.

Nd. **250. Viðaukatillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Flutningsmenn: Björn Bjarnarson. Lárus H. Bjarnason.

Við 13. gr. D. II.
Eftir 2. tölul. komi nýr liður:
Til símalagningar frá Borðeyri um Búðardal til Stykkishólms (seinna árið) 68350,00
Hjer af væntist frá hlutaðeigandi hjeruðum alt að 1/3 22783,00
45567,00

Varatillaga.
Flutningsm.: Björn Bjarnarson.

Til símalagningar frá Borðeyri til Búðardals (seinna árið) 21,000,00
Hjer af væntist frá Dalasýslu 7,000,00
14,000,00

Nd. **251. Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Flutningsmenn: G. Björnsson, Ólafur Ólafsson, Magnús Andrjesson, Stefán Stefánsson Eyf., Hermann Jónasson, Einar Þórðarson, Björn Kristjánsson.

Við 15. gr. 18. Fyrir »1600—1600« komi: 5000—1600.

Nd. **252. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir Landsbankann í Reykjavík til að gefa út bankaskuldabrjef.

Flutningsmenn: Tryggvi Gunnarsson, Þórh. Bjarnarson.

1. gr.

Landsbankanum í Reykjavík veitist heimild til að gefa út og selja bankaskuldabrjef, og má öll upphæð þeirra samanlögð nema alt að 2 milljónum króna; skulu greiðast af þeim $4^1/_2$ af hundraði í ársvexti.

2. gr.

Trygging fyrir bankaskuldabrjefunum er eign bankans og ábyrgð landssjóðsins, og skal tryggingin vera jafnt fyrir vöxtum sem höfuðstól skuldabrjefanna.

3. gr.

Upphæð skuldabrjefanna skal vera 100 kr., 1000 kr. og 10,000 kr., og skulu þau undirskrifuð af ráðherra Íslands og stjórn Landsbankans.

4. gr.

Þá er liðin eru 5 ár frá því er auglýst hefur verið, að bankinn sje farinn að gefa út áminnst skuldabrjef, skal bankinn taka að innleysa þau aptur eptir hlutkesti. Skal innleysa $^1/_{20}$ bankaskuldabrjefanna á ári, þannig, að bankinn hafi leyst þau öll til sín á næstu 20 árum þar á eptir. —

5. gr.

Útgáfa og innlausn bankaskuldabrjefanna liggur undir eptirliti landsstjórnarinnar og endurskoðunarmanna landsbankans. —

6. gr.

Með reglugjörð, er stjórnarráð Íslands gefur út samkvæmt tillögum bankastjórnarinnar, skal setja hin nánari fyrirmæli, er nauðsynleg eru, um útgáfu og innlausn bankaskuldabrjefanna, form þeirra og fyrirkomulag, um eptirlit landsstjórnarinnar með þessu starfi bankans, og önnur atriði, er hjer að lúta.

Nd. **253. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um vegi (á þingskjali 181).

Flutningsmaður: Magnús Andrjesson.

1. Við 2. gr. 4. Í stað orðanna: »Frá vegamótum fyrir ofan Borgarnes« komi: Frá Borgarnesi.

2. Við 3. gr. 8. Í stað orðanna: »Frá Borgarnesi« komi: Frá vegamótum fyrir ofan Borgarnes.

Nd. **254. Viðaukatillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Frá M. J. Kristjánssyni.

Við 14. gr. Aftan við greinina bætist nýr liður:
Styrkur til Þóru Matthíasdóttur og Margrjetar Jónsdóttur á Akureyri, til þess að reka kvennaskóla (handavinnukenslu) á Akureyri, 500 kr. — 500 kr.

Ed. **255. Frumvarp**
til laga um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.
(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í hverri kirkjusókn landsins skal vera sóknarnefnd og í prófastsdæmi hverju hjeraðsnefnd til að annast þau kirkjuleg málefni, sem sóknina og prófastsdæmið varða.

2. gr.

Sóknarnefndin skal halda að minsta kosti einn almennan safnaðarfund ár hvert, til að ræða um kirkjuleg málefni safnaðarins.

Aukafundi skal halda, þegar meiri hluti sóknarnefndar fer fram á það.

Sóknarnefndin kýs sjer oddvita úr sínum hóp. Oddviti stýrir fundum nefndarinnar, en að öðru leyti skifta nefndarmenn störfum með sjer.

Sóknarnefndin skal gefa presti kost á, að sækja fundi sína.

3. gr.

Safnaðarfund skal boða með hálfsmánaðar fyrirvara, á kirkjufundi eða á annan hátt, sem tíðkanlegur er í sókninni.

Hamli veður, ófærð, umgangsveiki eða önnur ósjálfráð atvik ferðum manna, skal sóknarnefnd boða fund að nýju, ef meiri hluti atkvæðisbærra manna í söfnuðinum sækir ekki fundinn. Hamli ósjálfráð atvik aftur á móti ekki, skal halda fundinn, þó að meiri hluti kjósenda sje ekki mættur.

Um mál þau, er að lögum liggja undir samþykki safnaðarfundar, skal sóknarnefndin auglýsa tillögur sínar um leið og fundurinn er boðaður. Sóknarnefndin ber síðan tillögurnar fram til samþyktar á fundinum, og má þá þær einar breytingar á þeim gjöra, er sóknarnefndin aðhyllist.

Afl atkvæða ræður málsúrslitum á safnaðarfundum.

4. gr.

Aðalsafnaðarfund skal ætíð halda í maímánuði, eða fyrri hluta júnímánaðar.

Á fyrstu aðalfundum eftir að lög þessi öðlast gildi, skal kjósa menn í allar sóknarnefndir á landinu. Þar sem 1000 manns eða fleiri eru í sókninni, skal kjósa 5, en þar sem færri eru, 3.

5. gr.

Hver sóknarmaður, karl eða kona, sem telst til þjóðkirkjunnar, er fullveðja og hefur óflekkað mannorð, hefur atkvæðisrjett á safnaðarfundi og kosningarrjett og kjörgengi til sóknarnefndar, kjörgengi þó því að eins, að löglega eigi með sig sjálfur.

6. gr.

Kosningin gildir fyrir 6 ár. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skifti, skulu, að þrem árum liðnum, 2 eða 3 ganga úr nefndinni, eftir því hvort tala nefndarmanna er 3 eða 5.

Geti nefndarmenn ekki komið sjer saman um, hverjir úr skuli ganga, ræður hlutkesti, en hinn hlutinn skal fara frá að 6 árum liðnum. Samkvæmt þessu fara síðan ávalt hinar tvær deildir nefndarmanna frá 3. hvert ár á víxl. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá sjerlegra orsaka vegna, áður en þau 6 ár eru liðin, er hann var kosinn fyrir, skal sá, er kosinn verður í hans stað, að eins sitja í nefndinni þann tíma af þeim 6 árum, sem eftir er. Þann, sem gengur úr nefndinni, má kjósa á ný; en hafi hann verið í nefndinni 3 ár eða lengur, er hann ekki skyldur að taka aftur við kosningu, fyr en liðinn er jafnlangur tími, og hann hafði verið í nefndinni.

Eins skal sá, sem orðinn er sextugur, mega skorast undan kosningu.

7 gr.

Sóknarnefndin skal, auk starfa þeirra, sem henni eru eða verða fengin með sjerstökum lögum, stuðla til þess, að guðsþjónusta safnaðarins fari sómasamlega fram, vera prestinum til aðstoðar í því, að viðhalda og efla góða reglu og siðsemi í söfnuðinum, styðja með honum uppfræðingu ungmenna og vera honum samhent um, að halda uppi samlyndi og friðsemi á heimilunum og meðal allra í söfnuðinum.

8. gr.

Sóknarnefndin annast kirkjusöng og hljóðfæraslátt samkvæmt lögum nr. 21, frá 22. maí 1890, og útvegar meðhjálpara við guðsþjónustuna.

9. gr.

Sóknarnefndin annast um kirkjugarða, samkvæmt lögum nr. 39, frá 8. nóv. 1901.

10. gr.

Nú hefir söfnuður umsjón og fjárhald kirkju, og skal þá sóknarnefnd hafa á hendi skyldur þær, er af því leiða.

11. gr.

Skylduvinnu þeirri, er sóknarmenn eiga til að leggja, þá er kirkja er bygð, skal sóknarnefndin jafna niður. Hafa skal nefndin og umsjón með því, hvernig verkinu er hagað.

12. gr.

Nú hefir sóknarnefnd tekið að sjer innheimtu kirkjutekna, samkvæmt lögum nr. 20, frá 22. maí 1890, og fer um þá innheimtu eins og segir í nefndum lögum.

13. gr.

Sóknarnefndin býr til kjörskrá til prestskosninga og tekur að öðru leyti þann þátt í undirbúningi undir kosningu presta, sem mælt er fyrir um í lögum um það efni.

14. gr.

Á aðalsafnaðarfundi skal kjósa einn safnaðarfulltrúa fyrir sóknina til 6 ára í senn, enda sjeu safnaðarfulltrúar kosnir um land alt á fyrstu aðalfundum eftir að lög þessi öðlast gildi. Um kosningu hans og kjörgengi gilda hinar sömu reglur, sem settar eru um kosningu sóknarnefndarmanna í 5. gr.

Safnaðarfulltrúar hafa 3 kr. fyrir dag hvern, sem þeir eru utan heimilis vegna hjeraðsfunda, og jafnar sóknarnefndin þeim kostnaði niður á alla atkvæðisbæra sóknarmenn.

15. gr.

Hjeraðsprófastur skal á ári hverju, í júní eða september, halda hjeraðsfund og kveðja til fundarins alla presta og safnaðarfulltrúa hjeraðsins, til að ræða og útkljá þau kirkjuleg málefni, er hjeraðið varða.

Prófastur stýrir fundinum.

16. gr.

Þá er hjeraðsfundur lögmætur, er meira en helmingur presta og safnaðarfulltrúa í því hjeraði eru á fundi. Það mál er samþykkt á hjeraðsfundi, sem hlotið hefur meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru.

17. gr.

Prófastur leitar álita fundarins um, hvernig prestar og sóknarnefndir gegni köllun sinni, einkum að því er lýtur að mentun og uppfræðing ungmenna. A fundinum leggur prófastur fram endurskoðaða reikninga kirkna í hjeraðinu fyrir síðastliðið reikningsár, til umræðu og úrskurðar.

18. gr.

Hverjum fundarmanni er rjett, að bera upp á hjeraðsfundi tillögur sínar um sjerhvert það atriði, er lýtur að kirkjulegum málum og skipun þeirra, svo sem uppfræðslu barna, reglu og siðsemi í söfnuðinum, eignum kirkna og meðferð á þeim, upptöku, niðurlagning og færslu kirkna, breyting á sóknum og prestaköllum.

Allar samþyktir hjeraðsfundar sendir prófastur biskupi. Ef fundarmenn úr sóknum þeim, sem hlut eiga að máli, greinir á við meiri hluta fundarmanna, þá er þeim heimilt, að fá bókaðan ágreining sinn við fundarsamþyktina, og er prófasti skylt, að senda biskupi ágreiningsálit þeirra með fundarsamþyktinni.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908 og eru lög nr. 5, frá 27. febrúar 1880, lög nr. 11, frá 12. maí 1882, að því er snertir byggingu kirkna, og lög nr. 18, frá 16. sept. 1893 jafnframt úr gildi numin.

Nd. **256. Breytingartillögur**

við breytingartillögur við frv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Frá fjárlaganefnd.

1. Við breytingartill. á þingskjali 199.
   i. 1. Í stað orðanna: »Þó aldrei meira — — — — hjeraðsbúa«, komi: Þó aldrei meira en 2000 kr. til hvers
   2. Í staðinn fyrir: »10000« komi: 4000
   j. 1. Fyrir: »200« komi: 120
   2. Fyrir: »1600« komi: 1200
   Aftan við bætist:
   Þó ekki meira en 600 kr. handa hverjum.
2. Við breytingartill. á þingskjali 205.
   Fyrir: »600 kr.« komi: 400 kr.
3. Við breytingartill. á þingskjali 196.
   Fyrir: »2000—2000« komi: 1500—1500
4. Við breytingartill. á þingskjali 198.
   Fyrir: »á 15 árum« komi: á 12 árum.

Ed. **257. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um skipun prestakalla

frá Aug. Flygenring.

Við VII. Kjalarnessprófastsdæmi:

1. 38. liður falli burt.

2. 37. liður orðist svo: Útskálar: Útskála, Hvalsness, Kirkjuvogs og Njarðvíkursóknir.
3. 39. liður orðist svo: Garðar á Álftanesi, Garða, Bessastaða og Kálfatjarnarsóknir.

Liðatala frumvarpsins breytist samkvæmt þessu.

Nd. **258. Viðaukatillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndar (þgskj. 186) við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Flutningsmaður: Jón Magnússon.

Á eftir 26. lið komi nýr (27.) liður þannig:

Til síma frá Eystri Garðsauka til Vestmannaeyja (seinna árið) 42300 kr.
Hjer af væntist annarsstaðar frá 1/3 ... ... 14100 — 28200 kr.

Nd. **259. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um vegi.

Flutningsmaður: Magnús Andrjesson.

Við 8. gr. c. Upphaf stafliðsins orðist svo:

Borgarfjarðarsýsla kosti viðhald flutningabrautarinnar frá Borgarnesi á þjóðveginn o. s. frv.

Nd. **260. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Flutningsmenn: Þórh. Bjarnarson, Magnús Andrjesson.

Við 13. gr. D. II.

Eftir 2. tölulið komi nýr (3.) liður:

Til talsímalagningar frá Grund eða Varmalæk til Borgarness (fyrra árið) 13,200
Hjer af væntist frá hlutaðeigandi hjeruðum alt að 1/3 ... 4,400
8,800

Nd. **261. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um stofnun lögregluaðstoðarmannssýslanar í Reykjavík.

Flutningsmaður: G. Björnsson.

1. gr. orðist þannig:

»Í Reykjavík skipar ráðherra lögregluaðstoðarmann; þessi aðstoðarmaður skal hafa tekið fullnaðarpróf í lögfræði og fá að árslaunum 2000 kr., er greiðast úr landssjóði.

Nd.

262. Atkvæðaskrá

við 2. umr. um frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

1. gr.

Með breytingum samkv. atkvæðagreiðslunni.

2. gr.

1. 4. tl.: Br.till. nfd. fyrir: 40000 — 40000 — 80000
komi: 45000 — 45000 — 90000
2. 6. tl.: —— — fyrir: 11500 — 11500 — 23000
komi: 13000 — 13000 — 26000
3. 8. tl.: —— — fyrir: 75000 — 75000 — 150000
komi: 80000 — 80000 — 160000
4. 11. tl.: —— — fyrir: 250000 — 250000 — 500000
komi: 260000 — 260000 — 520000
5. 14. tl.: —— — fyrir: 50000 — 50000 — 100000
komi: 60000 — 60000 — 120000
6. Eftir 17. tölulið komi nýr töluliður:
18. Tekjur af efnarannsóknastofu 600 — 600 — 1200.

3. gr.

Óbreytt.

4. gr.

1. tl.: Viðaukatillaga 235.: Á undan athugasemdinni bætist inn ný athugasemd:
Austuramtinu veitist uppgjöf frá 24. september 1907 á eftirstöðvum á fjárkláðaláninu frá 24. septbr. 1898, og frá 31. ágúst 1907 á eftirstöðvum á fjárkláðaláninu frá 31. ág. 1900 samtals 2200 kr.

5. gr.

Óbreytt.

6. gr.

Br.till. nfd.: Greinin orðist þannig:
Úr ríkissjóði greiðist 60000 — 60000 — 120000.

7. gr.

Óbreytt.

8. gr.
Óbreytt (geymist).

9. gr.

1. Br.till. 249: Við 9. gr. 5.
   Í stað: 16,000 — 16,000
   komi: 15,000 — 15,000
2. 7. tl.: Br.till. nefnd.: Orðist svo:
   til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu.

10. gr.
Óbreytt.

11. gr.
A. 3. a.: Br.till. nefnd.: Fyrir: »umsjónarmannsins« komi: fangavarðarins.

12. gr.

1. 3. tl.: Br.till. nefnd.: Athugasemdin falli burt.
2. 3. tl: Viðaukatill. 210: Á eftir tl. 3. komi nýr liður, sem verði 4. tl.: Styrkur til aðstoðarlæknis, er sje búsettur á Flateyri 1000 — 1000. Styrkur þessi veitist gegn 300 kr. árlegu tillagi annarsstaðar frá.
3. 9. tl. h. Br.till. 256 við br.till. 199:
   i. 1. Í stað orðanna: »þó aldrei meira — hjeraðsbúa«
   komi: þó aldrei meira en 2000 kr. til hvers
4. 2. Í staðinn fyrir: »10000« komi: 4000
5. j. 1. Fyrir: »200« komi: 120
6. 2. Fyrir: »1600« komi: 1200
7. Aftan við bætist:
   þó ekki meira en 600 kr. handa hverjum.
8. 9. tl. h. Br.till. 199. Aftan við 12. gr. 9. h. komi tveir nýir liðir:
   i. Styrkur til þess, að byggja sjúkraskýli á föstum læknissetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 2000 kr. á hverja þúsund hjeraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu eftir að hafa fengið álit landlæknis. ... 10000 kr.
9. j. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða í því skyni að afla sjer nýrrar læknisþekkingar. Stjórnarráðið veitir þennan styrk eftir tillögum landlæknis, og má ekki verða meira en 200 kr. fyrir hverja mánaðardvöl utanlands ..... 1600 kr.
10. Viðaukatill. 220 við liðinn j: Aftan við síðari liðinn bætist: þó ekki meira en 800 kr. handa hverjum.

13. gr.

1. A. 1. a. Brtill. 248: Í stað »4500« komi: 3500.
2. — 1. a. Brtill. nfnd.: Fyrir: 4500 komi: 4000.

3. A. 1. b. 1. Brtill. 248: I stað: þrem og 4200 komi: fjórum og 5200.
4. — b. 1. nfnd. fyrir: 4200, komi: 4400.
5. — b. 2. nfnd. fyrir: 13800, komi: 14000.
6. — 4. a. Brtill. 248: Í stað: 5000, komi: 2000.
7. — 4. a. nfnd. Aftan við liðinn komi þessi aths.:
Pósthúsið sje opið 10 stundir hvern virkan dag.
8. — 4. f. nfnd. fyrir: 1600, komi: 1400.
9. — 4. g. nfnd. fyrir: 400, komi: 600.
10. B. I. 4. nfnd. Liðurinn orðist þannig:
Til vegamælinga og verkfróðra aðstoðarmanna.
11. — II. nfnd. Liðurinn falli burt.
12. — III. Brtill. 221. við viðaukatill. 204 fyrir: fyrra, komi: síðara.
13. — — Viðaukatill. 204. Á eftir staflið 3. komi nýr stafliður, er verði 4. liður: Frá Grund í Eyjafirði að Djúpadalsá fyrra árið 11000 kr.
14. — — Viðaukatill. 236. Á eftir 3. lið komi nýr liður: Frá Sauðárkrók fram Skagafjörð 10000 kr. síðara árið.
15. — — Viðaukatill. 222. Á eftir staflið 3. komi nýr liður: Frá Ingólfsfjalli hjá Alviðru upp í Grímsnes 10000 kr. fyrra árið.
16. — IV. Brtill. 244. Í Sunnlendingafjórðungi: a. og b. í staðinn fyrir: 15000—6000, komi: 4000—6000, og í staðinn fyrir: 29000, komi: 55000, þar af 5000 frá Rangárvallasýslu.
17. — — Brtill. 240. Eftir: Í Vestfirðingafjórðungi (vegir), komi: í stað 3000 f. á. 10000 með þannig látandi athugasemd:
Af f. á. fjárveitingu eru alt að 7000 kr. ætlaðar til vegagjörðar í Helgafellssveit á Stykkishólms- Borgarness-veginum, frá svokölluðum Síkjum upp á svokölluð Stórholt.
18. — — Brtill. 243. Í stað: Í Austfirðingafjórðungi 7000—7000, komi: Í Austfirðingafjórðungi 11000—12000.
19. — VII. nfnd. Liðurinn falli burt.
20. — VIII. Viðaukatill. nfnd. Á eftir VIII. komi nýr liður: Til sýsluvegar frá Hafnarfirði að Vogastapa 7500—7500.
Fjárveiting þessi veitist með því skilyrði að jafnmiklu fje sje að minsta kosti varið til vegarins annarstaðar frá.
21. — — Viðaukatill. 233. Aftan við VIII. lið bætist nýr liður svo hljóðandi:
Styrkur til brúargjörðar á Tinnudalsá í Breiðdalshreppi fyrra árið 600 kr.
22. — — Viðaukatill. 189. Eftir VIII. lið komi nýr liður, sem orðist þannig:
IX. Til uppmælingar á innsiglingarleið inn að Salthólmavík í Dalasýslu og Króksfjarðarnesi í Barðastrandarsýslu alt að 4000 kr. (fyrra árið). Styrkur þessi er því skilyrði bundinn, að Dalasýsla og Barðastrandarsýsla leggi fram 1/4 til móts við landssjóðsstyrkinn.
23. C. 1. Brtill. nfnd. Liðurinn orðist svo: (sjá þingskjal 186).
24. — 2. b. Brtill. nfnd. Fyrir: 8000, komi: 6000.
25. — 2. d. — — — 3000, — 6000.
Fjárveitingin undir staflið d. er því skilyrði bundin, að báturinn geti gengið vestur á Skagafjörð og austur á Axarfjörð.

26. D. II. 2. Brtill. 211 við 24. brtill. á þskj. 186. Fyrir: 25000, komi: 13000.

27. — — - Brtill. nfnd. Í staðinn fyrir: alt að 1/3 af 103500 kr. — 34500, komi: 25000.

28. — — - Brtill. 211 við 25. brtill. á þskj. 186. Í staðinn fyrir: 63500, komi: 75500.

29. — — - Brtill. nfnd. Fyrir: 54000, komi: 63500.

30. — — - Viðaukatill. 219. Eftir 2. tl. komi nýr (3.) liður:
Til talsímalagningar frá Grund eða Norðtungu um Borgarnes til Stykkishólms (seinna árið). . . . 67000,00
Hjer af væntist frá hlutaðeigandi hjeruðum alt að 1/3 . . . . . 22333,00 44667,00

31. D. II. Viðaukatill. 250: Eftir 2. tl. komi nýr liður:
Til símalagningar frá Borðeyri um Búðardal til Stykkishólms (seinna árið) ..... kr. 68350,00
Hjer af væntist frá hlutaðeigandi hjeruðum alt að 1/3 ..... — 22783,00 kr. 45567,00

32. D. II. Varatill. 250: Til símalagningar frá Borðeyri til Búðardals (seinna árið)..... kr. 21000,00
Hjer af væntist frá Dalasýslu ..... — 7000,00 — 14000,00

33. D. II. Viðaukatill. 260: Eftir 2. tölul. komi nýr (3.) liður:
Til talsímalagningar frá Grund eða Varmalæk til Borgarness (fyrra árið) ..... kr. 13200,00
Hjer af væntist frá hlutaðeigandi hjeruðum alt að 1/3 — 4400,00 — 8800,00

34. D. II. 4. Brtill. nefnd. Liðurinn orðist þannig:
Af kostnaði til talsíma frá Reykjavík að Eystri-Garðsauka í Rangárvallasýslu og með hliðarlínu til Eyrarbakka og Stokkseyrar, að því tilskildu, að Árnesingar leggi til 12000 kr.
og Rangvellingar . ... 8000 —
48433 kr.

35. D. II. Viðaukatill. 212., nýr liður:
5. Kostnaður við síma frá Eystri-Garðsauka til Vestmanneyja 32300 kr. með því skilyrði að annarsstaðar frá greiðist 10000 kr.

36. D. II. Viðaukatill. 258 við breyttill. nefnd. (186). Á eftir 26. lið komi nýr liður (27.).
Til síma frá Eystri-Garðsauka til Vestmanneyja (seinna árið) ... ... 42300 kr.
Hjer af væntist annarsstaðar frá 1/3 . 14100 —
28200

37. D. II. 4. Viðaukatill. nefnd. Á eftir 4. lið komi nýr liður:
5. Kostnaður við talsíma frá Breiðumýri til Húsavíkur (síðara árið) ... ... 21000 kr.
Hjer af væntist frá hlutaðeigandi hjeraði 1/3 7000 —
14000 kr.

38. D. II. 6. Breyttill. 234. Í stað »10,000 — 7500« komi: 12,000 — 7500.
Af þessari upphæð skal varið alt að 2000 kr. fyrra árið til

að ransaka og gjöra áætlun um símalagning frá Fáskrúðsfirði til Hornafjarðar.

39. D. II. 7. Breyttill. nefnd. Fyrir »frá sveitinni« komi: annarsstaðar frá.

14. gr.

1. A. b. 5. Br.till. nfd. Liðurinn falli burt.
2. A. b. 5. Br.till. nfn. Í stað hans komi nýr liður:
   Styrkur til sjera Arnórs Þorlákssonar á Hesti 1000.
3. B. II. b. 4. Br.till. nfd. Síðara árið komi: 600.
4. B. II. b. 6. Br.till. nfd. Fyrir: 200 komi: 400.
5. B. IV. b. Br.till. nfd. Á eftir »aðstoðarfje« komi ný lína:
   Til tímakenslu og prófdómenda 2400.
6. B. IV. c. 4. og 5. Br.till. nfd.:
   Falli burt.
7. B. V. b. 3. Br.till. nfd.
   Fyrir: 1800—1800
   komi: 2000—2000.
8. B. VII. a. 1. Br.till. 240:
   Í stað: 2500—2500
   komi: 3500—3500.
9. B. VII. b. 1. Br.till. nfd. Síðari hluti athsm. orðist svo:
   að skólarnir njóti móts við styrkinn úr landssjóði jafnmikils styrks annarsstaðar frá og að þeir hafi nauðsynlegustu kensluáhöld.
10. B. VII. b. 2. Br.till. nfd. Fyrir: »sveitakennara« komi: farkennara.
11. B. VII. b. 2. —— — Síðari málsgr. athsm. falli burt.
12. B. VII. b. 3. —— 232. Fyrir: 3000—3000 komi: 3500—3500.
13. B. VII. b. 3. —— — Liður þessi sje færður aftur fyrir 7. tl. sem stafliður c. og breytist stafliðatalan á eftir samkvæmt því.
14. B. VII. b. 4. Br.till. nfd. Fyrir: »í sveitum alt að helmingi« komi: utan kaupstaða alt að þriðjungi.
15. B. VII. b. 4. Br.till. nfd. Fyrir: 5000—5000 komi: 6000—8000.
16. B. VII. b. 5. —— — Liðurinn falli burt.
17. B. VII. l. Br.till. nfd. Fyrir: 150—150 komi: 300 fyrra árið.
18. B. VII. m. —— 214 við 43. br.till. á þskj. 186. Fyrir: 5000 komi: 7500.
19. B. VII. m. —— nfd. Á eftir þessum lið komi nýr liður:
   Til skólabyggingar á Grund í Eyjafirði alt að þriðjungi byggingarkostnaðar (fyrra árið) 5000.
20. B. VII. Viðaukatill. 213. Á eftir staflið m. komi nýr liður n.: Til unglingaskóla á Núpi í Dýrafirði 500—500.
21. B. VII. n. Br.till. 232. Liðurinn falli burt.
22. B. VII. Á eftir liðnum VIII. sem á að vera IX. komi:
   X. Til Jóns Þ. Björnssonar til að lúka námi við kennaraskólann í Jonstrup fyrra árið 500.
23. XI. Til Jónasar Jónssonar til að stunda kennaranám erlendis 300—300.
24. XII. Til Ingibjargar Jónsdóttur til að ganga á kennaraskóla í Danmörku fyrra árið 300.
25. 14. gr. B. Br.till. nfd. 256. við viðaukatill. 205: Fyrir »600« komi: 400.

26. 14. gr. B. Viðaukatill. 205. Á eftir 47. Br.till. nfd. staflið XII komi nýr liður: XIII. Til Karls Finnbogasonar til að kynna sjer kenslu og fyrirkomulag á lýðháskólum erlendis 600 kr. (fyrra árið).
27. B. Viðaukatill. 200 við sama tl., nýr liður: XIII. Til Sigurðar Þorvaldssonar til að stunda nám við »Statens Lærerhöjskole« í Kaupmannahöfn 400 kr. síðara árið.
28. Við 14. gr. Viðaukatill. 254: Aftan við greinina bætist nýr liður: Styrkur til Þóru Matthíasdóttur og Margrjetar Jónsdóttur á Akureyri til þess að reka kvennaskóla (handavinnukenslu) á Akureyri 500—500 kr.

15. gr.

1. 2. a. b. c. Brtill. nefnd. Á undan tölunum bætist inn í »alt að«.
2. 4. a. Breyt.till. nefnd. Fyrir 1700—2000 komi: 1400—1600.
3. - b. —— — — 1400 — 1000
4. 7. b. —— — — 1260—1800 — 720—1200.
5. - — —— — — »Safnið sje opið« komi: »Síðara árið sje safnið opið«.
6. 9. —— — — 800 (fyrra árið) komi: 1600 og bætist við ný athugasemd á eftir orðunum: 200 kr. á ári: Af fjárveitingunni fyrra árið gangi 800 kr. til að kaupa grasasafn Ólafs heitins Davíðssonar og koma skipulagi á það.
7. 10. Br.till. nefnd. Liðurinn falli burt.
   15. — — Bætist inn í 4 nýir liðir:
8. — — 16. Til Einars Hjörleifssonar til ritstarfa 1200—1200.
9. — — 17. — Guðm. Magnússonar til ritstarfa 500—500.
10. — — 18. — Ásgríms málara Jónssonar, ferðastyrkur til Suðurlanda 2000—1000.
11. — — 19. — Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri 300—300.
12. 16. Brt. nefnd. Fyrir 1800—1800 komi: 1200—1200.
13. 18. — 251: Fyrir 1600—1600 komi: 5000—1600.
14. 18. — nefnd. Fyrir 1600—1600 komi: 2000—2000.
15. 19. — —— síðara árið falli burt 1000.
16. 21. — —— Fyrir 1000—1000 komi: 1200—1200.
17. 22. — —— Liðurinn falli burt.
18. 24. — —— Athugasemdin falli burt.
19. 25. — —— Bætist inn í nýr liður: Til Einars Arnórssonar til að ransaka og rita um rjettarsögu Íslands (fyrra árið) 1500.
20. 25. — —— Fyrir 600—600 komi fyrra árið 1200.
21. 28. — —— Fyrir 3000—3000 komi: 1200—1200 og athugasemdin falli burt.
22. 29. — —— Fyrir 3000—3000 komi: 1200—1200 og athugasemdin falli burt.
23. 31. — —— Aftan við komi nýr liður: (35) Til að kaupa og setja upp hengilklukku til tímaákvarðana, fyrra árið 900.

16. gr.

1. 1. tl. Brtl. nefnd. Liðurinn orðist svo: Til bændaskólans á Hólum.
2. — a — —— komi nýr liður, sem verður b.: Til aðstoðarkennara 800—800.
3. — b — —— komi nýr liður, sem verði fyrsti (1.) Til verklegrar kenslu 1000—1000.
4. 2. tl. — —— Orðist svo: Til bændaskólans á Hvanneyri.
5. — a — —— komi nýr liður, sem verður b. Til aðstoðarkennara (síðara árið) 800.
6. — b — —— komi nýr liður, er verði fyrsti (1.) Til verklegrar kenslu 1000—1000.
7. 2. tl. — —— komi nýr liður, er verði 3. Til Torfa Bjarnasonar til verklegrar búnaðarkenslu 1500—1500.
8. Brtill. nfd. 256. við brtill. 196. (Til verklegrar búnaðarkenslu á Eiðum): Fyrir 2000—2000 komi: 1500—1500.
9. Brtill. 196, nýr liður: Til verklegrar búnaðarkenslu á Eiðum 2000—2000,
10. 3. tl. Brtill. nfd. Fyrir 24000—24000 komi: 23000—22000.
11. 4. tl. — —— Fyrir 45000—47000 komi: 49000—49000.
12. 5. tl. — —— Orðist þannig: Til skóggræðslu 14000—14000.
13. 6. tl. — —— Orðist svo: Til sandgræðslu 4000—4000.
14. 7. tl. — —— Fyrir 15000—12000 komi: 16000—14000.

18. Liðurinn verði þannig:

15. a. — —— Laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma, öðrum í Reykjavík, hinum á Ísafirði . . . . . 2000—2000.
16. b. — —— Til Þorsteins Guðmundssonar launaviðbót . . 200—200.
17. c. — —— Til sama manns til þess að ferðast austur og norður um land til að leiðbeina mönnum í fiskverkun eftir reikningi, alt að . . . . . 500—500.

2700—2700.

18. 18. — —— Aftan við liðinn bætist: Þegar skip, sem eiga að flytja fiskfarma til Spánar eða Ítalíu, eru afgreidd frá Reykjavík eða Ísafirði, ber lögreglustjóra að sjá um, að vottorð yfirfiskimatsmannsins um gæði vörunnar sje ritað á hleðsluskjöl þeirra.
19. — Viðaukatill. 229, nýr liður: Til umsjónarmanna við útflutning hesta alt að 600 kr. (síðara árið).
20. 20. c. Brt. nfd. Fyrir 500—500 komi: 700—700.
21. 21. Viðaukatill. 223. Nýr liður: Til að fullgjöra umbætur á höfn og skipalagi á Stokkseyri 12000 kr. fyrra árið.

23. Aftan við greinina bætast 2 nýir liðir:

22. 25. Brt. nfnd. Til Guðm. J. Hlíðdal til þess að afla sjer verklegrar kunnáttu í rafmagnsfræði erlendis, fyrra árið, og til að rannsaka og mæla fossa hjer á landi, síðara árið, 1200—500.

23. 26. Br.till.nfd. Til Benedikts Jónassonar til að lúka námi við »Teknisk Læreanstalt« í Þrándheimi 500—500.

17. gr.
Óbreytt.

18. gr.

1. Brt. nefnd. Á eftir »til sjera Matthíasar Jochumssonar 2000 kr.« komi: til mag. Benedikts Gröndals sem viðbót við eftirlaun hans 1000 kr.
2. — —— Á eftir »til frú Sigríðar Þorkelsdóttur 200 kr.« komi: til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds 200 kr.
3. — 206. Á eftir »til fyrverandi fangavarðar Sigurðar Jónssonar 700 kr.« komi: til Tómasar Davíðssonar 200 kr.
4. — 225. Aftan við greinina bætist: Ennfremur til Pjeturs bónda Pjeturssonar í Hafnardal í Norður-Ísafjarðarsýslu 400 kr. fyrra árið.
5. — nefnd. Aftan við greinina bætist: Eftirlaun amtmanns Júlíusar Havsteens teljast frá þeim tíma, er hann var settur amtmaður 1881.

19. gr.
Óbreytt.

20. gr.
Óbreytt.

21. gr.

1. Brt. nefnd. Á eftir 6. málsgrein komi þessi málsgr. (sjá 186. þingskjal.).
2. — 256. (nefnd) við breyttill. 198:
Fyrir: »á 15 árum« komi: á 12 árum.
3. — 198. Á eftir 4. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Úr viðlagasjóði má lána Ingvari E. Ísdal, snikkara alt að 12,000 kr., gegn þeirri ábyrgð, er stjórnin tekur gilda, til þess að koma á fót trjesmíðaverksmiðju á Seyðisfirði. Af láninu greiðast 4% vextir árlega. Það sje afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.
4. — nefnd. Við síðustu málsgrein: Fyrir orðin: »að minsta kosti þriðjungs« komi: áskilið.

Nd. **263. Breytingartillaga**
við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar á þingskj. 186.
Flutningsmenn: Ólafur Ólafsson og Einar Þórðarson.

Við 55. lið, í stað: »1200—1200« komi: 1800—1800.

Ed.

264. Frumvarp

til laga um vegi.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

FYRSTI KAFLI.

Um flokkun vega.

1. gr.

Vegir á Íslandi eru flutningabrautir, þjóðvegir, fjallvegir, sýsluvegir og hreppsvegir.

2. gr.

Flutningabrautir eru fyrst um sinn ákveðnar sem hjer segir:

1. Frá Reykjavík um Hellisheiði austur yfir Ytri-Rangá.
2. Frá vegamótum hjá Geithálsi til Þingvalla.
3. a. Frá Eyrarbakka að Selfossi.
   b. Frá Ingólfsfjalli um Grímsnes að Geysi.
4. Frá Borgarnesi um Stafholtstungur á þjóðveginn norðanvert við Kláffossbrú á Hvítá í Borgarfirði.
5. Frá Blönduósi vestur fyrir Víðidalsá hjá Steinsvaði.
6. Frá Sauðárkróki fram Skagafjörð á þjóðveginn fyrir neðan Víðimýri.
7. Frá Akureyri að Saurbæ í Eyjafirði.
8. Frá Húsavík að Einarsstöðum í Reykjadal.
9. Frá Búðareyri við Reyðarfjörð um Fagradal að Lagarfljóti hjá Egilsstöðum.

3. gr.

Þjóðvegir eru þessir:

1. Frá vegamótum hjá Ártúni við Elliðaár, um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, yfir Ferstikluháls, um Svínadal, yfir Geldingadraga, um Skorradal og Borgarfjörð og yfir Grjótháls til Norðurárdals.
2. Frá vegamótum hjá Gljúfurá í Borgarfirði, um Norðurárdal, Bröttubrekku, Sökkólfsdal, Miðdali, Hjarðarholt, Hvammssveit, Svínadal og Saurbæ, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Króksfjörð, Reykhólasveit, Þorskafjörð, Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri við Ísafjörð.
3. Frá vegamótum hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði, Hrútafjörð og Hrútafjarðarháls, yfir Miðfjörð og Miðfjarðarháls að Víðidalsá hjá Steinsvaði.
4. Frá Blönduósi um Langadal og Stóra-Vatnsskarð, yfir Skagafjörð, um Blönduhlíð, Norðurárdal, Öxnadalsheiði, Öxnadal, Þelamörk, og Kræklingahlíð til Akureyrar.
5. Frá ferjustaðnum hjá Gili í Eyjafirði um Kaupangssveit, Vaðlaheiði, Fnjóskadal, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal hjá Ein-

arsstöðum um Reykjahlíð og Mývatnsöræfi, um Grímsstaði, Möðrudal og Skjöldólfsstaði, um Jökuldal og Hróarstungu, hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.

6. Frá Eskifirði að Búðareyri við Reyðarfjörð.
7. Frá Egilsstöðum á Völlum um Skriðdal, Breiðdalsheiði, Berufjarðarskarð, Djúpavog, Geithellnahrepp, Lónsheiði, Lón og Almannaskarð, um Hóla og Bjarnanes í Nesjum, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi, Skeiðarársand, Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun, um Ása í Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Landeyjar og Rangárvöllu að Ytri-Rangá.
8. Frá vegamótum fyrir ofan Borgarnes um Mýrar, Hnappadalssýslu, Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
9. Frá Hrútafjarðará, um Borðeyri, út með Hrútafirði, um Stikuháls til Bitrufjarðar og þaðan að Gilsfjarðarbotni.
10. Frá Þingvöllum um Laugardal til Geysis.
11. Frá Hafnarfirði til Keflavíkur.

4. gr.

Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem stjórnarráð Íslands ákveður, og eigi teljast til neins annars vegaflokks.

5. gr.

Sýsluvegir eru þeir vegir, er liggja sýslna í milli og um hverja sýslu þar sem mest er þjóðbraut, svo sem í kauptún og fiskiver, enda sjeu það eigi flutningabrautir eða þjóðvegir. Sýslunefndir ákveða, hvar þessir vegir skuli liggja, hver innan sinnar sýslu.

6. gr.

Hreppsvegir eru vegir um hreppa og hreppa í milli, sem hvorki eru flutningabrautir, þjóðvegir nje sýsluvegir. Sýslunefnd ákveður, eftir tillögum hreppsnefndar, hvar hreppsvegir skuli liggja.

ANNAR KAFLI.

Um vegagjörðir og viðhald vega og greiðslu kostnaðar við það.

7. gr.

Flutningabrautir skal fullgjöra á kostnað landssjóðs. Á flutningabrautum skal brúa öll vatnsföll, að svo miklu leyti sem það álíst kleift; brautirnar skulu vera svo gjörðar, að vel sjeu færar hlöðnum vögnum, en að öðru leyti ákveður stjórnraráðið með ráði verkfræðings þess, sem skipaður er til að stjórna vegagjörðum, gjörð þeirra í hverju einstöku tilfelli.

8. gr.

Viðhald flutningabrauta þeirra, sem lagðar hafa verið, eða verða lagðar samkvæmt lögum þessum, skulu sýslur þær kosta, er flutningabrautirnar liggja um eða verða lagðar um, hver innan sinna sýslumarka, þó með þessum undantekningum:

a. Landssjóður kostar viðhald flutningabrautanna frá Reykjavík að Reykjarjett í Ölfusi og frá vegamótum hjá Geithálsi til Þingvalla, og viðhald flutningabrautarinnar frá Búðareyri við Reyðarfjörð, að Lagarfljóti hjá Egilsstöðum að einum fjórða.

   Landssjóði skal skylt, að bæta að fullu á sinn kostnað miklar skemdir, er brýr á flutningabrautum verða fyrir af ófyrirsjáanlegum atvikum, svo sem jarðskjálfta, ofviðri o. s. frv. Landssjóður kosti einnig endurbyggingu brúnna, er þörf krefur. Þó fellur þessi viðgjörðar- og endurbyggingarskylda landssjóðs burtu, þar sem hinn upphaflegi byggingarkostnaður brúnna hefur ekki farið fram úr 15,000 krónum.

b. Norðurmúlasýsla og Suðurmúlasýsla kosti að öðru leyti, hvor um sig, viðhald flutningabrautarinnar frá Búðareyri að Lagarfljóti að hálfu.

c. Borgarfjarðarsýsla kosti viðhald flutningabrautarinnar frá Borgarnesi á þjóðveginn fyrir norðan Kláffossbrú á Hvítá í Borgarfirði að tveimur níundu, en Mýrasýsla að sjö níundu.

d. Rangárvallasýsla kosti viðhald flutningabrautarinnar milli Þjórsárbrúar og Ölfusárbrúar að einum þriðja, en Árnessýsla að tveim þriðju.

   Gæsla og viðhald Þjórsárbrúarinnar sje kostuð af sýslusjóði Rangárvallasýslu, en gæsla og viðhald Ölfusárbrúarinnar af sýslusjóði Árnessýslu.

Sýslunefndir skulu sjá um framkvæmd viðhaldsins, og kostnaðinn við það skal telja með þeim útgjöldum til vega, er sýslusjóður á að greiða.

9. gr.

Eftirstöðvar allra þeirra lána, er sýslufjelög hafa fengið úr viðlagasjóði til flutningabrauta að brúm meðtöldum og tekin eru fyrir 1. janúar 1907, falla niður frá 1. október 1909. Frá sama tíma tekur og landssjóður að sjer greiðslu á eftirstöðvum allra samskonar lána, er tekin hafa verið gegn ábyrgð sýslufjelaga annarsstaðar en í viðlagasjóði fyrir áðurgreindan tíma (1. jan. 1907).

10. gr.

Þá er flutningabraut er fullgjörð, eða nokkur hluti hennar, skal stjórnarráðið afhenda hana, eða þann hluta hennar, sem er fullgjörður, hlutaðeigandi sýslu eða sýslum til viðhalds. Þó má afhending aldrei fara fram fyrri en tveim árum eftir að lokið var að leggja þann kafla, sem afhentur er, enda hafi verið bættar á landssjóðs kostnað allar þær skemdir, sem á hafa orðið þessi tvö fyrstu ár, og eigi eru að kenna umferð eða eðlilegri rýrnun; skulu bæturnar, að svo miklu leyti sem unt er, vera svo fullkomnar, að eigi sje hætt við samskonar skemdum aftur.

Skýrsla eða vottorð landsverkfræðings þess, er stjórnar vegagjörðum landsins, skal gagnvart sýslu teljast full sönnun þess, hvort vegur eða vegarkafli er fullgjör, eða skemdir bættar svo sem hjer er fyrir mælt. Þó skal sýslunefnd heimilt að skjóta þessari umsögn landsverkfræðingsins til stjórnarráðsins til fullnaðarúrslita.

Þær flutningabrautir, sem eru gjörðar áður en lög þessi öðlast gildi, verða eigi afhentar fyrri en 1. október 1909, og þá að eins þeir kaflar þeirra, sem fullnægja ákvæðum þessara laga. Þeir kaflar, sem þá eru ófullgjörðir, afhendast eftir sömu reglum og þær flutningabrautir, sem verða gjörðar eftir að þessi lög öðlast gildi.

11. gr.

Stjórnarráðið hefur eftirlit með því, að hlutaðeigendur haldi flutningabrautunum svo við, ásamt með öllum þeim mannvirkjum, er þeim til heyra, og landssjóður hefur kostað í fyrstu, að ekki gangi úr sjer. Eftirlitinu skal haga svo, að verkfræðingur, eða annar hæfur maður, er stjórnarráðið útnefnir, skoði vegina að minsta kosti annaðhvort ár, og gefi nákvæma skýrslu um ástand þeirra og um það, sem ábótavant kann að vera um viðhaldið. Skal sýslumaður, eða sá annar, sem fyrir sýslunefndarinnar hönd hefur aðalumsjón með viðhaldinu, fá eftirrit af skoðunargjörðinni, og stjórnarráðið annað.

Eftirlitsmenn skulu á ferðum sínum láta sýslunefndum og þeim, sem annast viðhaldið af hendi sýslunefnda, í tje allar nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar um viðhald vega þeirra, er þeir líta eftir.

Allur kostnaður við eftirlitið greiðist úr landssjóði.

12. gr.

Nú vanrækir sýslunefnd þær aðgjörðir, er eftirlitsmaður hefur talið nauðsynlegar í skýrslu sinni, og getur stjórnarráðið þá fyrirskipað sýslunefndinni að framkvæma þær innan tiltekins tíma, og látið framkvæma þær á kostnað sýslunnar, ef hún hlýðir ekki fyrirskipuninni.

13. gr.

Sýslunefndir skulu semja reikning yfir viðhaldskostnað flutningabrautanna ár hvert, og senda hann stjórnarráðinu, ásamt með skýrslu um það, sem gjört hefur verið.

14. gr.

Á þjóðvegum skal svo bæta torfærur með vegaruðningi og brúagerð, að þeir sjeu greiðir yfirferðar.

15. gr.

Nú verður álitið nauðsynlegt eða gagnlegt að gjöra einhvern þjóðvegarkafla akfæran, og skal þá kostnaður við vegagjörðina greiðast úr landssjóði. Þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, má gjöra það að skilyrði, að sveitarfjelögin eða sýslufjelögin leggi fram tiltekinn hluta alls vegagjörðar-kostnað-

arins, eða að þau leggi á sinn kostnað akfærar álmur út frá hinum akfæra þjóðvegi. Á akfærum þjóðvegum skal brúa öll vatnsföll, að svo miklu leyti sem það álíst kleift; þeir skulu vera svo gjörðir, að vel sjeu færir hlöðnum vögnum, en að öðru leyti ákveður stjórnarráðið, með ráði verkfræðings þess, sem skipaður er til að stjórna vegagjörðum, gjörð þeirra í hverju einstöku tilfelli.

16. gr.

Þar sem akfærir þjóðvegarkaflar hafa verið lagðir eða verða lagðir, samkvæmt lögum þessum, um bygð eða innan einnar sýslu, og ná til kauptúns eða flutningabrautar, svo að álíta má að þeir komi hjeraðinu að notum til flutninga, skulu hlutaðeigandi sýslusjelög kosta viðhald þeirra. Um afhending veganna, framkvæmd viðhaldsins og eftirlit með því fer þó eftir ákvæðunum í 10.—13. grein.

17. gr.

Þar sem akfærir þjóðvegir verða gjörðir milli landsfjórðunga eða yfir fjöll eða heiðar milli sýslna, skal landssjóður kosta viðhald þeirra.

Stjórnarráðið kveður nánar á um endamörk þeirra þjóðvegakafla, sem landssjóður eða einstakar sýslur eiga að halda við.

18. gr.

Hlutaðeigandi sýslusjelög skulu kosta viðhald þjóðvegarins frá Borgarnesi til Stykkishólms sem að undanförnu. Að öðru leyti kostar landssjóður viðhald þjóðvega, með undantekningum þeim, er getur um í 16. grein.

19. gr.

Rjett er, að fjallvegir sjeu reiðfærir gjörðir og varðaðir svo sem nauðsyn ber til. Greiðist kostnaður við þá úr landssjóði.

20. gr.

Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýslusjóði, en í hann greiðir hvert hreppsfjelag 1 kr. 25 a. fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum 20—60 ára í hverri stöðu sem er. Heimilt er sýslunefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að gjald þetta skuli vera hærra, alt að 3 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann. Hreppstjórar skulu á ári hverju fyrir lok marsmánaðar senda sýslumanni nafnaskrár yfir alla verkfæra menn, 20—60 ára, sem heimili hafa í hreppnum. Eftir skrám þessum ákveður sýslumaður sýsluvegagjald hvers hrepps. Gjaldið skal borgað úr sveitarsjóði og greiðast sýslumanni á manntalsþingi.

21. gr.

Sýsluvegir þeir, sem liggja út frá flutningabrautum eða akfærum þjóðvegum, eða eru framhald af þeim, skulu gjörast akfærir þar sem því verður við komið. Að öðru leyti ákveður sýslunefnd hvernig sýsluvegir skuli gjörðir.

22. gr.

Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda stjórnarráðinu skýrslu um þær vegabætur, er hafa verið framkvæmdar á kostnað sýslusjóðs, ásamt með reikningi yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins.

23. gr.

Nú vill sýslunefnd framkvæma á einu ári meiri vegabætur á sýsluvegum, en tekjur sýslusjóðs það árið leyfa, og getur hún þá tekið lán til þeirra, en áður sýslunefnd ákveður lántökuna skal liggja fyrir áætlun um kostnað við hina fyrirhuguðu vegagjörð eftir verkfróðan mann.

24. gr.

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr hreppsvegasjóði, er hreppsnefndin geymir og hefur ábyrgð á. Skal greiða til hans 1 kr. 25 au. á vorhreppaskilaþingi fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum, 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Gjald þetta greiðir hver húsbóndi fyrir heimilismenn sína, þar á meðal lausamenn, er teljast þar til heimilis. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli vera hærra, alt að 3 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann.

25. gr.

Nú er lítið að vinna að hreppsvegum í hreppi, og má sýslunefnd þá ákveða, að alt að helmingi hreppsvegagjalds greiðist í peningum í sýslusjóð. Sje aftur á móti hreppsvegavinna mikil í einhverjum hreppi, af því að þar eru engar flutningabrautir, þjóðvegir nje sýsluvegir, en vegir um hreppinn langir og torfærir, má sýslunefndin ákveða, að alt að jafnmikil upphæð og hreppsvegagjald hreppsins greiðist úr sýslusjóði.

26. gr.

Oddviti hreppsnefndar skal á ári hverju senda sýslunefnd reikning yfir tekjur og gjöld hreppsvegasjóðsins.

27. gr.

Nú telur hreppsnefnd æskilegt, að framkvæmd sje á kostnað hreppsins meiri vegagjörð en svo, að hreppsvegagjaldið hrökkvi fyrir henni, og má hún þá verja til vegagjörðarinnar fje úr sveitarsjóði, ef meiri hluti allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrjett hafa til hreppsnefndar, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, og sje með þeirri samþykt ákveðið, hve mikilli upphæð megi verja til vegagjörðarinnar úr sveitarsjóði.

Nú vill hreppsnefnd taka lán til vegagjörðar í hreppnum, og skuldbinda sveitarsjóð til greiðslu á láninu ásamt vöxtum af því, og er henni það heimilt ef meiri hluti allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrjett hafa til hreppsnefndar, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, enda samþykki sýslunefnd ályktun hreppsnefndarinnar um lántökuna.

ÞRIÐJI KAFLI.
Um stjórn vegamála.

28. gr.

Stjórnarráð Íslands hefur yfirstjórn allra þeirra vegagjörða og þess vegaviðhalds, sem er kostað af landssjóði að nokkru eða öllu leyti. Til þess að stjórna framkvæmdum í þessum málum skal skipa landsverkfræðing og fá honum fasta verkfróða aðstoðarmenn eftir þörfum.

Nú getur landsverkfræðingur eða fastir aðstoðarmenn hans eigi komið því við, að veita forstöðu einhverri þeirri vegagjörð eða brúargjörð, er útheimtir sjerstaka verklega þekkingu, og er stjórnarráðinu þá heimilt að ráða til þess hvern þann hæfan mann, er fæst. Kostnaður sá, sem af þessu leiðir, telst með öðrum kostnaði við verkið.

29. gr.

Sýslunefndir hafa umsjón og stjórn þeirra vegagjörða og þess vegaviðhalds, sem er kostað af sýslusjóði; fela má sýslunefnd oddvita sínum umsjón með tilteknum vegagjörðum, eða sýslunefndarmanni eða hreppsnefndum umsjón með sýsluvegagjörð, hverjum í sínum hreppi, og ber þeim, sem umsjón er falin, að ráða til þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

Nú verður álitið nauðsynlegt að fá sjerstaklega verkfróðan mann til þess að undirbúa einhverja vegagjörð eða brúargjörð, eða til þess að sjá um framkvæmd vegagjörðar eða brúargjörðar,og er þá sýslunefnd, eða oddvita í umboði hennar, heimilt að ráða til hvern þann hæfan mann, er fæst. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, má telja með öðrum kostnaði við verkið.

30. gr.

Hreppsnefnd hefur umsjón með vinnu og aðgjörð á hreppsvegum, og skal hún ráða þann til verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

Nú verður álitið nauðsynlegt að fá sjerstaklega verkfróðan mann til þess að undirbúa vegagjörð eða brúargjörð, eða til þess að sjá um framkvæmd vegagjörðar eða brúargjörðar, og er þá hreppsnefnd heimilt að ráða til hvern þann hæfan mann, er fæst. Kostnað þann, er af þessu leiðir, má telja með öðrum kostnaði við verkið.

FJÓRÐI KAFLI.
Um gjörð veganna og um jarðrask, landnám, átroðning o. fl.

31. gr.

Allir vegir skulu vera svo breiðir, að nægi fyrir umferð þá, sem er eða vænta má að verði um þá.

32. gr.

Fram með öllum vegum skulu vera skurðir á báðar hendur, nema þar sem verkstjórinn kann að álíta það óþarft. Nú þarf að veita vatni frá vegi, og er þá hver landeigandi skyldur að leyfa, að því sje gjörð framrás yfir land hans, mót skaðabótum fyrir tjón það, sem hann kann að bíða af því; skaðabæturnar skulu ákveðnar með samkomulagi eða eftir mati samkvæmt 34. grein; þó getur enginn krafist skaðabóta samkvæmt þessum lögum fyrir vatnsrásir, sem eru til orðnar áður en lög þessi öðlast gildi.

Jarðefni það, er grefst upp úr skurðum og verður ekki notað til fyllingar í veginn, skal leggja á þann skurðbakkann, er veit frá veginum; skal álnar breið ræma af þeim skurðbakka teljast til vegarins, og má enginn gjöra girðingar eða önnur mannvirki á þeirri ræmu án leyfis stjórnarvalda þeirra, er veginum ráða; enginn má heldur reisa hús nær þeim skurðbakka, er veit frá vegi, en nemi 3 álnum.

33. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það, er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og leyfa að efni til vega sje tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því að eins greiddar, að þeirra sje krafist, og álitið verði, að landeigandi hafi beðið skaða við það.

34. gr.

Bætur fyrir landnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sjer, má ákveða eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns stjórnarvalda þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðinn við matið greiðir landeigandi, ef upphæð sú, sem honum er metin, er nær því, sem honum hefur verið boðið en því, sem hann hefur krafist; ella telst kostnaðurinn við matið með skaðabótakostnaðinum.

Nú vill annarhvor málsaðili eigi una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gjöra skal hann það innan mánaðar frá því matsgjörð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 4 dómkvöddum mönnum; kostnaðinn við yfirmat greiðir landeigandi, ef hann hefur krafist þess og það gengur honum eigi í vil, ella telst hann með öðrum skaðabótakostnaði.

35. gr.

Mat skal fram fara á vættvangi þá er jörð er snjólaus. Við matið skal hafa tillit til árlegs afraksturs af landi því, er um ræðir, svo og til þess, hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja og athuga vandlega alt það er getur haft áhrif á verðmæti þess, er meta skal; sjerstaklega skal hafa tillit til þess, ef ætla má, að land hækki í verði við vegagjörðina. Nú legst eldri vegur eða stígur niður við lagningu nýs vegar og fellur til landeiganda, og skal þá við matsgjörðina meta sjerstaklega hið gamla vegarstæði eða götutroðninga og draga

frá upphæð þeirri, er landeiganda er metin fyrir landnám undir hinn nýja veg eða jarðrask, leiðandi af lagning hans; bætur fyrir átroðning skal eigi meta í slíkum tilfellum, nema sannað verði, að meiri átroðningur stafi af hinum nýja vegi, en af hinum eldri vegi eða stíg.

36. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning, en sje jörð leigð öðrum, greiði landeigandi honum 4 af hundraði árlega af skaðabótaupphæðinni, meðan leigusamningur sá er í gildi, sem var, þegar bæturnar voru ákveðnar. Ábúandi á þó bætur fyrir skemdir á mannvirkjum þeim, sem eru hans eign, og skal meta þær sjerstaklega.

37. gr.

Skaðabóta, er af vegagjörð eða vegaviðhaldi leiða, skal krefjast innan árs frá því, er verk það var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur rjettur til skaðabóta niður.

FIMTI KAFLI.

Um brýr, ferjur, sæluhús, girðingar, hlið o. fl.

38. gr.

Brýr skal gjöra á vegum þar sem álitið verður nauðsynlegt, og teljast þær til vega þeirra, er þær liggja á.

39. gr.

Lögferjuskylda skal vera hin sama og nú er.

Sýslunefndir hafa eftirlit með því, hver í sinni sýslu, að lögferjumenn haldi lögferjum í gildu standi og gæti skyldu sinnar að öðru leyti, eftir þeim nánari reglum, sem sýslunefnd setur á hverjum stað.

Eigi má sýslunefnd hækka lögferjugjöld nje afnema lögferju nema með samþykki stjórnarráðsins.

40. gr.

Nú er sett dragferja eða svifferja eða annar ferjuútbúnaður, sá er útheimtir ferjumann, í lögferju stað, og skal þá lögferjumaður skyldur að taka við hinni nýju ferju, gegna henni og hafa með henni umsjón alla; að því leyti sem viðhald hins nýja ferjuútbúnaðar álíst kostnaðarsamara en viðhald hinnar eldri ferju, skal sýslusjóður kosta það, en landssjóður ef ferjan er á þeim vegi, er landssjóði ber að halda við.

41. gr.

Nú vill sýslunefnd setja lögferju þar sem ekki var lögferja áður, og skulu þá taka við henni landeigandi og ábúandi, en geta krafist þess, að ferj-

an sje lögð þeim til í upphafi. Ferjugjöldin skulu, ef samkomulag næst ekki, ákveðin af óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

42. gr.

Nú verða ábúendaskifti á býli því, er lögferja fylgir, og má viðtakandi þá krefjast þess, að honum sje metið álag á ferjuna.

43. gr.

Sæluhús skal gjöra á fjallvegum og annarstaðar þar er þurfa þykir, og telst kostnaður við bygging þeirra með vegagjörðakostnaði, en kostnaður við viðhald þeirra og rekstur með vegaviðhaldskostnaði.

44. gr.

Girðingar má ekki setja nær alfaravegi en svo, að full 1 alin sje milli vegarjaðarsins og girðingarinnar. Gaddavírsgirðingar má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 9 álnir sjeu frá miðjum vegi til girðingar, og ekki nær en svo, að 6 álnir sjeu frá vegarjaðrinum til girðingarinnar.

Enginn má gjöra girðingu yfir veg, með hliði á fyrir veginum, nema með leyfi sýslunefndar, ef um sýsluveg eða hreppsveg er að ræða, en með leyfi stjórnarráðsins, ef um flutningabraut, þjóðveg eða fjallveg er að ræða.

Nú er leyft að gjöra girðingu yfir veg, með hliði á fyrir veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minsta kosti 4 álna breið, og svo gjörð, að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki.

45. gr.

Nú liggur vegur eða stígur eða götutroðningar yfir land manns, og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að gjöra girðingu yfir þann veg með hliði fyrir veginum, en eigi má hann loka hliðinu nje með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema hreppsnefnd leyfi.

46. gr.

Nú er vegur lagður gegnum land manns, og á hann þá rjett á að fá óhindraðan aðgang að veginum á einum stað frá landareign sinni. Skal í því skyni gjöra fláa út frá veginum, ef hann er upphleyptur eða niðurgrafinn, og sje hallinn á fláanum eigi meiri en 1:8, svo og brú á skurðinn, ef nokkur er, fram með veginum, að minsta kosti 3 álna breiða. Landeigandi skal birta verkstjóra kröfu sína í þessu efni áður vegurinn er fullgjörður á þeim stað, sem hann vill hafa aðgang að, og skal þá aðgangur gjörður þar eða svo nálægt, sem kostur er á; telst kostnaðurinn við það með vegagjörðarkostnaði.

Nú birtir landeigandi verkstjóra eigi kröfu sína um aðgang að veginum í tæka tíð, og skal hann þá gjöra aðganginn á sinn kostnað, svo og ef hann vill hafa aðgang frá fleirum stöðum í landi sínu, en þeim eina.

SJÖTTI KAFLI.

Um framkvæmd viðhaldsins og um vetrarviðhald og vetrarvegi.

47. gr.

Stjórnarvöld þau, sem eiga að sjá um viðhald vega samkvæmt lögum þessum, skulu fá til svo hæfa menn, sem kostur er á, til þess að hafa eftirlit með vegunum, og skal eigi ætla eftirlitsmanni lengri kafla en 15 kílómetra, nema staðhættir krefji.

48. gr.

Eftirlitsmenn skulu tafarlaust láta gjöra við allar skemdir á vegunum, þær er hætta getur stafað af, eða hindra umferð, eða hætt er við að ágjörist svo að meiri kostnaður hljótist af. Þeir skulu á vetrum halda skurðum og rennum opnum, svo að eigi renni yfir veginn í leysingum; að öðru leyti skulu þeir framkvæma viðhaldið eftir því, sem þeim verður fyrirskipað.

Eftirlitsmenn skulu og hafa gát á því, að vegfarendur hlýði ákvæðum þeim um umferð á vegum, sem sett eru í lögum þessum eða sett kunna að verða, svo og að vegurinn og þau mannvirki, sem honum fylgja, sjeu eigi skemd af mannavöldum. Skulu þeir tafarlaust kæra öll slik brot fyrir lögreglustjóra.

49. gr.

Nú þykir ástæða til að halda vegi akfærum með snjómokstri að vetrarlagi, og má þá hreppsnefnd ákveða að svo skuli gjört, hver innan síns hrepps. Nú liggur vegur um fleiri hreppa en einn, og má sýslunefnd þá ákveða, að honum skuli halda akfærum með snjómokstri, ef hreppsnefnd í einhverjum þeim hreppi, er vegurinn liggur um, fer fram á það.

50. gr.

Þá er löglega hefur verið ákveðið að halda vegi akfærum að vetrarlagi með snjómokstri, skal hver hreppsnefnd annast um framkvæmd þess innan síns hrepps. Kostnaðinn við það má greiða úr sveitarsjóði, en heimilt er hreppsnefnd og að ákveða, að verkið skuli int af hendi með skylduvinnu allra verkfærra karlmanna í hreppnum; heimilt skal þó hverjum manni að leysa sig undan skylduvinnu með því að greiða 2 kr. fyrir hvert dagsverk.

Hreppsnefnd kveður að öðru leyti á um hversu snjómokstri skuli hagað.

51. gr.

Heimilt er sýslunefndum og hreppsnefndum að verja fje úr sýslusjóðum og hreppsvegasjóðum til þess að gjöra sleðabrautir á vetrum utan almennra vega, þar sem þörf þykir.

SJÖUNDI KAFLI.

Sjerstök ákvæði um vegi í kaupstöðum og í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig.

52. gr.

Í kaupstöðum og í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir

sig, ákveður bæjarstjórn eða hreppsnefnd með ráði byggingarnefndar hvar vegir skuli liggja innan kaupstaðarins eða verslunarstaðarins, og hvernig þeir skuli gjörðir.

53. gr.

Kostnaður við vegagjörð og vegaviðhald í kaupstöðum greiðist úr bæjarsjóði, en í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelag út af fyrir sig, úr sveitarsjóði.

54. gr.

Með tekjum sveitarsjóðs skal í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, telja hreppsvegagjald, sem er 2 kr. 50 au. fyrir hvern verkfæran karlmann í verslunarstaðnum, 20—60 ára, og greiðist gjaldið á þann hátt, sem fyrir er mælt í 24. gr.

55. gr.

Verslunarstaðir, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, skulu lausir við að greiða þann þriðjung sýslusjóðsgjaldsins, sem þeim annars bæri að greiða eftir tölu verkfærra karlmanna þar, ef hreppsfjelagið ver árlega til vegagjörðar í verslunarstaðnum að minsta kosti jafnmiklu fje úr sveitarsjóði, auk hreppsvegagjaldsins, sem þessi þriðjungur sýslusjóðsgjaldsins mundi nema.

ÁTTUNDI KAFLI.

Um reglur fyrir umferð um vegi, skemdir o. fl., og um sektir fyrir brot gegn lögum þessum.

56. gr.

Vegfarendur, hvort heldur eru gangandi, ríðandi eða á vagni eða á hjólum, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sjer og gripum sínum a vinstri helmingi vegarins eingöngu.

57. gr.

Stjórnarvöld þau, er eiga að annast viðhald vega, geta — hreppsnefndir og sýslunefndir þó eigi nema með samþykki stjórnarráðsins — sett þær reglur fyrir umferð um vegi þá, er þau annast um viðhald á, sem nauðsynlegar eru til þess að fyrirbyggja skemdir á vegunum eða til þess að greiða fyrir umferð um vegina, svo sem bannað trjádrátt og umferð þungavagna með mjóum hjólgjörðum.

58. gr.

Enginn má skilja eftir á alfaravegi neitt það, er getur hindrað eða bagað umferð um veginn; enginn má heldur stýfla skurði fram með vegi, eða frá vegi eða ræsi gegnum veg, eða gjöra neitt það, er hindrað getur eðlilegt vatnsrensli gegnum veg eða frá vegi.

59. gr.

Hver sá, er notar sæluhús við alfaraveg, skal ganga þrifalega um það, fara gætilega með eld, eldfæri og önnur þau tæki, er þar kunna að vera, ganga frá hverju á sínum stað og loka dyrum svo, að ekki nái að fenna inn. Skylt er hverjum, sem verður var við, að brotið hafi verið móti þessu, að tilkynna það tafarlaust umsjónarmanni sæluhússins eða lögreglustjóra.

60. gr.

Brot gegn lögum þessum og gegn þeim reglugjörðum og ákvörðunum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum frá 4—100 kr. Sömu sektum varðar það, að skemma af ásettu ráði vegi, brýr, ferjur, vörður eða sæluhús, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það, sem hann hefur unnið.

61. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

62. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Lög 24. nóv. 1893 um gæslu og viðhald á brúm yfir Ölfusá og Þjórsá.

Lög 13. apríl 1894 um vegi.

Lög 26. febr. 1898 um sjerstakt gjald til brúargjörða.

Lög 9. sept. 1899 um viðauka við lög um vegi 13. apríl 1894.

Lög 12. jan. 1900 um fjölgun og viðhald þjóðvega.

Lög 23. okt. 1903 um breyting á lögum nr. 8 um vegi frá 13. apríl 1894

Lög 10. nóv. 1905 um breyting á lögum 13. apríl 1894 um vegi og á lögum um breyting á þessum lögum 23. október 1903.

Ed.

265. Frumvarp

til laga um gjald af tollskyldum vörum, sem unnar eru innanlands.

(Eftir 3. umr í Nd.).

1. gr.

Enginn má reka vörugjörð til sölu, þeirrar vöru, sem tollskyld er, nema til þess hafi leyst leyfisbrjef hjá lögreglustjóra, þar sem vörugjörðin er rekin. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 50 kr. í bæjarsjóð eða sveitarsjóð.

Ákvæði þetta gildir einnig um þá, sem nú reka vindlagjörð, brjóstsykursgjörð eða bittergjörð, þar á meðal lyfsala, sem blanda og selja bitter án læknisforskriftar.

2. gr.

Af hverri tollskyldri vöru, sem gjörð er hjer á landi, skal greiða í landssjóð gjald, er nemi helming aðflutningsgjalds þess, er á vörunni hvílir.

3. gr.

Vörugjörðarmaður skal greiða gjaldið lögreglustjóra sínum áður en hann lætur vöruna af hendi, selur hana eða sendir til umboðssölu. Heimil er þó geymsla og greiðslufrestur á gjaldi þessu eftir þeim fyrirmælum, er gilda um aðflutningsgjald. Eigi skal gjald greiða af birgðum þeim, er fyrir liggja af innlendum vindlum, brjóstsykri og bitterum, þá er lög þessi öðlast gildi, en skyldur er hver sá, er slíka vöru hefur til sölu, að tilkynna lögreglustjóra sínum þann dag, er lögin öðlast gildi, hve miklar birgðir hann hefur, og skal lögreglustjóri tafarlaust skoða vöruna, semja skrá yfir hana og merkja með miðum, er votti, að varan sje gjörð áður en lögin gengu í gildi.

4. gr.

Vörugjörðarmenn mega ekki selja minna í einu af neinni vöru, þeirri er ræðir um í lögum þessum, en nemi 25 kr. virði.

Að öðru leyti setur stjórnarráðið reglugjörð um vörugjörðina og afhendingu og sölu varanna, að svo miklu leyti, sem þurfa þykir, til að tryggja gjaldheimtu af þeim.

5. gr.

Brot gegn fyrirmælum 1., 3. og 4. greinar, eða reglum þeim, er stjórnarráðið setur samkvæmt 4. gr., varða sektum, alt að 500 krónum. Stjórnarráðinu er heimilt, auk hegningarsekta, að leggja dagsektir við brotum á reglugjörðinni.

Nú verður vörugjörðarmaður uppvís að því, af hafa sagt rangt til um vörugjörð sína eða birgðir, eða selt er af birgðum, án þess að gjaldið sje greitt, og varðar það þann, sem brotið hefur, sektum frá 100—1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjalds þess, er hann hefur reynt að draga undan. Heimta má gjaldheimtumaður æru- og samviskuvottorð vörugjörðarmanns um framtal vöru.

6. gr.

Vörur þær, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum, skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum.

Sjeu rjett skil ekki gjörð, getur lögreglustjóri selt þær birgðir, sem fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gjöra á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til þeirrar vöru, er gjaldið átti af að greiða, og má þá án undanfarandi birtingar gjöra lögtak fyrir gjaldi og sektum í öðrum eignum gjaldanda.

7. gr.

Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál (sbr. þó 5. gr., síðari málsgrein).

Hegningarsektir allar renna í landssjóð. Þó skal sá fá helming sektar, sem veldur því með frásögn sinni, að uppvís verður undandráttur á gjaldi.

8. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum, skal lögreglustjóri gjöra reikning samkvæmt þeim reglum, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil. Af upphæð gjaldanna fær lögreglustjóri 2 af hundraði í innheimtulaun.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Nd.

266. Frumvarp

til laga um kennaraskóla í Reykjavík.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Kennaraskóla skal setja á stofn í Reykjavík og má verja til húss og muna alt að 30,000 kr. úr landsjóði.

2. gr.

Skólinn er jafnt fyrir konur og karla; kenslan veitist ókeypis.

3. gr.

Skólaárið er frá 1. október til 31. mars; 3 ársdeildir eru í skólanum.

4. gr.

Kenslugreinir skólans eru þessar: Íslenska, danska, saga, landafræði og náttúrufræði, og þó einkum það er Ísland snertir, reikningur og rúmfræði, skrift, teikning, handavinna, leikfimi, söngur, kristin fræði, uppeldis- og kenslufræði og kensluæfingar. Auk þess má taka upp kenslu í garðyrkju og matreiðslu.

5. gr.

Við skóla þenna skipar ráðherrann 3 fasta kennara; er einn þeirra forstöðumaður og hefur 2400 kr. að árslaunum, auk ókeypis bústaðar í skólahúsinu, hita og ljóss; annar kennari hefur 2200 kr. í árslaun og þriðji kennari 2000 kr.

Forstöðumaður hefur alla umsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans,

6. gr.

Kennarar skólans eru skyldir til, að hafa á hendi ókeypis um tveggja mánaða tíma á ári, kennslu og æfingar við framhaldskensluskeið fyrir lýðskólakennara, eftir nánari reglum, er yfirstjórn lýðskólanna setur.

7. gr.

Stjórnarráðið hefur á hendi yfirumsjón skólans og semur reglugjörð hans.

8. gr.

Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landsjóði.

Ed. **267. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um verndun fornmenja (242).

Frá nefndinni.

1. Við 5. gr.: Í stað »forngripavörður« komi: fornmenjavörður.
2. Við 9. gr.: Aftan við 3. lið greinarinnar (á eftir »fenginn«) bætist: Bætur fyrir tjón það, er af því kann að leiða, að vinnu er hætt, greiðast úr landssjóði, og skera óvilhallir dómkvaddir menn úr, ef ágreiningur verður um skaðabæturnar.
3. Við 10. gr.: Í stað »staðbundnum fornmenjum« komi: fornleifum — og í stað »fornmenjunum« komi: fornleifunum.

Ed. **268. Nefndarálit**

um frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907.

Frumvarp þetta hefur engum efnisbreytingum tekið í hv. neðri deild og er því hið sama, sem stjórnin lagði fyrir þingið. Vjer fáum heldur eigi sjeð ástæðu til breytinga á frumvarpinu og ráðum því hv. deild til að samþykkja alla liði þess óbreytta.

Nefndinni hefur borist umsókn frá verslunarstjórunum Elís Jónssyni og Olgeir Friðgeirssyni og hjeraðslækni Jóni Jónssyni, um endurgreiðslu á kostnaði við lagning símalínunnar frá Hofi til Vopnafjarðarkauptúns, ásamt reikningi yfir kostnaðinn, er nemur 2302 kr. 60 a.

Vjer lítum svo á þetta mál, að hjer verði engin tilslökun veitt; boð Vopnfirðinga um að kosta lagning línunnar, var ótvírætt og afdráttarlaust, og skilyrði þau, sem landssjóði voru sett um að leggja til efnið, hefur hann uppfylt, en uppgjöf skuldbindinga í þessum greinum gæti haft hin skaðlegustu eftirköst fyrir landssjóð, ef menn vendust á, að bjóða fram tillög til símalagninga víðsvegar um land, í von um, að fá þau endurgoldin, er verkið væri af hendi leyst. Hins vegar leyfir nefndin sjer að skjóta til h. hv. stjórnar, hvort

hún eigi sjái sjer fært, að veita Vopnafjarðarhreppi einhverja ívilnun að því er snertir stöðvarhald á Vopnafirði með tilliti til þess, að í hreppnum eru 2 símastöðvar, sem kosta hreppinn nokkurt fje, en alt útlit fyrir, að stöðin á Vopnafirði muni gefa nokkurn arð.

Að því er snertir hina fyrirhuguðu símalínu frá Borðeyri til Ísafjarðar og þaðan til Vatneyrar (sbr. 3. gr. D. 5 a og b), þá hefur komið til orða í nefndinni, hvort eigi mundi hugsanleg önnur símaleið, er lægi frá Arngerðareyri um Laugaból, suður Kollafjarðarheiði til Kollafjarðar, vestur um Barðaströnd og svo um heiðar til Patreksfjarðar eða Tálknafjarðar. Að vísu mundi þessi leið verða nokkru lengri en hin fyrirhugaða, en eigi að sama skapi kostnaðarsamari, þar sem á henni mundu verða færri sjóþræðir, sem auka svo mjög kostnaðinn, en auk þess — og það er aðalatriðið — hefur þetta fyrirkomulag þann mikla kost, að það setur Barðaströnd í samband við landssímann til stórmikils hagnaðar, eigi einungis fyrir hana, heldur og fyrir margar eyjar á Breiðafirði. Fjármálanefnd efri deildar leyfir sjer því að skora á hv. stjórn, að láta rannsaka, hvort fyrirkomulag það, sem hjer er farið fram á, sje framkvæmanlegt eður eigi, og hvern aukinn kostnað það mundi hafa í för með sjer.

Nefndinni barst, er hún var að ljúka störfum sínum, erindi um endurbætur á leikfimishúsi gagnfræðaskólans á Akureyri, en hún hefur eigi sjeð sjer fært að taka það til greina.

Nefndinni hefur borist erindi frá sjera Magnúsi Helgasyni, kennara í Hafnarfirði, um 800 kr. ferðastyrk til að kynna sjer fyrirkomulag og starfsháttu kennaraskóla erlendis. Með því að vjer erum þess fullvísir, að kennaraskólanum muni að miklu gagni verða utanför sjera Magnúsar, sem er góðkunnur hæfileika- og lærdómsmaður með áhuga fyrir starfa sínum, þá viljum vjer eigi neita með öllu beiðni þessari, þótt hún sje of seint fram borin, og ráðum því hv. deild til að samþykkja svo hljóðandi

VIÐAUKATILLÖGU

við frumvarp til fjárauka fyrir árin 1906 og 1907.

Aftan við 4. gr. komi:

Við B. VI. Utanfararstyrkur til sjera Magnúsar Helgasonar til að kynna sjer kennaraskóla erlendis.....500 kr.

Samtalan breytist eftir því.

Efri deild alþingis 15. d. ágústm. 1907.

Eirikur Briem, formaður.	Jón Jakobsson, skrifari og framsögumaður.
Guðjón Guðlaugsson.	Sigurður Jensson.

Ed.

269. Nefndarálit

um frumvarp til laga um útgáfu lögbirtingablaðs.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um frv. þetta í heild sinni.

Meiri hlutinn, Steingrímur Jónssoa og Björn M. Ólsen, er í öllu verulegu samdóma stefnu frumvarpsins og telur það vænlegt til að ráða bót á þeim glundroða og óvissu, sem nú er á fyrirkomulagi lögbirtinga, er okkur virðist með öllu óhafandi. Um ástæðurnar fyrir þessari skoðun okkar getum við vísað til athugasemda stjórnarinnar við frumvarpið

Að vísu mun útgáfa lögbirtingablaðsins að líkindum valda nokkrum auknum kostnaði frá því, sem nú er. Hefur nefndin leitað skýringa stjórnarráðsins um það atriði og fengið frá því eftirfarandi áætlun:

Gjöld.

52 blöð í litlu folio, 4 blaðsíður, hver síða 4 dálkar, ca. 1000 nr.

Setning og prentun á hverju blaði 20 kr.	kr.	1040,00
Pappír ca. 56 rís á kr. 5,00	—	280,00
Ritstjórn og prófarkalestur, 10 kr. hvert blað	—	520,00
Útsending	—	350,00
Umbúðapappír	—	25,00
Burðargjald út um land	—	212,00
Burður um Reykjavíkurbæ	—	52,00
Reikningshald og innheimta	—	140,00
Ýmisleg útgjöld (breytingareikn. úr prentsmiðju o. fl.) .	—	200,00
	Kr.	2819,00

Tekjur:

Af auglýsingum, ef alt óskilafje er tekið með, eigi undir	kr.	1800,00
Seld 400 eintök á 50 au.	—	200,00
Vantar til	—	819,00
	Kr.	2819,00

Á þessu sjest, að stjórnin telur líklegt, að tekjuhalli verði af blaðinu að upphæð rúmar 800 kr. á ári og teljum vjer þá áætlun nærri sanni. Nú hefur landssjóður um 800 kr. árstekjur af lögbirtingarrjettinum, og verða þá aukin útgjöld fyrir landssjóð um 1600 kr., ef frv. nær fram að ganga. En þess ber að gæta, að það er alls ekki víst, að árstekjurnar, með því fyrirkomulagi sem nú er, verði 800 kr. til frambúðar, og líka getur verið, að tekjuhallinn af útgáfu blaðsins verði minni, en áætlað er. Auk þess finst meiri hlutanum það alls ekki sæmilegt fyrir landið, að pranga á lögbirtingarjettinum með því að selja hann hæstbjóðanda, enda er óvíst, að birtingarnar með því móti nái tilætlaðri útbreiðslu meðal almennings. Svo er og athugandi, að í raun og veru vinst kostnaðaraukinn, ef nokkur verður, upp við það, að í blaðinu getur landsstjórnin birt umburðarbrjef, fyrirskipanir o. fl., sem nú er ekki unt að gjöra almenningi kunnugt nema með ærnum kostnaði. Meiri hlutanum finst því alls ekki horfandi í þann lítilfjörlega tilkostnað, sem af útgáfu lögbirtingablaðsins leiðir, í samanburði við það hagræði, sem af því mun stafa fyrir almenning, og ræður því deildinni eindregið til að samþykkja frumvarpið.

Að því er einstök atriði frumvarpsins snertir, telur öll nefndin það rjett, ef frv. nær fram að ganga, að landsstjórnin komi beinlinis fram sem útgefandi blaðsins, og ætlast til, að útgáfan sje að öllu leyti í höndum stjórnarráðsins. Þetta atriði virðist oss eigi koma nógu ljóst fram í 1. gr. frv., þar sem segir, að landsstjórnin skuli »annast um, að blaðið sje gefið út«, og höfum vjer því reynt, að orða þetta nánar með eftirfarandi breytingartillögu við 1. grein. Í samræmi við þetta teljum vjer sjálfsagt, að sjerstakur reikningur sje haldinn yfir árlegar tekjur og gjöld blaðsins og leggjum til, að skotið sje inn í frv. nýrri grein þess efnis (2. brtill.).

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. grein: Í stað orðanna »annast um, að út sje gefið« komi: gefur út.
2. Á eftir 2. grein komi inn ný grein, sem verður 3. grein, svohljóðandi:

   Stjórnarráðið heldur sjerstakan reikning yfir árlegar tekjur og gjöld lögbirtingablaðsins. Ef tekjuhalli verður, telst hann með skrifstofukostnaði stjórnarráðsins, en verði tekjuafgangur, telst hann með óvissum tekjum landssjóðs.
3. 3. og 4. grein frumvarpsins verða 4. og 5. grein.

Alþingi 15. ágúst 1907.

Steingrímur Jónsson,	Björn M. Ólsen,
form. og framsögumaður.	skrifari.

Álit minni hlutans.

Jeg hef ekki getað orðið háttv. meðnefndarmönnum mínum samdóma um frumv. þetta, og skal því hjer með leyfa mjer að láta uppi álit mitt um það.

Til þess að farið væri að ráðast í útgáfu slíks blaðs, sem hjer er um að ræða, á kostnað landssjóðs, yrðu að minni skoðun óhjákvæmilega tvö skilyrði að vera fyrir hendi. Annað það, að landssjóður hefði meiri hag af útgáfnnni en með því fyrirkomulagi, er hingað til hefur tíðkast, og hitt, að hið nýja fyrirkomulag yrði til meira hagræðis fyrir almenning, auglýsingar þær, sem í blaðinu birtust, fengju meiri útbreiðslu og því meiri trygging fyrir, að sem flestir gætu sjeð þær, án mikillar fyrirhafnar.

Það voru einmitt þessar tvær meginreglur, sem vöktu fyrir alþingi 1902, er það samþykti þingsályktun sína um stjórnarvaldaauglýsingar, sem ljóslega sjest af umræðunum um málið. Þannig segir flutningsmaður tillögunnar í Nd. (Alþt. 1902, B. 747—8) meðal annars svo:

»Tilgangur hennar (ɔ: tillögunnar) er sá fyrst og fremst, *að útvega landssjóði tekjur.* Að vísu er hjer ekki um stóra upphæð að ræða, ekki nema nokkur hundruð krónur, en það eru árlegar tekjur og getur munað, þegar saman dregst, og það tel jeg skyldu þingsins, að afla landssjóði tekna, þar sem það getur orðið, án þess að íþyngja landsmönnum, og án þess að gjöra öðrum rangt til. ..... Vjer höfum hugsað oss, að þrjú elstu blöðin í Reykjavík fengju að taka þátt í því, að bjóða í auglýsingarnar; vjer gjörðum þetta af því, að vjer vildum binda auglýsingarjettinn við þau blöð, sem líklegt væri, að einna *tryggilegust væru og útbreiddust,* en alls ekki af því, að vjer álitum þau að sjálfsögðu bestu blöðin. Hjer er líka um það að ræða, *að auglýsingarnar komi fyrir sem flestra manna*

sjónir. ..... Jeg treysti því, að landstjórnin muni sjá um það, *að auglýsingarjetturinn komist ekki í hendur þeirra blaða, sem hafa sárlitla útbreiðslu«.*

Í alveg sömu átt fara ummæli flutningsmanns tillögunnar í Ed. (Alþt. 1902, A. 256—259). Hann segir meðal annars svo:

»Þess vegna hefur oss dottið í hug, að rjett væri, að landssjóður nyti einhvers hagnaðar af birtingum hinna opinberu auglýsinga. ..... Þótt jeg hafi ekki fengið miklar upplýsingar um þetta mál, þá gjöri jeg mjer hugmynd um, að boðnar verði 200—300 krónur árlega í þennan einkarjett; það er að vísu ekki mikil upphæð, en það getur þó dregið sig saman. Eins og háttv. þingmönnum er kunnugt, er oft gjört mikið veður úr 200—300 króna bitlingum, og þá má alt eins gjöra veður úr 200—300 kr. tekjuauka fyrir landssjóð. ..... Þar sem við bentum á 3 elstu blöðin hjer í Reykjavík, þá var það gjört til þess að benda á þau blöð, sem hafa mesta útbreiðslu. ..... Jeg vona, *að landstjórnin veiti ekki nýjum blöðum þennar rjett, nema full vissa sje fyrir því, að þau fái eins mikla útbreiðslu og hin«.*

Þessi ummæli sýna greinilega stefnu þingsins, eða meiri hluta þess, að undanförnu, og henni hefði mátt búast við, að þingræðisstjórn hjeldi fastri. En frv. það, sem hjer liggur fyrir, fer einmitt í þveröfuga átt við stefnu meiri hlutans í þessu máli, þar sem það ekki einungis vill afsala landssjóði þeim tekjum, sem meiri hluti alþingis vildi útvega honum með þingsályktun sinni 1902, heldur í ofanálag baka honum viðlika há útgjöld, sem tekjurnar námu.

Því verður sem sje ekki neitað, að meiri hluti þingsins hefur náð tilgangi sínum: að útvega landssjóði tekjur og sjá jafnframt um, að auglýsingarnar næðu allmikilli útbreiðslu. Því, sem stendur, fær landssjóður rúmlega 800 kr. fyrir auglýsingarjettinn, og eftir því, sem skýrt er frá í blaði því, sem auglýsingarnar birtast í, þá er »upplag þess yfir 3000«.

Alt annað verður uppi á teningnum, þegar litið er á áætlun þá um tekjur og gjöld hins fyrirhugaða Lögbirtingablaðs, sem nefndin hefur fengið frá stjórnarráðinu og sem tilfærð er í áliti meiri hlutans.

Samkvæmt þeirri áætlun ætti landssjóður að hafa 819 kr. tap á útgáfunni. Og þegar nú þar við bætist sá missir á 800 kr. tekjum, sem hann nú hefur af stjórnarvaldaauglýsingunum, þá verður tap hans við breytinguna rúmar 1600 kr., sem er sama sem 4% vextir af 40,000 kr. höfuðstól, er þannig yrði fleygt út að óþörfu. Þetta mætti ef til vill verja, ef í móti kæmi mikið hagræði fyrir almenning. En það er öðru nær en svo sje. Samkvæmt áætluninni er gjört ráð fyrir 1000 eintökum. Af þeim má ætla, að 200 sjeu höfð til vara og frambúðar, 400 útbýtt ókeypis og 400 seld, sem þó er mjög undir hælinn lagt, þar sem fáir munu fúsir til að kaupa slíkt blað. Útbreiðslan yrði því harla lítil. Því jafnvel þó ráðgjört sje, að öll þessi 1000 eintök kæmust út meðal almennings, þá yrði útbreiðslan tveim þriðjungum minni en nú á sjer stað, eftir því sem það blað, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar skýrir sjálft frá. Og það óhagræði fyrir almenning, að auglýsingarnar fengju $^1/_4$—$^1/_8$ útbreiðslu á móts við það, sem nú á sjer stað, það ætti svo landssjóður að kaupa fyrir 1600 kr. á ári, eða vexti af 40,000 kr. höfuðstól.

En hjer við bætist, að að minsta kosti helmingurinn af hinum áætluðu auglýsingatekjum blaðsins er fyrir auglýsingar um seldan óskilafjenað. En eins og sýnt hefur verið fram á við umræðurnar í hátt. Ed., væri það alveg frágangssök að birta þær í blaði, sem hefði jafnlitla útbreiðslu og þetta, enda er ekki til þess ætlast í frv. stjórnarinnar. Vilji menn því ekki gjöra almenningi beint og augsýnilegt tjón með þessari breytingu, þá verður nauðsynlegt að fella þetta ákvæði burt úr frv. En afleiðingin af því yrði, að tekjuhallinn við útgáfuna yrði að minsta kosti 900 kr. meiri, eða alls frá því sem nú er, 2500 kr., eða með öðrum orðum 4% vextir af 62,500 kr. höfuðstól.

Með því að frumv. þetta, eins og nú hefur sýnt verið, bæði fer í bága við stefnu meiri hluta alþingis að undanförnu, og mundi verða til stórmikils óhagræðis bæði fyrir landssjóð og almenning, get jeg með engu móti lagt til, að það nái fram að ganga, en mun við umræðurnar koma fram með rökstudda dagskrá um, að það verði látið niður falla og stjórninni falið að koma öðru skipulagi á þetta mál. Mun jeg þá jafnframt skýra betur álit mitt á ýmsum atriðum málsins og láta uppi tillögur um það, eftir því, sem umræður falla í deildinni, og viturleg ráð koma fram um það, hvernig best verði horfið frá þeirri ráðleysisstefnu, sem frumv. er bygt á.

Alþingi, 15. ágúst, 1907.

Valtýr Guðmundsson.

Nd. **270. Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908—1909.
Frá Pjetri Jónssyni.

Við 15. gr. Til Jóns Ólafssonar, til þess að fullsemja og búa til prentunar íslenska orðabók með íslenskum þýðingum . . 2400 — 2400.

Nd. **271. Breytingartillaga**
við (frv. til fjárlaga) breytingartill. á þingskjali 199 fyrri lið.
Frá Pjetri Jónssyni.

1. Fyrir »2000« komi: 1000.
2. — »10000« — 6000.
3. Á eftir orðunum »álit landlæknis« komi: og að sýslufjelag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og reksturs.

Nd. **272. Viðaukatillaga**
við frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1904—1905.
Flutningsmaður: Hannes Þorsteinsson.

Við 3. gr. Á eftir »útgjöld við holdsveikraspítalann kr. 1665,71« bætist nýr liður: Enn fremur endurgreiðsla til Grafnings og Þingvallahreppa fyrir útbúning á einangrunarklefa handa vitskertum holdsveikling 400 kr.

Nd. **273. Nefndarálit**

um frumv. til laga um stofnun húsmæðraskóla.

Nefndin hefur eigi getað fylgst að í þessu máli að öllu leyti, og er álit meiri hlutans, eða fjögra nefndarmanna, á þessa leið:

Meiri hlutinn felst að öllu leyti á ástæður þær til þessa máls, er fluttar voru við fyrstu umr. í deildinni og skýrskotar til þeirra. Einnig felst meiri hlutinn á fyrirkomulag það í höfuðatriðunum, sem frumvarpið ákveður, samkv. skýringum þeim, er því fylgja, og leggur allmikla áherslu á, að skólar þessir sjeu eigi hafðir í eða of nærri kaupstað eða kauptúni.

Helsti gallinn á frumv. virðist nefndinni sá, að framkvæmdastjórn hvors skóla er ætlað að vera eingöngu í höndum forstöðukonunnar, svo og öll forráð skólans, nema þar sem yfirumsjón stjórnarráðsins kemur til.

Þessu vill nefndin breyta með því, að setja sjerstaka skólastjórn þriggja manna, og sje forstöðukona sjálfkjörin í hana. Þótti nefndinni rjett, að hjerað það, sem skólinn er búsettur í, ætti öðrum hjeruðum framar eitt atkvæði í þeirri nefnd og Búnaðarfjelag Íslands, sem ber fyrir brjósti öll búnaðarmálefni landsins, annað, ætti atkvæði fjelagsins að miða að samræmi skólanna. Valdsvið skólanefndar að ofan takmarkast að eðliegum hætti af þingi og stjórn, sem hafa fjárveitingarvaldið og yfirumsjónina.

Í 3. gr. frumv. er til tekið það, sem leggja skal aðaláherslu á í kenslunni á skólum þessum, og þykir nefndinni rjett, að bæta þar við landafræði Íslands í sambandi við sögu landsins.

Samkvæmt þessu leggur m. hl. til, að frumv. verði samþykt með þessum

BREYTINGUM:

1. Í stað 2. gr. komi 2 greinar svo hljóðandi:

2. gr.

Stjórnarráð Íslands hefur yfirumsjón skólanna. Það skipar forstöðukonu fyrir hvorn skóla, og hefur hún á hendi daglega stjórn skólans og skólaheimilisins. Að öðru leyti eru forráð hvors skólans um sig falin 3 manna nefnd, og er forstöðukonan sjálfkjörin í hana. Meðstjórnendur hennar eru kosnir til 4 ára hvor, þannig, að sýslunefndin í hjeraðinu, þar sem skólinn á heima, kýs annan, en stjórn Búnaðarfjelags Íslands hinn. Gengur annar þeirra úr nefndinni eftir hlutkesti þá er 2 ár eru liðin frá því stjórn var sett, og síðan á víxl, þá er kjörtími hvors um sig er liðinn.

3. gr.

Forstöðukona hefur á hendi kenslu við skólann, og skal hún hafa leyst af hendi próf, er sýni, að hún sje fær um kenslu í hinum helstu námsgreinum hans. Hún hefur að launum 1200 kr. á ári auk leigulauss bústaðar í skólanum.

Skólanefnd ræður þá kennara aðra, er nauðsyn krefur, með samþykki stjórnarráðs.

2. Við 3. gr. sem verður 4. gr.:
Í stað orðanna: »landsins og í því sambandi« komi: og landafræði Íslands og í sambandi við söguna.

3. 6. gr., sem verður 7. gr., orðist þannig:
Stjórnarráðið setur reglugjörðir fyrir skólana, með samráði við skólanefndirnar. Sje þar, meðal annars, kveðið á um inntökuskilyrði, fyrirkomulag kenslunnar og vitnisburði.

Alþingi 15. ágúst 1907.

Ólafur Ólafsson, formaður. Pjetur Jónsson, skrifari. Jóhannes Olafsson.

Stefán Stefánsson, Eyf.

Álit minni hlutans.

Jeg hef ekki getað orðið samdóma meðnefndarmönnum mínum, um brýna nauðsyn á stofnun skóla þessara að svo stöddu enda verð jeg að líta svo á, að reynsla sú, sem fengist hefur af þeim skólum, er reistir eru og reknir algjörlega á landssjóðs kostnað, sje lítt hvetjandi til að bæta nú fleirum við, eftir því sem fjárhag landsins er háttað. Jeg skal og bæta því við, að á Suðurlandi hafa ekki komið fram nokkrar raddir um nauðsyn á húsmæðraskóla fyrir Suðurland, enda virðist svo, sem vel megi um sinn, að minsta kosti fyrir Suðurland, hlíta við kenslu þá, er hússtjórnarskólinn í Reykjavík veitir, auk þess, sem þegar er stofnuð kensludeild við kvennaskólann í Reykjavik, einmitt í sömu átt og frumv. fer fram á. Að efla þá kenslu, virðist því liggja miklu nær, en að stofna sjerstaka, dýra landssjóðsskóla. Jeg vil því ráða hinni háttv. deild að fella frumv. það, sem hjer liggur fyrir.

Hannes Þorsteinsson.

Ed. **274. Frumvarp**
til laga um sölu kirkjujarða.
(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúendum, er á kirkjujörð sitja, ábýli þeirra, með þeim takmörkunum og á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Heimild þessi nær eigi til kirkjujarða þeirra, sem prestar sitja á, eða að áliti sýslunefndar, þar sem jörðin liggur, eru hentugar til embættisseturs, fyrir skóla, sjúkrahæli eða til annara almennings nota.

Nú er kauptún, þorp eða verksmiðjuiðnaður fyrir á kirkjujörð, eða

sýslunefnd telur líklegt, að slíkt komi þar upp innan skams, eða sýslunefnd hyggur jörðina sjerstaklega fallna til sundurskiftingar á milli margra grasbýla, eða til ábúðar fyrir uppgjafaprest eða prestsekkju úr því prestakalli, er jörðin liggur í, og má þá eigi selja jörðina án sjerstakrar lagaheimildar í hvert skifti.

Ef óskað er kaups á fasteign, sem er í umráðum prests, er embættið hefur fengið, áður en lög þessi koma í gildi, og nýtur launa eftir núgildandi ákvæðum, þá má hann einskis í missa við söluna.

3. gr.

Þegar kirkjujörð er seld, samkvæmt lögum þessum, skal ávalt undanskilja náma, sem vera kynnu í jörðu eða finnast þar síðar, svo og rjett til að nota þá, en ábúanda bera fullar bætur, eftir óvilhallra manna mati, fyrir átroðning og jarðarusla, er af því leiðir, að þeir eru notaðir.

4. gr.

Nú er fleirbýli á kirkjujörð, og má þá selja einum þeirra, er á jörðinni búa, alla jörðina, ef hinir aðrir leiguliðar á henni samþykkja.

5. gr.

Nú er kirkjujörð í eyði, og má þá selja jörðina þeim, sem tekur jörðina til eigin nytja, þótt eigi taki hann þar aðsetur.

6. gr.

Sá er leita vill kaups á kirkjujörð, semur um það beiðni, stýlaða til landsstjórnarinnar, og sendir hana til oddvita sýslunefndar.

Ef beiðandi fullnægir skilyrðunum fyrir, því að geta fengið jörðina keypta eftir lögum þessum, leggur oddviti beiðni hans fyrir sýslunefnd á næsta fundi hennar, og skal hún láta uppi álit sitt um, hvort hún telji jörðina til þeirra kirkjujarða, sem getur um í 2. gr. 1. og 2. lið. Enn fremur skal sýslunefnd segja álit sitt um, hvort undan sölunni ætti að skilja skóglendi, fossa eða önnur jarðargögn, önnur en náma.

7. gr.

Nú telur sýslunefnd, að jörðin falli ekki undir ákvæðin í 2. gr. 1. og 2. lið, og dómkveður þá sýslumaður, tvo óvilhalla menn, til þess að gjöra lýsingu á jörðinni ásamt öllu því, er henni fylgir og fylgja ber, og til þess að meta jörðina til peningaverðs. Verðið skal að öllum jafnaði miðað við það, að verðhæðin með 4% í ársvöxtu veiti sömu vaxtaupphæð og jarðargjöld og jarðabótakvöð nema í peningum til jafnaðar um síðastliðin 10 ár, ef leigumáli, að dómi matsmanna, hefur verið nægilega hár og honum hefur á því tímabili ekki verið breytt við ábúandaskifti, ella miða matsmenn við afgjald það, sem þeir telja hæfilegt eftir leigumála jarða í því bygðarlagi. Jarðabótakvöð skulu matsmenn reikna til dagsverka, eins og tíðkast hefur við

styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfjelaga, og telst hvert dagsverk jafngilda 1 kr. 25 aur. í öðru eftirgjaldi.

Nú hefur sýslunefnd látið í ljósi það álit, samkvæmt 6. gr., að undan sölu kirkjujarða ætti að skilja skóglendi, fossa eða annað, og skal þá meta jörðina að gæðum þessum meðtöldum og án þeirra.

8. gr.

Nú hefur ábúandi á næstu 10 árum áður en mat fer fram og án nokkurs styrks frá umráðamanni jarðar, gjört jarðabætur eða jarðarhúsabætur á kirkjujörð um fram það, er byggingarbrjef áskildi, og skulu þá matsmenn meta jörðina, eins og engar slíkar bætur hefðu verið gjörðar, þegar ábúandi sá, er þær gjörði, ekkja hans eða niðjar eru kaupendur.

9. gr.

Jafnframt því, er sýslumaður kveður matsmenn samkvæmt 7. gr., skal hann útvega frá umráðamanni jarðarinnar skýrslur þær viðvíkjandi jörðinni, sem matsmenn þurfa, samkvæmt 7. og 8. gr., við mat sitt og lýsing á jörðinni, lætur sýslumaður skýrslur þessar fylgja útnefningarbrjefum til matsmanna. Umráðamanni jarðar er skylt, að láta skýrslur þessar í tje innan hæfilegs tíma, er sýslumaður tiltekur.

10. gr.

Lýsingu og matsgjörð sína á jörðu senda matsmenn, ásamt öllum tilheyrandi skjölum, til sýslumanns, er síðan lætur matsmennina staðfesta gjörðina fyrir rjetti, að tilkvöddum kaupbeiðanda og umráðamanni jarðarinnar.

Beiðnina um kaupin, lýsingar og matsgjörðina, ásamt öllum öðrum málsskjölum, sendir sýslumaður að því búnu umráðamanni jarðarinnar, en hann afgreiðir málið áleiðis til landsstjórnarinnar, ásamt áliti sínu um það, svo fljótt, sem því verður við komið.

11. gr.

Nú vill eigandi jarðar, sem kirkjujörð á ítak í, leita kaups á ítakinu, og má þá selja honum það, ef samkomulag næst við umráðamann kirkjujarðar og önnur atvik eru því eigi til fyrirstöðu. Fer þá um beiðni, mat og afgreiðslu málsins á sama hátt og um kirkjujarðir eftir 6.—10. gr.

12. gr.

Landsstjórnin getur, þyki henni sjerstakar ástæður til, skipað fyrir um yfirmat á jörðum þeim og ítökum, sem til kaups eru föluð. Yfirmatsmenn skulu vera þrír og fer um kvaðning þeirra, sem segir í 7. gr.

Nú vill stjórnin ekki hlýta yfirmati og þarf þá sjerstakrar lagaheimildar til þess, að jörðin sje seld.

Borgun fyrir útnefningu matsmanna, matsgjörðina og staðfesting hennar, greiðir kaupbeiðandi sjálfur.

13. gr.

Nú kaupir ábúandi kirkjujörð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá greiða að minsta kosti tiunda hluta kaupverðsins um leið og kaupin eru gjörð. En um eftirstöðvarnar fer þannig, að ábúandinn gefur út skuldabrjef fyrir þeim með fyrsta veðrjetti í jörðinni, og greiðir þær síðan ásamt 4% í ársvöxtu með jöfnum árgreiðslum á eigi lengri tíma en 28 árum.

Kaupandi skal með hverri afborgun senda vottorð hlutaðeigandi hreppsstjóra um, að jörðin sje í sjálfsábúð.

Nú gengur jörð, sem seld hefur verið ábúanda samkvæmt lögum þessum, úr sjálfsábúð, áður en kaupverðið er að fullu greitt, og falla þá eftirstöðvar jarðarverðsins jafnskjótt í gjalddaga.

14. gr.

Nú er kirkjujörð eða ítak selt eftir lögum þessum, og ákveður ráðherrann söluverðið, sem þó aldrei má vera minna en verð það, sem metið hefur verið samkvæmt 7.—12. gr., og gefur út afsalsbrjef fyrir hinu selda. Öll skjöl, er snerta söluna, skulu lögð fyrir næsta alþingi til athugunar.

Um selda kirkjujörð fer, að því er skatt og gjaldheimtu snertir, sem um bændajörð.

15. gr.

Andvirði seldra kirkjujarða og ítaka skal leggja í sjerstakan sjóð, er nefnist kirkjujarðasjóður, og stendur beint undir landsstjórninni. Í þennan sjóð skal enn fremur leggja peningaeign prestakalla.

16. gr.

Eign kirkjujarðasjóðsins skal ávaxta sem óskerðanlegan höfuðstól, og skal árlega leggja við innstæðuna 5% af árstekjunum, en að öðru leyti ganga vextirnir í landssjóð til að launa sóknarpresta þjóðirkjunnar.

17. gr.

Höfuðstól kirkjujarðasjóðsins skal ávaxta sem tryggilegast.

Skal það gjört annaðhvort með því, að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildar landsbanka Íslands eða önnur jafntrygg verðbrjef, eða þá með útlánum eftir sömu reglum og gilda um lán af ómyndugra fje.

Sjeu verðbrjef keypt handa sjóðnum eða veðskuldabrjef tekin fyrir útlánum, skal geta þess á brjefunum, að þau tilheyri kirkjujarðasjóðnum og að eigi megi afhenda þau án leyfis landsstjórnarinnar.

18. gr.

Landsstjórnin semur í byrjun hvers almanaksárs reikning sjóðsins fyrir hið umliðna ár. Reikninginn skal auglýsa í B-deild Stjórnartíðindanna og síðan leggja tyrir hvert reglulegt alþingi til athugunar reikninga tveggja síðastliðinna ára með fylgiskjölum.

Nd. **275. Breytingartillögur,**
við breytingartillögur fjárlaganefndarinnar á þingskjali 186.
Flutningsmaður: Hannes Þorsteinsson.

Við 26. lið: Í stað »12000« komi: 4000.
Í stað »8000« komi: 6000.

Nd. **276. Viðaukatillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 13. gr. D. II. Eftir 2. tölulið komi nýr liður:
Til talsímalagningar frá Hafnarfirði
til Keflavíkur (fyrra árið) . . . 21000
Hjer af væntist frá hlutaðeigandi
hjeraði alt að 1/3 . . . . . 7000 14000.

Ed. **277. Breytingartillögur**
við frumvarp til laga um sölu kirkjujarða.
Flutningsm. Guðjón Guðlaugsson.

Við 2. gr. Orðin í 2. málsgrein: »eða til ábúðar . . . . liggur í« falli burtu.

Ed. **278. Breytingartillögur**
við frumvarp til laga um skipun prestakalla.
Flutningsm. Guðjón Guðlaugsson.

1. Við 1. gr. XI. 59. Liðurinn orðist svo:
Staðarhóll: Staðarhóls, Skarðs og Garpsdalssóknir.
2. — 1. gr. XII. 61. Liðurinn orðist svo:
Staður á Reykjanesi: Staðar, Reykhóla og Gufudalssóknir.
3. — 1. gr. XII. 62. Liðurinn falli burtu.

Ed. **279. Breytingartillögur**
við frumvarp til laga um laun sóknarpresta.
Flutningsmaður: Guðjón Guðlaugsson.

Við 2. gr. 6. tölul. falli burt.
Við 2. gr. 7. tölul. sömuleiðis.

Ed. **280. Nefndarálit**

um frumv. til laga um veitingar áfengra drykkja á skipum á Íslandi.

Nefndin ræður til, að frumvarpið sje samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

1. gr. orðist þannig:

Á skipum, er koma hjer við land eða ganga með fram ströndum landsins eða innfjarða, mega veitingar áfengra drykkja fyrir borgun ekki eiga sjer stað, meðan skipið liggur í höfn, til annara en farþega á fyrsta farrými, og einungis handa þeim sjálfum persónulega.

Björn M. Ólsen, formaður. Aug. Flygenring, skrifari og framsögum.

Þorgr. Þórðarson.

Ed. **281. Frumvarp**

til laga um umsjón og fjárhald kirkna.

(Eins og það var samþykt við 2. umræðu í Ed.)

1. gr.

Hverja þá ljenskirkju, sem sóknarprestur hefur enn fjárhald fyrir, skal hlutaðeigandi söfnuði bjóða til umsjónar og fjárhalds eigi síðar en við næstu prestaskifti. Sje það samþykt með meiri hluta greiddra atkvæða á lögmætum safnaðarfundi, skal afhenda kirkjuna söfnuðinum, enda samþykki hjeraðsfundur og biskup.

Svo má og svifta sóknarprest fjárhaldi ljenskirkju og afhenda kirkjuna söfnuðinum, þó að presturinn sje því ekki samþykkur, ef hjeraðsfundur og biskup álíta hann óhæfan til að sjá um fje kirkjunnar.

2. gr.

Þegar eigandi bændakirkju vill selja umsjón hennar og fjárráð söfnuðinum í hendur, þá getur því máli framgengt orðið, er það er samþykt með meiri hluta greiddra atkvæða á lögmætum safnaðarfundi, og samþykki hjeraðsfundar og biskups kemur til.

3. gr.

Þegar kirkja er afhent söfnuði, skal prófastur með tveim óvilhöllum úttektarmönnum gera nákvæma úttekt á kirkjunni, eignum hennar, áhöldum og gripum. Skulu úttektarmenn meta sanngjarnt álag á kirkjuna og það, sem henni fylgir, ef þeim virðist þess þörf. Greiðir sá, er kirkju hefur haldið, álagið að þeim hluta, sem sjóður kirkjunnar eigi vinst til, í hendur sóknarnefndinni, er tekur við kirkjunni og fje hennar fyrir hönd safnaðarins. Nú er kirkja í skuld við forráðamann sinn, og úttektarmenn gjöra álag á hana, og skal þá

forráðamaður hennar eigi að síður greiða álagið, en úttektarmenn meta, að hve miklu leyti skuldina skuli endurgjalda af tekjum kirkjunnar eftirleiðis. Mat þetta liggur undir samþykki biskups. Hafi lán verið tekið af almannafje til að byggja kirkju, skal greiða á sama hátt það, sem ógreitt er af vöxtum og afborgun.

Ef hinn fyrverandi forráðamaður kirkjunnar eða sóknarnefnd er óánægð með úttektina, má skjóta henni til yfirúttektar.

Heimilt er sóknarnefnd að taka við kirkju, án þess reglulег úttekt sje gjörð, ef samþykki hjeraðsprófastsins kemur til, og hann afhendir kirkjuna.

4. gr.

Söfnuðir þeir, sem taka að sjer umsjón og fjárhald kirkna, gangast undir allar þær skyldur, sem legið hafa á eigendum þeirra eða forráðamönnum, að því er kemur til endurbyggingar kirkju, viðhalds og hirðingar. Skal sóknarnefndin fyrir hönd safnaðarins heimta kirkjutekjurnar saman, svo sem lög standa til, og koma kirkjusjóðnum á vöxtu. Fyrir innheimtu og ómak sitt skal sóknarnefndin fá 6% af árstekjum kirkjunnar. Þó getur söfnuðurinn veitt sóknarnefndinni alt að 10% í innheimtulaun.

5. gr.

Nú hrökkva árstekjur kirkju, er söfnuður hefur tekið að sjer, eigi til lúkningar ársgjöldum hennar og má sóknarnefndin þá jafna niður því, er til vantar, sem aukagjaldi á sóknarmenn, þá er gjaldskyldir eru til kirkju, þannig, að helmingur gjaldsins greiðist eftir efnum og ástæðum, en hinn helmingurinn komi jafnt niður á hvern tilskilinn mann.

Á sama hátt má sóknarnefnd jafna niður peningagjaldi í stað skyldu-vinnu sóknarmanna við kirkjubygging.

Sóknarnefndir innheimta gjöld þessi og skal hver húsráðandi inna þau af hendi fyrir sig og þá gjaldskylda menn, sem eru til húsa hjá honum. Gjalddagi er 31. desbr. Taka má gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

6. gr.

Með lögum þessum eru lög um umsjón og fjárhald kirkna frá 12. maí 1882 úr gildi numin.

Ed. **282. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar að Tjaldanesi í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Að Tjaldanesi í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefur ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvember 1905, og birt þau í B-deild stjórnartíðindanna.

Ed. **283. Breytingartillaga**

við breytingartillögu við frv. til laga um veitingar áfengra drykkja á skipum á Íslandi, þgskj. 280.

Frá Valtý Guðmundssyni, Þórarni Jónssyni og G. Vigfússyni.

Orðin »á fyrsta farrými« falli burt.

Sþ. **284. Skýrsla**

frá verðlaunanefnd »Gjafasjóðs Jóns Sigurðssonar«.

Undirskrifuð nefnd, sem kosin var á alþingi 1905, samkvæmt 3. gr. í reglunum um »Gjöf Jóns Sigurðssonar« 24. ág. 1881 gaf samkvæmt erindisbjefi sínu út auglýsing, sem birt var í Þjóðólfi, þar sem þeim, sem óskuðu eftir að vinna til verðlauna af tjeðum sjóði, var boðið, að senda til vor fyrir lok febrúarmánaðar 1907 rit þau, er þeir óskuðu verðlauna fyrir.

En oss hafa engin slík rit borist, og ekki hefur oss heldur þótt ástæða til að nota heimild þá, sem oss er gefin í erindisbrjefi voru, að veita, þegar svo á stendur, nokkuð af verðlaunafjenu sem verðlaun fyrir ritgjörð, er komið hefur á prent, síðan alþingi var síðast haldið, þótt höfundurinn hafi ekki ætlast til verðlauna.

Verðlaunafjeð geymist því alt til næsta tímabils.

Skýrslu þessa um gjörðir vorar njótum vjer hjer með þess heiðurs, að leggja fyrir hið heiðraða alþingi.

Reykjavík 16. ágúst 1907.

Björn M. Ólsen. Eiríkur Briem. Þórh. Bjarnarson.

Nd **285. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 190 við frumvarp til laga um, að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjörðina Árbakka í Húnavatnssýslu.

Flutningsm. Björn Kristjánsson.

1. Við 1. lið. Orðið »og«, á undan nafninu Kornsá, falli burt.
2. Aftan við sama lið bætist: og Hólm í Kjósarsýslu fyrir 2350 krónur.
3. Við 2. lið. Aftan við liðinn bætist: og Hólm í Kjósarsýslu.

Ed.

286. Frumvarp

til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Hafnarfjarðarverslunarstaður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarrjettindum. Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi: Úr sjó utanvert við Balatún, sjónhending eftir takmörkum Hafnarfjarðarhrauns og Dysjamýrar, þar til kemur á hinn forna veg frá Görðum til Reykjavíkur. Eftir þeim vegi í Engidal. Þaðan eftir nyrðri brún Hafnarfjarðarhrauns, þar til kemur móts við austurhorn Hraunsholtstúns. Þaðan bein stefna yfir neðanverðan Kaplakrika í vörðu á háholtinu fyrir ofan Jófríðarstaði; þaðan yfir Fuglstapaþúfu efri beina leið í sjó fram. Kaupstaðurinn skal skyldur til, að setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og viðhalda þeim.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

2. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kosnir bæjarfulltrúar auk bæjarstjóra, sem er oddviti hennar. Bæjarstjóri skal kosinn af bæjarstjórn til 6 ára í senn, og skal hann launaður af bæjarsjóði.

Bæjarstjóri hefur því að eins atkvæðisrjett á fundum, að hann sje jafnframt bæjarfulltrúi.

3. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd á ákvörðunum þeim, er bæjarstjórnin gjörir, og í bæjarmálefnum yfir höfuð. Þó má bæjarstjórnin fela einum eða fleiri mönnum úr sínum flokki, að framkvæma einstök bæjarstörf, eftir reglum, sem hún sjálf setur. Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem bæjarstjórnin þannig felur þeim.

4. gr.

Bæjarfulltrúar skulu vera 7; þó má ráðherra breyta tölu þeirra, ef þörf gjörist, eftir tillögu bæjarstjórnarinnar. Skulu bæjarfulltrúar kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

5. gr.

Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, karlar og konur, sem eru 25 ára að aldri þegar kosningin fer fram, hafa átt lögheimili í bænum 1 ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, eru ekki öðrum háðir sem hjú og standa eigi í skuld fyrir sveitarstyrk -- ef þeir greiða skattgjald til bæjarsjóðs. Konur kjósenda hafa kosningarrjett, þótt þær sjeu eigi fjár síns ráðandi vegna hjóna-

bandsins og þótt þær eigi greiði sjerstaklega gjald í bæjarsjóð, ef þær að öðru leyti uppfylla áður greind skilyrði fyrir kosningarrjetti.

Kjörgengur er hver sá, er kosningarjett hefur. Þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, heldur eigi foreldrar og börn, nje móðurforeldrar, eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Heimilt er og konum jafnan að skorast undan kosningu.

6. gr.

Bæjarfulltrúar skulu kosnir til 6 ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta sinn, fara 2 frá eftir hlutkesti að tveim árum liðnum, aðrir 2 eftir 4 ár, og þeir 3, sem þá eru eftir, eftir 6 ár. Sömu reglu skal úr því fylgt með endurnýjun bæjarstjórnar, eftir aldursröð án hlutkestis.

Ef einhver fulltrúi fer frá áður en 6 ár eru liðin frá kosningu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefur sá fulltrúi sýslan á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 6 ár, sem frá fór.

7. gr.

Fulltrúakosningar skulu fara fram einhvern hinn fyrsta virkan dag eftir nýár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf aukreitis. Svo skal kosningu undirbúa, að skrá sje samin um þá, sem kosningarrjett eiga; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en kjörstjórar eru: bæjarstjóri og tveir fulltrúanna, er bæjarstjórnin til þess kýs. Kjörskráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Mótbárur gegn kjörskránni, er lúta að því, að nokkur sje oftalinn eða vantalinn, á að bera upp fyrir kjörstjórninni að minsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, og leggur hún þá úrskurð sinn á málið.

8. gr.

Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minsta kosti viku á undan, og á þann hátt, sem þing alment eru boðuð í kaupstaðnum.

9. gr.

Hver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka móti kosningu, nema hann sje sextugur að aldri, eða hann vegna heilsubrests eða annars hafi sennilega ástæðu til að skorast undan kosningu. Kjörstjórnin sker úr þessu, en láti hann sjer ekki lynda úrskurð hennar, skal málinu skjóta til bæjarstjórnarinnar. Sá, sem hefur gegnt fulltrúastörfum 6 ár eða lengur, er eigi skyldur að takast á hendur þá sýslu aftur, fyr en eftir jafnlangan tíma og hann hafði áður verið fulltrúi.

10. gr.

Sá, sem hefur eitthvað að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram hefur farið, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt

skriflega undir bæjarstjórnina viku eftir að kosning hefur fram farið, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina. Innan hálfs mánaðar frá því, að kæruskjalið var afhent bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður leita um það álits kjörstjórnarinnar. Kæra má skriflega úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir ráðherranum, innan hálfs mánaðar frá því, er úrskurðurinn var upp kveðinn. Þegar almennar kosningar hafa fram farið, fara bæjarfulltrúar þeir, er frá eiga að fara, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er fullnaðarúrskurður er lagður á kærur þær, er fram kunna að hafa komið yfir hinni nýju kosningu.

11. gr.

Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn, áður en sá tími er liðinn, sem hann er kosinn til, og skal bæjarstjórnin ákveða, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórnin ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, er svifta hann kjörgengi; hún ákveður og, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða víkja úr bæjarstjórninni um stund, af því að hann hefur vanrækt eða færst undan að gjöra það, er hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn, bera kæru sína undir ráðherrann á þann hátt, sem segir í næstu grein hjer á undan.

12. gr.

Bæjarstjóri stjórnar umræðum á fundum, og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gjörðabókina.

Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gjörð, verður, auk bæjarstjóra, að minsta kosti helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávalt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því að þá ræður hlutkesti.

Það skal kunngjört bæjarbúum, hvenær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjóra þykir nauðsyn til bera, eða að minsta kosta helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Bæjarstjóri skal á undan fundum, að svo miklu leyti sem unt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundalok, og á sjerhver í bæjarstjórninni rjett á, að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en ráðherrann samþykkir þau.

13. gr.

Virðist bæjarstjóra, að einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út yfir valdsvið hennar, eða að ákvörðun sje gagnstæð lögum, eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni með því að rita álit sitt um það í gjörðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðherranum skýrslu; en hann leggur úrskurð sinn á málið. Eftirrit af skýrslu

bæjarstjóra skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gjört athugasemdir sínar við hana, áður en hún fer til ráðherrans.

14. gr.

Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefur formaður barnaskólanefndarinnar sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

15. gr.

Bæjarstjórnin kýs 4 menn til að vera í byggingarnefnd fyrir kaupstaðinn ásamt bæjarstjóra; skulu tveir þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

16. gr.

Bæjarstjórnin kýs tvo menn til að sitja í hafnarnefnd ásamt bæjarstjóra; skal annar þeirra kosinn úr flokki bæjarfulltrúa.

17. gr.

Bæjarstjórnin kýs bæjargjaldkera, og veitir honum árlega þóknun. Skal hann skyldur til að hafa starf sitt á hendi að minsta kosti um 3 ár, nema honum sje fyrirmunað það af einhverjum atvikum, er bæjarstjórnin tekur gild.

18. gr.

Bæjarstjórnin skipar embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarfulltrúanna.

19. gr.

Reikningsár kaupstaðarins er almanaksárið. Innan 1. dags októbermánaðar ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Því, sem á vantar til að standast straum af bæjarþörfum, skal jafna niður á bæjarbúa eftir efnum og ástæðum.

Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða í bæjarstjórninni á 2 fundum með viku millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina, grein fyrir grein, og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermánaðar, og skal hún vera öllum til sýnis í hálfan mánuð.

Án samþykkis ráðherrans má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa, en sem svari meðaltali allra bæjargjalda þrjú hin síðustu árin, að fimtungi viðbættum.

20. gr.

Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í bænum; þeir skulu greiða þar fult gjald eftir efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi og haft aðsetur annarstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í kaupstaðnum. Fast aðsetur í bænum skemmri tíma en 4 mánuði kemur ekki til greina.

Svo má og leggja gjald á fastar verslanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í kaupstaðnum, er sjeu rekin að minsta kosti um 4 mánuði af gjaldárinu, þó að eigendur þeirra hafi þar eigi fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eftir efnum og ástæðum eftir því, er hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði, án þess tillit sje haft til annara tekna eða eigna þess, sem í hlut á.

Á hvalveiði og síldveiði með nót, er utanhreppsmenn reka í kaupstaðnum, má gjald leggja, þótt atvinna þessi sje rekin styttri tíma en 4 mánuði af gjaldárinu. Einnig má leggja gjald á kaupfjelög og pöntunarfjelög, ef þau hafa leyst borgarabrjef, hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir veltu og arði í söludeild fjelagsins.

21. gr.

Fimm manna nefnd skal jafna niður gjöldum eftir efnum og ástæðum. Um kosningarrjett og kjörgengi til niðurjöfnunarnefndar gildir hið sama, sem á er kveðið um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórna. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, og skal kosning fara fram í septembermánuði. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skifti, fara 2 frá að 3 árum liðnum; skal það, hverir frá fara, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Síðan fara frá á hverjum þriggja ára fresti 3 og 2 nefndarmenn til skiftis. Um kosningaraðferðina í nefnd þessa gildir hið sama, sem fyr segir um kosningu í bæjarstjórn, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

Enginn, sem skyldur er að taka á móti kosningu í bæjarstjórn, getur skorast undan að taka á móti kosningu í niðurjöfnunarnefndina, nema bæjarfulltrúarnir. Hver sá, er verið hefur 6 ár eða lengur, samfleytt, í nefndinni, er og undanþeginn starfa þessum jafn lengi og hann hefur í henni verið. Enginn má á sama tíma sitja í niðurjöfnunarnefnd og bæjarstjórn.

Niðurjöfnunarnefndin kýs sjer oddvita úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu, sem um bæjarstjórnina (12. gr.).

22. gr.

Niðurjöfnunarnefndin jafnar niður hinum árlegu gjöldum í nóvembermánuði, samkvæmt áætluninni. Niðurjöfnunarskráin og skrá um gjöld bæjarins skal liggja öllum til sýnis um hálfan mánuð fyrir árslok, annaðhvort á bæjarþingsstofunni, eða á öðrum hentugum stað, eftir að búið er að birta það opinberlega. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta júnímánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem hafa flutt sig til kaupstaðarins eftir að aðalniðurjöfnun fór fram, og skyldir eru að

greiða skatt samkv. 19. gr, Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í hálfan mánuð, eins og sagt er að framan.

Kærur gegn hinni framlögðu niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefndinni skriflegar innan hálfs mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin hefur verið til sýnis. Innan hálfs mánaðar þar á eftir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefur gjört, má svo innan hálfs mánaðar þar á eftir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar. Kærur, sem koma fram eftir hinn tiltekna tíma, verða ekki teknar til greina.

Hverjum, sem settur er í bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefur verið ekki að eins á sjálfan hann, heldur og á aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, sem og yfir því, ef einhverjum er slept, sem þar á að standa. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sje slept, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni, áður en úr þessu er skorið í bæjarstjórninni eða niðurjöfnunarnefndinni.

Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minsta kosti 10% annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem slept hefur verið úr niðurjöfnunarskránni, nema gjald hans geti að minsta kosti numið því lægsta gjaldi, sem þegar hefur verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komist hjá því að greiða þann hluta skattsins, sem fallinn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal greiða aftur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

23. gr.

Ef ágreiningur verður milli Hafnarfjarðarbæjar og einhvers annars sveitarfjelags um það, hvernig skifta eigi milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal ráðherrann skera úr því.

Ef einhver þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga.

24. gr.

Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. okt. ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur kaupstaðarins. Sjeu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji skattskyldur maður sig úr bænum fyrir nýár, fellur alt það gjald burt, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, sem í hönd fer. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhvern tíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. júlí.

25. gr.

Bæjarstjórn og sjerstaklega bæjarstjóri skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimt-

ar, og í tækan tíma; enn fremur gæta þess, að geymt sje og eftir atvikum á-vaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda, til að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum og öðrum eignum kaupstaðarins.

26. gr.

Gjaldkeri skal að minsta kosti einu sinni á hverjum 3 mánuðum gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðsskýrslu, er sýnir bæði, hvað goldist hefur í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má gjaldkeri borga neitt úr bæjarsjóði, nema eftir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirritaðar af bæjarstjóra og sjeu þær yfir 100 krónur, þá einnig að minsta kosti af 2 bæjarfulltrúum.

27. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á vegavinnu, á því að útvega vinnu og varning í þarfir bæjarins o. s. frv., skal ekki goldið neitt.

28. gr.

Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta landsstjórninni í tje skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

29. gr.

Bæjarstjórnin má ekki án samþykkis ráðherrans takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans, nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán, nje lán upp á lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

30. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna ár, og senda bæjarstjóranum fyrir lok janúarmánaðar. Bæjarstjóri lætur reikning þennan liggja öllum bæjarbúum til sýnis um hálfan mánuð, og skal um birtingu þess, svo og um athugasemdir við reikninginn, fara á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 22. gr. um niðurjöfnunina. Reikningurinn sje því næst vandlega yfirfarinn af yfirskoðunarmanni, er kosinn sje af kaupstaðarbúum þeim, er hafa kosningarrjett samkvæmt 5. gr. Skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir, og hafa starfið á hendi 3 ár. Yfirskoðunarmaður skal hafa lokið rannsókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fjekk hann. Þegar gjaldkeri hefur

svarað athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn, ásamt athugasemdum endurskoðanda og svari gjaldkera, fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanns og veitir bæjargjaldkera kvittun. Enginn má taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (3. gr.).

Nú vill reikningshaldari, eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, getur bæjarstjórnin birt á prenti ágrip af honum, er bæjarstjóri semur, og skulu þá í ágripi því greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

31. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda ráðherranum reikning yfir hið umliðna reikningsár með athugasemdum yfirskoðunarmanns og úrskurðum bæjarstjórnarinnar á þeim. Komi það fram, að bæjarstjórnin hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal ráðherrann gjöra þær ráðstafanir, er við þarf, og ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem hafa átt þátt í þessum ályktunum.

32. gr.

Ráðherrann gjörir ráðstöfun til, að lög þessi geti öðlast fult gildi 1. dag júnímánaðar 1908.

Ákvarðanir um stundarsakir:

Sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu annars vegar og bæjarstjórn Hafnarfjarðar hins vegar gjöra milli sín samning um skifti á eigum og skuldum sýslusjóðsins og sýsluvegasjóðsins. Ef nokkur ágreiningur verður um þau skifti, liggur hann undir fullnaðarúrskurð ráðherrans.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar og hreppsnefnd hins nýja Garðahrepps gjöra einnig milli sín samning um skifti á eignum, skuldum og ómögum hins núverandi Garðahrepps. Rísi nokkur ágreiningur út af þeim skiftum, sker ráðherrann einnig úr.

Fyrsta fjárhagsár kaupstaðarins telst frá 1. júní 1908 til 31. desember sama ár.

Ed. **287. Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um skipun prestakalla.
Frá Aug. Flygenring.

Við VII. Kjalarnesprófastsdæmi:
1. 36. liður orðist svo: Staður í Grindavík: Staður, Krísuvíkur og Kirkjuvogssóknir.
2. 37. liður orðist svo: Útskálar: Útskála, Hvalsness og Njarðvíkursóknir.
3. 38. liður falli burt.
4. 39. liður orðist svo: Garðar á Álftanesi: Garða, Bessastaða og Kálfatjarnarsóknir.

Liðatala frumvarpsins breytist samkv. þessu.

Nd. **288. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1908 og 1909.
Flutningsmaður: Lárus H. Bjarnason.

Við 14. gr. B VII. a 1: Í stað: »2500—2500«
komi: 4500—4500.

Ed. **289. Breytingartillaga.**
við frumvarp til laga um skipun prestakalla.
Frá nefndinni.

Við 6. gr. Á eftir orðunum í upphafi greinarinnar: »Lög þessi öðlast gildi«, komi: 6. júní 1908.

Ed. **290. Breytingartillögur**
við frumv. til laga um laun sóknarpresta.
Frá nefndinni.

1. Við 2. gr. tölul. 6. Í stað »Suðurdalaþing« komi: Staðarhólsþing.
2. — 12. — Fyrir: »fyrsta fardag« komi: 6. júní.
3. — — — Fyrir: »Lög þessi öðlast gildi í fardögum 1908 og frá sama tíma«, komi: Frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi.

Ed. **291. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar að Kalmansárósi við Hvalfjörð í Borgarfjarðarsýslu.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Neðri deild).

1. gr.

Að Kalmansárósi við Hvalfjörð í Borgarfjarðarsýslu skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefur ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvember 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **292. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um hækkun á aðflutningsgjaldi.

Frá nefndinni í málinu um skipun hjeraðsnefnda og sóknarnefnda o. fl.

Fyrir orðin: »nr. 6, 29. júlí 1905« komi: 31. júlí 1907.

Ed. **293. Breytingartillögur**

við frv. til laga um verndun fornmenja.

Frá Eiríki Briem.

Við 9. gr. Aptan við orðin: »eins og nú var sagt, og« í þriðju málsgrein, komi: »líti út fyrir, að um mikilsverðar fornleifar sje að ræða, skal«

Við 12. gr. Aptan við orðin: »fleiri forngripir« í fyrstu málsgrein, komi. »þeir, er mikilsverðir eru«.

Við 14. gr. Aptan við orðin: »(sbr. 13. og 12. grein), skal« komi: »svo framarlega sem líkur eru til, að nokkur geti sannað eignarrjett sinn að forngripunum«.

Nd. **294. Frumvarp**

til laga um breytingar á gildandi ákvæðum um prestaskólann, lagaskólann og læknaskólann.

(Lagt fyrir alþingi 1907 af landsstjórninni).

Forstöðumaður prestaskólans (sbr. konungsúrskurð 21. maí 1847 og auglýsingu 15. ágúst 1895), forstöðumaður lagaskólans (sbr. lög 4. mars 1904) og hinn fasti kennari við læknaskólann (sbr. lög 11. febr. 1876) skulu hjer eftir nefnast prófessórar. Metorð þeirra ákveður konungur.

Ed. **295. Breytingartillögur**
við frumvarp til laga um skipun prestakalla.
Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. XVII. 88. tölul. Fyrir: Reynistaðar-, Sauðárkróks- og Rípursóknar, komi:
Reynistaðar- og Sauðárkrókssóknir.
2. — — — — 92. — Fyrir: »og Hofstaðasóknir«, komi:
Hofstaða- og Rípursóknir.

Ed. **296. Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907.
Flutningsmenn: Aug. Flygenring og Valtýr Guðmundsson.

Aftan við 4. gr. komi:
Við B. VI. c. Til byggingar nýs skólahúss og aðgjörðar á gamla skólahúsinu m. m. . . . . 9.500 krónur.

Nd. **297. Frumvarp**
til laga um löggilding verslunarstaðar að Króksfjarðarnesi í Geiradalshreppi.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Að Króksfjarðarnesi í Geiradalshreppi skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefur ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóvbr. 1905, og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **298. Frumvarp**
til laga um löggilding verslunarstaðar að Eysteinseyri við Tálknafjörð.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Að Eysteinseyri við Tálknafjörð skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar stjórnarráðið hefur ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar samkvæmt lögum nr, 61, 10. nóvbr. 1905 og birt þau í B-deild Stjórnartíðindanna.

Nd. **299. Breytingartillaga**

við breytingartillögur fjárlaganefndar á þingskjali 186, 56. tölulið, (15. gr. 17.).

Frá ráðherra.

Í stað 500 — 500 komi: 600 — 600.

Ed. **300. Frumvarp**

til laga um löggilding verslunarstaðar í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í Hnífsdal í Norður-Ísafjarðarsýslu, milli svo nefndrar Heimabæjarvarar og Stekkjalæks, skal vera löggiltur verslunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefur ákveðið takmörk verslunarlóðarinnar, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, og þau hafa birt verið í B. deild Stjórnartíðindanna.

Ed. **301. Frumvarp**

til laga um metramæli og vog.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Mæli og vog skal af metrakerfi leiða á Íslandi.

Tugakerfi skal ráða í skiftingu mælis og vogar.

2. gr.

Lengd metra og þyngd kílógramms skal jafnt þeirri fyrirmynd mælistærða þessara, sem ákveðin er af allsherjarstofnuninni fyrir mæli og vog í Parísarborg.

3. gr.

Í mæli og vog skal hafa frumeiningar þær og skiftinefni, sem nú skal greina;

Lengdarmál.

Frumeining lengdarmáls er metri.
1 desímetri er $^1/_{10}$ metra.
1 sentímetri er $^1/_{100}$ metra.
1 mílímetri er $^1/_{1000}$ metra.
1 dekametri er 10 metrar.
1 hektómetri er 100 metrar.
1 kílómetri er 1000 metrar.
10 kílómetrar er metramíla.

Flatarmál.

Frumeining flatarmáls er fermetri.
Einn ari er 100 fermetrar.
Einn hektari er 100 arar.
Einn ferkílómetri er 100 hektarar.

Rúmmál.

Frumeining rúmmáls er teningsmetri. Þúsundasti hluti teningsmetra (teningsdesímetri) er lítri.
1 desílítri er $^1/_{10}$ lítra.
1 sentílítri er $^1/_{100}$ lítra.
1 dekalítri er 10 lítrar.
1 hektólítri er 100 lítrar.

Vog.

Frumeining vogar er 1 lítri vatns og nefnist kílógramm.
1 kílógramm er 1000 grömm.
1 desígramm er $^1/_{10}$ úr grammi.
1 sentígramm er $^1/_{100}$ úr grammi.
1 míligramm er $^1/_{1000}$ úr grammi.
1 dekagramm er 10 grömm ($^1/_{100}$ úr kílógrammi).
1 hektógramm er 100 grömm ($^1/_{10}$ úr kílógrammi).
1 tonn er 1000 kílógrömm.

Stjórnarráð Íslands getur ákveðið, hver íslensk heiti megi nota jafnhliða útlendu heitunum og hverjar styttingar skuli hafa til þess að tákna frumeiningar þær og skiftinefni, sem talin eru í þessari lagagrein.

4. gr.

Konungur ákveður tímatakmark, er þó má eigi síðar vera en þrem árum eftir staðfesting laga þessara, en upp frá því skal eingöngu nota metrakerfi í mæli og vog við útreikning á tollgjöldum til landssjóðs og öðrum opinberum gjöldum, sem teljast í vog eða mæli.

Frá sama tíma má nota metramæli og metravog í verslun og viðskiftum, þegar þeim, er skiftin eiga, kemur saman um það. Að tveim árum liðnum eftir nefnt tímatakmark skal eingöngu nota metramál og metravog; þó getur konungur ákveðið, að vogarlóð og reislur, er gjörðar eru eftir vogarkerfinu frá 1. desbr. 1865 sje notuð fyrst um sinn; svo má og framvegis nota vogarlóð þau, sem löggilt eru til meðalasölu og vigtar dýrindismálma, til þess er þau eru ætluð. Á því tímabili, þegar nota má metrakerfið jafnhliða núgildandi mæli og vog,

skal í hverri þeirri búð eða byrgi, þar er verslun er rekin í smásölu, vera upphengd eða á annan auðveldan hátt höfð til sýnis kaupendum, tafla, staðfest af stjórnarráðinu, er sýni breytingu mælis og vogar úr einu kerfinu í annað.

Aðfluttar vörur, sem eigi er raskað umbúðum á, má hafa til sölu eftir mæli þeim og vog, sem þær eru seldar eftir í landi því, er þær fluttust frá.

5. gr.

Hlutfallið milli núgildandi mælis og vogar og metramælis og metravogar skal telja svo sem nú skal greina, bæði í opinberum erindum og einstakra manna skiftum:

1 míla á landi	7.532 kílómetra.
1 sjómíla	1.852 kílómetra.
(1 vika sjávar 7.408 kílómetra).	
1 faðmur	1.8831 metra.
1 alin	0.6277 metra
1 fet	0.31385 metra.
1 þumlungur	2.615 sentímetra.
1 lína	2.18 mílímetra.

1 fermíla	56.7383 ferkílómetra.
1 túndagslátta	0.31914 hektara.
1 engjateigur (dagslátta)	0.56736 hektara.
1 ferfaðmur	3.546 fermetra.
1 feralin	0.394 fermetra.
1 ferfet	0.0985 fermetra.
1 ferþumlungur	6.84 fersentímetra.

1 teningsfet	0.030916 teningsmetra.
1 brennifaðmur (72 teningsfet)	2.226 teningsmetra.
1 pottur ($^1/_{32}$ teningsfet)	0.9661 lítra.
1 almenn tunna (lýsistunna 120 pottar)	1.1593 hektólítra.
1 öltunna (136 pottar)	1.3139 hektólítra.
1 korntunna (144 pottar)	1.3912 hektólítra.
1 kornskeppa	17.39 lítra.
1 anker (39 pottar)	37.68 lítra.
1 skippund	160 kilógrömm
1 pund	0.5 —
1 tunna smjörs (224 pund)	112 —

Þegar reiknað er aðflutningsgjald og útflutningsgjald skal þó, ef ekki er öðruvísi ákveðið í sjerstökum lögum, telja 1 pott sama sem 1 lítra.

Stjórnarráð Íslands getur, ef þörf gjörist, sett nánari ákvarðanir um hlutföllin milli metrakerfis og núgildandi mælis og vogar, þar á meðal um styttan tugabrotareikning við útreikning annara opinberra gjalda.

6. gr.

Brot á móti næstsíðustu málsgrein 4. greinar varða sektum til landssjóðs frá 5—50 kr., og skulu mál út af þeim brotum rekin sem opinber lögreglumál.

7. gr.

Eldri lagaákvæði um mæli og vog, sem koma í bága við þessi lög, eru úr gildi feld jafnóðum og lög þessi koma til framkvæmda samkvæmt 4. gr.

Tilsk. 25. júní 1869 um mæling skipa og önnur lagaákvæði um það efni skulu þó óhöggguð standa.

Sþ. **302. Skýrsla**

um »Gjöf Jóns Sigurðssonar« á tímabilinu frá 27. júlí 1905 til 27. júlí 1907.

Tekjur:

1.	Eign sjóðsins eftir skýrslu, dagsettri 10. ágúst 1905:			
	a. Bankavaxtabrjef	kr.	8000,00	
	b. Veðskuldabrjef	—	5700,00	
	c. Í Landsbankanum	—	823,66	kr. 14523,66
2.	Tekjur á ofannefndu tímabili:			
	a. Ársvextir af bankavaxtabrjefum til $^{2}/_{1}$ og $^{1}/_{7}$ 1906 og 1907	kr.	720,00	
	b. Ársvextir af veðskuldabrjefum til $^{11}/_{6}$ 1906 og 1907	—	477,08	
	c. Arsvextir af fje í Landsbankanum til $^{31}/_{12}$ 1905 og 1906	—	98,09	kr. 1295,17
			Samtals	kr. 15818,83

Gjöld:

Eign sjóðsins 27. júlí 1907:				
a.	Bankavaxtabrjef	kr.	8000,00	
b.	Veðskuldabrjef...	—	7200,00	
c.	Í Landsbankanum	—	618,83	kr. 15818,83

Í stjórnarráði Íslands 17. ágúst 1907.
F. h. r.

Kl. Jónsson.

Jón Magnússon.

Nd. **303. Nefndarálit**
um frumvarp til laga um dánarskýrslur.

Vjer, sem höfum haft mál þetta til íhugunar, höfum ekkert verulegt við það að athuga, og ráðum hinni háttv. deild til að samþykkja það með þessum breytingum:

Við 1. gr. fyrri lið, síðari málsgrein: Í stað orðsins »heimili« komi: lögheimili.

— — síðari lið: Á eftir orðunum »eða annan löggiltan lækni« komi: búsettan í sókninni.

Alþingi 19. dag ágústmán. 1907.

G. Björnsson, formaður. Ólafur Thorlacius skrifari og framsögum.

Stefán Stefánsson Eyf. Jóhannes Ólafsson. Guðl. Guðmundsson.

Nd. **304. Framhalds-nefndarálit**
um frumvarp til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1904 og 1905.

Eftir að nefndin hafði afgreitt álit sitt um ofannefnt frumvarp, hefur hún komist að raun um, að á þessu fjárhagstímabili hefur fallið í gjalddaga nafnbótaskattur samkvæmt tilskipun 7. febr. 1764 (Lovsamling for Island III. bls. 496) svo sem hjer segir:

Professors- nafnbót með lögtign í 3. flokki nr. 9, veitt Dr. phil. Birni M. Ólsen, 25. apríl 1904, skattur 80 kr.

Justitsráðs-nafnbót með lögtign í 5. flokki nr. 3, veitt bankastjóra Sighvati Bjarnasyni 28. júlí 1904, skattur 36 kr.

Með því að tjeður metorðaskattur er eigi talinn með tekjum í landsreikningnum, má búast við, að hann sje óinnheimtur, og virðist því rjett, að umræddum 116 kr. sje bætt við tekjueftirstöðvar landssjóðs 31. desbr. 1905.

Nefndin leyfir sjer því að bera upp þá breytingartillögu við tekjueftirstöðvar frumvarpsins, að í staðinn fyrir »kr. 59412,72« komi: 59528,72.

Alþingi, 19. ágúst, 1907.

Guðl. Guðmundsson form. Ólafur Briem skrifari og framsögum.

M. J. Kristjánsson.

Nd. **305. Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Frá landsreikninganefndinni.

Við 2. gr. Á eftir 6. tölulið komi nýr liður:
Nafnbótaskattur 276—276—552.

Nd. **306. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Flutningsmaður: G. Björnsson.

Við 12. gr. 9. Í stað gjaldliðanna a., b., c. og d. komi einn liður:
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla til að halda lærðar hjúkrunarkonur 2000 kr.
Styrkurinn veitist eftir tillögum landlæknis og má ekki veita hverju sjúkrahúsi eða sjúkraskýli meira en 400 krónur.

Nd. **307. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Flutningsmenn: Guðm. Björnsson, Einar Þórðarson.

Við 18. gr. Á eftir orðunum »til sjera Matthíasar Jochumssonar 2000 kr.« komi: til sjera Hjörleifs Einarssonar 300 kr.

Nd. **308. Frumvarp**
til laga um skipun prestakalla.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Á Íslandi skulu vera þau prestaköll, sem nú skal greina:

I. Norður-Múlaprófastsdæmi.

1. Skeggjastaðir: Skeggjastaðasókn.
2. Hof í Vopnafirði: Hofs og Vopnafjarðarsóknir.
3. Hofteigur: Hofteigs, Brúar og Möðrudalssóknir.
4. Kirkjubær í Hróarstungu: Kirkjubæjar, Hjaltastaðar og Eiðasóknir.
5. Valþjófsstaður: Valþjófsstaðar og Áss-sóknir.
6. Desjarmýri: Desjarmýrar, Njarðvíkur og Húsavíkursóknir.

II. Suður-Múlaprófastsdæmi.

7. Dvergasteinn: Vestdalseyrar og Klippsstaðarsóknir.
8. Mjóifjörður: Brekkusókn.
9. Vallanes: Vallaness og Þingmúlasóknir.
10. Norðfjörður: Nessókn.
11. Hólmar í Reyðarfirði: Hólma og Eskifjarðarsóknir.
12. Kolfreyjustaður: Kolfreyjustaðarsókn.
13. Eydalir: Eydala og Stöðvarsóknir.
14. Hof í Álftafirði: Hofs og Djúpavogs, Berufjarðar og Berunessóknir.

III. Austur-Skaftafellsprófastsdæmi.

15. Bjarnanes: Bjarnaness og Stafafellssóknir.
16. Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðar og Einholtssóknir.
17. Sandfell: Sandfells og Hofssóknir.

IV. Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi.

18. Kirkjubæjarklaustur: Prestsbakka og Kálfafellssóknir.
19. Þykkvabæjarklaustur: Þykkvabæjar, Langholts og Grafarsóknir.
20. Mýrdalsþing: Hötðabrekku, Reynis og Skeiðflatarsóknir.

V. Rangárvallaprófastsdæmi.

21. Holt undir Eyjafjöllum: Eyvindarhóla, Ásólfsskála og Stóradalssóknir.
22. Breiðabólstaður í Fljótshlíð: Breiðabólstaðar og Hlíðarendasóknir.
23. Landeyjaþing: Kross, Voðmúlastaða og Sigluvíkursóknir.
24. Oddi: Odda, Stórólfshvols og Keldnasóknir.
25. Landprestakall: Skarðs, Haga og Marteinstungusóknir.
26. Kálfholt: Kálfholts, Áss, Háfs og Árbæjarsóknir.
27. Vestmannaeyjar: Ofanleitissókn.

VI. Árnesprófastsdæmi.

28. Stórinúpur: Stóranúps, Hrepphóla og Ólafsvallasóknir
29. Hruni: Hruna og Tungufellssóknir.
30. Torfastaðir: Torfastaða, Haukadals, Bræðratungu, Úthlíðar og Skálholtssóknir.
31. Mosfell í Grímsnesi: Mosfells, Miðdals, Klausturhóla og Búrfellssóknir.
32. Þingvellir: Þingvalla og Úlfljótsvatnssóknir.
33. Hraungerði: Hraungerðis, Laugardæla og Villingaholtssóknir.
34. Stokkseyri: Stokkseyrar, Eyrarbakka og Gaulverjabæjarsóknir.
35. Arnarbæli: Arnarbælis, Hjalla, Reykja og Strandarsóknir.

VII. Kjalarnessprófastsdæmi.

36. Staður í Grindavík: Staðar, Krísuvíkur og Kirkjuvogssóknir.
37. Útskálar: Útskála, Hvalsness og Njarðvíkursóknir.
38. Garðar á Álftanesi: Garða og Bessastaða og Kálfatjarnarsóknir.

39. Reykjavík: Reykjavíkursókn.
40. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells, Brautarholts og Viðeyjarsóknir
41. Reynivellir: Reynivalla og Saurbæjarsóknir.

VIII. Borgarfjarðarprófastsdæmi.

42. Saurbær á Hvalfjarðarströnd: Saurbæjar og Leirársóknir.
43. Garðar á Akranesi: Skipaskaga og Innrahólmssóknir.
44. Hestþing: Hvanneyrar, Bæjar, Lundar og Fitjasóknir.
45. Reykholt: Reykholts, Stóra-Áss og Gilsbakkasóknir.

IX. Mýraprófastsdæmi.

46. Hvammur í Norðurárdal: Hvamms, Norðtungu og Síðumúlasóknir.
47. Stafholt: Stafholts og Hjarðarholtssóknir.
48. Borg: Borgar, Álftaness og Álftártungusóknir.
49. Staðarhraun: Staðarhrauns og Akrasóknir.

X. Snæfellsnessprófastsdæmi.

50. Miklaholt: Miklaholts, Rauðamels og Kolbeinsstaðasóknir.
51. Staðastaður: Staðastaðar og Búðasóknir.
52. Nesþing: Ólafsvíkur, Ingjaldshóls og Hellnasóknir.
53. Setberg: Setbergssókn.
54. Helgafell: Stykkishólms, Helgafells og Bjarnarhafnarsóknir.
55. Breiðabólstaður á Skógarströnd: Breiðabólstaðar og Narfeyrarsóknir.

XI. Dalaprófastsdæmi.

56. Suðurdalaþing: Sauðafells, Snóksdals, Stóravatnshorns og Hjarðarholtssóknir.
57. Hvammur í Hvammssveit: Hvamms, Staðarfells og Dagverðarnessóknir.
58. Staðarhóll: Staðarhóls og Skarðs og Garpsdalssóknir.

XII. Barðastrandarprófastsdæmi.

59. Flatey: Flateyjar og Múlasóknir.
60. Staður á Reykjanesi: Staðar, Reykhóla og Gufudalssóknir.
61. Brjánslækur: Brjánslækjar og Hagasóknir.
62. Sauðlauksdalur: Sauðlauksdals, Breiðuvíkur og Saurbæjarsóknir.
63. Eyrar: Eyra og Stóra-Laugardalssóknir.
64. Bíldudalur: Bíldudals og Selárdalssóknir.

XIII. Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi.

65. Rafnseyri: Rafnseyrar og Álftamýrarsóknir.
66. Dýrafjörður: Sanda, Hrauns, Mýra og Núpssóknir.
67. Holt í Önundarfirði: Holts, Kirkjubóls og Sæbólssóknir.

XIV. Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.

68. Hóll í Bolungarvík: Hóls og Staðarsókn í Súgandafirði.

69. Ísafjörður: Ísafjarðarsókn.
70. Ögurþing: Ögur og Eyrarsóknir.
71. Vatnsfjörður: Vatnsfjarðar, Nauteyrar og Unaðsdalssóknir.
72. Staður í Grunnavík: Staðarsókn.
73. Staður í Aðalvík: Staðarsókn.

XV. Strandaprófastsdæmi.

74. Árnes: Árnessókn.
75. Staður í Steingrímsfirði: Staðar og Kaldrananessóknir.
76. Tröllatunga: Tröllatungu, Fells og Óspakseyrarsóknir.
77. Prestsbakki: Prestsbakka og Staðarsókn í Hrútafirði.

XVI. Húnavatnsprófastsdæmi.

78. Melstaður: Melstaðar, Kirkjuhvamms, Staðarbakka og Núpssóknir.
79. Tjörn á Vatnsnesi: Tjarnar og Vesturhópshólasóknir.
80. Breiðabólstaður í Vesturhópi: Breiðabólstaðar og Víðidalstungusóknir.
81. Þingeyraklaustur: Þingeyra, Undirfells og Blönduóssóknir.
82. Auðkúla: Auðkúlu og Svínavatnssóknir.
83. Bergstaðir: Bergstaða, Bólstaðahlíðar og Holtastaðasóknir.
84. Höskuldsstaðir: Höskuldsstaða, Hofs og Spákonufellssóknir.

XVII. Skagafjarðarprófastsdæmi.

85. Hvammur í Laxárdal: Hvamms og Ketusóknir.
86. Reynistaðarklaustur: Reynistaðar og Sauðárkrókssóknir.
87. Glaumbær: Glaumbæjar og Víðimýrarsóknir.
88. Mælifell: Mælifells, Reykja, Goðdala og Ábæjarsóknir.
89. Miklibær: Miklabæjar, Silfrastaða og Flugumýrarsóknir.
90. Viðvík: Viðvíkur, Hóla, Hofstaða- og Ripursóknir.
91. Fell í Sljettuhlíð: Fells og Hofssóknir.
92. Barð í Fljótum: Barðs, Holts og Knappsstaðasóknir.

XVIII. Eyjafjarðarprófastsdæmi.

93. Grímsey: Miðgarðasókn.
94. Hvanneyri: Hvanneyrarsókn.
95. Kvíabekkur: Kvíabekkjarsókn.
96. Tjörn í Svarfaðardal: Tjarnar, Urða, Upsa og Vallasóknir.
97. Möðruvallaklaustur: Möðruvalla og Stærra-Árskógssóknir.
98. Bægisá: Bægisár, Bakka og Myrkársóknir.
99. Akureyri: Akureyrar, Lögmannshlíðar og Glæsibæjarsóknir.
100. Grundarþing: Grundar, Munkaþverár, Kaupangs, Saurbæjar, Möðruvalla, Miklagarðs og Hólasóknir.

XIX. Suður-Þingeyjarprófastsdæmi.

101. Laufás: Laufáss, Svalbarðs, Grenivíkur og Þönglabakkasóknir.
102. Háls í Fnjóskadal: Háls, Illugastaða, Draflastaða og Brettingsstaðasóknir.

103. Þóroddsstaður: Þóroddsstaðar og Ljósavatnssóknir.
104. Skútustaðir: Skútustaða, Reykjahlíðar og Lundarbrekkusóknir.
105. Grenjaðarstaður: Grenjaðarstaðar, Ness, Einarstaða og Þverársóknir.
106. Húsavík: Húsavíkursókn.

XX. Norður-Þingeyjarprófastsdæmi.

107. Skinnastaðir: Skinnastaða, Garðs, Presthóla og Víðihólssóknir.
108. Svalbarð í Þistilfirði: Svalbarðs og Ásmundarstaðasóknir.
109. Sauðanes: Sauðanessókn.

2. gr.

Í Reykjavíkurprestakalli skulu vera tveir þjóðkirkjuprestar, dómkirkjuprestur og annar prestur honum jafnhliða. Landsstjórnin, í samráði við biskup, skipar fyrir um aðstöðu þeirra hvors til annars, samband sín á milli og verkaskiftingu í söfnuðinum.

3. gr.

Landsstjórnin hlutast til um, að þær breytingar á skipun prestakalla, sem að ofan eru ákveðnar, komist á, eftir því sem prestaköllin losna, svo fljótt sem því verður við komið.

4. gr.

Nú vilja menn breyta skipun sókna eða takmörkum prestakalla eða leggja niður kirkju, færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, og skal þá mál það koma fyrir safnaðarfund eða safnaðafundi, ef fleiri en einn söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin við kemur að eins einum söfnuði, ræður meiri hluti atkvæða á lögmætum safnaðarfundi. Sjeu söfnuðirnir tveir, ræður meiri hluti atkvæða á báðum fundum. Sjeu söfnuðirnir fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðafunda. Samþykki hjeraðsfundur tillögu safnaðarfundar (eða safnaðafunda) er rjett, að landsstjórnin, í samráði við biskup, veiti leyfi til að breyting sú, sem um ræðir, fái fram að ganga.

5. gr.

Þegar ljenskirkja er lögð niður, fellur sjóður hennar til þeirrar kirkju, eða þeirra kirkna, sem söknin er lögð til. Svo er og um skrautgripi (ornamenta) kirkjunnar og áhöld (instrumenta), og andvirði fyrir kirkjuna sjálfa.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1908. Frá sama tíma eru úr gildi numin:

Lög um skipun prestakalla frá 27. febr. 1880.

Lög frá 4. nóv. 1881 um breytingu á 1. gr. í lögum frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla.

Lög frá 12. jan. 1884, um breytingu á nokkrum brauðum í Eyjafjarðar og Vestur-Skaftafellsprófastsdæmum.

Lög frá 2. nóv. 1885, um breytingu á 1. gr. í lögunum frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla.

Lög frá 22. mars 1890, um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala og Barðastrandarprófastsdæmum.

Lög frá 22. mars 1890, um breytingu á 1. gr. í lögum frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla.

Lög frá 24. nóvbr. 1893, um breytingu á 1. gr. laga frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla.

Lög frá 13. desbr. 1895, um breytingu á 1. gr. laga frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla.

Lög frá 5. desbr. 1899, um breytingu á lögum frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla

svo og öll önnur lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

Nd. **309. Frumvarp**
til laga um laun sóknarpresta.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hver sóknarprestur fær að byrjunarlaunum 1250 kr. á ári. Þegar hann er orðinn eldri að embættisaldri en fullur þriðjungur sóknarpresta landsins, fær hann í laun 1450 kr. á ári, og þegar hann er orðinn eldri að embættisaldri, en fullir tveir þriðjungar sóknarpresta landsins, fær hann í laun 1650 kr. á ári. Launin greiðast úr landssjóði, að svo miklu leyti, sem prestur tekur þau ekki undir sjálfum sjer, sbr. 4. gr.

2. gr.

Auk launa þeirra, sem ákveðin eru í 1. grein, fær dómkirkjupresturinn í Reykjavík 1200 kr. á ári. Þá fá og sóknarprestarnir í eftirtöldum prestaköllum, fyrir erfiðleika sakir, árlega þá aukaþóknun, sem nefnd er hjer á eftir við hvert þeirra:

1.	Hof í Vopnafirði	150,00 kr.
2.	Kirkjubær í Hróarstungu	200,00 —
3.	Hof í Álftafirði	200,00 —
4.	Þykkvabæjarklaustur...	150,00 —
5.	Torfastaðir	200,00 —
6.	Staðarhólsþing	150,00 —
7.	Staður á Reykjanesi	200,00 —
8.	Dýrafjörður	200,00 —
9.	Vatnsfjörður	300,00 —
10.	Laufás	200,00 —
11.	Háls í Fnjóskadal	300,00 —
12.	Skútustaðir	200,00 —
13.	Skinnastaðir...	200,00 —

Nú batnar eitthvert af nefndum prestaköllum að stórum mun að yfirferð, vegna aukinna vega, nýrra brúa, af því að bygð á útkjálkum legst niður, eða af öðrum ástæðum, og getur landsstjórnin þá, við næstu prestaskifti, flutt erfiðleikauppbótina, með ráði biskups, yfir á annað erfitt prestakall.

3. gr.

Auk launa þeirra, sem ákveðin eru í undanförnum greinum, ber hverjum presti borgun fyrir aukaverk eftir gildandi lögum, þó svo, að borgun fyrir aukaverk í þarfir þurfamanna greiðist úr sveitarsjóði. Presturinn innheimtir sjálfur borgun fyrir aukaverk.

4. gr.

Afgjald eftir prestssetrið, lóðargjöld á landi þess, arð af ítökum, er prestur notar sjálfur, sem og prestsmötu, tekur hann, að svo miklu leyti sem gjöld þessi fara ekki fram úr launum hans, samkvæmt 1. og 2. gr., undir sjálfum sjer, með því ákvæðisverði, sem sett er á gjöld þessi í matsgjörð, er fari fram 10. hvert ár.

5. gr.

Ákvæðisverð gjalda þessara um næstu 2 ár eftir að lög þessi öðlast gildi, fer eftir mati því, er fram fór 1899. En ákvæðisverð fyrir næsta 10 ára tímabil þar á eftir skal finna þannig: Jafnskjótt eftir að lög þessi öðlast gildi, skal prestur hver senda prófasti tvíritaða skýrslu um afgjald prestssetursins, að fráskildu íbúðarhúsi, með arði af lóðargjöldum á landi þess, ítökum og prestsmötu, eftir fyrirmynd, er biskup semur, sem og matsgjörð dómkvaddra manna. Skýrsla þessi skal einnig bera með sjer, hvað tekjugreinar þær, sem þar hafa taldar verið, hafi numið, hver um sig, næstu 5 ár á undan.

6. gr.

Þá er skýrslur þær, sem nefndar eru í 8. gr., eru komnar til prófasts, sendir hann landsstjórninni annað eintak þeirra. En stjórnin setur síðan í krónutali — samkvæmt skýrslum þessum — ákvæðisverð á tekjur þær, sem nefndar eru í 4. gr. Skal svo á sama hátt ávalt undirbúa ákvæðisverð í hönd farandi 10 ára tímabils.

Skýrslu um ákvæðisverð þetta í öllum prestaköllum landsins skal birta í Stjórnartíðindunum, þegar er það er ákveðið.

7. gr.

Í hverju því prestakalli, þar sem presturinn hefur hingað til haft ákveðið prestssetur, heldur hann ábúðarrjetti á því framvegis.

8. gr.

Hver hreppstjóri hefur umsjón yfir öllum þeim kirkjueignum, er liggja í hreppi hans, að undanskildum prestssetrum og lóðargjöldum á prestssetrunum, sem og ítökum þeim, er presturinn notar sjálfur. Hann innheimtir eftir-

gjöld jarðanna og skilar sýslumanni þeim fyrir lok júnímánaðar ár hvert, en sýslumaður greiðir tekjur þessar í landssjóð. Í umboðslaun fær hreppstjóri 6% af eftirgjöldunum.

9. gr.

Hreppstjórar hafa byggingarráð á kirkjueignum þeim, er þeir hafa umráð yfir; þó skal bygging á jörðum því að eins fullgild, að sýslumaður hafi ritað samþykki sitt á byggingarbrjefið.

Þegar kirkjujarðir eru framvegis bygðar, skal eftirgjaldið ákveðið í peningum og gjalddagi 31. desbr. ár hvert. Ef lóðarblettur eða önnur jarðarnot eru leigð lengur en leiguliði getur sjálfur notað þau, þá skal ávalt ákveðinn leigutími til nefndur, eigi lengri en 50 ár, og er slíkur leigusamningur eigi fullgildur, nema samþykki landsstjórnarinnar komi til.

10. gr.

Hreppstjóranum ber að hafa eftirlit með því, að kirkjujarðirnar sjeu vel setnar, og að ekkert gangi undan þeim af því, sem þeim fylgt hefur og fylgja ber. Hann má ekki líða neinum leiguliða að láta tún eða engi fara í órækt eða jörðina skemmast á annan hátt af hans völdum. Hann skal og gæta þess, að leiguliði láti eigi innstæðu-kúgildi falla eða hús hrörna um skör fram, og er það á hreppstjórans ábyrgð, ef hann vanrækir þetta. Eftirlit með prestssetrum og úttekt á þeim fer eftir sömu reglum og hingað til.

11. gr.

Nú hrekkur ákvæðisverð á eftirgjaldi prestssetursins, með lóðargjöldum, ítökum og prestsmötu, ekki fyrir launum prestsins, og fær hann þá það, sem til vantar, úr landssjóði. Fari ákvæðisverð hins vegar fram úr launum, borgar prestur afganginn í landssjóð innan júnímánaðarloka.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1908, þannig, að hver sem fær veitingu fyrir prestakalli frá þeim tíma eða síðar, fær laun eftir lögum þessum. Prestar í þeim prestaköllum, þar sem engar breytingar verða eftir prestakallaskipunarlögunum á sóknaskipun, mega kjósa um það, að fá launaupphæðina eftir eldri reglunum, eða eftir lögum þessum. Sama er um presta í þeim prestaköllum, þar sem kostur er að koma þegar á breytingum, sem fyrir er mælt um í lögum, og presturinn gengur að þeim breytingum.

Uppbætur sökum erfiðleika veitast að eins í þeim brauðum, þar sem sú skipun er komin á, sem hin nýju lög um skipun prestakalla mæla fyrir um, enda taki presturinn þar að öðru leyti laun sín eftir þessum lögum.

Þar sem prestur heldur áfram að taka laun eftir eldri ákvæðum, skal hann fá úr landssjóði uppbót fyrir tekjur af kirkjueignum og sóknum, eftir meðaltali á tekjum þessum frá 1903—1908.

Frá þeim tíma, er lög þessi öðlast gildi, falla burtu tíund og lausamannagjald til prests, offur, lambsfóður og dagsverk, og jafnframt eru úr gildi numin öll lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

Nd.

310. Frumvarp

til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

(Eins og það var samþykt við 2. umr í Nd.).

I. kafli.

Tekjur:

1. gr.

Á árunum 1908 og 1909 telst svo til, að tekjur Íslands verði 2,512,530 kr. og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr., ásamt lántöku samkvæmt 7. gr.

2. gr.

Af eftirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 1,724,000 kr.

	1908	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a. á ábúð og afnotum jarða...	17,000	17,000	34,000
b. á lausafje...	26,000	26,000	52,000
2. húsaskattur	10,000	10,000	20,000
3. tekjuskattur	18,000	18,000	36,000
4. aukatekjur...	45,000	45,000	90,000
5. erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. vitagjald	13,000	13,000	26,000
7. gjöld fyrir leyfisbrjef...	4,000	4,000	8,000
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun...	80,000	80,000	160,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum innheimtulaunum	130,000	130,000	260,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum innheimtulaunum	110,000	110,000	220,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum innheimtulaunum	260,000	260,000	520,000
12. aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og öllum brjóstsykur- og konfekttegundum, að frádregnum innheimtulaunum	9,000	9,000	18,000
13. leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verslun og veiting áfengra drykkja...	14,000	14,000	28,000
14. tekjur af póstferðum	60,000	60,000	120,000
15. tekjur af símum landsins	43,000	57,000	100,000
16. arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík...	400	400	800
17. sektarfje fyrir ólöglegar fiskiveiðar... ...	10,000	10,000	20,000
18. Tekjur af efnarannsóknastofu	600	600	1,200
19. óvissar tekjur	2,000	2,000	4,000
Samtals ...	855,000	869,000	1,724,000

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 45,330 kr.

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 35,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu, húsabótastyrk o. fl., alls ... ... 14,000 —	21,000	21,000	42,000
Heimilt er stjórninni, án þess að hækka þurfi jarðarafgjöldin, að verja alt að helmingi afgjalda í hverju umboði um sig til þess, að láta gjöra umbætur og breytingar á leiguhúsum þjóðjarða.			
Styrkurinn til húsabóta sje bundinn því skilyrði, að leiguliði leggi fram í minsta lagi 1/3 kostnaðarins.			
Þar sem því verður við komið, skal gjöra ofannefndar húsabætur og breytingar eftir ráði verkfræðings, er það er sjerstaklega falið.			
2. tekjur af kirkjum	65	65	130
3. tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	1,600	1,600	3,200
Samtals ...	22,665	22,665	45.330

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 114,000 kr.:

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins... ...	40,000	39,000	79,000
Upp í lán verður borgað: á árinu 1908 27,467 kr. 52 a. - — 1909 28,453 — 42 - 55,920 kr. 94 a.			
Austuramtinu veitist uppgjöf frá 24. september 1907 á eftirstöðvum á fjárkláðaláninu frá 24. septbr. 1898, og frá 31. ágúst 1907 á eftirstöðvum á fjárkláðaláninu frá 31. ágúst 1900, samtals kr. 2,200			
Flutt ...	40,000	39,000	79,000

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	40,000	39,000	79,000
Núverandi presti í Kirkjubæjarprestakalli veitist eftirgjöf á 200 krónum hvort árið af afborgun og vöxtum af láni því, er honum var leyft að taka upp á prestakallið með brjefi landshöfðingja dags. 19/2 1898.			
2. leigur af láni landssjóðs til landsbankans...	7,500	7,500	15,000
3. leiga af innstæðufje í bönkum og af bankavaxtabrjefum	10,000	10,000	20,000
Samtals ...	57,500	56,500	114,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880.. ... ... Heimilt er prestinum í Staðastaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 300 kr. hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins, eftir nánari ákvæðum stjórnarinnar.	2,000	2,000	4,000
2. endurgjald skyndilána til embættismanna...	600	600	1,200
3. endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
Samtals ...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Úr ríkissjóði greiðist	60,000	60,000	120,000

7. gr.

Bráðabirgðarlán skal taka samkvæmt lögum nr. 66 um heimild til lántöku fyrir landssjóð dags. 19. desbr. 1903, að upphæð 500,000 kr. Lánið afborgist á 10 árum frá 1. jan. 1910 að telja.

2. kafli.

Útgjöld:

8. gr.

Á árunum 1908 og 1909 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 9.—19. gr. kr. 2,857,856,20.

9. gr.

Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins veitast 100,000 kr.

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Til ráðherrans:			
a. laun .. .. 8,000 kr.			
b. til risnu ... ... 2,000 —			
c. uppbót fyrir embættisbústað 2,000 —			
	12,000	12,000	24,000
2. Til utanferða ráðherrans	2,000	2,000	4,000
3. Laun landritara	6,000	6,000	12,000
4. laun þriggja skrifstofustjóra	10,500	10,500	21,000
5. til aðstoðar og skrifstofukostnaðar	16,000	16,000	32,000
6. til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum	2,500	2,500	5,000
7. til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu	1,000	1,000	2,000
Samtals ...	50,000	50,000	100,000

10. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 50,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., alls 51,600 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 203,030 kr.

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
A. Dómgæsla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna	68,800	68,800	
b. til hreppsstjóra	8,000	8,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík ...	1,400	1,400	
3. til hegningarhússins í Reykjavík:			
a. laun fangavarðarins ... ... 1908. 1,000 kr. 1909. 1,000 kr.			
flyt ... 1,000 kr. 1,000 kr.	78,200	78,200	

	1908.	1909.	1908.	1909.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
			78,200	78,200	
fluttar ...	1,000 kr.	1,000 kr.			
b. 3 skamtar af miðdegismat handa fangaverði 21 e....	230 —	230 —			
c. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag.	1,225 —	1,225 —			
d. til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —			
e. þvottur...	30 —	30 —			
f. til þess að útvega verkefni...	500 —	500 —			
g. útgjöld við húsið sjálft og áhöld.....	400 —	400 —			
h. þóknun handa dómkirkjuprestinum....	100 —	100 —			
i. þóknun handa lækni	60 —	60 —			
j. ýmisleg útgjöld.....	150 —	150 —			
			4,215	4,215	
4. kostnaður við viðhald fangelsanna.....			1,900	300	
5. önnur útgjöld:					
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn		1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn		50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum...		50 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.		50 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál.		300 —			
g. útgjöld við sáttamál		50 —			
			5,100	5,100	
			89,415	87,815	
					177,230
flyt ...			.....	.....	177,230

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar ...	.....	.....	177,230
B.			
Ýmisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl... ... ... 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna (50 arkir), alt að 32 kr. örkin ... ... 1,600 —			
c. til pappírs, prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur ... ... 2,400 —			
d. til kostnaðar við sending með póstum ... ... 450 —			
	4,900	4,900	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef svo og embættissímskeyti og samtöl	5,000	5,000	
3. brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar	1,000	1,000	
4. til embættiseftirlitsferða	1,000	1,000	
5. þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	500	500	
7. útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar...	200	200	
	12,900	12,900	25,800
Samtals ...	... .	.....	203,030

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 268,801 kr. 20 a.:

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	73,150	73,150	146,300
2. styrkur til aðstoðarlæknis á Akureyri.. ...	800	800	1,600
3. styrkur til aðstoðarlæknis, er sje búsettur í Hafnarfirði... ... ... Stjórnarráðið skipar aðstoðarlækna þessa.	800	800	1,600
Flyt ...	74,750	74,750	149,500

			1908	1909	Alls.
			kr.	kr.	kr.
		fluttar ...	74,750	74,750	149,500
4.	a.	styrkur til augnlæknis Björns Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði.	2,000	2,000	4,000
	b.	styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kring um landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustað, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi hvort árið allt að 300 kr.	300	300	600
5.		styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	1,000	1,000	2,000
6.		útgjöld við holdsveikraspítalann:			
			1908. kr. a.	1909. kr. a.	
	a.	laun til starfsmanna	5,690	5,690	
	b.	viðurværi: handa 78 manns, 48 aurar á dag	13665, 60	13665, 60	
	c.	klæðnaður sjúklinga	800.	800.	
	d.	meðul og sáraumbúnaður...	1,400.	1,400.	
	e.	eldsneyti	2,915.	2,915.	
	f.	ljósmeti	650.	650.	
	g.	viðhald á húsum...	1,200.	1,200.	
	h.	húsbúnaður og áhöld	1000.	1000.	
	i.	þvottur og ræsting	800.	800.	
	k.	greftrunarkostnaður	275.	275.	
	l.	flutningskostnaður...	30.	30.	
	m.	til að skemta sjúklingum	200.	200.	
	n.	hesta- og hænsafóður..	125.	125.	
	o.	skattar og brunaábyrgðargjald	800.	800.	
	p.	ýmisleg útgjöld... .	700.	700.	30,250,60	30,250,60	60,501,20
				Flyt ...	108,300,60	108,300,60	216,601,20

		1908.	1909.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar ...	108,300,60	108,300,60	216,601,20
7.	Tillag til geðveikrahælisins á Kleppi	11,000	11,000	22,000
8.	útgiöld við bólusetningar	1,000	1,000	2,000
9.	önnur útgjöld:			
	a. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri ... ... 400 kr.			
	b. styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði ... ... 400 —			
	c. styrkur til sjúkrahússins á Seyðisfirði... ... ... 400 —			
	d. styrkur til sjúkrahússins á Patreksfirði ... ... 300 —			
	e. til náms yfirsetukvenna... ... 2,000 —			
	f. til verkfæra handa yfirsetukonum ... ... 400 —			
	g. gjöld samkv. 13. gr. í lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma... ... ... 4,000 —			
	h. gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ... ... 1,000 —			
	i. styrkur til þess að byggja sjúkraskýli á föstum læknasetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 1000 kr. á hverja			
	Flyt ... 8,900 —	120,300,60	120,300,60	240,601,20

		1908.	1909.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	8,900 kr.	120,300,60	120,300,60	240,601,20
þúsund hjeraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu, eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og reksturs...	4,000 —			
j. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sjer nýrrar læknisþekkingar. Stjórnarráðið veitir þennan styrk eftir tillögum landlæknis og má ekki verða meira en 120 kr. fyrir hverja mánaðardvöl utanlands. Þó ekki meira en 600 kr. handa hverjum...	1,200 —			
		14,100	14,100	28,200
Samtals ...		134,400,60	134,400,60	268,801,20

13. gr.

Til samgöngumála veitast kr. 1,321,815.

		1908.	1909.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
A.				
Til útgjalda við póststjórnina:				
1. laun:				
a. handa póstmeistaranum ...	4,000 kr.			
b. 1. handa þrem póstafgreiðslumönnum í Reykjavík ...	4,400 —			
þar af 500 kr., sem launaviðbót handa núverandi fyrsta póstafgreiðslumanni.				
2. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur... ...	14,000 —			
c. handa brjefhirðingamönnum .	7,500 —			
Flyt ...		29,900	29,900	

		1908.	2909.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar ...	29,900	29,900	
2.	póstflutningur	48,000	48,000	
	Þar af allt að 8000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbrjef) með skipum, sem ekki njóta fasts tillags, milli Íslands og útlanda og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skipin sigli með fastri ferðaáætlun, sem auglýst sje fyrir fram.			
3.	til póstvagnaferða í viku hverri frá 1. júní til 15. okt. frá Reykjavík austur að Ægissíðu eða Odda, er flytji póst samkvæmt samningi við póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að ...	600	600	
	Ráðherrann samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.			
4.	önnur útgjöld:			
	a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistara ... ... 5,000 kr. Pósthúsið sje opið 10 stundir hvern virkan dag.			
	b. fyrir ábyrgð á mistalningu 1 %o, um... ... ... 200 —			
	c. fæðispeningar og ferðakostnaður póstmeistarans ... ... 200 —			
	d. fyrir prentun á ýmsu ... ... 1,000 —			
	e. til áhalda... ... ... 1,500 —			
	f. til brjefaburðar í Reykjavík ... 1,400 —			
	g. til brjefaburðar í öðrum kaupstöðum .. .. 600 —			
	h. óviss útgjöld ... ... 200 —			
	i. til viðhalds húsi og áhöldum. 300 —			
	k. til að útvega eldtrausta járnskápa f. á. ... ... 700 —			
		11,100	10,400	
		89,600	88,900	178,500
	Flyt ...	.....	.....	178,500

			1908	1909	Alls
			kr.	kr.	kr.
		Flutar ...			178,500
	B.				
	Til vegabóta:				
I.	Til kostnaðar við stjórn og undirbúning vegagjörða:	1908 1909			
	1. Til verkfræðings landsins:	kr. kr.			
	a. laun	3,000 3,000			
	b. ferðakostnaður og fæðispeningar	500 500			
	2. laun aðstoðarmanns ...	2,700 2,700			
	3. skrifstofukostnaður ...	1,800 800			
	4. til vegamælinga og verkfróðra aðstoðarmanna .	1,500 1,500	9,500	8,500	
II.	til flutningabrauta:				
	1. á Fagradal	30,000 25,000			
	2. upp Borgarfjörð	10,000 20,000			
	3. frá Húsavík að Einarsstöðum	10,000 15,000			
	4. til viðhalds flutningabrauta	12,000 12,000	62,000	72,000	
III.	til þjóðvega:				
	Í Sunnlendingafjórðungi:				
	a. vegir	15,000 6,000			
	b. brú á Ytri-Rangá	29,000			
	Í Vestfirðingafjórðungi(vegir) Af f. á. fjárveitingu eru alt að 7000 kr. ætlaðar til vegagjörðar í Helgafellssveit á Stykkishólms- Borgarness-veginum, frá svokölluðum Síkjum upp á svokölluð Stórholt.	10,000 12,000			
	Í Norðlendingafjórðungi:				
	a. vegir	12,000 3,000			
	b. brú á Fnjóská	33,000 »			
	Í Austfirðingafjórðungi(vegir)	11,000 7,000	81,000	57,000	
IV.	til fjallvega		5,000	5,000	
V.	til áhalda...		2,000	2,000	
VI.	til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum		300	300	
VII.	til sýsluvegar frá Hafnarfirði að Vogastapa		7,500	7,500	
		Flyt ...	167,300	152,300	178,500

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	167,300	152,300	178,500
Fjárveiting þessi veitist með því skilyrði, að jafn miklu fje sje að minsta kosti varið til vegarins annarsstaðar frá.			
VIII. til uppmælingar á innsiglingarleið inn að Salthólmavík í Dalasýslu og Króksfjarðarnesi í Barðastrandarsýslu alt að	4,000		
Styrkur þessi er því skilyrði bundinn, að Dalasýsla og Barðastrandarsýsla leggi fram 1/4 til móts við landssjóðsstyrkinn.			
	171,300	152,300	323,600
C.			
1. Til gufuskipaferða	40,000	40,000	
Stjórninni veitist heimild til að gjöra samninga um gufuskipaferðirnar, er gildi alt að 8 árum, að því tilskildu:			
Að strandferðir og millilandaferðir verði að minsta kosti jafn miklar og fult eins hagkvæmar hinum einstöku landshlutum eins og þær hafa bestar verið, svo sem strandferðir hins Sameinaða gufuskipafjelags 1904 og 1905, og millilandaferðir sama fjelags nú.			
Að tvö af millilandaskipunum, að minnsta kosti, sjeu ný, fullnægi kröfum tímans sem farþegaskip, hafi stór kælirúm fyrir flutning á kjöti, fiski og smjöri, og sjeu að miklum mun stærri og auk þess hraðskreiðari en »Vesta« og »Laura«.			
Að til strandferðanna verði höfð eigi minni nje lakari skip en »Hólar« og »Skálholt«, en með stærra og hagfeldara farþegarúmi.			
Að viðkomur í Færeyjum sjeu ekki fleiri en í gildandi ferðaáætlun hins Sameinaða guskipafjelags.			
Að fargjöld og farmgjöld verði eigi hærri en nú eru, og			
Að alt að 25 stúdentum og alt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum árlega veitist sú ívilnun með fargjald á milli Íslands og Kaupmannahafnar, að þeir geti ferð-			
Flyt ..	40,000	40,000	502,100

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	40,000	40,000	502,100
ast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá forstjóra íslensku stjórnarráðsskrifstofunnar í Kaupmannahöfn eða frá sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað, og enn fremur að því tilskildu, að fluttir sjeu innflytjendur (immigrantar) til Íslands fyrir samsvarandi fargjald því, sem hið Sameinaða gufuskipafjelag hingað til hefur tekið fyrir útflytjendur (emigranta) frá Íslandi, milli Íslands og Skotlands.			
2. til gufubátaferða alt að	29,000	29,000	
Fjenu má verja þannig hvort árið:			
a. Til bátaferða á Faxaflóa, alt að 12,000 kr.			
b. — — - Breiðafirði alt að 6,000 —			
c. — — - Ísafirði og í Ísafjarðarsýslu alt að ... ... 5,000 —			
d. — — - Eyjafirði alt að 6,000 —			
Áætlun um ferðirnar undir staflið a. og b., svo og samninga við útgjörðarmenn samþykkir ráðherra eftir að hann hefur fengið tillögur bæjarstjórna og sýslunefnda, er hlut eiga að máli.			
Fjárveitingin undir staflið d. er því skilyrði bundin, að báturinn geti gengið vestur á Skagafjörð og austur á Axarfjörð.			
Sýslunefndir og bæjarstjórnir semji ferðaáætlanir bátanna á staflið c. og d.			
Styrkveitingarnar greiðist með því skilyrði, að bátarnir flytji póstsendingar og vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum viðkomustaðanna án sjerstaks endurgjalds.			
3. Styrkur til gufu- og mótorbátsferða á milli Vestmanneyja og Rangársands	300	300	
Sýslunefnd Rangárvallasýslu semur um ferðirnar og tekur á móti styrknum.			
	69,300	69,300	138,600
Flyt ...	.....	.....	640,700

			1908.	1909.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Fluttar ...				640,700
	D.				
	Til ritsíma og talsíma.				
I.	Til hins mikla norræna ritsímafjelags, umsamdar ársgreiðslur um 20 ár frá 25. ágúst 1906 að telja, fyrir að halda uppi ritsímasambandi milli Íslands og Hjaltlands ... ... kr. 13,000				
	svo og fyrir 300,000 króna tillag fjelagsins til landsímalagningar frá landtökustað sæsímans til Reykjavíkur ... ... — 22,000		35,000	35,000	
II.	Til nýrra landsímalagninga o. fl.				
	1. Af kostnaði til ritsíma- og talsímaálmu frá Hrútafirði til Ísafjarðarkaupstaðar um Steingrímsfjörð, í sambandi við aðalsímann	kr. 142,200	kr. 94,600		
	2. Af kostnaði til talsímalagningar frá Ísafirði til Vatneyrar kr. 88,500 Hjeraf vænt- ist frá hlut- aðeigandi hjeruðum kr. — 25,000	63,500			
	3. Til símalagningar frá Borðeyri til Búðardals (seinna árið) kr. 21,000 Hjer af vænt- ist frá Dala- sýslu ... ... — 7,000		14,000		
	4. Til talsímalagningar frá Grund eða Varmalæk til Borgarness (fyrra árið) ... ... kr. 13,200 Hjer af vænt- ist frá hlutað- eigandi hjer- uðum alt að 1/3 ... ... — 4,400	8,800			
	Flyt ...	214,500	108,600	35,000	35,000	640,700

			1908.	1909.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	214,500	108,600	35,000	35,000	640,700
5. Til talsímalagningar frá Hafnarfirði til Keflavíkur (fyrra árið) ... ... kr. 21,000 Hjer af vænt-ist frá hlutað-eigandi hjer-aði alt að 1/3 — 7,000		14,000			
6. Til þess að strengja ritsímaþráð úr járni milli Borðeyrar og Sauðárkróks	10,600				
7. Af kostnaði til talsíma frá Reykjavík að Eystri-Garðsauka í Rangárvallasýslu og með hliðarlínu til Eyrarbakka og Stokkseyrar, að því tilskildu, að Árnesingar leggi til ... kr. 12,000 og Rangvell-ingar ... ... — 8,000		48,433			
8. Til síma frá Eystri-Garðsauka til Vestmanneyja (seinna árið) ... ... kr. 42,300 Hjer af vænt-ist annars-staðar frá 1/3 — 14,100		28,200			
9. Kostnaður við talsíma frá Breiðumýri til Húsavíkur (síðara árið) ... ... kr. 21,000 Hjer af vænt-ist frá hlutað-eigandi hjer-aði 1/3 ... — 7,000		14,000			
10. Til þess að kaupa landssjóði til handa talsímakerfin á Akureyri					
Flyt ...	287,533	150,800	35,000	35,000	640,700

	1908.	1909.	1908.	1909.	Álls.
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	287,533	150,800	35,000	35,000	640,700
og Seyðisfirði, og stofna bæjarsímakerfi á Ísafirði	27,000				
11. Til ransóknar símleiða, nauðsynlegrar útfærslu og umbóta, og til stofnunar nýrra stöðva m. fl.	10,000	7,500			
12. Til talsímalagningar milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá	9,000				
			333,533	158,300	
III. Til starfrækslu landsímanna:					
1. Laun forstjóra landsímanna	5,000	5,000			
2. Ritsímastöðin í Reykjavík ásamt aðalskrifstofu landsímanna	9,100	9,100			
3. Ritsímastöðin á Akureyri. ásamt bæjarsímkerfinu...	6,500	6,700			
4. Ritsímastöðin á Seyðisfirði ásamt bæjarsímkerfinu...	8,150	8,150			
5. Ritsímastöð á Ísafirði ásamt bæjarsímkerfi...	1,600	4,850			
6. Símastöð á Borðeyri .	950	2,800			
7. Útgjöld við eftirlitsstöðvar og aðrar talsímastöðvar...	1,200	1,400			
			32,500	38,000	
IV. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.			2,500	3,000	
V. Kostnaður við ferðalög starfrækslunnar vegna			2,000	2,000	
VI. Viðhald landsímanna			10,000	10,000	
VII. Tillag til alþjóðaskrifstofunnar í Bern			400	400	
			415,933	246,700	662,633
Flyt ...			.....	.....	1,303,333

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	.....	.....	1,303,333
E.			
Til vita:			
a. til umsjónarmanns við vitana við Faxaflóa	300	300	
b. til eftirlitsferða	100	100	
c. til vitans á Reykjanesi:			
1. til launa vitavarðar ... ... 1,200 kr.			
2. fyrir olíu ... ... 250 —			
3. — steinkol ... ... 160 —			
4. flutningskostnaður ... ... 300 —			
5. til viðhalds á húsi, áhöldum o.fl. 500 —			
6. eftirgjald eftir lóðina ... ... 30 —			
	2,440	2,440	
d. til vitans á Skagatá:			
1. til vitavarðar ... ... 600 —			
2. fyrir olíu ... ... 175 —			
3. til viðhalds á húsi, áhöldum o.fl. 300 —			
4. steinkol ... ... 100 —			
5. flutningskostnaður ... ... 100 —			
6. eftirgjald fyrir lóðina ... ... 16 —			
	1,291	1,291	
e. til vitans við Gróttu:			
1. til vitavarðar ... ... 500 —			
2. fyrir olíu ... ... 150 —			
3. til viðhalds á húsi, áhöldum o.fl. 200 —			
4. steinkol ... ... 60 —			
5. flutningskostnaður ... ... 40 —			
	950	950	
f. til árlegra útgjalda við vita á Dalatanga við Seyðisfjörð	600	600	
Þar af 400 kr. til að gæta vitans og þeyta þokulúður, þegar þörf er á.			
g. til tveggja vita við leiðina inn á Hafnarfjörð:			
1. til vitavarðar ... ... 400 kr.			
2. fyrir olíu ... ... 125 —			
3. til viðhalds á húsum, áhöldum o.fl. 100 —			
4. flutningskostnaður ... ... 25 —			
5. steinkol ... ... 50 —			
	700	700	
h. til vitans á Arnarnesi í Skutulsfirði:			
1. til vitavarðar ... ... 500 —			
2. til lóðargjalds ... ... 10 —			
3. fyrir olíu ... ... 200 —			
Flyt ... 710 kr.	6,381	6,381	1,303,333

		1908.	1909.	Alls
		kr.	kr.	kr.
Fluttar ... 710 kr.		6,381	6,381	1,303,333
4. til viðhalds húsum, áhöldum o.fl.	200 —			
5. fyrir steinkol	100 —			
6. flutningskostnaður	50 —			
		1,060	1,060	
i. styrkur til vörðuvitans á Gerðatanga		100	100	
j. til vita á Skipaskaga		300	300	
k. til vita á Elliðaey á Breiðafirði		400	400	
l. til vitans í Vestmanneyjum:				
1. til vitavarðar	600 kr.			
2. fyrir olíu	200 —			
3. kol	100 —			
4. flutningskostnaður	100 —			
		1,000	1,000	
		9,241	9,241	18,482
Samtals ...		.....	.....	1,321,815

14 gr.

Til kirkju- og kenslumála veitast kr. 352,700.

		1908.	1909.	Alls.
A.		kr.	kr.	kr.
Í þarfir andlegu stjettarinnar:				
a. 1. laun biskupsins	7,000 kr.			
2. skrifstofukostnaður..	1,000 —	8,000	8,000	
b. önnur útgjöld:				
1. til prestakalla samkvæmt lögum 27. febr. 1880, 1. gr.		9,500	9,500	
2. til bráðabirgðaruppbótar brauðum ... ... Ráðherrann úthlutar styrknum eftir tillögum biskups.		5,000	5,000	
3. til nokkurra brauða í fyrverandi Hólastifti..		600	600	
4. viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur fá samkvæmt lögum		3,500	3,500	
5. til þess að kaupa hús Bjarna Mathiesens, sem stendur í kirkjugarði Reykjavíkur, f. á.		2,500		
6. Styrkur til sjera Arnórs Þorlákssonar á Hesti		1,000		
		30,100	26,600	56,700
Flyt...		.....	.....	56,700

		1908	1909	Alls
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar ...	.....	.....	56,700
	B.			
	Til kenslumála:			
	I. Til prestaskólans:			
a.	laun	9,200	9,200	
b.	önnur útgjöld: 1908. 1909.			
	1. húsaleigustyrkur handa lærisveinum, alt að 80 kr. til hvers ... kr. 960 kr. 960			
	2. námsstyrkur ... ... 1,000 1,000 Styrkurinn til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið. Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.			
	3. til tímakenslu... ... ... 100 100			
	4. til bókakaupa... ... ... 300 300			
	5. til eldiviðar og ljósa ... 150 150			
	6. til umsjónar 100 100			
	7. ýmisleg útgjöld. 250 250			
	8. til þess að gefa út kenslubækur handa prestaskólanum, 25 kr. fyrir örkina, alt að 250 250			
		3,110	3,110	
		12,310	12,310	24,620
	II. Til læknaskólans:			
a.	laun	3,200	3,200	
b.	önnur útgjöld:			
	a. húsaleigustyrkur handa nemendum, alt að 80 kr. til hvers ... ... 960 kr.			
	2. námsstyrkur ... ... 1,200 — Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið.			
	Flyt ... 2,160	3,200	3,200	81,320

		1908.	1909.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	2,160 kr.	3,200	3,200	81,320
Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.				
3. eldiviður, ljós og ræsting	550 —			
4. til bókakaupa, verkfæra og kensluáhalda	800—600			
5. ferðastyrkur handa læknaefnum	300 —			
6. þóknun fyrir tímakenslu í efnafræði	400 —			
7. til umbúða og annars kostnaðar við ókeypis »klinik«, alt að	200 —			
8. ýmisleg útgjöld...	200 —	4,610	4,410	
c. til þess að leigja hús handa læknaskólanum		1,000	1,000	
		8,810	8,610	17,420

	1908.	1909.			
	kr.	kr.			
III. Til lagaskóla.					
a. laun forstöðumanns	2,000	4,000			
b. til aukakenslu	1,250	2,500			
c. önnur útgjöld:					
1. húsaleigustyrkur handa nemendum, alt að 80 kr. til hvers	110	320			
2. námsstyrkur	200	600			
3. eldiviður, ljós og ræsting	50	150			
4. til bókakaupa	500	500			
5. húsaleiga...	100	300			
6. önnur útgjöld...	200	200			
			4,410	8,570	12,980
Flyt ...			.....	.....	111,720

	1908	1909	Alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	.....	.....	111,720
IV. Til hins almenna mentaskóla:			
a. laun	19,200	19,200	
b. aðstoðarfje:			
handa söngkennaranum ... ... 600 kr.			
— fimleikakennaranum.. ... 700 —			
— dyraverði ... ... 1,100 —			
fyrir yfirumsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans. ... ... 200 —	2,600	2,600	
c. önnur útgjöld: (1908. kr. / 1909. kr.)			
1. til bókasafns skólans ... 400 / 400			
2. til eldiviðar og ljósa ... 1,400 / 1,400			
3. til skólahússins utan og innan ... ... 1,400 / 1,400			
4. til fasts aukakennara ... 1,600 / 1,600			
5. til annarar tímakenslu og prófdómenda ... ... 1,200 / 1,200			
6. húsaleigustyrkur handa 36 lærisveinum, 20 kr. handa hverjum ... ... 720 / 720			
7. námsstyrkur ... ... 2,000 / 2,000 Styrkur til hvers nemanda má eigi fara fram úr 200 kr. fyrir skólaárið. Húsaleigustyrk og námsstyrk má að eins veita efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum, og gangi að öðru jöfnu utanbæjarnemendur fyrir bæjarnemendum.			
8. þóknun handa lækni ... 100 / 100			
9. ýmisleg útgjöld ... ... 1,000 / 1,000			
10. til vísindalegra áhalda við kenslu ... ... 450 / 450			
11. til þess að gefa út kenslubækur handa hinum almenna mentaskóla, 30 kr. fyrir örkina ... ... 600 / 600			
12. til áhalda við fimleikakenslu ... ... 100 / 100			
13. Til verðlaunabóka .. 300 / 300	11,270	11,270	
	33,070	33,070	66,140
Flyt ...	.....	.....	177,860

			1908.	1909.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
		Fluttar ...	.....	.....	177,860
V.	Til gagnfræðaskóla á Akureyri:				
a.	laun		7,400	7,400	
b.	önnur útgjöld:	1908. 1909.			
	1. til bóka- og áhaldakaupa	kr. kr.			
	við kensluna	600 600			
	2. til eldiviðar og ljósa ...	500 500			
	3. til tímakenslu	2,000 2,000			
	4. til styrkveitingar náms-				
	piltum	400 400			
	5. ýmisleg útgjöld	1,000 1,000			
			4,500	4,500	
			11,900	11,900	23,800
VI.	Til stýrimannaskólans:				
a.	laun.....		3,200	3,200	
b.	önnur útgjöld:				
	1. til tímakenslu.....	1,400. 1,400.			
	2. til áhaldakaupa o. fl.	400. 400.			
	3. til eldiviðar og ljósa	500. 500.			
	4. ýmisleg útgjöld.....	500 500.			
			2,800	2,800	
			6,000	6,000	12,000
VII.	Til annarar kennslu:				
a.	til kvennaskóla:				
	1. til kvennaskólans í Reykjavík..... Þaraf námsstyrkur til sveitastúlkna 300 kr.	4,500, 4,500.			
	2. til sama skóla til kenslu í innlendum heimilisiðnaði og hannyrðum	500. 500.			
	3. til kvennaskólans á Blönduósi	2,000. 2,000.			
	Flyt ...	7,000. 7,000.	.....	.....	213,660

	1908.	1909.	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	7,000	7,000			213,660
4. til sama skóla 40 kr. fyrir hverja námsmey, sem er alt skólaárið, alt að	1,120.	1,120.	8,120	8,120	
b. 1. til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum ..... Styrkur þessi veitist einkum eftir lengd kenslutíma og nemendafjölda, og með því skilyrði, að skólarnir njóti móts við styrkinn úr landssjóði, jafn mikils styrks annarsstaðar frá og að þeir hafi nauðsynlegustu kensluáhöld.			12,000	15,000	
2. til farkennara, alt að 100 kr. til hvers Styrkur þessi veitist gegn því, að kennararnir fái úr sveitarsjóði eða annarsstaðar að, auk fæðis, að minsta kosti helming á móts við landssjóðsstyrk, og að þeir hafi nauðsynlegustu kensluáhöld.			10,000	10,000	
3. Styrkur til þess að byggja barnaskóla utan kaupstaða alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu að húsinu.....			6,000	8,000	
4. Til framhaldskenslu handa kennurum ...			2,000	2,000	
5. Til kostnaðar við umsjón með fræðslumálum landsins og undirbúning ráðstafana og reglugjörða, er stjórnarráðið setur þar um, alt að.....			2,500	2,500	
c. til unglingaskóla, þó eigi yfir 500 kr. til hvers, alt að ..... Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að til kenslunnar sje varið úr sveitarsjóði eða annarstaðar að eigi minna en styrknum nemur. Nánari skilyrði fyrir styrkveitingum þessum semur stjórnarráðið.			3,500	3,500	
d. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg			2,500	2,500	
e. til kennarafræðslu ..... Þar af til áhaldakaupa 400 kr. hvort árið.			3,200	3,200	
f. námsstyrkur handa kennaraefnum, alt að 75 kr. handa hverjum			600	600	
Fluttar ...			50,420	55,420	213,660

	1908	1909	Alls:
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	50,420	55,420	213,660
g. til skólaiðnaðar-kenslu	500	500	
h. til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík	100	100	
i. til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík	400	400	
j. styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	800	800	
k. til kenslu heyrnar- og málleysingja	5,000	5,000	
l. til kenslu blindra drengja, Erlends Páls og Jóns Jónssona í Danmörku	600	600	
m. styrkur til Þorkels Hreinssonar til að standast kostnað við dvöl vitfirtrar dóttur hans á vitfirringastofnuninni Karensminde	300		
n. til lýðháskólans á Hvítárbakka í Borgarfirði ... ... 1,000 kr.			
Til sama skóla: 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er á skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að ... 600 —			
	1,600	1,600	
o. til skólabyggingar á Grund í Eyjafirði alt að þriðjungi byggingarkostnaðar	7,500		
	67,220	64,420	
			131,640
VIII. Til sundkenslu:			
a. í Reykjavík	300	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans njóti kenslunnar ókeypis.			
b. til sundkenslu annarsstaðar	1,000	1,000	
Styrkurinn undir b veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.			
	1,300	1,300	2,600
Flyt ...	.....	.....	347,900

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...			347,900
IX. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
X. a. Til Jóns Þ. Björnssonar til að lúka námi við kennaraskólann í Jonstrup	500		
b. Til Jónasar Jónssonar til að stunda kennaranám erlendis	300	300	
c. Til Ingibjargar Jónsdóttur til að ganga á kennaraskóla í Danmörku	300		
d. Til Karls Finnbogasonar til að kynna sjer kenslu og fyrirkomulag á lýðháskólum erlendis	400		
e. Styrkur til Þóru Matthíasdóttur og Margrjetar Jónsdóttur á Akureyri til þess að reka kvennaskóla (handavinnukenslu) á Akureyri	500	500	
	2,000	800	2,800
Samtals ...			352,700

15. gr.

Til vísinda og bókmenta veitast kr. 111,490

	1908.	1909.	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:					
a. laun bókavarðar.....	2,400	3,000			
b. — 1. aðstoðarmanns	1,200	1,500			
c. — 2. aðstoðarmanns	450	900			
d. til að kaupa bækur og handrit	5,090	5,000			
e. til bókbands.....	1,000	1,000			
f. til samningar spjaldskrár (eftir reikningi)	1,200	1,200			
g. fyrir afskriftir (eftir reikningi).....	800	800			
Flyt ...	12,050	13,400			

	1908.	1909.	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Flyt...	12,050	13,400			
h. til að prenta ritaukaskrá	200	200			
i. til eldiviðar og áhalda m. m.	500	1,000			
j. brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	360			
k. til flutnings á safninu	2,000				
l. til að kaupa bókbandsáhöld.....	2,000				
			17,110	14,960	
2. a. til amtsbókasafnsins á Akureyri alt að	500 kr.				
b. til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði alt að	400 —				
c. til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi alt að	400 —				
			1,300	1,300	
Fje þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi bæjarfjelög og sýslunefnd veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.					
3. til sýslubókasafna og lestrarsala í kaupstöðum alt að 150 kr. til hvers, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, alt að ...			1,500	1,500	
Landsstjórninni sje sendar skýrslur um fyrirkomulag, efnahag og bókakaup þessara stofnana.					
4. til Landsskjalasafnsins:					
a. laun skjalavarðar	1,400	1,600			
b. til að binda inn og búa um skjöl og til aðstoðar síðara árið o. fl...	900	1,000			
c. til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu... ...	600	600			
d. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið	250	250			
			3,150	3,450	
		Flyt ...	23,060	21,210	

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	23,060	21,210	
5. til deildar hins íslenska Bókmentafjelags í Reykjavík	2,000	2,000	
500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmentafjelagið gefi út 24 arkir á ári af íslensku fornbrjefasafni, eða sem því svarar af registri.			
6. til Þjóðvinafjelagsins	750	750	
7. til Forngripasafnsins:			
	1908. kr.	1909. kr.	
a. til að útvega forngripi og til áhalda	1,000	1,000	
b. til umsjónar	720	1,200	
Síðara árið sje safnið opið frá 15. júní til 15. sept. 2 tíma á dag, en hinn tíma ársins 1 tíma á dag.			
c. til húsnæðis og hita	1,000		
	2,720	2,200	
8. til Fornleifafjelagsins	400	400	
Útborgist því að eins, að árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
9. til Náttúrufræðisfjelagsins...	1,600	800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. á ári.			
Af fjárveitingunni fyrra árið gangi 800 kr. til að kaupa grasasafn Ólafs heitins Davíðssonar og koma skipulagi á það.			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sje eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni í viku.			
10. til að vinna að texta-útgáfu á íslensku fornbrjefasafni, með því skilyrði, að gefið verði út samskonar registur sem við fyrsta bindi við sjerhvert bindi, svo fljótt sem auðið er, eftir að það er komið út	800	800	
11. til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til þess að vinna að íslensk-danskri orðabók	300	300	
12. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna	300	300	
Flyt ...	31,930	28,760	

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	31,930	28,760	
13. til Þorsteins Erlingssonar skálds	800	800	
14. til sjera Valdimars Briem's	800	800	
15. til Einars Hjörleifssonar til ritstarfa	1,200	1,200	
16. til Guðmundar Magnússonar til ritstarfa ..	600	600	
17. til Ásgríms málara Jónssonar, ferðastyrkur til Suðurlanda	2,000	1,000	
18. til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri	300	300	
19. til Sigfúsar Einarssonar til eflingar og útbreiðslu sönglistar og söngþekkingar hjer á landi	1,200	1,200	
20. til »Bindindissameiningar Norðurlands« til útbreiðslu og eflingar bindindi	300	300	
21. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi ... ... Bæði þessi tvö síðastnefndu fjelög gjöri stjórninni reikning fyrir, hversu fjenu er varið.	2,000	2,000	
22. styrkur til Biblíufjelagsins til nýrrar þýðingar og útgáfu á ritum gamla testamentisins	1,000		
23. til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins' alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
24. til Leikfjelags Reykjavíkur, alt að .. .. Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti fjelaginu að minsta kosti helming á móts við styrkinn úr landssjóði.	1,000	1,000	
25. til frú Stefaníu Guðmundsdóttur	400	400	
26. til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands ... ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að höfundurinn sanni, að hann hafi til framhald af Íslendingasögu í handriti fullbúnu undir prentun, er samsvari minst 8 örkum prentuðum á ári.	1,000	1,000	
27. styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að ransaka og rita um sögu Íslands, og halda sögufræðilega fyrirlestra	1,200	1,200	
Flyt ...	45,880	40,710	

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	45,880	40,710	
28. til Einars Arnórssonar til að ransaka og rita um rjettarsögu Íslands	1,500		
29. til mag. art. Ágústs Bjarnasonar til þess að gefa út heimspekilega fyrirlestra, 50 kr. fyrir örkina, alt að	1,200		
30. til skólakennara Bjarna Sæmundssonar:			
	1908. kr.	1909. kr.	
a. til fiskiransókna	600	600	
b. til aðstoðar og áhalda eftir reikningi, alt að	1,700	1,300	
	2,300	1,900	
31. til landmælinga á Íslandi	5,000	5,000	
32. til dr. Helga Pjeturssonar til jarðfræðisransókna alt að	1,200	1,200	
33. til Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisransókna	1,200	1,200	
34. til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að	600	600	
35. til jarðskjálftaransókna	800	300	
36. til að kaupa og setja upp hengilklukku til tímaákvarðana	900		
	60,580	50,910	
			111,490
Samtals ...	.....	....	111,490

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 311,220.

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. til bændaskólans á Hólum:			
a. laun..	2,700	2,700	
b. til aðstoðarkennara	800	800	
c. önnur útgjöld:			
	1908. kr.	1909. kr.	
1. til verklegrar kenslu ...	1,000	1,000	
2. til kensluáhalda	1,000	300	
3. til eldiviðar og ljósa ...	400	400	
Flyt...	2,400	1,700	
	3,500	3,500	

	1908 kr.	1909 kr.	1908. kr.	1909. kr.	Alls. kr.
Fluttar	2,400	1,700	3,500	3,500	
4. til styrkveitinga nemendum	300	300			
5. ýmisleg útgjöld	600	600			
			3,300	2,600	
2. til bændaskólans á Hvanneyri:					
a. laun			2,700	2,700	
b. til aðstoðarkennara				800	
c. önnur útgjöld:					
	1908. kr.	1909. kr.			
1. til verklegrar kenslu ...	1,000	1,000			
2. til kensluáhalda	1,000	300			
3. til eldiviðar og ljósa ...	400	400			
4. til styrkveitinga nemendum	300	300			
5. ýmisleg útgjöld	600	600			
			3,300	2,600	
3. til Torfa Bjarnasonar til verklegrar búnaðarkenslu			1,500	1,500	
4. til verklegrar búnaðarkenslu á Eiðum			1,500	1,500	
5. Til búnaðarfjelaga			23,000	22,000	
6. Til Búnaðarfjelags Íslands. Þaraf til kenslu í mjólkurmeðferð 3000 kr. hvort árið ...			49,000	49,000	
7. Til skóggræðslu			14,000	14,000	
8. Til sandgræðslu			4,000	4,000	
9. Styrkur til samvinnusmjörbúa. Styrkurinn veitist eftir þeim reglum, sem settar voru í lögum nr. 49, 10. nóv. 1905.			16,000	14,000	
10. til verkfræðings, er sje til aðstoðar landsstjórn og hjeraðsstjórnum					
	1908 kr.	1909 kr.			
a. laun	3,000	3,000			
b. ferðakostnaður eftir reikningi	500	500			
			3,500	3,500	
11. a. laun handa 2 dýralæknum			2,400	2,400	
b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík			400	400	
12. styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu			300	300	
Flyt ...			128,400	124,800	

	1908.	1909.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	128,400	124,800	
13. styrkur til manns til að nema dýralækningar	600	600	
14. til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka tekniskan skóla í Reykjavík	5,000	5,000	
15. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri til þess að reka iðnaðarmannaskóla þar ...	1,000	1,000	
16. til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds...	600	600	
17. til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis	1,500	1,500	
18. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn í Reykjavík	3,000	3,000	
19. styrkur til byggingarfróðs manns, til þess að leiðbeina við húsabyggingar	800	800	
20. a. Laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma, öðrum í Reykjavík, hinum á Ísafirði ... ... 2000—2000			
b. Til Þorsteins Guðmundssonar, launaviðbót ... ... 200— 200			
c. Til sama manns til þess að ferðast austur og norður um land til að leiðbeina mönnum í fiskverkun, eftir reikningi alt að ... ... 500— 500			
	2,700	2,700	
Þegar skip, sem eiga að flytja fiskfarma til Spánar eða Ítalíu, eru afgreidd frá Reykjavík eða Ísafirði, ber lögreglustjóra að sjá um, að vottorð yfirmatsmannsins um gæði vörunnar sje ritað á hleðsluskjöl þeirra.			
21. Þóknun til vörumerkjaskráritara	360	360	
22. Til efnarannsóknastofu í Reykjavík:			
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar	2,000	2,000	
b. til aðstoðar og annarar vinnu	300	300	
c. til húsaleigu	700	700	
d. til ljósa og eldsneytis...	300	300	
Flyt ...	147,260	143,660	

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	147,260	143,660	
23. Til þess að byggja bryggju frá Torfunefi við Oddeyri, sem veitt geti þilskipum vetrarlegu í Oddeyrarbót, og verði síðar þáttur í skipakví þar, gegn þrefalt meiri upphæð til fyrirtækisins annarsstaðar að	15,000		
24. Styrkur til 2 íslenskra stúlkna til handavinnunáms hjá »Kunstflidsforeningens Friundervisning« í Kaupmannahöfn...	300	300	
25. Styrkur til bryggjubyggingar á Skipaskaga, að þriðjungi kostnaðar, þó ekki yfir	2,000		
26. Til Guðm. J. Hlíðdal til þess að afla sjer verklegrar kunnáttu í rafmagnsfræði erlendis, fyrra árið, og til að rannsaka og mæla fossa hjer á landi, síðara árið	1,200	500	
27. Til Benedikts Jónassonar til að lúka námi við »Teknisk Læreanstalt« í Þrándheimi ...	500	500	
	166,260	144,960	311,220
Samtals...	.....	....	311,220

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 122,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr,; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmanneyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til sjera Matthíasar Jochumssonar 2,000 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.; til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til frú Elinborgar Friðriksdóttur 300 kr.; til frú Sigríðar Þorkelsdóttur 200 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 200 kr.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Hannesar pósts 200 kr.; til fyrverandi fangavarðar Sigurðar Jónssonar 700 kr.; til Tómasar Davíðssonar 200 kr.; — til allra þeirra hvort árið. Enn fremur til Pjeturs bónda Pjeturssonar í Hafnardal í Norður-Ísafjarðarsýslu 400 kr. fyrra árið.

Eftirlaun amtmanns Júlíusar Havsteens teljast frá þeim tíma, er hann var settur amtmaður 1881.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 10,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

Upphæð, er svarar $^2/_3$ hlutum sekta fyrir ólöglegar fiskiveiðar útlendra skipa, er eftirlitsskipið handsamar og dregur fyrir dóm á Íslandi, svo og $^2/_3$ hlutum andvirðis upptæks afla og veiðarfæra af þessum skipum, greiðist í ríkissjóð, sem tillag af Íslands hálfu til kostnaðar við eftirlitsskipið.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlaður að verði kr. 345,326,20 er ætlast til að jafnist með tollauka samkvæmt frumvarpi því, er lagt er fyrir þingið um framlenging á gildi laga nr. 6, 29. júlí 1905.

21. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1907 og hafa í för með sjer tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eður öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 30,000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum frá Búnaðarfjelagi Íslands og gegn ábyrgð sveitafjelaga, sýslufjelaga eða amtsfjelaga. Þau ávaxtist með 3% árlega, sjeu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Úr viðlagasjóði má verja allt að 15,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi hærri upphæð en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern. — Lán þetta ávaxtist með $3^1/_2$%, sje afborgunarlaust 4 fyrstu árin, og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Úr viðlagasjóði má lána Ingvari E. Ísdal snikkara alt að 12,000 kr., gegn þeirri ábyrgð, er stjórnin tekur gilda, til þess að koma á fót trjesmíðaverksmiðju á Seyðisfirði. Af láninu greiðast 4% vextir árlega. Það sje afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 12 árum.

Til byggingar bryggju frá Torfunefi við Oddeyri, sem veitt geti þilskipum vetrarlegu í Oddeyrarbót, og verði síðar þáttur í skipakví þar, má veita lán úr viðlagasjóði alt að 40,000 kr. gegn ábyrgð Akureyrarkaupstaðar. — Lánið ávaxtist með 4% árlega, sje afborgunarlaust fyrstu 5 árin, og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 50,000 kr. til lánveitingar handa verksmiðjufjelaginu á Akureyri til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, þó svo að lánveitingin nemi eigi meira en helmingi stofnfjárins. Lánið sje trygt með fyrsta

veðrjetti í stofnuninni og má eigi fara fram úr helmingi af virðingarverði hennar, nema því að eins, að Akureyrarkaupstaður ábyrgist það, er um fram er. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sje afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 50,000 kr. til lánveitingar handa hlutafjelaginu »Klæðaverksmiðjan Iðunn«, til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, þó svo, að lánveitingin nemi eigi meiru en helmingi stofnfjárins. Lánið sje trygt með fyrsta veðrjetti í stofnuninni, og má ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði hennar, nema því að eins að Reykjavíkurbær ábyrgist það sem um fram er. Lánið ávaxtast með 4% árlega, sje afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Til byggingar stórskipabryggju í Stykkishólmi má veita lán úr landssjóði alt að 10,000 kr., gegn ábyrgð hreppsnefndarinnar í Stykkishólmshreppi og »Framfarasjóðs Stykkishólms«. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sje afborgunarlaust fyrstu 5 árin, og afborgist svo með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Úr viðlagasjóði má lána alt að 50,000 kr. til að byggja barnaskólahús. Lánin veitast hreppsfjelögum gegn ábyrgð sveitarsjóða. Þau ávaxtist með 4% árlega og endurgreiðist á 25 árum. Ekkert lán má fara fram úr 6,000 kr.

Stórkaupmanni Thor E. Tulinius veitist fyrst um sinn gjaldfrestur á kr. 9,449, 09, sem hann skuldar landssjóði fyrir staura og annað efni til símaleiðslu milli Eskifjarðar og Egilsstaða gegn tryggingu í línunni. Af láni þessu skal greiða 4% þ. á. og endurgjalda það á 15 árum.

Sýslufjelögum, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar á fjárhagstímabilinu, má veita lán úr viðlagasjóði í því skyni, er ávaxtist með 4% árlega, og endurborgist á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 60,000 kr.

Nd. **311. Frumvarp**

til laga um laun prófasta,

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Auk þeirra launa, sem prófastar hafa hingað til haft fyrir starfa sinn samkvæmt gildandi lögum, skulu þeim veitt úr landssjóði ákveðin árslaun svo sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Árslaun þau, sem gjört er ráð fyrir í 1. gr., ákveðast þannig: Prófastarnir í Norður-Múlaprófastsdæmi, Suður-Múlaprófastsdæmi, Rangárvallaprófastsdæmi, Árnesprófastsdæmi, Kjalarnesprófastsdæmi, Snæfellsnesprófastsdæmi, Barðastrandarprófastsdæmi, Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, Húnavatnsprófastsdæmi, Skagafjarðarprófastsdæmi, Eyjafjarðarprófastsdæmi og Suður-Þingeyjarprófastsdæmi fá að launum 200 kr. hver. Prófastarnir í Austur-

Skaftafellsprófastsdæmi, Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi, Borgarfjarðarprófastsdæmi, Mýraprófastsdæmi, Dalaprófastsdæmi, Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi, Strandaprófastsdæmi og Norður-Þingeyjarprófastsdæmi fá að launum 100 kr. hver.

3. gr.

Prestar tilnefna prófastsefni á sama hátt og nú, en landsstjórnin skipar prófasta með ráði biskups.

Nd. **312. Breytingartillaga**

Við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Flutningsmaður: G. Björnsson

Við 14. gr. B II b 4. Fyrir »800 kr.« fyrra árið komi: 1000 kr.

Ed. **313. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri.

Frá nefndinnni.

Við 4. gr. Fyrir »prestalaunasjóðs« í niðurlagi greinarinnar komi: »landssjóðs.«

Nd. **314. Frumvarp**
til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1904 og 1905.
(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

	I. Tekjur.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1.	Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	86,000,00	88,603,95
2.	Húsaskattur	16,000,00	21,219,75
3.	Tekjuskattur	32,000,00	48,042,23
4.	Aukatekjur	68,000,00	88,194,35
5.	Erfðafjárskattur	6,000,00	9,525,46
6.	Vitagjald	20,000,00	24,970,85
7.	Gjöld fyrir leyfisbrjef	6,000,00	9,242,37
8.	Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	140,000,00	226,343,65
9.	Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	200,000,00	332,287,56
10.	Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	200,000,00	244,598,05
11.	Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	480,000,00	579,127,74
12.	Aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og brjóstsykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	16,000,00	22,812,52
13.	Leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verslun og veiting áfengra drykkja	40,000.00	36,300,00
14.	Tekjur af póstferðum	80,000,00	141,109,83
15.	Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	1,200,00	1,107,31
16.	Óvissar tekjur	10,000,00	65,418,57
17.	Tekjur af fasteignum landssjóðs, að frádregnum umboðskostnaði, prestmötu m. m.	46,000,00	42,175,14
18.	Tekjur af kirkjum	170,00	165,15
19.	Tekjur af silfurbergsnámum í Helgustaðafjalli	4,000,00	3,148,37
20.	Andvirði Klapparlóðar	» »	16,183,05
21.	Tekjur af brennisteinsnámum	» »	454,52
22.	Tekjur af Eldey	» »	1,000,00
23.	Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs Borgað upp í lán, fjárveiting: 92,644 kr. 05 a. reikningur: 151,518 kr. 21 a.	73,000,00	90,894,54
24.	Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	15,000,00	29.264,56
25.	Innborganir frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	4,000,00	7,865,21
26.	Endurgjald skyndilána til embættismanna	1,200,00	2,128,11
27.	Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000,00	13,790,18
28.	Tillag úr ríkissjóði	120,000,00	120,000,00
	Samtals	1,668,570,00	2,265,973,02

	Fjárveiting.	Reikningur.
	kr. a.	kr. a.
II. Gjöld.		
1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	28,000,00	1,333,33
2. Til alþingis og kostnaður við yfirskoðun landsreikninganna	39,600,00	54,083,32
3. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæslu og lögreglustjórn o. fl.		
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	53,966,67	16,438,86
B. Dómgæsla og lögreglustjórn	176,030,00	175,427,86
C. Ýmisleg útgjöld	30,460,00	32,776,05
4. Til útgjalda við læknaskipunina	235,640,74	254,995,05
5. Til samgöngumála:		
A. Til útgjalda við póststjórnina	141,900,00	147,674,70
B. Til vegabóta	271,200,00	300,096,41
C. Til gufuskipaferða	197,600.00	194,083,33
D. Til ritsíma	70,000,00	» »
E. Til vita	21,237,00	18,023,77
6. Til kirkju og kenslumála:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	65,870,00	65,864,77
B. Til kennslumála	232,446,00	218,222,88
7. Til vísinda, bókmenta og verklegra fyrirtækja:		
A. Til vísinda, bókmenta og lista	78,870,00	75,420,91
Til verklegra fyrirtækja	332,700,00	378,789,81
8. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	5,200,00	21,585,92
9. Eftirlaun og styrktarfje	86,000,00	101,202,03
10. Til óvissra útgjalda	3,000,00	21,169,86
11. Útborganir samkvæmt fjáraukalögum og nýjum lögum	» »	187,904,96
12. Tekjuafgangur fjárhagstímabilsins	» »	530,40
Samtals	2,069,720,41	2,265,624,22

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desbr. 1905 . . . . . kr. 1,172,028,28
Tekjueftirstöðvar landssjóðs s. d. . . . . — 59,412,72
Peningaforði landssjóðs s. d. . . . . — 590,855,32
þar af:
í Landsbankanum á hlaupareikningi s. d. . . . . kr. 370,000,00
í Íslandsbanka - —— - - . . . . . — 140,000,00

Ed.

315. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Frá nefndinni.

1. Við 11. gr.

Í stað orðanna í næst síðustu línu: »kæru sína undir ráðherrann«, komi: kæra til ráðherrans.

2. Við 17. gr.
   Orðið »um« í miðri greininni falli burt.
3. Við 19. gr.
   Í stað orðsins »standast«, í næst neðstu línu fyrsta málsliðar, komi: standa.
4. Orðið »hin« í næst neðstu línu, falli burt.
5. Við 22. gr.
   Í stað orðanna »um hálfan mánuð« í 3. línu að ofan, komi: hálfsmánaðar tíma.
6. Í stað orðsins »gegn« í fyrstu línu 2. málsliðar, komi: yfir.
7. Við 30. gr.
   Orðið »um« í 4. línu, á undan orðunum »hálfan mánuð« falli burt.

Nd. **316. Breytingartillögur**
við frumvarp til laga um stofnun brunabótafjelags Íslands.
Frá nefndinni.

Við 23. gr. Greinin falli burt.
— 24. gr. Orðin »sbr. þó 23. gr.« falli burt.

Nd. **317. Frumvarp**
til laga um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.
(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í hverri kirkjusókn landsins skal vera sóknarnefnd og í prófastsdæmi hverju hjeraðsnefnd til að annast þau kirkjuleg málefni, sem sóknina og prófastsdæmið varða.

2. gr.

Sóknarnefndin skal halda að minsta kosti einn almennan safnaðarfund ár hvert, til að ræða um kirkjuleg málefni safnaðarins.

Aukafundi skal halda, þegar meiri hluti sóknarnefndar fer fram á það.

Sóknarnefndin kýs sjer oddvita úr sínum hóp. Oddviti stýrir fundum nefndarinnar, en að öðru leyti skifta nefndarmenn störfum með sjer.

Sóknarnefndin skal gefa presti kost á, að sækja fundi sína.

3. gr.

Safnaðarfund skal boða með hálfs mánaðar fyrirvara, á kirkjufundi eða á annan hátt, sem tíðkanlegur er í sókninni.

Hamli veður, ófærð, umgangsveiki eða önnur ósjálfráð atvik ferðum

manna, skal sóknarnefnd boða fund að nýju, ef meiri hluti atkvæðisbærra manna í söfnuðinum sækir ekki fundinn. Hamli ósjálfráð atvik aftur á móti ekki, skal halda fundinn, þó að meiri hluti kjósenda sje ekki mættur.

Um mál þau, er að lögum liggja undir samþykki safnaðarfundar, skal sóknarnefndin auglýsa tillögur sínar um leið og fundurinn er boðaður. Sóknarnefndin ber síðan tillögurnar fram til samþyktar á fundinum, og má þá þær einar breytingar á þeim gjöra, er sóknarnefndin aðhyllist.

Afl atkvæða ræður málsúrslitum á safnaðarfundum.

4. gr.

Aðalsafnaðarfund skal ætíð halda í maímánuði, eða fyrri hluta júnímánaðar.

Á fyrstu aðalfundum eftir að lög þessi öðlast gildi, skal kjósa menn í allar sóknarnefndir á landinu. Þar sem 1000 manns eða fleiri eru í sókninni, skal kjósa 5, en þar sem færri eru, 3.

5. gr.

Hver sóknarmaður, karl eða kona, sem telst til þjóðkirkjunnar, er fullveðja og hefur óflekkað mannorð, hefur atkvæðisrjett á safnaðarfundi og kosningarrjett og kjörgengi til sóknarnefndar, kjörgengi þó því að eins, að löglega eigi með sig sjálfur.

6. gr.

Kosningin gildir fyrir 6 ár. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skifti, skulu, að þrem árum liðnum, 2 eða 3 ganga úr nefndinni, eftir því hvort tala nefndarmanna er 3 eða 5.

Geti nefndarmenn ekki komið sjer saman um, hverjir úr skuli ganga, ræður hlutkesti, en hinn hlutinn skal fara frá að 6 árum liðnum. Samkvæmt þessu fara síðan ávalt hinar tvær deildir nefndarmanna frá 3. hvert ár á víxl. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá sjerlegra orsaka vegna, áður en þau 6 ár eru liðin, er hann var kosinn fyrir, skal sá, er kosinn verður í hans stað, að eins sitja í nefndinni þann tíma af þeim 6 árum, sem eftir er. Þann, sem gengur úr nefndinni, má kjósa á ný; en hafi hann verið í nefndinni 3 ár eða lengur, er hann ekki skyldur að taka aftur við kosningu, fyr en liðinn er jafnlangur tími, og hann hafði verið í nefndinni.

Eins skal sá, sem orðinn er sextugur, mega skorast undan kosningu.

7. gr.

Sóknarnefndin skal, auk starfa þeirra, sem henni eru eða verða fengin með sjerstökum lögum, stuðla til þess, að guðsþjónusta safnaðarins fari sómasamlega fram, vera prestinum til aðstoðar í því, að viðhalda og efla góða reglu og siðsemi í söfnuðinum, styðja með honum uppfræðingu ungmenna og vera honum samhent um, að halda uppi samlyndi og friðsemi á heimilunum og meðal allra í söfnuðinum.

8. gr.

Sóknarnefndin annast kirkjusöng og hljóðfæraslátt samkvæmt lögum nr. 21, frá 22. maí 1890, og útvegar meðhjálpara við guðsþjónustuna.

9. gr.

Sóknarnefndin annast um kirkjugarða, samkvæmt lögum nr. 39, frá 8. nóv. 1901.

10. gr.

Nú hefir söfnuður umsjón og fjárhald kirkju, og skal þá sóknarnefnd hafa á hendi skyldur þær, er af því leiða.

11. gr.

Skylduvinnu þeirri, er sóknarmenn eiga til að leggja, þá er kirkja er bygð, skal sóknarnefndin jafna niður. Hafa skal nefndin og umsjón með því, hvernig verkinu er hagað.

12. gr.

Nú hefir sóknarnefnd tekið að sjer innheimtu kirkjutekna, samkvæmt lögum nr. 20, frá 22. maí 1890, og fer um þá innheimtu eins og segir í nefndum lögum.

13. gr.

Sóknarnefndin býr til kjörskrá til prestskosninga og tekur að öðru leyti þann þátt í undirbúningi undir kosningu presta, sem mælt er fyrir um í lögum um það efni.

14. gr.

Á aðalsafnaðarfundi skal kjósa einn safnaðarfulltrúa fyrir sóknina til 6 ára í senn, enda sjeu safnaðarfulltrúar kosnir um land alt á fyrstu aðalfundum eftir að lög þessi öðlast gildi. Um kosningu hans og kjörgengi gilda hinar sömu reglur, sem settar eru um kosningu sóknarnefndarmanna í 5. gr.

Safnaðarfulltrúar hafa 3 kr. fyrir dag hvern, sem þeir eru utan heimilis vegna hjeraðsfunda, og jafnar sóknarnefndin þeim kostnaði niður á alla atkvæðisbæra sóknarmenn.

15. gr.

Hjeraðsprófastur skal á ári hverju, í júní eða september, halda hjeraðsfund og kveðja til fundarins alla presta og safnaðarfulltrúa hjeraðsins, til að ræða og útkljá þau kirkjuleg málefni, er hjeraðið varða.

Prófastur stýrir fundinum.

16. gr.

Þá er hjeraðsfundur lögmætur, er meira en helmingur presta og safnaðarfulltrúa í því hjeraði eru á fundi. Það mál er samþykkt á hjeraðsfundi, sem hlotið hefur meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru.

17. gr.

Prófastur leitar álita fundarins um, hvernig prestar og sóknarnefndir gegni köllun sinni, einkum að því er lýtur að mentun og uppfræðing ungmenna. Á fundinum leggur prófastur fram endurskoðaða reikninga kirkna í hjeraðinu fyrir síðastliðið reikningsár, til umræðu og úrskurðar.

18. gr.

Hverjum fundarmanni er rjett, að bera upp á hjeraðsfundi tillögur sínar um sjerhvert það atriði, er lýtur að kirkjulegum málum og skipun þeirra, svo sem uppfræðslu barna, reglu og siðsemi í söfnuðinum, eignum kirkna og meðferð á þeim, upptöku, niðurlagning og færslu kirkna, breyting á sóknum og prestaköllum.

Allar samþyktir hjeraðsfundar sendir prófastur biskupi. Ef fundarmenn úr sóknum þeim, sem hlut eiga að máli, greinir á við meiri hluta fundarmanna, þá er þeim heimilt, að fá bókaðan ágreining sinn við fundarsamþyktina, og er prófasti skylt, að senda biskupi ágreiningsálit þeirra með fundarsamþyktinni.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908 og eru lög nr. 5, frá 27. febrúar 1880, lög nr. 11, frá 12. maí 1882, að því er snertir byggingu kirkna, og lög nr. 18, frá 16. sept. 1893 jafnframt úr gildi numin.

Nd. **318. Frumvarp**

til laga um veitingu prestakalla.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Þegar prestakall í þjóðkirkjunni losnar, fer um veitingu þess eftir reglum þeim, sem hjer fara á eftir.

2. gr.

Þegar prestakall losnar, auglýsir biskup kallið, og gefur umsækjendum jafnframt hæfilegan frest til að sækja um það. Biskup skýrir síðan prófasti þeim, sem hlut á að máli, tafarlaust frá því, að kallið sje laust. En prófastur annast aftur tafarlaust um, að sóknarnefnd hver semji kjörskrá yfir þá sóknarbúa, sem atkvæðisrjett hafa á safnaðarfundum.

3. gr.

Kjörskrá skal vera þannig löguð, að á henni sjeu 6 dálkar, fyrir töluröð kjósenda, nöfn, aldur, stöðu, heimili og kosningarmerki. Nöfnum kjósenda

sje raðað eftir stafrófsröð. Sóknarnefndin skal hafa lokið samningu skrárinnar innan viku frá því er formaður nefndarinnar fjekk brjef prófasts. Þegar er skráin er samin, skal leggja hana fram á hentugum stað í sókninni, kjósendum til sýnis, og jafnframt auglýsa á þann hátt, er vant er að birta auglýsingar þar í sókninni, hvar hún liggi frammi, enda sje skráin kjósendum þar til sýnis í fulla viku.

4. gr.

Nú telur einhver sjer ranglega slept af skrá eða einhvern ranglega tekinn á skrá, og skal hann þá kæra það brjeflega fyrir sóknarnefnd innan viku frá seinasta sýningardegi skrárinnar. Sóknarnefndin boðar kæranda og kærða, hafi yfir einhverjum verið kært, þegar í stað á fund með sjer og úrskurðar kæruatriðið á fundinum. Neiti sóknarnefnd manni um að taka hann á skrá, má hann skjóta úrskurði sóknarnefndarinnar til kjörstjórnar, er þá úrskurðar málið áður en gengið er til kosninga.

5. gr.

Um leið og gengið er frá kjörskránni, skal sóknarnefnd kjósa 1 fulltrúa meðal atkvæðisbærra safnaðarmanna, eða, sje prestakallið ekki nema 1 sókn, þá 2 fulltrúa, til þess að standa fyrir kosningu prestsins, ásamt prófasti. Sóknarnefndin sendir síðan prófasti þegar í stað kjörskrána með árituðu vottorði sínu um, að skráin hafi legið frammi lögskipaðan tíma og tilkynnir honum jafnframt fulltrúakosninguna, en prófastur skýrir biskupi um hæl frá tölu kjósenda í prestakallinu og biskup aftur landsstjórn.

6. gr.

Þegar umsóknarfresturinn er á enda, sendir biskup landsstjórninni skýrslu um það, hverjir sótt hafi og um það, hvort þeir fullnægi lögmæltum kröfum til prestsskapar í þjóðkirkjunni og hve marga kjörseðla þurfi. Stjórnin annast þá um að tilbúnir sjeu og sendir biskupi nægilega margir kjörseðlar miðað við tölu kjósenda í prestakallinu, með áprentuðum nöfnum umsækjenda og af sömu gjörð og kjörseðlar þeir, sem lýst er í 19. gr. laga um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903, en biskup sendir aftur prófasti með ábyrgðarbrjefi umsóknarbrjefin og kjörseðlana, með þeim athugasemdum um umsækjendurnar, er hlýða þykja. Prófastur sendir síðan tafarlaust sóknarnefnd eða sóknarnefndum útdrátt úr umsóknarbrjefunum og athugasemdum biskups, en frumritin skal leggja fram á kjörstaðnum. Jafnframt stofnar prófastur til kjörfundar fyrir alt prestakallið á hentugum stað með 2 vikna fyrirvara, er auglýsa skal á vanalegan hátt. Sóknarnefndin skal þegar í stað leggja nefnda útdrætti fram á hentugum stað í sókninni og jafnframt auglýsa, að það sje gjört, enda liggi brjefin kjósendum til sýnis í fulla viku. Þegar brjefin hafa legið frammi áskilinn tíma, endursendir sóknarnefndin prófasti þau með áritun nefndarinnar um, að þau hafi legið frammi eins og til stóð, eða annast að minsta kosti um, að þau sjeu komin á kjörstaðinn fyrir kjörfund.

7. gr.

Nú er kominn kjörfundardagur, og skal þá prófastur og fulltrúar sóknarnefndar eða sóknarnefnda samkvæmt 5. gr. mæta á tilteknum stað og stundu. Prófastur og fulltrúar þessir stýra kosningunni og er prófastur formaður kjörstjórnarinnar. Hann setur fund og stýrir fundi. Hamli veður, ófærð, umgangsveiki eða önnur ósjálfráð atvik ferðum manna, skal prófastur boða kjörfund að nýju, ef meiri hluti atkvæðisbærra safnaðarmanna í prestakallinu ekki sækir fundinn. Hamli ósjálfráð atvik aftur á móti ekki, skal halda fundinn, þótt meiri hluti kjósenda sje ekki mættur.

8. gr.

Kjörstjórnin skal hafa gjörðabók, er sjerstaklega sje til þess gjörð og löggilt af biskupi, atkvæðaskrá og atkvæðakassa með sömu gjörð og atkvæðakassar við alþingiskosningar. Fundarhúsi skal vera þannig háttað, að inn af fundarherberginu sje herbergi eða klefi, er ekki sje inngengt í nema úr fundarherberginu og að öðru leyti svo um búið, að ekki sjáist að utan eða annarsstaðar frá þangað inn, nje heldur sje hægt að sýna kjörseðilinn þeim, er utan klefans kynni að vera. Sje herbergjum ekki svo háttað sem nú var sagt, skal tjalda svo horn af fundarherberginu, að ekki sjáist úr því, hvað gjört er fyrir innan tjaldið. Í klefanum eða fyrir innan tjaldið skal vera borð og hæfilega margir blýantar samlitir.

9. gr.

Prófastur segir kjósendum í fundarbyrjun hverjir sjeu í kjöri. Síðan leggur kjörstjórnin úrskurð á þær kærur, er til hennar hefur verið skotið samkv. 4. gr. og færir úrskurði sína til bókar. Afl atkvæða ræður úrslitum um öll atriði, er kjörstjórnin úrskurðar. Sjeu atkvæði jöfn, sker sá atkvæðahelmingur úr, sem prófastur fylgir.

10. gr.

Áður en atkvæðagreiðslan hefst, skal kjörstjórnin opna atkvæðakassann og sýna kjósendum og umsækjendum eða umboðsmönnum þeirra, að kassinn sje tómur. Að því búnu læsir kjörstjórnin kassanum. Svo er gengið til kosninga.

11. gr.

Þeir, sem neyta vilja atkvæðisrjettar síns, verða að mæta sjálfir. Kjósendur ganga fram og kjósa í þeirri röð, sem þeim lítst og eftir því sem þeir komast að. An leyfis kjörstjórnar mega ekki vera í kosningarstofunni með henni aðrir en umsækjendur eða umboðsmenn þeirra, svo og hæfilega margir kjósendur, er koma og fara. Kjörstjórn getur kvatt menn sjer til aðstoðar til að halda uppi reglu meðan á kosningu stendur. Þá er kjörstjórnin hefur kannast við kjósanda, afhendir hún honum kjörseðil og vísar honum til atkvæðaklefans, og má þar enginn annar inni vera; kjósandi merkir þar kross innan í hringinn fram undan nafni þess umsækjanda er hann kýs, brýtur síð-

an seðilinn saman þannig að letrið snúi inn, gengur með seðilinn að atkvæðakassanum í fundarherberginu og stingur honum þar niður um lokrifuna á kassanum. Jafnframt getur maður úr kjörstjórninni þess á atkvæðaskránni, að kjósandi hafi kosið, og annar maður setur kosningamerki við nafn kjósanda á kjörskránni. — Ónýtist seðillinn fyrir kjósanda eða gallist, getur hann fengið nýjan seðil hjá kjörstjórn gegn því að skila hinum, er ónýttist eða skemdist.

Sje kjósandi ekki fær um að kjósa vegna orsaka, er kjörstjórnin metur gildar, skal sá úr kjörstjórn, er kjósandi tilnefnir, hjálpa honum til þess. Þess skal stuttlega getið í gjörðabókinni.

Gengur svo koll af kolli þangað til enginn gefur sig fram; þá kjósa þeir, er í kjörstjórn sitja og umboðsmenn umsækjendanna, eigi þeir atkvæðisrjett, á sama hátt og aðrir kjósendur, og er kosningunni þar með lokið.

Þó má kosningagjörðin eigi standa skemur en 2 stundir nema allir kjósendur, sem á kjörskrá standa, hafi neytt kosningarrjettar áður en sá tími er kominn.

12. gr.

Í Reykjavík má kjósa á fleirum en einum stað í einu, eftir nánari ákvæðum kjörstjórnar. Þó skal setja kjörfund, telja saman atkvæði og slíta fundi á sama stað, og er sá staður aðalkjörstaðurinn, enda stendur kjörstjórn fyrir öllum fundargjörðum þar. Á hinum stöðunum er að eins tekið við atkvæðum þeirra kjósenda, er kjörstjórn hefur vísað þangað. 3 menn taka þar við atkvæðum. Sje einn tilnefndur af kjörstjórn, en hinir 2 af sóknarnefndinni. Í stað kjörskrár skal á aukakjörstöðunum nota staðfest eftirrit af skránni. Að öðru leyti fer atkvæðagreiðsla á aukakjörstöðunum fram á sama hátt og á aðalkjörstaðnum. Þegar atkvæðagreiðslu er lokið á aukakjörstöðunum, færa fundarstjórarnir þar kjörstjórninni sjálfir atkvæðakassana, og opnar kjörstjórnin kassana, blandar kjörseðlunum úr þeim saman við kjörseðlana úr atkvæðakassa aðalkjörstaðarins, og fer svo um talning atkvæða eins og segir í 13. gr.

13. gr.

Þegar atkvæðagreiðslu er lokið, telur kjörstjórn saman atkvæði að viðstöddum umsækjendum eða umboðsmönnum þeirra. Prófastur les upp kjörseðlana en 2 menn aðrir úr kjörstjórninni skrifa, hvor í sínu lagi, upp tölu þeirra atkvæða, er hver umsækjandi hefur hlotið. Reynist það, að atkvæði hafi verið greidd um fleiri en einn umsækjanda á sama seðli, eða reynist seðillinn á einhvern hátt sjerkendur, og sje ástæða til að ætla að kjósandi hafi einkent hann af ásettu ráði, skal dæma seðilinn ógildan. Þegar kjörseðlar allir hafa verið lesnir upp, telur kjörstjórnin saman atkvæði og ber tölu þeirra saman við atkvæðaskrána og kjörskrána, lætur síðan gildu seðlana í umslag og hina ógildu í annað, og forsiglar loks bæði umslögin með innsigli prófasts, innsigli annars manns úr kjörstjórninni og þess umsækjanda, er flest fjekk atkvæði eða umboðsmanns hans, sje annarhvor þeirra viðstaddur.

14. gr.

Þá getur kjörstjórnin stuttlega úrslita kosningarinnar í gjörðabókinni. Skal þar bóka kjósendatölu í prestakallinu samkvæmt kjörskrá, tölu þeirra, er atkvæði greiddu á fundinum, og tölu atkvæða þeirra, er hver umsækjandi hlaut. Prófastur heldur gjörðabókina.

Að því búnu skal lesa upp gjörðabókina og leita staðfestingar fundarmanna á henni. Umsækjendur eða umboðsmenn þeirra eiga heimtingu á, að fundarbókin greini stuttlega frá ágreiningsáliti þeirra um hvert fundaratriði. Bæði kjörstjórnin og umsækjendur eða umboðsmenn þeirra skulu skrifa nöfn sín undir gjörðabókina.

15. gr.

Nú vill einhver koma fram með kæru út af kosningunni, og skal hann þá senda prófasti skriflega kæru áður en vika líður frá því er kosningin fór fram, en prófastur kallar þegar saman kjörstjórnina til að segja álit sitt um kæruna og gefur jafnframt kæranda og þeim, sem yfir kann að vera kært, kost á að sækja fundinn.

16. gr.

Með næstu póstferð eftir kjörfund eða eftir kjörstjórnarfund þann, sem um ræðir í 15. gr., hafi kosning verið kærð, sendir prófastur landsstjórninni í ábyrgðarbrjefi orðrjetta útskrift úr gjörðabókinni, umsóknarbrjef umsækjenda, kjörskrár og önnur skjöl, sem lögð voru fram á kjörfundinum, svo og kæru, hafi kosning kærð verið, og umsögn kjörstjórnar og atkvæðaumslögin eins og frá þeim var gengið í lok kjörfundar.

17. gr.

Hafi kosningin farið fram lögum samkvæmt, eða sjeu að minsta kosti engir þeir gallar á henni, er haft geti veruleg áhrif á úrslit kosningarinnar, veitir landsstjórnin þeim umsækjanda prestakallið, er hefur fengið meiri hluta greiddra atkvæða. Hafi enginn náð þeim atkvæðafjölda eða sjeu verulegir gallar á kosningunni, er stjórnin ekki beinlínis bundin við atkvæðagreiðsluna og leitar hún þá tillögu biskups um það, hverjum umsækjanda kallið skuli veitt.

18. gr.

Nú hefur ekki nema einn umsækjandi, er fullnægir kröfum til prestsskapar í þjóðkirkjunni, sótt um prestakall, og skal þá kjörstjórnin engu að síður boða til kjörfundar fyrir prestakallið, en þá leitar kjörstjórnin að eins munnlegra atkvæða fundarmanna um það, hvort heldur eigi að veita embættið umsækjandanum eða leitast við að fá því þjónað til bráðabirgða á annan hátt. Greiði meiri hluti kjörfundarmanna atkvæði fyrir því, að embættið verði veitt umsækjanda, fær umsækjandi veitingarbrjef landsstjórnarinnar fyrir því. Óski meiri hlutinn embættinu þjónað til bráðabirgða, fer stjórnin, að svo miklu leyti sem henni er unt, eftir óskum fundarins um prestsþjónustu.

19. gr.

Enginn, er kosið hefur skriflega, er skyldur til þess að skýra frá því

fyrir rjetti, hvernig hann hafi neytt atkvæðisrjettar síns, hvers kyns sem mál það er, sem hann er krafinn til vitnisburðar í.

20. gr.

Hvorki kjörstjórnarmaður nje nokkur annar, sem í kosningarstofunni er staddur, má beinlínis eða óbeinlínis hvetja nokkurn kjósanda meðan á kosningargjörðinni stendur, til þess að kjósa einn umsækjanda öðrum fremur, nje heldur má kjörstjórnarmaður skýra frá því, er hann kann að hafa orðið áskynja um í kosningarstofunni, að því er atkvæðagreiðslu kjósenda snertir.

Brot gegn ákvæðum þessum varða fangelsi, ekki skemra en einföldu fangelsi í viku eða sektum, ef málsbætur eru, þó eigi undir 20 kr.

Önnur brot gegn lögum þessum varða alt að 200 kr. sektum til prestalaunasjóðs.

21. gr.

Landssjóður stendur straum af útbúningi kjörseðla og útvegun atkvæðakassa til hvers prófastsdæmis. Öðrum kostnaði við prestskosningu skulu sóknarnefndir jafna niður á alla atkvæðisbæra safnaðarmenn í prestakallinu. Eindagi á því gjaldi er 14. dagur frá því að niðurjöfnun var auglýst á kirkjufundi. Kærur út af fjárheimtu þessari má bera upp á hjeraðsfundi og ræður fundurinn því máli til lykta. Rjett er að taka gjald þetta lögtaki.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1908 og eru lög nr. 1 frá 8. jan. 1886, um hluttöku safnaðar í veitingu brauða, jafnframt úr gildi gengin.

Nd. **319. Frumvarp**
til laga um umsjón og fjárhald kirkna.
(Eins og það var samþykt við 3. umræðu í Ed.)

1. gr.

Hverja þá ljenskirkju, sem sóknarprestur hefur enn fjárhald fyrir, skal hlutaðeigandi söfnuði bjóða til umsjónar og fjárhalds eigi síðar en við næstu prestaskifti. Sje það samþykt með meiri hluta greiddra atkvæða á lögmætum safnaðarfundi, skal afhenda kirkjuna söfnuðinum, enda samþykki hjeraðsfundur og biskup.

Svo má og svifta sóknarprest fjárhaldi ljenskirkju og afhenda kirkjuna söfnuðinum, þó að presturinn sje því ekki samþykkur, ef hjeraðsfundur og biskup álíta hann óhæfan til að sjá um fje kirkjunnar.

2. gr.

Þegar eigandi bændakirkju vill selja umsjón hennar og fjárráð söfnuð-

inum í hendur, þá getur því máli framgengt orðið, er það er samþykt með meiri hluta greiddra atkvæða á lögmætum safnaðarfundi, og samþykki hjeraðsfundar og biskups kemur til.

3. gr.

Þegar kirkja er afhent söfnuði, skal prófastur með tveim óvilhöllum úttektarmönnum gjöra nákvæma úttekt á kirkjunni, eignum hennar, áhöldum og gripum. Skulu úttektarmenn meta sanngjarnt álag á kirkjuna og það, sem henni fylgir, ef þeim virðist þess þörf. Greiðir sá, er kirkju hefur haldið, álagið að þeim hluta, sem sjóður kirkjunnar eigi vinst til, í hendur sóknarnefndinni, er tekur við kirkjunni og fje hennar fyrir hönd safnaðarins. Nú er kirkja í skuld við forráðamann sinn, og úttektarmenn gjöra álag á hana, og skal þá forráðamaður hennar eigi að síður greiða álagið, en úttektarmenn meta, að hve miklu leyti skuldina skuli endurgjalda af tekjum kirkjunnar eftirleiðis. Mat þetta liggur undir samþykki biskups. Hafi lán verið tekið af almannafje til að byggja kirkju, skal greiða á sama hátt það, sem ógreitt er af vöxtum og afborgun.

Ef hinn fyrverandi forráðamaður kirkjunnar eða sóknarnefnd er óánægð með úttektina, má skjóta henni til yfirúttektar.

Heimilt er sóknarnefnd að taka við kirkju, án þess regluleg úttekt sje gjörð, ef samþykki hjeraðsprófastsins kemur til, og hann afhendir kirkjuna.

4. gr.

Söfnuðir þeir, sem taka að sjer umsjón og fjárhald kirkna, gangast undir allar þær skyldur, sem legið hafa á eigendum þeirra eða forráðamönnum, að því er kemur til endurbyggingar kirkju, viðhalds og hirðingar. Skal sóknarnefndin fyrir hönd safnaðarins heimta kirkjutekjurnar saman, svo sem lög standa til, og koma kirkjusjóðnum á vöxtu. Fyrir innheimtu og ómak sitt skal sóknarnefndin fá 6% af árstekjum kirkjunnar. Þó getur söfnuðurinn veitt sóknarnefndinni alt að 10% í innheimtulaun.

5. gr.

Nú hrökkva árstekjur kirkju, er söfnuður hefur tekið að sjer, eigi til lúkningar ársgjöldum hennar og má sóknarnefndin þá jafna niður því, er til vantar, sem aukagjaldi á sóknarmenn, þá er gjaldskyldir eru til kirkju, þannig, að helmingur gjaldsins greiðist eftir efnum og ástæðum, en hinn helmingurinn komi jafnt niður á hvern tilskilinn mann.

Á sama hátt má sóknarnefnd jafna niður peningagjaldi í stað skyldu-vinnu sóknarmanna við kirkjubygging.

Sóknarnefndir innheimta gjöld þessi og skal hver húsráðandi inna þau af hendi fyrir sig og þá gjaldskylda menn, sem eru til húsa hjá honum. Gjalddagi er 31. desbr. Taka má gjöld þessi lögtaki samkvæmt lögum 16. des. 1885.

6. gr.

Með lögum þessum eru lög um umsjón og fjárhald kirkna frá 12. maí 1882 úr gildi numin.

Nd. **320. Frumvarp**
til laga um verndun fornmenja,
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. kafli.

Skifting fornmenja og skýringar orða.

1. gr.

Fornmenjar eru annaðhvort staðbundnar eða lausar eða hvorttveggja.

Staðbundnar fornmenjar eru í lögum þessum nefndar *fornleifar*, en lausar fornmenjar *forngripir*.

Þær fornmenjar, sem eru hvorttveggja, staðbundnar og lausar, teljast til fornleifa og nefnast *lausar fornleifar*.

2. gr.

Til fornleifa teljast:

a. Þingbúðarústir, gömul mannvirki á fornum þingstöðum, sögustöðum og öðrum merkisstöðum, sem nokkurs er um vert fyrir menningarsögu landsins, rústir af hofum, hörgum og hverskonar blótstöðum frá heiðni, af kirkjum og kirkjugörðum, kapellum og bænahúsum, forn vígi eða rústir af þeim, forn garðlög, rústir af fornum bæjum, seljum, búpeningshúsum, farmannabúðum, naustum og öðrum fornbyggingum, enn fremur fornir öskuhaugar.
b. Fornar grafir, haugar, dysjar og leiði í jörðu eða á, er menn hafa verið grafnir, heygðir eða dysjaðir í.
c. Hellar með áletrunum eða öðrum verksummerkjum af manna höndum.
d. Áletranir og myndir gjörðar af manna höndum á jarðfasta steina eða berg eða annað jarðfast efni.
e. Fornar kirkjur, bæjarhús og önnur hús, sem ekki framar eru notuð til þess, sem upphaflega var til ætlast.
f. Alt annað, er telja má til fornra mannvirkja.

3. gr.

Til lausra fornleifa teljast:

a. Þeir munir allir, er finnast í og tilheyra fornum haugum, dysjum eða leiðum, þar á meðal leifar af líkömum manna og dýra.
b. Þeir munir allir, er finnast í og tilheyra fornum hofrústum, eða hafa verið notaðir í hofum, svo sem blótbollar og því um líkt.
c. Öll minningarmörk dáinna manna, bautasteinar, legsteinar, krossar, minnisvarðar og annað þess háttar, sem ekki er jarðfast, og eins þó að eitthvað af þessu hafi verið jarðfest með steinlími eða öðru af mannavöldum.

4. gr.

Til forngripa teljast:

a. Lausir steinar, sem mannaverk eru á og ekki komast undir 3. grein, svo sem steinar með fangamörkum eða öðrum áletrunum eða myndum.
b. Allskonar fornir kirkjugripir.
c. Forn handrit, skjöl og brjef úr skinni eða pappír.
d. Allskonar gamlar myndir og gripir með myndum eða letri á.
e. Fornir peningar, úr hverjum málmi sem er.
f. Gamlir dúkar, ofnir eða saumaðir, ábreiður, bönd og allskonar forn vefnaður og hannyrðir, fornir vefstólar eða partar af þeim og öll forn áhöld, er til hannyrða hafa verið höfð eða vefnaðar.
g. Allskonar fornir skrautgripir og listasmíði, úr hverju efni sem er.
h. Gamlir búningar og búningsskraut karla og kvenna, þar á meðal hringir, belti og því um líkt, enn fremur allskonar gömul vopn, hlífar, verjur. hnífar o. s. frv.
i. Allskonar gamall húsbúnaður og búsáhöld, þar á meðal borðbúnaður og reiðskapur, fornar matarleifar, forn skip, skipspartar og skipabúnaður, ef það kemst ekki undir 3. grein, forn smíðatól, veiðarfæri og önnur forn verkfæri og því um líkt.
j. Gömul taflborð og taflmenn og önnur tafláhöld.
k. Fjalir og stokkar úr fornum húsum og hirslum.
l. Allir gamlir munir, sem menn hafa notað eða mannaverk eru á.

2. kafli.

Um fornleifar.

5. gr.

Fornmenjavörður skal semja skrá yfir allar fornleifar, taldar í 2. grein, sem nú eru kunnar og honum þykir ástæða til að friða, og skal tiltaka staðinn svo nákvæmlega, sem unt er. Nú kemst fornmenjavörður að raun um, að fornleifar, sem hann telur nauðsyn á að friða, sjeu til á einhverjum stað, og skal hann þegar taka þær á fornleifaskrá.

6. gr.

Allar þær fornleifar, sem á fornleifaskrá standa, skulu friðaðar, og sjer stjórnarráðið um, að friðhelginni sje þinglýst á því þingi, er hver einstök fornleif liggur til. Friðhelgi telst frá þinglýsingardegi.

Ef landeigandi eða ábúandi verður fyrir nokkru tjóni við það, að friðhelgi er á lögð, skal greiða skaðabætur úr landssjóði. Nú ris ágreiningur milli þess, er hlut á að máli, og stjórnarráðsins um það, hvort nokkrar skaðabætur skuli greiða eða um upphæð skaðabóta, og skulu óvilhallir, dómkvaddir menn skera úr því máli. Skaðabótakröfur skulu komnar til stjórn-

arráðsins, áður en 4 mánuðir eru liðnir frá þinglýsingardegi, ella falla þær niður.

7. gr.

Allar lausar fornleifar, sem taldar eru í 3. grein og eru eldri en 150 ára, eru friðaðar án þinglýsingar, og eru eign landsins. Fornleifar þessar skal setja á sjerstaka skrá, svo fljótt, sem því verður við komið.

8. gr.

Friðuðum fornleifum má enginn, hvorki landeigandi nje leiguliði nje nokkur annar, spilla, granda nje breyta, laga nje aflaga nje úr stað flytja, nema leyft sje í lögum þessum, og skal þá fara eftir þeim reglum, sem lögin setja.

9. gr.

Skyldur er ábúandi eða leiguliði að gjöra lögreglustjóra við vart, ef friðuð fornleif liggur undir skemdum af völdum náttúrunnar eða er skemd af manna völdum. Gjörir þá lögreglustjóri þær bráðabirgðar-ráðstafanir, sem þarf, til að varna skemdum, og skýrir þegar stjórnarráðinu frá málavöxtum, en stjórnarráðið ákveður með ráði fornmenjavarðar, hvað gjöra skuli. Aðgjörðin greiðist úr landssjóði, nema skemdin sje af manna völdum; þá greiðir sá, er skemdi.

Vilji landeigandi eða leiguliði gjöra jarðrask það nokkuð, er haggar við friðuðum fornleifum, eða gjöra nokkuð það, er þeim geti spilt, skal hann skýra lögreglustjóra frá því og um leið lýsa fornleifunum og gjöra skýra grein fyrir þeim breytingum, er hann vill gjöra. Þá skýrslu ber þegar að senda til stjórnarráðsins, er ákveður með ráði fornmenjavarðar hvað gjöra megi og með hvaða skilmálum.

Ef landeigandi eða leiguliði við gröft eða á annan hátt finnur fornleifar, er teljast verða til menja þeirra, er nefndar eru í 2. eða 3. gr., skal hann jafnskjótt skýra frá því, eins og nú var sagt, og líti út fyrir, að um mikilsverðar fornleifar sje að ræða, skal hætta vinnu að svo miklu leyti, sem hún kann að hagga við fornleifunum, þangað til úrskurður stjórnarráðsins er fenginn. Bætur fyrir tjón það, er af því kann að leiða, að vinnu er hætt, greiðast úr landssjóði, og skera óvilhallir dómkvaddir menn úr, ef ágreiningur verður um skaðabæturnar.

Grasi vaxnar fornmenjar, sem nú eru slegnar eða beittar, má framvegis nota á þann hátt, ef engin hætta er á, að þær spillist við það.

10. gr.

Ef ómögulegt er að komast hjá því, að eyða eða spilla fornleifum við vegagjörð eða önnur mannvirki í þarfir landsins, sýslu eða sveitar, nema þá með mjög mikilli fyrirhöfn og kostnaði, skal verkstjóri eða það stjórnarvald, sem hlut á að máli, skýra stjórnarráðinu frá málavöxtum, áður en nokkuð er haggað við fornleifunum, og ákveður þá stjórnarráðið, hvað gjöra skuli.

11. gr.

Stjórnarráðið hefur ætíð rjett til að gjöra eða láta gjöra alt það, er því þykir þörf á vera, til þess að rannsaka fornleifar með greftri eða á annan hátt, eða til verndar fornmenjum, viðhalds eða endurbóta, en þó skal eiganda eða umráðanda jafnan gjört viðvart um það áður. Eftir gröft og aðrar rannsóknir, er jarðraski valda, skal sá, er rannsókn stýrði, koma öllu í samt lag aftur, nema honum þyki betur fara á annan veg.

Valdi slíkar rannsóknir eða aðgjörðir eigendum eða umráðendum fornleifanna nokkru tjóni eða tilkostnaði, skal sá skaði bættur úr landssjóði, ef krafist er. Náist samkomulag ekki um skaðabætur, skulu þær metnar af óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

3. kafli.

Um forngripi.

12. gr.

Hver sá, er finnur forngrip í jörðu eða á, er skyldur til að skýra lögreglustjóra þegar í stað nákvæmlega frá fundinum. Jafnframt skal hann afhenda lögreglustjóra það, sem fundist hefur, nema hætt sje við, að það skemmist í flutningnum, þá skal hann varðveita það á þann hátt, sem hann best getur, uns lögreglustjóri ráðstafar því. Ef líkur eru til, að fleiri forngripir þeir, er mikilsverðir eru, muni dyljast á fundarstaðnum, skal finnandi við engu hagga, en skýra þegar lögreglustjóra frá. Fundarstað skal finnandi jafnan greina skilmerkilega.

Ef forngripur finst við mannvirki þau eða störf, sem framkvæmd eru samkvæmt 10. grein, skal finnandi afhenda hann verkstjóra eða því stjórnarvaldi, sem hlut á að máli, og skal viðtakandi gefa lögreglustjóra nákvæma skýrslu um fundinn og fari með, sem að framan er greint. Nú finst forngripur við rannsókn þá eða aðgjörð, sem getur í 11. grein, og skal þá sá, er rannsókninni eða aðgjörðinni stýrir, annast um hlutinn og sjá um, að hann komist til Forngripasafns Íslands og að ágrip af skýrslu um fundinn sje birt, sem síðar segir (sbr. 14. grein).

Skylt er lögreglustjóra að gefa skriflega viðurkenningu fyrir móttöku forngrips, ef þess er óskað.

13. gr.

Jafnskjótt sem lögreglustjóri hefur fengið skýrslu um fund forngrips, skal hann skýra þeim manni eða mönnum frá, sem land eiga undir, þar sem forngripur fanst, og jafnframt senda stjórnarráðinu skýrsluna með þeim viðaukum frá sjálfum sjer, sem honum virðast nauðsynlegir. Enn fremur sendir hann þá forngripi, sem honum hafa verið afhentir, til stjórnarráðsins, nema hætt sje við, að þeir skemmist í flutningi, þá skal lögreglustjóri geyma gripina, uns stjórnarráðið ráðstafar þeim.

Ef lögreglustjóra virðast líkur til, að fleiri forngripir muni dyljast þar, sem forngripur fanst, skal hann geta þess í skýrslu sinni til stjórnarráðsins og sjá um, að engu verði rótað á fundarstaðnum, þangað til rannsókn getur fram farið.

14. gr.

Ágrip af þeim skýrslum um fundna forngripi, sem stjórnarráðið fær frá lögreglustjóra eða þeim manni, er rannsókn eða aðgjörð stýrir samkvæmt 11. grein (sbr. 13. og 12. grein), svo framarlega sem líkur eru til, að nokkur geti sannað eignarrjett sinn að forngripunum, skal birta þrisvar í því blaði, er flytur stjórnarvaldaauglýsingar, með áskorun til eiganda, ef nokkur sje, að gefa sig fram.

Alla þá forngripi, sem nefndir eru í fundarskýrslu, skal fornmenjavörður taka á sjerstaka skrá, og skulu þeir geymdir á sjerstökum stað í Forngripasafni Íslands, uns útsjeð er um, hvort eigandi finst (sbr. 15. og 16. grein).

15. gr.

Nú gefur eigandi sig fram, áður en 4 mánuðir eru liðnir frá síðustu lögbirtingu fundins forngrips, og sannar eignarrjett sinn, og skal þá afhenda eiganda hann gegn því, að hann greiði lögbirtingarkostnað, en jafnframt skal fornmenjavörður setja hlutinn á forngripaskrá þá, er getur í 19. grein, ef honum þykir hann þess verður, og leggst þá á hann sú kvöð, er þeirri skrásetning er samfara.

16. gr.

Nú líða svo 4 mánuðir, frá síðustu lögbirtingu fundins forngrips, að enginn eigandi leiðir sig að honum, og verður hann þá eign landssjóðs að þriðjungi, finnanda að þriðjungi, og að þriðjungi eign þess, sem land á undir, þar sem hluturinn fannst.

Ef gripurinn hefur fundist við framkvæmd á vegagjörðum eða öðrum mannvirkjum, samkvæmt 10 gr., eða í almenningum, afrjettarlöndum, eða á heiðum uppi, sem ekki teljast til heimalanda, telst landsjóður sem landeigandi, og sömuleiðis ef hann hefur fundist á kirkjujörðum, eða ef hreppsfjelag, sýslufjelag eða bæjarfjelag á land undir; eignast landssjóður þá forngripinn að tveim þriðjungum, en finnandi að þriðjungi.

Ef forngripur hefur fundist við rannsókn þá eða aðgjörð, er ræðir um í 11. grein, telst landssjóður sem finnandi og eigandi gripsins að tveim þriðjungum, en landeigandi að þriðjungi, nema um þá hluti sje að ræða, sem eru óskift eign landsins samkvæmt 7. gr.

Ef fleiri eru finnendur en einn, skiftist eignarrjetturinn að finnanda þriðjungi jafnt milli þeirra. Ef landeigendur eru fleiri en einn, skiftist eignarrjetturinn að landeiganda þriðjungi milli þeirra í rjettri tiltölu við eign hvers eins í landinu.

17. gr.

Ef finnandi leynir fundi forngrips og skýrir ekki lögreglustjóra frá

honum (sbr. 12. gr.), eða spillir honum eða lógar af ásettu ráði, telst sem ólögleg meðferð á fundnu fje eða skemd á eigum annara og fer eftir ákvæðum almennra hegningarlaga 249., 296. og 298. grein, enda missir þá finnandi tilkall til síns þriðjungs.

18. gr.

Landssjóður á kauprjett að þeirri hlutdeild í fundnum forngrip, sem hann á ekki, eftir mati fornmenjavarðar. Því mati getur meðeigandi skotið til stjórnarráðsins, og nefnir það þá til 3 óvilhalla lögmetendur, er vit hafa á forngripum, og skal standa við mat þeirra. Sje það hærra en mat fornmenjavarðar, greiðir landssjóður kostnað við yfirmatið, en ella áfrýjandi.

Ef forngripurinn er úr gulli eða silfri, eða sje um silfurpeninga eða gullpeninga að ræða, skal meta málmverð hlutarins og leggja ofan á 10 af hverju hundraði, og fær meðeigandi landssjóðs, eða meðeigendur, að rjettri tiltölu, ef fleiri eru, það andvirði óskert, eins og landssjóður ætti ekkert í.

Ef kauprjettar landsjóðs er eigi neytt, áður ár sje liðið frá því, er lögreglustjóra var skýrt frá fundinum og sje fornmenjaverði eða stjórnarráði um dráttinn að kenna, missir landssjóður eignarrjettar til síns hluta í forngripnum, og skal þá afhenda hann meðeiganda, eða meðeigendum, landssjóðs gegn borgun lögbirtingarkostnaðar, en jafnframt skal fornmenjavörður setja hlutinn á forngripaskrá þá, er getur í 19. grein, ef hann telur hann þess verðan, og fellur þá á hann sú kvöð, sem þeirri skrásetningu er samfara.

Ef fornmenjavörður telur fundinn forngrip einskisverðan fyrir menningarsögu landsins, eignast finnandi og landeigandi hann að helmingi hvor, og skal þá afhenda þeim hann gegn kvittun þeirra, jafnskjótt sem lögbirtingarfrestur er liðinn, ef þeir vitja hans. En vitji þeir hans ekki, áður fjórir mánuðir eru liðnir frá því, er þeim var skrifað um, að landið mundi eigi nota kauprjett sinn, má lóga hlutnum.

19. gr.

Fornmenjavörður skal setja þá forngripi, sem einstakir menn eiga, á sjerstaka forngripaskrá, ef eigendur beiðast þess eða leyfa. Skal beiðnin eða leyfið vera skriflegt og undirskrifað af eiganda í viðurvist vitundarvotta eða lögbókanda (notarii publici) og geymist í skjalasafni Forngripasafnsins. Á þessa skrá skal fornmenjavörður og setja alla forna kirkjugripi, svo fljótt sem því verður við komið, og þarf ekki neitt leyfi til þess, enn fremur þá gripi, sem á þessa skrá skal setja samkvæmt 15. og 18. grein.

Þá muni, sem á þessa skrá eru settir, skal auðkenna með sjerstöku skrásetningarmarki, ef því verður við komið, án þess að gripurinn skemmist við.

20. gr.

Þeir forngripir, sem á skrá standa, eru friðaðir á sama hátt og friðaðar fornleifar (sjá 8. grein). Þó er eiganda heimilt, að flytja þá úr stað, en ekki af landi burt.

Ef eigandi gefur öðrum skrásettan forngrip, skal hann láta fornmenjavörð vita um eigandaskiftin.

Forngripasafnið á forkaupsrjett að skrásettum forngrip, og skal eigandi því ávalt bjóða fornmenjaverði hlutinn, áður en hann selji öðrum hann, ella er sala ógild og fellur þá hluturinn ókeypis til Forngripasafnsins. Nú notar Forngripasafnið eigi forkaupsrjett sinn, þá má eigandi selja hlutinn, en þó skal hann láta fornmenjavörð vita, hverjum hann selur.

Ef skrásettur forngripur gengur að erfðum, skal skiftaráðandi eða, ef erfingjaskifti eru, þá erfingi sá, er eignast gripinn, láta fornmenjavörð vita um eigandaskiftin.

Í hvert skifti, sem eigandaskifti verða að skrásettum forngrip, skal ávalt láta fornmenjavörð vita um eigandaskiftin, ella er eignarheimildin ógild, og fellur þá hluturinn endurgjaldslaust til Forngripasafnsins.

Fornmenjavörður skal ávalt geta þess í forngripaskrá, ef eigandaskifti verða að skrásettum forngrip.

4. kafli.

Um útflutning fornmenja og geymslu.

21. gr.

Engar fornmenjar, eldri en 150 ára, má flytja úr landi, nema með leyfi stjórnarráðsins. Sje vafi á um aldur slíkra hluta, sker fornmenjavörður úr.

22. gr.

Allir forngripir, sem landssjóður eignast eftir lögum þessum eða á annan hátt, skulu geymdir í Forngripasafni Íslands. Þó skal Landsbókasafnið eða Landsskjalasafnið taka við fornum handritum, skjölum og brjefum.

5. kafli.

Almenn ákvæði.

23. gr.

Ef fundi forngrips er leynt, varðar eftir 17. gr. Önnur brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 20 til 500 kr.; auk þess má taka munina eða andvirði þeirra af hinum seka. Með mál út af brotunum skal farið sem almenn lögreglumál.

24. gr.

Stjórnarráðið skipar sjerstakan fornmenjavörð, og hefur hann jafnframt umsjón með Forngripasafninu. Fornmenjavörður skal hafa 1800 kr. í árslaun. Fela má stjórnarráðið fornmenjaverði að hafa á hendi og framkvæma að öllu eða nokkru leyti þau rjettindi eða störf, sem því eru lögð í lögum þessum, þó þannig, að jafnan geti sá, sem óánægður er með ákvæði fornmenjavarðar, skotið málinu til stjórnarráðsins.

25. gr.

Opið brjef 7. ágúst 1752, svo og öll önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi eru úr gildi numin.

Ed.

321. Frumvarp

til laga um kennaraskóla í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Kennaraskóla skal setja á stofn í Reykjavík og má verja til húss og muna alt að 30,000 kr. úr landsjóði.

2. gr.

Skólinn er jafnt fyrir konur og karla; kenslan veitist ókeypis.

3. gr.

Skólaárið er frá 1. október til 31. mars; 3 ársdeildir eru í skólanum.

4. gr.

Kenslugreinir skólans eru þessar: Íslenska, danska, saga, landafræði og náttúrufræði, og þó einkum það er Ísland snertir, reikningur og rúmfræði, skrift, teikning, handavinna, leikfimi, söngur, kristin fræði, uppeldis- og kenslufræði og kensluæfingar. Auk þess má taka upp kenslu í garðyrkju og matreiðslu.

5. gr.

Við skóla þenna skipar ráðherrann 3 fasta kennara; er einn þeirra forstöðumaður og hefur 2400 kr. að árslaunum, auk ókeypis bústaðar í skólahúsinu, hita og ljóss; annar kennari hefur 2200 kr. í árslaun og þriðji kennari 2000 kr.

Forstöðumaður hefur alla umsjón með skólahúsinu og áhöldum skólans.

6. gr.

Kennarar skólans eru skyldir til, að hafa á hendi ókeypis um tveggja mánaða tíma á ári, kennslu og æfingar við framhaldskensluskeið fyrir lýðskólakennara, eftir nánari reglum, er yfirstjórn lýðskólanna setur.

7. gr.

Stjórnarráðið hefur á hendi yfirumsjón skólans og semur reglugjörð hans.

8. gr.

Kostnaður við rekstur skólans greiðist úr landssjóði.

Ed. **322. Nefndarálit**

í málinu: Frv. til laga um skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og unglinga.

Nefnd sú, er h. h. efri deild hefur fengið lagafrumvarp þetta til íhugunar, hefur rætt það og athugað á nokkrum fundum, og lætur hjer uppi álit sitt á þessa leið:

Nefndin fellst algjörlega á mannúðarstefnu þá, sem liggur til grundvallar fyrir ákvæðum frumvarpsins og þykir ljóst og nægilega gjörð grein fyrir henni í athugasemdum stjórnarinnar við það. Þar er og vikið að því, að hegningarlöggjöf vor sje orðin úrelt í ýmsum greinum, og er það ekki ofsögum sagt, en verði frv. þetta að lögum, bætir það töluvert úr skák. Nefndin hefur þannig ekkert að athuga við ákvæði frumvarpsins, og leggur til að það verði samþykt óbreytt að efni til. Hinsvegar virðist henni fara betur á því, að orða sumar setningar í frumvarpinu öðruvísi en gjört er, og leyfir sjer því að koma fram með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Í stað orðanna seint í 1. málsgr.: »að hann verði látinn njóta siðbætandi fósturs«, komi: að honum verði komið fyrir á siðbætandi heimili.
2. Í stað orðanna: »sæti . . . slíkri« í byrjun 2. málsgr. sömu gr. komi: Sæti dómfeldi innan 5 ára frá fullnaðar-uppsögn.
3. Í stað orðanna: »einnig leggja á hann hegningu þá«, í sömu málsgr. komi: hann einnig sæta hegningu þeirri.
4. Í stað orðsins: »tilgreind« í sömu málsgr. komi: svo þung.
5. Í stað orðanna: »skal einnig . . . dómþoli« í 4. málsgr. 1. gr. komi: skal dómþoli einnig sæta hegningunni nema hann.
6. Í stað orðanna: »skuli breytt eftir atvikum«, síðar í sömu málsgr. komi: eftir atvikum breytt.
7. Í stað orðanna: »hegning«, »álögð« og »fullnægt« í 2. gr., komi orðin: hegningu, fullnægt og sætt.
8. Í stað orðsins: »endilegri« í 1. málsgr. 3. gr. komi: fullnaðar.

9. Orðin: »fyrir það«, síðast í sömu gr. falli burtu.
10. Í stað orðanna: »í uppeldi barnsins« í 1. málsgr. 5. gr. komi: að því er snertir uppeldi barnsins.
11. Í stað orðanna »og með því að« í sömu málsgrein komi: eða með því að.
12. Í stað orðanna »Um þær af ráðstöfunum« í byrjun 2. málsgr. sömu gr. komi: Um þær ráðstafanir.
13. Í stað orðann »Ákvæði . . afbrotum« í byrjun 6. gr. komi: Ákvæði þau, sem gilda um málshöfðun og hegningu fyrir afbrot.
14. Í stað orðanna »háður því eftirliti« í 2. málsgrein sömu gr. komi: háður eftirliti.
15. Í stað orðanna: »öðlist gildi, ef hinn seki yrði« í 7. gr. komi: öðlast gildi ef hinn seki verður.

Efri deild alþingis, 20. ágúst 1907.

Guðjón Guðlaugsson, formaður. Jóh. Jóhannesson, skrifari.

Steingrímur Jónsson, framsögumaður.

Nd.

323. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um brunamál.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. Orðið »bær« falli burt.
2. — 7. — Orðið »ull« falli burt.
3. — 14. — Orðið »ull« falli burt á 2 stöðum.
4. — 18. — Fyrir »Bæjarstjórn eða hreppsnefnd« komi: Lögreglustjóri eða hreppstjóri.
5. — 18. — Orðin »og ef svo er eigi, skal lögreglustjóra skýrt frá því« falli burt.
6. — 20. — Fyrir »bæjarstjórna og hreppsnefnda« komi: lögreglustjóra eða hreppstjóra.
7. — 21. — Síðari málsgrein falli burt.
8. — 25. — Fyrir »hefja upp« komi: hefja.
9. — 25. — Aftan við fyrri málsgrein bætist: og gjöra slökkviliðsstjóra við vart
10. — 27. — Orðin »þegar brýn nauðsyn ber til« falli burt.
11. — 28. — Orðin »og skulu endurgreiðast á sama hátt og aðrar brunaskemdir« falli burt.
12. — 28. — Fyrir »að hálfu« komi: að tveim þriðju hlutum.
13. — 33. — Fyrir »byggingarnefnd« komi: bæjarstjórn á 2 stöðum.
14. — 33. — Orðið »fram« falli burt.
15. — 35. — Fyrir »og skal auk þess — sem ábótavant er« komi: Auk þess er hann skyldur, að viðlögðum dagsektum, að lagfæra það, sem ábótavant er.
16. Á eftir 36. gr. komi ný grein svo hljóðandi:

Sektir eftir lögum þessum renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

17. Á eftir 37. gr. komi ný grein svolátandi:
Lög þessi gilda fyrir kaupstaði utan Reykjavíkur, verslunarstaði og aðra þá staði, sem eru eigi háðir lögum 20. oktbr. 1905 um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna.

Nd.

324. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1904—1905.
(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1904 og 1905, veitast 106,934 kr. 26 aur. til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—10. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 10. gr. fjárlaganna, veitast:

Við C. Ýmisleg útgjöld:

Við tölulið 1 b. til pappírs og prentunar Stjórnartíðindanna . . .		kr. 630,08
Við tölulið 1 c. til pappírs og prentunar Landshagsskýrslna		
1904	kr. 2620,35	
1905	— 259,30	— 2879,65
		Kr. 3509,73

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til útgjalda við læknaskipunina, veitast:

Við tölulið 7 útgjöld við holdsveikraspítalann	kr. 1665,71
Við tölulið 10 til að reisa sóttvarnarhús á Akureyri og Ísafirði .	— 330,00
	Kr. 1995,71

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast:

Við A. Til útgjalda við póststjórnina:

Við tölulið 2 til póstflutnings	kr.	799,13
Við tölulið 4 d, fyrir prentun á ýmsu	—	2990,71
e, til áhalda	—	311,43
h, óviss útgjöld	—	974,62
i, til viðhalds á húsi og áhöldum	—	275,40
Við tölulið 6 til að koma pósthúskjallaranum í lag og fyrir skúr undir póstkoffortin	—	391,04
Flyt:	kr.	5742,33

Flutt: kr. 5742,33

Við B. Til vegabóta:

Við tölulið 1 b. ferðakostnaður verkfræðings landsins . . . . . — 223,39
— —— 4. til þjóðvega . . . . . — 5048,40
— —— 6. til að kaupa áhöld og verkfæri og viðhald þeirra . — 1553,22
— —— 7. til brúargjörðar á Jökulsá . . . . . — 6234,73
— —— 9. til brúargjörðar á Lagarfljót og fyrir ferju að Steinsvaði — 20881,10

Við E. Til vita:

Við staflið d 8. til að lengja vörslugarðinn fyrir vitanum á Skagatá — 1311,98
Kr. 40995,15

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju- og kenslumála, veitast:

Við A. Í þarfir andlegu stjettarinnar:

Við staflið b 9. til kostnaðar við milliþinganefnd í kirkjumálum:
greitt 1904 og 1905 . . . . . kr. 986,50
greitt 1906 fyrir prentun á frumvörpum nefndarinnar . . . . . — 630,24 kr. 1616,74

Við B. Til kenslumála:

Við III. Til hins almenna mentaskóla:

Við C. 4. til tímakenslu og prófdómenda 1904 og 1905 . . . . kr. 927,80

Við IV. Til gagnfræðaskólans á Akureyri:

Við c 3. ýmisleg útgjöld . . . . . kr. 285,07
til tímakenslu 1905 . . . . . — 202,40 — 487,47
Kr. 3032,01

6. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. fjárlaganna veitist:

Við tölulið 5 til útrýmingar fjárkláða 1904 og 1905 . . . . . kr- 40,323,27

7. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, er veitt er til óvissra útgjalda í 17. gr. fjárlaganna, veitast:

1. Kostnaður við milliþinganefnd í landbúnaðarmálum . . . kr. 2953,67
2. —— —· —— - fátækramálum . . . . . — 4476,57
Kr. 7430,24

8. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, er veitt er í fjáraukalögum 25. september 1902 og fjáraukalögum 20. október 1905 til sóttvarnarhúss á Seyðisfirði, veitast . . . . . kr. 376,87

9. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, er veitt er í 19. gr. fjárlaganna, sbr. lög

3. okt. 1903 um skipun á hinni æðstu umboðsstjórn Íslands, til að breyta landshöfðingjahúsinu í stjórnarráðsskrifstofur og til að búa þær út, veitast kr. 5011,45.

10. gr.

Eftirstöðvar af fje því, er veitt var til að bæta innsiglingu og skipalagi við Stokkseyri í 12. gr. B 7 í fjárlögunum fyrir árin 1902 og 1903, kr. 4259,83, endurveitast.

Nd. **325. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1904 og 1905.

Frá nefndinni.

Við II. 12. Tekjuafgang fjárhagstímabilsins.

Fyrir »530.40« komi: 879.20.

Samtala gjaldanna breytist samkvæmt því.

Nd. **326. Breytingartillaga**

við frumv. til fjárlaga 1908—09.

Frá Guðl. Guðmundssyni og Birni Kristjánssyni.

Við 18. gr.

Fyrir »700 kr.« (til fyrv. fangavarðar Sig. Jónssonar) komi: 800 kr.

Nd. **327. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga 1908 og 1909.

Flutningsmenn: Guðl. Guðmundsson, Ólafur Briem.

Við 16. gr. 1. Á eftir b. bætist inn nýr liður:

Endurgjald til jafnaðarsjóðs Norðuramtsins fyrir búið á Hólum (fyrra árið), kr. 10,899,00.

Nd. **328. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Flutningsmenn: Ólafur Thorlacius og Einar Þórðarson.

Við 13. gr. C. 2. Á eftir staflið d komi nýr stafliður:

e. til bátaferða á Austfjörðum frá Langanesi til Hornafjarðar alt að 6000 kr.

Í niðurlagi þriðju málsgreinar athugasemdanna í stað »c. og d.« komi: c., d. og e.

Nd. **329. Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga 1908 og 1909.
Flutningsmaður Ólafur Thorlacíus.

Við 12. gr. D. II., 12. Liðurinn orðist svo: Til talsímalagningar milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar kr. 12,000 (fyrra árið).
Hjer af væntist frá hlutaðeigandi hjeruðum $^1/_3$ alt að kr. 6000.

Nd. **330. Breytingartillögur**
við frumv. til fjárlaga 1908—1909.
Flutningsmaður: Guðl. Guðmundsson.

1. Við 13. gr. B. III. a Í stað »15.000—6.000« komi 20.000—11.000
2. Við 13. gr. D. II. 10. Liðurinn verði þannig:
Til að stofna bæjarsímakerfi á Ísafirði, 6.000 kr.

Nd. **331. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1908 og 1909 á þingskjali 310.
Flutningsmaður: Magnús Andrjesson.

Við 13. gr. C, 2. Á eftir staflið a komi innanstryks svo hljóðandi málsgrein:
Ef ekki þarf á allri þessari upphæð að halda til Faxaflóagufubátsins, má verja af henni hvort árið alt að 750 kr., til að halda uppi reglubundnum mótorbátsferðum frá Borgarnesi upp eftir Hvítá.

Nd. **332. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Frá Hermanni Jónassyni.

Við 14. gr. B. VII. a. 3. Fyrir »2000—2000« komi: 2500—2500.

Nd. **333. Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Frá Hermanni Jónassyni.

Á eftir 14. gr. B. VII. a. 4. komi: til kensluáhaldakaupa 800 kr. fyrra árið.

Nd. **334. Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Frá Hermanni Jónassyni.

Á eftir 13. gr. D. II. 2. komi: Til símalagningar frá Blönduósi til Skagastrandar . . . . . kr. 10200
Þar af frá hlutaðeigandi hjeraði 1/3 . . . . . — 3400 6800

Nd. **335. Viðaukatillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1908—1909.

Flutningsmaður: Hermann Jónasson.

Við 16. gr. Á eftir 8. tölul. komi nýr liður, sem verði 9. töluliður:
Til Helga Jónssonar og Einars Helgasonar til grasgarðs í Reykjavík . . . . . 300—300 kr.

Nd. **336. Breytingartillaga**
við breytingartillögu við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909 á þingskjali 328.

Flutningsmenn: Einar Þórðarson. Ólafur Thorlacius.

Fyrir: 6,000 kr. komi: 10,000 kr.

Nd. **337. Breytingartillögur**
við frumvarp til fjárlaga 1908 og 1909.
Flutningsm. Björn Kristjánsson.

Við 13. B. I.
1. Við B. I. 1. a. Fyrir: 3000—3000 komi: 3500—3500.
2. Á eftir þessum lið komi svo hljóðandi athugasemd:
Verkfræðingur landsins má ekki hafa nein önnur atvinnustörf á hendi, sem hann fær sjerstaka borgun fyrir.
3. Liðurinn B. I. 2. falli burt.
4. Liðurinn B. I. 3. falli burt.

Nd. **338. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1908 og 1909.
Flutningsm. Björn Kristjánsson.

1. Við 13. gr. B. III. a. Fyrir »15000 — 6000 komi: 17000 — 8000.
2. Aftan við þennan lið bætist svo hljóðandi athugasemd:
Þar af til þjóðvegarins í Mosfellssveit 6000 kr. hvort árið gegn tillagi annarsstaðar frá, er nemi 1/4 af kostnaðinum við vegagjörðina.

Til vara:
1. Fyrir »15000 — 6000« komi: 16350 — 7,350.
2. Þar af til þjóðvegarins í Mosfellssveit 5350 kr. hvort árið gegn tillagi annarsstaðar frá, er nemi 1/3 af kostnaðinum.

Nd. **339. Viðaukatillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 13. gr. C.
Á eftir C. 3. komi nýr liður:
4. Til mótorbátaferða á milli Reykjavíkur, Kjalarness, Laxvogs og Hvalfjarðarstrandar 300 — 300.

Sýslunefnd Kjósarsýslu semur um ferðirnar og tekur á móti styrknum.

Nd. **340. Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1908 og 1909.
Flutningsm. Björn Kristjánsson.

Við 16. grein.
Aftan við 27. lið komi nýr liður svo hljóðandi:
Styrkur til ábyrgðarfjelaga, er vátryggja mótorbáta og róðrabáta, 6,000 fyrra árið.

Styrkurinn veitist með því skilyrði að vátrygging hvers fjelags á mótorbátum og róðrabátum nemi að minsta kosti 40,000 kr. enda sjeu lög fjelagsins staðfest af stjórnarráðinu, og veitist þá hverju fjelagi alt að 6% af vátryggingarupphæðinni, þó aldrei meira en 3000 krónur.

Nd. **341. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Flutningsmenn: Skúli Thoroddsen, Ólafur Thorlacius, Jóhannes Ólafsson, Björn Kristjánsson.

1. Við 13. gr. D. II. 2. Orðin:
»Hjer af væntist frá hlutaðeigandi hjeruðum kr. 25,000 . . . . 63,500« falli burt.
2. Við 13. gr. D. II. 3. Orðin:
»Hjer af væntist frá Dalasýslu 7,000 . . . . . 14,000« falli burt.
3. Við 13. gr. D. II. 4. Orðin:
»Hjer af væntist frá hlutaðeigandi hjeruðum alt að 1/3 4,400 . . . 8,800« falli burt.
4. Við 13. gr. D. II. 5. Orðin:
»Hjer af væntist frá hlutaðeigandi hjeraði alt að 1/3 7,000 . . . 14,000« falli burt.
5. Við 13. gr. D. II. 7. Orðin:
»að því tilskildu, að Árnesingar leggi til kr. 12,000 og Rangvellingar kr. 8,000 . . . 48,433« falli burt, og í stað þeirra komi: 68,433.
6. Við 13. gr. D. II. 8. »Hjer af væntist annarsstaðar frá 1/3 kr. 14,100« . . . 28,200« falli burt.
7. Við 13. gr. D. II. 9. Orðin:
»Hjer af væntist frá hlutaðeigandi hjeraði 1/3 . . . . kr. 7,000 . . . 14,000« falli burt.
8. Við 13. gr. D. II. 12. Í stað orðanna:
»gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar frá . . . 9,000« komi: 18,000.

Nd. **342. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Flutningsmenn: Stefán Stefánsson Eyf., Hermann Jónasson.

Við 13. gr. D II, 2.:
Fyrir 25,000 komi: 17,000 og
fyrir 63,500 komi: 71,500.

Nd. **343. Breytingartillögur**

við frv. til laga um viðauka við lög um bæjarstjórn i Akureyrarkaupstað 8. okt. 1883.

Flutningsmaður: Guðl. Guðmundsson.

1. Við 1. gr. Fyrir »liggja« komi: leggja.

2. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:
Gjald þetta má taka lögtaki eftir lögum 16. des 1885.
3. Við 5. gr. Greinin falli burt.

Nd. **344. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Flutningsmaður: Guðm. Björnsson.

Við 15. gr. 16. Liðurinn orðist þannig:
»Verðlaun til Guðmundar Magnússonar fyrir skáldrit hans: 1200 kr. fyrra árið.

Nd. **345. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Flutningsmaður G. Björnsson.

Við 16. gr. 20. b. Fyrir »kr. 200—200« komi:
»kr. 500—500«.

Nd. **346. Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Flutningsmaður: Hannes Þorsteinsson.

Við 13. gr. B. II. Á eftir stafl. 3, bætist inn í nýr liður:
Til byrjunar á Grímsnessbrautinni frá Ingólfsfjalli hjá Alviðru upp á móts við Miðengisflatir 8000—2000 gegn 2000 kr. framlagi annarsstaðar frá.

Nd. **347. Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Flutningsmaður: Stefán Stefánsson Eyf.

Við 13. gr. B. II. Á eftir tölul. 3 komi: Til framhalds akbrautinni frá Grund í Eyjafirði 6000 kr. síðara árið.

Nd. **348. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingar og viðauka við lög um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903.

Álit meiri hlutans.

Hin núgildandi lög um kosningar til alþingis eru svo ný, að ekki er hægt að segja, að nein reynd sje á þau komin. Það virðist því ærið fljótt, að fara nú þegar að umsteypa þeim, einkum þar sem það, af þingmálafundunum í vor að dæma, er móti vilja kjósenda yfirleitt. Við þetta bætist, að það virðist liggja í loftinu, að breyting komist áður en langt um líður á skipun efri deildar, þannig, að áhrif geti haft á kjördæmaskiftinguna, og væri þá leiðara, að þurfa enn af nýju að fara að umsteypa kjördæmaskipuninni. Því getum vjer ekki ráðið hinni hv. deild til að fallast á aðalatriði frumvarpsins að svo stöddu; en hitt teljum vjer rjett, að gjörðar sjeu á hinum gildandi kosningarlögum til bráðabirgða þær breytingar einar, sem hæstvirtur ráðherra benti á við fyrstu umræðu þessa máls, að eigi mætti dragast, nefnilega að skifta tvímenningskjördæmunum, flytja kjördaginn, og setja ákvæði um það, ef eitt eða fleiri þingmannaefni forfallast eftir liðinn framboðsfrest, svo að ekki verður nema um eitt þingmannsefni að velja, er til kosninga kemur. Við kjördæmaskiftinguna er hjer farið eftir tillögum sýslunefnda, þeim er prentaðar eru í athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið 1905.

Með þessum athugasemdum leggjum vjer til, að gjörðar verði eftirtaldar breytingar á frumvarpinu:

Við 1. gr.

1. gr. orðist þannig:

Í stað fyrirsagnarinnar fyrir 2. kafla kosningarlaganna frá 3. oktbr. 1903 komi ný fyrirsögn: Kjördæmi og kjörstjórnir.

Á undan 7. gr. laganna, sem verður 8. gr., komi ný 7. gr., svo hljóðandi:

Landið skiptist í 34 kjördæmi þannig:

1. Vesturkjördæmi Reykjavíkur: Reykjavíkurbær vestan lækjarins og tjarnarinnar.
2. Austurkjördæmi Reykjavíkur: Reykjavíkurbær austan lækjarins og tjarnarinnar.
3. Kjósarkjördæmi: Kjósarsýsla og Garða- og Bessastaðahreppur í Gullbringusýslu.
4. Gullbringukjördæmi: 6 syðstu hrepparnir í Gullbringusýslu.
5. Skálholtskjördæmi: Þingvallahreppur, Grafningshreppur, Grímsnesshreppur, Laugardalshreppur, Biskupstungnahreppur, Hrunamannahreppur, Gnúpverjahreppur, Skeiðahreppur og Villingaholtshreppur.
6. Stokkseyrarkjördæmi: Selvogshreppur, Ölfushreppur, Eyrarbakkahreppur, Stokkseyrarhreppur, Sandvíkurhreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur.

7. Rangárvallakjördæmi: Ásahreppur, Holtahreppur, Landmannahreppur, Rangárvallahreppur og Hvolhreppur.
8. Fljótshlíðarkjördæmi: Fljótshlíðarhreppur, báðir Landeyjahreppar og báðir Eyjafjallahreppar.
9. Vestmannaeyjakjördæmi: Vestmannaeyjasýsla.
10. Vesturskaftafellskjördæmi: Vesturskaftafellssýsla.
11. Borgarfjarðarkjördæmi: Borgarfjarðarsýsla.
12. Mýrakjördæmi: Mýrasýsla.
13. Snæfellsnesskjördæmi: Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
14. Dalakjördæmi: Dalasýsla.
15. Barðastrandarkjördæmi: Barðastrandarsýsla.
16. Vesturísafjarðarkjördæmi: Vesturísafjarðarsýsla.
17. Norðurísafjarðarkjördæmi: Norðurísafjarðarsýsla.
18. Ísafjarðarkjördæmi: Ísafjarðarkaupstaður.
19. Strandakjördæmi: Strandasýsla.
20. Blönduóskjördæmi: Vindhælishreppur, Engihlíðahreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Svínavatnshreppur, Torfalækjarhreppur og Áshreppur.
21. Miðfjarðarkjördæmi: Sveinsstaðahreppur, Þorkelshólshreppur. Þverárhreppur, Kirkjuhvammshreppur, Ytri-Torfastaðahreppur, Fremri-Torfastaðahreppur og Staðarhreppur.
22. Hofsóskjördæmi: Holtshreppur, Haganeshreppur, Fellshreppur, Hofshreppur, Hólahreppur, Viðvíkurhreppur og Akrahreppur.
23. Sauðárkrókskjördæmi: Seiluhreppur, Staðarhreppur, Sauðárkrókshreppur, Skarðshreppur, Skefilsstaðahreppur og Rípurhreppur.
24. Eyjafjarðarkjördæmi: Öngulsstaðahreppur, Saurbæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur og Skriðuhreppur.
25. Svarfaðardalskjördæmi: Arnarneshreppur, Svarfaðardalshreppur, Þóroddsstaðahreppur, Hvanneyrarhreppur og Grímseyjarhreppur.
26. Akureyrarkjördæmi: Akureyrarkaupstaður.
27. Suður-Þingeyjarkjördæmi: Suður-Þingeyjarsýsla.
28. Norður-Þingeyjarkjördæmi: Norður-Þingeyjarsýsla.
29. Vopnafjarðarkjördæmi: Skeggjastaðahreppur og Vopnafjarðarhreppur.
30. Hjeraðskjördæmi: Jökuldalshreppur, Hlíðarhreppur, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur, Fljótsdalshreppur og Hjaltastaðahreppur.
31. Seyðisfjarðarkjördæmi: Seyðisfjarðarkaupstaður, Seyðisfjarðarhreppur, Loðmundarfjarðarhreppur og Borgarfjarðarhreppur.
32. Reyðarfjarðarkjördæmi: Mjóafjarðarhreppur, Norðfjarðarhreppur, Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur, Reyðarfjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur og Búðahreppur.
33. Breiðdalskjördæmi: Eiðahreppur, Vallahreppur, Skriðdalshreppur, Breiðdalshreppur, Stöðvarhreppur, Berunesshreppur og Geithellahreppur.
34. Austurskaftafellskjördæmi: Austurskaftafellssýsla.

2.—10. gr. falli burtu.

Aftan við 23. gr. kosningarlaganna bætist:

Nú hafa tveir eða fleiri boðið sig fram innan lögákveðins frests, en eitt eða fleiri þingmannaefnanna forfallast eftir að fresturinn er liðinn, þannig, að eigi

verður nema um eitt þingmannsefni að velja, og ferst þá kosningin fyrir, en ný kosning fer fram samkvæmt 11. kafla þessara laga.

12.—34. gr. falli burtu.

Neðri deild alþingis, 21. Ágúst 1907.

Jón Magnússon, skrifari og framsögumaður meiri hl.
Ólafur Thorlacius.

Eggert Pálsson.
Björn Kristjánsson.

Álit minni hlutans.

Flestum ber saman um, og nálega öllum þingmönnum, er á málið hafa minnst í okkar áheyrn, að í frumv. þessu sje fólgin ágæt hugsun og hin sanngjarnasta kosningaraðferð, sem enn sje fundin, ef tekist geti að fullnægja henni í framkvæmd. En mörgum þykir eigi tími til þess kominn enn, að lögleiða aðferð þessa hjer á landi, og varð sú skoðun í meiri hluta í nefndinni.

Við, sem viljum halda máli þessu fram nú þegar, og lentum því í minni hluta í nefndinni, höfum nú athugað eftir föngum allar mótbárur, sem færðar hafa verið gegn nýmæli þessu, bæði í nefnd neðri deildar alþingis 1905 og í samtali við þingmenn nú í nefndinni og utan nefndar.

Nefnd sú, er fjallaði um hlutfallskosningamálið á alþ. 1905 var málinu að ýmsu leyti hlynnt, en kom þó með nokkrar mótbárur gegn því, að lögleiða, að svo komnu, frumvarp það, er þá var til meðferðar; en það var í ýmsum greinum allólíkt þessu frumv. Helstu mótbárur nefndar þeirrar voru í fám orðum þessar:

1. Nýmæli frumvarpsins væri landsmönnum ókunnugt.
2. Flokkaskifting eða flokkalíf meðal kjósenda væri valt og óþroskað, en á fastri flokkaskifting og flokksaga væri kosningaraðferð frumvarpsins bygð.
3. Strjálbygð landsins gjörði afar torveldan undirbúning kosninga, þann er kosningaraðferðin hefði í för með sjer.
4. Ókunnugleiki kjósenda á þingmannaefnum (frambjóðendum) þeim, er þeir greiddu atkvæði, væri afleiðing hinna stóru (4—6 manna) kjördæma.

Fyrsta mótbáran fellur nú um koll, með því að alþýða manna hefur haft gott tækifæri til að kynna sjer mál þetta og íhuga í full 2 ár. En *fullkomin* kunnugleiki almennings á kosningaraðferðinni fæst *aldrei* nema með *reynslunni sjálfri*. Fulltrúar þjóðarinnar verða því að ráða fram úr þessu máli *áður* en *slíkur* kunnugleiki fæst, ef það á nokkru sinni að ganga fram.

Næstu tvær mótbárurnar áttu fullkomlega við frumv. sem fyrir lá 1905. En undir þann leka virðist okkur allvel sett í fyrirliggjandi frumvarpi, og nægir að skýrskota til röksemda stjórnarinnar fyrir þessu frv.

Fjórðu mótbárunni verður eigi mótmælt með öllu. En hún er ekki eins þýðingarmikil og í fljótu bragði virðist. Ef menn í hjeraði halda allvel saman, eru sterkar líkur til, að atkvæði þeirra ráði kosningu manns þess eða manna, sem kjósendur eru kunnir, og halda rækilega fram. Nú hafa atkvæði hvers kjósanda í 4—6 manna kjördæmum hverfandi áhrif nema fyrir svo sem 2 af

hinum völdu frambjóðendum. Kunnugleiki er því ekki alveg nauðsynlegur yfirleitt, nema á þeim 2 mönnum, sem kjósandi setur efst á blað, ef atkvæði eigi dreifast mjög. En hins sama kunnugleika hefur og þurft í tvímenniskjördæmum hingað til, og eigi þótt neinn örðugleiki. En dreyfist kjósendur mjög innan hjeraðs milli fleiri lista, víkur þessu að vísu við á annan hátt. Þá reynir á víðáttumeiri kunnugleika hvers kjósanda. og er að vissu leyti gott, að knýja kjósendur til meira víðsýnis, en hætt við, að alla jafna verði þó mikill misbrestur á því. En slíkur misbrestur kemur eigi betur við eftir núgildandi kosningarlögum, heldur einmitt ver. Ef kjósendur í sama hjeraði dreyfast mjög um frambjóðendur, þá er naumast við öðrum úrslitum að búast en þeim, að sá, sem kosningu hlýtur (fær flest atkvæði), sje þessum sama annmarka háður: *meiri hluti kjósenda þekkir hann ekki*, eða þá öðrum miklu verri annmarka: meiri hluti kjósenda (máske mikill meiri hluti) *sje honum móthverfur*.

Sumir eru hræddir um, að hæglætismenn, svo sem ýmsir góðir bændur og fleiri alþýðumenn, er lítið trana sjer fram, og lítið ber á utan hjeraðs, standi hallari fæti í kosningum eftir þessari aðferð, en hinni núgildandi, gagnvart yfirlætismönnum, og þeim, sem óhlífnir eru að afla sjer kjörfylgis með ýmsum meðulum. Í rauninni er hætta á þessu í öllum kosningum, hver aðferð sem höfð er, þar sem æsing og kapp kemst að. Þeir sem lítið berast á, eru degir í sjálfstraustinu og hlutvandastir um öll meðul, þokast þá úr vegi fyrir hinum. En hættast er þó við vondum afleiðingum af slíku, þar sem yfirdrotnun einfalds meirihluta æður úrslitum að fullu. Og samkvæmt því, sem kunnugt er, þarf *nú* ekki svo mikið sem einfaldan meiri hluta, heldur að eins stærsta *minni hluta* (af mörgum) í kjördæmi, til þess að ráða úrslitum að fullu. Á móti slíku ofurvaldi tiltölulega lítils hluta manna er hlutfallskosningin einmitt fundin upp. Þar er hennar aðalhlutverk. Hún rjettir hlut minnihlutaflokka, og vekur jafnframt ábyrgðartilfinning þeirra. Hún er því siðbætandi, og þau áhrif styrkja einmitt þá, sem mest *traust eiga skilið*.

Nú eru til menn, sem mikið vinna að almenningsgagni og hugsa þá mest um landið í heild, en sinna engu sjerstöku hjeraði sjerstaklega öðrum fremur. Ekkert hjerað eignar sjer þá, og efasamt er, að þeir hafi í nokkru hjeraði svo mikið fylgi, að þeir komist þar að þingmensku eftir núgildandi kosningaraðferð; því hvert kjördæmi hefur sinn mann, sem það á sjálft með húð og hári, og endilega verður að komast á þing *kjördæmisins vegna*. Svo getur því farið, að mennirnir sem einkum hugsa um landið alt, komist ekki á þing; því *landið* gleymist vegna *kjör*dæmisins. Þessir menn verða væntanlega öruggir undir eins og fjölmenniskjördæmi og hlutfallskosning koma til sögunnar. Þá getur hver sett þingmanninn sinn sem nr. 1 og föðurlandsvininn strax á eftir nr. 2, og væntanlega fær svo listinn, sem hann er á, flest atkvæði.

Breytingar þær á kosningum, sem nýlega eru leiddar í lög hjá oss, eru allstórar, en alls óreyndar. Það er hin leynilega kosningaraðferð, fjölgun kjörstaða og fjölgun kosningarbærra manna, sem hvorutveggja fjölgar í reyndinni kjósendum í afarstórum stíl.

Nú líta sumir svo á, þegar ofan á þetta bætist annað eins nýmæli í kosningum, og fyrirliggjandi frumv. flytur, þá verði úr þessu gagngjörð bylting, sem komi yfir þjóðina öll í einu, og enginn geti spáð um, hversu rætist úr.

Aðalbyltingin er nú raunar fólgin í hinni sjálfsögðu fjölgun kjósenda þeirra sem taka þátt í kosningum. Áður hafa það einkum verið hinir áhugameiri kjós-

endur, sem komið hafa á kjörfund, framvegis koma væntanlega nálega allir. Sú fjölgun er tvíeggjað sverð, og því getur orðið brugðið til hins verra fyrst í stað. Þeim fjölgar þá mest, sem litla ábyrgðartilfinning hafa gagnvart landsmálum; þar er hættan. En nýmæli þessa frumvarps eykur ekki þessa hættu. Þvert á móti dregur það úr henni, það sljófgar hin lakari vopn í kosningastríðinu, samkvæmt þeim rökum, sem að framan eru færð. Það eykur því ekki byltinguna, heldur dregur úr henni, jafn framt hinni leynilegu kosningaraðferð.

Og höfuðannmarkinn á hinum nýlögleiddu kosningarlögum, sá er drepið hefur verið á að framan, og fylgir fjölgun kjörstaða, sá, sem sje, að minni hluti kjósenda getur ráðið kosningarúrslitum í einmenniskjördæmum, ef fleiri eru í kjöri en 2 frambjóðendur, hverfur við þá breyting, er þetta frumvarp flytur. Meira að segja: Það mun einkum framkomið sökum þessa óþolandi galla á gildandi kosningarlögum.

Þegar nú það er nálega hvervetna viðurkent, að kosningaraðferð sú, er frumvarpið flytur, er hin sanngjarnasta og fegursta, sem um er að velja, þegar það er með góðum rökum sýnt (af stjórninni) að hún er þegar vel framkvæmanleg, engu síður en sú, er nú er lögtekin, og jafn framt er, að sama skapi sýnt hjer að framan, að annmarkarnir á henni eru minni og óskaðlegri, heldur en hinni núgildandi, þá sjáum við ekki, hvaða ástæða er til að hika við það, að lögleiða hana þegar á þessu þingi.

Við höfum ekki fundið ástæðu til, að gjöra neinar verulegar breytingar við frumvarpið, heldur einungis nokkrar smábreytingar, sem gjörð verður grein fyrir við 2. umræðu.

Leggjum við þá til, samkvæmt framan sögðu, að frumvarpið verði samþ. með eftirfylgjandi breytingum.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein svo hljóðandi:

3. gr.

Orðin: »nema hann sje fleiri en eitt kjördæmi, þá velur bæjarstjórn undirkjörstjórn fyrir hvert kjördæmanna« í 9. gr. kosningarlaganna falli burtu.

2. 15. grein, sem verður 16. gr., orðist svo:

Í stað orðanna í 32. gr. kosningarlaganna: »þingmannaefni eða umboðsmenn þeirra« komi: og umboðsmenn. — Orðin: »eða þingmannaefni« og »eða þingmannaefnin« í sömu grein falli burt.

3. Við 20. gr., fyrri málsgrein, á eftir orðinu: »Umboðsmenn« komi: þingmannaefna, og á eftir orðinu: »umboðsmanni« komi: hans.

Neðri deild alþingis, 21. ágúst 1907.

Pjetur Jónsson, framsögum. Jón Jónsson.

Lárus H. Bjarnason, með fyrirvara.

Nd. **349. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Flutningsmaður: Einar Þórðarson.

Við 13. gr. C. 1. Í stað »Til gufuskipaferða«, komi: Til gufuskipaferða alt að.

Nd. **350. Nefndarálit**
um frumvarp til laga um bygging vita.

Frumvarpið fer fram á, að veittar sjeu samtals 70,000 kr. til vitabyggingar, 20 þús. kr. til að reisa vita við Dalatanga á Austurlandi, og 50 þús. kr. til að reisa nýjan vita á Reykjanesi í stað þess sem nú er, og búist er við að muni hrynja er minst varir.

Oft hafa komið fram raddir um það í þinginu og einna skýrast af hálfu fjárlaganefndar 1903, að nauðsyn væri að fá áætlanir um vitabyggingar fyrir land alt, hvar þá skyldi setja og hve stórir og dýrir þeir ættu að vera, áður en verulegar framlög væru gjörð til að reisa þá.

Þær óskir og áskoranir hjeðan urðu til þess, að flotamálastjórnin danska skipaði í nóvember 1904 fjóra sjóliðsforingja, kunnuga menn, við strendur landsins, til að athuga þetta mál og gjöra tillögur um vita og sjómerki, og hefur nefndin átt kost á því, að kynna sjer álit þeirra og er það dagsett 8. mars 1905.

Fyrsti kafli þess álits er um landtökuvita; hugsa sjóliðsforingjarnir sjer þá þrjá, á Reykjanesi, við Dýralæk í Álftaveri og á Seley, er búist við að Dýralækjarvitinn muni kosta 90 þús. kr. auk landflutnings á byggingarefni, en Seleyjarvitinn muni kosta 78 þús. kr. En jafnframt því sem landtökuvitinn verður reistur á Seley telja sjóliðsforingjarnir nauðsynlegt, að vitinn á Dalatanga sje stækkaður og bættur og lýsi í 19 km. fjarska, en ljós hans nær nú eigi nema 7 kílómetra. Til slíks vita á Dalatanga ætla þeir að nægi 20 þús. kr.

Annar kafli álitsins telur upp hina nauðsynlegustu vita, til leiðbeiningar með ströndum fram, en í þriðja kafla álitsins er vitunum raðað eftir þörfinni, og er þá efstur á blaði landtökuvitinn í Vestur-Skaftafellssýslu, þá Seleyjar landtökuvitinn og Dalatangaviti endurbættur — ásamt með þokulúðri á öðrum hvorum staðnum. Þá eru hinir vitarnir í þessari röð: Á Siglunesi, Öndverðarnesi, Melrakkasljettu, Skagatá og loks viti innanvert við Lóndranga á Snæfellsnesi. Hver þessara vita er talinn að kosta 20 þús. kr. Þokulúðurinn er talinn að kosta 50 þús. kr. á Seley og 67 þús. kr., ef honum er komið upp á Dalatanga. Alls er kostnaðurinn við þessi mannvirki um hálft fjórða hundrað þúsund kr., en hinn árlegi rekstrarkostnaður rúmar 20 þús. kr.

Geta má þess, að flotamálastjórnin telur í brjefi 23. marz þ. á. ógjörlegt að reisa vita við Dýralæk vegna sandfoks og annara annmarka og verði vitastaðurinn því að vera Portland. Þar kostar vitinn ekki nema um 75 þús. kr. Sú ráðabreyting mun vera gjörð eftir athugunum Brincks verkfræðings, sem var við Vestmannejavitann í sumar sem leið, og athugaði jafnframt Reykjanesvitann, og fór síðan norður og austur um land.

Athugasemdir stjórnarfrumvarpsins skýra nú frá því, hvernig þessi rannsóknarferð Brincks verkfræðings leiðir til þess, að farið er fram á að reisa nú eða end-

urbyggja þessa tvo vita, sem frumvarpið ræðir um, en þar sem áætlun Brincks verkfræðings verður alls eigi fylgt við byggingu Reykjanesvitans, en miklu meira fje verður að verja til hans, skal nánar skýrt frá ástæðum til þess.

Álitsskjal flotamálastjórnarinnar dönsku um vitagjörð á Dalatanga og rannsóknir Brincks verkfræðings viðvíkjandi Reykjanesvita kom eigi hingað til landsins fyr en með vorinu, er ritað 23. mars þ. á. Þar er tekið fram að verkfræðingurinn hafi orðið sjúkur upp úr Íslandsför sinni og því komi álitsgjörðin svo seint.

Þetta eru upptökin til þess dráttar á undirbúningi hins fyrirhugaða járnvitaturns, sem nú hefir orðið til þess, að reisa verður í hans stað steinsteyputurn stórum dýrari.

Flotamálastjórnin gat eigi orðið við áskorunum hjeðan, að flýta undirbúningnum og kvað líka mundi standa á járninu m. m., eins og sjá má af brjefi flotamálastjórnarinnar, 14. júní þ. á. Í lok þess mánaðar var þá öll von úti um það, að járnvitaturninn kæmist upp á þessu ári.

Umsjónarmaður vitanna við Faxaflóa, Páll skólastjóri Halldórsson lýsir því svo yfir í brjefi til stjórnarráðsins 9. f. m., að eigi sje nema um tvo kosti að velja, annað hvort að reisa bráðabirgðarvita úr timbri, sem væri algjörlega aukakostnaður, eða steypa turninn úr steini, og ræður hann eindregið til hins síðara.

Þá er það, að verkfræðingur Þorv. Krabbe er sendur suður á Reykjanes, og prentum vjer erindi hans hjer á eftir, sem fylgiskjal.

Vjer getum nú eigi betur sjeð, en að sá einn kostur hafi verið nauðugur fyrir stjórnina, að ráðast í að reisa vitann þegar, úr því eina efni sem kostur var á, og er nú unnið að því verki í sumar með kappi. Munnlega hefur verkfræðingurinn tjáð oss, að hinn nýi viti á Reykjanesi muni geta komið til afnota í nóvember þ. á., ef eigi viðrar því ver eða óhöpp koma fyrir. Eðlilega verður manni að spyrja, hvort jafn-háum steinturni sje eigi hætta búin af landskjálftum, en verkfræðingurinn gjörir ekki mikið úr því, og segir, að reynt sje að girða fyrir þann voða með byggingarlaginu og sterku járnneti innan í steypunni. Í upphæðinni 84 þús. kr., sem verkfræðingurinn giskar á, felst og allur ljósfærakostnaður af nýjum stofni. Ljósfæri gamla vitans kæmu þá annarsstaðar að notum, ef turninn hangir til þess, er nýi vitinn er kominn í gagnið. Nokkur málsbót telst það, að viðhaldskostnaður steinturnsins verður minni, en hefði orðið við járnturninn.

Starfræksla hins nýja vita verður eðlilega mun dýrari, búist við því, að 4000 pund steinolíu muni þurfa á ári, en talið, að nú sje eigi eytt nema 2000 pundum við vitann, sem verið hefur.

Nefndinni hefði verið kært, að geta lagt til, að bætt væri við einum vita, og þá á Norðurlandi, allra helst, þar sem nú kemur væntanlega vitagjald um land alt með ársbyrjun 1909, er upp er kominn vitinn á Dalatanga, en nefndin treystist eigi til þess, eins og fjárhag landsins nú er farið, enda eigi lítið að leggja í einu af mörkum, fullar 100 þús. kr. til vita.

Nefndinni barst erindi frá »Báru«-fjelaginu á Akranesi um vitabygging þar. Á þinginu 1903 var viðurkend þörfin á vita þar og fje veitt í því skyni, sem eigi var notað.

Nefndin telur eftir atvikum eigi ástæðu til, að koma nú fram með tillögu um endurveiting til vitabyggingar á Akranesi, enda málið eigi svo undirbúið, að þessu sinni.

Samkvæmt ofanrituðu hefur nefndin eigi aðrar breytingar að gjöra á frumvarpinu en þá, að hækka fjárveitinguna til Reykjanesvitans um 34 þús. kr. Tillaga nefndarinnar er því sú, að deildin samþykki frumvarpið óbreytt, að öðru leyti en því,

að í 2. gr. komi 84,000 kr. í staðinn fyrir 50,000 kr.

Neðri deild alþingis 21. ágúst 1907.

Tryggvi Gunnarsson, formaður. Þórh. Bjarnarson, framsögumaður.

Jón Jónsson. Árni Jónsson. Eggert Pálsson. Stefán Stefánsson, Skagf.

Með þeirri athugasemd, að jeg er eigi að öllu leyti samþykkur rökstuðningi nefndarinnar.

Skúli Thoroddsen.

Eftirrit.

Ingeniör Th. Krabbe
Reykjavík,
Ísland.

Reykjavík, 26. júlí 1907.

Samkvæmt fyrirskipun hins háa stjórnarráðs hef jeg ásamt umsjónarmanni vitanna ransakað, hversu ástatt er um Reykjarnesvita, og vil jeg leyfa mjer að láta eftirfylgjandi í ljósi, því viðvíkjandi.

Vitinn, sem nú er þar, stendur uppi á hæð einni; er í henni fast berg og móklöpp, að sunnanverðu er þverhnýft niður að sjónum, og smámsaman hefur sjórinn brotið svo mikið af, að vitinn stendur nú að eins um 9 m. frá brúninni, og grafið er undan berginu; þar að auki er það sprungið þversum og langsum. Hjer við bætist enn fremur, að skamt fyrir vestan vitann hafa komið í ljós allmiklar sprungur, er fara sívaxandi og æ koma nýjar og nýjar í ljós. Sjórinn hefur molað burt allmikla spildu á milli tveggja slíkra sprungna, og hrun niður úr berginu á sjer stað næstum dags daglega.

Það er því fyrirsjáanlegt, að vitinn fellur í sjá, áður en langt um líður. Það er eðlilega ekki hægt að segja það fyrir, hvenær það verður, það er komið undir því, hversu stormasamt haustið verður, og hvort miklir jarðskjálftar koma. En á því er enginn efi, að vitinn *getur* hrunið nú þegar í haust og mun ekki þurfa að fara nánara út í það, hversu ógæfusamlegar afleiðingar það gæti haft.

Samkvæmt óskum hins háa stjórnarráðs hef jeg ásamt hr. byggingarmeistara Kjörboe gjört frumvarp til nýrrar vitabyggingar byggðrar á þeim stað, er hin danska vitastjórn hefur bent á, og með þeirri hæð (um 70 fet), er vitastjórnin hefur til tekið. Það er mjög áríðandi, að vitinn sje byggður eins fljótt og unt er, því að, ef hægt er að komast hjá að leggja vitann alveg niður og þeim vandræðum, er af því leiða, höfum vjer engin önnur ráð sjeð, en að steypa hann úr steinsteypu með járnneti innan í, þó að ef til vill yrði unt að byggja hann ódýrari úr járni einu, mun það varla geta álitist afsakanlegt, þar eð þesskonar viti myndi ekki geta orðið byggður í vetur, en steinsteyputurn mun verða hægt að nota miklum mun fyr, ef byrjað er á honum nú þegar. Þá mun vera nokkur mögulegleiki til þess að vitaáhöldum o. fl. geti orðið bjargað úr vitanum, sem nú er um 15000 kr. virði.

Kostnaðurinn við að byggja vita eins og þann, er sýndur er á meðfylgjandi uppdrætti, má giska á að verði um 84000 kr.

Allra virðingarfyllst.
Th. Krabbe,

Nd. **351. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands.

Vjer sem háttvirt neðri deild alþingis skipaði til þess að íhuga frumvarp þetta, höfum rætt það ítarlega og álítum það mjög gagnlegt og vel lagað til þess að styðja að eflingu fiskiveiða landsmanna, en leyfum oss að leggja það til, að gjörðar verði á því nokkrar breytingar og eru 2 helstar.

1. Að (vátrygðir) bátar verði taldir í frumvarpinu sem veð, er skuli lána út á, en veiðarfærum aftur á móti slept úr upptalningunni og talin meðal annara eigna, sem notaðar eru til fiskiveiða.
2. Að lántakandi skuli árlega greiða til kostnaðar og varasjóðs $^1/_2$% af hinni upphaflegu upphæð lánsins, en ekki greiða við lántökuna fyrir fram í einu $^1/_2$% fyrir hvert ár, þangað til lánið á að vera að fullu greitt, eins og ákveðið er í 8. gr. frumvarpsins.

Vjer skulum nú reyna að rökstyðja að nokkru þessar aðalbreytingartillögur vorar.

Hugtakið skip í 1. og 4. gr. frumvarpsins er óákveðið; það er haft stundum bæði um þilskip og báta, en stundum eingöngu um þilskip.

Ástæður stjórnarinnar við frumvarpið gefa engar upplýsingar um það, hvaða þýðingu hún vill leggja í orðið.

Vjer viljum að það sje tekið skýrt fram í frumvarpinu, að lán úr lánsdeildinni skuli veita gegn veði í bátum.

Eftir því sem hagar til hjer á landi, mun bátaútgjörðin vafalaust ávalt verða almennari en þilskipaútgjörð. Bátaútgjörðin er kostnaðarminni og margur maður getur eignast bát og haldið honum til fiskjar, en þeir verða ávalt tærri, sem geta eignast þilskip og haldið þeim úti. Lán út á báta verður því miklu fleiri landsmönnum að beinu gagni, en lán út á þilskip. Að styðja dýru útgjörðirnar er fremur að hjálpa efnamönnum, en að styðja hinar ódýrari er fremur að hjálpa minni máttar mönnum. Hið fyrra miðar í áttina til þess að mynda auðvald, hið síðara til þess að hjálpa hinum fátækari.

Aftur á móti virðist oss ekki ástæða til þess, að taka það sjerstaklega fram, að lán skuli veita gegn veði í veiðarfærum.

Eins og eðlilegt er, á veðið eftir 4. gr. að vera vátrygt, en það mun að jafnaði vera örðugt og dýrt að vátryggja veiðarfæri, og því varla líklegt, að það muni verða oft gjört, enda eru veiðarfæri stopul eign, sem bæði gengur fljótt úr sjer og viðbúið að tapist á hverri stundu. Þau munu því sjaldan vera veðhæf. En þó að ekki sje tekið sjerstaklega fram, að lána skuli gegn veði í veiðarfærum, þá getur stjórn lánsdeildarinnar þó veitt lán gegn veði í þeim, þegar þau fullnægja þeim kröfum, sem frumvarpið setur um veðin, því að þau heyra til flokknum: aðrar eignir sem notaðar eru til fiskiveiða.

Ákvæðið í 8. greininni, að greiða skuli við lántökuna til kostnaðar og varasjóðs $^1/_2$% af hinni upphaflegu upphæð lánsins fyrir hvert ár, þangað til því er að fullu lokið, álítum vjer óaðgengilegt og leggjum til, að því verði breytt á þá leið, að vextir þessir ($^1/_2$%) skulu greiddir árlega fyrir fram fyrir 1 ár í einu af hinni upphaflegu upphæð lánsins, þar til því er að fullu lokið.

Bæði er það, að þessi fyrirframgreiðsla í einu fyrir alt lánstímabilið rýrir lánið talsvert í viðbót við það sem það kann að rýrna af því, að vaxtabrjef lánsdeildarinnar kunna að seljast undir ákvæðisverði þeirra; en þau er lántakandi skyldur,

samkvæmt 7. gr., að taka upp í lánið eftir ákvæðisverði; en verra er það, að þessi mikla fyrirframgreiðsla í einu, getur valdið því, að lánin verði of dýrkeypt og að menn því kynoki sjer við að nota þau. Þetta má best skýra með dæmi:

Maður tekur 40,000 kr. lán í deildinni til 15 ára gegn veði, t. a. m. botnvörpuskipi. Hann verður strax að greiða $^1/_2$% fyrir hvert af þessum 15 árum af 40,000 kr., en það er sama sem $7^1/_2$%. Þar að auki verður hann eðlilega að greiða árlega vexti af láninu, sem verða varla lægri en 5%. Ef skipið ferst á þessu ári eða ef veðið rýrnar (eftir 9. gr. ef tryggingin fyrir veðinu minkar), þá er lánið fallið til útborgunar, og hefur lántakandi þá greitt $12^1/_2$% þetta eina ár, sem hann hafði það. En þetta er alt of dýrt lán. Auk þess gæti svo viljað til, að þetta sama ár yrði að grípa til hinnar samstaklegu ábyrgðar, samkvæmt 5. gr. frumvarpsins, og gæti þá lánið kostað hann þetta eina ár $22^1/_2$%. Að vísu er ekki sjálfsagt, að svona lagað tilfelli komi fyrir, en hins vegar er ómótmælanlegt, að það geti komið fyrir.

Þessi breytingartillaga vor rýrir mjög lítið tryggingu lánsdeildarinnar. Aðalhallinn, sem hún bíður af henni, er sá, að ef lántakandi verður að borga lán fyrir þann tíma, sem um var samið við lánveitinguna, þá missir deildin tillagið af því til kostnaðar og varasjóðs fyrir þau ár, sem eftir var af lánstímanum, en þetta tap getur aldrei orðið svo mikið að það rýri tryggingu deildarinnar verulega.

Annar halli sem lánsdeildin bíður af breytingunni, er sá, að hún missir vexti af tillaginu, ef það er ekki borgað alt fyrir fram við lántökuna. En þessir vextir geta ekki numið meira en c. 1000 kr. í mesta lagi og vjer höfum lagt það til, að lánsdeildinni verði bættur þessi halli með 2000 kr. tilagi úr Fiskiveiðasjóðnum á ári öll 5 árin, í stað 2000 kr. 1. árið og 1000 kr. á ári hin 4 árin sem frumvarpið fer fram á.

Fiskiveiðasjóðurinn hefur að minsta kosti 20,000 kr. tekjur á ári og er ekki vorkennandi að leggja lánsdeildinni 2000 kr. á ári í 5 ár til augnamiðs, sem er eins náið augnamiði sjálfs hans eins og nef augum.

Í framsögunni mun verða gjörð grein fyrir hinum öðrum breytingartillögum.

Vjer viljum þá að endingu ráða hinni háttvirtu deild til þess að samþykkja frumvarpið með þeim breytingum sem hjer segir:

BREYTINGARTILLÖGUR

Við 1. gr.

Í stað »veiðarfærum« komi: bátum.

Við 4. gr. 1. málsgr.

Í stað »veiðarfærum« komi: »bátum«.

Við 4. gr. 3. málsgr.

Orðin: og eigi má heldur — — út greinina, falli burt.

Við 8. gr.

Greinin orðist svo: Lántakandi skal greiða árlega fyrir fram sem tillag til kostnaðar og varsjóðs $^1/_2$% af hinni upphaflegu upphæð lánsins, þangað til því er að fullu lokið. Annað gjald til kostnaðar og varasjóðs, borga lántakendur ekki, sbr. þó 5. gr.

Við 9. gr. 2. málsgr.

Orðin: — þá ber að greiða tillag til kostnaðar og varasjóðs fyrir þau ár er við bætast«, falli burt.

Við 14. gr.

Í stað »fyrsta árið og 1000 kr. á ári í næstu 4 ár», komi: á ári í næstu 5 ár.

Alþingi, 21. ágúst 1907.

Björn Kristjánsson. formaður.
Björn Bjarnarson skrifari og framsögum.
M. J. Kristjánsson.

Ed. **352. Frumvarp**

til laga um breyting á 2. gr. laga 7. nóvember 1879 um breytingar á eldri lögum um siglingar og verslun á Íslandi.

Frá nefndinni í farandsalamálinu.

1. gr.

Gjald fyrir verslunarborgarabrjef skal eftirleiðis vera 200 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Ed. **353. Frumvarp**

til laga um hækkun á aðflutningsgjaldi.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Ed.)

Auk hækkunar þeirrar á aðflutningsgjaldi, sem ákveðin er í lögum 31. júlí 1907, skal gjald þetta hækka um 10 af hundraði frá 1. janúar 1908.

Ed. **354. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1906 og 1907 og fjáraukalögum 20. okt. 1905, fyrir 1904 og 1905, veitast kr. 143,562,66 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—6. gr. hjer á eftir:

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitist á eftir 7. lið:

Tiltölulegur hluti tillags til geðveikrahælisins á Kleppi frá miðjum maí til ársloka 1907 ... ... kr. 7000

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast:

Við B. 6. Til að byggja hús undir áhöld landssjóðs kr. 5500
Til þess að kaupa lóð ... ... — 1500 kr. 7000

Við B. 13. Viðbótarstyrkur til brúargjörðar á Jökulsá á Jökuldal ... ... — 1300

Við D. Aftan við liðinn bætist þessir liðir:

1. Til aukalínu frá Hofi til Vopnafjarðarkauptúns — 2000
2. Til aukalínu frá Seyðisfirði til Mjóafjarðar ... ... — 2500
3. Til þess að festa upp sjerstakan ritsíma á línunni frá Sauðárkrók til Akureyrar með hliðarspottum til Dalvíkur og Hjalteyrar ... ... — 12975
4. Til sjerstaks ritsíma á línuna frá Akureyri til Seyðisfjarðar ... ... — 23600
5. Til kaupa á staurum ásamt flutningi hingað til lands í haust:
   a, 5500 staurar til línunnar frá Borðeyri til Ísafjarðar ... ... kr. 41250
   b, 2000 staurar frá Ísafirði til Vatneyrar ... ... — 15000
   c, 2000 staurar frá Reykjavík til Ægissíðu ... ... — 15000
   d, 900 varastaurar ... ... — 6750 — 78000
6. Til þess að ransaka nýjar símaleiðir og setja á fót nýjar stöðvar ... ... — 4000

kr. 131375

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju og kenslumála, veitast:

Við A, b: Til varnargarðs fyrir Höfðaá, til varnar engjum á prestssetrinu Höfða í Fells-prestakalli ... ... kr. 177

Við B, V. b. Til stýrimannaskólans, til þess að stækka og endurbæta kjallarann undir skólahúsinu alt að — 500

Við B, VII. Utanfararstyrkur til sjera Magnúsar Helgasonar til að kynna sjer kennaraskóla erlendis ... ... — 500

kr. 1177

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 15. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja veitast:

Við 1. g. Styrkur til að stunda skóggræðslu ... ... kr. 500
Við 18. a. Til ransóknarstofu í Reykjavík, stofnkostnaður ... — 552,53
kr. 1052,53

6. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, sem veitt er í fjáraukalögum 20. okt. 1905 fyrir árin 1904 og 1905 í 3. gr. 2 til ransóknarferða og undirbúnings við ritsímalagningu, veitast 2958 kr. 13 aur.

Nd. **355. Frumvarp**

til laga um ellistyrk presta og eftirlaun.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Hver sá, er fengið hefur veiting fyrir prestsembætti hjer á landi, skal safna sjer ellistyrk eða kaupa sjer geymdan lífeyri, svo sem lög þessi ákveða, og skal prestur árlega verja 2% af föstum byrjunarlaunum sínum í því skyni.

2. gr.

Ellistyrkur sá, er safnast, skal geymast og ávaxtast í einhverjum þeim sjóði, er landsstjórnin tekur gildan, en trygging fyrir lífeyri skal kaupa í lífsábyrgðarstofnun ríkisins. Landsstjórnin geymir eignarskírteini fyrir ellistyrknum eða lífeyristryggingunni.

3. gr.

Landssjóður ábyrgist greiðslu árgjaldanna samkvæmt 1. gr., en hefur aftur lögtaksrjett samkvæmt lögum nr. 29, frá 16. des. 1885, gagnvart kaupanda ellistyrksins eða lífeyrisins.

4. gr.

Þegar prestur fær lausn frá embætti, getur hann farið að fá alla vexti af ellistyrknum, og farið að taka til lífeyrisins. Svo getur hann og keypt sjer æfilangan lífeyri fyrir ellistyrkinn allan eða hlut af honum. Sá ellistyrkur, sem prestur á þegar hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign.

5. gr.

Auk ellistyrks eða lífeyris samkvæmt 1.—4. gr., skal prestur hver, er veitt hefur verið prestsembætti, hafa rjett til árlegra eftirlauna, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsubrests, eða fyrir aðrar þær sakir, sem honum er ósjálfrátt um.

6. gr.

Eftirlaunin nema 15 kr. fyrir hvert þjónustuár, talið frá veitingu prestsembættis, og greiðast úr landssjóði. Sjötugur prestur á rjett á að fá lausn frá embætti með eftirlaunum eftir lögum þessum.

7. gr.

Sá prestur, sem að ósjálfráðu slasast þannig, eða tekur vanheilsu, er hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að sleppa prestsskap, fær 360 kr. að árlegum eftirlaunum, þótt hann hafi ekki þjónað prestsembætti svo lengi, að eftirlaun hans nemi því.

8. gr.

Prestur sá, er fyrirgjörir kjóli og kalli, missir rjett til eftirlauna. Nú er presti vikið frá kalli um sinn, en honum þó veitt embætti aftur, og hefur hann þá rjett til eftirlauna eftir 5. og 6. gr.

9. gr.

Nú hefur prestur fengið eftirlaun, og missir hann þau: 1, ef hann fær aftur embætti, er ekki fylgja lægri laun en eftirlaunin. 2, ef hann fyrir konungsleyfi fram gengur í þjónustu annara ríkja. 3, ef hann tekur sjer bústað í öðru ríki án samþykkis konungs. 4, ef hann verður sannur að, því að hafa kastað trú þjóðkirkjunnar. 5, ef hann verður sekur að lagadómi um eitthvert það afbrot, er svift mundi hafa hann embætti, hefði hann í því verið, hvort sem brotið hefur verið framið áður en hann fjekk lausn frá embætti eða eftir það.

10. gr.

Nú æskir uppgjafaprestur að fá einhverja lausa kirkjujörð í prestakallinu til ábúðar, og skal hann þá eiga forgangsrjett fyrir öðrum að öðru jöfnu.

11. gr.

Ákvæðin í 1.—4. gr. ná eigi til presta þeirra, sem nú sitja í embætti, meðan þeir halda sama embætti og launakjörum sínum annars óbreyttum, en að öðru leyti öðlast lögin gildi fyrsta fardag 1908, þannig að þeir prestar, sem fá lausn frá þeim tíma eða síðar, fá eftirlaun eftir lögum þessum. Þó halda þeir prestar, er kunna að eiga tilkall til hærri eftirlauna, eftir hingað til gildandi lögum, rjetti sínum óskertum. Eftirlaun uppgjafapresta þeirra, sem fengið hafa lausn áður en lög þessi ganga í gildi, og taka eftirlaun sín að nokkru eða öllu leyti af fyrverandi embættum sínum, greiðast úr landssjóði jafnóðum og prestaköll þau losna, sem eftirlaununum eiga að svara. Svo halda og uppgjafaprestar þeim eftirlaunum úr landssjóði, er þeir hingað til hafa notið.

Lög nr. 4, frá 27. febr. 1880, um eftirlaun presta, og önnur lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi, ganga úr gildi að sama skapi og lög þessi ganga fram.

Nd. **356. Frumvarp**
til laga um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri.
(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hver prestur í þjóðkirkjunni, sem hefur rjett til eftirlauna og kvænst hefir innan 60 ára aldurs, er skyldur að tryggja ekkju sinni árlegan lífeyri, er ekki sje minni en 300 kr.

Kosti lífeyririnn prestinn meira en 65 kr. á ári, greiðist það, sem umfram er, úr landssjóði, eigi prestur í hlut, sem situr í embætti þegar lög þessi ganga í gildi.

2. gr.

Lífeyrinn skal kaupa hjá lífsábyrgðarstofnun ríkisins, enda geymir landstjórnin eignarskírteini fyrir lífeyrinum.

3. gr.

Landssjóður ábyrgist, að iðgjöldin eða sá hluti þeirra, sem presti ber að leggja fram samkvæmt 1. gr., verði greidd í gjalddaga, en hefur aftur lögtaksrjett, samkvæmt lögum nr. 29, frá 16. des. 1885, fyrir þeim framlögum sínum á hendur presti. Nú deyr prestur og landssjóður hefur ekki getað komið fram lögtaki fyrir iðgjaldi, og má þá landssjóður halda inni af lífeyri ekkjunnar því, er hann lagði fram fyrir prest, en ekki náði með lögtaki.

4. gr.

Ekki má gefa prest innan 60 ára aldurs saman í hjónaband, fyr en presturinn hefur sannað með vottorði prófasts síns, að hann hafi sent landstjórninni beiðni til lífsábyrgðarstofnunarinnar um að mega kaupa lífeyri handa ekkju sinni. Ef út af þessu er brugðið, varðar það 200 kr. sektum til landssjóðs.

5. gr.

Nú er hjónabandi prests slitið til fulls, og fellur þá jafnframt niður framfærsluskylda hans eftir lögum þessum.

6. gr.

Deyi prestur frá jólum til fardaga, á ekkjan heimting á ábúð hálfs prestssetursins fyrir sjálfa sig afgjaldslaust næsta fardagaár. Þó nær rjettur þessi ekki til hlunninda hálflendunnar, svo sem æðardúns, selveiði, fuglatekju og þess háttar.

7. gr.

Nú æskir ekkja eftir prest, er dó í embætti, að fá einhverja lausa kirkjujörð í prestakallinu til ábúðar, og skal hún þá eiga forgangsrjett fyrir öðrum að öðru jöfnu.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi fyrsta fardag 1908, þannig, að þeir, sem fá veitingu fyrir prestsembætti frá þeim tíma eða síðar, eru skyldir að sjá fyrir ekkjum sínum samkvæmt lögum þessum. Þær ekkjur, sem samkvæmt hingað til gildandi lögum hafa fengið eftirlaun sín að nokkru eða öllu leyti af embættum manna sinna, skulu, jafnóðum og hin eftirlaunaskyldu prestaköll losna, fá þau eftirlaun sín greidd úr landssjóði, svo sem þær ekkjur, er fengið hafa eftirlaun sín úr landssjóði að öllu eða nokkru leyti einnig halda eftirlaununum óbreyttum. Loks greiðist og úr landssjóði eftirlaun ekkna eftir þá presta, sem deyja í þeim embættum, er þeir höfðu, er lög þessi ganga í gildi.

Lög nr. 13, frá 3. oktbr. 1884 og lög nr. 36, frá 13. des. 1895 ganga úr gildi að sama skapi og lög þessi ná gildi.

Svo er og konungsbrjef 5. júní 1750 sbr. 5. gr. 4. málsgr. í tilsk. 15. des. 1865 og 4.—5. gr. í tilsk. 6. jan. 1847 um fardaga presta m. m. að sama skapi úr gildi numin.

Nd.

357. Frumvarp

til laga um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins m. m.
(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Landssjóður leggur fram meðan á þarf að halda 15000 kr. á ári sem lánsfje, til þess að koma upp sæmilegum íbúðarhúsum á prestssetrum landsins.

2. gr.

Ekkert lán má fara fram úr 3000 kr. Lánin ávaxtast og afborgast með 4% á ári. Af því eru $3^1/_2$% vextir, en $^1/_2$% afborgun.

3. gr.

Lán samkvæmt 1. og 2. gr. eru embættislán og hefur því landssjóður veð fyrir lánsupphæðinni og vöxtum af henni í öllum tekjum embættisins, enda skal prestur alt af sitja þar sem hús er bygt að nokkru eða öllu leyti fyrir slíkt lánsfje.

4. gr.

Nú sækir einhver prestur um slíkt lán, og skal hann þá lýsa nákvæmlega stað þeim, er hann ætlar að byggja á, svo að landsstjórnin sjái ljóslega, hversu þeim stað er í sveit komið, og hvort hússtæði er þar nokkur hætta búin af völdum náttúrunnar, svo sem af sjávargangi, skriðufalli eða öðru.

5. gr.

Sæki fleiri um lán eitthvert ár en fengið geta, skal veita lánið þeim, sem fyrstur biður um það. Sæki tveir eða fleiri jafn snemma, skal sá hafa

forgöngurjett, er mest kynni að vilja leggja fram til byggingarinnar úr eigin sjóði.

6. gr.

Hús, sem lán er lagt til úr landssjóði, skulu vera gjörð eftir uppdrætti, sem landsstjórnin samþykkir, og sem líkust hvert öðru, enda annaðhvort úr steini (steinsteypu) eða úr timbri, og þá öll járnvarin.

7. gr.

Helmingur lánsfjárins greiðist af hendi jafnskjótt og landsstjórninni eru sýnd skil fyrir því, að efni samkvæmt uppdrætti og áætlun sje komið á byggingarstaðinn og stjórninni er fengið skírteini frá einhverju áreiðanlegu brunabótafjelagi fyrir því, að efnið, sje það timbur, sje fullvátrygt. Hinn helmingurinn útborgast þegar sýnd eru skil fyrir því, að húsið sje bygt eftir uppdrætti og áætlun og vel frá smíði gengið, enda sje stjórninni jafnframt afhent skírteini frá einhverju áreiðanlegu brunabótafjelagi fyrir því, að húsið sje trygt fyrir virðingarverð. Stjórnin geymir brunabótaskírteinið fyrir húsinu meðan lánið stendur.

8. gr.

Stjórnin lætur byggingarfróðan mann skoða hvert nýbygt hús svo fljótt sem kostur er á, og síðan endurskoða það á 5 ára fresti. Komi það í ljós við skoðun, að hús sje eigi bygt eða því við haldið sem skyldi, getur landsstjórnin haldið presti til að bæta úr göllunum með dagsektum eða með frávikningu frá embætti um stundarsakir. Loks getur stjórnin látið bæta úr göllunum á kostnað prests og skal prestur þá að skaðlausu endurgreiða allan kostnað, er af því hlýtst, þar með talinn innheimtukostnaður.

9. gr.

Nú greiðir prestur ekki áskilda afborgun og vexti í gjalddaga, og má þá landsstjórnin láta taka árgreiðsluna hjá presti með fjárnámi, án dóms eða sáttar. Svo getur og landsstjórnin krafist borgunar árgjaldsins hjá sóknarnefnd eða prófasti, eigi þau að einhverju leyti að standa presti skil á tekjum hans.

10. gr.

Nú greiðir prestur eigi iðgjald fyrir húsábyrgð samkvæmt 7. gr., og skal þá landsstjórnin að vísu leggja það fram úr landssjóði til bráðabirgða, en hefur aftur lögtaksrjett fyrir því gagnvart presti.

11. gr.

Nú ónýtist hús, er bygt hefur verið fyrir lánsfje samkvæmt lögum þessum, af einhverjum óviðráðanlegum öflum náttúrunnar svo sem jarðeldi, landskjálfta eða þvílíku, og skal þá landssjóður leggja fram efni í samskonar hús á sinn kostnað, en prestur allan annan kostnað, enda reynist hið nýja hús jafn vandað hinu eldra.

12. gr.

Nú er ekki alt lánsfjeð notað eitthvert ár, og má þá landsstjórnin lána það, sem af gengur, til þess að breyta eldri prestakallalánum til íbúðarhúsabyggingar í lán samkvæmt lögum þessum, en þó því að eins, að það hús sje ekki lakara en hjer um rætt, og gilda þá öll fyrirmæli laga þessara, að svo miklu leyti sem eðli málsins leyfir, um það lán.

13. gr.

Nú er hús bygt að nokkru eða öllu leyti fyrir lánsfje úr landssjóði samkvæmt lögum þessum, og skal þá prestur árlega leggja $^1/_2$% af virðingarverði hússins í sjóð, er nefnist »Fyrningarsjóður« og landsstjórnin stjórnar.

14. gr.

Hið árlega fyrningargjald skal greiða 6. júní ár hvert, í fyrsta skifti 6. júní eftir að hús er bygt, og svo lengi sem hús stendur.

15. gr.

Nú greiðir prestur eigi fyrningargjaldið á ákveðnum degi, og skal þá landssjóður leggja það fram til bráðabirgða, en hefur aftur lögtaksrjett fyrir því á hendur presti.

16. gr.

Tekjur og eigur Fyrningarsjóðs skal ávaxta í útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands.

17. gr.

Nú fellur hús, sem greitt er af fyrningargjald, fyrir venjulega fyrningu, og skal Fyrningarsjóður þá innan 6 mánaða frá aðvörunardegi leggja fram alt það, sem sjóðnum hefur greiðst fyrir húsið, að viðbættum öllum vöxtum af árgjöldunum.

Nemi slit eða gallar á húsinu meiru en venjulegri fyrningu, bætir prestur það með álagi á vanalegan hátt.

18. gr.

Stjórnin semur í byrjun hvers árs reikning sjóðsins fyrir hið umliðna ár og birtir síðan reikninginn í B-deild Stjórnartíðindanna.

19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1908.

Nd.

358. Frumvarp

til laga um sölu kirkjujarða.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúendum, er á kirkjujörð sitja, ábýli þeirra, með þeim takmörkunum og á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Heimild þessi nær eigi til kirkjujarða þeirra, sem prestar sitja á, eða að áliti sýslunefndar, þar sem jörðin liggur, eru hentugar til embættisseturs, fyrir skóla, sjúkrahæli eða til annara almennings nota.

Nú er kauptún, þorp eða verksmiðjuiðnaður fyrir á kirkjujörð, eða sýslunefnd telur líklegt, að slíkt komi þar upp innan skams, eða sýslunefnd hyggur jörðina sjerstaklega fallna til sundurskiftingar á milli margra grasbýla, og má þá eigi selja jörðina án sjerstakrar lagaheimildar í hvert skifti.

Ef óskað er kaups á fasteign, sem er í umráðum prests, er embættið hefur fengið, áður en lög þessi koma í gildi, og nýtur launa eftir núgildandi ákvæðum, þá má hann einskis í missa við söluna.

3. gr.

Þegar kirkjujörð er seld, samkvæmt lögum þessum, skal ávalt undanskilja náma, sem vera kynnu í jörðu eða finnast þar síðar, svo og rjett til að nota þá, en ábúanda bera fullar bætur, eftir óvilhallra manna mati, fyrir átroðning og jarðarusla, er af því leiðir, að þeir eru notaðir.

4. gr.

Nú er fleirbýli á kirkjujörð, og má þá selja einum þeirra, er á jörðinni búa, alla jörðina, ef hinir aðrir leiguliðar á henni samþykkja.

5. gr.

Nú er kirkjujörð í eyði, og má þá selja jörðina þeim, sem tekur jörðina til eigin nytja, þótt eigi taki hann þar aðsetur.

6. gr.

Sá er leita vill kaups á kirkjujörð, semur um það beiðni, stýlaða til landsstjórnarinnar, og sendir hana til oddvita sýslunefndar.

Ef beiðandi fullnægir skilyrðunum fyrir, því að geta fengið jörðina keypta eftir lögum þessum, leggur oddviti beiðni hans fyrir sýslunefnd á næsta fundi hennar, og skal hún láta uppi álit sitt um, hvort hún telji jörðina til þeirra kirkjujarða, sem getur um í 2. gr. 1. og 2. lið. Enn fremur skal sýslunefnd segja álit sitt um, hvort undan sölunni ætti að skilja skóglendi, fossa eða önnur jarðargögn, önnur en náma.

7. gr.

Nú telur sýslunefnd, að jörðin falli ekki undir ákvæðin í 2. gr. 1. og 2. lið, og dómkveður þá sýslumaður tvo óvilhalla menn, til þess að gjöra lýsingu á jörðinni ásamt öllu því, er henni fylgir og fylgja ber, og til þess að meta jörðina til peningaverðs. Verðið skal að öllum jafnaði miðað við það, að verðhæðin með 4% í ársvöxtu veiti sömu vaxtaupphæð og jarðargjöld og jarðabótakvöð nema í peningum til jafnaðar um síðastliðin 10 ár, ef leigumáli, að dómi matsmanna, hefur verið nægilega hár og honum hefur á því tímabili ekki verið breytt við ábúandaskifti, ella miða matsmenn við afgjald það, sem þeir telja hæfilegt, eftir leigumála jarða í því bygðarlagi. Jarðabótakvöð skulu matsmenn reikna til dagsverka, eins og tiðkast hefur við styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfjelaga, og telst hvert dagsverk jafngilda 1 kr. 25 aur. í öðru eftirgjaldi.

Nú hefur sýslunefnd látið í ljósi það álit, samkvæmt 6. gr., að undan sölu kirkjujarða ætti að skilja skóglendi, fossa eða annað, og skal þá meta jörðina að gæðum þessum meðtöldum og án þeirra.

8. gr.

Nú hefur ábúandi á næstu 10 árum áður en mat fer fram og án nokkurs styrks frá umráðamanni jarðar, gjört jarðabætur eða jarðarhúsabætur á kirkjujörð um fram það, er byggingarbrjef áskildi, og skulu þá matsmenn meta jörðina, eins og engar slíkar bætur hefðu verið gjörðar, þegar ábúandi sá, er þær gjörði, ekkja hans eða niðjar eru kaupendur.

9. gr.

Jafnframt því, er sýslumaður kveður matsmenn samkvæmt 7. gr., skal hann útvega frá umráðamanni jarðarinnar skýrslur þær viðvíkjandi jörðinni, sem matsmenn þurfa, samkvæmt 7. og 8. gr., við mat sitt og lýsing á jörðinni, lætur sýslumaður skýrslur þessar fylgja útnefningarbrjefum til matsmanna. Umráðamanni jarðar er skylt, að láta skýrslur þessar í tje innan hæfilegs tíma, er sýslumaður tiltekur.

10. gr.

Lýsingu og matsgjörð sína á jörðu senda matsmenn, ásamt öllum tilheyrandi skjölum, til sýslumanns, er síðan lætur matsmennina staðfesta gjörðina fyrir rjetti, að til kvöddum kaupbeiðanda og umráðamanni jarðarinnar.

Beiðnina um kaupin, lýsingar og matsgjörðina, ásamt öllum öðrum málsskjölum, sendir sýslumaður að því búnu umráðamanni jarðarinnar, en hann afgreiðir málið áleiðis til landsstjórnarinnar, ásamt áliti sínu um það, svo fljótt, sem því verður við komið.

11. gr.

Nú vill eigandi jarðar, sem kirkjujörð á ítak í, leita kaups á ítakinu, og má þá selja honum það, ef samkomulag næst við umráðamann kirkjujarð-

ar og önnur atvik eru því eigi til fyrirstöðu. Fer þá um beiðni, mat og afgreiðslu málsins á sama hátt og um kirkjujarðir eftir 6.—10. gr.

12. gr.

Landsstjórnin getur, þyki henni sjerstakar ástæður til, skipað fyrir um yfirmat á jörðum þeim og ítökum, sem til kaups eru föluð. Yfirmatsmenn skulu vera þrír og fer um kvaðning þeirra, sem segir í 7. gr.

Nú vill stjórnin ekki hlýta yfirmati og þarf þá sjerstakrar lagaheimildar til þess, að jörðin sje seld.

Borgun fyrir útnefningu matsmanna, matsgjörðina og staðfesting hennar, greiðir kaupbeiðandi sjálfur.

13. gr.

Nú kaupir ábúandi kirkjujörð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá greiða að minsta kosti tíunda hluta kaupverðsins um leið og kaupin eru gjörð. En um eftirstöðvarnar fer þannig, að ábúandinn gefur út skuldabrjef fyrir þeim með fyrsta veðrjetti í jörðinni, og greiðir þær síðan ásamt 4% í ársvöxtu með jöfnum árgreiðslum á eigi lengri tíma en 28 árum.

Kaupandi skal með hverri afborgun senda vottorð hlutaðeigandi hreppsstjóra um, að jörðin sje í sjálfsábúð.

Nú gengur jörð, sem seld hefur verið ábúanda samkvæmt lögum þessum, úr sjálfsábúð, áður en kaupverðið er að fullu greitt, og falla þá eftirstöðvar jarðarverðsins jafnskjótt í gjalddaga.

14. gr.

Nú er kirkjujörð eða ítak selt eftir lögum þessum, og ákveður ráðherrann söluverðið, sem þó aldrei má vera minna en verð það, sem metið hefur verið samkvæmt 7.—12. gr., og gefur út afsalsbrjef fyrir hinu selda. Öll skjöl, er snerta söluna, skulu lögð fyrir næsta alþingi til athugunar.

Um selda kirkjujörð fer, að því er skatt og gjaldheimtu snertir, sem um bændajörð.

15. gr.

Andvirði seldra kirkjujarða og ítaka skal leggja í sjerstakan sjóð, er nefnist kirkjujarðasjóður, og stendur beint undir landsstjórninni. Í þennan sjóð skal enn fremur leggja peningaeign prestakalla.

16. gr.

Eign kirkjujarðasjóðsins skal ávaxta sem óskerðanlegan höfuðstól, og skal árlega leggja við innstæðuna 5% af árstekjunum, en að öðru leyti ganga vextirnir í landssjóð til að launa sóknarpresta þjóðirkjunnar.

17. gr.

Höfuðstól kirkjujarðasjóðsins skal ávaxta sem tryggilegast.

Skal það gjört annaðhvort með því, að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildar landsbanka Íslands eða önnur jafntrygg verðbrjef, eða þá með útlánum eftir sömu reglum og gilda um lán af ómyndugra fje.

Sjeu verðbrjef keypt handa sjóðnum eða veðskuldabrjef tekin fyrir útlánum, skal geta þess á brjefunum, að þau tilheyri kirkjujarðasjóðnum og að eigi megi afhenda þau án leyfis landsstjórnarinnar.

18. gr.

Landsstjórnin semur í byrjun hvers almanaksárs reikning sjóðsins fyrir hið umliðna ár. Reikninginn skal auglýsa í B-deild Stjórnartíðindanna og síðan leggja fyrir hvert reglulegt alþingi til athugunar reikninga tveggja síðastliðinna ára með fylgiskjölum.

Ed. **359. Nefndarálit**

í málinu frumvarp til laga um farandsala og umboðssala.

Nefnd sú er háttvirt efri deild kaus til þess að íhuga frumvarp þetta, hefur fallist á aðalefni þess og ákvæði. Leggur því til að deildin samþykki frumvarpið með þeim smábreytingum, er hjer fara á eftir.

Fyrsta breytingin er fólgin í því að lækka viðbótargjald það, er farandsölum er gjört að skyldu að greiða, úr 100 kr. niður í 50 kr., og lýtur breyting sú að því, að gjöra þeim eigi of erfitt fyrir að hafa vörur á boðstólum fyrir verksmiðjur eða firma, er eigi geta búist við stórri sölu hjer á landi.

Önnur breyting er að eins orðabreyting.

Hin síðasta, er færir lágmark sektanna niður í 10 kr. úr 50 kr., er gjörð með tilliti til hugsanlegra smábrota, t. d. brota á móti 7. gr., sem kynnu að vera svo smávægileg eða þess eðlis, að 50 kr. sekt virtist of há.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 3. gr. 3. og 4. línu að ofan: Í stað »100« komi: 50, í stað »300« komi: 250 og í stað »400« kom: 300.
2. Við 6. gr. Í stað: »samkvæmt fyrirmælum laga nr. 28, 7. nóvemb.« komi: sbr. lög nr. 28, 7. nóvember.
3. Við 8. gr. 2. línu að ofan: »Í stað »50», komi: 10.

Í sambandi við ofan áminst frumvarp hefur nefndin fundið ástæðu til að bera fram frumvarp til laga um breyting á 2. gr. laga 7. nóvemb. 1879 um breytingar á eldri lögum um siglingar og verslun á Íslandi, er gengur út á það, að hækka gjald fyrir verslunarborgarabrjef, úr 50 kr., sem þar er svo ákveðið, upp í 200 kr.

Nefndin lítur svo á, sem hinn afargreiði aðgangur að kaupmensku hjer á landi sje mjög svo varhugaverður, ef ekki hreint og beint skaðlegur, ekki að eins fyrir hina ungu innlendu kaupmannastjett vora, sem er orðin allfjölmenn í orði kveðnu, heldur einnig fyrir þjóðfjelag vort í heild sinni. Það er sem sje alkunnugt, að fjöldi manna árlega hleypur frá ýmsum störfum sínum til þess að leita sjer atvinnu sem kaupmenn, án þess þeir í minsta máta sjeu starfi sínu vaxnir eða hafi fjárhagslegar kringumstæður til þess, að hefja slíka atvinnu svo vit sje í, eða til framfara fyrir viðskiftalífið.

Eigi allsjaldan ber það við, að menn, sem hafa góða atvinnu, handverk, fiskiveiðar o. s. frv. leggja hana niður, fá í lið með sjer nokkra kunningja til þess að útvega sjer lán, og byrja svo eingöngu með því fje að kaupa inn vörur, misjafnlega þarflegar, misjafnlega góðar og af misjafnlega trúverðugum farandsölum. Þegar þannig er stofnað til verslunarinnar, er ekki að furða, þó illa fari, enda er það hið tíðasta, að kaupmenskan verður ekki löng og endar með algjörðu fjeleysi, ekki að eins fyrir þá sjálfa, heldur og stundum fyrir þá, er þeir hafa dregið með sjer út í skuldafenin, auk þess sem slíkir menn gjöra skaða með því, að veikja lánstraust íslensku kaupmannastjettarinnar.

Þetta er nú önnur hlið málsins. Hin er sú, að 200 kr. gjald fyrir kaupmenskuborgarabrjef virðist ekki of hátt, þegar tekið er tillit til, hvern rjett slíkt brjef veitir hjá oss.

Í Danmörku og ýmsum fleiri löndum er verslunaratvinnunni skift. Fyrst í smásölu og stórsölu og svo smásalan aftur flokkuð eftir ýmsum vörutegundum, sem heyra undir ákveðna grein kaupmensku. Þannig getur ekki sami maður verslað með glysvarning, slátur, kol o. s. frv., nema því að eins, að hann hafi leyst leyfisbrjef til verslunar fyrir hvert um sig. En hjá oss er þetta vel mögulegt, og enda altítt. Þar sem nú verslunarleyfisbrjef vort gefur þannig ótakmarkaðan rjett, bæði til stórkaupmensku og smásölu og auk þess til allra vörutegunda, virðist full ástæða til að hækka gjaldið til muna, eins og frumvarp vort fer fram á. Vjer viljum því eindregið leyfa oss að ráða háttvirtri deild til að samþykkja það, jafn framt frumvarpinu um umboðs- og farandsala.

Alþingi, 21. ágúst 1907.

Jóh. Jóhannesson,	Aug. Flygenring,
formaður.	skrifari og framsm.

Guðjón Guðlaugsson.

Nd. **360. Viðaukatillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Flutningsmenn: Hannes Þorsteinsson. Ólafur Ólafsson. Guðl. Guðmundsson. Eggert Pálsson.

Við 21. gr. Á eftir 6. málsgrein bætist við ný málsgrein:

Úr viðlagasjóði má lána Bergi Helgasyni og Karli Finnbogasyni 60,000 krónur til stofnunar lýðháskóla með fyrirmyndarbúi á Suðurlandsundirlendinu. Lánið veitist gegn væntanlegri á-

byrgð sýslufjelaga Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, ávaxtast með 4% árlega, sje afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á næstu 30 árum.

Nd. **361. Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1908 og 1909.
Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Stefán Stefánsson, Eyf., Pjetur Jónsson.

Við 7. gr. 1. Eftir »500,000« komi: og má við það bæta 200,000 kr., ef með þarf.
2. Í stað: »10 árum«, komi: alt að 20 árum.

Nd. **362. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1908 og 1909.
Flutningsmenn: Pjetur Jónsson, Lárus H. Bjarnason. Stefán Stefánsson, Eyf.,

Við 13. gr. C. 1. 1. málsgrein:
Í stað: »alt að 8 árum«, komi: alt að 4 árum.

Nd. **363. Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir 1908 og 1909.
Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Stefán Stefánsson, Eyf., Pjetur Jónsson.

Við 13. gr. D.
Eftir 9. lið komi nýr liður svo hljóðandi:

Til talsíma frá Borgarnesi til Stykkishólms (seinna árið)	53.750	
Hjer af væntist annarsstaðar frá	17.917	35.833
eða til vara:		
Til talsíma frá Búðardal til Stykkishólms	47.350	
Hjer af væntist annarsstaðar frá	15.783	31.567

Liðatalan breytist eftir þessu.

Nd. **364. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1908—1909.
Flutningsmenn: Lárus H. Bjarnason, Stefán Stefánsson Eyf., Pjetur Jónsson.

Við 14. gr. B III. Í stað a og b komi: laun . . . . . 3400—6800
Liðatalan breytist eftir því og samlagning.

Nd. **365. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1908—1909.
Flutningsmaður: Lárus H. Bjarnason.

Við 15. gr. 15. Liðurinn falli burt.

Nd. **366. Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1908—09.
Flutningsm.: Lárus H. Bjarnason, Stefán Stefánsson Eyf., Pjetur Jónsson.

Við 16. gr. 6 bætist:
Fjelagsstjórnin sendi stjórnaráðinu árlega reikning fjelagsins með fylgiskjölum, enda leggi stjórnarráðið reikninginn fyrir næsta alþingi til yfirskoðunar og álits.

Nd. **367. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Flutningsm.: Björn Bjarnarson.

Við 13. gr. D. II. 1. »94,600 kr.« falli burt.

Nd. **368. Breytingartillaga**
við breytingartillögu við frv. til fjárl. f. 1908 og 1909 á þingskj. 330.
Flutningsm.: Björn Bjarnarson.

Við 2. lið: Liðurinn falli burt.

Ed. **369. Frumvarp**
til laga um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

Í staðinn fyrir 1. gr., 4. gr., 5. gr., 6. gr., 12. gr. 1. málslið, 18. gr. 1. málslið, 20. gr., 23. gr. 1. málsgrein tilskipunar 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, komi svo hljóðandi greinar:

1. gr.
(1. gr. tilskipunarinnar).
Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru kosnir bæjarfulltrúar auk borgarstjóra, sem er oddviti hennar.

Borgarstjóri skal kosinn af bæjarstjórn til 6 ára í senn og hefur hann að launum úr bæjarsjóði 4500 kr. á ári, auk 1500 kr. í skrifstofufje.

2. gr.

(4. gr. tilskipunarinnar).

Hinir kjörnu bæjarfulltrúar skulu vera 15 að tölu, og kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

3. gr.

(5. gr. tilskipunarinnar).

Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, karlar og konur, sem eru fullra 25 ára að aldri þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í bænum 1 ár, haf óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, og er ekki lagt af sveit, eða hafi þeir þegið sveitarstyrk, þá endurgoldið hann, eða verið gefinn hann upp. Konur kjósanda hafa kosningarrjett, þótt þær sjeu eigi fjár síns ráðandi vegna hjónabandsins, ef þær að öðru leyti uppfylla áðurgreind skilyrði fyrir kosningarrjetti.

Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefur.

4. gr.

(6. gr. tilskipunarinnar).

Í janúarmánuði 1908 skal kjósa fulla tölu bæjarfulltrúa. Gömlu bæjarfulltrúarnir fara jafnframt frá, en þá má endurkjósa. Af þeim bæjarfulltrúum er þá verða kosnir, fer einn þriðjungur frá eftir hlutkesti eftir 2 ár, annar þriðjungur eftir 4 ár, sömuleiðis eftir hlutkesti, og hinn síðasti þriðjungurinn eftir 6 ár. Í stað þeirra fulltrúa, er úr bæjarstjórninni ganga í hvert skifti, skal þegar kjósa jafn marga í hana til 6 ára. Á þennan hátt fer svo jafnan síðan einn þriðjungur hinna kjörnu bæjarfulltrúa frá annaðhvort ár og nýir bæjarfulltrúar kosnir í staðinn. Kosningar í bæjarstjórn fara jafnan fram í janúar.

5. gr.

(12. gr. 1. liður tilskipunarinnar).

Virðist borgarstjóra að ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald bæjarstjórnarinnar, eða að hún sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni með því að rita atkvæði sitt í gjörðabókina.

6. gr.

(18. gr. 1. málsgrein tilskipunarinnar).

Innan loka nóvembermánaðar ár hvert skal samin áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir hið næsta ár. Skal áætlun þessi rædd í bæjarstjórninni á tveimur fundum með hálfs mánaðar millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein út af fyrir sig, og skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin þá samþykkir hana, vera regla, sem

farið verður eftir, fyrir upphæð bæjargjalda og fjárstjórn næsta árs, án þess að æðra samþykkis þurfi við, nema í því tilfelli, sem getið er um í 19. gr. bæjarstjórnartilskipunarinnar. Áætlun þessa skal leggja til sýnis á bæjarþingsstofunni, eða öðrum hentugum stað, eigi skemur en fjórtán daga í desembermánuði ár hvert.

7. gr.
(20. gr. tilskipunarinnar).

Niðurjöfnunarnefnd skal jafna niður gjöldum eftir efnum og ástæðum. Í nefndinni skulu vera 11, 13 eða 15 menn, eftir því sem bæjarstjórnin ákveður. Nefndin skal kosin í nóvembermánuði. Kosningarrjett og kjörgengi til nefndarinnar hafa þeir bæjarbúar, sem kosningarrjett og kjörgengi hafa til bæjarstjórnarinnar, og skal kosningin fara fram og henni hagað á sama hátt og eftir sömu reglum eins og kosningu til bæjarstjórnar. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, fer minni hlutinn (5, 6 eða 7) frá eftir 3 ár og skal það ákveðið með hlutkesti, hverjir nefndarmenn skuli frá fara; en meiri hlutinn (6, 7 eða 8) fer frá eftir 6 ár, og þar á eftir fer minni og meiri hlutinn frá, til skiftis, á þriggja ára fresti

8. gr.
(23. gr. 1. málsgrein tilskipunarinnar).

Niðurjöfnunarnefndin skal jafna niður hinum árlegu gjöldum í febrúarmánuði ár hvert fyrir það ár, er þá stendur yfir. Skrá yfir niðurjöfnunina skal liggja til sýnis á bæjarþingsstofunni, eða öðrum hentugum stað, eigi skemur en 14 daga í marsmánuði ár hvert. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta septembermánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig til kaupstaðarins, eftir að aðalniðurjöfnunin fór fram, og skyldir eru til að greiða skatt. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í 14 daga, eins og að framan er sagt.

9. gr:

Heimilt er niðurjöfnunarnefnd að krefjast þess, að borgarar bæjarins sendi henni á þar til gjörðum eyðublöðum skýrslu um árstekjur sínar og aðrar upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Skylt er nefndinni, að halda þessum upplýsingum leyndum.

Hver borgari bæjarins getur heimtað, að hann sje tekinn upp á niðurjöfnunarskrá.

10. gr.

2., 3. og 4. gr. laga þessara koma í gildi 1. janúar 1908. Að öðru leyti fá þau gildi 1. júlí s. á.

Nd. **370. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909
Flutningsmaður: Jóhannes Ólafsson.

Við 15. grein 15. Liðurinn orðist þannig:
Verðlaun til Einars skálds Hjörleifssonar fyrir skáldrit hans: 1200 kr. fyrra árið.

Nd. **371. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Flutningsmaður: Jón Magnússon.

Við 15. gr. 4. a. Í stað . ... 1400 — 1600
komi: ... ... 1500 — 1800

Nd. **372. Breytingartillaga**

við breytingartillögu við frumvarp til fjárlaga 1908 og 1909 á þingskj. 329.

Flutningsmaður: Ólafur Thorlacius.

Breytingartillagan orðist svo:

Við 13. gr. D. II. 12. Liðurinn orðist svo:

Til talsímalagningar milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar fyrra árið	kr.	18,000
Hjer af væntist frá hlutaðeigandi hjeruðum 1/3 alt að.....	—	6,000
		12,000

Nd. **373. Frumvarp**

til laga um öryrkjastyrk.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í hverjum kaupstað og hreppi á landinu skal stofna styrktarsjóð handa öryrkjum. Í sjóð þennan rennur styrktarsjóður handa alþýðufólki, sem til er í kaupstaðnum eða hreppnum.

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr landssjóði, er nemur 1 krónu fyrir hvern gjaldskyldan karlmann og 50 aurum fyrir hvern gjaldskyldan kvenmann.

2. gr.

Gjaldskyldir til öryrkjasjóðsins eru allir, karlar og konur, sem eru fullra 18 ára og ekki yfir 60 ára, nema þeir, er nú skal greina:

a. Þeir, er njóta sveitarstyrks og aðrir, sem ekki geta unnið fyrir sjer vegna veiklunar á sál eða líkama.
b. Þeir, sem sæta hegningarvinnu.

Karlmaðurinn greiðir 2 kr. í sjóðinn á ári, en kvenmaðurinn 1 kr.

3. gr.

Í öryrkjasjóð rennur gjald fyrir leyfisbrjef til lausamensku samkv. 1. gr.

í lögum nr. 3, 2. febr. 1894 um breyting á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana.

4. gr.

Hreppsnefndir skulu fyrir lok janúarmánaðar ár hvert semja skrá um alla þá, er gjaldskyldir eru í hreppnum til sjóðsins. Í kaupstöðum semja 3 menn, er bæjarstjórn kýs úr sínum flokki, skýrslur þessar. Á skrána skulu þeir settir, er lögheimili hafa í kaupstaðnum eða hreppnum hinn 1. janúar; sje vafi um heimilisfang manns, skal hann settur á skrá í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem hann dvelur um áramótin. Á skrána skulu þeir settir, sem eru fullra 18 ára hinn 1. janúar, og sömuleiðis þeir, sem ekki eru fullra 60 ára hinn sama dag. Skráin skal rituð á prentuð eyðublöð, er stjórnarráðið útbýtir.

Lögreglustjórinn í Reykjavík og hver prestur, að því er prestakall hans snertir, er skyldur til að senda nefndum þessum skrá yfir hið gjaldskylda fólk, er dregin sje út úr manntalsskýrslunum í Reykjavík og sálnaregistrunum annars staðar.

5. gr.

Auk þess, sem gjaldendur eiga að greiða gjöld sín til öryrkjasjóðsins hver fyrir sig, þá eru menn og skyldir til að leggja fram gjöldin fyrir aðra svo sem nú segir:

a. Kvongaðir menn eiga að inna gjaldið af hendi fyrir konur sínar, meðan hjónabandinu er ekki slitið að lögum, enda sjeu þau til heimilis í sama hreppi.
b. Foreldrar og fósturforeldrar eiga að inna gjaldið af hendi fyrir börn sín og uppeldisbörn, sem vinna hjá þeim, eru á þeirra vegum eða þeir kosta til náms.
c. Húsbændur eiga að greiða gjaldið fyrir hjú sín og annað þjónustufólk sitt, sem er á framfæri með þeim.
d. Iðnaðarmenn eiga að greiða gjaldið fyrir starfsmenn (iðnnema og sveina) sína.
e. Kaupmenn, verslunarstjórar og aðrir verkveitendur eiga að greiða gjaldið fyrir þá, sem eru í fastri þjónustu hjá þeim.
f. Húsráðendur eiga að greiða gjaldið fyrir lausamenn og lausakonur, sem hjá þeim hafa lögheimili síðasta vistarár, svo og fyrir húsmenn, sem ekki hafa húsnæði út af fyrir sig.

Nú eru þessir menn öreigar að áliti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, og fellur þá niður skylda þeirra til að greiða gjöldin fyrir aðra. Þeir, sem greiða gjöldin fyrir aðra, hafa rjett til þess, að telja þau þeim til skuldar, sem gjaldskyldir eru, svo og til að halda gjaldinu eftir af kaupi þeirra eða launum.

6. gr.

Skrár þær, er gjörðar hafa verið um gjaldskyldu manna til öryrkjasjóðanna, skulu liggja almenningi til sýnis frá 1.—7. dags febrúarmánaðar ár hvert, á einhverjum hentugum stað í hreppnum eða kaupstaðnum, enda sje áður auglýst með viku fyrirvara, hvar skrárnar verði lagðar fram.

7. gr.

Nú álítur einhver, að maður sje ranglega talinn á skránni, eða einhverjum ranglega slept þar, og skal hann þá innan 15. dags febrúarmánaðar koma fram með mótbárur sínar eða kröfur í þessu efni til hlutaðeigandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, er leggur úrskurð á þær innan hálfs mánaðar þar frá. Úrskurðinum má skjóta til sýslumanns innan 15. dags marsmánaðar.

Síðan skulu skýrslurnar sendar hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta innan 15. dags aprílmánaðar.

Nú hefur sami maður verið settur á skrá í tveimur sveitarfjelögum og hefur hann þá rjett til að fá gjaldið endurgoldið úr sjóðnum í því sveitarfjelagi, sem hann átti ekki lögheimili í 1. janúar, og ber honum að sanna þetta fyrir hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta innan ársloka.

8. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn, innheimta gjaldið á manntalsþingum og koma því á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðsins; innheimtumenn fá 2% fyrir gjaldheimtuna.

9. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í hreppum sýslumenn, hafa á hendi reikningshald sjóðanna og geyma eignarskilríki þeirra. Reikningar sjóðanna fyrir hvert ár skulu fyrir lok janúarmánaðar sendir hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd og kýs bæjarstjórnin eða sýslunefndin 2 menn til að endurskoða þá, en bæjarstjórnin eða sýslunefndin úrskurðar reikningana. Í kaupstöðum sendir bæjarstjórnin stjórnarráðinu árlega skýrslu um hag sjóðanna; sams konar skýrslu sendir sýslunefndin stjórnarráðinu. Í Stjórnartíðindunum skal árlega birta skýrslu um hag sjóðanna í hverjum kaupstað og hverri sýslu.

10. gr.

Árgjöld til öryrkjasjóða má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. desbr. 1885 um lögtak eða fjárnám án undanfarins dóms eða sátta, og hafa gjöld þessi sama forgangsrjett í dánar- eða þrotabúi gjaldenda eins og skattar og gjöldin til landssjóðs.

11. gr.

Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju úthluta $^2/_3$ hlutum af gjaldi því, er það ár ber að greiða til öryrkjasjóðsins í kaupstaðnum eða hreppnum, og enn fremur hálfum styrk þeim, er lagður er til sjóðsins úr landssjóði á árinu, svo og hálfum vöxtunum af sjóðnum fyrir næsta ár á undan.

12. gr.

Sýslumaður skal fyrir lok júlímánaðar ár hvert skýra hreppsnefndunum frá því, hve mikil upphæð komi til úthlutunar á árinu úr öryrkjasjóðum

hreppanna, og hin sama skylda hvílir á bæjarfógetanum gagnvart bæjarstjórn, en hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu síðan birta þetta í hreppnum eða kaupstaðnum á venjulegan hátt fyrir lok ágústmánaðar.

13. gr.

Styrk þann, er úthluta skal ár hvert, veita bæjarstjórnir og hreppsnefndir fátækum öryrkjum, þó þeim einum, sem eru fullra 18 ára að aldri eða þar yfir, eiga heima í kaupstaðnum eða hreppnum, hafa ekki þegið sveitarstyrk árið áður og eiga framfærslurjett hjer á landi.

Við úthlutun styrksins skal einkum hafa fyrir augum, hve mikil og brýn þörf öryrkja er, og hvort hann hefur verið reglusamur og vandaður maður.

Styrkur til lækninga, borgun fyrir meðul, sjúkrahúsvist, umbúðir og slíkt, telst eigi sveitarstyrkur, þá er um öryrkjastyrk er að ræða.

14. gr.

Þeir, er vilja fá styrk úr öryrkjasjóði, skulu fyrir lok september ár hvert senda skriflega umsókn um styrkinn til hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, og á umsóknarbrjefið að fela í sjer þær upplýsingar, sem með þarf, til þess að geta dæmt um verðleika umsækjanda.

Beiðninni skulu fylgja vottorð einhvers málsmetandi manns um það, að upplýsingar þær, er í beiðninni standa, sjeu sannar.

15. gr.

Styrkurinn veitist fyrir lok októbermánaðar. Hann veitist fyrir eitt ár í senn, og má ekki vera undir 20 krónum.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1908, og ber að innheimta öryrkjasjóðsgjöld samkvæmt þeim í fyrsta skifti á manntalsþingum 1908.

17. gr.

Lög um styrktarsjóði handa alþýðufólki 11. júlí 1890 og lög um breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki 18. desbr. 1897 eru úr lögum numin.

Nd. **374. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga árin 1908 og 1909.
Frá Hermanni Jónassyni.

Við 13. gr. B. III. a. Fyrir »15.000—6.000 komi; 6.000—6.000.
Við 13. gr. B. III. b. Liðurinn falli burt.

Nd. **375. Breytingartillögur**
við frumvarp til fjárlaga fyrir 1908 og 1909.
Frá ráðherra.

1. Við 13. gr. B. Á eftir VII. komi nýr VIII. liður:
Til þess að gjöra nákvæmar landmælingar, er lagðar geti orðið til grundvallar við ákvörðun járnbrautarstæðis frá Reykjavík til Þjórsár, fyrra árið ..... 16.000 krónur.
2. Við 13. gr. C. 1. Aftan við 2. málsgrein athugasemdarinnar bætist:
Að fráskildum utanferðum strandferðaskipanna.
3. Við 13. gr. D. II. 4. Í stað: »fyrra árið« komi: »síðara árið«, og upphæðin færist aftur.
4. Við 13. gr. D. II. 5. Framan við liðinn, á eftir tölunni 5, bætist stafmerkið a, og aftan við liðinn bætist nýr undirliður
b. Til þess að koma álmu þessari til Reykjavíkur eða innleysa og endurbæta núverandi talsímalínu milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar . . . . . 5,000 kr.
Samtalan verði innanstryks . . . . . 19,000 kr.
5. Við 13. gr. D. II. 10. Í stað »27,000« fyrra árið, komi: 34,000.
6. Við 13. gr. D. II. 11. Á eftir töluliðnum, er færist aftur fyrir aðrar fjárveitingar sbr. D. II., komi athugasemd svo hljóðandi:
Það skal jafnan vera skilyrði fyrir því, að stofnsettar sjeu landsímastöðvar til almenningsnota á öllum framangreindum símaleiðum, að hreppurinn ábyrgist og kosti að sínum hluta starfræksluna, eftir þeim reglum, sem nú gilda um stofnun venjulegra landsímastöðva og stjórnin nánar ákveður.
7. Við 13. gr. D. II. 12. Liðurinn orðist svo:
Til talsímalagningar milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar... ..... kr. 18,000 (síðara árið).
Hjer af væntist annarsstaðar frá — 6,000
——————— kr. 12,000.

Nd. **376. Frumvarp**

til laga um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Hafnarfjarðarverslunarstaður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarrjettindum. Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi: Úr sjó utanvert við Balatún, sjónhending eftir takmörkum Hafnarfjarðarhrauns og Dysjamýrar, þar til kemur á hinn forna veg frá Görðum til Reykjavíkur. Eftir þeim vegi í Engidal. Þaðan eftir nyrðri brún Hafnarfjarðarhrauns, þar til kemur móts við austurhorn Hraunsholtstúns. Þaðan bein stefna yfir neðanverðan Kaplakrika í vörðu á háholtinu fyrir ofan Jófríðarstaði; þaðan yfir Fuglstapaþúfu efri beina leið í sjó fram. Kaupstaðurinn skal skyldur til, að setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og viðhalda þeim.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

2. gr.

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn. Í henni eru kosnir bæjarfulltrúar auk bæjarstjóra, sem er oddviti hennar. Bæjarstjóri skal kosinn af bæjarstjórn til 6 ára í senn, og skal hann launaður af bæjarsjóði.

Bæjarstjóri hefur því að eins atkvæðisrjett á fundum, að hann sje jafnframt bæjarfulltrúi.

3. gr.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd á ákvörðunum þeim, er bæjarstjórnin gjörir, og í bæjarmálefnum yfir höfuð. Þó má bæjarstjórnin fela einum eða fleiri mönnum úr sínum flokki, að framkvæma einstök bæjarstörf, eftir reglum, sem hún sjálf setur. Allir bæjarfulltrúar eru skyldir að taka að sjer þau sjerstöku bæjarstörf, sem bæjarstjórnin þannig felur þeim.

4. gr.

Bæjarfulltrúar skulu vera 7; þó má ráðherra breyta tölu þeirra, ef þörf gjörist, eftir tillögu bæjarstjórnarinnar. Skulu bæjarfulltrúar kosnir af bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

5. gr.

Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, karlar og konur, sem eru 25 ára að aldri þegar kosningin fer fram, hafa átt lögheimili í bænum 1 ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, eru ekki öðrum háðir sem hjú og standa eigi í skuld fyrir sveitarstyrk -- ef þeir greiða skattgjald til bæjarsjóðs. Konur kjósenda hafa kosningarrjett, þótt þær sjeu eigi fjár síns ráðandi vegna hjóna-

bandsins og þótt þær eigi greiði sjerstaklega gjald í bæjarsjóð, ef þær að öðru leyti uppfylla áður greind skilyrði fyrir kosningarrjetti.

Kjörgengur er hver sá, er kosningarjett hefur. Þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, heldur eigi foreldrar og börn, nje móðurforeldrar, eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Heimilt er og konum jafnan að skorast undan kosningu.

6. gr.

Bæjarfulltrúar skulu kosnir til 6 ára. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta sinn, fara 2 frá eftir hlutkesti að tveim árum liðnum, aðrir 2 eftir 4 ár, og þeir 3, sem þá eru eftir, eftir 6 ár. Sömu reglu skal úr því fylgt með endurnýjun bæjarstjórnar, eftir aldursröð án hlutkestis.

Ef einhver fulltrúi fer frá áður en 6 ár eru liðin frá kosningu hans, skal þegar kjósa annan í hans stað, og hefur sá fulltrúi sýslan á hendi að eins um þann tíma, er vantaði upp á, að hinn hefði verið 6 ár, sem frá fór.

7. gr.

Fulltrúakosningar skulu fara fram einhvern hinn fyrsta virkan dag eftir nýár, nema þegar svo stendur á, að kjósa þarf aukreitis. Svo skal kosningu undirbúa, að skrá sje samin um þá, sem kosningarrjett eiga; þá skrá skal kjörstjórnin semja, en kjörstjórar eru: bæjarstjóri og tveir fulltrúanna, er bæjarstjórnin til þess kýs. Kjörskráin skal liggja öllum kaupstaðarbúum til sýnis á hentugum stað um hálfan mánuð á undan kjördegi. Mótbárur gegn kjörskránni, er lúta að því, að nokkur sje oftalinn eða vantalinn, á að bera upp fyrir kjörstjórninni að minsta kosti 3 dögum á undan kjördegi, og leggur hún þá úrskurð sinn á málið.

8. gr.

Formaður kjörstjórnarinnar skal boða stað og stund, er kosningar skulu fram fara, að minsta kosti viku á undan, og á þann hátt, sem þing alment eru boðuð í kaupstaðnum.

9. gr.

Hver sá, sem er kjörgengur, er skyldur að taka móti kosningu, nema hann sje sextugur að aldri, eða hann vegna heilsubrests eða annars hafi sennilega ástæðu til að skorast undan kosningu. Kjörstjórnin sker úr þessu, en láti hann sjer ekki lynda úrskurð hennar, skal málinu skjóta til bæjarstjórnarinnar. Sá, sem hefur gegnt fulltrúastörfum 6 ár eða lengur, er eigi skyldur að takast á hendur þá sýslu aftur, fyr en eftir jafnlangan tíma og hann hafði áður verið fulltrúi.

10. gr.

Sá, sem hefur eitthvað að kæra yfir kosningargjörð þeirri, sem fram hefur farið, eða yfir úrskurðum kjörstjórnarinnar, verður að bera mál sitt

skriflega undir bæjarstjórnina viku eftir að kosning hefur fram farið, eigi umkvörtun hans að verða tekin til greina. Innan hálfs mánaðar frá því, að kæruskjalið var afhent bæjarstjórninni, leggur hún úrskurð sinn á málið, og skal áður leita um það álits kjörstjórnarinnar. Kæra má skriflega úrskurð bæjarstjórnarinnar fyrir ráðherranum, innan hálfs mánaðar frá því, er úrskurðurinn var upp kveðinn. Þegar almennar kosningar hafa fram farið, fara bæjarfulltrúar þeir, er frá eiga að fara, þá fyrst úr bæjarstjórninni, er fullnaðarúrskurður er lagður á kærur þær, er fram kunna að hafa komið yfir hinni nýju kosningu.

11. gr.

Nú vill bæjarfulltrúi ganga úr bæjarstjórn, áður en sá tími er liðinn, sem hann er kosinn til, og skal bæjarstjórnin ákveða, hvort taka skuli beiðni hans til greina. Bæjarstjórnin ákveður enn fremur, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða honum vikið úr bæjarstjórninni um stund sökum atvika, er svifta hann kjörgengi; hún ákveður og, hvort bæjarfulltrúi skuli fara frá, eða víkja úr bæjarstjórninni um stund, af því að hann hefur vanrækt eða færst undan að gjöra það, er hann er skyldur til sem bæjarfulltrúi. Þó má sá, sem vikið er úr bæjarstjórn, kæra til ráðherrans á þann hátt, sem segir í næstu grein hjer á undan.

12. gr.

Bæjarstjóri stjórnar umræðum á fundum, og sjer um, að það, sem ályktað er, sje rjett ritað í gjörðabókina.

Fundir bæjarstjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði. Einstök mál má þó ræða innan luktra dyra, þegar bæjarstjórnin ályktar það.

Til þess að lögmæt ákvörðun sje gjörð, verður, auk bæjarstjóra, að minsta kosti helmingur bæjarfulltrúa að vera á fundi. Atkvæðafjöldi skal ávalt ráða. Sjeu jafnmörg atkvæði með og móti, fellur atkvæðisefnið, nema við kosningar, því að þá ræður hlutkesti.

Það skal kunngjört bæjarbúum, hvenær og hvar bæjarstjórnin heldur almenna fundi. Aukafundi má halda, þegar bæjarstjóra þykir nauðsyn til bera, eða að minsta kosta helmingur bæjarfulltrúa æskir þess.

Bæjarstjóri skal á undan fundum, að svo miklu leyti sem unt er, skýra bæjarfulltrúum frá því, hver málefni komi fyrir. Allir þeir bæjarfulltrúar, sem eru á fundi, skulu rita nöfn sín undir gjörðabókina við fundalok, og á sjerhver í bæjarstjórninni rjett á, að fá ágreiningsatkvæði sitt stuttlega bókað.

Bæjarstjórnin setur sjálf þingsköp sín, en ráðherrann samþykkir þau.

13. gr.

Virðist bæjarstjóra, að einhver ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út yfir valdsvið hennar, eða að ákvörðun sje gagnstæð lögum, eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni með því að rita álit sitt um það í gjörðabókina. Um þetta skal hann, svo fljótt sem verða má, senda ráðherranum skýrslu; en hann leggur úrskurð sinn á málið. Eftirrit af skýrslu

bæjarstjóra skal jafnframt senda bæjarstjórninni, svo að hún geti gjört athugasemdir sínar við hana, áður en hún fer til ráðherrans.

14. gr.

Í öllum þeim málum, er snerta uppeldi og uppfræðing barna, hefur formaður barnaskólanefndarinnar sæti og atkvæði á fundum bæjarstjórnarinnar.

15. gr.

Bæjarstjórnin kýs 4 menn til að vera í byggingarnefnd fyrir kaupstaðinn ásamt bæjarstjóra; skulu tveir þessara manna kosnir úr flokki bæjarfulltrúa.

16. gr.

Bæjarstjórnin kýs tvo menn til að sitja í hafnarnefnd ásamt bæjarstjóra; skal annar þeirra kosinn úr flokki bæjarfulltrúa.

17. gr.

Bæjarstjórnin kýs bæjargjaldkera, og veitir honum árlega þóknun. Skal hann skyldur til að hafa starf sitt á hendi að minsta kosti 3 ár, nema honum sje fyrirmunað það af einhverjum atvikum, er bæjarstjórnin tekur gild.

18. gr.

Bæjarstjórnin skipar embættismenn eða sýslunarmenn bæjarins og veitir þeim lausn. Lögregluþjóna og næturverði skipar bæjarstjórnin eftir tillögu bæjarfógeta, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis bæjarfulltrúanna.

19. gr.

Reikningsár kaupstaðarins er almanaksárið. Innan 1. dags októbermánaðar ár hvert skal bæjarstjórnin semja áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið næsta ár. Í áætluninni skal tilgreina tekjur þær, sem til eru til þess að borga með gjöldin, án þess að skattur sje lagður á bæjarbúa. Því, sem á vantar til að standa straum af bæjarþörfum, skal jafna niður á bæjarbúa eftir efnum og ástæðum.

Áætlun þá, sem þannig er samin, skal ræða í bæjarstjórninni á 2 fundum með viku millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina, grein fyrir grein, og greiða atkvæði um hverja grein fyrir sig. Skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin samþykkir hana, vera regla fyrir hæð bæjargjalda og fjárstjórn allri á næsta ári. Áætlun þessa skal leggja fram innan 1. dags nóvembermánaðar, og skal hún vera öllum til sýnis í hálfan mánuð.

Án samþykkis ráðherrans má eigi nokkurt ár leggja hærri bæjargjöld samtals á bæjarbúa, en sem svari meðaltali allra bæjargjalda þrjú síðustu árin, að fimtungi viðbættum.

20. gr.

Niðurjöfnun eftir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í bænum; þeir skulu greiða þar fult gjald eftir efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi og haft aðsetur annarstaðar; sje svo, má ekki leggja hærra gjald á þá en samsvari þeim tíma, er þeir hafa haft fast aðsetur í kaupstaðnum. Fast aðsetur í bænum skemmri tíma en 4 mánuði kemur ekki til greina.

Svo má og leggja gjald á fastar verslanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í kaupstaðnum, er sjeu rekin að minsta kosti um 4 mánuði af gjaldárinu, þó að eigendur þeirra hafi þar eigi fast aðsetur. Á þessa stofna skal leggja gjald, er samsvari útsvarinu eftir efnum og ástæðum eftir því, er hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði, án þess tillit sje haft til annara tekna eða eigna þess, sem í hlut á.

Á hvalveiði og síldveiði með nót, er utanhreppsmenn reka í kaupstaðnum, má gjald leggja, þótt atvinna þessi sje rekin styttri tíma en 4 mánuði af gjaldárinu. Einnig má leggja gjald á kaupfjelög og pöntunarfjelög, ef þau hafa leyst borgarabrjef, hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir veltu og arði í söludeild fjelagsins.

21. gr.

Fimm manna nefnd skal jafna niður gjöldum eftir efnum og ástæðum. Um kosningarrjett og kjörgengi til niðurjöfnunarnefndar gildir hið sama, sem á er kveðið um kosningarrjett og kjörgengi til bæjarstjórnar. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, og skal kosning fara fram í septembermánuði. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skifti, fara 2 frá að 3 árum liðnum; skal það, hverir frá fara, vera komið undir samkomulagi, en verði því eigi á komið, skal hlutkesti ráða. Síðan fara frá á hverjum þriggja ára fresti 3 og 2 nefndarmenn til skiftis. Um kosningaraðferðina í nefnd þessa gildir hið sama, sem fyr segir um kosningu í bæjarstjórn, að svo miklu leyti, sem við getur átt.

Enginn, sem skyldur er að taka á móti kosningu í bæjarstjórn, getur skorast undan að taka á móti kosningu í niðurjöfnunarnefndina, nema bæjarfulltrúarnir. Hver sá, er verið hefur 6 ár eða lengur, samfleytt, í nefndinni, er og undanþeginn starfa þessum jafn lengi og hann hefur í henni verið. Enginn má á sama tíma sitja í niðurjöfnunarnefnd og bæjarstjórn.

Niðurjöfnunarnefndin kýs sjer oddvita úr sínum flokki, og gildir hið sama um ályktanir hennar og atkvæðagreiðslu, sem um bæjarstjórnina (12. gr.).

22. gr.

Niðurjöfnunarnefndin jafnar niður hinum árlegu gjöldum í nóvembermánuði, samkvæmt áætluninni. Niðurjöfnunarskráin og skrá um gjöld bæjarins skal liggja öllum til sýnis hálfsmánaðar tíma fyrir árslok, annaðhvort á bæjarþingsstofunni, eða á öðrum hentugum stað, eftir að búið er að birta það opinberlega. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta júnímánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem hafa flutt sig til kaupstaðarins eftir að aðalniðurjöfnun fór fram, og skyldir eru að

greiða skatt samkv. 19. gr. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í hálfan mánuð, eins og sagt er að framan.

Kærur yfir hinni framlögðu niðurjöfnun skulu sendar niðurjöfnunarnefndinni skriflegar innan hálfs mánaðar frá því, að niðurjöfnunarskráin hefur verið til sýnis. Innan hálfs mánaðar þar á eftir skal nefnd þessi skriflega tilkynna kærandanum, hvort eða að hve miklu leyti krafa hans hafi verið tekin til greina. Ályktun þá, sem niðurjöfnunarnefndin hefur gjört, má svo innan hálfs mánaðar þar á eftir bera upp fyrir bæjarstjórninni, sem leggur úrskurð sinn á málið innan hálfs mánaðar. Kærur, sem koma fram eftir hinn tiltekna tíma, verða ekki teknar til greina.

Hverjum, sem settur er í bæjargjald, er heimilt að kvarta yfir skattgjaldi því, sem lagt hefur verið ekki að eins á sjálfan hann, heldur og á aðra, sem á niðurjöfnunarskránni standa, sem og yfir því, ef einhverjum er slept, sem þar á að standa. Ef kvartað er yfir gjaldi annars manns, eða yfir því, að einhverjum sje slept, skal þeim manni gefinn kostur á að segja álit sitt um það efni, áður en úr þessu er skorið í bæjarstjórninni eða niðurjöfnunarnefndinni.

Ekkert bæjargjald má bæjarstjórnin lækka eða hækka, nema svo reynist, að það hafi verið sett að minsta kosti 10% annaðhvort of hátt eða of lágt. Eigi má bæjarstjórnin heldur jafna gjaldi á neinn mann, sem slept hefur verið úr niðurjöfnunarskránni, nema gjald hans geti að minsta kosti numið því lægsta gjaldi, sem þegar hefur verið lagt á einhvern annan á niðurjöfnunarskránni.

Enginn getur með því að bera sig upp við bæjarstjórnina um skattgjald sitt, komist hjá því að greiða þann hluta skattsins, sem fallinn er í gjalddaga; en verði gjaldinu breytt, skal greiða aftur úr bæjarsjóði það, sem ofgoldið er.

23. gr.

Ef ágreiningur verður milli Hafnarfjarðarbæjar og einhvers annars sveitarfjelags um það, hvernig skifta eigi milli þeirra skattgjaldi einhvers manns, skal ráðherrann skera úr því.

Ef einhver þykist ekki vera skattskyldur í bænum, má hann leita um það dóms og laga.

24. gr.

Öll bæjargjöld skulu goldin fyrir 1. apríl og 1. okt. ár hvert, og ber bæjargjaldkera að innheimta þau, eins og aðrar tekjur kaupstaðarins. Sjeu þau eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga, ber að taka þau lögtaki.

Flytji skattskyldur maður sig úr bænum fyrir nýár, fellur alt það gjald burt, sem lagt er á hann sjálfan fyrir ár það, sem í hönd fer. Sá, sem flytur sig úr kaupstaðnum einhvern tíma á árinu, er að eins skyldur að greiða skatt til loka þess ársfjórðungs, er hann flytur sig. Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er að eins skyldur að greiða skatt frá 1. júlí.

25. gr.

Bæjarstjórn og sjerstaklega bæjarstjóri skal hafa nákvæmar gætur á fjárstjórn kaupstaðarins, og sjá um, að skattar og aðrar tekjur sjeu rjett heimt-

ar, og í tækan tíma; enn fremur gæta þess, að geymt sje og eftir atvikum ávaxtað fje bæjarins, þangað til á því þarf að halda, til að borga útgjöld hans.

Bæjarstjórnin skal hafa ábyrgð á innstæðum og öðrum eignum kaupstaðarins.

26. gr.

Gjaldkeri skal að minsta kosti einu sinni á hverjum 3 mánuðum gefa bæjarstjórninni nákvæma sjóðsskýrslu, er sýnir bæði, hvað goldist hefur í bæjarsjóð, og hvað úr honum hafi verið borgað. Eigi má gjaldkeri borga neitt úr bæjarsjóði, nema eftir ávísun frá bæjarstjórninni. Allar ávísanir skulu vera undirritaðar af bæjarstjóra og sjeu þær yfir 100 krónur, þá einnig að minsta kosti af 2 bæjarfulltrúum.

27. gr.

Fyrir opinber uppboðsþing, sem bærinn lætur halda í sínar þarfir, svo sem á vegavinnu, á því að útvega vinnu og varning í þarfir bæjarins o. s. frv., skal ekki goldið neitt.

28. gr.

Bæjarstjórnin er skyld að útvega og láta landsstjórninni í tje skýrslur þær, er hún kann að æskja, svo sem um fólkstal, skepnuhald, atvinnuvegi og annað ástand kaupstaðarins.

29. gr.

Bæjarstjórnin má ekki, án samþykkis ráðherrans, takast á hendur neina skuldbindingu til langframa, sem ekki beinlínis hvílir á henni samkvæmt lögum, ekki taka af innstæðufje kaupstaðarins, ekki selja nje veðsetja fasteignir hans, nje kaupa neina nýja fasteign, ekki taka stærri lán, nje lán upp á lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, nje heldur endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum.

30. gr.

Þegar við lok hvers reikningsárs skal gjaldkeri semja reikning yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins hið umliðna ár, og senda bæjarstjóranum fyrir lok janúarmánaðar. Bæjarstjóri lætur reikning þennan liggja öllum bæjarbúum til sýnis hálfan mánuð, og skal um birtingu þess, svo og um athugasemdir við reikninginn, fara á sama hátt og fyrir er mælt að framan í 22. gr. um niðurjöfnunina. Reikningurinn sje því næst vandlega yfirfarinn af yfirskoðunarmanni, er kosinn sje af kaupstaðarbúum þeim, er hafa kosningarrjett samkvæmt 5. gr. Skal hann kjörinn á sama hátt og fulltrúarnir, og hafa starfið á hendi 3 ár. Yfirskoðunarmaður skal hafa lokið ransókn sinni á reikningnum innan mánaðar frá því hann fjekk hann. Þegar gjaldkeri hefur

svarað athugasemdum hans, en það skal hann hafa gjört innan hálfs mánaðar, skal leggja reikninginn, ásamt athugasemdum endurskoðanda og svari gjaldkera, fyrir bæjarstjórnina, er leggur úrskurð sinn á athugasemdir yfirskoðunarmanns og veitir bæjargjaldkera kvittun. Enginn má taka þátt í úrskurði á athugasemd, sem snertir þau bæjarstörf, er honum hafa verið sjerstaklega falin á hendur (3. gr.).

Nú vill reikningshaldari, eða annar, sem hlut á að máli, eigi viðurkenna, að úrskurður bæjarstjórnarinnar sje rjettur, enda leggi úrskurðurinn honum peningaábyrgð á hendur, og má hann halda málinu til dóms og laga.

Þegar búið er að endurskoða og leggja úrskurð á reikning gjaldkera, getur bæjarstjórnin birt á prenti ágrip af honum, er bæjarstjóri semur, og skulu þá í ágripi því greind öll aðalatriði í tekjum og gjöldum kaupstaðarins.

31. gr.

Innan loka septembermánaðar ár hvert skal senda ráðherranum reikning yfir hið umliðna reikningsár með athugasemdum yfirskoðunarmanns og úrskurðum bæjarstjórnarinnar á þeim. Komi það fram, að bæjarstjórnin hafi greitt ólögmæt gjöld, neitað að greiða þau gjöld, sem löglega hvíla á kaupstaðnum, eða á annan hátt beitt ranglega valdi sínu, skal ráðherrann gjöra þær ráðstafanir, er við þarf, og ef nauðsyn ber til, getur hann með lögsókn komið fram ábyrgð á hendur þeim bæjarfulltrúum, sem hafa átt þátt í þessum ályktunum.

32. gr.

Ráðherrann gjörir ráðstöfun til, að lög þessi geti öðlast fult gildi 1. dag júnímánaðar 1908.

Ákvarðanir um stundarsakir:

Sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu annars vegar og bæjarstjórn Hafnarfjarðar hins vegar gjöra milli sín samning um skifti á eigum og skuldum sýslusjóðsins og sýsluvegasjóðsins. Ef nokkur ágreiningur verður um þau skifti, liggur hann undir fullnaðarúrskurð ráðherrans.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar og hreppsnefnd hins nýja Garðahrepps gjöra einnig milli sín samning um skifti á eignum, skuldum og ómögum hins núverandi Garðahrepps. Risi nokkur ágreiningur út af þeim skiftum, sker ráðherrann einnig úr.

Fyrsta fjárhagsár kaupstaðarins telst frá 1. júní 1908 til 31. desember sama ár.

Nd. **377. Breytingartillögur**
við frumvarp til fjárlaga fyrir 1908—1909.
Flutningsmenn: Pjetur Jónsson, Einar Þórðarson.

1. Við 15. gr. 33. Liðurinn falli burt.
2. — 16. — 6. Fyrir »49.000—49.000 komi: 51.000—51.000.
3. — — Á eftir þessum lið komi nýr liður þannig:
Styrkur til Helga Jónssonar til þess að halda áfram mýra- og grasfræðisransóknum, og til að hafa yfirumsjón með skóggræðslu landsins ... ... 3.000—3.000
Þar af ferðakostnaður eftir reikningi hvort árið alt að 1000 kr.
4. — — 7. Fyrir 14.000—14.000« komi: 11.000—11.000.
5. — — 8. Aftan við liðinn bætist:
Búnaðarfjelag Íslands hefur stjórn og umsjón sandgræðslunnar.

Nd. **378. Breytingartillögur**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909, eins og það var samþykt við 2. umr. í neðri deild.
Frá fjárlaganefndinni.

1. 2. gr. 8. tölul. Fyrir 80000—80000—160000 komi: 100000—100000—200000.
2. — — 9. — — 130000—130000—260000 — 165000—165000—330000.
3. — — 10. — — 110000—110000—220000 — 140000—140000—280000.
4. — — 11. — — 260000—260000—520000 — 330000—330000—660000.
5. — — 12. — — 9000—9000—18000 — 11500—11500—23000.
6. 13. gr. A. 4. Eftir staflið k. komi nýr liður:
l. Til að kaupa póstboxin, fyrra árið, kr. 1386,47.
7. 13. gr. B. III. Fyrir »10,000« fyrra árið (í Vestfirðingafjórðungi) komi: 8,000, og í athugasemdinni komi: 5,000 fyrir »7000«.
8. 13. gr. D. II. 1. Kr. »94,600« (síðara árið) falli burtu.
9. 13. gr. D. II. 3. Liðurinn falli burtu.
10. 13. gr. D. II. 8. Liðurinn falli burtu.
11. 14. gr. B. III. c. 1. og 2. Aftan við liðinn komi athugasemd: Styrkurinn veitist með sömu skilyrðum og við prestaskólann.
12. 14. gr. B. VII. k. Fyrir »5,000—5,000« komi: 5,000—6,500.
13. 15. gr. Aftan við greinina bætist:
Til veðursímskeyta innanlands 2,400—2,400.
14. 20. gr. Breytist að orðalagi og tölum eftir atkvæðagreiðslunni.

379. Viðaukatillaga.
við breytingartillögur á þingskjölum 344 og 370 við frumvarp til fjárlaga fyrir 1908 og 1909.
Flutningsm.: Lárus H. Bjarnason.

Fyrir framan orðin: »Verðlaun til« bætist: veita má.

Nd. **380. Breytingartillögur**
við frumvarp til fjárlaga 1908 og 1909.
Flutningsmaður Björn Bjarnarson.

1. Við 13. gr. D. II. Eftir 5. tölulið komi nýr liður:
Til símalagningar milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar eða til að kaupa og endurbæta síma þann, sem nú liggur þar (fyrra árið) kr. 5000,00.
2. Við 13. gr. D. II. 4. tölulið. Fyrir: »fyrra árið« komi: seinna árið.
3. Við 13. gr. D. II. 7. Upphæðin 48433 færist úr fyrra árs dálki í seinna árs dálkinn.
4. Við 13. gr. D. II. Fjárveitingarnar undir 1., 2., 3., 4., 5., 7., 8., 9. og 12. tölulið eru því skilyrði bundnar, að starfrækslan á talsímastöðvunum í hjeruðum þeim, sem símar þessir liggja um, verði kostuð af hlutaðeigandi hjeraðsbúum eftir gildandi reglum.
5, Við 14. gr. B. III. Eftir C. 2. komi 2 nýjar athugasemdir, sem orðist að öllu eins og athugasemdirnar á eftir B. I. 2. í sömu grein.

Nd. **381. Breytingartillaga**
við breytingartillögu við frumv. til fjárlaga 1908 og 1909 á þingskj. 372.
Flutningsmaður: Björn Bjarnarson.

Fyrir: »fyrra árið« komi: síðara árið.

Ed. **382. Tillaga**
til þingsályktunar um fiskimat.
Frá Sigurði Stefánssyni þm. Ísafjarðarkaupstaðar.

Alþingi skorar á stjórnina, að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga, er lögbjóði fiskimat á öllum fullverkuðum saltfiski, er flytst frá Íslandi til Spánar og Ítalíu, og að engan fisk megi flytja til þessara staða, nema lögskipaðir fiskimatsmenn hafi gefið vottorð um gæði hans.

Nd. **383. Breytingartillaga.**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Frá fjárlaganefndinni.

1, Við 14. gr. A. b. 5. Fyrir 2,500 kr. komi: 2,000 kr.

Nd. **384. Breytingartillaga**

við br.till. á þingskjali 330.

Frá Guðl. Guðmundssyni.

1. liður orðist þannig:

Við 13. gr. B. III. a. Við liðinn bætist 5000—5000.

Til vara: 5000 (síðara árið).

(Tölurnar í frv. breytist samkv. atkvæðagr. — Upphæðin ætluð til vegar frá Hólmsá að Skaftá í Vestur-Skaftafellssýslu).

Nd. **385. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 363, við frumv. til fjárlaga 1908 og 1909.

Flutningsm.: Lárus H. Bjarnason.

Verði breytingartillögurnar á þingskjali 341 samþyktar,

falli burtu setningin: »Hjer af væntist annarsstaðar frá 17,917—35,833«, og sömuleiðis: »Hjer af væntist annarsstaðar frá: 15,783—31,567«.

Ed. **386. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á 2. gr. laga um prentsmiðjur 4. des. 1886.

Frá Jóni Jakobssyni.

Við fyrirsögn frumvarpsins: Í stað orðanna »2. grein laga« komi: lögum.

Ed. **387. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907.

Frá nefndinni.

Í stað orðanna í 2. gr.: »veitist á eftir 7. lið« komi: veitast:

1. Við 7. g, viðhald á húsum síðara árið (endurveiting) kr. 700.
2. Við 7. h. húsbúnaður og áhöld . . . . . » 200.

Samtalan breytist eftir því.

Nd. **388. Breytingartillaga**

við breytingartillögu við frv. til fjárlaga 1908—1909, á þingskjali 340.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

(Við 16. gr.) Orðin: »og róðrabáta« í báðum málsliðum, falli burt.

Ed. **389. Frumvarp**

til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1904 og 1905.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

I. Tekjur.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	86,000,00	88,603,95
2. Húsaskattur	16,000,00	21,219,75
3. Tekjuskattur	32,000,00	48,042,23
4. Aukatekjur	68,000,00	88,194,35
5. Erfðafjárskattur	6,000,00	9,525,46
6. Vitagjald	20,000,00	24,970,85
7. Gjöld fyrir leyfisbrjef	6,000,00	9,242,37
8. Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	140,000,00	226,343,65
9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	200,000,00	332,287,56
10. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	200,000,00	244,598,05
11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	480,000,00	579,127,74
12. Aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og brjóstsykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	16,000,00	22,812,52
13. Leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verslun og veiting áfengra drykkja	40,000.00	36,300,00
14. Tekjur af póstferðum	80,000,00	141,109,83
15. Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	1,200,00	1,107,31
16. Óvissar tekjur	10,000,00	65,418,57
17. Tekjur af fasteignum landssjóðs, að frádregnum umboðskostnaði, prestmötu m. m.	46,000,00	42,175,14
18. Tekjur af kirkjum	170,00	165,15
19. Tekjur af silfurbergsnámum í Helgustaðafjalli	4,000,00	3,148,37
20. Andvirði Klapparlóðar	» »	16,183,05
21. Tekjur af brennisteinsnámum	» »	454,52
22. Tekjur af Eldey	» »	1,000,00
23. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	73,000,00	90,894,54
Borgað upp í lán, fjárveiting: 92,644 kr. 05 a. reikningur: 151,518 kr. 21 a.		
24. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	15,000,00	29.264,56
25. Innborganir frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	4,000,00	7,865,21
26. Endurgjald skyndilána til embættismanna	1,200,00	2,128,11
27. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000,00	13,790,18
28. Tillag úr ríkissjóði	120,000,00	120,000,00
Samtals	1,668,570,00	2,265,973,02

	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
II. Gjöld.		
1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	28,000,00	1,333,33
2. Til alþingis og kostnaður við yfirskoðun landsreikninganna	39,600,00	54,083,32
3. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæslu og lögreglustjórn o. fl.		
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	53,966,67	16,438,86
B. Dómgæsla og lögreglustjórn	176,030,00	175,427,86
C. Ýmisleg útgjöld	30,460,00	32,776,05
4. Til útgjalda við læknaskipunina	235,640,74	254,995,05
5. Til samgöngumála:		
A. Til útgjalda við póststjórnina	141,900,00	147,674,70
B. Til vegabóta	271,200,00	300,096,41
C. Til gufuskipaferða	197,600,00	194,083,33
D. Til ritsíma	70,000,00	» »
E. Til vita	21,237,00	18,023,77
6. Til kirkju og kenslumála:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	65,870,00	65,864,77
B. Til kennslumála	232,446,00	218,222,88
7. Til vísinda, bókmenta og verklegra fyrirtækja:		
A. Til vísinda, bókmenta og lista	78,870,00	75,420,91
Til verklegra fyrirtækja	332,700,00	378,789,81
8. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	5,200,00	21,585,92
9. Eftirlaun og styrktarfje	86,000,00	101,202,03
10. Til óvissra útgjalda	3,000,00	21,169,86
11. Útborganir samkvæmt fjáraukalögum og nýjum lögum	» »	187,904,96
12. Tekjuafgangur fjárhagstímabilsins	» »	879,20
Samtals	2,069,720,41	2,265,973,02

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desbr. 1905	kr.	1,172,028,28
Tekjueftirstöðvar landssjóðs s. d.	—	59,528,72
Peningaforði landssjóðs s. d.	—	590,855,32
þar af:		
í Landsbankanum á hlaupareikningi s. d.	kr. 370,000,00	
í Íslandsbanka - —— - -	— 140,000,00	

Ed. **390. Frumvarp**
til fjáraukalaga fyrir árin 1904—1905.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1904

og 1905, veitast 106,934 kr. 26 aur. til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—10. gr. hjer á eftir.

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 10. gr. fjárlaganna, veitast:

Við C. Ýmisleg útgjöld:

Við tölulið 1 b. til pappírs og prentunar Stjórnartíðindanna . . .		kr. 630,08
Við tölulið 1 c. til pappírs og prentunar Landshagsskýrslna		
1904	kr. 2620,35	
1905	— 259,30	— 2879,65
		Kr. 3509,73

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til útgjalda við læknaskipunina, veitast:

Við tölulið 7. útgjöld við holdsveikraspítalann	kr. 1665,71
Við tölulið 10. til að reisa sóttvarnarhús á Akureyri og Ísafirði .	— 330,00
	Kr. 1995,71

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast:

Við A. Til útgjalda við póststjórnina:

Við tölulið 2. til póstflutnings	kr. 799,13
Við tölulið 4. d, fyrir prentun á ýmsu	— 2990,71
e, til áhalda	— 311,43
h, óviss útgjöld	— 974,62
i, til viðhalds á húsi og áhöldum	— 275,40
Við tölulið 6. til að koma pósthúskjallaranum í lag og fyrir skúr undir póstkoffortin	— 391,04

Við B. Til vegabóta:

Við tölulið 1. b. ferðakostnaður verkfræðings landsins	— 223,39
— —— 4. til þjóðvega	— 5048,40
— —— 6. til að kaupa áhöld og verkfæri og viðhald þeirra .	— 1553,22
— —— 7. til brúargjörðar á Jökulsá	— 6234,73
— —— 9. til brúargjörðar á Lagarfljót og fyrir ferju að Steinsvaði	— 20881,10

Við E. Til vita:

Við staflið d 8. til að lengja vörslugarðinn fyrir vitanum á Skagatá	— 1311,98
	Kr. 40995,15

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju- og kenslumála, veitast:

Við A. Í þarfir andlegu stjettarinnar:

Við staflið b 9. til kostnaðar við milliþinganefnd í kirkjumálum:

greitt 1904 og 1905	kr. 986,50	
greitt 1906 fyrir prentun á frumvörpum nefndarinnar	— 630,24	kr. 1616,74

Við B. Til kenslumála:

Við III. Til hins almenna mentaskóla:

Við C. 4. til tímakenslu og prófdómenda 1904 og 1905		kr. 927,80

Við IV. Til gagnfræðaskólans á Akureyri:

Við c 3. ýmisleg útgjöld	kr. 285,07	
til tímakenslu 1905	— 202,40	— 487,47
		Kr. 3032,01

6. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 14. gr. fjárlaganna veitist:
Við tölulið 5 til útrýmingar fjárkláða 1904 og 1905 . . . . . kr. 40,323,27

7. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, er veitt er til óvissra útgjalda í 17. gr. fjárlaganna, veitast:

1. Kostnaður við milliþinganefnd í landbúnaðarmálum . . .		kr. 2953,67
2. —— —· —— - fátækramálum		— 4476,57
		Kr. 7430,24

8. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, er veitt er í fjáraukalögum 25. september 1902 og fjáraukalögum 20. október 1905 til sóttvarnarhúss á Seyðisfirði, veitast . . . . . kr. 376,87

9. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, er veitt er í 19. gr. fjárlaganna, sbr. lög 3. okt. 1903 um skipun á hinni æðstu umboðsstjórn Íslands, til að breyta landshöfðingjahúsinu í stjórnarráðsskrifstofur og til að búa þær út, veitast kr. 5011,45.

10. gr.

Eftirstöðvar af fje því, er veitt var til að bæta innsiglingu og skipalagi við Stokkseyri í 12. gr. B 7. í fjárlögunum fyrir árin 1902 og 1903, kr. 4259,83, endurveitast.

Ed.

391. Tillögur

yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1904 og 1905.

Alþingi ályktar:

1. Að ávísanir á verslunarhús í Kaupmannahöfn verði því að eins teknar sem gild borgun upp í tekjur landssjóðs, að þær sjeu borgaðar við sýningu.

2. Að landsstjórnin gæti þess, svo sem unt er, að landssjóður eða Fiskiveiðasjóður Íslands verði ekki fyrir skakkaföllum af lánum, sem veitt eru gegn veði í skipum eða veiðarfærum.
3. Að embættismönnum og sýslunarmönnum, sem taka laun úr landssjóði, sjeu eigi greiddir fæðispeningar á ferðalögum í landsins þarfir, nema sjerstök lagaheimild sje fyrir þeirri greiðslu.
4. Að landsstjórnin fari ekki út fyrir heimildina í 3. gr. fjárlaganna, að því er snertir styrkveitingar til húsabóta á þjóðjörðum.

Nd. **392. Frumvarp**
til laga um dánarskýrslur.
(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í þeim kirkjusóknum, er læknir býr í, má prestur ekki jarðsetja lík neins manns fyr en hann hefur fengið dánarvottorð hans frá lækni þeim, er stundaði hinn látna í banalegunni. Vottorðið skal læknir láta í tje ókeypis, ritað á eyðublað, er landlæknir lætur gjöra; skal þar tilgreina nafn hins látna, lögheimili, stöðu, dauðadag, dauðaár og dauðamein.

Nú deyr maður í kirkjusókn, er læknir situr í, og er ekki auðið að ná í lækni þann, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir sjeð hann í banalegunni, þá skal innan sólarhrings frá andlátinu sækja hjeraðslækni eða annan löggiltan lækni, búsettan í sókninni, ef kostur er, til að skoða líkið og semja dánarvottorð. Fyrir þá líkskoðun fær læknir 1 kr. auk ferðakostnaðar og dagpeninga, ef í sveit er, eftir þeim reglum, er gilda um störf hjeraðslækna. Skal greiða þann kostnað úr landssjóði.

2. gr.

Þá er prestur jarðsetur lík í kirkjusókn, þar sem enginn læknir býr, skal hann, auk venjulegra atriða (nafns, aldurs, stöðu, dánardags og greftrunardags), færa í kirkjubókina dauðamein hins látna eftir þeim upplýsingum, er hann getur bestar fengið.

3. gr.

Stjórnarráðið lætur prestum í tje eyðublöð undir dánarskýrslur. Skal semja skýrslu fyrir hvert prestakall eða hluta úr prestakalli í hverju læknishjeraði.

Þessar skýrslur skal prestur senda hjeraðslækni sínum ásamt dánarvottorðum, ef nokkur eru.

Hjeraðslæknir ransakar skýrslurnar með tilliti til dauðameina og bætir úr því, er hann finnur ábótavant; skal hann því næst semja eina dánarskýrslu fyrir alt hjeraðið eftir fyrirmælum landlæknis og senda þá skýrslu til landlæknis með öðrum ársskýrslum, og láta fylgja skýrslur prestanna.

Ed. **393. Frumvarp**
til laga um stofnun brunabótafjelags Íslands.
(Eftir 3. umr. í Nd.).

Verksvið fjelagsins.

1. gr.

Landsstjórnin gengst fyrir því, að á stofn sje sett brunabótafjelag með gagnkvæmri ábyrgð. Fjelagið nefnist brunabótafjelag Íslands. Það tekur að sjer brunabótatrygging á húseignum á Íslandi utan Reykjavíkur, sem eigi eru tryggingarskyldar í brunabótasjóði, stofnuðum eftir lögum nr. 26, 20. oktbr. 1905; ennfremur tryggir fjelagið lausafje á Íslandi gegn eldsvoða.

Stjórnarráðið semur reglugjörð fyrir fjelagið, ákveður flokkunarreglur, iðgjöld og tryggingarskilyrði, og setur yfir höfuð allar nánari reglur um starfrækslu fjelagsins, þó svo, að gætt sje ákvæða þeirra, er hjer fara á eftir.

2. gr.

Fjelagið er gagnkvæmilegt brunabótafjelag með ábyrgð landssjóðs fyrir alt að 600,000 kr., og tekur að sjer:

A. Trygging á $^5/_6$ hlutum verðs með hluttöku sveitarfjelaga í eldsvoðaábyrgðinni:
   1) á húseignum í kaupstöðum utan Reykjavíkur og í kauptúnum með 300 íbúum.
   2) á lausafje í kaupstöðum þeim og kauptúnum, er getið er í tölulið 1, og í Reykjavík.

B. Trygging á $^2/_3$ tjóns af eldsvoða á lausafje og á húseignum þeim utan Reykjavíkur, sem ekki verða trygðar eftir staflið A með hluttekning sveitarfjelags, og eigi eru heldur tryggingarskyldar í brunabótasjóði, er hreppur hefir stofnað.

3. gr.

Í kaupstöðum þeim og kauptúnum, sem um er rætt í 2. gr. A., skulu allar húseignir, hvort sem þær eru eign einstakra manna, fjelaga eða hins opinbera, að undanskildum húseignum landssjóðs, vátrygðar fyrir eldsvoða í brunabótafjelagi landsins.

4. gr.

Á þeim stöðum, er vátryggingarskylda á húseignum gildir samkvæmt 3. gr., hvort sem eru kaupstaðir eða kauptún, eiga menn rjett á að fá trygt í brunabótafjelaginu allskonar lausafje, þar með taldar verslunarvörur, og sömuleiðis skip og báta á landi eða í skipakví.

5. gr.

Eigendur húsa þeirra og lausafjár, sem fjelagið tryggir að 5/6 hlutum samkvæmt 2. gr. A., skulu sjálfir bera ábyrgð á þeim 1/6, sem fjelagið tekur ekki í ábyrgð, og er bannað, að vátryggja þann hluta fyrir eldsvoða í nokkurri stofnun innan lands eða utan.

6. gr.

Fjelaginu er skylt, að endurtryggja hjá öðrum brunabótafjelögum það sem einstakar vátryggingar, er fjelagið tekur að sjer, eru hærri en hjer segir:

A. með hluttöku sveitarfjelags í ábyrgðinni, trygging á húsi eða húsaþyrpingu í sameiginlegri brunahættu 10,000 kr. og lausafjártrygging 6,000 kr.

B. án hluttöku sveitarfjelags í ábyrgðinni, trygging á húseign 7,500 kr. og lausafjártrygging 4,500 kr.

Trygging með hluttöku sveitarfjelags í áhættunni.

7. gr.

Öll þau hús og alt lausafje, sem fjelagið tryggir, hvort er í Reykjavík eða í kaupstöðum þeim og verslunarstöðum, er um ræðir í 2. gr. A, skal hlutaðeigandi sveitarfjelag ábyrgjast að 1/5 hluta ábyrgðarinnar (1/6 hluta verðs), þó skal það engan þátt taka í þeim hluta ábyrgðarinnar, sem endurtrygður er, og þannig aldrei í meira en 10000 kr. af hverri hústrygging og 6000 kr. af hverri lausafjártrygging.

Hverju sveitarfjelagi skal færður til tekna hluti af iðgjaldinu að rjettri tiltölu við áhættu þess. Þenna hluta iðgjaldanna, ásamt vöxtum, skal fjelagið geyma og fara með sem iðgjaldasjóð, er sveitarfjelagið á, og ekki má af taka, nema til greiðslu þess, er á sveitarfjelagið kann að koma af brunabótum.

8. gr.

Ef brennur, greiðir fjelagið allar brunabæturnar. Það sem sveitarfjelagið á að greiða, skal, svo sem til vinst, taka af inneign þess í iðgjaldasjóði, en hrökkvi inneignin ekki til, skal greiða það, er á vantar, af sveitarsjóði innan missiris.

9. gr.

Nú hafa brunabætur verið greiddar af sveitarsjóði samkvæmt 8. gr., og skal þá sveitarstjórn jafna þeim niður á sveitarbúa á alt að 15 árum, nema upphæðin sje svo lítil, að hana megi að áliti sveitarstjórnar greiða sem önnur gjöld sveitarsjóðs án endurgjalds.

Niðurjöfnuninni skal haga svo, að brunabótum fyrir hús sje jafnað niður á allar húseignir í kaupstaðnum eða verslunarstaðnum að undanskildum húseignum landssjóðs, eftir verði bygginga, en brunabótum fyrir lausafje skal jafnað

niður á alla þá, sem gjaldskyldir eru til sveitar, sem aukaútsvari eftir efnum og ástæðum.

Um öll atriði, er snerta niðurjöfnunina, getur hver gjaldandi leitað úrskurðar sýslunefndar eða bæjarstjórnar, og er sá úrskurður fullnaðarúrslit.

Stjórnarráðið getur veitt samþykki sitt til þess, að brunabætur, er sveitarsjóður verður að greiða, endurgreiðist honum að öllu eða nokkru leyti af því fje. er annars ætti að greiða í iðgjaldasjóð sveitarfjelagsins.

Trygging án hluttöku sveitarfjelags í áhættunni.

10. gr.

Fjelagið getur tekið í brunabótaábyrgð hús og lausafje annarsstaðar en í kaupstöðum þeim og verslunarstöðum, sem eftir framanskráðum reglum taka þátt í áhættunni. Slíka ábyrgð tekur fjelagið þó ekki að sjer, nema með því einu skilyrði, að einungis $^2/_3$ af skaðanum endurgjaldist, og að sá $^1/_3$ hluti, sem ekki verður endurgoldinn, ekki sje trygður annarsstaðar.

11. gr.

Fjelagið má ekki, nema samþykki stjórnarráðsins komi til, taka í ábyrgð byggingar, er mundu vera tryggingarskyldar í brunabótasjóði eftir lögum 20. oktbr. 1905, ef stofnaður væri.

Almenn ákvæði.

12. gr.

Vátryggjendur í fjelaginu ábyrgjast, hver gagnvart öðrum, að fjelagið standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi að eins til eignar þeirrar, er vátrygð er í fjelaginu. Ábyrgðin skal ákveðin í hlutfalli við þann hluta eignarinnar, sem vátrygður er.

Skaðabóta má að eins krefjast af vátryggjendum í fjelaginu á þann hátt, að heimt sjeu inn aukaiðgjöld, er eigi sjeu hærri neitt ár, en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í brunabótaskírteininu.

13. gr.

Landssjóður ábyrgist með alt að 600,000 kr., að fjelagið uppfylli skyldur sínar. Geti fjelagið eigi af eigin ramleik borgað skaðabætur, er skylt er að greiða, leggur landssjóður til það sem á vantar, þó aldrei meira, en áðurnefnda upphæð.

Ef fjelagið hefur orðið að leita aðstoðar landssjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá, er það hefur þegið af landssjóði, að viðbættum 4%

í árlega vöxtu, endurgreiðast smátt og smátt, eftir því sem efni fjelagsins leyfa. Nú nemur fje það, er lagt hefur verið fram af landssjóði, að meðtöldum vöxtum meiru en 50,000 kr., og skal þá fjelagið gjöra tryggjendum, að greiða aukaiðgjöld, þannig, að það, sem fram yfir er 50,000 kr., endurgjaldist landssjóði á 10 árum í seinasta lagi ef hægt er, en ávalt skal gæta ákvæða 12. gr. um stærð aukaiðgjaldsins.

Af ábyrgðarupphæð landssjóðs má þegar afhenda fjelaginu alt að 20,000 kr. sem starfsfje, en greiða skal af því 4% árlega. Endurborga skal þetta fje af gróða fjelagsins, þá er varasjóður nemur 20,000 kr.

14. gr.

Að því er snertir lausafje, svo og húseignir aðrar en þær, sem vátryggingarskyldar eru samkvæmt 3. gr., má ganga úr fjelaginu við áramót að undan genginni uppsögn með 3 mánaða fresti, og gegn því, að vátryggiandi greiði iðgjald sitt til þess tíma, er hann fer úr fjelaginu, og sinn hluta af skaðabótum þeim, er á hafa fallið áður, ef þær nema meiru en sjóður brunabótafjelagsins.

Áður en nokkurt hús sje tekið úr trygging fjelagsins, verður sá, er trygginguna hefur fengið, að fá samþykki til þess frá öllum þeim, sem samkvæmt þinglesnu veðbrjefi, aðför eða kaupsamningi, eiga á einhvern hátt tillkall til hússins.

Enga byggingu má fella úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sje eigi greitt.

15. gr.

Fjelagið tekur eigi ábyrgð á tjóni, sem orsakast af jarðskjálfta eða ófriði, nje heldur á tjóni, sem af því leiðir, að vátryggjandi, kona hans eða nánustu erfingjar eru valdir að brunanum, af ásettu ráði eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi.

Fjelagið á auk þess rjett á, að draga alt að fjórðung af brunabótunum, er vátryggjandi hefur út af eldsvoðanum verið dæmdur í sekt fyrir brot gegn brunamálalögunum, eða hann hefur gengist undir það sjálfviljugur að greiða slíka sekt.

16. gr.

Tjón, sem eigi nemur meiru en 50 kr., verður eigi bætt, og sje það meira, skal draga þá upphæð frá brunabótunum. Við tryggingar, þar sem að eins er bættur skaðinn að $^2/_3$, má þó að eins draga frá 40 kr. Ef sjerstaklega stendur á, má fjelagsstjórnin þó gjöra undantekning frá þessum ákvæðum.

Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um tjón, er stafar af ráðstöfunum til þess, að hindra útbreiðslu eldsvoða, sem þegar er upp kominn.

17. gr.

Skaðabætur má eigi greiða af hendi fyr en haldin hefur verið rjettarrannsókn út af brunanum; þó má fjelagsstjórnin gjöra undantekning frá þessu, er tjónið eigi nemur meiru en 500 kr.

18. gr.

Bætur fyrir tjón á húsum má að eins greiða til þess að byggja upp á

sama stað eða gjöra við hús það, er brunnið hefur, sbr. þó 19. gr. Bætur fyrir húsgögn má að eins hafa til viðgjörðar þeirra eða til þess að útvega nýjan húsbúnað.

Við húsábyrgðir er fjelaginu skylt að tryggja það, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sje varið rjettilega, en er um húsgögn er að ræða, þá er það komið undir fjelagsstjórninni, hvort hún krefst tryggingar í þessu efni eða ekki.

Fjelagsstjórnin, ásamt sveitarstjórn, ef sveit er hluttaki, má veita undanþágu frá fyrsta lið þessarar greinar, þó svo að 15—20% af brunabótaupphæðinni sje þá dregið frá, nema almannahagur heimti, að vikið sje frá þessum ákvæðum.

19. gr.

Þegar eignir þær, er trygðar eru hjá fjelaginu, eru veðsettar, nær veðrjetturinn einnig til brunabótafjárins. Glati veðsetjandi rjetti sínum til brunabótanna, á veðhafi engu að síður heimting á greiðslu þeirra, svo sem með þarf til þess að borga kröfuskuld hans með eins árs vöxtum, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

20. gr.

Tryggingariðgjaldið hvílir á húseignum þeim, er trygðar eru í fjelaginu, og gengur í 2 ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, er á þeim liggja, nema sköttum til landssjóðs.

Öll iðgjöld til fjelagsins og virðingargjöld má heimta með lögtaki.

Um það fje, sem sveitarstjórnir jafna niður samkvæmt 9. gr., fer sem um önnur sveitargjöld.

21. gr.

Eindagi á öllum iðgjöldum skal vera 15. október. Nú eru eignir vátrygðar á öðrum tíma, og skal þá ávalt fyrsta vátryggingartímabilið teljast til 15. október þess, er næstur kemur eftir að vátryggingin byrjar, nema vátryggt sje til skemri tíma.

22. gr.

Í reglugjörð fjelagsins skulu sett nánari ákvæði um virðingar á eignum þeim, er trygðar eru hjá fjelaginu, og á tjóni því, er á þeim kann að verða. Skylda má sveitarstjórnir til og hreppstjóra, að veita fjelaginu aðstoð sína í því efni kauplaust.

Sveitarstjórnirnar í þeim sveitum, er þátt taka í áhættunni, eru yfirleitt skyldar til þess, að gæta hags fjelagsins kauplaust. Enn fremur ber þeim, að heimta inn iðgjöldin eftir nánari ákvæðum í reglugjörðinni.

Stjórn fjelagsins.

23. gr.

Fjelagið skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík, og stendur undir umsjón stjórnarráðsins. Fjelaginu stjórnar framkvæmdarstjóri, sem skipaður er af ráðherra Íslands. Fjelagið greiðir stjórnarkostnað, þar með talin laun framkvæmdarstjóra.

Þegar sameiginlegur brunabótasjóður er stofnaður eftir lögum 20. oktbr. 1905, skal hann hafa sömu stjórn sem brunabótafjelag Íslands og vera yfirleitt í samvinnu við það, þannig, að stjórnarkostnaðurinn skiftist milli þeirra eftir ákvæði stjórnarráðsins. Annars eru fjelagið og brunabótasjóðurinn reikningslega alveg óháð hvort öðru.

24. gr.

Áður en reglugjörð, flokkunarreglur, iðgjöld og tryggingarskilyrði eru sett, skal leita álits sveitarfjelaga þeirra, er hlut taka í ábyrgð. Þær sveitarstjórnir, er í hlut eiga, eiga rjett á að koma fram með tillögur um öll málefni fjelagsins, enda skal leita álits þeirra um öll málefni, er mjög eru mikilsverð, og þau atriði, er einkum koma þeim við.

25. gr.

Þegar fjelagið er orðið svo stórt, að ársiðgjöldin nema meiru en 75,000 kr., skal stjórnarráðið semja frumvarp til laga um breyting á stjórn þess í þá átt, að skipað sje fulltrúaráð til þess, að gæta hags sveitarfjelaganna og vátryggjenda. Þegar fengnar eru umsagnir hlutaðeigandi sveitarstjórna, skal frumvarpið lagt fyrir alþingi.

Um brunabótatrygging á eignum landssjóðs.

26. gr.

Á eignum landssjóðs — að undanteknum byggingum í Reykjavík — skal framvegis ekki fengin ábyrgð gegn eldsvoða. Í stað þess skal árlega leggja í tryggingarsjóð, er landssjóður á, svo mikið fje, að samsvari því, er hingað til hefur verið greitt fyrir brunabótatrygging á eignum landssjóðs.

Stjórn brunabótasjóðs landssjóðs skal falin brunabótafjelagi Íslands; fyrir það má veita fjelaginu þóknun, er stjórnarráðið ákveður. Að öðru leyti er enginn fjelagsskapur með brunabótafjelaginu og brunabótasjóði landssjóðs; ef síðastnefndur sjóður með vöxtum hrekkur eigi til þess að greiða tjón af eldsvoða á eignum landssjóðs, þá verður landssjóður að bera skaðann að öðru leyti.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um þetta atriði.

Reikningar, snertandi brunabótasjóð landssjóðs, skulu árlega fylgja landsreikningnum og skulu yfirskoðunarmenn landsreikninganna einnig yfirfara þá.

Um það, hvenær fjelagið taki til starfa.

27. gr.

Landsstjórnin sjer um, að lög þessi komi til framkvæmda og brunabótafjelag það, er ræðir um í lögunum, taki til starfa svo fljótt, sem verða má.

28. gr.

Brjóti vátryggjandi móti lögum þessum eða reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varðar það rjettarmissi til brunabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugjörð nánar til tekur.

Í reglugjörð má ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 5—500 kr., er renni í sjóð þann, sem brotið er við.

29. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed. **394. Breytingartillögur.**

við frumvarp til laga um útgáfu lögbirtingablaðs.

Frá Sigurði Stefánssyni og Jóh. Jóhannessyni.

2. Við 1. gr. Síðari málsgrein falli burtu.
2. — — Til vara.
Málsgreinin orðist þannig:
Í blaði þessu má og birta auglýsingar um seldan óskilafjenað.

Nd. **395. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um öryrkjastyrk.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Við 2. gr. Í stað orðanna: »Karlmaðurinn greiðir 2 kr. í sjóðinn, en kvenmaðurinn 1 kr.« komi: »Karlmaðurinn greiðir 1 kr. í sjóðinn, en kvenmaðurinn 30 aur.«

Nd.

396. Frumvarp

til laga um brunamál.

Eftir 2. umr. í Nd.

I. kafli.

Um tilhögun húsa og eldstæða.

1. gr.

Þá er ný húseign er reist, hvort heldur er einstakt hús eða fleiri hús en eitt, sem ætluð eru til sameiginlegra afnota og standa á sömu lóð, skulu vera auð millibil milli hennar og annara húseigna, svo stór sem hjer segir:

a. 20 álnir, ef báðar húseignirnar eru úr timbri, ójárnvarðar.
b. 15 álnir, ef önnur húseignin er úr steini, torfi eða úr timbri járnvarin, en hin úr timbri ójárnvarin.
c. 10 álnir, ef báðar húseignir eru úr steini, torfi eða úr timbri járnvarðar.
d. 5 álnir, ef eldvarnarveggur er fyrir annari húseigninni, að minsta kosti 6 þumlungum hærri, en veggir þess húss, sem eldvarnarveggurinn stendur við, enda sje það hús með eldtraustu þaki, en eldtraust þök skulu talin járnþök og önnur málmþök, helluþök og tjörupappaþök einföld eða tvöföld, ef þykt pappans eða pappalaganna til samans er að minsta kosti $1^{3}/_{10}$ línu.
e. Loks mega húseignir vera samfastar, ef milli þeirra er sameiginlegur eldvarnarveggur, að minsta kosti 6 þuml. hærri en hærri húseignin.

Eldvarnarveggir skulu vera að minsta kosti 7 þuml. þykkir, hlaðnir úr steinlímdu grjóti eða úr steinsteypu, og mega eigi vera í þeim viðir eða neinskonar op.

Nú er húseign að nokkru leyti úr steini, torfi eða úr timbri járnvarin, en að nokkru leyti úr timbri ójárnvarin, og má þá enginn hluti hennar vera nær annari húseign, eða hluta af annari húseign, en svo, að hver einstakur hluti fullnægi þeim fjarlægðar-ákvæðum, er að framan eru sett um heila húseign af sömu gjörð.

2. gr.

Lýsisbræðsluhús, tígulofna og kalkofna má eigi byggja nær öðrum húseignum, en 50 álnir frá þeim.

3. gr.

Eigi má byggja hús til að geyma í skotelda, eða til þess að búa til í skotelda, nær öðrum húsum en 100 álnir frá þeim.

Hús til þess að geyma í púður eða önnur sprengiefni má eigi byggja, nema með sjerstöku leyfi lögreglustjóra.

4. gr.

Nú vill maður gjöra viðbót við húseign sína og skal þá fylgt framangreindum reglum um fjarlægð frá öðrum húseignum eftir gjörð viðbótarinnar, nema viðbótin komi eigi nær öðrum húseignum en hinn eldri hluti húseignarinnar og sje eigi miður eldtraust en hann.

5. gr.

Framangreind ákvæði um fjarlægð nýrra húseigna frá öðrum húseignum skulu einnig gilda, þá er húseignir eru endurreistar, eftir að þær hafa brunnið eða verið rifnar niður, ef hlutaðeigandi hefur nægilega stóra lóð til þess. Sje lóðin eigi nægileg til þessa, eða ef að eins nokkur hluti húseignarinnar hefur brunnið eða verið rifinn niður, má endurreisa hana á sama stað og með sömu gjörð og áður. Þessi undanþága nær þó eigi til slíkra bygginga, sem ræðir um í 2. og 3. gr.

6. gr.

Í smiðjum og trjesmíðavinnustofum, þar sem eldstæði er, eða farið er með eld, skulu veggir vera úr steini eða steinsteypu, eða reyrlagðir og kalkaðir innan, ef þeir eru úr trje; loftin skulu og vera reyrlögð og kölkuð, ef þau eru úr trje. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá þessu, ef smiðja eða trjesmíðavinnustofa er sjerstakt hús eða er í útihúsi, þar sem eigi er íbúð nje önnur eldstæði og eigi geymd eldfim efni, ef ekki verður álitið, að öðrum húsum stafi brunahætta af smiðjunni.

7. gr.

Herbergi, sem geyma á í hey, hálm eða önnur þess konar eldfim efni, skulu greind frá öðrum herbergjum þeim, er eldstæði eru í, með steinveggjum eða steyptum veggjum eða trjeveggjum reyrlögðum og kölkuðum þeim megin, er veit að herbergi því, sem eldstæði er í.

Dyr mega eigi vera að slíkum geymsluherbergjum frá eldhúsum með opnum eldstæðum eða frá smiðjum eða trjesmíðavinnustofum, slíkum er ræðir um í 6. gr.

8. gr.

Opin eldstæði (hlóð) má ekki hafa í þeim herbergjum, sem trjególf er í eða trjebitar í gólfi. Hlóð skulu jafnan svo hlaðin, að hvergi sje skemra en 24 þuml. frá eldstæðinu eða öskustónni að stoðum eða öðrum viðum.

Um ofna og eldavjelar, sem eftirleiðis verða sett upp, skulu þær reglur gilda, sem hjer segir:

1. Ofna og eldavjelar má eigi setja nær timburvegg en svo, að 8 þuml. sjeu í milli.
2. Pípur frá ofnum og eldavjelum mega eigi koma nær trje en svo, að 8 þuml. sjeu í milli: þær skulu liggja inn í reykháf og mega ekki liggja um herbergi, sem geymt er í hey eða ámóta eldfim efni.
3. Eldavjelar má setja á trjególf, ef $4^1/_4$ þuml. að minsta kosti er frá gólfi upp að botni eldavjelarinnar og gólfið undir eldavjelinni þakið með járnþynnu eða öðru eldtraustu efni.

4. Ofnar skulu standa á múruðum fæti eða á múrfyltum eða opnum járnfæti; sje rist í botni ofnsins, skal öskuskúffa vera í fætinum og skal þá vera undir skúffunni járnþynna, er tyllir út í holið, 2 þuml. frá gólfi að minsta kosti.
5. Þar sem ofnar eða eldavjelar standa á trjególfi, skal gólfið fram undan eldstæðinu þakið með einhverju efni, sem ekki er eldnæmt, t. d. með járnþynnu. Skal járnþynnan eða það, sem í hennar stað er notað, ná að minsta kosti 12 þuml. fram á gólfið fyrir framan ofninn eða eldavjelina og að minsta kosti 8 þuml. út fyrir ofninn eða eldavjelina til hliðanna og að aftanverðu.

Herbergi, sem ætluð eru gufukötlum eða vatnskötlum til miðstöðvarhitunar, skulu hafa veggi og gólf úr steini eða steinsteypu og loft af sömu gjörð, þó má í þess stað koma trjeloft, reyrlagt og kalkað, ef ketillinn kemur eigi nær loftinu, en 2 álnir frá því.

9. gr.

Reykháfar skulu hlaðnir upp rambyggilega úr tígulsteini eða grjóti, lögðu í steinlím, eða gjörðir úr steinsteypu, og skulu hliðar reykháfsins eigi vera þynnri en $4^1/_2$ þuml. Þar sem reykháfur gengur gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, skal að minsta kosti vera $8^1/_2$ þml. bil milli þeirra hliða hans, sem snúa inn, og viðanna. Ekki má heldur þilja reykháfinn eða klæða hann borðum eða láta utan um hann veggfóður, sem límt er utan á lista. Reykháfur skal annaðhvort hlaðinn frá grundvelli eða liggja á hvelfingu milli tveggja steinveggja, en má eigi standa á bitum eða trjególfum. Reykháfar skulu eigi þrengri en 9 þml. á hvern veg að innanmáli, og ná að minsta kosti 1 alin upp fyrir mæni, ef þeir koma upp úr mæni húss, en að minsta kosti $1^1/_2$ alin upp úr þekjunni utan mænis.

Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópgöt, jafnvíð reykháfnum, og traust járnhurð fyrir í járnumgjörð. Inn í 9 þml. víðan reykháf má eigi setja reykpípu frá fleiri eldstæðum en 8, og jafnan skal hafa járnkraga í reykháfnum utan um hverja pípu þannig gjörðan, að pípan geti eigi ýtst inn í reykháfinn.

Eigi má reykháfur vera í herbergi, þar sem geymt er hey eða ámóta eldfim efni, nema þiljað sje alt í kring um reykháfinn í því herbergi, að minsta kosti 1 alin frá honum á hvern veg, svo að engin eldfim efni nái að komast að reykháfnum.

10. gr.

Enginn má, án leyfis bæjarstjórnar í kaupstöðum eða hreppsnefndar og lögreglustjóra í verslunarstöðum, byggja verksmiðju, sem brunahætta stafar af, nema verksmiðjan standi að minsta kosti 50 álnir frá nágrannalóð. Úrskurði bæjarstjórna eða hreppsnefnda um þetta, má þó skjóta til stjórnarráðsins til úrslita. Sá, sem fær leyfi til að byggja slíka verksmiðju nær nágrannalóð en 50 álnir frá henni, skal skyldur, að gjöra þær ráðstafanir gegn brunahættu, sem heimtaðar kunna að verða.

11. gr.

Stjórnarráðið getur, ef bæjarstjórn eða hreppsnefnd mælir með, veitt

undanþágu frá ákvæðum þeim, er að framan eru sett, ef staðhættir krefja og eigi verður álitið, að brunahætta stafi af.

12. gr.

Brjóti nokkur gegn ákvæðum þeim, er að framan eru sett, skal hann sæta sektum frá 4 til 100 kr. Þar að auki má knýja hann með dagsektum til þess að bæta það, sem ábótavant er, svo að fullnægi framangreindum ákvæðum.

Hafi sá, er hús lætur gjöra, falið framkvæmdina smiðum, einum eða fleiri, bera þeir ábyrgðina, nema þeir hafi brotið framangreind ákvæði beinlínis eftir skipun þess, er hús lætur gjöra.

II. kafli.
Um meðferð á eldi, ljósum o. fl.

13. gr.

Allir eru skyldir að fara varlega með eld, ljós og annað, sem valdið getur eldsvoða eða stuðlað að því, að hann komi upp. Húsbændur og húsmæður skulu hafa eftirlit með, að börn þeirra, vinnuhjú eða annað heimilisfólk þeirra eða aðrir, sem í þeirra þjónustu fást við einhver störf í húsinu, hegði sjer svo í þessu efni, að eigi verði að fundið. Í leiguhúsi skal eigandi eða umráðamaður hans, hafa gætur á því, að leiguliðar þeirra, eða þeir, sem búa í húsum þeirra, vanræki það ekki, sem grein þessi skipar fyrir um, og skulu þeir, eftir því sem unt er, koma í veg fyrir það og hindra.

14. gr.

Það skal með öllu bannað: *að* leggja eldfima hluti, svo sem hamp, hey og annað því um líkt, við eldstór eða upp við reykháfa, sem ganga upp úr eldstóm; *að* reykja tóbak eða bera kerti eða lampa, sem kveikt hefur verið á og eigi er byrgður í öruggu ljóskeri, glæður eða annan eld, sem eigi er geymdur í lokuðum járnkassa, um fjós, fjárhús, hesthús, heyhlöður, loft eða um aðra staði, þar sem mikið er fyrirliggjandi af heyi, hefilspónum eða öðrum hlutum jafn eldfimum; *að* geyma í húsum ösku og annað, sem fellur frá eldstóm, annaðhvort óblandað eða blandað sorpi og öðru þvílíku, nema það sje í kössum úr málmi, steini eða leiri, eða að snara því út, fyr en helt hefur verið á það vatni eða með öðru móti komist hjá allri hættu fyrir því, að í því kvikni; *að* hleypa af skotvopnum nálægt húsum, heystökkum, móhlöðum eða öðru jafn eldfimu; *að* kveikja skotelda og tendra blys eða bikhringa, nema með leyfi lögreglustjóra, og er þá skylt, að fara eftir reglum þeim, er hann setur.

15. gr.

Sjerhver húseigandi hefur ábyrgð á því, að öllum eldstæðum, ofnum, reyháfum og reykpípum sje haldið í tilhlýðilegu standi. Leiguliði tekur þátt í þessari ábyrgð ásamt eigandanum, þegar hann eigi í tæka tíð hefur skýrt eigandanum frá einhverjum annmarka, sem honum er kunnugt um, eða byggingarnefnd eða hreppsnefnd, ef nauðsyn krefur.

Reykháfa skal hreinsa svo oft sem þörf gjörist, og eigi sjaldnar en 4 sinnum á ári, ef þeir eru notaðir að staðaldri. Húseigandi ber ábyrgð á því, að hreinsað sje, ef hann býr í húseigninni eða ef hann hefur leigt hana fleirum en einum leigjanda; sje húseign leigð einum manni eða á annan hátt leyfð honum einum til notkunar, ber hann ábyrgð á því, að reykháfar sjeu hreinsaðir, svo sem hjer er fyrir mælt.

Ekki má hreinsa reykháfa með því, að brenna sótið innan úr þeim. Ofna og eldavjelar, og pípur frá þeim til reykháfa, skal hreinsa svo oft sem þörf er á, og er það á ábyrgð þeirra, sem búa í þeim herbergjum, sem ofnarnir eða eldavjelarnar eru í.

16. gr.

Stjórnarráðið getur eftir tillögum hreppsnefnda ákveðið, að sótara skuli skipa í verslunarstöðum, sett þeim reglur fyrir hreinsuninni og um þær skyldur, er á þeim hvíla, og ákveðið gjöld fyrir hreinsanir.

Þá er ákveðið hefur verið að skipa sótara, skal hreppsnefnd útvega hæfan mann til starfans, og skulu húseigendur í verslunarstaðnum þá skyldir til að nota hann og má taka hreinsunargjöldin lögtaki. Ber sótari þá ábyrgð á framkvæmd hreinsunarinnar, en ábyrgð húseiganda eða leigjanda samkvæmt 15. gr. fellur niður, nema hann eða þeir aðhafist eitthvað það, er tálmað getur hreinsuninni eða hindrað hana.

Um hreinsun reykháfa í kaupstöðum fer eftir því, sem fyrir er mælt í lögum nr. 29, 13. sept. 1901.

17. gr.

Eigi má hafa birgðir af eldivið, steinkolum, mó eða öðru eldsneyti fast við hús að utan; birgðir af trjávið og borðum má eigi hafa utan húss nær húsum, en 10 álnir frá þeim.

18. gr.

Sjerhver sá, sem í húsi hefur forða af púðri, skal vera skyldur til að geyma það í lokuðu íláti úr pjátri eða eiri, og geyma það uppi undir þaki fyrir ofan efstu bita. Skoteldar skulu varðveittir á sama hátt. Samt skal það vera leyft, að hafa alt að 4 pundum af púðri í búð eða því herbergi, þar sem notað er púður við einhverja iðn, en þar skal það sömuleiðis varðveitt í lokuðum ílátum úr pjátri eða eiri. Lögreglustjóri eða hreppstjóri skal tvisvar á ári grenslast eftir því hjá þeim, sem versla með púður, hvort það sje geymt á þann hátt, sem hjer er fyrir mælt. Sjerhver sá, er flytur púður, dýnamít, nitroglyserín, skotbaðmull og þess konar sprengiefni til bæjar eða kauptúns, skal senda lögreglustjóra eða hreppstjóra eða umboðsmanni hans ritaða tilkynningu um það, og skal hann sjá um, að fylgt sje þeim varúðarreglum, sem þörf er á, þar til það er komið til geymslu á óhultan stað.

19. gr.

d. til gagnfræða- og alþýðuskólans í Flensborg			2,500	2,500	
e. til kennarafræðslu			3,200	3,200	
Þar af til áhaldakaupa 400 kr. hvort árið.					
f. námsstyrkur handa kennaraefnum, alt að 75 kr. handa hverjum			600	600	
Fluttar ...			51,220	55,420	213,810

	1908	1909	Alls:
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	51,220	55,420	213,810
g. til skólaiðnaðar-kenslu	500	500	
h. til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík	100	100	
i. til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík	400	400	
j. styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	800	800	
k. til kenslu heyrnar- og málleysingja	5,000	6,500	
l. til kenslu blindra drengja, Erlends Páls og Jóns Jónssona í Danmörku	600	600	
m. styrkur til Þorkels Hreinssonar til að standast kostnað við dvöl vitfirtrar dóttur hans á vitfirringastofnuninni Karensminde	300		
n. til lýðháskólans á Hvítárbakka í Borgarfirði ... ... 1,000 kr.			
Til sama skóla: 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er á skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að ... 600 —			
	1,600	1,600	
o. til skólabyggingar á Grund í Eyjafirði alt að þriðjungi byggingarkostnaðar	7,500		
	68,020	65,920	
			133,940
VIII. Til sundkenslu:			
a. í Reykjavík	300	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans njóti kenslunnar ókeypis.			
b. til sundkenslu annarsstaðar	1,000	1,000	
Styrkurinn undir b veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.			
	1,300	1,300	2,600
Flyt ...	.....	.....	350,350

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...			350,350
IX. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
X. a. Til Jóns Þ. Björnssonar til að lúka námi við kennaraskólann í Jonstrup	500		
b. Til Jónasar Jónssonar til að stunda kennaranám erlendis	300	300	
c. Til Ingibjargar Jónsdóttur til að ganga á kennaraskóla í Danmörku	300		
d. Til Karls Finnbogasonar til að kynna sjer kenslu og fyrirkomulag á lýðháskólum erlendis	400		
e. Styrkur til Þóru Matthíasdóttur og Margrjetar Jónsdóttur á Akureyri til þess að reka kvennaskóla (handavinnukenslu) á Akureyri	500	500	
	2,000	800	2,800
Samtals ...	.....	.....	355,150

15. gr.

Til vísinda og bókmenta veitast kr. 112,990

	1908.	1909.	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:					
a. laun bókavarðar.....	2,400	3,000			
b. — 1. aðstoðarmanns	1,200	1,500			
c. — 2. aðstoðarmanns	450	900			
d. til að kaupa bækur og handrit	5,000	5,000			
e. til bókbands.....	1,000	1,000			
f. til samningar spjaldskrár (eftir reikningi)	1,200	1,200			
g. fyrir afskriftir (eftir reikningi).....	800	800			
Flyt ...	12,050	13,400			

	1908.	1909.	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Flyt...	12,050	13,400			
h. til að prenta ritaukaskrá	200	200			
i. til eldiviðar og áhalda m. m.	500	1,000			
j. brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	360			
k. til flutnings á safninu	2,000				
l. til að kaupa bókbandsáhöld.....	2,000				
			17,110	14,960	
2. a. til amtsbókasafnsins á Akureyri alt að	500 kr.				
b. til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði alt að	400 —				
c. til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi alt að	400 —				
			1,300	1,300	
Fje þetta veitist með því skilyrði, að hlutaðeigandi bæjarfjelög og sýslunefnd veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.					
3. til sýslubókasafna og lestrarsala í kaupstöðum alt að 150 kr. til hvers, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, alt að ...			1,500	1,500	
Landsstjórninni sje sendar skýrslur um fyrirkomulag, efnahag og bókakaup þessara stofnana.					
4. til Landsskjalasafnsins:					
a. laun skjalavarðar	1,500	1,800			
b. til að binda inn og búa um skjöl og til aðstoðar síðara árið o. fl...	900	1,000			
c. til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu... ...	600	600			
d. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið	250	250			
			3,250	3,650	
		Flyt ...	23,160	21,410	

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	23,160	21,410	
5. til deildar hins íslenska Bókmentafjelags í Reykjavík	2,000	2,000	
500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmentafjelagið gefi út 24 arkir á ári af íslensku fornbrjefasafni, eða sem því svarar af registri.			
6. til Þjóðvinafjelagsins...	750	750	
7. til Forngripasafnsins:			
	1908. kr.	1909. kr.	
a. til að útvega forngripi og til áhalda	1,000	1,000	
b. til umsjónar	720	1,200	
Síðara árið sje safnið opið frá 15. júní til 15. sept. 2 tíma á dag, en hinn tíma ársins 1 tíma á dag.			
c. til húsnæðis og hita	1,000		
	2,720	2,200	
8. til Fornleifafjelagsins	400	400	
Útborgist því að eins, að árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
9. til Náttúrufræðisfjelagsins...	1,600	800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. á ári.			
Af fjárveitingunni fyrra árið gangi 800 kr. til að kaupa grasasafn Ólafs heitins Davíðssonar og koma skipulagi á það.			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sje eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni í viku.			
10. til að vinna að texta-útgáfu á íslensku fornbrjefasafni, með því skilyrði, að gefið verði út samskonar registur sem við fyrsta bindi við sjerhvert bindi, svo fljótt sem auðið er, eftir að það er komið út	800	800	
11. til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til þess að vinna að íslensk-danskri orðabók	300	300	
12. til Brynjólfs Jónssonar til fornmenjarannsókna	300	300	
Flyt ...	32,030	28,960	

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	32,030	28,960	
13. til Þorsteins Erlingssonar skálds	800	800	
14. til sjera Valdimars Briem's	800	800	
15. verðlaun til Einars Hjörleifssonar fyrir skáldrit hans	1,200		
16. verðlaun til Guðmundar Magnússonar fyrir skáldrit hans	1,200		
17. til Ásgríms málara Jónssonar, ferðastyrkur til Suðurlanda	2,000	1,000	
18. til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri	300	300	
19. til Sigfúsar Einarssonar til eflingar og útbreiðslu sönglistar og söngþekkingar hjer á landi	1,200	1,200	
20. til »Bindindissameiningar Norðurlands« til útbreiðslu og eflingar bindindi	300	300	
21. til stórstúku Goodtemplara á Íslandi til eflingar bindindi ... ... Bæði þessi tvö síðastnefndu fjelög gjöri stjórninni reikning fyrir, hversu fjenu er varið.	2,000	2,000	
22. styrkur til Biblíufjelagsins til nýrrar þýðingar og útgáfu á ritum gamla testamentisins	1,000		
23. til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150	150	
24. til Leikfjelags Reykjavíkur, alt að .. .. Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti fjelaginu að minsta kosti helming á móts við styrkinn úr landssjóði.	1,000	1,000	
25. til frú Stefaníu Guðmundsdóttur	400	400	
26. til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands ... ... Styrkurinn veitist með því skilyrði, að höfundurinn sanni, að hann hafi til framhald af Íslendingasögu í handriti fullbúnu undir prentun, er samsvari minst 8 örkum prentuðum á ári.	1,000	1,000	
27. styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að ransaka og rita um sögu Íslands, og halda sögufræðilega fyrirlestra	1,200	1,200	
Flyt ...	46,580	39,110	

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	46,580	39,110	
28. til Einars Arnórssonar til að ransaka og rita um rjettarsögu Íslands	1,500		
29. til mag. art. Ágústs Bjarnasonar til þess að gefa út heimspekilega fyrirlestra, 50 kr. fyrir örkina, alt að	1,200		
30. til skólakennara Bjarna Sæmundssonar:			
	1908. kr.	1909. kr.	
a. til fiskiransókna	600	600	
b. til aðstoðar og áhalda eftir reikningi, alt að	1,700	1,300	
	2,300	1,900	
31. til landmælinga á Íslandi	5,000	5,000	
32. til dr. Helga Pjeturssonar til jarðfræðisransókna alt að	1,200	1,200	
33. til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að	600	600	
34. til jarðskjálftaransókna	800	300	
35. til að kaupa og setja upp hengilklukku til tímaákvarðana	900		
36. til veðursímskeyta innanlands	2,400	2,400	
	62,480	50,510	
			112,990
Samtals ...	.....	....	112,990

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 321,220.

	1908.	1909.	Alls.
1. til bændaskólans á Hólum:	kr.	kr.	kr.
a. laun..	2,700	2,700	
b. til aðstoðarkennara	800	800	
c. önnur útgjöld:			
	1908. kr.	1909. kr.	
1. til verklegrar kenslu ...	1,000	1,000	
2. til kensluáhalda	1,000	300	
3. til eldiviðar og ljósa ...	400	400	
Flyt...	2,400	1,700	3,500	3,500	

	1908 kr.	1909 kr.	1908. kr.	1909. kr.	Alls. kr.
Fluttar	2,400	1,700	3,500	3,500	
4. til styrkveitinga nemendum	300	300			
5. ýmisleg útgjöld	600	600			
			3,300	2,600	
2. til bændaskólans á Hvanneyri:					
a. laun			2,700	2,700	
b. til aðstoðarkennara				800	
c. önnur útgjöld:					
	1908. kr.	1909. kr.			
1. til verklegrar kenslu ...	1,000	1,000			
2. til kensluáhalda	1,000	300			
3. til eldiviðar og ljósa ...	400	400			
4. til styrkveitinga nemendum	300	300			
5. ýmisleg útgjöld	600	600			
			3,300	2,600	
3. til Torfa Bjarnasonar til verklegrar búnaðarkenslu			1,500	1,500	
4. til verklegrar búnaðarkenslu á Eiðum			1,500	1,500	
5. Til búnaðarfjelaga			23,000	22,000	
6. Til Búnaðarfjelags Íslands. Þaraf til kenslu í mjólkurmeðferð 3000 kr. hvort árið ...			51,000	51,000	
7. Styrkur til Helga Jónssonar til þess að halda áfram mýra- og grasafræðisransóknum, og til að hafa yfirumsjón með skóggræðslu landsins. ... ... Þar af ferðakostnaður eftir reikningi hvort árið alt að 1000 kr.			3,000	3,000	
8. Til skóggræðslu			11,000	11,000	
9. Til sandgræðslu ... ... Búnaðarfjelag Íslands hefur stjórn og umsjón sandgræðslunnar.			4,000	4,000	
10. Styrkur til samvinnusmjörbúa. Styrkurinn veitist eftir þeim reglum, sem settar voru í lögum nr. 49, 10. nóv. 1905.			16,000	14,000	
11. til verkfræðings, er sje til aðstoðar landsstjórn og hjeraðsstjórnum					
	1908 kr.	1909 kr.			
a. laun	3,000	3,000			
b. ferðakostnaður eftir reikningi	500	500			
			3,500	3,500	
12. a. laun handa 2 dýralæknum			2,400	2,400	
b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík			400	400	
13. styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu			300	300	
Flyt ...			130,400	126,800	

	1908.	1909.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	130,400	126,800	
14. styrkur til manns til að nema dýralækningar	600	600	
15. til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka tekniskan skóla í Reykjavík	5,000	5,000	
16. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri til þess að reka iðnaðarmannaskóla þar ...	1,000	1,000	
17. til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds...	600	600	
18. til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis	1,500	1,500	
19. Til Kaupmannafjelagsins og Verslunarmannafjelagsins í Reykjavík til þess að halda uppi skóla fyrir verslunarmenn í Reykjavík	3,000	3,000	
20. styrkur til byggingarfróðs manns, til þess að leiðbeina við húsabyggingar	800	800	
21. a. Laun handa 2 yfirmatsmönnum á gæðum fiskfarma, öðrum í Reykjavík, hinum á Ísafirði ... ... 2000—2000			
b. Til Þorsteins Guðmundssonar, launaviðbót ... ... 200— 200			
c. Til sama manns til þess að ferðast austur og norður um land til að leiðbeina mönnum í fiskverkun, eftir reikningi alt að ... ... 500— 500			
	2,700	2,700	
Þegar skip, sem eiga að flytja fiskfarma til Spánar eða Ítalíu, eru afgreidd frá Reykjavík eða Ísafirði, ber lögreglustjóra að sjá um, að vottorð yfirmatsmannsins um gæði vörunnar sje ritað á hleðsluskjöl þeirra.			
22. Þóknun til vörumerkjaskráritara	360	360	
23. Til efnaransóknastofu í Reykjavík:			
a. Laun forstöðumanns, auk 25% af brutto tekjum stofnunarinnar	2,000	2,000	
b. til aðstoðar og annarar vinnu	300	300	
c. til húsaleigu	700	700	
d. til ljósa og eldsneytis...	300	300	
Flyt ...	149,260	145,660	

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	149,260	145,660	
24. Til þess að byggja bryggju frá Torfunefi við Oddeyri, sem veitt geti þilskipum vetrarlegu í Oddeyrarbót, og verði síðar þáttur í skipakví þar, gegn þrefalt meiri upphæð til fyrirtækisins annarsstaðar að	15,000		
25. Styrkur til 2 íslenskra stúlkna til handavinnunáms hjá »Kunstflidsforeningens Friundervisning« í Kaupmannahöfn...	300	300	
26. Styrkur til bryggjubyggingar á Skipaskaga, að þriðjungi kostnaðar, þó ekki yfir	2,000		
27. Til Guðm. J. Hlíðdal til þess að afla sjer verklegrar kunnáttu í rafmagnsfræði erlendis, fyrra árið, og til að ransaka og mæla fossa hjer á landi, síðara árið	1,200	500	
28. Til Benedikts Jónassonar til að lúka námi við »Teknisk Læreanstalt« í Þrándheimi ...	500	500	
29. Styrkur til ábyrgðarfjelaga, er vátryggja mótorbáta....	6,000		
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að vátrygging hvers fjelags á mótorbátum nemi að minsta kosti 40,000 kr., enda sjeu lög fjelagsins staðfest af stjórnarráðinu, og veitist þá hverju fjelagi alt að 6% af vátryggingarupphæðinni, þó aldrei meira en 3000 krónur.			
	174,260	146,960	321,220
Samtals...	.....	....	321,220

17. gr.

Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna veitast 5,200 kr.

18. gr.

Til eftirlauna og styrktarfjár o. fl. veitast 122,000 kr.; þar af til ekkjufrúar Jakobínu Thomsen 300 kr,; til ekkjufrúar Önnu Johnsen 150 kr.; til prestsekkju Ragnheiðar Jónsdóttur sem viðbót við eftirlaun hennar af Vestmanneyjaprestakalli 105 kr. 40 a.; til ekkjufrúar Torfhildar Holm 200 kr.; til próf. dr. phil. Þ. Thoroddsen 2,000 kr.; til sjera Matthíasar Jochumssonar 2,000 kr.; til sjera Hjörleifs Einarssonar 300 kr.; til Bjargar Jónsdóttur, ekkju stýrimannaskólastjóra M. Bjarnasonar, 300 kr.; til ekkjufrúar Valgerðar Þorsteinsdóttur 250 kr.;

til ekkjunnar Solveigar Þórðardóttur (meðan börn hennar eru í ómegð) 200 kr.; til læknisekkju Magneu Ásgeirsson 200 kr.; til frú Elinborgar Friðriksdóttur 300 kr.; til frú Sigríðar Þorkelsdóttur 200 kr.; til Ragnhildar Björnsdóttur, ekkju Páls Ólafssonar skálds, 200 kr.; til Sumarliða pósts 200 kr.; til Hannesar pósts 200 kr.; til fyrverandi fangavarðar Sigurðar Jónssonar 800 kr.; til Tómasar Davíðssonar 200 kr.; — til allra þeirra hvort árið. Enn fremur til Pjeturs bónda Pjeturssonar í Hafnardal í Norður-Ísafjarðarsýslu 400 kr. fyrra árið.

Eftirlaun amtmanns Júliusar Havsteens teljast frá þeim tíma, er hann var settur amtmaður 1881.

19. gr.

Til óvissra útgjalda veitast 10,000 kr.

Eigi má af þessum gjaldlið greiða ferðakostnað embættismanna eða embættismannaefna frá útlöndum til að taka við embættum hjer á landi.

Upphæð, er svarar $^2/_3$ hlutum sekta fyrir ólöglegar fiskiveiðar útlendra skipa, er eftirlitsskipið handsamar og dregur fyrir dóm á Íslandi, svo og $^2/_3$ hlutum andvirðis upptæks afla og veiðarfæra af þessum skipum, greiðist í ríkissjóð, sem tillag af Íslands hálfu til kostnaðar við eftirlitsskipið.

20. gr.

Tekjuhallinn, sem fyrst um sinn er áætlað að verði kr. 32,077,67 greiðist úr viðlagasjóði.

21. gr.

Ef lög þau verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1907 og hafa í för með sjer tekjur eða útgjöld fyrir landssjóð, breytast upphæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, konungsúrskurðum eður öðrum gildandi ákvörðunum, samkvæmt 25. gr. stjórnarskrárinnar, gilda að eins fyrir fjárhagstímabilið.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 30,000 kr. til lánveitinga til stofnunar mjólkurbúum. Lán þessi veitast eftir meðmælum frá Búnaðarfjelagi Íslands og gegn ábyrgð sveitafjelaga, sýslufjelaga eða amtsfjelaga. Þau ávaxtist með 3% árlega, sjeu afborgunarlaus fyrstu 5 árin, og greiðist síðan með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Úr viðlagasjóði má verja allt að 15,000 kr. hvort árið til lánveitinga handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar og húsabóta. — Lánið veitist að eins gegn ábyrgð sýslufjelaga, eftir tillögum hreppsnefnda, og eigi hærri upphæð en 400 kr. fyrir þurrabúðarmann hvern. — Lán þetta ávaxtist með $3^1/_2$%, sje afborgunarlaust 4 fyrstu árin, og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 20 árum.

Úr viðlagasjóði má lána Ingvari E. Ísdal snikkara alt að 12,000 kr., gegn þeirri ábyrgð, er stjórnin tekur gilda, til þess að koma á fót trjesmíðaverksmiðju á Seyðisfirði. Af láninu greiðast 4% vextir árlega. Það sje afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 12 árum.

Til byggingar bryggju frá Torfunefi við Oddeyri, sem veitt geti þil-

skipum vetrarlegu í Oddeyrarbót, og verði síðar þáttur í skipakví þar, má veita lán úr viðlagasjóði alt að 40,000 kr. gegn ábyrgð Akureyrarkaupstaðar. — Lánið ávaxtist með 4% árlega, sje afborgunarlaust fyrstu 5 árin, og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Úr viðlagasjóði má lána Bergi Helgasyni og Karli Finnbogasyni 60,000 krónur til stofnunar lýðháskóla með fyrirmyndarbúi á Suðurlandsundirlendinu. Lánið veitist gegn væntanlegri ábyrgð sýslufjelaga Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, ávaxtast með 4% árlega, sje afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á næstu 30 árum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 50,000 kr. til lánveitingar handa verksmiðjufjelaginu á Akureyri til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, þó svo að lánveitingin nemi eigi meira en helmingi stofnfjárins. Lánið sje trygt með fyrsta veðrjetti í stofnuninni og má eigi fara fram úr helmingi af virðingarverði hennar, nema því að eins, að Akureyrarkaupstaður ábyrgist það, er um fram er. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sje afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Úr viðlagasjóði má verja alt að 50,000 kr. til lánveitingar handa hlutafjelaginu »Klæðaverksmiðjan Iðunn«, til þess að koma á fót klæðaverksmiðju, þó svo, að lánveitingin nemi eigi meiru en helmingi stofnfjárins. Lánið sje trygt með fyrsta veðrjetti í stofnuninni, og má ekki fara fram úr helmingi af virðingarverði hennar, nema því að eins að Reykjavíkurbær ábyrgist það sem um fram er. Lánið ávaxtast með 4% árlega, sje afborgunarlaust fyrstu 5 árin og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

Til byggingar stórskipabryggju í Stykkishólmi má veita lán úr landssjóði alt að 10,000 kr., gegn ábyrgð hreppsnefndarinnar í Stykkishólmshreppi og »Framfarasjóðs Stykkishólms«. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sje afborgunarlaust fyrstu 5 árin, og afborgist svo með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Úr viðlagasjóði má lána alt að 50,000 kr. til að byggja barnaskólahús. Lánin veitast hreppsfjelögum gegn ábyrgð sveitarsjóða. Þau ávaxtist með 4% árlega og endurgreiðist á 25 árum. Ekkert lán má fara fram úr 6,000 kr.

Stórkaupmanni Thor E. Tulinius veitist fyrst um sinn gjaldfrestur á kr. 9,449, 09, sem hann skuldar landssjóði fyrir staura og annað efni til símaleiðslu milli Eskifjarðar og Egilsstaða gegn tryggingu í línunni. Af láni þessu skal greiða 4% þ. á. og endurgjalda það á 15 árum.

Sýslufjelögum, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar á fjárhagstímabilinu, má veita lán úr viðlagasjóði í því skyni, er ávaxtist með 4% árlega, og endurborgist á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 60,000 kr.

Ed. **402. Nefndarálit**

í málinu frumvarp til laga um útflutning hesta.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um frumvarp þetta. Meiri hlutinn vill samþykkja frumvarpið nær óbreytt, en minni hlutinn vill fella 1. grein þess.

Meiri hlutinn telur ákvæði 1. greinar mjög nauðsynleg. Verði ákvæði hennar lögleidd, mun það hafa heillavænleg áhrif á markað íslenskra hesta erlendis; sem stórum hefur verið spilt með útflutningi gallaðra og of ungra hrossa. Auk þess miða ákvæði hennar til þess, að landsmenn leggi meiri rækt við að bæta hrossakyn sitt og fækka hrossum að mun frá því sem nú er, og telur meiri hlutinn það til mikilla bóta, hvort sem litið er á meðferð hrossa hjer á landi eða á búpeningsræktina yfirleitt.

Um eftirfarandi breytingartillögur er öll nefndin samdóma.

1. Við 2. gr. Á eftir orðunum: »til útlanda, skal« í öðrum lið greinarinnar bætist inn í: skipstjóri sanna, að hann hafi nægilegan mannafla til að gæta hrossanna á leiðinni.
2. Í fyrirsögn frumvarpsins, komi: fyrir »hesta«: hrossa.

Alþingi, 24. ágúst 1907.

Þórarinn Jónsson (form. og framsögum.).	Sigurður Stefánsson (skrifari).

Álit minni hlutans.

Jeg hef ekki getað orðið háttv. meðnefndarmönnum mínum samdóma um frumvarp þetta nema að nokkru leyti.

Mín skoðun er, að það sje mjög varhugavert að leggja þau höft á útflutning hrossa, sem gjört er í 1. gr. frv. Yfir höfuð að tala er jeg því algjörlega mótfallinn að leggja höft á verslunina, nema brýna nauðsyn beri til. Verslunin á að vera svo frjáls sem unt er. Með því móti verður hún almenningi hagfeldust. Jeg treysti því að það sje ekki útflytjendum ofvaxið að bindast samtökum um að flytja ekki út aðra enn góða og gallalausa hesta á besta aldri. Með því að setja bannlög um þetta efni tefjum vjer fyrir eða jafnvel tálmum almennum samtökum um að vanda hesta til útflutnings, en slík samtök ættu að vera ein grein samvinnufjelagsskaparins og mundu verða drjúgari en nokkur lagahöft til að hrinda fram kynbótum hrossa. Auk þess munu þessi ákvæði frumv., ef þau verða að lögum, valda talsverðum kostnaði fyrir landssjóð, og þó er ekki víst, að þau nái tilgangi sínum. Jeg efast mjög um, að umsjónarmenn þeir, sem frv. gjörir ráðið fyrir að hafi alt eftirlit með útflutningnum, reynist nógu strangir í að vísa frá óhæfum hrossum, þegar til framkvæmdanna kemur. Hestar, sem út eru fluttir, mega eftir greininni vera elstir 10 vetra. En hvernig eiga umsjónarmenn að ábyrgjast það, að enginn hestur sje eldri en svo, úr því að þeir mega vera svona gamlir? Það vita allir að er ómögulegt. Eftir 7 vetra aldur eru aldurseinkenni hesta óáreiðanleg. En ef sú skyldi nú raunin á verða, þegar lögin koma í gildi, að annmarkar yrðu á hestunum, bæði að því er aldur og aðra eiginlegleika snertir, þrátt fyrir ákvæði laganna, þá mundi það spilla en meira trausti á íslenskum hestum á markaðinum, en nú á sjer stað, og síðari villan verða argari hinni fyrri. Jeg hygg, að markaðurinn muni laga sig sjálfur eftir hagsmunum seljanda og kaupanda.

Jeg legg því til, að 1. gr. sje feld úr og alt það í frv., sem stendur í sam-

bandi við hana, þar á meðal umsjónarmennirnir með útflutningi hrossa, sem þá verða óþarfir, og sparast landssjóði við það nokkurt fje.

Aftur á móti er jeg meðnefndarmönnum mínum samdóma um, að æskilegt sje, að mannúðarákvæðin í 2. gr. um útbúnað á hrossflutningaskipum og meðferð hrossanna á leiðinni verði að lögum, og ætlast jeg til, að lögreglustjórar geti haft eftirlit með því, að þeim ákvæðum sje hlýtt.

Jeg ræð því til, að frv. sje samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM:

1. Við 1. gr. Greinin falli burt og greinatalan breytist eftir því.
2. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

Lögreglustjóri hefur hvervetna umsjón og eftirlit með því, að fyrirmælum þessara laga sje hlýtt. Skal hann skoða hvert það skip, er flytur hross til útlanda, hvort það fullnægir fyrirmælum laganna og þeim reglum, sem settar verða samkvæmt 3. gr., og getur bannað útflutning hrossanna, ef ekki er bætt úr þeim annmörkum, sem á eru. Lögreglustjóri ákveður hve mörg hross megi flest taka í skipið, afhendir skipstjóra skriflega yfirlýsing sína um það, og sjer um, að henni sje fylgt. Ef skipið tekur hross á fleiri höfnum en einni, fer skoðun þess fram á hinni fyrstu höfn, og þar skal einnig hámark hrossatölunnar ákveðið, enn lögreglustjórarnir á hinum síðari höfnum sjá um, að ekki sje farið fram úr hámarkinu.

Fyrir skoðun hvers skips greiðir útflytjandi eða útflytjendur hrossa lögreglustjóra skoðunargjald 12 kr. og að auki 6 kr. fyrir hvern dag, sem lögreglustjóri þarf að verja til að hafa eftirlit með útskipun hrossanna. Lögreglustjóri getur á sinn kostnað falið öðrum manni að hafa eftirlit með útskipuninni fyrir sína hönd.

3. Við 4. gr. Í stað orðanna: »útflutning hrossa—meðferð þeirra« komi: útbúnað skipa þeirra, er höfð eru til að flytja út hross og um meðferð hrossanna.
4. Við 6. gr. Í stað: »1909« komi: 1908.

Alþingi, 24. ágúst 1907.

Björn M. Ólsen.

Nd. **403. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. í lögum 3. október 1903, um hafnsögugjald í Ísafjarðarkaupstað.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

Undanþegin hafnsöguskyldu í Ísafjarðarkaupstað eru öll fiskiskip, hvort sem þau eru eign utanríkis- eða innanríkismanna.

Nd. **404. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um öryrkjastyrk.

Frá nefndinni.

Við 15. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Landsstjórnin setur nánari reglur um úthlutun styrksins:

Nd. **405. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um bygging vita.

Flutningsmenn: M. J. Kristjánsson og Guðl. Guðmundsson,

1. Við 1. gr. Fyrir: »við Dalatanga« komi: á Siglunesi.
2. — 2. — — : »50,000 kr.« komi: 84,000 kr.
3. Á eftir 2. gr. komi ný gr. þannig:
   Til aðgjörðar vitanum á Dalatanga má verja alt að 5,000 kr. úr landssjóði.
4. 3. gr. verður 4. gr.

Nd. **406. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um skipun prestakalla.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

1. Við 1. gr. 68. Orðin: »Hóll í Bolungarvík: Hóls og« falli burt.
2. — — — 70. Í stað: »Ögurþing: Ögur- og Eyrarsóknir« komi: Ögurþing: Ögur- Eyrar- og Vatnsfjarðarsóknir.
3. — — — 71. Liðurinn orðist svo: Kirkjubólsþing: Nauteyrar- og Unaðsdalssóknir.

Nd. **407. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um lóðarlögnám vegna vatnsveitu Reykjavíkur, um vatnsskatt o. fl.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið þetta frumvarp, og er auðsætt, að Reykjavíkurbær getur ekki komið sjer upp vatnsveitu, nema því að eins að frumvarpið, óbreytt eða breytt, verði að lögum.

Nú er það víst, að vatnsveitan verður ekki fullgjörð fyrir næsta þing, og mætti því á næsta þingi breyta þeim ákvæðum, sem ein gætu orðið ágreiningsefni, en það eru ákvæðin um vatnsskatt.

Af þessum ástæðum leggur nefndin til, sú er haft hefur þetta frumvarp til meðferðar, að það sje samþykt óbreytt, og telur æskilegt, að flýtt sje fyrir því, svo að það dagi ekki uppi á þinginu.

Neðri deild alþingis, 26. ágúst 1907.

Guðl. Guðmundsson, form. G. Björnsson, skrifari og framsögum.

Björn Kristjánsson.

Nd. **408. Álit**

meiri hluta nefndarinnar í málinu Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 66, frá 10. nóvbr. 1905 um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

Nefndin hefur eigi getað komið sjer saman um frumv. þetta. Minni hlutinn vill setja skilyrði fyrir heimild þeirri, er í frv. felst, til að auka hlutafje Íslandsbanka. Vjer, þar á móti, lítum svo á, að hagsmunir og kringumstæður lands og þjóðar heimti, að bönkunum sje gjört mögulegt að fá undir hendur fje það, er þarf til þess, að eigi sje skaðlega heft sú framtakssemi og framfaraviðleitni, sem nú er farið að bóla á í nær öllum greinum hinna framleiðandi atvinnuvega landsins, og vjer höfum annarsvegar fulla vissu fyrir því, að sje nokkur skilyrði sett inn í þetta frumv., þá verður það til þess, að þeir, er nú hafa lofað að leggja til þær 2 miljónir hlutafjár, sem hjer er um að ræða, munu kippa að sjer hendinni og telja sig lausa allra mála, og afleiðingin verður þá sú, að hlutafje bankans eykst ekkert fyrst um sinn, um óákveðinn tíma, þótt heimild sje til þess gefin með lögum að auka það.

Vjer ráðum því hinni háttv. þingdeild til að samþykkja frumv. þetta alveg óbreytt að því, er efni þess snertir.

Sú grein laganna, 2. gr., sem hjer er lagt til að breytt sje, er þess efnis, að öðru en því, er hlutafjárupphæðina snertir, að henni var fullnægt þegar er bankinn komst á stofn, og er því að því leyti óþörf. Vjer leggjum því til að frumvarpsgreinin verði þannig:

2. grein orðist svo:

Hlutafje bankans skal eigi nema minna en 2 miljónum króna, og eigi vera meira en 5 miljónir króna.

Alþingi, 24. ágúst, 1907.

Jón Jónsson skrifari og framsögum. Ólafur Briem.

Stefán Stefánsson, þm. Skgf.

Við höfum ekki getað orðið meðnefndarmönnum okkar samferða.

Við berum kvíðboga fyrir því, að Landsbankanum verði lítil hjálp að útgáfu bankaskuldabrjefa. Hinsvegar mundi bankanum verða töluverður bráðabirgðastuðningur að því, ef seðlafúlga hans væri aukin. Eftir atvikum mun vera óhætt að auka hana um 1/4 miljón kr., og þar sem »Íslandsbanki« aldrei hefur notað seðlaútgáfurjett sinn nánda nærri til fulls, má búast við því, að tillaga þessi mæti ekki miklum mótbyr þaðan.

Landsbankinn greiðir nú landssjóði 15000 kr. á ári fyrir að mega gefa út 750,000 kr. í seðlum, en »Íslandsbanki« greiddi síðastliðið ár ekki nema 8042 kr. 33 aura í landssjóð fyrir að mega gefa út 2 1/2 miljón króna. Þetta þykir alment horfa skakt við. Væri báðum bönkum gjört jafnhátt undir höfði, ætti »Íslandsbanki« að greiða landssjóði 50,000 kr. á ári. Við förum þó að eins fram á, að árgjald hans verði tvöfaldað.

Loks leggjum við til að landssjóður launi fulltrúum alþingis í bankaráð-

inu. Fulltrúarnir eiga að gæta hagsmuna lands og lýðs og sýnist því rjettara, að ómakslaun þeirra greiðist úr landssjóði en frá þeirri stofnun, sem þeir eiga að líta eftir.

Samkvæmt þessu er lagt til, að í stað frumvarpsgreinarinnar komi eftirfarandi greinar:

1. gr.

Íslandsbanka er heimilað, að hækka hlutafje sitt úr 3 miljónum króna upp í 5 miljónir.

2. gr.

Noti bankinn heimildina, er landsstjórninni heimilað að gefa út seðla fyrir landssjóðs hönd fyrir alt að fjórðungi miljónar kr., í viðbót við núverandi seðlafúlgu Landsbankans.

3. gr.

Jafnframt greiði Íslandsbanki landssjóði 20% af árlegum arði sínum, eins og ársarður bankans verður, þegar hluthafar hafa fengið lögmæltar 4% af hlutafje sínu.

4. gr.

Fulltrúar alþingis í bankaráði Íslandsbanka skulu njóta 600 kr. ársþóknunar úr landssjóði hver, enda taki þeir hvorki laun nje ábatahluta af hendi bankans.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Í stað fyrirsagnar frumvarpsins komi:

Frumvarp til laga um aukningu á hlutafje Íslandsbanka m. m.

Neðri deild alþingis, 25. ág. 1907.

Tryggvi Gunnarsson. Lárus H. Bjarnason
skrifari og framsm. minni hlutans.

Nd. **409. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um heimild fyrir Landsbankann í Reykjavík til að gefa út bankaskuldabrjef.

Vjer viðurkennum fyllilega nauðsyn þess, að útvega Landsbankanum meira starfsfje, en hann hefur nú, og væntum þess, ef þetta frumvarp verður að lögum, að með því sje opnaður vegur til þess. Það er auðvitað, að eins og nú er háttað peningamarkaðinum, þá verður varla komist að góðum kostum að því er peningaútvegun snertir, og má búast við, að ekki verði auðvelt að selja þessi skuldabrjef eins og stendur, nema þá, ef til vill, með afslætti, og mundi þá það

starfsfje, er bankinn fengi á þann hátt, verða ærið dýrt. — En með tilliti til peningaskortsins og þarfa landsmanna virðist þó rjett, að þessi tilraun sje gjörð.

Alþingi, 24. ágúst 1907.

Tryggvi Gunnarsson formaður, Jón Jónsson skrifari, Ólafur Briem,
Stefán Stefánsson, þm. Skagf. Lárus H. Bjarnason með fyrirvara.

Ed. **410. Tillaga**

til þingsályktunar um gagnskifti á dönskum og íslenskum bókum.

Flutningsmenn: Valtýr Guðmundsson og Jón Jakobsson.

Alþingi skorar á stjórnina að leita samninga við stjórn Dana um, að hún hlutist til um, að Landsbókasafninu verði látið ókeypis í tje 1 eintak af helstu bókum og tímaritum, sem prentaðar eru árlega í Danmörku til uppbótar fyrir þau 3 eintök af öllum íslenskum bókum og blöðum, sem íslenskar prentsmiðjur eru skyldar til að láta af hendi handa hinni konunglegu bókhlöðu og háskólabókasafninu í Kaupmannahöfn.

Nd. **411. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um brunamál.

Frá nefndinni.

Við 6. gr. Á eftir »kalkaðir« komi: eða með sementshúð.

Við 7. gr. Á eftir »kölkuðum« komi: eða með sementshúð.

Nd. **412. Tillaga**

til þingsályktunar um háskóla á Íslandi.

Flutningsmaður: G. Björnsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að endurskoða núgildandi lög um læknaskóla og prestaskóla og semja frumvarp um stofnun háskóla, er verði lagt fyrir alþingi 1909.

Ed.

413. Nefndarálit

um frv. til laga um fræðslu barna.

Frv. er að efni til svo að kalla alveg samhljóða frv. því, er stjórnin lagði fyrir alþingi 1905. Hvorki stjórninni nje Neðri deild hefur þóknast, að taka neitt tillit til þeirra verulegu breytinga, sem Efri deild gjörði á frv. á síðasta þingi. Og þó hafa allar sýslunefndir landsins, að einni undanskilinni, látið það í ljós, að þær hölluðust fremur að stefnu Efri deildar en stjórnarfrumvarpsins, og mikill meiri hluti hjeraðsfunda hefur verið á sama máli. Það er því alls eigi rjett, sem segir í nefnd.ál. Neðri deildar í þessu máli, að ályktanir sýslunefnda og hjeraðsfunda sýni, að skoðanir manna á því sjeu »allmjög á reiki«. Af þeim þingmálafundum, sem hafa látið uppi ákveðna skoðun á málinu, hefur og meiri hlutinn aðhylst frv. það, er Efri deild samþykti 1905. Gagnvart þessum ályktunum, sem meðal annars sýslumenn landsins og prófastar, auk fulltrúa sýslna og safnaða, hafa tekið þátt í, er það furðu djarft að segja, að misskilningur eða heimska hafi ráðið úrslitum (sbr. Nd.ál. Nd. og fylgiskjal með því).

Vjer höfum ekki breytt skoðunum vorum á þessu máli síðan í hitt ið fyrra. Oss dettur ekki í hug, að fara út í neina ritdeilu við háttv. nefnd Nd., þó að hún hafi farið ómildum og, að oss virðist, ósanngjörnum orðum um frv. vort frá síðasta þingi í áliti sínu. Vjer færðum þá skýr og ljós rök fyrir skoðunum vorum í rækilegu nefndaráliti, og þau rök hefur nefndin í Nd. ýmist ekki getað hrakið eða þá gengið þegjandi fram hjá þeim, og það einmitt þeim, sem þyngst eru á metunum. Vjer getum látið oss nægja, að skírskota til þessa nefndaráls, en skulum að eins taka fram sjerstaklega eitt eða tvö atriði, sem helst hafa ráðið stefnu vorri í þessu máli.

Þó að vjer játum, að heimafræðslu barna hjer á landi hafi hnignað nokkuð á síðari árum, einkum sakir hinnar ófullkomnu og ónógu farkensla, þá er hún þó enn, að ætlun vorri, aðalgrundvöllurinn undir fræðslu barna til sveita og mun svo verða enn um langan aldur. Því veldur strjálbýlið og fátæktin. Að heimafræðslunni viljum vjer hlynna, og höfum reynt að finna ráð til þess í hinu fyrra frv. voru. Hvorki stjórnarfrv. nje háttv. nefnd Nd. stígur eitt spor í þessa átt. Þvert á móti verðum vjer að telja frv. það, er fyrir liggur, beint banatilræði við heimafræðsluna til sveita.

Í 4. gr. frv. er lögleidd farskólaskylda fyrir öll börn á skólaaldri, bundin við *2 mánaða árlegan námstíma*. Þó má skólanefnd veita undanþágu frá þessari skyldu, ef hún álítur, að fræðsla sú, sem börnin fá með því móti (ɔ: með heimafræðslu eða annari kenslu eða hvorutveggja) *jafngildi þeirri fræðslu, sem farskólinn veitir með 2 mánaða námstíma á ári*. Á þessu sjest, að frv. ætlast ekki til, að börnunum sje trygð meiri fræðsla en sú, sem fæst með 2 mánaða árlegri farkenslu í þau 4 ár, sem skólaaldurinn nær yfir (10—14 ára); eða á samtals *8 mánuðum* öll árin. Hvernig börnin eiga með svo stuttum námstíma að geta fullnægt öllum þeim fræðslukröfum, sem settar eru í 2. gr., er oss fullkomin ráðgáta. Því fræðslutakmarki geta börnin að vorri hyggju alls ekki náð í svo ófullkomnum skóla og á svo stuttum tíma, nema því að eins, að töluverð rækt sje jafnframt lögð við fræðslu þeirra í heimahúsum.

En því miður er það fyrirsjáanlegt, að þessi farskólaskylda muni draga mjög mikið úr heimafræðslunni eða jafnvel, að því er mjög mörg börn snertir, fyrirkoma henni með öllu. Vjer höfum, í hinu fyrra Nd.ál. voru, sýnt ljóslega fram á

hina miklu hættu, sem stafar af farskóla-fyrirkomulaginu, eins og það nú er, og Guðmundur meistari Finnbogason játar, að farkenslan hafi víða dregið úr ábyrgðartilfinningu foreldranna og rækt þeirra við heimafræðsluna. Hvað mun verða, þegar farkenslan er lögboðin um allar sveitir þessa lands?

Vjer teljum því ákvæði 4. greinar um farskólaskyldu stórhættuleg fyrir fræðslu barnanna, og yfir höfuð að tala er það skoðun vor, að það sje *hið mesta óráð að lögbjóða skólaskyldu annarsstaðar en þar, sem vísa má börnunum á sæmilegan fastan skóla, er veiti þeim að minsta kosti 6 mánaða fræðslu á ári.*

Þetta var aðalmótbára vor á móti stjórnarfrv. 1905 og er aðalmótbára vor nú á móti þessu frv. Háttv. nefnd Nd. gengur alveg þegjandi fram hjá henni, en virðist aftur á móti gefa í skyn, að vjer höfum »talið það eftir sveitarsjóðunum« að kosta 2 mánaða árlega farkenslu, sem vjer höfum hvergi sagt og aldrei til hugar komið, og teljum vjer slíkt miður sæmilegt.

Þó að vjer, enn sem fyr, efumst um, að tími sje til kominn að lögbjóða skólaskyldu í kaupstöðum og þjettbýlum, og sjeum hræddir um, að undanþágurjetturinn, sem frv. heimilar (sbr. 6. gr.), verði svo mikið notaður, að undanþágan geti orðið að reglu, þó að vjer sjáum fram á, að sveitarfjelög þau, sem hjer eiga hlut að máli, muni þurfa að leggja mikið í kostnaðinn til húsagjörða o. fl. til að fullnægja hinni auknu aðsókn, sem af skólaskyldunni kann að leiða, þá játum vjer, að það er ekki ókljúfandi fyrir slík sveitarfjelög, að halda uppi reglulegri skólakenslu í 6 mánuði á ári fyrir öll börn á skólaaldri, og viljum — til samkomulags við háttv. Nd. — leggja til, að lögleiða skólaskyldu í kaupstöðum og í þeim kauptúnum, sem eru eða verða eftirleiðis sjerstök hreppsfjelög, og enn fremur, með ákveðnum skilyrðum, í þorpum og hverfum, sem ekki eru sjerstök, hreppsfjelög. Öll slík hjeruð, sem hafa fastan heimangönguskóla, viljum vjer nefna *skólahjeruð*, en hin aftur *fræðsluhjeruð*. Sömuleiðis viljum vjer til samkomulags ganga að því, að kenslan sje ókeypis og kostnaður greiðist úr sveitarsjóði, eigi að eins í skólahjeruðum, þar sem það er sjálfsögð afleiðing skólaskyldunnar, heldur og í fræðsluhjeruðum, þar sem vjer viljum ekki lögbjóða neina skólaskyldu.

Að öllu öðru en því, er snertir ókeypis kenslu, viljum vjer halda fyrirkomulagi barnafræðslunnar í fræðsluhjeruðum óbreyttu, eins og vjer fórum fram á í frv. voru árið 1905.

Það er því tillaga vor, að frv. sje samþykt með þeim breytingartillögum, sem standa á þgskj. 414, og munum vjer gjöra nánari grein fyrir þeim við framsöguna.

Alþingi, 26. ágúst 1907.

Sigurður Stefánsson, formaður — Björn M. Ólsen, skrifari og framsögum.

Jón Jakobsson, Sigurður Jensson, Þórarinn Jónsson.

Ed.

414. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um fræðslu barna.

Frá nefndinni.

1. Við 1. gr.: Á eftir orðinu: »skólanefnd« bætist inn: eða fræðslunefnd.

2. Á eftir I. kafla bætist inn nýr kafli (sem verður II. kafli) í 2 greinum (sem verða 4. og 5. gr.), svo hljóðandi.

II. kafli.

Um hjeraðaskifting sem undirstöðu barnafræðslu.

4. gr.

Hver kaupstaður er *skólahjerað* út af fyrir sig, sömuleiðis hvert það kauptún eða þorp, sem er hreppsfjelag út af fyrir sig eftir 4. gr. sveitarstjórnarlaganna 10. nóv. 1905, enn fremur hver sá hreppur, er setur á stofn hjá sjer fastan skóla, hvort heldur heimangönguskóla eða heimavistaskóla eða hvorttveggja í einu, þannig lagaðan, að hann veiti hverju barni í hreppnum, sem er á skólaaldri (10—14 ára), að minsta kosti 6 mánaða fræðslu á ári.

Stjórnarráð Íslands getur og veitt þorpi eða hverfi, sem er partur af hreppsfjelagi, leyfi til að stofna skólahjerað fyrir sig, ef þar er settur á stofn heimangönguskóli, er veiti hverju barni þorpsins eða hverfisins á skólaaldri minst 6 mánaða fræðslu á ári. Þó skal leyfi þetta ávalt bundið því skilyrði, að þeim parti hreppsins, sem lendir utan skólahjeraðsins, sje heimilt að nota skólann, gegn því, að taka tiltölulegan þátt í skólakostnaði, með því að koma börnum fyrir í grend við hann, svo að þau geti gengið þaðan daglega í skólann, eða með því, að setja heimavistir í samband við hann, og að ef þetta leiði til þess, að öll börn hreppsfjelagsins á skólaaldri njóti fræðslu í skólanum minst 6 mánuði á ári, þá skuli allur hreppurinn vera eitt skólahjerað.

Skólanefnd hefur á hendi stjórn fræðslumála í skólahjeraði hverju undir umsjón og yfirstjórn stjórnarráðsins (sbr. VII. og VIII. kafla).

5. gr.

Hver sá hreppur, sem ekki er skólahjerað, er *fræðsluhjerað* út af fyrir sig.

Ef skólahjerað er sett á stofn innanhrepps (sbr. 4. gr.) er sá hluti hreppsins, sem lendir utan takmarka skólahjeraðsins, fræðsluhjerað út af fyrir sig,

Heimilt er fræðsluhjeruðum, tveimur eða fleiri, að ganga saman í eitt fræðsluhjerað með leyfi stjórnarráðsins.

Fræðslunefnd stjórnar fræðslumálum í hverju fræðsluhjeraði undir umsjón og yfirstjórn stjórnarráðsins (sbr. VII. og VIII) kafla).

3. II. kafli frumv. verður III. kafli.

4. Við fyrirsögn þessa kafla: Fyrirsögnin orðist þannig:

Um skólahald í skólahjeruðum.

5. Við 4. gr. frumv.: Greinin falli burtu.

6. Við 5. gr. frumv.: Greinin falli burtu.

7. Við 6. gr. frumv.: Fyrsti liður greinarinnar (»Í kaupstöðum — í 4. gr.«) orðist þannig:

Í hverju skólahjeraði skal vera fastur skóli, heimangönguskóli eða heimavistaskóli eða hvorttveggja saman. Reglugjörð um fyrirkomulag og hollustuhætti skólans skal samin af skólanefnd og liggur undir samþykki yfirstjórnar fræðslumála. Skulu foreldrar og þeir aðrir í skólahjeraðinu er hafa börn á skólaaldri til framfærslu, skyldir til að senda börn sín í skólann og láta þau njóta þar kenslu hinn lögskipaða námstíma, nema skólanefnd hjeraðsins veiti undanþágu, en það gjörir hún því að eins, að hún álíti, að fræðsla sú, er barnið fær utan skólans, verði jafngild þeirri fræðslu, sem skólinn veitir. Umsóknir um slíkar undanþágur skulu vera komnar til skólanefndar á þeim tíma, er hún sjálf ákveður og auglýsir í lok skólaárs ár hvert.

Nú óhlýðnast foreldrar eða þeir aðrir, sem barn hafa til framfærslu, ákvæðum þessum án gildra ástæðna, og varðar það 1—25 kr. sekt eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð (bæjarsjóð).

8. Við 6. gr. frumv.: Í stað »lýðskólanna« (í 2. lið) komi: fræðslumála.

9. Við 6. gr. frumv.: Í stað »kaupstöðum og hreppum« (í 2. lið) komi: skólahjeruðum.

10. Við 6. gr. frv.: 3. og 4. liður greinarinnar falli burt.

11. Við 7. gr. frv.: Greinin falli burt.

12. Við 8. gr. frv.: (sem verður 7. gr.): Greinin orðist þannig:

Í þeim skólum, sem taldir eru í 6. gr., veitist kenslan ókeypis og greiðist skólakostnaður úr sveitarsjóði (bæjarsjóði). Í þeim skólahjeruðum, sem að eins ná yfir part af hreppi (sbr. 4. gr.), skal hreppsnefnd jafna skólakostnaði sjerstaklega niður á gjaldendur hjeraðsins og þá aðra gjaldendur, er hafa notað skólann (sbr. 4. gr.), í rjettri tiltölu við sveitarútsvar þeirra til annara þarfa hreppsins.

13. Á eftir 8. gr. frv. (sem verður 7. gr.) komi inn nýr kafli (sem verður IV. kafli) í 7 greinum (sem verða 8.—14. gr.), svo hljóðandi:

IV. kafli.

Um fyrirkomulag barnafræðslu í fræðsluhjeruðum og um fræðslusamþyktir.

8. gr.

Í fræðsluhjeruðum skal það fyrirkomulag barnafræðslunnar, sem nú er, haldast, nema því verði breytt með fræðslusamþyktum.

Hin sameiginlega barnafræðsla, eða eftirlit með heimafræðslu barna, sem veitt er eða veitt verður í fræðsluhjeruðum, veitist ókeypis, og greiðist hinn sameiginlegi kostnaður, svo sem til farskóla, eftirlits með heimafræðslu, sunnudagaskóla o. s. frv., úr sveitarsjóði. Í þeim fræðsluhjeruðum, sem að eins ná yfir part af hreppi (sbr. 5. gr.), skal hreppsnefnd jafna fræðslukostnaðinum sjerstaklega niður á gjaldendur fræðsluhjeraðsins í rjettri tiltölu við sveitarútsvar þeirra til annara þarfa hreppsins. Undanþegnir þessari aukanið-

urjöfnun eru þó þeir gjaldendur fræðsluhjeraðsins, sem nota hinn fasta skóla skólahjeraðsins og gjalda til hans eftir 7. gr.

9. gr.

Fræðslunefnd er heimilt að gjöra fræðslusamþyktir fyrir það fræðsluhjerað, er hún er skipuð fyrir, á þann hátt, er segir í 10.—14. gr. þessara laga.

10. gr.

Þegar fræðslunefnd álítur hagfelt að gjöra fræðslusamþykt fyrir fræðsluhjeraðið, skal hún kveðja til fundar alla þá menn, er þar búa og atkvæðisrjett hafa í sveitamálum.

Fræðslunefnd kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, og skal formaður fræðslunefndar vera fundarstjóri, eða sá annar af fræðslunefndarmönnum, er fræðslunefnd kýs til þess. Þá er fundur lögmætur, er helmingur allra atkvæðisbærra manna á því svæði, sem samþyktin skal ná til, eru á fundi.

11. gr.

Fræðslunefnd leggur fyrir fundinn frumvarp til samþyktar þeirrar, er hún vill koma á, og ber það undir álit og atkvæði fundarins. Til þess að frumvarpið verði samþykt, þarf meiri hluta atkvæða þeirra, er á fundi eru. Breytingartillögur við frumvarp fræðslunefndar geta því að eins komið til atkvæða, að meiri hluti fræðslunefndar samþykki þær. Þegar frumvarpið er þannig samþykt, sendir fræðslunefnd það yfirstjórn fræðslumála til staðfestingar.

12. gr.

Nú virðist yfirstjórn fræðslumála, að fyrirmæli fræðslusamþyktar gangi of nærri frelsi manna, eða komi á einhvern hátt í bága við lög eða grundvallarreglur laga, og synjar hún þá um staðfesting, en skýra skal hún um leið fræðslunefnd frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir yfirstjórnin fræðslusamþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlast gildi, og er samþyktin upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, er samþyktin nær yfir.

13. gr.

Í fræðslusamþykt má ákveða um farskólahald, eftirlit með heimafræðslu, sunnudagaskólahald, ráðning kennara, laun þeirra, kenslutíma, nauðsynlegar kenslubækur og kensluáhöld, og yfir höfuð alt, sem að fræðslunni lýtur.

Í fræðslusamþykt má og setja ákvæði um, að öll börn á skólaaldri skuli skyld að taka þátt í þeirri sameiginlegri barnafræðslu, er fræðsluhjeraðið veitir. Þó skulu börn vera undanþegin þessari skyldu, ef heimilisfeður þeirra færa sönnur á, að þau njóti fullnægjandi heimafræðslu. Um undanþágur úrskurðar fræðslunefnd.

14. gr.

Brot mót löggiltri fræðslusamþykt varðar sektum frá 1—25 kr. eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til fræðslunefndar. Sektirnar renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

14. III. kafli frv. verður V. kafli.

15. Við 9. gr. (sem verður 15. gr.): Í stað orðanna »hverjum hreppi og kaupstað« komi: hverju skólahjeraði og fræðsluhjeraði. Í skólahjeruðum heldur skólakennarinn (eða skólakennararnir) prófið, í fræðsluhjeruðum sá maður, sem þar er ráðinn til farkenslu eða til eftirlits með heimafræðslu, eða, ef sliks manns er ekki kostur, þá einhver hæfur maður, er fræðslunefnd ræður til þess.

16. Við sömu gr.: Í stað »lýðskólanna« komi á tveim stöðum: fræðslumála.

17. Við sömu gr.: Í stað orðsins »prófdómanda« komi: kennara eða þeim sem prófið heldur.

18. a. Við sömu gr.: Í stað »skólanefnd« komi alstaðar: skólanefnd eða fræðslunefnd (í því falli, sem við á).

18. b. Við sömu gr.: Í stað orðanna »sveitinni eða kaupstaðnum« komi: hjeraðinu.

19. Við 10. gr. (sem verður 16. gr.): Í stað »eru« (í 2. línu) komi: sjeu — og í stað »skólanefnd« komi: skólanefnd eða fræðslunefnd.

20. Við 11. gr. (sem verður 17. gr.): Í stað »skólanefnd« og í stað »skólanefndin« komi á báðum stöðum: skólanefnd eða fræðslunefnd. Í tilvitnuninni til »10. gr.« breytist greinatalan samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

21. 12. gr. verður 18. gr.

22. Við sömu gr.: Fyrir »lýðskólanna« komi: fræðslumála.

23. IV. kafli frumv. verður: VI. kafli.

24. Við 13. gr. (sem verður 19. gr.): Greinin orðist þannig:

Kaupstaðir fá engan styrk úr landssjóði til barnafræðslu. Hreppsfjelögum veitist landssjóðsstyrkur til eftirlits með heimafræðslu, til farskóla, til heimangönguskóla og heimavistaskóla eftir þeim reglum, sem segir í eftirfarandi greinum.

25. Á eftir 13. (ɔ: 19.) gr. komi inn ný grein (sem verður 20. gr.), svo hljóðandi:

Skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til eftirlits með heimafræðslu eru:

1. að eftirlitinu sje hagað eftir reglugjörð, er sje löguð eftir fyrirmynd, sem yfirstjórn fræðslumála hefur samið og sett.
2. að til eftirlitsins sje ráðinn með skriflegum samningi til ákveðins tíma kennari, einn eða fleiri, er starfi að minsta kosti 6 mánuði á ári og hafi auk ókeypis fæðis, húsnæðis og þjónustu að minsta kosti 6 kr. kaup fyrir hverja viku, er hann starfar að eftirlitinu.

Nú fullnægir hreppur þessum skilyrðum, og skal þá upphæð landssjóðsstyrksins ákveðin með tilliti til tölu þeirra barna á skólaaldri, er notið hafa eftirlitsins og lengdar eftirlitstímans.

26. Við 14. gr. (sem verður 21. gr.): Fyrsti liður greinarinnar orðist þannig:

Skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til farskóla eru:

27. Við sömu gr.: Í stað »skólanefnd« komi á tveim stöðum: fræðslunefnd — og fyrir »lýðskólanna«: fræðslumála.

28. Við 15. gr. (sem verður 22. gr.): Fyrsti liður orðist þannig:

Skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til fasts heimangönguskóla eru:

29. Við sömu gr.: Fyrir »lýðskólanna« komi: fræðslumála — og fyrir »skólanefnd«: skólanefnd eða fræðslunefnd.

30 a. Við 16. gr. (sem verður 23. gr.): Fyrir »lýðskólanna« (á 2 stöðum) komi: fræðslumála — og fyrir »skólanefnd«: skólanefnd eða fræðslunefnd.

30 b. Við sömu gr.: Í stað: »skólastaður — skólahjeraðsins« (í 1. tölul.) komi: skólastaður og tilhögun skólahússins.

31. Við 17. gr. (sem verður 24. gr.): Fyrir »lýðskólanna« komi: fræðslumála.

32. V. kafli frumv. verður VII. kafli.

33. Fyrirsögn V. (ɔ: VII.) kafla orðist þannig:

Um skólanefndir og fræðslunefndir.

34. Við 18. gr. (sem verður 25. gr.): Greinin orðist þannig:

Í skólanefnd eiga sæti 5 menn, kosnir af bæjarstjórn eða hreppsnefnd, í fræðslunefnd 3 menn, kosnir af hreppsnefnd.

Þegar tvö eða fleiri fræðsluhjeruð ganga saman í eitt fræðsluhjerað (sbr. 5. gr.), skulu hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, halda fund með sjer og kjósa fræðslunefnd fyrir hjeraðið.

35. Við 19. gr. (sem verður 26. gr.): Fyrir »skólanefndar« komi: skólanefndar eða fræðslunefndar — fyrir »hreppsnefndarmenn« komi: bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn — fyrir »hreppsnefnd« komi: bæjarstjórn eða hreppsnefnd — og fyrir »skólanefnd hreppsins« komi: skólanefnd eða fræðslunefnd hjeraðsins.

36. Við 20. gr. (sem verður 27. gr.): Orðið »varaformann« falli burt.

37. Við 21. gr. (sem verður 28. gr.): Í stað orðanna »að minsta kosti fullur helmingur« komi: meiri hluti.

38. Við 22. gr. (sem verður 29. gr.): Greinin orðist þannig:

Skólanefnd hefur umsjón og eftirlit með öllum barnafræðslumálum hjeraðs þess, er hún er skipuð fyrir, sjerstakiega með skóla hjeraðsins, ræður kennara við skólann — og skulu jafnaðarlega þeir, sem staðist hafa kennarapróf, látnir ganga fyrir öðrum — og hefur eftirlit með, að þeir gjöri skyldu sína, sjer um hið árlega próf, sem fyrirskipað er í lögum þessum, annast um, að börnin geti fengið nauðsynlegar bækur og áhöld. Hún hefur umsjón með húsum skólans og annast um, að herbergi þau, sem höfð eru til kenslu, sjeu svo, að heilsu barnanna sje ekki hætta búin. Hún sjer um útvegun nauðsynlegra kensluáhalda. Hún ráðstafar fje því, sem kaupstaðurinn eða hreppurinn veitir til barnafræðslu og afhendir bæjarstjórn eða hreppsnefnd í tæka tíð áætlun um kostnað við barnafræðsluna ár hvert. Hún býr út skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn fræðslumála heimtar um hag barnafræðslunnar.

39. Á eftir 22. (ɔ: 29.) gr. komi ný grein (sem verður 30. gr.), svo hljóðandi:

Fræðslunefnd hefur allar hinar sömu skyldur og hreppsnefnd með þeim breytingum, sem eru eðlileg afleiðing af mismunandi verkahring.

Fræðslunefnd sjer um framkvæmd á löggiltum fræðslusamþyktum og átelur, ef þær eru brotnar.

40. Við 23. gr. (sem verður 31. gr.): Í stað »lýðskólanna« komi: fræðslumála — og í stað »skólanefnda«: skólanefnda og fræðslunefnda.

41. »VI. kafli« verður: VIII. kafli.

42. Við fyrirsögn VI. (ɔ: VIII.) kafla og við 24. gr. (sem verður 32. gr.): Fyrir »lýðskólanna« komi: fræðslumála.

43. Við 24. (ɔ: 32.) gr.: Á undan »undirbýr« bætist inn: og.

44. Við sömu gr.: Í stað orðanna »fyrir lýðskólana — að lýðmentun lúta« komi: um fræðslumál.

45. »VII. kafli« verður: IX. kafli.

46. »25. gr.« verður: 33. gr. — og »26. gr.«: 34. gr.

Alþingi, 24. ágúst, 1907.

Sigurður Stefánsson	Björn M. Ólsen	Jón Jakobsson.
formaður	skrifari og framsögumaður.	
Sigurður Jensson.	Þórarinn Jónsson.	

Ed.

415. Breytingartillaga

við frumv. til laga um breyting á 2. gr. laga 7. nóvember 1879 um breytingar á eldri lögum um siglingar og verslun á Íslandi.

Frá nefndinni í farandsalamálinu.

Orðið »eftirleiðis« í 1. gr. falli burtu.

Nd.

416. Frumvarp

til laga um stofnun húsmæðraskóla.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

2. gr.

Stjórnarráð Íslands hefur yfirumsjón skólanna. Það skipar forstöðukonu fyrir hvorn skóla, og hefur hún á hendi daglega stjórn skólans og skólaheimilisins. Að öðru leyti eru forráð hvors skólans um sig falin 3 manna nefnd, og er forstöðukonan sjálfkjörin í hana. Meðstjórnendur hennar eru kosnir til 4 ára hvor, þannig, að sýslunefndin í hjeraðinu, þar sem skólinn á

heima, kýs annan, en stjórn Búnaðarfjelags Íslands hinn. Gengur annar þeirra úr nefndinni eftir hlutkesti þá er 2 ár eru liðin frá því stjórn var sett, og síðan á víxl, þá er kjörtími hvors um sig er liðinn.

3. gr.

Forstöðukona hefur á hendi kenslu við skólann, og skal hún hafa leyst af hendi próf, er sýni, að hún sje fær um kenslu í hinum helstu námsgreinum hans. Hún hefur að launum 1200 kr. á ári auk leigulauss bústaðar í skólanum.

Skólanefnd ræður þá kennara aðra, er nauðsyn krefur, með samþykki stjórnarráðs.

4. gr.

Skólar þessir hafa á hendi bæði bóklega og verklega kenslu.

Bóklega kenslan skal aðallega fara fram með fyrirlestrum í fræðigreinum þeim, er að húsmóðurstörfum lúta. Auk þeirrar kenslu skal sjerstök áhersla lögð á, að nemendur læri að tala og rita móðurmálið vel og skipulega, enn fremur sögu og landafræði Íslands og í sambandi við söguna sje sjerstaklega skýrð þýðing konunnar fyrir heimili og þjóðfjelag. Þá skal og kenna reikning og reikningsfærslu.

Verklega kenslan fer fram með munnlegri tilsögn og verklegri æfing í nauðsynlegum heimilisstörfum kvenna, og skal þar einkum kappkosta að innræta nemendum hagsýni, þrifnað, áhuga í verkum, reglusama vinnustjórn og heimilisforstöðu.

Kenna skal enn fremur dráttlist, söng og leikfimi, svo sem tími og kenslukraftar leyfa.

5. gr.

Aðalnámsskeið sje alt að 7 mánuðum (frá október til maí) ár hvert. En auk þessa skulu vera tvö námsskeið stutt á skólanum; annað að vori, þar sem nemendur fá tilsögn og æfing í garðrækt og fleiri vorstörfum; hitt að hausti og fá þá nemendur á sama hátt kenslu í notkun og geymslu garðávaxta (matjurta) svo og geymslu matvæla og fleiru, er að hauststörfum lýtur. Heimilt er konum utanskóla, að sækja kensluskeið þessi, eins og rúm leyfir á skólanum. En þó skulu hinir föstu nemendur sitja þar í fyrirrúmi

6. gr.

Hvor skólinn um sig á að geta tekið á móti 30 nemendum, er jafnframt hafi heimavistir í skólanum. Skal skólastjórnin sjá um, að nemendur geti komið á sameiginlegu mötuneyti.

7. gr.

Stjórnarráðið setur reglugjörðir fyrir skólana, með samráði við skóla-

nefndirnar. Sje þar, meðal annars, kveðið á um einstöku skilyrði, fyrirkomulag kenslunnar og vitnisburði.

8. gr.

Kostnaður við að gjöra skóla þessa úr garði greiðist úr landssjóði, að öðru leyti en því, sem hjeruðin styrkja til þess. Kennaralaun og annar árlegur kostnaður greiðist og úr landssjóði. —

9. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda þá fyrst, er hjeruðin, er að skólunum lúta, hafa skuldbundið sig til að ábyrgjast 15,000 króna framlög til stofnunar hvorum skóla. —

Ed. **417. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um veð í skipum.

Frá Aug. Flygenring, Jóh. Jóhannessyni og Stgr. Jónssyni.

1. Við 2. gr.

Síðari málsliður þessarar greinar: »Að því er snertir skip og báta, er eigi standa á skipaskrá, skal þinglesturs getið á dálki skipsins eða bátsins á fiskiskipaskránni« falli burt.

2. Við 7. gr.

Í stað orðsins »5 — fimm«, komi: 12 — tólf.

Nd. **418. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1906 og 1907 og fjáraukalögum 20. okt. 1905, fyrir 1904 og 1905, veitast kr. 144,462,66 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—6. gr. hjer á eftir:

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitast:

Við 7. g. Viðhald á húsum síðara árið (endurveiting)	kr. 700
— 7. h. Húsbúnaður og áhöld	— 200
Tiltölulegur hluti tillags til geðveikrahælisins á Kleppi frá miðjum maí til ársloka 1907	— 7,000
	kr. 7,900

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast:

Við B. 6.	Til að byggja hús undir áhöld landssjóðs kr. 5500		
	Til þess að kaupa lóð	— 1500	kr. 7000
Við B. 13.	Viðbótarstyrkur til brúargjörðar á Jökulsá á Jökuldal		— 1300
Við D.	Aftan við liðinn bætist þessir liðir:		
1.	Til aukalínu frá Hofi til Vopnafjarðarkauptúns		— 2000
2.	Til aukalínu frá Seyðisfirði til Mjóafjarðar		— 2500
3.	Til þess að festa upp sjerstakan ritsíma á línunni frá Sauðárkrók til Akureyrar með hliðarspottum til Dalvíkur og Hjalteyrar		— 12975
4.	Til sjerstaks ritsíma á línuna frá Akureyri til Seyðisfjarðar		— 23600
5.	Til kaupa á staurum ásamt flutningi hingað til lands í haust:		
	a, 5500 staurar til línunnar frá Borðeyri til Ísafjarðar	kr. 41250	
	b, 2000 staurar frá Ísafirði til Vatneyrar	— 15000	
	c, 2000 staurar frá Reykjavík til Ægissíðu	— 15000	
	d, 900 varastaurar	— 6750	— 78000
6.	Til þess að ransaka nýjar símaleiðir og setja á fót nýjar stöðvar		— 4000
			kr. 131375

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju og kenslumála, veitast:

Við A, b:	Til varnargarðs fyrir Höfðaá, til varnar engjum á prestssetrinu Höfða í Fells-prestakalli	kr. 177
Við B, V. b.	Til stýrimannaskólans, til þess að stækka og endurbæta kjallarann undir skólahúsinu alt að	— 500
Við B, VII.	Utanfararstyrkur til sjera Magnúsar Helgasonar til að kynna sjer kennaraskóla erlendis ...	— 500
		kr. 1177

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 15. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja veitast:

Við 1. g.	Styrkur til að stunda skóggræðslu	kr. 500
Við 18. a.	Til ransóknarstofu í Reykjavík, stofnkostnaður ...	— 552,53
		kr. 1052,53

6. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, sem veitt er í fjáraukalögum 20. okt. 1905 fyrir árin 1904 og 1905 í 3. gr. 2 til ransóknarferða og undirbúnings við ritsímalagningu, veitast 2958 kr. 13 aur.

Ed. **419. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um prentsmiðjur 4. desember 1886.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Allar prentsmiðjur þær, er nú eru, eða síðar kunna stofnaðar að verða hjer á landi, eru skyldar að láta Landsbókasafni Íslands og hinni konunglegu bókhlöðu í Kaupmannahöfn ókeypis í tje 2 eintök hvoru af hverju því, sem prentað er í þeim, stóru og smáu, sem og endur- og sjerprentunum úr blöðum, ritum og ritsöfnum, og skal annað eintakið jafnan prentað á skrifpappír. — Amtsbókasöfnin á Akureyri, Stykkishólmi og Seyðisfirði og háskólabókasafnið í Kaupmannahöfn, skulu einnig fá ókeypis hjá öllum prentsmiðjum landsins 1 eintak hvert af öllu því prentmáli, sem í þeim er prentað. Prentsmiðja sendi tvisvar á árí hverju, í janúar- og júlímánuði, lögreglustjóra þess lögregluumdæmis, sem prentsmiðjan er í, alt það prentmál, sem henni ber að standa áður nefndum söfnum skil á, ásamt skrá yfir það, sem prentað hefur verið, og annast lögreglustjóri sendingu á því til hlutaðeigandi safna. Slíkt hið sama gildir um afhending blaða, er Landsskjalasafnið á lögum samkvæmt að fá. Vanskil á prentmáli varða sektum frá 5—500 kr., ef eigi er bætt úr vanræktinni, þegar ámint er um það. Í lok hvers árs skulu allar prentsmiðjur landsins senda bókaverði Landsbókasafnins skrá yfir alt það, stórt og smátt, sem prentað hefur í þeim verið á árinu.

2. gr.

Með lögum þessum er 2. gr. laga um prentsmiðjur, 4. desember 1886, úr gildi numin.

Nd. **420. Frumvarp**

til laga um hækkun á aðflutningsgjaldi.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.)

Auk hækkunar þeirrar á aðflutningsgjaldi, sem ákveðin er í lögum 31. júlí 1907, skal gjald þetta hækka um 10 af hundraði frá 1. janúar 1908.

Nd. **421. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum 19. desember 1903 um túngirðingar o. fl.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað 1. greinar túngirðingalaganna komi ný 1. gr. svo hljóðandi:

Á árinu 1909 má verja til lánveitinga 100,000 kr. úr viðlagasjóði, til að kaupa fyrir galvaniseraðan gaddavír, galvaniseraða járnteina og galvaniseraða járnstólpa í túngirðingar.

2. gr.

Síðari málsgrein 2. greinar túngirðingalaganna orðist þannig:

Sýslumenn annast um, að menn sjeu á höfnunum, er veiti girðingarefninu móttöku og gjöri aðrar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru, og skulu kaupendur kosta uppskipun, geymslu og afhendingu efnisins.

3. gr.

Í stað 3. greinar túngirðingalaganna komi ný 3. gr. svo hljóðandi:

Þeir ábúendur jarða eða eigendur, sem hlaða undir vírgirðinguna garð úr torfi eða grjóti, er að minsta kosti sje 1 fet á hæð utan og innan (mælt frá hæstu þúfnakollum) og því þurfa ekki nema 4 vírstrengi, geta fengið lán fyrir alt hið umrædda girðingarefni, en að öðrum kosti verða þeir að láta pöntuninni fylgja $^1/_4$ hins áætlaða verðs efnisins.

Gamlir garðar mega ekki notast, nema þeir sjeu beinir og jafnir að hæð, og að öðru leyti eins stæðilegir sem nýir væru.

4. gr.

Í stað 4. greinar túngirðingalaganna komi ný 4. gr. svo hljóðandi:

Af láni því, er viðlagasjóður veitir til túngirðinganna, greiðist árlega í 22 ár, 7 krónur af hverjum 100 krónum í vexti og afborgun; sýslumenn innheimta gjaldið á manntalsþingum hjá ábúendum, og reiknast það frá þeim tíma er efnið kom á þá höfn, er um var beðið, en sje gjaldið ófáanlegt frá ábúanda, skal jarðareigandi greiða það.

Gjaldi þessu fylgir lögtaksrjettur.

5. gr.

Í stað orðsins: »sýslunefndir« í upphafi 5. greinar túngirðingalaganna komi: sýslumenn.

Orðin í sömu gr.: »Ráði sýslunefnd — 1904« falli burtu.

6. gr.

Í stað orðsins: »landssjóði« í 7. gr. túngirðingalaganna komi: viðlagasjóði.

Orðin í sömu grein: »ef jörðin er eigi — skal hann« falli burtu. Sömuleiðis síðari málsgrein sömu greinar.

7. gr.

Í stað 8. greinar túngirðingalaganna komi ný 8. gr. svo hljóðandi:

Á árinu 1908 semur landsstjórnin áætlun um verð á hverri virrjúpu af fjóryddum vírstreng og hverju feti í teinum og stólpum að meðtöldum flutningskostnaði, og gildir sú áætlun sem fastákveðið verð, að því er snertir framlag þeirra manna, sem fje þurfa fram að leggja með pöntuninni.

Áætlun þessi sje birt, sem önnur stjórnarvalda-auglýsing og sje í henni tekið fram, hvað langur strengur að minsta lagi er í hverri virrjúpu, svo að pöntun hvers enstaks manns eða samgirðingafjelags geti staðið á heild (heilrjúpu eða hálfrjúpu), og útheimtir það ekki neitt peningaframlag fyrirfram, þó pantendur eða aðrir færi pöntunina upp í þessu augnamiði.

8. gr.

Málsgreinin aftast í 9. gr. túngirðingalaganna: »Við hver árslok« til enda greinarinnar, falli burtu.

9. gr.

Orðin í fyrri málsgrein 15. greinar túngirðingalaganna: »sem hvorki er landssjóðs nje kirkjueign« falli burtu.

10. gr.

16. gr. túngirðingalaganna falli burtu, og í 17. grein, sem verði 16. gr. breytist tilvitnunin: »12. 13. og 16. gr.« í 12. og 13. gr.

11. gr.

18. gr. túngirðingalaganna falli burtu.

12. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa breytingar þær á túngirðingalögunum frá 19. desember 1903, sem í lögum þessum eru ákveðnar, inn í meginmál þeirra, og getur þá konungur gefið lögin, þannig breytt, út sem lög um túngirðingar.

Nd. **422. Frumvarp**

til laga um að skifta Húnavatnssýslu í tvö sýslufjelög.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Að því er stjórn sveitarmála snertir, skal Húnavatnssýslu skift í tvö sýslufjelög.

Annað sýslufjelagið heitir Austur-Húnavatnssýsla, og eru í því þessir

hreppar: Vindhælishreppur, Engihlíðarhreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Svínavatnshreppur, Torfalækjarhreppur, Sveinsstaðahreppur og Áshreppur.

Hitt sýslufjelagið heitir Vestur-Húnavatnssýsla, og eru í því þessir hreppar: Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur.

Hvort sýslufjelagið hefur sinn fjárhag út af fyrir sig.

2. gr.

Í hvoru sýslufjelaginu skal vera sýslunefnd, er hafi á hendi stjórn sveitamálefna þeirra, sem varða sýslufjelagið, samkvæmt lögum um sveitarstjórn 5. okt. 1905. Í sýslunefndum þessum eiga sæti, auk sýslumanns, sem er oddviti beggja nefnda, einn maður úr hverjum hreppi, er sje kosinn eftir reglum þeim, sem settar eru í nefndum lögum um kosningu sýslunefndarmanna.

3. gr.

Eignum, skuldum og skuldbindingum, er útgjöld hafa í för með sjer í Húnavatnssýslu, skal skift milli hinna nýju sýslufjelaga eftir samanlagðri tölu fasteignar- og lausafjárhundraða hvors um sig.

Nd. **423. Frumvarp**

til laga um útgáfu lögbirtinga-blaðs.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Landsstjórnin gefur út blað til þess að birta stjórnvaldaauglýsingar, innkallanir og aðrar almennar tilkynningar og skýrslur, sem eftir núgildandi lagafyrirmælum á að birta í einhverju frjettablaði í Reykjavík, er stjórnin til tekur. Í stjórnvaldablaði Íslands má og birta auglýsingar um rjettarverk og yfirvaldsráðstafanir, sem ekki er lögskipuð birting á, svo og umburðarbrjef og sjerhvað það, er landsstjórninni þykir þörf á að gjöra almenningi kunnugt.

Í blaði þessu skal birta allar auglýsingar um sjeldan óskilafjenað.

2. gr.

Stjórnarráðið ákveður borgun fyrir birtingar í blaðinu, samkvæmt því, er tíðkast hefur um borgun fyrir birting stjórnvaldaauglýsinga í blöðum þeim, er fyrirskipað hefur verið að birta þær í. Enn fremur ákveður stjórnarráðið, hverjar auglýsingar og birtingar skuli vera ókeypis í blaðinu, og tiltekur söluverð þess; svo skipar það og fyrir um, hver stjórnarvöld skuli fá blaðið ókeypis, og hvað gjöra skuli til þess að gjöra almenningi ljettara fyrir að fá vitneskju um það, er í blaðinu stendur.

3. gr.

Stjórnarráðið heldur sjerstakan reikning yfir árlegar tekjur og gjöld lög-

birtingablaðsins. Ef tekjuhalli verður, telst hann með skrifstofukostnaði stjórnarráðsins, en verði tekjuafgangur, telst hann með óvissum tekjum landssjóðs.

4. gr.

Opið brjef frá 27. maí 1859, »um breyting á reglum þeim, er gilda á Íslandi viðvíkjandi auglýsingum í blöðum í vissum tilfellum« skal úr gildi felt. Birting í lögbirtingablaði Íslands skal eftirleiðis hafa sama löggildi eins og birting í þeim blöðum, sem flutt hafa stjórnvaldaauglýsingar, hefur haft til þessa.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1908.

Nd. **424. Frumvarp**

til laga um skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og unglinga.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Þegar maður er dæmdur samkvæmt hinum almennu hegningarlögum til hegningar, sem eigi er þyngri en sektir eða fangelsi, enda sjeu málsbætur fyrir hendi, svo sem æska, góð hegðun undanfarið, hreinskilin játning, afbrotið smáfelt og skaðabætur greiddar eða boðnar fram, má kveða svo á í dóminum, að fullnustu hans skuli fresta. Frestun má vera því skilyrði bundin, að dómþoli greiði þeim, er misgjört var við, skaðabætur innan ákveðins tíma, og eftir atvikum, að honum verði komið fyrir á siðbætandi heimili, er nánara sje til tekið.

Sæti dómfeldi innan 5 ára frá fullnaðar-uppsögn slíks skilorðsbundins dóms ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði, og sje hann í því máli dæmdur til þyngri hegningar en sekta, þá skal hann einnig sæta hegningu þeirri, er frestað var. Að öðrum kosti fellur niður fullnægjugjörð dómsins. Sje síðara afbrotið, er svo þung hegning var við lögð, ekki framið af ásettu ráði, ákveður dómarinn eftir öllum málavöxtum, hvort eldra dóminum skuli fullnægt eða ekki.

Nú er afbrot drýgt innan hinna ákveðnu 5 ára, en mál eigi höfðað fyrr en þau eru liðin, og skal þá skilorðsbrotið tekið til greina sem hegningarauki, þá er hegningin fyrir hið nýja afbrot er metin.

Ef skilyrði, sem sett er fyrir hegningarfrestun samkvæmt öðrum lið fyrstu málsgreinar, er rofið, skal dómþoli einnig sæta hegningunni nema hann sanni, að hann hafi eigi getað fullnægt skilyrði dómsins af ástæðum, sem honum verður eigi gefin sök á. Þegar svo stendur á, getur dómþoli krafist úrskurðar hins sama dómstóls, sem áður hefur dæmt í málinu, um það, hvort dómi skuli fullnægt, eða skilorðið falla burt, eða því skuli eftir atvikum breytt. Úrskurði þessum getur dómþoli eigi áfrýjað til æðri rjettar.

2. gr.

Verði hegningu, er frestað hefur verið, eigi fullnægt, telst henni sætt við dómsuppsögn. Að liðnum 5 árum frá dómsuppsögn nýtur þá dómþoli allra rjettinda, er fást með uppreist á æru, án þess uppreist sje veitt.

3. gr.

Nú sætir maður, sem feldur hefur verið til skilorðsdóms, innan 5 ára frá fullnaðar-uppsögn dómsins, ákæru í opinberu máli fyrir hegningarvert athæfi, er hann hefur drýgt, áður en skilorðsdómurinn var uppkveðinn yfir honum í hjeraði, og lögð er við önnur hegning en sú, sem fresta má fullnustu á samkvæmt 1. gr., og skal rjetturinn þá ákveða nýja hegningu í einu lagi fyrir bæði afbrotin, sbr. 63. og 65. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Sje hinsvegar hegning sú, sem á við það brot, er síðar komst upp, þess eðlis, að kveða megi upp skilorðsbundinn hegningardóm fyrir brotið, þá skal rjetturinn, að athuguðum þeim málavöxtum, sem fram eru teknir í 1. gr., úrskurða, hvort ákveða beri hegningu, er þegar verði fullnægt í einu lagi, eða hvort uppkveða eigi nýjan skilorðsbundinn hegningardóm.

4. gr.

Í niðurlagi hvers skilorðsbundins hegningardóms skal með skírskotun til laga þessara, með berum orðum taka fram, að hegningin falli niður eftir 5 ár, ef haldin sjeu skilorð laganna og dómsins.

5. gr.

Börn skulu eigi sæta hegningu fyrir afbrot, sem þau drýgja innan fullnaðs 14 ára aldurs, en í þess stað skal, eftir að venjuleg sakamálsransókn hefur farið fram, beita hæfilegum uppeldis- og öryggisráðstöfunum gegn slíkum börnum, svo sem með því að beina aðvörun til barnsins og forsjármanns þess, með því að skipa áreiðanlegan mann eða konu, er til þess er fús og fallin, til þess að hafa umsjá með forsjármanni að því er snertir uppeldi barnsins, með fyrirskipun um, að forsjármaður barnsins skuli veita því hæfilega refsingu í heimahúsum undir því eftirliti, sem fullnægjandi er talið, eða með því, að koma barninu fyrir annarstaðar á góðu heimili í sveit, ef um kaupstaðabörn er að ræða, þannig, að uppeldisrjetturinn sje fenginn í hendur þar til hæfum manni. Þyki þetta síðastnefnda eigi nauðsynlegt, skal forsjármanni þó jafnan tjáð, að hann megi búast við því, að barnið verði tekið frá honum og fengið öðrum til uppeldis, ef hinum fyrirskipuðu ráðstöfunum er eigi hlýtt, eða það að öðru leyti þyki nauðsynlegt vegna barnsins.

Um þær ráðstafanir, sem eigi lúta að því að taka barnið burt frá heimili þess og koma því fyrir annarstaðar, getur lögreglustjóri tekið ákvörðun. Úrskurði hans geta foreldrar eða forsjármaður þó áfrýjað til stjórnarráðsins. Ákvörðun um, að barni skuli komið burt frá heimili þess og að uppeldisrjetturinn skuli tekinn af foreldrum eða þeim, sem hafa hann að lögum, og falinn öðrum, verður því að eins framkvæmd, að stjórnarráðið skipi svo fyrir, nema foreldrar eða forsjármaður samþykki. Fyrirskipa má, að slík ráðstöfun

skuli haldast til 18 ára aldurs, og þyki stjórnarráðinu sjerstakar ástæður til bera, getur það ákveðið, að dvöl ungmennisins á tilteknum stað utan heimilis þess skuli haldast alt að því 3 ár fram yfir þann tíma.

Við sakamálsransókn gegn börnum má ekki setja þau í gæsluvarðhald, nema ómögulegt sje að ná tilganginum með því að fela áreiðanlegum mönnum eftirlit með barninu. Allan kostnað, sem leiðir af uppeldis- og öryggisráðstöfunum þeim, er um ræðir í þessari grein, skal greiða eftir sömu reglum og annan sakamálskostnað, og skal framfærslumaður endurgreiða landssjóði framfærslukostnað til 16 ára aldurs samkvæmt reglum fátækralaganna.

6. gr.

Ákvæði þau, sem gilda um málshöfðun og hegningu fyrir afbrot, er drýgð eru af unglingum, sem eru frá 15 til 18 ára að aldri, skulu einnig gilda um þau afbrot, sem unglingar á 14 til 15 ára aldri fremja, með þeirri einni breytingu, að ef pilti á þessum aldri er dæmd hýðing, þá skal hún á lögð með vendi en eigi með reyrpriki.

Ef álíta má, að hegning unglings, sem er frá 14 til 18 ára að aldri, fari ekki fram úr lágu stigi hegningarvinnu, getur stjórnarráðið ákveðið, að málshöfðun skuli falla niður með því skilyrði, að sakborning sje komið fyrir á góðu heimili í sveit um tiltekinn árafjölda, alt að fullum 21 árs aldri, og að hann þann tíma sje háður eftirliti, er hæfa þykir, svo sem umsjón tiltekinna manna, fjelaga eða stofnana, er til þess þykja fallin, eða á annan hátt. Til slíkrar ráðstafanar þarf ekki samþykki foreldra eða forsjármanns. Geri hinn seki sig á þessum tíma beran að nýjum glæp, eða brjóti hann í einhverju verulegu gegn þeim reglum, sem settar eru af hinni skipuðu tilsjón, skal málið tekið upp að nýju eftir fyrirskipun stjórnarráðsins. Kostnaður við þessar ráðstafanir greiðist á sama hátt sem sakamálskostnaður. Um endurgjald á framfærslukostnaði fer eins og segir í niðurlagi 5. greinar.

7. gr.

Þær breytingar, sem lög þessi hafa inni að halda á fullnustu hegningar og ákvæði um afbrot barna og unglinga, skulu koma til framkvæmda í öllum málum, sem fá endileg dómsúrslit eftir að lög þessi ganga í gildi. Þó koma ákvæðin í 6. gr., um afbrot unglinga á 14—15 ára aldri, eigi til framkvæmda um brot, sem drýgð eru áður lögin öðlast gildi, ef hinn seki verður við það fyrir þyngri hegning heldur en eftir lögum þeim, sem nú eru í gildi.

Ed. **425. Frumvarp**

til laga um farandsala og umboðssala.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Farandsalar og umboðssalar, sem ekki hafa fast aðsetur hjer á landi, og

bjóða til kaups útlendan varning, eða gefa kost á að útvega eða gjöra um kaup á vörum, er síðar koma frá útlöndum, skulu leysa leyfisbrjef áður en þeir hefja atvinnurekstur hjer á landi. Leyfisbrjefið gefur lögreglustjóri í því lögsagnarumdæmi, þar sem farandsalinn kemur fyrst við land, eða byrjar atvinnurekstur sinn. Gildir það fyrir 1 ár, reiknað frá dagsetningardegi.

2. gr.

Í leyfisbrjefinu skal tekið fram, hvort leyfishafi reki atvinnu fyrir sjálfan sig eða í umboði annara, og þá fyrir hvert eða hver nafngreind firma eða verksmiðju. Skal leyfishafi, áður en leyfisbrjefið er afhent honum, lýsa skriflega yfir því, að viðlögðum drengskap, að hann reki eigi umboðsstörf fyrir aðra eða fleiri en þá, er tilgreindir eru.

3. gr.

Fyrir leyfisbrjefið skal leyfishafi greiða 200 króna gjald, hafi hann að eins umboð eða vörur til framboðs frá einu firma eða verksmiðju. En hafi hann vöruframboð fyrir fleiri, greiði hann 50 króna viðbótargjald fyrir hvern; þannig, að sá, sem hefur umboð fyrir 2, greiði 250 kr., fyrir 3, 300 krónur o. s. frv. Leyfisbrjefsgjaldið greiðist til lögreglustjóra fyrir fram, og rennur í landssjóð.

4. gr.

Hafa skulu lögreglustjórar eftirlit með leyfisbrjefum farandsala, sjerstaklega að því er snertir nöfn og tölu þeirra firma og verksmiðja, er þeir reka störf fyrir. Sýna skal farandsali leyfisbrjef sitt hlutaðeigandi lögreglustjóra, áður en hann byrjar atvinnurekstur í því lögsagnarumdæmi. Ritar lögreglustjóri ókeypis vottorð á brjefið um, að honum hafi það sýnt verið.

5. gr.

Leyfisbrjef farandsala skulu bundin við nafn. Að öðru leyti skipar ráðherra fyrir um fyrirkomulag þeirra og efni.

6. gr.

Umboðssalar, eða farandsalar, er hafa fast aðsetur hjer á landi, og greiða hjer lögboðin gjöld, skulu leysa borgarabrjef, sem innlendir kaupmenn, sbr. lög nr. 28, 7. nóvember 1879, eða lög, er síðar kunna að verða sett um það efni.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum skal fara með, sem almenn lögreglumál, og sæta þau sektum frá 10 til 500 krónur.

Sje brotið fólgið í því, að farandsali eða umboðssali hafi eigi leyst leyfis-

brjef samkvæmt lögum þessum, skal hann auk sektanna greiða gjald það, er honum bar að greiða.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í landssjóð.

Nd. **426. Breytingartillaga**

við frv. til laga um skipun prestakalla.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Við 1. gr. 69. Í stað: »Ísafjörður: Ísafjarðarsókn« komi: Ísafjörður: Ísafjarðarsókn og Hólssókn í Bolungarvík.

Nd. **427. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög 20. október 1905 um stofnun geðveikrahælis.

Flutningsmenn: G. Björnsson og Jón Magnússon.

1. gr.

Við geðveikrahælið skal skipa sjerstakan lækni. Hann skal búa í geðveikrahælinu og hafa að launum 2700 kr. auk ókeypis bústaðar, eldsneytis og ljósmetis. Hann skal, auk læknisstarfa, hafa á hendi forstöðu og reikningshald hælisins og vera skyldur til að gegna kenslu í lagalegri læknisfræði við læknaskólann án sjerstakrar þóknunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1908.

Ed. **428. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um gjald af tollskyldum vörum, sem unnar eru innanlands.

Nefnd sú, er háttv. efri deild fól að athuga frumvarp þetta, hefur fallist á aðalstefnu þess, en þó með talsverðum breytingum.

Nefndin álítur, að lög þessi komi ekki að neinum verulegum notum í bráð — að öllum líkindum ekki um næstu 10 ár — ef þau ekki eru látin ná »aftur fyrir sig«, þ. e. ef gjaldið er eigi greitt af birgðum þeim, er fyrir liggja, er þau koma í gildi. Hefur hún því að sjálfsögðu sett inn aftur ákvæði þau, er hjer að lúta, úr frumvarpi stjórnarinnar.

Eins og kunnugt er, hefur árangurinn af tolllögunum frá 8. nóv. 1901, að því er bitter snertir, og sumpart vindla, orðið sá, að landssjóður hefur algjörlega mist af bittertollinum og sjálfsagt helming eða meira af vindlatollinum. Báðar þessar vörutegundir hafa síðan, eins og kunnugt er, verið búnar til í landinu, sem sje vindlar að miklu leyti, en bitter að öllu leyti. Bitter hækkaði að vísu í verði um það, er tollinum nam, strax og lögin gengu í gildi, en framleiðandinn vissi mjög vel, að þá verðhækkun, o: tollinn, gat hann látið í vasa sinn í staðinn fyrir í landssjóð, enda hefur sú raun orðið á, að bittermaðurinn hefur þann veg auðgast vel á kostnað landssjóðs.

Hann kvað heldur eigi hafa verið seinn til í vor, þessi duglegi bittergjörðarmaður, strax áður en þing kom saman, að flytja hingað til lands ógrynni af bitterefnum og auka við birgðir sínar svo þær dygðu um næstu 5 til 10 ár, að minsta kosti. Af þessum ástæðum álítur nefndin sjálfsagt að láta gjaldið til landssjóðs ná til birgða þeirra, er fyrir liggja, þegar lögin öðlast gildi; því ella væri með frumvarpinu slegið eitt stórt vindhögg.

Til orða kom það í nefndinni, að taka eigi gjald af fyrir liggjandi innlendum vindlabirgðum hjer framleiddum, en bæði sá nefndin það, að afar-óviðfeldið er að láta eigi lögin ná jafnt til beggja þessara vörutegunda, er þau eru stíluð til, og svo hitt, að um litlar slíkar vindlabirgðir mun vera að ræða — svo litlar, að gjald þetta, er vindlagjörðarmenn koma til að greiða af fyrirliggjandi birgðum, er að eins örlítið brot af þeim hagnaði, er þeir hafa haft af hinum afarháa verndunartolli, er þeir um undanfarin ár hafa hagnýtt sjer svo rækilega.

Önnur aðalbreyting, er nefndin leggur til að gjörð sje á frumvarpinu, er sú, að lögin nái að eins til vindla og bittera. Fyrirsögn frumv. er því einnig breytt samkv. því. Sem stendur, er ekki um aðrar vörur að tala en þessar, er nokkru nemi gjald af. Brjóstssykur, tilbúinn hjer, er að vísu til, en bæði mundi gjaldheimtan af þessari vöru reynast all-erfið, enda birgðir nú sama sem engar. Brjóstssykursgjörð getur aldrei orðið mikil hjer á landi, enda kvað hún varla borga sig sem stendur, þrátt fyrir hátt aðflutningsgjald.

Aðrar innfluttar tollvörur, sem síðar meir kynnu að verða búnar til hjer — svo sem Chocolade — álítur nefndin ekki tíma til kominn að leggja gjald á. Bæði mun enn líða langur tími til þess, er hugsandi væri um stofnun Chocoladeverksmiðju, og svo er hvorki þarflegt nje heppilegt að búa til lög um þess konar mögulegleika, óðara en reynslan sýnir, að þeirra sje nokkur þörf eða yfir höfuð, að þau geti átt við. Enda rjettara í þetta sinn að láta sem flest bíða af hugsanlegum lagasetningum viðvíkjandi tollum og sköttum; lofa fyrst hinni væntanlegu milliþinganefnd að spreyta sig á því máli.

Að öðru leyti mun nefndin í framsögu málsins gjöra nánari grein fyrir eftir farandi:

BREYTINGARTILLÖGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Enginn má reka vindlagjörð nje tilbúning á bitterum, hverrar tegundar sem er, til sölu, nema tekið hafi leyfisbrjef hjá lögreglustjóra, þar sem framleiðsl-

an fer fram. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 100 kr. til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs.

Ákvæði þetta gildir einnig um þá, sem nú reka vindlagjörð eða bittergjörð, þar á meðal lyfsala, sem búa til og selja bitter án læknisforskriftar.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Fyrir hvert pund af tóbaksvindlum eða vindlingum, sem eru búnir til hjer á landi, skal greiða í landssjóð gjald, er nemi helmingi aðflutningsgjalds af vindlum eða vindlingum eftir tolllögum þeim, er í hvert sinn gilda. — Fyrir hvern pela af bittervökva (bitteressens, elixír o. þvl.) eða pott af bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaður til drykkjar, skal greiða í landssjóð gjald, er samsvari tveim þriðju af aðflutningsgjaldi því, sem greiða ber af vörutegundum þessum samkvæmt toll-lögunum.

3. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:

Framleiðandi skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi lögreglustjóra áður varan er látin burt frá honum, seld eða send til umboðssölu. Af birgðum þeim, er fyrir liggja af innlendum vindlum og bitterum, þegar lög þessi öðlast gildi, skal gjaldið einnig greitt, og skal hver sá, er slíkan varning hefur til sölu, senda lögreglustjóra sínum, innan viku, drengskaparvottorð um það, hve miklar birgðir hann hefur, og greiði jafnframt gjaldið.

4. Við 4. gr.

Í stað orðanna: »neinni vöru, þeirri«, í fyrstu línu, komi: af vörum þeim.

5. Við 7. gr.

Orðin innan sviga, í 2. línu greinarinnar: »(sbr. þó 5. gr., síðari málsgrein)«, falli burt.

6. 9. grein falli burt.

7. Fyrirsögn frumvarpsins breytist þannig:

Frumvarp til laga um gjald af innlendri vindlagjörð og tilbúningi á bitter.

Efri deild alþingis 27. ágúst 1907.

Jóh. Jóhannesson	Aug. Flygenring
formaður.	skrifari og framsögum.

Steingrímur Jónsson.

Nd. **429. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest.

Skattamálanefndin hefur íhugað þetta frumvarp, og telur það góða rjettarbót.

Það er nú augljóst, að smákaupmenn geta ekki sætt góðu færi og keypt mikið í einu af tollskyldri vöru, ef þeir fá ekki lengri frest á tollgreiðslunni, en 3 mánuði, eins og nú gjörist.

Og því síður getur stórkaupmaður, eins og nú stendur, ráðist í að kaupa og flytja til landsins í einu heila farma af tollskyldri vöru, til þess að selja kaupmönnum hjer á landi.

Úr þessu bætir frumvarpið, en þó ekki til fulls.

Það heimilar geymslu á tollskyldum vörum, undir innsigli, og alt að því ársfrest á tollgreiðslunni, og verða þessi ákvæði til stórþæginda fyrir smákaup-

menn. Hins vegar heimtar frumvarpið, að tollur sje greiddur jafnskjótt sem varan er tekin úr tollgeymslu. Þetta ákvæði girðir fyrir alla stórverslun hjer á landi með tollskylda vöru, því að stórkaupmaður yrði eftir því að greiða tollinn um leið og hann seldi og sendi smákaupmanni skerf af birgðum sínum. Til þess að stórverslunin geti orðið innlend, verður stórkaupmaður að eiga kost á því, að geyma birgðir sínar lengur en eitt ár, án þess að greiða tollinn, og smákaupmönnum verður að vera frjálst að kaupa tollskyldar vörur hjá honum á sama hátt og hjá útlendum stórkaupmönnum, þ. e. a. s., eiga kost á því, að setja vöruna í tollgeymslu hjá sjer. Með þessu gæti unnist, að stórverslun yrði innlend, og vörukaupin greiðari fyrir smákaupmenn, en landssjóður mundi hins vegar einskis í missa.

Nefndinni er nú að vísu ljóst, að þannig löguð tollgeymsla og stórverslanir geta ekki þrifist nema í stærstu kaupstöðum landsins, og eru ýmsir erfiðleikar á, ef ekki er til tollbúð og sjerstök tollstjórn.

En kaupmannaráð Reykjavíkur hefur tjáð nefndinni, að það telji slíkar heimildir nauðsynlegar, og bæjarfógeti hjer hefur látið nefndinni það álit sitt í ljósi, að þetta geti gengið án sjerstakrar tollstjórnar, einkanlega ef til væri sjerstakt geymsluhús fyrir tollskyldar vörur. En nefndinni er kunnugt um, að Reykjavíkurbær á hússtæði við höfnina, sem ætluð eru vörugeymsluhúsum, og hefur nefndin ástæðu til að ætla, að bærinn mundi á sinn kostnað reisa þar vörugeymsluhús þegar í stað, ef það gæti orðið til þess, að auka og bæta verslun bæjarins

Á framangreindum ástæðum er bygð breytingartillaga nefndarinnar við 1. gr. frumv., og er það eina efnisbreytingin, sem nefndin fer fram á, enda eru hinar breytingartillögurnar afleiðing af henni.

Loks vill nefndin láta þess getið, að ef þessi heimild sem breytingartillagan við 1. gr. fer fram á, verður notuð og reynist vel í Reykjavík, þá sje sjálfsagt að veita öðrum kaupstöðum, einkum Seyðisfirði, síðar samskonar heimild.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Aftan við 1. málslið bætist:

Ef vörugeymsluhús fyrir tollskyldar vörur er reist í Reykjavík til almennings afnota, getur stjórnarráðið leyft, að kaupmenn í Reykjavík sendi kaupmönnum á öðrum höfnum innanlands, svo og til útlanda, tollskyldar vörur, er þar hafa verið geymdar, án þess að svara tollinum. Tollvöruskrá frá lögreglustjóra í Reykjavík skal fylgja skipsskjölunum þangað sem tollvaran á að fara í land hjer á landi og ber skipstjóra, að viðlagðri 10—200 kr. sekt, að afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans tollvöruskrána um leið og varan er afhent frá skipi.

Lögreglustjóri innheimtir svo toll af slíkum vörum, á sama hátt og þær kæmu frá útlöndum.

2. Við 3. gr. Á eftir orðunum: »ef hann á sjer stað« í 1. málsgrein, komi: Svo er og um borgun fyrir innsiglun samkvæmt 1. gr.

3. Við 5. gr. Greinin orðist þannig:

Tolli skal að fullu lokið innan árs frá því er tollvaran var flutt inn í landið eða úr tollvörugeymslu í Reykjavík, til annara hafna á Íslandi.

4. Við 6. gr. Aftan við tölulið 4 bætist: »og hvert þær fara«.

Neðri deild alþingis, 27. ágúst 1907.

Lárus H. Bjarnason formaður.	G. Björnsson skrifari.	Björn Kristjánsson framsögumaður.
Ólafur Ólafsson	Ólafur Briem	Pjetur Jónsson.
		Hermann Jónasson.

Nd. **130. Frumvarp**

til laga um bygging vita.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Vita skal reisa við Dalatanga. Til þess að koma upp vitanum og bústað handa vitaverði má verja 20,000 kr. úr landssjóði.

2. gr.

Nýjan vita skal reisa á Reykjanesi, og má til þess verja 84,000 kr. úr landssjóði.

3. gr.

Veitt skal á fjárlögunum það fje, sem árlega þarf til starfrækslu fyrnefndra vita.

Nd. **131. Frumvarp**

til laga um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands.

(Eins og það var samþykt við 2. umr, í Nd.).

1. gr.

Við Fiskiveiðasjóð Íslands, sem stofnaður er með lögum 10. nóvbr. 1905, skal setja á fót lánsdeild, til að veita aðgang að lánum gegn veði í fiskiskipum, bátum og öðrum eignum, er heyra til þess, að reka fiskiveiðar.

2. gr.

Sem tryggingarfje fyrir lánsdeild Fiskiveiðasjóðsins skulu vera 100,000 krónur af sjálfum Fiskiveiðasjóðnum. Landssjóðurinn ábyrgist, að þótt Fiskiveiðasjóðurinn fyrir einhver óhöpp kynni að verða minni en 100,000 krónur, þá skuli þó tryggingarfje þetta nema þeirri upphæð. Tryggingarfjeð, ásamt skuldabrjefum þeim, sem lánsdeildin fær frá lántakendum sínum, með þeirri samstaklegu (sólidarisku) ábyrgð, sem síðar getur um, svo og allar aðrar eignir hennar, eru því til tryggingar, að lánsdeildin fullnægi skuldbindingum sínum.

3. gr.

Lánsdeild Fiskiveiðasjóðsins getur gefið út vaxtabrjef, er hljóða upp á handhafa, en geta orðið skrásett upp á nafn. Upphæð þeirra samtals má eigi fara fram úr fimmfaldri upphæð tryggingarfjárins og varasjóðsins til samans. Eigi heldur má nokkru sinni vera í umferð manna á milli stærri upphæð af vaxtabrjefum þessum, en upphæð skuldabrjefa þeirra, sem lánsdeildin á.

4. gr.

Fje lánsdeildarinnar skal lána út gegn veði í íslenskum skipum, bátum,

fasteignum og öðrum eignum hjer á landi, sem notuð eru til fiskiveiða eða til að gjöra aflann að verðmætri vöru. Til frekari tryggingar má einnig heimta, þegar þörf þykir á, persónulega ábyrgð, sjerstaklega fyrir því, að veðin sjeu fyrir hendi.

Ekki má lán út á nokkurt einstakt veð nema meiru en 40,000 kr., og eigi meiru en helmingi af upphæð þeirri, sem veðið er vátrygt fyrir í vátryggingarfjelagi, er stjórnarráðið tekur gilt. Veðsetja skal einnig vátryggingarupphæðina. Lána má gegn öðrum veðrjetti, þótt veðið sje veðsett með fyrsta veðrjetti opinberum sjóði, þó svo að lánsupphæðirnar samtals fari ekki fram úr hálfvirði veðsins.

Stjórn lánsdeildarinnar skal nákvæmlega gæta þess, að taka ekki sem gilt veð þær eignir, sem búast má við að missi söluverð sitt, áður en lánið er að fullu endurborgað.

5. gr.

Lántakendur ábyrgjast, auk þeirrar upphæðar, er þeir á hverjum tíma skulda, jafnframt samstaklega (in solidum) aðrar skuldbindingar lánsdeildarinnar, þó eigi með meiri upphæð en 10% af því, sem lán þeirra var upphaflega. Nú hrekkur varasjóður lánsdeildarinnar ekki til að borga skaða, er hún hefur orðið fyrir, og skal þá, áður en gripið er til tryggingarfjárins, jafna niður á lántakendur aukagjaldi til varasjóðsins, svo sem þörf er á til að bæta skaðann.

Niðurjöfnunin skal vera í hlutfalli við hinar upphaflegu upphæðir lánanna, og má ekki nema meiru samtals en 10% af þeim. Eftir ákvörðun stjórnar lánsdeildarinnar má skifta henni niður á fleiri eða færri ár.

Þegar lán er borgað að fullu, má eigi veita viðurkenningu fyrir því, nema með þeim fyrirvara, að lánsdeildin hafi rjett til að grípa til hinnar samstaklegu (sólídarisku) ábyrgðar; en ekki síðar en reikningsskilum fyrir næsta ár er lokið, skal stjórn lánsdeildarinnar skýra frá, hvort og að hve miklu leyti taka þurfi til ábyrgðar þessarar. Veðskuldabrjefið má þó afmá, þegar lánið er endurborgað, ef önnur trygging er sett fyrir hinni samstaklegu (sólídarisku) ábyrgð.

Verði þörf á því, að grípa til tryggingarfjárins til að fullnægja skuldbindingum lánsdeildarinnar, skal endurborga það jafnskjótt og hagur lánsdeildarinnar leyfir það.

6. gr.

Þeir, sem fengið hafa, eða ætla að fá, lán úr lánsdeildinni, hafa rjett til að fá að sjá, hverjir hafa fengið lán hjá lánsdeildinni og hverja tryggingu þeir hafa sett fyrir lánum sínum.

7. gr.

Lán þau, sem lánsdeildin veitir, hefur hún heimild til að borga út í vaxtabrjefum eftir ákvæðisverði þeirra, en stjórn lánsdeildarinnar er skyld til, ef lántakandi óskar þess, að koma vaxtabrjefunum í peninga, án þess að hann þurfi að borga annað en beinan kostnað.

8. gr.

Lántakandi skal greiða árlega fyrir fram, sem tillag til kostnaðar og varasjóðs, ½ % af hinni upphaflegu upphæð lánsins, þangað til því er að fullu lokið. Annað gjald til kostnaðar og varasjóðs borga lántakendur ekki, sbr. þó 5. gr.

9. gr.

Í reglugjörð fyrir lánsdeildina, er stjórnarráðið semur, skal gjöra frekari ákvæði að því er snertir lánsdeildina, þar á meðal tryggilegar reglur um eftirlit með því, hvernig veðunum er haldið við. Leggja má fyrir sýslumenn og sveitarstjórnir, að veita stjórn lánsdeildarinnar aðstoð, er hún kynni að óska eftir, í tilliti til skoðunar og virðingar á eignum þeim, er menn ætla að setja að veði fyrir láni úr lánsdeildinni. Enn fremur eru stjórnir innlendra vátryggingarfjelaga skyldar að gefa skýrslur og yfirlýsingar að því er veðin snertir.

Í reglugjörðinni fyrir lánsdeildina skal setja reglur um, að lánin falli til útborgunar, ef tryggingin fyrir þeim minkar, um, að lánin skuli vera óuppsegjanleg og um árlegar afborganir. Hvert lán skal vera borgað að fullu innan 15 ára frá því það var tekið. Frest má veita einstök ár á afborgunum, ef stjórn lánsdeildarinnar þykir ástæða til, þó svo, að lánið sje að fullu endurborgað á þeim tíma, sem upphaflega var ákveðinn, þó má, ef sjerstaklega stendur á, lengja afborgunartíma frá því, sem upphaflega hefur verið ákveðið, — alt að 15 árum alls. Allar afborganir til lánsdeildarinnar hafa lántakendur rjett til að greiða með vaxtabrjefum lánsdeildarinnar eftir ákvæðisverði.

10. gr.

Öllum afborgunum af lánum skal varið til að innleysa vaxtabrjef þau, er lánsdeildin hefur gefið út. Vaxtabrjef má innleysa annaðhvort með því, að kaupa vaxtabrjef, eða með útdrætti, sem notarius publicus sjer um. Númer þeirra vaxtabrjefa, sem þannig kynnu að verða dregin út, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara.

Nú glatast vaxtabrjef lánsdeildarinnar, sem nafnskráð er í bókum hennar, og getur þá stjórn lánsdeildarinnar innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í því blaði á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur stjórn lánsdeildarinnar útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt vaxtabrjef með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er vaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir gjört kröfu á hendur lánsdeildinni.

Um ógilding annara vaxtabrjefa lánsdeildarinnar fer eftir almennum lögum.

11. gr.

Þegar lánið er komið í gjalddaga, hefur lánsdeildin rjett til þess, ef veðið er fasteign, að láta selja veðið við opinbert uppboð án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, eftir reglum þeim, sem settar eru í tilskipun um fjárfor-

ráð ómyndugra, dags. 18. febr. 1847, 10. gr., eða, ef þörf er á, að láta leggja lánsdeildinni það út til eignar. Veðsettum fiskiskipum og öðru veðsettu lausafje getur lánsdeildin gengið að og látið gjöra fjárnám í, hvar sem veðið er, eins og sátt hefði verið gjörð um skuldina. Lánsdeildin þarf ekki að láta neinn mæta fyrir sína hönd við uppboðið eða fjárnámið, og mótmæli skuldunauts verða þar ekki tekin til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á fullum rökum bygð, og eigi verður heldur uppboðinu eða fjárnáminu frestað með neinni áfrýjun. Aftur á móti ber lánsdeildin ábyrgð á því, að krafa hennar sje rjett og að hún sje komin í gjalddaga, og skuldunautur getur, ef hann vill, höfðað mál á móti henni til að fá endurgoldið alt það tjón, sem hann kann að hafa beðið við uppboðið eða fjárnámið, sem og málskostnað skaðlaust.

Rjett er, að lánsdeildin semji svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðum megi halda á skrifstofu uppboðshaldara.

Ákvæði greinar þessarar gildir einnig um lán úr Fiskiveiðasjóði Íslands.

12. gr.

Verja má fje ómyndugra og opinberra stofnana, þar á meðal viðlagasjóðs landssjóðsins, til að kaupa vaxtabrjef lándsdeildarinnar, en þó eigi fyrir hærra verð, en ákvæðisverð eða gangverð, ef það nær ekki ákvæðisverði.

13. gr.

Stjórn sjóðsins skulu 2 menn hafa á hendi, er stjórnarráðið skipar, og skal að minsta kosti annar þeirra hafa fengist við að reka fiskiveiðar. Verksvið þeirra skal nánar ákveða í reglugjörðinni.

Landsbankinn skal hafa á hendi reikningsstörf og gjaldkerastörf lánsdeildarinnar.

Til borgunar fyrir störf við lánsdeildina má verja alt að 1500 kr. á ári, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugjörðinni.

14. gr.

Fiskiveiðasjóður Íslands skal greiða tillag til lánsdeildarinnar 2000 kr. á ári í næstu 5 ár.

15. gr.

Reikninga lánsdeildarinnar skal auglýsa í Stjórnartíðindunum. Að öðru leyti fer um reikning lánsdeildarinnar á sama hátt, sem um reikning Fiskiveiðasjóðsins.

16. gr.

Eigi síðar en 1913 skal landsstjórnin leggja fyrir alþingi frumvarp til laga viðvíkjandi framhaldi á útlánsstarfi því, er um ræðir í lögum þessum, ásamt skýrslu um reynslu þá, er þá er fengin um það. Eftir árslok 1913 má eigi veita nein ný lán úr lánsdeild Fiskiveiðasjóðsins, nema það hafi verið heimilað með nýjum lögum.

Nd. **432. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað 8. okt. 1883.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Með hafnarreglugjörð fyrir Akureyrarkaupstað, er stjórnarráðið gefur út eftir tillögu bæjarstjórnar Akureyrar, má setja ákvæði um lögreglu á höfninni og leggja sektir við brotum gegn ákvæðum reglugjörðarinnar. — Fyrirmæli þessi ná einnig til afnota af mannvirkjum við höfnina og skipakvína, svo og af uppskipunar- og geymslusvæðum með fram höfninni og skipakvínni.

2. gr.

Með reglugjörð, er stjórnarráðið staðfestir, getur bæjarstjórnin skipað fyrir um almenna vatnsveitu fyrir kaupstaðinn, um fráræslu, og um lýsing með rafmagni eða gasljósum.

Þegar þessi fyrirtæki, eða eitthvert þeirra, er komið til framkvæmdar, má eftir gjaldskrá, er stjórnarráðið staðfestir, leggja alment gjald til bæjarsjóðsins á notendur fyrir afnot þess. Gjald þetta má taka lögtaki eftir lögum 16. des. 1885.

3. gr.

Nú reynist nauðsynlegt að taka eignarnámi lóðareignir einstakra manna eða önnur rjettindi til almennings nota við höfnina eður skipakvína, eða til þess að koma í framkvæmd fyrirtækjum þeim, er nefnd eru í 2. gr., og skulu þá eigendur skyldir að láta þær eignir eða rjettindi af hendi við bæjarstjórnina, en greiða skal eigendum fult endurgjald úr sjóði kaupstaðarins eftir mati dómkvaddra manna. —

4. gr.

Rísi ágreiningur milli bæjarstjórnar og eiganda út af eignarnámi, skal skorið úr ágreiningnum á þann hátt, er fyrir er mælt í lögum nr. 57. 10. nóv. 1905, um skyldu eigenda til að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrar eignarrjett og önnur rjettindi yfir Glerá og landi með fram henni.

Tilnefning matsmanna skal fara fram á þann hátt, er ákveðið er í nefndum lögum.

Ed. **433. Frumvarp**

til laga um dánarskýrslur.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Í þeim kirkjusóknum, er læknir býr í, má prestur ekki jarðsetja lík neins manns fyr en hann hefur fengið dánarvottorð hans frá lækni þeim, er stundaði hinn látna í banalegunni. Vottorðið skal læknir láta í tje ókeypis,

ritað á eyðublað, er landlæknir lætur gjöra; skal þar tilgreina nafn hins látna, lögheimili, stöðu, dauðadag, dauðaár og dauðamein.

Nú deyr maður í kirkjusókn, er læknir situr í, og er ekki auðið að ná í lækni þann, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir sjeð hann í banalegunni, þá skal innan sólarhrings frá andlátinu sækja hjeraðslækni eða annan löggiltan lækni, búsettan í sókninni, ef kostur er, til að skoða líkið og semja dánarvottorð. Fyrir þá líkskoðun fær læknir 1 kr. auk ferðakostnaðar og dagpeninga, ef í sveit er, eftir þeim reglum, er gilda um störf hjeraðslækna. Skal greiða þann kostnað úr landssjóði.

2. gr.

Þá er prestur jarðsetur lík í kirkjusókn, þar sem enginn læknir býr, skal hann, auk venjulegra atriða (nafns, aldurs, stöðu, dánardags og greftrunardags), færa í kirkjubókina dauðamein hins látna eftir þeim upplýsingum, er hann getur bestar fengið.

3. gr.

Stjórnarráðið lætur prestum í tje eyðublöð undir dánarskýrslur. Skal semja skýrslu fyrir hvert prestakall eða hluta úr prestakalli í hverju læknishjeraði.

Þessar skýrslur skal prestur senda hjeraðslækni sínum ásamt dánarvottorðum, ef nokkur eru.

Hjeraðslæknir ransakar skýrslurnar með tilliti til dauðameina og bætir úr því, er hann finnur ábótavant; skal hann því næst semja eina dánarskýrslu fyrir alt hjeraðið eftir fyrirmælum landlæknis og senda þá skýrslu til landlæknis með öðrum ársskýrslum, og láta fylgja skýrslur prestanna.

Nd. **434. Nefndarálit**

um frumv. til laga um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands.

Nefndarmenn urðu á fyrsta fundi allir á einu máli um það, að eigi gæti það komið til tals, að þeir legðu með því, að stofna skógræktarstjóraembætti með 5000 kr. launum.

Í annan stað duldist nefndinni eigi, að ýms ákvæði í síðara kafla frumv. um varnir gegn sandfoki í Árness- og Rangárvallasýslu, mundu lítt koma til framkvæmdar, og heppilegra væri, að slík löggjöf væri rædd og undirbúin í hjeraðinu sjálfu, og þá sjerstaklega að viðkomandi sýslunefndir hefðu látið uppi álit sitt um málið.

Hitt könnumst vjer fúslega við, að margt er í þessum kafla, er getur orðið til góðrar leiðbeiningar við ný lagaákvæði eða endurskoðaðar samþyktir til varnar gegn uppblæstri lands.

Nú hefur fjárveitingunni til skógræktar reitt svo af í neðri deild, að eigi eru minstu líkur til, að þingið stofni nefnt embætti með þessum launum, og minni laun tjáir eigi að nefna, og kemur því eigi lengur til greina, að skipaður

verði slíkur embættismaður hjer, er int hefur af hendi próf, er standi jafnfætis fullu skógræktarprófi í Danmörku.

Með því er frumvarp þetta úr sögunni eins og það er hugsað og samið af forgöngumönnum þess, og sjáum vjer því eigi annað fyrir, en að ráða hinni háttvirtu deild að fella það, svo framarlega sem stjórnin tekur það eigi aftur, sem telja má sennilegast, að hún gjöri, eftir því sem málinu er nú komið.

Neðri deild alþingis, 27. ágúst 1907.

Eggert Pálsson, formaður. Þórh. Bjarnarson, skrifari og framsögum.

Ólafur Thorlacius.

Nd. **435. Breytingartillaga**

við frv. til laga um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað 8. okt. 1883.

Flm. Guðl. Guðmundsson.

1. Við 2. gr. Fyrir orðin: »skipað fyrir um« komi: stofnsett og komið skipulagi á — »um« falli burt á tveim stöðum.
   Aftan við gr. bætist: »utanhúss«
2. Við 3. gr. »eftir mati dómkvaddra manna« falli burt.

Nd. **436. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingar á lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma.

Nefnd sú, er mál þetta var vísað til, hefur rætt það og ihugað og ekkert fundið við það að athuga. Leggjum vjer því til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt eins og það kom frá háttv. efri deild.

Neðri deild alþingis, 28. ágúst 1907.

G. Björnsson, formaður. Ólafur Thorlacius, skrifari og framsögumaður.

Jóhannes Ólafsson.

Guðl. Guðmundsson. Stefán Stefánsson, Eyf.

Nd. **437. Frumvarp**

til laga um veitingar áfengra drykkja á skipum á Íslandi.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

A skipum, er koma hjer við land, eða ganga meðfram ströndum landsins eða innfjarða, mega veitingar áfengra drykkja fyrir borgun ekki eiga sjer stað meðan skipið liggur í höfn. Ákvæði þessarar greinar nær ekki til útlendra skemtiskipa, eða annara ferðamannaskipa, er koma hingað til lands eingöngu í því skyni, að flytja hingað útlenda ferðamenn.

2. gr.

Brot gegn 1. grein varða sektum frá 50—500 kr. Ef brotið er ítrekað, skulu auk þess upptækir allir áfengir drykkir, er finnast hjá þeim, er brýtur.

Bryti ber ábyrgð á veitingum þjóna sinna, nema það sannist, að hann hafi bannað þær eða á annan hátt reynt að afstýra þeim.

Sektir og andvirði áfengra drykkja, sem upptækir eru gjörðir, renna í sjóð sveitar þeirrar eða kaupstaðar, er brotið er framið í.

3. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum sæta meðferð almennra lögreglumála.

Nd. **438. Frumvarp**

til laga um breytingar og viðauka við lög um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað fyrirsagnarinnar fyrir 2. kafla kosningalaganna frá 3. okt. 1903 komi ný fyrirsögn: »Kjördæmi og kjörstjórnir«. Í stað 7. greinar laganna komi ný 7. gr., svo hljóðandi:

Landið skiftist í 7 kjördæmi þannig:

Fyrsta kjördæmi tekur yfir Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslu, og kýs 6 alþingismenn.

Annað kjördæmi tekur yfir Árnessýslu, Rangárvallasýslu, Vestmannaeyjar og Dyrhóla-, Hvamms- og Álftavershreppa af Vestur-Skaftafellssýslu; kýs 5 alþingismenn.

Þriðja kjördæmi tekur yfir Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu; kýs 5 alþingismenn.

Fjórða kjördæmi tekur yfir Vestur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað og Norður-Ísafjarðarsýslu; kýs 4 alþingismenn.

Fimta kjördæmi tekur yfir Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, svo og yfir Hvanneyrar, Þóroddsstaða og Svarfaðardalshreppa í Eyjafjarðarsýslu; kýs 5 alþingismenn.

Sjötta kjördæmi tekur yfir hina aðra hreppa Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað, Suður-Þingeyjarsýslu, Norður-Þingeyjarsýslu og Skeggjastaða og Vopnafjarðarhreppa í Norður-Múlasýslu; kýs 5 alþingismenn.

Sjöunda kjördæmi tekur yfir hina aðra hreppa Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suður-Múlasýslu, Austur-Skaftafellssýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, vestur að Kúðafljóti, (Leiðvallar-, Skaftártungu-, Kirkjubæjar- og Hörgslandshreppa) og kýs 4 alþingismenn.

2. gr.

Í stað 8. greinar kosningalaganna komi ný 8. gr. svo hljóðandi:

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn; sitja í henni 5 menn, oddviti og 4 aðrir af kjósendum kjördæmisins. Oddvitar yfirkjörstjórna skulu vera: Í fyrsta kjördæmi oddviti bæjarstjórnarinnar í Reykjavík; í öðru kjördæmi sýslunefndaroddvitinn í Árnessýslu; í þriðja kjördæmi sýslunefndaroddvitinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu; í fjórða kjördæmi oddviti bæjarstjórnarinnar á Ísafirði; í fimta kjördæmi sýslunefndaroddvitinn í Húnavatnssýslu; í sjötta kjördæmi sýslunefndaroddvitinn í Suður-Þingeyjarsýslu og í sjöunda kjördæmi sýslunefndaroddvitinn í Suður-Múlasýslu. — Í yfirkjörstjórn fyrsta kjördæmis kýs bæjarstjórn Reykjavíkur og sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu tvo menn hvor. Í hinum öðrum kjördæmum kjósa sýslunefndir þær og bæjarstjórnir, sem í þeim eru, einn mann hver í yfirkjörstjórn, nema sýslunefndirnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Suður-Þingeyjarsýslu og Suður-Múlasýslu; en sýslunefndirnar í Vestur-Skaftafellssýslu, Eyjafjarðarsýslu og Norður-Múlasýslu kjósa sinn yfirkjörstjórnarmanninn hver fyrir hvorn kjördæmishlutann í þeim sýslum.

Ef breyting verður á sýsluskipan, má með konungsúrskurði skipa fyrir um þær breytingar á skipun yfirkjörstjórna, er af því leiða.

Nú forfallast einhver hinna kjörnu manna í yfirkjörstjórn, eða yfirkjörstjórn verður af einhverjum ástæðum eigi fullskipuð, og kveður þá oddviti menn af kjósenda flokki í hin auðu sæti.

Yfirkjörstjórn tekur sjer skrifara, útreikningsmenn og aðstoðarmenn eftir þörfum við undirbúning og útsending kjörseðla og talning og útreikning atkvæða. Hún skal hafa gjörðabók, löggilta af stjórnarráðinu, og bóka í hana allar gjörðir sínar, — móttöku framboðslista, útsending og viðtöku kjörseðla og brjefa, úrskurði, samtölu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar.

3. gr.

Orðin: »nema hann sje fleiri en eitt kjördæmi, þá velur bæjarstjórn undirkjörstjórn fyrir hvert kjördæmanna« í 9. gr. kosningarlaganna, falli burtu.

4. gr.

4. kafli kosningalaganna færist aftur fyrir 5. kafla, og breytast kaflafyrirsagnir og greinatala eftir því.

Fyrir orðið: »kjörstjórnar« í fyrirsögn 5. kafla komi: yfirkjörstjórnar.

5. gr.

23. gr. kosningalaganna, er verður 19. gr., orðist svo:

Þeir, er gefa vilja kost á sjer til þingsetu, skulu gjöra það í framboðslista, er studdur sje meðmælum að minsta kosti 25 kjósenda í kjördæminu; skal sá listi vera afhentur oddvita yfirkjörstjórnar í síðasta lagi 4 vikum fyrir kjördag. Þó skal eigi neita lista viðtöku, þótt síðar komi, ef hann kemur áður en lokið er kjörstjórnarfundi þeim, er framboðslistar eru athugaðir.

Gildur er framboðslisti, þótt á honum standi færri nöfn þingmannaefna, en kjósa skal alþingismenn í kjördæminu, en eigi mega þau fleiri vera. Þó er heimilt að jafnframt sje tilgreindur varamaður, er koma skuli á listann, ef einhver af þingmannaefnum hans deyr, tekur aftur framboð sitt eða missir kjörgengi frá því listinn er afhentur, þangað til kosning fer fram.

Enginn má gefa kost á sjer í fleiri kjördæmum en einu. Brjóti nokkur á móti þessu, skal ógild sú kosning eða þær kosningar, er hann kann að verða fyrir.

Meðmælendur mega eigi vera fleiri en 35 á hverjum lista, og má enginn styðja nema einn lista sem meðmælandi. Brjóti nokkur móti þessu, strykast nafn hans út af hverjum þeim lista, sem hann hefur stutt, nema þeim, er fyrst er afhentur.

Nöfn þingmannaefna og meðmælenda skulu vera svo greinilega táknuð með fullu nafni, stöðu og bústað, að enginn vafi sje á hverjir mennirnir eru. Á framboðslista skal vera yfirlýsing þingmannaefnanna um það, að þeir gefi kost á sjer við þær kosningar í því kjördæmi og engu öðru, sömuleiðis varamanns, ef nokkur er, og yfirlýsing meðmælenda um, að þeir mæli fram með kosningu þeirra manna, er listinn greinir, og eigi annara.

Þegar oddviti yfirkjörstjórnar tekur við framboðslista, skal hann athuga hann, og sjeu gallar á, skal hann þegar vekja athygli þess, er afhendir listann, á gallanum eða göllunum, og gefa kost á að leiðrjetta það, er þurfa þykir. Oddviti merkir listana hvern með sínum bókstaf (A, B, C, o. s. frv.) í rjettri röð, eftir því sem þeir koma, og draga listarnir síðan nafn af þeim bókstaf.

Skyldur er oddviti að gefa viðurkenningu fyrir móttöku framboðslista, að tilgreindri móttökustund og bókstaf þeim, er listanum hefir hlotnast. Sje komið með samrit af listanum, skal viðurkenningin á það rituð.

Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sönnuð fyrir yfirkjörstjórninni, en alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, er kosnir eru.

6. gr.

24. gr. kosningalaganna, er verður 20. gr., orðist þannig:

Þingmannsefni og meðmælendur á hverjum lista velja sjer hvorir um sig umboðsmann úr sínum hóp, og skal tilgreina umboðsmenn þessa í framboðslista. Sjeu umboðsmenn eigi tilgreindir, eða forfallist umboðsmaður, eru þeir, er fremstir standa þingmannaefna og meðmælenda á framboðslista, rjettir umboðsmenn þeirra. Þessir umboðsmenn gæta rjettar lista þeirra, er þeir eru fyrir, við skoðun og úrskurðun framboðslista, útbúning kjörseðla og talning atkvæða, og gefa þær upplýsingar listanum viðvíkjandi, er yfirkjörstjórn þarfnast og óskar. Svo er þeim og heimilt að mæta eða gefa öðrum mönnum umboð til að mæta fyrir sína hönd

við kosningargjörð á hinum einstöku kjörstöðum, til þess að gæta þess að alt fari löglega fram. En skyldir eru þeir að hlýða þeim fundarreglum, er kjörstjórnir setja, og bera þeir í öllum þessum gjörðum ábyrgð fyrir misfellur sem opinberir sýslunarmenn fyrir afbrot í embættisfærslu.

7. gr.

19. gr. kosningalaganna, er verður 21. gr., orðist þannig:

Oddviti yfirkjörstjórnar skal kveðja yfirkjörstjórnina til fundar fjórum vikum fyrir kjördag á sem hentugustum stað í kjördæminu, en í því efni ber sjerstaklega að taka tillit til þess, að til prentsmiðju náist sem greiðast, og skulu þá rannsakaðir framkomnir framboðslistar. Umboðsmönnum þingmannsefna og meðmælenda skal gefinn kostur á að vera viðstaddir. Finnist enn gallar á framboðslista, skal hlutaðeigandi umboðsmönnum enn gjörður kostur á að leiðrjetta þá, og má veita næturfrest í því skyni. Sjeu gallar, er kjörstjórn hefir bent á, eigi leiðrjettir innan tilsetts frests, kveður kjörstjórnin upp úrskurð um það, hvort listi skuli fyrir það ógildur teljast, og skal sá úrskurður bókaður í gjörðabókina. Sje listi úrskurðaður ógildur, skal eftirrit af úrskurðinum þegar afhent hlutaðeigandi umboðsmanni eða umboðsmönnum ásamt eftirriti af listanum, er rækur er gjör.

Sjeu eigi fleiri þingmannsefni í boði á listum, sem gildir eru metnir, en kjósa skal þingmenn fyrir kjördæmið, þarf þar engin kosning fram að fara, heldur lýsir yfirkjörstjórnin þingmannsefnin, sem löglegt framboð hafa, kosin, og gefur þeim þegar kjörbrjef.

Sjeu aftur á móti þingmannsefni á framkomnum, gildum framboðslistum fleiri samtals en kjósa skal alþingismenn, skal yfirkjörstjórnin tafarlaust láta fullgjöra kjörseðla fyrir kjördæmið, og gjöra almenningi í kjördæminu kunnugt með uppfestum auglýsingum á fundarstað og á annan hentugan hátt, hverjir framboðslistar sjeu í kjöri, að tilgreindum nöfnum þingmannsefna og bókstaf hvers lista.

8. gr.

20. gr. kosningalaganna, er verður 22. grein, orðist þannig:

Á kjörseðli skulu allir framboðslistar, er gildir hafa verið metnir, teknir upp þannig, að öðrumegin á hæfilega stóru pappírsblaði sjeu prentuð út af fyrir sig, hvert niður af öðru í óbreyttri röð, nöfn þingmannsefnanna á hverjum framboðslista, hver nafnaröð undir sínum bókstaf, og skulu vera feit og skýr langstryk til aðgreiningar milli listanna. Listarnir skulu settir á blaðið í röð eftir bókstöfum sínum, og nöfn þingmannsefnanna á hverjum lista aðskilin með lárjettum strykum; hæfilegt bil skal vera fyrir framan hvert nafn innan þess stryks, sem takmarkar listann. Eigi skal prenta nöfn varamanna á kjörseðil, en eyða skal vera fyrir neðan nöfnin í hverri röð, sem nafn varamanns geti orðið sett í, ef til þarf að taka. Eigi tvö eða fleiri þingmannsefni í sama kjördæmi að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu. Á kjörseðli skal vera fyrirsögn: »Kjörseðill fyrir N. kjördæmi Íslands 19 . . «, en að öðru leyti ekkert annað á kjörseðli letrað, en það sem að ofan greinir.

Kjörseðlar skulu vera úr góðum og þykkum pappír, og skal yfirkjörstjórn gæta þess, að eigi sjeu fullgjörðir fleiri seðlar, en þeir er sendir verða undirkjörstjórnum. Þeir skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, þannig,

að ekki sjáist letrið á þeim, og skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje að leggja þá aftur í sama brot, er þeir eru notaðir.

9. gr.

21. gr. kosningalaganna, er verður 23. gr., orðist þannig:

Eigi síðar en sjö dögum eftir að framboðsfrestur er liðinn, skulu kjörseðlar fullgjörðir. Áður en seðlarnir eru afgreiddir til undirkjörstjórna, athugar yfirkjörstjórn þá vandlega og ber saman við framboðslista. Hafi til þess tíma eitthvert þingmannsefni dáið, tekið aftur framboð sitt eða mist kjörgengi, skal setja á seðilinn nafn varamanns, ef tilnefndur hefur verið. Áður seðlarnir eru saman brotnir, skal yfirkjörstjórn setja stimpil sinn á efra framhorn hvers seðils, leturmegin. Hverri undirkjörstjórn skal senda jafnmarga seðla, sem kjósendur eru á kjörskrá í umdæmi hennar, og 10% fram yfir. Utanum hverja sending skulu vera vandaðar vatnsheldar umbúðir, er yfirkjörstjórnin innsiglar með embættisinnsigli sínu, svo vandlega, að eigi sje auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlunum, án þess að brjóta innsiglið. Skal yfirkjörstjórn senda gagngjört með sendingar þessar til allra undirkjörstjórna í kjördæminu með hraðboða eða hraðboðum, nema svo atvikist, að póstferð falli fyrir kjördag til pósthúss innan kjörstaðarumdæmis, þá má senda sendinguna þangað með póstinum sem ábyrgðarsending. Ella skal sendingin afhent hlutaðeigandi hreppstjóra, og viðurkenning hans tekin fyrir afhendingunni. Geyma skal viðtakandi kjörseðlaböggul óopnaðan til kjörfundar. Brjóti nokkur heimildarlaust innsigli fyrir kjörseðlasending, eða hefti ferð hennar af ásettu ráði, varðar sektum, eða fangelsi ef miklar sakir eru.

10. gr.

Síðari málsliður fyrri málsgreinar í 22. gr. kosningalaganna, er verður 24. gr., orðist þannig:

Hverri undirkjörstjórn skulu send 6 umslög, og skal á neðra framhorni vera prentað á tvö þeirra: »gildir kjörseðlar«, á tvö þeirra: »ógildir kjörseðlar« og á tvö: »afgangsseðlar«.

11. gr.

Í stað orðanna: »og skýrslu um, hver þingmannaefni hafi boðið sig fram« í niðurlagi 22. gr. kosningalaganna, sem verður 24. gr., komi: nokkur eintök af auglýsingu sinni um það, hverjir framboðslistar sjeu í kjöri, og skýrslu um það, hverjir varamenn hafi verið tilnefndir á hverjum framboðslista.

12. gr.

Í fyrri málsgrein 25. greinar kosningalaganna komi í stað orðanna: »tíundi dagur septembermánaðar«: tíundi dagur októbermánaðar.

13. gr.

Í 28. gr. kosningalaganna komi í stað orðanna: »Með kössunum skal og senda — til yfirkjörstjórnar« í enda fyrri málsgreinar, svolátandi ákvæði:

Enn fremur skal láta búa til og senda yfirkjörstjórnum innsigli og stimpla

handa þeim, svo og nægilega tölu stimpla og stimpiláhalda handa undirkjörstjórnum, og skulu stimplar þessir vera nákvæmlega af sömu gjörð fyrir alla kjörstaði í hverju kjördæmi.

Í stað orðsins »poka« í síðari málsgrein 28. greinar komi: stimpla.

14. gr.

Aftan við 29. gr. kosningalaganna bætist:

Áður kosningarathöfn byrjar, geta umboðsmenn lista eða staðgenglar þeirra krafist þess, að nafn varamanns sje sett á kjörseðil, svo framarlega sem sýnd eru nægileg skilríki fyrir því, að einhver þingmannsefna, er á kjörseðli standa, hafi dáið, tekið aftur framboð sitt eða mist kjörgengi, enda hafi varamaður verið tilgreindur í framboðslistanum, og skal þá gjöra fundarhlje þegar eftir að seðlaböggull hefur opnaður verið, til þess að bæta nafninu í eyðu þá, sem til þess er ætluð. Á kjörfundi mega engin ræðuhöld fara fram. Auglýsing yfirkjörstjórnar um það, hverjir framboðslistar sjeu í kjöri, skal vera uppfest til sýnis bæði inni í kjörherbergi og úti við á kjörstaðnum.

15. gr.

Í stað orðanna: »einn eða tveir umboðsmenn ..... sjeu þeir eigi sjálfir viðstaddir« í 31. gr. kosningalaganna komi:

og umboðsmenn þingmannaefna og meðmælenda (sbr. 20. gr.).

16. gr.

Í stað orðanna í 32. gr. kosningarlaganna: »þingmannaefni eða umboðsmenn þeirra« komi: og umboðsmenn. — Orðin: »eða þingmannaefni« og »eða þingmannaefnin« í sömu grein, falli burt.

17. gr.

35. gr. kosningalaganna orðist þannig:

Þá er kjósandi hefir tekið við kjörseðlinum, sem oddviti afhendir honum, fer kjósandi með hann inn í kjörklefann (afherbergið) að borði því, er þar stendur og gjörir þar stryk við bókstaf þess lista á kjörseðlinum, sem hann vill atkvæði gefa. Vilji hann breyta nafnaröðinni á lista þeim, er hann velur, skal hann setja tölustafinn 1 fyrir framan það nafn, sem hann vill hafa fremst, töluna 2 fyrir framan það nafn, sem hann vill láta vera annað í röðinni, töluna 3 við það nafn er hann vill láta vera hið þriðja o. s. frv. Sje eitthvert nafn er hann getur eigi felt sig við á lista þeim, er hann kýs, má hann stryka það út, og telst það þá eigi með við samtalning atkvæðanna. Strykið við listabókstafinn, tölustafina við nöfnin og útstrykun nafns, ef svo ber undir, skal hann gjöra með bláum blýanti, sem kjörstjórnin leggur til; en hún skal hafa næga blýanta, alla samlita og nákvæmlega af sama tagi. Síðan brýtur kjósandi seðilinn saman í sömu brot, sem hann var í er hann tók við honum; gengur hann síðan inn að kjörborðinu, rjettir seðilinn, þannig samanbrotinn, að oddvita kjörstjórnar, er setur kjörstjórnarstimpilinn aftan á seðilinn, á efra framhorn brotsins, og stingur kjósandi svo sjálfur seðlinum í atkvæðakassann, gegnum rifuna á lokinu.

18. gr.

36. gr. kosningalaganna orðist þannig:

Annar meðkjörstjórinn skal hafa fyrir sjer eftirrit af kjörskránni, og gera merki við nafn hvers kjósanda, jafnóðum og hann hefir neytt kosningarjettar síns, en hinn meðkjörstjórinn skal rita nöfn þeirra, er atkvæði greiða, á sjerstaka skrá með áframhaldandi töluröð fyrir framan hvert nafn. Enginn getur neytt kosningarrjettar nema hann mæti sjálfur á kjörfundi og greiði atkvæði. Nú skýrir kjósandi kjörstjórn frá því, að hann sakir blindu, handarmeins eða af öðrum slíkum ástæðum, er kjörstjórn tekur gildar, sje ófær til að framkvæma kosninguna á fyrirskipaðan hátt, og skal þá sá úr kjörstjórninni, sem kjósandi nefnir til, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum. Þetta skal bókað í kjörbókina að tilgreindum ástæðum.

Enginn úr kjörstjórninni nje nokkur annar, sem samkvæmt 31. gr. er staddur í kjörherberginu, má skýra frá því, sem hann í kjörherbergi kann að hafa orðið áskynja um, hvernig einhver kjósandi hafi kosið.

Enginn, sem í kjörherbergi er staddur, má, meðan á atkvæðagreiðslu stendur, gefa nokkrum kjósanda ráð, áminning eða bendingu um, hverjum lista hann skuli atkvæði gefa.

Brot gegn ákvæðum þessum varða sektum, þó eigi minna en 20 kr. sekt, eða fangelsi ef miklar sakir eru.

19. gr.

38. gr. kosningalaganna orðist þannig:

Kjósandi má ekki rita eða merkja neitt annað á kjörseðil, en það sem leyft er í 35. gr. Komi það fram við atkvæðatalninguna á eftir, að kjósandi hefir

sett stryk við fleiri en einn listabókstaf,

bætt nafni eða nöfnum við á lista,

skrifað nafn sitt á seðilinn,

sett á hann stryk eða rispu, eða önnur slík einkenni, er gjört geti seðilinn þekkjanlegan,

eða notað annan seðil en kjörstjórn hefir afhent honum,

þá er seðillinn ógildur.

20. gr.

Aftan við fyrri málsgrein 40. gr. kosningalaganna bætist:

nema allir kjósendur, sem á kjörskrá eru, hafi neytt kosningarrjettar.

21. gr.

Í 41. grein kosningalaganna komi í stað orðanna »þingmannsefni og umboðsmenn þingmannaefna« í fyrri málsgreininni og »þingmannaefni eða umboðsmanni hans« í síðari málsgrein:

»Umboðsmenn þingmannsefna og meðmælenda« — og »umboðsmanni þingmannsefna eða meðmælenda.

22. gr.

42. gr. kosningalaganna orðist svo:

Þá er atkvæðagreiðslu er slitið, skal kjörstjórnin taka kjörseðlana úr atkvæðakassanum og telja þá, án þess að opna þá eða skoða. Þá skal og telja saman eftir merkjum þeim, sem gjörð hafa verið á kjörskrána og skrá þeirri, sem rituð er samkvæmt 36. gr., hve margir hafi neytt kosningarrjettar. Kjörseðlana alla, er í kassann voru lagðir, skal því næst leggja innan í umslag það, sem yfirkjörstjórn hefir til þess sent, loka því og innsigla vandlega; svo skal og leggja í umslag sjer alla seðla, er ógildir hafa orðið (sambr. 39. gr.) og í annað umslag alla þá seðla, sem afgangs eru ónotaðir.

23. gr.

Í stað orðanna: »Þingmannaefnum eða umboðsmönnum þeirra« í 43. gr. kosningalaganna komi:

»umboðsmönnum þingmannsefna og meðmælenda«.

24. gr.

Í 44. gr. kosningalaganna falli burt orðin: »eða þingmannaefni« í fyrri málsgrein og »þingmannsefni eða« í síðari málsgrein.

25. gr.

45. gr. kosningalaganna orðist svo:

Þegar búið er að loka umslögunum með kjörseðlum, ógildum seðlum og afgangsseðlum, skal leggja þau öll þegar í stað í aðalumslagið, sem yfirkjörstjórnin hefir sent í því skyni, og innsigla það með innsigli kjörstjórnar. Umboðsmenn þingmannsefna og meðmælenda eiga og rjett á að setja fyrir aðalumslagið innsigli sín á þann hátt, að umslagið verði eigi opnað án þess innsiglin raskist. Síðan skal vefja kjörseðlabrjefið ásamt kjörbókinni í vatnsheldar umbúðir, binda vandlega utanum með snæri eða sterku seglgarni, og setja innsigli kjörstjórnar á bandið þar sem það er hnýtt saman eða sem næst hnútnum. Umboðsmenn þingmannsefna og meðmælenda eiga og rjett á að setja innsigli sín á bandið. Síðan skal tafarlaust senda áreiðanlegan mann með böggul þennan gagngjört til sýslumanns, eða bæjarfógeta ef í kaupstað er, og jafnskjótt er hann hefir tekið við kjörseðlasendingunum frá öllum kjörstöðum í lögsagnarumdæminu, skal hann senda áreiðanlegan mann með sendingarnar allar gagngjört til oddvita yfirkjörstjórnar, er greiðir kostnað við sendiferðina. Kjörseðlasendingar skal jafnan geyma í eldtryggum járnskápum, er þær bíða hjá sýslumanni eða bæjarfógeta eða oddvita yfirkjörstjórnar.

26. gr.

Í stað orðsins »atkvæðakassar« í 46. gr. kosningalaganna komi: atkvæðasendingar.

27. gr.

47. gr. kosningalaganna orðist svo:

Umboðsmenn þingmannsefna og meðmælenda hvers lista, sem í kjöri er, (sbr. 20. gr.) eiga rjett á að vera viðstaddir eða gefa öðrum umboð til að vera viðstaddir þegar atkvæðasendingar eru opnaðar og atkvæði saman talin í kjördæmi þeirra.

Sje ekki viðstaddir umboðsmenn fyrir þingmannsefni og meðmælendur hvers lista, skal yfirkjörstjórnin kveðja valinkunna menn til að vera við í þeirra stað.

28. gr.

48. gr. kosningalaganna orðist þannig:

Í viðurvist þessara manna opnar yfirkjörstjórnin atkvæðasendingarnar frá hverjum kjörstað kjördæmisins, eftir að umboðsmönnum hefir verið gefinn kostur á að sannfærast um, að öll innsiglin sjeu ósködduð. Jafnskjótt og hver atkvæðasending er opnuð, skulu kjörseðlar þeir, sem í henni eru, látnir óskoðaðir í hæfilega stórt, tómt ílát með loki yfir, og þannig haldið áfram, uns öll kjörseðlaumslög eru tæmd. En við og við skal loka ílátinu og hrista það, svo að kjörseðlarnir frá hinum einstöku kjörstöðum blandist vel saman.

Því næst opnar oddviti ílátið, tekur upp einn og einn kjörseðil í einu, og les upp listabókstaf þann, sem auðkendur hefir verið á kjörseðlinum; sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum fulltrúum þingmannsefna og meðmælenda, og leggur þá svo frá sjer, þannig að þeir kjörseðlar, sem sami listabókstafur er auðkendur á, sjeu í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja jafnótt á blað tölu hinna auðkendu listabókstafa hvers um sig.

Nú er enginn listabókstafur auðkendur á einhverjum kjörseðli, en nöfn eða nafn tölusett á einum framboðslistanum á honum, og telst sá listi þá valinn af kjósanda, þótt strykið vanti við listabókstafinn, ef ekki eru aðrir gallar á.

Komi öllum, bæði yfirkjörstjórn, og fulltrúum þingmannsefna og frambjóðenda saman um, að einhver kjörseðill sje ógildur, skal hann ógildan telja. Verði ágreiningur milli kjörstjóra um gildi kjörseðils, skal afl atkvæða ráða. Nú heldur fulltrúi þingmannsefna eða meðmælandi því fram, að kjörseðill eða kjörseðlar, sem kjörstjórn eða meiri hluti hennar telur ógilda, sje gildir, og skal þá leggja þá seðla í sjerstakt umslag. Haldi hins vegar fulltrúi þingmannsefna eða meðmælenda því fram, að kjörseðill eða kjörseðlar, sem kjörstjóri telur gilda, sjeu ógildir, skal auðkenna þá með stimpli yfirkjörstjórnar, og taka þá frá eftir á og leggja í sjerstakt umslag að lokinni samtalning atkvæða.

Nú eru allir kjörseðlar teknir upp úr ílátinu, og skal þá telja saman, hve margir hafa valið hvern lista, og er það atkvæðatala listanna, hvers um sig. — Bera skal samtölu þessara atkvæðatalna saman við samlagða tölu samtöluseðla þeirra frá kjörstöðunum, sem um ræðir í 43. gr. Ef skakkar á tölunni, skal fara aftur yfir kjörseðlana alla, og leiðrjetta skekkjur þær, sem kunna að hafa orðið.

Til þess að finna hve mörg þingmannsefni hafa náð kosningu af hverjum framboðslista, skal skrifa upp atkvæðatölu hvers lista fyrir neðan sinn listabókstaf, þá helming atkvæðatalnanna, þá þriðjung þeirra, fjórðung, o. s. frv., eftir því hve marga þingmenn á að kjósa og hverjum lista getur mest hlotnast, þannig, að útkomutölur þessar standi í röð fyrir hvern framboðslista. Síðan skal marka hæstu

útkomutölurnar, jafnmargar og kjósa á alþingismenn, og fær hver framboðslisti jafnmarga þingmenn kosna, sem hann á af tölum þessum. Standi eigi svo mörg nöfn á lista, sem honum bera þingmenn eftir útkomutölum, skal taka það, er hann vantar, af þeim lista, er mest atkvæðamagn hefur.

Til þess að finna, hver þingmannsefni hafa náð kosningu á hverjum framboðslista, skal telja saman atkvæði hvers einstaks þingmannsefnis á þann hátt er nú skal greina:

Kjósandi telst una við röðina á framboðslista, hafi hann eigi breytt henni með því að setja tölur fyrir framan nöfnin, og hafi hann að eins sett tölu við eitt nafnið eða nokkur af þeim, telst hann una við röðina að öðru leyti. Oddviti kjörstjórnar tekur kjörseðlabunkana, fyrst þann er flestir seðlar eru í og svo koll af kolli, en meðkjörstjórar hafa fyrir sjer lista með nöfnum þeirra þingmannsefna, sem standa á þeim framboðslista, sem auðkendur er á þeim kjörseðlum. Oddviti tekur kjörseðlana úr bunkanum einn af öðrum, sýnir þá fulltrúum þingmannsefna og meðmælenda, og les upp nöfnin ásamt raðartölu þeirri, er þeim ber eftir kjörseðlinum, en meðkjörstjórar rita upp atkvæðin eftir því. Sá, sem fremstur stendur eða talan 1 er mörkuð við, fær eitt atkvæði; sá, sem er annar í röðinni, eða talan tvö er mörkuð við, fær $^1/_2$ atkvæði; sá, sem er hinn þriðji í röðinni eða talan 3 mörkuð við, fær $^1/_3$ atkvæðis o. s. frv. Þegar kjörseðlabunkarnir eru þannig upplesnir, skulu atkvæðatölurnar lagðar saman. Hafi sami maður fengið atkvæði á fleirum en einum framboðslista, sem til greina kemur eftir atkvæðamagni, þá skal leggja hinar lægri atkvæðatölur hans við atkvæðatölu þá, er hann hefir fengið á þeim lista, er hann hefir mest á, og telst sú samanlagða atkvæðatala honum þar að fullu, en nafn hans strykast út af hinum listunum. Þeir, sem hæstar hafa atkvæðatölur eru kosnir, svo margir af hverjum framboðslista, sem honum ber samkvæmt því er áður greinir. Lýsir yfirkjörstjórn þá kosna í þeirri röð, sem upphæð útkomutalnanna til segir, og lýsir því jafnframt yfir, hverjir standi næstir að atkvæðum á hverjum lista, sem fulltrúa hefir hlotið. Umslögunum með ágreiningsseðlunum skal því næst lokað með innsigli yfirkjörstjórnar og eiga umboðsmenn framboðslista rjett á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir landsstjórninni eftirrit af gjörðabók sinni viðvíkjandi kosningunni ásamt ágreiningsseðlunum, en stjórnin leggur þá fyrir alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum og þeir bárust henni. Eftirritin og önnur kjörgögn leggur landsstjórnin einnig fyrir þingið.

29. gr.

49. gr. kosningalaganna orðist þannig:

Ef jöfn verða atkvæði lista eða þingmannaefna, og úr þarf að skera, skal hlutkesti ráða. Yfirkjörstjórnin varpar hlutkesti á þann hátt, að hún ritar bókstaf þeirra lista eða nöfn þeirra þingmannaefna, sem jöfn atkvæði hafa, á jafnstóra seðla, lætur seðlana samanbrotna í hylki, sem yfir er breitt, og kveður til einhvern óviðkomandi mann að draga einn seðil úr hylkinu. Sá seðill, er dreginn er, segir þá til, hvern taka skal.

30. gr.

Í 52. gr. kosningalaganna falli burt orðin: »atkvæðakassa og önnur« í

fyrri málslið greinarinnar, og í síðari málslið komi í stað orðanna: »þingmannsefnum eða umboðsmönnum þeirra«: umboðsmönnum þingmannsefna og meðmælenda.

31. gr.

Í 53. gr. kosningalaganna falli burt í fyrstu línu orðið: »þann«.

32. gr.

Fyrsta málsgrein 54. greinar kosningalaganna orðist svo:

Nú deyr þingmaður, leggur niður þingmensku eða missir kjörgengi eða kosning hans er úr gildi feld af alþingi af ástæðum, sem ekki hagga gildi kosningargjörðarinnar í heild sinni, og skal þá yfirkjörstjórn kveðja þingsetu þann mann, er næsta hafði atkvæðatölu á þeim framboðslista, sem hinn frá farni þingmaður hlaut kosning á, og gefa honum kjörbrjef. Sje enginn eftir á þeim framboðslista, skal aukakosning fram fara. — Verði kosningargjörð í heild sinni ógild, skal uppkosning fram fara.

Þegar uppkosning eða aukakosning á að fara fram, skal stjórnarráðið fyrirskipa kosning svo fljótt sem því verður viðkomið eða þurfa þykir. Má stjórnarráðið þá, ef þörf þykir, stytta fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum; skal auglýsa fyrirskipunina í B-deild stjórnartíðindanna og jafnframt tilkynna yfirkjörstjórninni, svo að hún geti í tæka tíð sent undirkjörstjórnum gögn þau, er lög þessi ákveða.

33. gr.

57. gr. kosningalaganna orðist svo:

Kjörstjórar í yfirkjörstjórn fá í fæðispeninga 4 kr. fyrir dag hvern, er þeir vegna kosningarinnar verða að vera frá heimilum sínum, og auk þess ferðakostnað eftir reikningi. Þennan kostnað, svo og kostnað við pappírskaup, prentun og skriftir yfirkjörstjórnar, aðstoð við talning og útreikning atkvæða, sendiferðir, húsnæði o. fl., skal greiða af sýslusjóðum og bæjarsjóðum hjeraða þeirra, sem í kjördæminu eru, hlutfallslega eftir tölu kjósenda í hverri sýslu, kaupstað eða sýsluhluta, sem í kjördæminu er. Verði ágreiningur um upphæð kostnaðar eða skifting hans, sker stjórnarráðið úr.

Allan kostnað við undirkjörstjórnir, þar á meðal 4 kr. á dag til kjörstjóranna fyrir fæði og ferðakostnað þá daga, er þeir vegna kosningarinnar eru frá heimili sínu, og kostnað við sendiferðir með kjörseðla innan sýslu skal greiða úr sveitar- eða bæjarsjóði.

34. gr.

Síðari málsgrein 59. greinar kosningalaganna falli burt.

35. gr.

Í stað orðsins »atkvæðahylkið« í fyrri málsgrein 61. greinar kosningalaganna komi: atkvæðakassann, eða áður en kjörseðlar eru afgreiddir til yfirkjörstjórnar. Aftan við 61. gr. kosningalaganna bætist: Sömu hegning varðar,

ef kjörsendingar eru heimildarlaust opnaðar, úr þeim tekið eða í þær látið, eða þær eru ónýttar eða undan skotið, svo að þær komist eigi til yfirkjörstjórnar í tæka tíð.

36. gr.

Aftan við 62. gr. kosningalaganna bætist:

Brot þau, er um ræðir í þessari og undanfarandi grein, sæta sakamálsmeðferð. Með önnur brot gegn lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

Sektir allar eftir lögum þessum renna í landssjóð.

37. gr.

Orðin »18. og« í 63. gr. kosningalaganna falli burt.

38. gr.

»Ákvæði um stundarsakir« á eftir 63. gr. kosningalaganna falli burt. — Þar sem »landshöfðingi« er nefndur í kosningalögunum, og þessu er ekki þegar breytt í lögum þessum, skal setja í staðinn: stjórnarráðið, (stjórnarráðinu, stjórnarráðsins) eftir því sem við á á hverjum stað, og breytist orðalagið eftir því.

39. gr.

Þegar lög þessi öðlast staðfestingu, skal færa viðauka þá og breytingar á kosningalögunum frá 3. október 1903, sem í lögum þessum eru ákveðnar, inn í meginmál þeirra, og getur þá konungur gefið lögin, þannig breytt, út sem lög um kosningar til alþingis.

Ed.

439. Frumvarp

til laga um brunamál.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

I. kafli.

Um tilhögun húsa og eldstæða.

1. gr.

Þá er ný húseign er reist, hvort heldur er einstakt hús eða fleiri hús en eitt, sem ætluð eru til sameiginlegra afnota og standa á sömu lóð, skulu vera auð millibil milli hennar og annara húseigna, svo stór sem hjer segir:

a. 20 álnir, ef báðar húseignirnar eru úr timbri, ójárnvarðar.
b. 15 álnir, ef önnur húseignin er úr steini, torfi eða úr timbri járnvarin, en hin úr timbri ójárnvarin.
c. 10 álnir, ef báðar húseignir eru úr steini, torfi eða úr timbri járnvarðar.

d. 5 álnir, ef eldvarnarveggur er fyrir annari húseigninni, að minsta kosti 6 þumlungum hærri, en veggir þess húss, sem eldvarnarveggurinn stendur við, enda sje það hús með eldtraustu þaki, en eldtraust þök skulu talin járnþök og önnur málmþök, helluþök og tjörupappaþök einföld eða tvöföld, ef þykt pappans eða pappalaganna til samans er að minsta kosti $1^{3}/_{10}$ línu.

e. Loks mega húseignir vera samfastar, ef milli þeirra er sameiginlegur eldvarnarveggur, að minsta kosti 6 þuml. hærri en hærri húseignin.

Eldvarnarveggir skulu vera að minsta kosti 7 þuml. þykkir, hlaðnir úr steinlímdu grjóti eða úr steinsteypu, og mega eigi vera í þeim viðir eða neinskonar op.

Nú er húseign að nokkru leyti úr steini, torfi eða úr timbri járnvarin, en að nokkru leyti úr timbri ójárnvarin, og má þá enginn hluti hennar vera nær annari húseign, eða hluta af annari húseign, en svo, að hver einstakur hluti fullnægi þeim fjarlægðar-ákvæðum, er að framan eru sett um heila húseign af sömu gjörð.

2. gr.

Lýsisbræðsluhús, tigulofna og kalkofna má eigi byggja nær öðrum húseignum, en 50 álnir frá þeim.

3. gr.

Eigi má byggja hús til að geyma í skotelda, eða til þess að búa til í skotelda, nær öðrum húsum en 100 álnir frá þeim.

Hús til þess að geyma í púður eða önnur sprengiefni má eigi byggja, nema með sjerstöku leyfi lögreglustjóra.

4. gr.

Nú vill maður gjöra viðbót við húseign sína og skal þá fylgt framangreindum reglum um fjarlægð frá öðrum húseignum eftir gjörð viðbótarinnar, nema viðbótin komi eigi nær öðrum húseignum en hinn eldri hluti húseignarinnar og sje eigi miður eldtraust en hann.

5. gr.

Framangreind ákvæði um fjarlægð nýrra húseigna frá öðrum húseignum skulu einnig gilda, þá er húseignir eru endurreistar, eftir að þær hafa brunnið eða verið rifnar niður, ef hlutaðeigandi hefur nægilega stóra lóð til þess. Sje lóðin eigi nægileg til þessa, eða ef að eins nokkur hluti húseignarinnar hefur brunnið eða verið rifinn niður, má endurreisa hana á sama stað og með sömu gjörð og áður. Þessi undanþága nær þó eigi til slíkra bygginga, sem ræðir um í 2. og 3. gr.

6. gr.

Í smiðjum og trjesmíðavinnustofum, þar sem eldstæði er, eða farið er með eld, skulu veggir vera úr steini eða steinsteypu, eða reyrlagðir og kalkaðir eða með sementshúð innan, ef þeir eru úr trje; loftin skulu og vera reyrlögð og kölkuð, ef þau eru úr trje. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá þessu, ef smiðja eða trjesmíðavinnustofa er sjerstakt hús eða er í útihúsi, þar sem eigi er íbúð nje önnur eldstæði og eigi geymd eldfim efni, ef ekki verður álitið, að öðrum húsum stafi brunahætta af smiðjunni.

7. gr.

Herbergi, sem geyma á í hey, hálm eða önnur þess konar eldfim efni, skulu greind frá öðrum herbergjum þeim, er eldstæði eru í, með steinveggjum eða steyptum veggjum eða trjeveggjum reyrlögðum og kölkuðum eða með sementshúð þeim megin, er veit að herbergi því, sem eldstæði er í.

Dyr mega eigi vera að slíkum geymsluherbergjum frá eldhúsum með opnum eldstæðum eða frá smiðjum eða trjesmíðavinnustofum, slíkum er rætt um í 6. gr.

8. gr.

Opin eldstæði (hlóð) má ekki hafa í þeim herbergjum, sem trjególf er í eða trjebitar í gólfi. Hlóð skulu jafnan svo hlaðin, að hvergi sje skemra en 24 þuml. frá eldstæðinu eða öskustónni að stoðum eða öðrum viðum.

Um ofna og eldavjelar, sem eftirleiðis verða sett upp, skulu þær reglur gilda, sem hjer segir:

1. Ofna og eldavjelar má eigi setja nær timburvegg en svo, að 8 þuml. sjeu í milli.
2. Pípur frá ofnum og eldavjelum mega eigi koma nær trje en svo, að 8 þuml. sjeu í milli: þær skulu liggja inn í reykháf og mega ekki liggja um herbergi, sem geymt er í hey eða ámóta eldfim efni.
3. Eldavjelar má setja á trjególf, ef $4^1/_4$ þuml. að minsta kosti er frá gólfi upp að botni eldavjelarinnar og gólfið undir eldavjelinni þakið með járnþynnu eða öðru eldtraustu efni.
4. Ofnar skulu standa á múruðum fæti eða á múrfyltum eða opnum járnfæti; sje rist í botni ofnsins, skal öskuskúffa vera í fætinum og skal þá vera undir skúffunni járnþynna, er fyllir út í holið, 2 þuml. frá gólfi að minsta kosti.
5. Þar sem ofnar eða eldavjelar standa á trjególfi, skal gólfið fram undan eldstæðinu þakið með einhverju efni, sem ekki er eldnæmt, t. d. með járnþynnu. Skal járnþynnan eða það, sem í hennar stað er notað, ná að minsta kosti 12 þuml. fram á gólfið fyrir framan ofninn eða eldavjelina og að minsta kosti 8 þuml. út fyrir ofninn eða eldavjelina til hliðanna og að aftanverðu.

Herbergi, sem ætluð eru gufukötlum eða vatnskötlum til miðstöðvarhitunar, skulu hafa veggi og gólf úr steini eða steinsteypu og loft af sömu gjörð, þó má í þess stað koma trjeloft, reyrlagt og kalkað, ef ketillinn kemur eigi nær loftinu, en 2 álnir frá því.

9. gr.

Reykháfar skulu hlaðnir upp rambyggilega úr tígulsteini eða grjóti, lögðu í steinlím, eða gjörðir úr steinsteypu, og skulu hliðar reykháfsins eigi vera þynnri en 4½ þuml. Þar sem reykháfur gengur gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, skal að minsta kosti vera 8½ þml. bil milli þeirra hliða hans, sem snúa inn, og viðanna. Ekki má heldur þilja reykháfinn eða klæða hann borðum eða láta utan um hann veggfóður, sem límt er utan á lista. Reykháfur skal annaðhvort hlaðinn frá grundvelli eða liggja á hvelfingu milli tveggja steinveggja, en má eigi standa á bitum eða trjególfum. Reykháfar skulu eigi þrengri en 9 þml. á hvern veg að innanmáli, og ná að minsta kosti 1 alin upp fyrir mæni, ef þeir koma upp úr mæni húss, en að minsta kosti 1½ alin upp úr þekjunni utan mænis.

Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópgöt, jafnvíð reykháfnum, og traust járnhurð fyrir í járnumgjörð. Inn í 9 þml. víðan reykháf má eigi setja reykpípu frá fleiri eldstæðum en 8, og jafnan skal hafa járnkraga í reykháfnum utan um hverja pípu þannig gjörðan, að pípan geti eigi ýtst inn í reykháfinn.

Eigi má reykháfur vera í herbergi, þar sem geymt er hey eða ámóta eldfim efni, nema þiljað sje alt í kring um reykháfinn í því herbergi, að minsta kosti 1 alin frá honum á hvern veg, svo að engin eldfim efni nái að komast að reykháfnum.

10. gr.

Enginn má, án leyfis bæjarstjórnar í kaupstöðum eða hreppsnefndar og lögreglustjóra í verslunarstöðum, byggja verksmiðju, sem brunahætta stafar af, nema verksmiðjan standi að minsta kosti 50 álnir frá nágrannalóð. Úrskurði bæjarstjórna eða hreppsnefnda um þetta, má þó skjóta til stjórnarráðsins til úrslita. Sá, sem fær leyfi til að byggja slíka verksmiðju, nær nágrannalóð en 50 álnir frá henni, skal skyldur, að gjöra þær ráðstafanir gegn brunahættu, sem heimtaðar kunna að verða.

11. gr.

Stjórnarráðið getur, ef bæjarstjórn eða hreppsnefnd mælir með, veitt undanþágu frá ákvæðum þeim, er að framan eru sett, ef staðhættir krefja og eigi verður álitið, að brunahætta stafi af.

12. gr.

Brjóti nokkur gegn ákvæðum þeim, er að framan eru sett, skal hann sæta sektum frá 4 til 100 kr. Þar að auki má knýja hann með dagsektum til þess að bæta það, sem ábótavant er, svo að fullnægi framangreindum ákvæðum.

Hafi sá, er hús lætur gjöra, falið framkvæmdina smiðum, einum eða fleiri, bera þeir ábyrgðina, nema þeir hafi brotið framangreind ákvæði beinlínis eftir skipun þess, er hús lætur gjöra.

II. kafli.
Um meðferð á eldi, ljósum o. fl.

13. gr.

Allir eru skyldir að fara varlega með eld, ljós og annað, sem valdið getur eldsvoða eða stuðlað að því, að hann komi upp. Húsbændur og húsmæður skulu hafa eftirlit með, að börn þeirra, vinnuhjú eða annað heimilisfólk þeirra eða aðrir, sem í þeirra þjónustu fást við einhver störf í húsinu, hegði sjer svo í þessu efni, að eigi verði að fundið. Í leiguhúsi skal eigandi eða umráðamaður hans, hafa gætur á því, að leiguliðar þeirra, eða þeir, sem búa í húsum þeirra, vanræki það ekki, sem grein þessi skipar fyrir um, og skulu þeir, eftir því sem unt er, koma í veg fyrir það og hindra.

14. gr.

Það skal með öllu bannað: *að* leggja eldfima hluti, svo sem hamp, hey og annað því um líkt, við eldstór eða upp við reykháfa, sem ganga upp úr eldstóm; *að* reykja tóbak eða bera kerti eða lampa, sem kveikt hefur verið á og eigi er byrgður í öruggu ljóskeri, glæður eða annan eld, sem eigi er geymdur í lokuðum járnkassa, um fjós, fjárhús, hesthús, heyhlöður, loft eða um aðra staði, þar sem mikið er fyrirliggjandi af heyi, hefilspónum eða öðrum hlutum jafn eldfimum; *að* geyma í húsum ösku og annað, sem fellur frá eldstóm, annaðhvort óblandað eða blandað sorpi og öðru þvílíku, nema það sje í kössum úr málmi, steini eða leiri, eða að snara því út, fyr en helt hefur verið á það vatni eða með öðru móti komist hjá allri hættu fyrir því, að í því kvikni; *að* hleypa af skotvopnum nálægt húsum, heystökkum, móhlöðum eða öðru jafn eldfimu; *að* kveikja skotelda og tendra blys eða bikhringa, nema með leyfi lögreglustjóra, og er þá skylt, að fara eftir reglum þeim, er hann setur.

15. gr.

Sjerhver húseigandi hefur ábyrgð á því, að öllum eldstæðum, ofnum, reykháfum og reykpípum sje haldið í tilhlýðilegu standi. Leiguliði tekur þátt í þessari ábyrgð ásamt eigandanum, þegar hann eigi í tæka tíð hefur skýrt eigandanum frá einhverjum annmarka, sem honum er kunnugt um, eða byggingarnefnd eða hreppsnefnd, ef nauðsyn krefur.

Reykháfa skal hreinsa svo oft sem þörf gjörist, og eigi sjaldnar en 4 sinnum á ári, ef þeir eru notaðir að staðaldri. Húseigandi ber ábyrgð á því, að hreinsað sje, ef hann býr í húseigninni eða ef hann hefur leigt hana fleirum en einum leigjanda; sje húseign leigð einum manni eða á annan hátt leyfð honum einum til notkunar, ber hann ábyrgð á því, að reykháfar sjeu hreinsaðir, svo sem hjer er fyrir mælt.

Ekki má hreinsa reykháfa með því, að brenna sótið innan úr þeim. Ofna og eldavjelar, og pípur frá þeim til reykháfa, skal hreinsa svo oft sem þörf er á, og er það á ábyrgð þeirra, sem búa í þeim herbergjum, sem ofnarnir eða eldavjelarnar eru í.

16. gr.

Stjórnarráðið getur eftir tillögum hreppsnefnda ákveðið, að sótara skuli skipa í verslunarstöðum, sett þeim reglur fyrir hreinsuninni og um þær skyldur, er á þeim hvíla, og ákveðið gjöld fyrir hreinsanir.

Þá er ákveðið hefur verið að skipa sótara, skal hreppsnefnd útvega hæfan mann til starfans, og skulu húseigendur í verslunarstaðnum þá skyldir til að nota hann og má taka hreinsunargjöldin lögtaki. Ber sótari þá ábyrgð á framkvæmd hreinsunarinnar, en ábyrgð húseiganda eða leigjanda samkvæmt 15. gr. fellur niður, nema hann eða þeir aðhafist eitthvað það, er tálmað getur hreinsuninni eða hindrað hana.

Um hreinsun reykháfa í kaupstöðum fer eftir því, sem fyrir er mælt í lögum nr. 29, 13. sept. 1901.

17. gr.

Eigi má hafa birgðir af eldivið, steinkolum, mó eða öðru eldsneyti fast við hús að utan; birgðir af trjávið og borðum má eigi hafa utan húss nær húsum, en 10 álnir frá þeim.

18. gr.

Sjerhver sá, sem í húsi hefur forða af púðri, skal vera skyldur til að geyma það í lokuðu íláti úr pjátri eða eiri, og geyma það uppi undir þaki fyrir ofan efstu bita. Skoteldar skulu varðveittir á sama hátt. Samt skal það vera leyft, að hafa alt að 4 pundum af púðri í búð eða því herbergi, þar sem notað er púður við einhverja iðn, en þar skal það sömuleiðis varðveitt í lokuðum ílátum úr pjátri eða eiri. Lögreglustjóri eða hreppstjóri skal tvisvar á ári grenslast eftir því hjá þeim, sem versla með púður, hvort það sje geymt á þann hátt, sem hjer er fyrir mælt. Sjerhver sá, er flytur púður, dýnamít, nitroglyserín, skotbaðmull og þess konar sprengiefni til bæjar eða kauptúns, skal senda lögreglustjóra eða hreppstjóra eða umboðsmanni hans ritaða tilkynningu um það, og skal hann sjá um, að fylgt sje þeim varúðarreglum, sem þörf er á, þar til það er komið til geymslu á óhultan stað.

19. gr.

Eigi má hafa birgðir af steinolíu, terpentínu, bensíni eða þess háttar eldnæmum vökvum, nema þar sem lögreglustjóri eða hreppstjóri álítur, að eigi geti stafað af þeim sjerstök brunahætta. Þó má geyma alt að 20 tunnur (3500 potta) af steinolíu í kjöllurum undir húsum, sem engin íbúð er í, og þar að auki skulu kaupmenn og verksmiðjur hafa leyfi til að geyma alt að því 800 potta af fyrnefndum vökvum í trjeílátum eða í flöskum í sölubúðakjöllurum og smiðjukjöllurum, en alt að því 200 potta af hinum sömu vökvum í sölubúðum eða smíðahúsum ofanjarðar. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd í samráði við lögreglustjóra setur nánari varúðarreglur um geymslu og meðferð á steinolíubirgðum.

20. gr.

Allar verksmiðjur, þar með taldar vinnustofur trjesmiða og járnsmiða og bökunarhús, skulu háð sjerstöku eftirliti lögreglustjóra eða hreppstjóra, og

skal öllum skylt að fylgja í þeim bæði hinum almennu varúðarreglum, og hinum sjerstöku reglum, sem bæjarstjórn eða hreppsnefnd álítur nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir brunahættu. Sjerstaklega skulu spænir úr trjesmíðahúsum fluttir burt á hverjum degi og látnir á óhultan og afvikinn stað, þar sem eigi er farið með eld eða ljós.

21 gr.

Hver sá, sem brýtur ákvæði 13.—20. greinar, skal sæta sektum frá 2—100 kr., jafnvel þótt ekkert tjón hafi af brotinu hlotist.

III. kafli.

Um slökkviáhöld, slökkvilið og eldsvoða.

22. gr.

Í öllum verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, svo og í öllum öðrum verslunarstöðum, sem 300 íbúar eru í eða fleiri, skal jafnan vera til að minsta kosti ein slökkvidæla að stærð og gjörð eftir því, sem stjórnarráðið tekur gilt, ásamt tilheyrandi nauðsynlegum slöngum og brunastútum. Hver hreppsnefnd skal útvega dæluna á kostnað sveitarsjóðs og halda henni við og geyma hana á þeim stað, er greiður gangur er að, hvenær sem eldsvoða ber að höndum.

23. gr.

Í öllum verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, svo og í öllum öðrum verslunarstöðum, sem 300 íbúar eru í eða fleiri, skal stofna slökkvilið. Skulu í því vera allir verkfærir karlmenn 20 til 60 ára að aldri, þeir, er búsettir eru í verslunarstaðnum. Skulu þeir vera skyldir að mæta við slökkviæfingar alt að 4 sinnum á ári, og auk þess skulu þeir mæta tafarlaust, hvenær sem eldsvoða ber að höndum.

Hreppsnefnd kýs slökkviliðsstjóra til 3 ára í senn, og skal hann vera búsettur í verslunarstaðnum. Sá, sem hefur verið slökkviliðsstjóri í 3 ár eða lengur, getur skorast undan starfinu um jafnlangan tíma og hann hefur haft það á hendi samfleytt.

Slökkviliðsstjóri kveður slökkvilið til æfinga og stýrir þeim, svo stjórnar hann og slökkvitilraunum, þá er eldsvoða ber að höndum. Hann hefur og umsjón með slökkviáhöldum verslunarstaðarins eða hreppsins.

Hreppsnefnd getur, með samþykki stjórnarráðsins, sett nánari reglur um slökkvitól og slökkvilið, og má í slíkri reglugjörð ákveða sektir fyrir brot á henni.

24. gr.

Allir húseigendur eru skyldir til að útvega á eigin kostnað og eiga þessi

slökkvitól: brunastiga, brunakrókstjaka og að minsta kosti 2 skjólur. Áhöldum þessum skal jafnan haldið í tilhlýðilegu standi. Þau skulu ávalt fylgja eigninni, og má eigi taka þau fjárnámi eða lögtaki út af fyrir sig, hvorki fyrir skatta nje aðra skuld.

25. gr.

Það er skylda allra, sem verða varir við, að eldsvoði sje að koma upp, að hefja viðvörunarkall og gjöra slökkviliðsstjóra við vart. Eigandi húss þess sem eldur kemur upp í, eða sje hann eigi viðstaddur, hlutaðeigandi leiguliðar eða heimilismenn, skulu hið fyrsta unt er annast um, að hreppstjóra eða lögreglustjóra, sje hann búsettur þar á staðnum, verði sagt til um brunann.

26. gr.

Hver og einn skal, þá er bruni kemur upp í húsi hans eða híbýlum, auk þess þegar í stað að gjöra þá, sem þar búa, vara við, reyna til með öllu móti, sem í hans valdi stendur, að slökkva eldinn þegar í stað, en samt má eigi fyrir þá sök láta hjá líða að segja til um brunann, eins og mælt er fyrir í næstu grein á undan.

27. gr.

Sjerhver er skyldur til, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð með slökkvivjelar og önnur áhöld, og láta sjer það lynda, að það verði gjört með því að brjóta niður og ryðja því burt, sem til fyrirstöðu er. Eigi getur heldur neinn bannað það, að bygging, sem hann á, verði rifin, ef lögreglustjóri eða slökkviliðsstjóri álítur það nauðsynlegt, til þess að stöðva útbreiðslu eldsins.

28. gr.

Þær skemdir, sem hljótast af ráðstöfunum þeim, sem getið er um í 27. gr., teljast brunaskemdir. Sá, sem vill krefjast skaðabóta fyrir slíkar skemdir, skal svo fljótt, sem auðið er, og í síðasta lagi innan 8 daga, frá því að bruninn varð, bera upp kröfur sínar fyrir lögreglustjóra, sem því næst sjer um, að upphæð skaðabótanna verði ákveðin, að svo miklu leyti sem unt er, í sambandi við virðingargjörðir þær, sem fram fara til þess að meta brunatjónið til endurgjalds frá hlutaðeigandi ábyrgðarfjelagi, og að öðrum kosti með því, að láta 2 menn, sem sjerstaklega þar til verða kvaddir, meta skaðann. Þeir menn, sem til þess eru kvaddir, fá í fæðispeninga 4 kr. hvor; standi gjörðin lengur yfir en 8 klst., fá þeir fæðispeninga fyrir 2 daga. Borgunin greiðist, eins og aðrar brunaskemdir, af hlutaðeigandi ábyrgðarfjelagi. Sje húseign sú, er fyrir skemdum varð, óvátrygð, skal hlutaðeigandi sveitarfjelag bæta eiganda skaðann að tveim þriðju hlutum.

29. gr.

Það er skylda allra, þegar eldsvoða ber að höndum, að láta þá aðstoð í tje, til að slökkva eldinn, sem mögulegt er, hvort sem er með því að leggja

sjálfur hönd á verkið eða með því að láta af hendi vatnsforða, slökkvitól, hesta, vagna eða aðra hluti.

30. gr.

Enginn má, þegar eldsvoða ber að höndum, undir nokkru yfirskyni ryðjast inn fyrir verði þá, sem settir eru til þess að bægja óviðriðnum mönnum frá þeim stað, þar sem bruninn er, eða skorast undan að hlýða fyrirmælum lögreglustjórnarinnar um það, að víkja burtu frá svæði því, sem þannig er innibyrgt. Hvern þann, sem verður brotlegur í því, má þegar taka fastan.

31. gr.

Enginn má við eldsvoða kasta hlutum út úr húsum ofan á stræti, torg eða í húsgarða, þar sem menn eru fyrir við slökkvitilraunir.

32. gr.

Með húsum þeim, sem eru svo skamt frá brunanum, að hætt er við að eldurinn læsi sig í þau, eða neistaflug nái til, skal eigandinn eða sá, sem kemur í hans stað, vera skyldur að hafa nákvæmt eftirlit, og skal hann þar að auki gjöra alt, sem í hans valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir, að kvikni í húsunum, og sömuleiðis í tæka tíð skýra slökkviliðsstjóra, hreppstjóra eða lögreglustjóra frá, ef þess er kostur, að hætta vofi yfir.

33. gr.

Enginn getur meinað lögreglustjóra, hreppsnefnd eða bæjarstjórn eða þeim, sem eru útsendir af henni, inngöngu á lóð sína, eða í hús sitt, þegar þeir koma til þess að halda ransóknir, til þess að sjá um, að því verði fylgt, sem fyrirskipað er í lögum þessum, og er sjerhver húseigandi skyldur til, að sýna slökkvitól þau, sem eiga að fylgja eigninni, þegar þess verður krafist af bæjarstjórn, hreppsnefnd eða þeim, sem hún hefur út sent.

IV. kafli.

Ýms ákvæði.

34. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu, hver innan síns sveitarfjelags, hafa eftirlit með, að lögum þessum sje hlýtt. Í kaupstöðunum og í verslunarstöðum með 300 íbúum eða meira skal slökkviliðsstjóri eða annar sá, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs til þess, einu sinni á ári hverju ransaka alla ofna, eldavjelar, reykháfa og pípur, hvort þetta fullnægi ákvörðun laga þessara um gjörð og hreinsun. Jafnframt skal hann og ransaka, hvort slökkviáhöld þau, er

húsum eiga að fylgja, sjeu fyrir hendi og í gildu standi. Leiði skoðunargjörðin það í ljós, að einhverju sje ábótavant, skal skoðunarmaður heimta, að það sje lagfært, annaðhvort þegar í stað, ef bein brunahætta stafar af því, eða innan ákveðins tíma, og skal hann síðan ransaka, hvort skipuninni hafi verið fylgt. Hafi það eigi verið gjört, skal hann tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra.

35. gr.

Hver sá, er óhlýðnast fyrirmælum skoðunarmanns um að lagfæra það, sem ábótavant er, skal sæta sektum frá 5—100 kr. Auk þess er hann skyldur, að viðlögðum dagsektum, að lagfæra það, sem ábótavant er.

36. gr.

Lögreglustjóri skal, svo fljótt sem unt er, eftir að eldsvoði er afstaðinn, halda rjettarpróf, til þess að komast fyrir orsök brunans, og skal rjettarprófið haldið á vættvangi eða svo nálægt vættvangi, sem kostur er.

37. gr.

Sektir eftir lögum þessum renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

38. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

39. gr.

Lög þessi gilda fyrir kaupstaði utan Reykjavíkur, verslunarstaði og aðra þá staði, sem eru eigi háðir lögum 20. oktbr. 1905, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna.

Ed.

440. Nefndarálit

um frumvarp til námulaga

Nefnd sú, er háttvirt deild hefur kosið til þess að íhuga og segja álit sitt um frumvarp þetta, hefur rætt og athugað málið svo rækilega, sem kostur var á, og átt um það marga nefndarfundi. Er álit vort á þessa leið:

Eins og kunnugt er, fanst við boranir þær, er Reykjavíkurbær ljet framkvæma í nánd við bæinn veturinn 1904—05, til þess að leita eftir neytsluvatni, vottur þess, að málmur mundi vera þar í jörðu. Svo sem við var að búast, vakti fundur þessi mjög mikla athygli og talsverða hreyfingu meðal manna nálega um land alt. Hjer virtust vera komnar í ljós nokkrar líkur fyrir því, að Ísland muni geta orðið námuland, og það ef til vill í allstórum stíl, en það höfðu jarðfræðingar talið mjög ólíklegt eða jafnvel óhugsandi. Fari svo að þessar vonir rætist, er auðsætt, að það muni hafa afarmikla þýðingu fyrir þetta land og framtíðarhag hinnar

íslensku þjóðar. Var því full ástæða til að athuga málið nánar og ransaka málmfundinn og málmfundarstaðinn ítarlega, enda var bráðlega stofnað til fjelagsskapar hjer í Reykjavík til þess að ransaka málmfundinn og, ef til kæmi, að reka málmnám.

Þessi atvik urðu til þess, að með ráði og fulltingi stjórnarinnar var samið og borið fram í neðri deild alþingis seint á þinginu 1905 frumvarp til námulaga. Var sett nefnd í málið og er álit þeirrar nefndar þingskjal 626, á bls. 1325 í A-deild alþ.tíð. 1905. Lengra komst frumvarpið ekki, en þingsályktunartillögur um málið voru bornar upp og ræddar í báðum þingdeildum. Þetta frumvarp hefur stjórnin tekið upp aftur, gjört á því nokkrar breytingar og lagt það fyrir þingið.

Nefndin verður að viðurkenna, að nokkur ástæða sje til að gefa út lög um þetta efni, bæði til þess að tryggja rjett einstaklinganna, þegar til námareksturs kemur, og hins vegar, og það ekki síður, til þess að örfa menn til þess að leggja fram fje og krafta til að leita að málmum og reka málmnám. Mun þetta hvorutveggja hafa vakað fyrir stjórninni, er hún samdi frumvarpið. Um málmleit, málnám og námur munu engin lög vera til, er gilda hjer á landi, og ber því fyrst og fremst að athuga, á hvaða meginreglum rjettlátast og best sje að byggja slíka löggjöf.

Frumvarp stjórnarinnar er sniðið eftir norskum námulögum frá 1842 og bygt á þeirri meginreglu, að námurjettur sje ríkis- eða almennings eign (Regale), er haganlegast verði notfærður þjóðfjelaginu með því, að gefa finnanda rjettinn, þannig, að hver maður hafi rjett til að leita málma og fái að njóta þess, er hann finnur, að frádregnum að eins litlum hluta, er gengur til landeiganda. Eru þessi lög og frumvarpið samkvæm námulögum annars staðar á Norðurlöndum og Þjóðverjalandi.

Hins vegar er í löndum enskumælandi manna, og þar er nú mestur námurekstur, mestmegnis fylgt þeirri meginreglu, að námurjetturinn fylgi jarðeigninni, og sje því eign landeiganda. Báðar þessar meginreglur hafa sína kosti. Hin fyrri leggur aðaláhersluna á, að draga fje og vinnuafl aðvífandi manna að málmleitum og námugrefti. Hin síðari miðar til þess, að hvetja landeigendur til að leita fjársjóða í landeignum þeirra og að gjöra sjer fje úr þeim. Hjer á landi hefur málmgröftur verið óþektur og því engin lög til um það efni. En nefndin hyggur, að það komi betur heim við íslenska rjettarmeðvitund, að námurjetturinn fylgi jarðeigninni og sje því eign landeigandans. Þetta er einnig í fullu samræmi við ákvæði Jónsbókar um fje það, er finst »í jörðu og á«. Líkt má og segja um afskifti alþingis af þessu máli, svo sem kaup silfurbergsnámunnar í Helgustaðafjalli, og umræðurnar í báðum deildum alþingis 1905 um þingsályktunartillögur um námur, sjá alþ.tíð. B. 2657—60 og 2717—20.

Nefndin getur því ekki ráðið háttv. deild til þess að samþykkja frumvarp stjórnarinnar óbreytt. Hins vegar viðurkennir hún að mjög æskilegt sje, að löggjöfin annarsvegar örfi menn til þess að leita eftir málmum og hinsvegar tryggi rjett þeirra manna, sem gjöra málmnám að atvinnu sinni. Nú stendur svo vel á, að landssjóður og þjóðkirkjan eiga, auk almenninga allra, allmikinn hluta af jarðeignum landsins, og að líkindum einmitt ýmsar jarðeignir, þar sem helst má búast við að námur finnist, svo sem stór heiðalönd og afrjetti. Teljum vjer rjett, að löggjafarvaldið láti reglur stjórnarfrumvarpsins gilda um málmleit og málmgröft á öllum þeim landssvæðum, er það hefur umráðarjett á.

Vjer leggjum því til, að háttv. deild samþykki frumvarp stjórnarinnar með þeirri aðalbreytingu, að ákvæði þess að eins gildi um »landareignir landssjóðs og

kirkjujarða, svo og um almenninga, öræfi og afrjetti, sem eigi liggja undir jarðeignir, sem metnar eru til dýrleika«. Berum vjer jafnframt fram fyrir deildina eftirfylgjandi breytingar á frumvarpinu, er leiða af þessari aðalbreytingu, og mun nánar verða gjörð grein fyrir þeim við framsögu málsins.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 1. gr. Í stað »landareign annara« í niðurlagi greinarinnar komi: landareignum landssjóðs og kirkjujarða, svo og í almenningum, öræfum og afrjettum, sem eigi liggja undir jarðeignir einstakra manna eða sveitarfjelaga, sem metnar eru til dýrleika. Sama gildir og um landssjóðs og kirkjujarðir, sem seldar verða eftir að lög þessi ganga í gildi, og um jarðir, sem áður eru seldar samkvæmt lögum nr. 31, 20. október 1905 um sölu þjóðjarða.
2. Við 2. gr. Greinin orðist þannig:
   Sá, er vill málmleit gjöra, skal hafa málmleitarbrjef, og sýna það jarðeiganda áður en hann byrjar málmleit, eða þeim, sem landið hefur til nytja. Áður en hann tekur til málmleitar, skal hann setja þá trygging, er brjefið tiltekur, fyrir skaða þeim, er kann að hljótast af málmleitinni.
   Málmleitarbrjef gefur lögreglustjóri og veitir það þeim mönnum einum, sem honum eru persónulega kunnir eða sanna það með vottorði tveggja skilríkra manna, hverir þeir sjeu. Málmleitarbrjef gildir um 2 ár frá dagsetningardegi, og að eins í lögsagnarumdæmi útgefanda. Leyfisbrjef til málmleitar í almenningum og öðrum landssvæðum, sem eigi eru metin til dýrleika, veitir stjórnarráð Íslands, og skal leitarsvæðið þar tiltekið.
   Fyrir málmleitarbrjef skal greiða 2 kr. til landssjóðs.
3. Við 3. gr. Fyrir »200 álnir« komi: 130 metrar og fyrir »300 álnir« komi: 200 metrar.
4. Við 8. gr. Aftan við greinina bætist: »á landssvæðum þeim, er getur um í 1. gr.
5. Við 12. gr. Fyrir: »10 kr.« komi: 25 kr.
6. Fyrirsögn 3. kafla orðist þannig: Um námueigandahlut og rjettindi námurekanda og landeiganda hvors gagnvart öðrum.
7. Við 13. gr. fyrstu málsgrein. Í stað orðsins: »landeigandi« komi: námueigandi.
8. Við sömu gr. Önnur málsgrein orðist þannig: Í afrjettum, almenningum og öræfum, sem ekki eru metin til dýrleika, telst landssjóður námueigandi,
9. Við 14. gr. Í stað orðsins »landeigandi« komi: námueigandi.
10. Við 15. gr. 1. lið. Í stað orðsins »landeigandi« á þremur stöðum komi: námueigandi.
11. Við 16. gr. Í stað »landeigandi« í byrjun greinarinnar komi: námueigandi.
12. Við 18. gr. Í stað orðsins »námueigandi« í niðurlagi greinarinnar komi: námurekandi.

13. Við 19. gr. Í stað orðsins »námueiganda« í byrjun greinarinnar komi: námurekanda.
14. Við 21. gr. Orðin »í kaupstaðarlandi eða« falli burt.
15. Við sömu gr. Fyrir orðið »fyrst« í 2. málsgrein komi: fyr.
16. Við 22. gr. Fyrir »2,500 ferhyrningsfaðma« komi: 10,000 ferhyrningsmetrar.
17. Við 23. gr. Í stað orðsins »námueiganda« í niðurlagi greinarinnar komi: námurekanda.
18. Við 24. gr. Eftir orðunum »Innan eins árs« —« komi: í síðasta lagi.
19. Við 25. gr. Í stað orðanna »námur eða málmleitarstaði« komi: rjett til náma eða málmleitarstaða.
20. Við sömu gr. Í stað orðsins »snert« komi: komið í bág við.
21. Við 26 gr. Fyrir »10 kr.« komi: 15 kr.
22. Við 27 gr. Orðið »óslitinni« í upphafi greinarinnar falli burt.
23. Við sömu gr. Í stað »eins mánaðar« komi: tveggja mánaða.
24. Við 30 gr. Í stað »námueigandi« á tveim stöðum komi: námurekandi.
25. Við 32 gr. Í stað orðanna »að eiganda hennar« komi: námurekanda.
26. Við sömu gr. Í stað orðanna »eiganda þeirrar námu« komi: þeim námurekanda.
27. Við sömu gr. Fyrir orðið »og« í næst síðustu línu greinarinnar, komi: en.
28. Við 33 gr. Í stað orðanna »eigandi hennar« komi: námurekandi.
29. Við 35 gr. Í stað orðanna »orði til orðs« komi: orðrjett.
30. Við sömu gr. Fyrir »5 kr.« komi: 10 kr.
31. Við 37 gr. Í stað orðsins »námueiganda« komi: námurekanda.
32. Við 38 gr. Í stað orðsins »námueigandi« komi: námurekandi.
33. Við sömu gr. Fyrir »5 faðmar« komi: 10 metrar.
34. Við 39 gr. Í stað orðanna »eiganda hennar« komi: námurekanda.
35. Við 40 gr. Fyrir »eigandi« komi: námurekandi.

Alþingi, 28. ágúst, 1907.

Þorgr. Þórðarson, formaður. Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögumaður.

Guttormur Vigfússon.

Ed.

441. Breytingartillögur

við frumv. til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1904 og 1905.

Flutningsm.: Valtýr Guðmundsson.

1. Við II. Gjöld 7. Til verklegra fyrirtækja:
   Fyrir »378,789,81« komi; 376,789,91.
2. Við Tekjueftirstöðvar landssjóðs s. d.
   Fyrir »59,528,72« komi: 59,808,72.

Ed. **442. Viðaukatillögur**

við tillögur yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1904 og 1905.

Flutningsm.: Valtýr Guðmundsson.

Á eftir 4. lið komi svo látandi nýjar tillögur:

5. Að innheimtur sje vangoldinn nafnbótaskattur fyrir fjárhagstímabilið 1904 og 1905.
6. Að krafist sje endurborgunar á þeim 2,000 kr., sem veittar voru á fjárl. fyrir 1904 og 1905 14. gr. B. 15, með því að þeirri fjárveitingu hefur ekki verið varið samkvæmt tilgangi alþingis.

Nd. **443. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um bygging vita.

Flutningsmenn: M. J. Kristjánsson, Guðl. Guðmundsson, Stefán Stefánsson, Eyf.

1. Á eftir 2. gr. komi ný gr. þannig:
   Vita skal reisa á Siglunesi fyrir árslok 1909. Til þess að koma upp vitanum má verja 10,000 kr. úr landssjóði.
2. 3. gr. verður 4. gr.

Nd. **444. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingar og viðauka við lög um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903.

Flm. Guðl. Guðmundsson.

Við 1. gr.

1. Annað kjördæmi.
   Orðin: »Dyrhóla- Hvamms- og Álftavershreppa af« falli burt.
2. Sjöunda kjördæmi.
   Orðin: »og Vestur-Skaptafellssýslu — og Hörgslandshreppa« falli burt.

Nd. **445. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stjórn landsbókasafnsins.

Frumvarp þetta er komið til Nd. frá Ed., sem breytti litið, sem ekki, hinu upphaflega frumvarpi stjórnarinnar.

Í athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið er að því vikið, hvernig landsbókasafnið hefur frá upphafi verið sjálfstæð stofnun, með sjerstakri stjórn, sem enn er við lýði og skipuð er 7 mönnum, og þótti nefndinni í Nd. vel við eiga, að sú stjórnarnefnd ætti kost á, að láta uppi álit sitt um málið, áður en þessi gagngjörða breyting er gjörð á stjórn safnsins.

Álit stjórnarnefndarinnar er dagsett 24. þ. m. og hljóðar svo:

Samkvæmt munnlegri ósk frá nefnd neðri deildar alþingis í frumv. til laga um stjórn landsbókasafnsins, um, að landsbókasafnsstjórnarnefndin ljeti henni í tje álit sitt um þetta mál, hjelt landsbókasafnsnefndin fund í dag, og var á þeim fundi samþykt svolátandi tillaga, sem ætlast er til, að tekin verði upp í nefnd lög:

»Stjórnarnefnd landsbókasafnsins leggur til, að skipuð sje nefnd 5 eða fleiri manna; skal nefnd þessi vera bókasafnsráð, er hafi atkvæði um og eftirlit með bókakaupum og handrita til safnsins, og gjöri tillögur um skipan embættis- og sýslunarmanna við safnið, og skal álits nefndarmanna leitað um öll málefni, sem safnið varða«.

Var tillaga þessi samþykt af öllum þeim nefndarmönnum, sem á fundi mættu, en þeir voru 4 (af 7.).

Pálmi Pálsson.

Jón Þorkelsson.

Væri nú þessi tillaga stjórnarnefndarinnar tekin til greina, væri stefna frumvarpsins gjörbreytt, og vjer teljum eigi heppilegt, að þessi landsstofnun standi áfram undir ólaunaðri nefnd, sem hlýtur að hafa stjórnarstarf sitt í hjáverkum, auk þess, sem slik nefndarskipun áfram — með meira og minna óákveðnum fyrirmælum um samband yfirbókavarðar og nefndarinnar — dreifir ábyrgðinni, sem aldrei er heppilegt.

Vjer erum samdóma athugasemdum stjórnarfrumvarpsins, að því er stjórn safnsins snertir, en vjer lítum svo á, að hagræði gæti verið í því, að til væri áfram nefnd manna við safnið, sem væri bókaverði til aðstoðar í bókavalinu og við kaup handrita og mat á verði þeirra, sem oft er all-vandasamt. Þetta er og að nokkru leyti viðurkent í niðurlagi næstsíðustu málsgreinar í athugasemdunum.

Oss er kunnugt um, að kennarar prestaskólans og læknaskólans hafa í hyggju, að fá bókasöfn þeirra skóla sameinað landsbókasafninu, er það hefur fengið sitt nýja og góða húsnæði, enda eru báðir þeir skólar í mesta húsnæðishraki með bækur sínar. Sennilegt er, að eins muni verða um lagaskólann, að kennarar hans kjósi fremur, að vera í fjelagsbúi við landsbókasafnið, en efna sjer til sjerstaks safns.

Bókakaupum embættaskólanna væri þá vel borgið með því, ef kennarar skólanna mættu að einhverju leyti hafa hönd í bagga með bókakaupum landsbókasafnsins. Sjerveitingar til bókakaupa væru þá eigi lengur veittar þeim skólum.

Öðru máli er að gegna um bókasafn hins almenna mentaskóla, sem á sína eigin bókhlöðu og verður, að minsta kosti um sinn, eigi sameinað við landsbókasafnið, en heppilegt teldum vjer, að frá mentaskólanum væri og maður í þessari bókanefnd við landsbókasafnið, meðal annars til þess, að þessi tvö bókasöfn viti gjörr af bókakaupum hvors annars.

Loks teljum vjer hinn 5. mann sjálfkjörinn í þessa aðstoðarnefnd við kaup bóka og handrita, þar sem landsskjalavörðurinn er. Milli landsbókasafnsins og landsskjalasafnsins er að ýmsu leyti samvinna, og sjerstaklega má vænta þess, að landsskjalavörður kunni vel að meta verðmæti handrita.

Á þennan hátt viljum vjer taka til greina óskir núverandi stjórnarnefndar safnsins og teljum nefnd, með því sniði, sem vjer hugsum oss, fremur til bóta,

Enginn minsti vafi er á því, að starfsmenn þeirra 5 opinberu stofnana, sem nefndar hafa verið, taki þennan starfa að sjer með fúsu geði og það án alls endurgjalds.

Slíka nefnd, sem hjer ræðir um, má skipa, án þess á nokkurn hátt, að raska frumvarpinu, alt getur staðið óbreytt, þó sú viðaukagrein bætist við.

Ágreiningur nokkur var í nefndinni um laun landsbókavarðar og fyrri aðstoðarbókavarðar, þótti einum nefndarmanni þau of hátt sett, en hinir töldu launin hæfileg. Staða landsbókavarðar er virðuleg og hann þarf að leggja mikla vinnu á sig fram yfir útlánsstundirnar, en það skal skýlaust tekið fram af meiri hluta nefndarinnar í neðri deild, eigi síður en í athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið, og eins og haldið var fram við meðferð málsins í efri deild, að með þeim launum má landsbókavörður eigi hafa á hendi önnur atvinnustörf, heldur verður hann að verja öllu starfi sínu í þjónusu landsbókasafnsins.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt með þeim eina viðauka að

á eftir 3. gr. komi ný grein svo hljóðandi:

4. gr.

Skipa skal 5 manna nefnd landsbókaverði til ráðaneytis við kaup bóka og handrita, og sitja í þeirri nefnd kjörnir menn af kennurum embættaskólanna og hins almenna mentaskóla, einn maður frá hverjum skóla, og landsskjalavörður hinn fimti.

4. gr. verður 5. gr. o. s. frv.

Neðri deild alþingis, 28. ág. 1907.

Guðl. Guðmundsson form.	Þórh. Bjarnarson skrifari og framsm.

Álit minni hlutans.

Jeg hef eigi getað sannfærst um, að nauðsynlegt sje, að ákveða laun landsbókavarðar 3000 kr., en tel nægja, að þau sjeu 2400 kr. — Á hinn bóginn get jeg ekki verið meiri hluta nefndarinnar samdóma um það, að rjett sje að ætlast til þess, að landsbókavörðurinn megi ekki sinna neinum öðrum störfum, er atvinnustörf geta kallast, því að enda þótt launin væru 3000 kr., virðist ósanngjarnt, að banna landsbókaverði að nota þær tómstundir sínar, er hann eigi ver í þágu safnsins, til annara starfa. — Mjög hætt er og við því, að slík ákvæði — þótt þau hefðu verið sett í texta laganna, sem rjettast hefði þá verið — yrðu þýðingarlítil í framkvæmdinni, en gætu þó orðið landsbókaverðinum til leiðinda.

Laun fyrri aðstoðarbókavarðar tel jeg og mega nægja, að ákveðin sjeu 1200 kr. á ári, þegar þess er gætt, að aðstoðarbókavörðurinn hefur að eins haft 900 kr. að undanförnu.

Tel jeg víst, að eigi verði neinn hörgull á hæfum umsækjendum um nefndar sýslanir, þótt launin sjeu eigi sett hærri, en jeg fer fram á.

Samkvæmt framan sögðu, leyfi jeg mjer að bera upp þessar breytingartillögur við frumvarpið.

1. Við 2. gr. Í stað »3000 kr.« komi: 2400 kr.
2. Við 3. gr. Í stað »1500 kr.« komi: 1200 kr.

Neðri deild alþingis, 29. ágúst 1907,

Skúli Thoroddsen.

Nd. **446. Breytingartillögur**

við br.tillögu á þingskj. 429.

Flm.: Guðl. Guðmundsson. M. J. Kristjánsson. Jón Jónsson.

Við 1.

1. Í stað orðanna: »í Reykjavík« í 1. línu komi: »í einhverjum af kaupstöðum landsins, Reykjavík, Akureyri, Ísafirði eða Seyðisfirði.«
2. Í stað orðanna: »í Reykjavík« í 2. línu komi: »í kaupstaðnum.«
3. Fyrir »í Reykjavík« í 4.—5. línu komi: »í hlutaðeigandi kaupstað.«

Við 3.

4. Fyrir »í Reykjavík« komi: »í kaupstað.«

Nd. **447. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um lóðarlögnám vegna vatnsveitu Reykjavíkur, um vatnsskatt o. fl.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

1. Orðið »öllum« í fyrstu málsgrein 3. gr. falli burt.
2. Á eftir orðunum »íbúð í húsi sínu« í 3. gr. frumvarpsins komi: Undanþegnir ofan nefndum skatti skulu þó þeir húseigendur, er á þeim tíma, er vatnsveita kaupstaðarins er fullgjör, hafa brunna á lóðum sínum, og eigi nota vatnsveitu kaupstaðarins, enda sanni þeir, með efnafræðislegri ransókn, að vatnið í brunnunum sje gott og heilnæmt.

Ed. **448. Fyrirspurn**

til ráðherra Íslands.

Frá Valtý Guðmundssyni.

Hverjar ráðstafanir ætlar stjórnin að gjöra út af erindi frá útvegsbændum í Garði og Keflavík til stjórnarráðsins og alþingis, dags. 12. ág. 1907, um frekari strandvarnir í Garðssjó?

Nd. **449. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breytingar á og viðauka við lög um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903.

Flutningsm.: Þórh. Bjarnason.

1. Við 1. grein. Í staðinn fyrir:

»Landið skiftist í 7 kjördæmi þannig«: o. s. frv. út greinina, komi:

Landið skiftist í 4 kjördæmi þannig:

Fyrsta kjördæmi tekur yfir Norður-Þingeyjarsýslu, Norður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstað, Suður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu, og kýs 7 alþingismenn.

Annað kjördæmi tekur yfir Vestur-Skaftafellssýslu, Vestmanneyjar, Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Reykjavík og Borgarfjarðarsýslu, og kýs 11 alþingismenn.

Þriðja kjördæmi tekur yfir Mýrasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu, Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstað, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla og kýs 8 alþingismenn

Fjórða kjördæmi tekur yfir Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Akureyrarkaupstað og Suður-Þingeyjarsýslu, og kýs 8 alþingismenn.

2. Við 2. gr.

Í staðinn fyrir málsgreinarnar »Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn o. s. frv. — og »Ef breyting verður á sýsluskipan« o. s. frv. komi ein málsgrein svohljóðandi:

Í hverju kjördæmi skal vera yfirkjörstjórn; sitja í henni 5 menn, oddviti og 4 aðrir af kjósendum kjördæmisins. Í fyrsta kjördæmi er bæjarfógeti á Seyðisfirði oddviti, en hver sýslnanna 4 kýs sinn manninn í yfirkjörstjórnina. Í öðru kjördæmi er bæjarfógeti í Reykjavík oddviti, en sýslunefndir Árnessýslu, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu og Borgarfjarðarsýslu kjósa hvor um sig sinn manninn í yfirkjörstjórnina. Í þriðja kjördæmi er bæjarfógeti á Ísafirði oddviti, en sýslunefndir Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Ísafjarðarsýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu kjósa hver um sig sinn manninn í yfirkjörstjórnina. Í fjórða kjördæmi er bæjarfógeti á Akureyri oddviti, en hver sýslnanna 4 kýs sinn manninn í yfirkjörstjórnina.

3. Við 6. gr.

Orðin »á sem hentugustum stað í kjördæminu . . . . . náist sem greiðast«, falli burt.

Nd. **450. Breytingartillögur**

við frv. til til laga um húsmæðraskóla.

Frá nefndinni.

1. 1. gr. orðist svo:

Á Norðurlandi skal vera skóli, er nefnist húsmæðraskóli, með því markmiði, að veita konum þá kunnáttu, bóklega og verklega, sem nauðsynleg er hverri húsmóður í búanda stöðu og gjörir hana færa um köllun sína. Skólinn skal vera í sveit, þar settur, sem hagkvæmast þykir til aðsóknar af

Norður- og Austurlandi, og hafa jörð til nauðsynlegra afnota. Heimilt er að reka búskap á landssjóðs kostnað á skólajörðinni. Stjórnarráðið ákveður að öðru leyti hvar skólinn er settur.

2. Við 2. gr. fyrir: »skólanna« komi: skólans, fyrir: »hvorn skóla« komi: skólann, fyrir: »hvors skólans um sig« komi: skólans.
3. Við 4. gr. fyrir: »skólar þessir hafa« komi: skólinn hefur.
4. Við 6. gr. fyrir: »hver skólinn um sig« komi: skólinn.
5. Við 7. gr. Fyrri málsliður orðist svo: Stjórnarráðið setur reglugjörð fyrir skólann með samráði við skólanefndina.
6. Við 8. gr. fyrir: »skóla þessa« komi: skólann.
7. Við 9. gr. fyrir: »skólunum«, komi: skólanum, fyrir: »hvorum skóla« komi: skólans«.

Nd.

451. Nefndarálit

minni hluta nefndarinnar

í málinu: frumvarp til stjórnskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, með áorðnum breytingum samkvæmt stjórnskipunarlögum 3. októbr. 1903 og lögum nr. 41, 20. októbr. 1905.

Við, sem hin háttv. neðri deild alþingis kaus í nefnd ásamt 5 öðrum háttv. þingdeildarmönnum, til að íhuga ofangreint frumvarp, höfum ekki getað orðið sammála samnefndarmönnum okkar og leyfum okkur að láta uppi álit okkar á þessa leið.

Nefndin ræddi frumv. á nokkrum fundum, grein fyrir grein, og þegar það var ljóst, að meiri hluti nefndariunar var því algjörlega mótfallinn, að frumv. væri látið ganga fram á þessu þingi, gátum vjer ekki lengur átt samleið.

Aðalástæðan, er meiri hluti nefndarinnar færði til varnar þeirri skoðun sinni, er fyr var getið, var sú, að ekki væri tímabært, að gjöra breytingar á stjórnarskránni, fyr en nefndin í sambandsmálinu hefði lokið störfum sínum og sambandslög væru staðfest. En til þess er því að svara, að þó að gjört sje ráð fyrir, að sambandsnefndin hafi lokið störfum sínum fyrir lok júlímán. næsta ár, þá er alls eigi víst, að svo reynist og því óvissara, að tillögur sambandsnefndarinnar nái samþykki löggjafarvalda beggja landanna; en fari svo, að íslenska eða danska löggjafarþingið breyti þeim að einhverju leyti, þá er auðsætt, að allmikill dráttur getur orðið á því, að sambandsmálið nái fullnaðarúrslitum.

Að fresta nauðsynlegum breytingum á stjórnarskránni, uns sambandsmálinu er ráðið til lykta, teljum við því mjög óráðlegt.

Eitt af aðalákvæðum frumv. fer í þá átt, að nema ríkisráðsákvæðið úr stjórnarskránni; en að ákvæði þetta var lögleitt, stafaði, sem kunnugt er, eingöngu af því, að þáverandi ráðherra Íslands setti alþingi stólinn fyrir dyrnar á þann hátt, að áskilja, að stjórnarskrárbreytingin, sem hann lagði fyrir alþingi 1902, væri samþykt að öllu leyti óbreytt, þar sem hún að öðrum kosti hlyti ekki konunglega staðfestingu, og þar sem stjórnarástand vort var þá þannig vaxið, að ýms nauðsynjamál þjóðarinnar náðu ekki fram að ganga, stjórnin höfð í hjáverkum

af einum danska ráðherranum, sem var ókunnur högum vorum og ábyrgðarlaus að kalla, sá alþingi sjer ekki annað fært, en að samþykkja ríkisráðsákvæðið, enda lagði alþingi þá ákveðinn skilning í það, sem miðaði til þess, að gjöra ákvæði þetta háskalaust, en það kom þegar í ljós, að þennan skilning alþingis aðhyltist danska stjórnin ekki. Ríkisráðsákvæðið hefur því vakið allmiklar deilur hjer á landi, sem æskilegt væri, að sem fyrst gætu sefast.

Hjer er og um það atriði að ræða, sem einatt hefur verið aðaldeiluefnið milli Íslendinga og dönsku stjórnarinnar, og hlýtur það því að verða eitt af aðalverkefnum sambandsnefndarinnar frá sjónarmiði vor Íslendinga, að tryggja íslenska löggjafarvaldinu fullrjetti í málum vorum. Þetta þarf Dönum að verða sem ljósast, og mundi það því svifta þá menn, er sæti eiga í sambandsnefndinni af vorri hálfu, mjög mikilsvarðandi bakhjalli, ef eigi lægi fyrir glögg yfirlýsing frá alþingi um þetta efni.

Eins og skoðanir ýmsra stjórnmálamanna vorra hafa síðustu árin verið á reiki og á huldu um þetta atriði, virðist það og mjög mikilsvarðandi fyrir þjóðina, að fá fulla vitneskju um vilja fulltrúa sinna, ekki síst þegar nýjar kosningar fara í hönd.

Nú virðist og sjerstaklega hentugur tími til að samþykkja breytingar á stjórnarskránni, þar sem kosningar eiga að fara fram á næsta ári, og virðist þá sjálfgefið, að haga þingrofskosningunum þannig, að þær fari fram í september 1908 og aukaalþingi sje háð seinast á sama ári, svo að alþingismenn þurfi eigi að hverfa heim til sín áður en reglulegt alþingi hefst, 15. febrúar 1909.

Þó að það leiði af samþykt sambandslaga, að breyta þurfi stjórnarskránni í einhverjum atriðum, fáum við af framangreindum ástæðum eigi sjeð, að rjett sje að fresta breytingu á stjórnarskránni að þessu sinni, og það því síður, sem í frumv. eru aðrar mjög þýðingarmiklar rjettarbætur. Má í því efni benda á afnám konungkjörinna þingmanna, sem lengi hefur verið á dagskrá þjóðarinnar, því að það er auðsætt, að meðan stjórnin ræður kjöri 6 þingmanna í efri deild, er eigi trygging fyrir, að vilji meiri hluta þjóðarinnar fái notið sín á þingi sem vera ber.

Hin mikla rýmkun kosningarrjettar og kjörgengis til alþingis, er frumv. fer fram á, þar sem gjört er meðal annars ráð fyrir, að konur, giftar sem ógiftar, njóti þessara rjettinda til jafns við karlmenn, og að vinnuhjúin öðlist einnig sama rjett, er og rjettlætiskrafa, sem eigi þolir bið og ekki ætti að bíða, uns Íslendingar og Danir hafa samið um sambandslögin, enda hafa þinginu að þessu sinni borist áskoranir í þessa átt frá 11,422 konum, sem virðist benda á, að mjög mikill áhugi sje vaknaður hjá kvenþjóðinni fyrir þessu máli.

Verði ágreiningur milli íslenska og danska löggjafarvaldsins út af skipun sambandsmálsins, virðist það og eðlilegt, að íslenska þjóðin geti í sem fylstum mæli átt atkvæði um málið, og eru það því sterk meðmæli með því, að málinu sje ekki frestað.

Þá er og ákvæðið um þing á hverju ári og þar af leiðandi þriggja ára kjörtímabil og árleg fjárlög, þýðingarmikið ákvæði, sem mundi efla að mun vald þings og þjóðar gagnvart stjórninni, auka pólitíska lífið í landinu og gjöra framfarirnar hraðari.

Að því er snertir skipun þingdeildanna eftir þessu frumv., er breytingin í því fólgin, að þingmanna talan verður 24 í neðri deild og 12 í efri deild, allir þjóðkjörnir, í stað 26 og 14 nú, og er það því nokkur sparnaður. — Svo teljum

við og heppilegt, að kosning þingmanna til efri deildar sje hlutbundin, þannig, að hver þingflokkur nefni til þingmenn úr sínum hóp að rjettri tiltölu. — Að öðru leyti er skipun deildarinnar í raun og veru hin sama sem nú, þar sem konungkjörnir þingmenn eru tilnefndir af þeirri stjórn, sem að völdum situr, nema þegar svo sjerstaklega stendur á, að ný stjórn kemst til valda, áður en kjörtími hinna konungkjörnu þingmanna er liðinn. Við sjáum því eigi, að breyting þessi sje þess eðlis, að ástæða sje til þess, að hafa að eins eina þingdeild. Ákvæði stjórnarskrárinnar um sameinað þing veldur því, að þingið má í raun og veru einskift kalla, en umræður í tveim málstofum veita betri trygging fyrir undirbúningi málanna.

Þeirri skoðun, sem hreyft var í nefndinni, að haga kosningum til efri deildar á þann hátt, að hún verði íhaldssamari en neðri deild, eða tryggja það með sjerstökum kjörgengis skilyrðum, getum við alls eigi fallist á, enda hefur slík tvískifting löggjafarþinga víða reynst miður hagkvæm og valdið miklum ágreiningi.

Í stjórnarskrárfrumv. fyrri þinga var tekið upp ákvæði um það, að stjórninni væri óheimilt að gefa út bráðabyrgðalög og teljum við það ákvæði nauðsynlegt til að tryggja sem best þingræði og fjárveitingarvald alþingis, og höfum því leyft okkur að koma með breytingartillögu við frumvarpið í þá átt.

Enn fremur leggjum við það til, að ákvæðinu í 45 gr. stjórnarskrárinnar um það, að hin evangeliska, lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og skuli hið opinbera að því leyti styðja hana og vernda, megi breyta með lögum, til þess að auðveldar verði að lögleiða breytingar í fríkirkjuáttina.

Af breytingunni, að reglulegt alþingi verður haldið á ári hverju, leiðir, að rjett er að breyta ákvæðum 8. gr. stjórnarskrárinnar um þingrof og hvenær alþingi skuli koma saman, og höfum við því leyft okkur að gjöra breytingartillögu í þá átt.

Enn fremur leggjum við það til, að ákvæðið um það, að sveitarstyrkur svifti menn kosningarrjetti og kjörgengi, sje felt burtu, með því að okkur virðist það í samræmi við mannúðar kröfur vorra tíma.

Alþingi, 28. ágúst, 1907.

Skúli Thoroddsen	Einar Þórðarson
framsögum. minni hluta nefndarinnar.	skrifari.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874, með áorðnum breytingum samkvæmt stjórnarskipunarlögum 3. októbr. 1903 og lögum nr. 41, 20. októbr. 1905.

Frá minni hluta nefndarinnar í stjórnarskrármálinu.

1. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, sem verða 3. og 4. gr. (og breytist greinatala frumv. eftir því) svo hljóðandi:

3. gr.

8. gr. stjórnarskipunarlaganna orðist svo:

Konungur getur leyst upp alþingi og skal þá stofnað til nýrra kosninga, áður en mánuður er liðinn frá því, er það var leyst upp, og alþingi stefnt saman, áður en 5 mánuðir eru liðnir frá þingrofinu.

4. gr.

Aftan við 11. gr. stjórnarskipunarlaganna bætist svo hljóðandi málsgrein:

Eigi má gefa út bráðabyrgðafjárlög, nema fjárlögin hafi verið feld á alþingi.

2. Við 5. gr. frumv. Í stað orðanna: »Þingmenn í efri deild . . . . farið fram, komi: Í fyrsta sinn, er alþingi kemur saman, eftir að nýjar kosningar hafa farið fram, kýs það í heild sinni þingmennina til efri deildar. Kosið skal með hlutfallskosningu, þannig, að hver þingflokkur nefni til þingmenn úr sínum hóp að rjettri tiltölu.
3. Við 6. gr. Orðin: »Sje fjár síns ráðandi . . . gefinn hann upp« falli burt.
4. Á eftir 9. gr. frumv. komi ný grein (og breytist greinatalan samkvæmt því) svo látandi:

Aftan við 45. gr. stjórnarskipunarlaganna bætist:

Breyta má þessu með lögum.

Nd.

452. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 66, frá 10. nóvbr. 1905, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Íslandsbanka er heimilað að hækka hlutafje sitt úr 3 miljónum króna upp í 5 miljónir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Ed.

453. Frumvarp

til laga um breyting á 2. gr. laga 7. nóvember 1879 um breytingar á eldri lögum um siglingar og verslun á Íslandi.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Gjald fyrir verslunarborgarabrjef skal vera 200 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Ed. **454. Frumvarp**

til laga um útflutning hrossa.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Á erlendan markað má ekki flytja mögur hross og illa útlítandi, glaseygð, glámótt, meidd, hölt, eða með öðrum verulegum lýtum og göllum.

Enn fremur er bannað að flytja til sölu á útlendum markaði yngri hross en 4 vetra og eldri en 10 vetra. Hross 3 vetra má þó flytja út, ef þau eru stór og falleg útlits.

Öll hross, sem útflutt eru, skulu vera tamin eða að minsta kosti bandvön. —

Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá þessum ákvæðum eftir tillögu Búnaðarfjelags Íslands, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

2. gr.

Öll skip, er flytja hross frá Íslandi til útlanda, skulu vera hagkvæmlega útbúin í því skyni. Hross má eigi flytja á þilfari frá Íslandi til annara landa á öðrum tíma árs en frá miðjum júní til ágústmánaðar loka. Hrossin skal hafa í stíum hæfilega stórum og traustgjörðum, og sje þeim ætlað nægilegt rúm. Á stíugólf og gangrúm, sem hross eru leidd um, skal strá hálmi eða sandi, eða gjöra ósleip á annan hátt. Sjá skal fyrir góðri loftræsting, þar sem hross eru höfð, og birtu, eftir því sem ástæður frekast leyfa.

Á hverju skipi, er flytur hross til útlanda, skal skipstjóri sanna, að hann hafi nægilegan mannafla til að gæta hrossanna á leiðinni, og skal vera hentugur útbúnaður við fóðrun hrossanna og vötnun. Hrossunum skal ætla nægilegt fóður og vatn á leiðinni, og má fóður ekki vera minna en 10 pd. af góðu heyi á dag fyrir hvern hest, miðað við áætlun skipsins, eða sem því svarar í öðru fóðri.

3. gr.

Í þeim kauptúnum landsins, sem hross eru flutt frá til sölu á erlendum markaði, skal ráðherra Íslands skipa mann, er hefur á hendi umsjón og eftirlit með útflutningi hrossa. Þeir, sem slík hross vilja senda til útlanda, tilkynna það umsjónarmanni með nægum fyrirvara. Umsjónarmaður skoðar hrossin nákvæmlega áður en þau eru flutt á skip, og kyrsetur þau hross, sem að hans áliti eru eigi hæf til útflutnings. Útflytjandi er skyldur, að láta umsjónarmanni í tje næga aðstoð við skoðunina. Umsjónarmaður hefur eftirlit með útskipun hrossanna, og sjer um að útbúnaður skipsins og fóðurbirgðir fullnægi fyrirmælum laganna, og má lögreglustjóri ekki afgreiða skipið, fyr en umsjónarmaður hefur ritað á skipsskjölin vottorð um það.

Umsjónarmenn skulu senda stjórnarráðinu við lok hvers árs, skýrslu um tölu útfluttra hrossa, og hvenær og með hvaða skipi þau hafi verið flutt.

Fyrir starfa sinn fá umsjónarmenn hæfilega þóknun úr landssjóði, og skal fje til þess veitt á fjárlögum.

4. gr.

Ráðherra Íslands semur nánari reglur um útflutning hrossa, sjerstaklega um meðferð þeirra á leið milli landa, og gefur út erindisbrjef handa umsjónarmönnum.

5. gr.

Brot móti lögum þessum og reglum þeim, er ræðir um í 4. gr. varða sektum frá 10 til 1000 kr., er renna í landssjóð. Mál út af slíkum brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1909.

Nd. **455. Frumvarp**

til laga um farandsala og umboðssala.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Farandsalar og umboðssalar, sem ekki hafa fast aðsetur hjer á landi, og bjóða til kaups útlendan varning, eða gefa kost á að útvega eða gjöra um kaup á vörum, er síðar koma frá útlöndum, skulu leysa leyfisbrjef áður en þeir hefja atvinnurekstur hjer á landi. Leyfisbrjefið gefur lögreglustjóri í því lögsagnarumdæmi, þar sem farandsalinn kemur fyrst við land, eða byrjar atvinnurekstur sinn. Gildir það fyrir 1 ár, reiknað frá dagsetningardegi.

2. gr.

Í leyfisbrjefinu skal tekið fram, hvort leyfishafi reki atvinnu fyrir sjálfan sig eða í umboði annara, og þá fyrir hvert eða hver nafngreind firma eða verksmiðju. Skal leyfishafi, áður en leyfisbrjefið er afhent honum, lýsa skriflega yfir því, að viðlögðum drengskap, að hann reki eigi umboðsstörf fyrir aðra eða fleiri en þá, er tilgreindir eru.

3. gr.

Fyrir leyfisbrjefið skal leyfishafi greiða 200 króna gjald, hafi hann að eins umboð eða vörur til framboðs frá einu firma eða verksmiðju. En hafi hann vöruframboð fyrir fleiri, greiði hann 50 króna viðbótargjald fyrir hvern; þannig, að sá, sem hefur umboð fyrir 2, greiði 250 kr., fyrir 3, 300 krónur o. s. frv. Leyfisbrjefsgjaldið greiðist til lögreglustjóra fyrir fram, og rennur í landssjóð.

4. gr.

Hafa skulu lögreglustjórar eftirlit með leyfisbrjefum farandsala, sjerstak-

lega að því er snertir nöfn og tölu þeirra firma og verksmiðja, er þeir reka störf fyrir. Sýna skal farandsali leyfisbrjef sitt hlutaðeigandi lögreglustjóra, áður en hann byrjar atvinnurekstur í því lögsagnarumdæmi. Ritar lögreglustjóri ókeypis vottorð á brjefið um, að honum hafi það sýnt verið.

5. gr.

Leyfisbrjef farandsala skulu bundin við nafn. Að öðru leyti skipar ráðherra fyrir um fyrirkomulag þeirra og efni.

6. gr.

Umboðssalar, eða farandsalar, er hafa fast aðsetur hjer á landi, og greiða hjer lögboðin gjöld, skulu leysa borgarabrjef, sem innlendir kaupmenn, sbr. lög nr. 28, 7. nóvember 1879, eða lög, er síðar kunna að verða sett um það efni.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum skal fara með, sem almenn lögreglumál, og sæta þau sektum frá 10 til 500 krónur.

Sje brotið fólgið í því, að farandsali eða umboðssali hafi eigi leyst leyfisbrjef samkvæmt lögum þessum, skal hann auk sektanna greiða gjald það, er honum bar að greiða.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í landssjóð.

Nd. **456. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um prentsmiðjur 4. desember 1886.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Allar prentsmiðjur þær, er nú eru, eða síðar kunna stofnaðar að verða hjer á landi, eru skyldar, að láta Landsbókasafni Íslands og hinni konunglegu bókhlöðu í Kaupmannahöfn ókeypis í tje 2 eintök hvoru af hverju því, sem prentað er í þeim, stóru og smáu, sem og endur- og sjerprentunum úr blöðum, ritum og ritsöfnum, og skal annað eintakið jafnan prentað á skrifpappír. — Amtsbókasöfnin á Akureyri, Stykkishólmi og Seyðisfirði og háskólabókasafnið í Kaupmannahöfn, skulu einnig fá ókeypis hjá öllum prentsmiðjum landsins 1 eintak hvert af öllu því prentmáli, sem í þeim er prentað. Prentsmiðja sendi tvisvar á ári hverju, í janúar- og júlímánuði, lögreglustjóra þess lögregluumdæmis, sem prentsmiðjan er í, alt það prentmál, sem henni ber að standa áður nefndum söfnum skil á, ásamt skrá yfir það, sem prentað hefur verið, og annast lögreglustjóri sendingu á því til hlutaðeigandi safna. Slíkt hið sama gildir um afhending blaða, er Landsskjalasafnið á lögum samkvæmt að fá. Vanskil á prentmáli varða sektum frá 5—500 kr., ef eigi er bætt úr vanræktinni, þegar ámint er um það. Í lok hvers árs skulu allar prentsmiðjur lands-

ins senda bókaverði Landsbókasafnins skrá yfir alt það, stórt og smátt, sem prentað hefur í þeim verið á árinu.

2. gr.

Með lögum þessum er 2. gr. laga um prentsmiðjur, 4. desember 1886, úr gildi numin.

Nd. **457. Tillaga**

til þingsályktunar um fiskimat.

(Eins og hún var samþykt við eina umr. í Ed.).

Alþingi skorar á stjórnina, að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga, er lögbjóði fiskimat á öllum fullverkuðum saltfiski, er flytst frá Íslandi til Spánar og Ítalíu, og að engan fisk megi flytja til þessara staða, nema lögskipaðir fiskimatsmenn hafi gefið vottorð um gæði hans.

Ed. **458. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1904 og 1905.

Frá ráðherra.

1. Við gjaldlið 12. (tekjuafgangur fjárhagstímabilsins):
   Í stað »879,20« komi: 530,40.
   Upphæð peningaforðans breytist samkvæmt því.
2. Tekjueftirstöðvar landssjóðs:
   Í stað »59,528,72« komi: 59,412,72.

Ed. **459. Breytingartillaga**

við tillögur yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1904 og 1905.

Frá ráðherra.

Við 3. Í stað »fæðispeningar« komi: dagpeningar.

Nd. **460. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um takmörkun á eignar- og umráðarjetti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o. fl.

Í athugasemdum við lagafrumvarp þetta, er þess getið, að stjórnarráðið telji ráðlegt, að reistar sjeu skorður við fossakaupum *erlendra* manna, þeirra er eingöngu horfa til fjárgróða. Þessu áliti stjórnarinnar, er nefndin samþykk, en

jafnframt skal það tekið fram, að erlendir menn í þessu sambandi, eins og yfirleitt, að því er snertir atvinnurekstur á Íslandi og í landhelgi við Ísland, verði að teljast allir aðrir en þeir einir, sem hafa löglegt heimilisfang *hjer á landi*, án alls tillits til þjóðernis. Að því leyti, sem einstök ákvæði frumvarpsins koma í bága við þessa grundvallarskoðun, álítur nefndin nauðsynlegt og sjálfsagt, að breyta því.

Enn fremur álítst varhugavert, að leyfi, sem veitt er erlendum mönnum eða fjelögum til að eignast fossa eða notkunarrjett á þeim, sje nokkurn tíma veitt um aldur og æfi, enda sje það jafnan ákveðnum skilyrðum bundið. Fyrir því er það tillaga nefndarinnar, að ákvæði í þessa stefnu sje tekið upp í frumvarpið.

Nefndin leyfir sjer því, að ráða hinni háttvirtu deild til, að samþykkja frumvarpið með þessum breytingum:

1. Við 1. gr. Fyrir »í Danaveldi« komi: á Íslandi.
2. Við 1. gr. Fyrir »fjelög, er stjórn þeirra á þar aðsetur og stjórnarmenn allir eru þar heimilisfastir« komi: fjelög, er hafa þar heimilisfang, enda sje meiri hluti fjelagsstjórnar skipaður mönnum, sem þar eru heimilisfastir.
3. Við 1. gr. Fyrir »má« á 2 stöðum í síðustu málsgrein komi: skal.
4. Á eftir 1. gr. komi ný grein:

Leyfi til að eignast fossa eða notkunarrjett á fossum, samkvæmt 1. gr., skal bundið þeim skilyrðum, er hjer segir:

a. að leyfið gildi að eins um tiltekið tímabil, í lengsta lagi 100 ár. Að þeim tíma liðnum skal fossinn og aflstöðin verða eign landssjóðs án endurgjalds.
b. að landssjóður eigi rjett á, að kaupa fossinn og aflstöðina ásamt landi því og rjettindum, er henni fylgir, eftir 50 ár frá því er leyfið var veitt, þó svo, að sagt sje til kaupanna með 5 ára fyrirvara. Kaupverð skal miða við hvað leyfishafi hefur borgað fyrir fossinn og hvers virði aflstöðin er.
c. að leyfishafi sje skyldur, ef landsstjórnin krefst þess, að láta af hendi alt að 10% af starfsaflinu, 5% við landið og 5% við sveitina, hvorttveggja fyrir endurgjald, er sje miðað við framleiðslukostnað, að viðbættum 10% ágóða.
d. að byrjað sje að hagnýta fossinn innan ákveðins tíma, og að fyrirgjört sje rjetti þeim, er leyfið veitir, ef starfinu er hætt eða það minkað úr því, er leyfisbrjef tiltekur minst.

5. Við 4. gr. Fyrir »rift« komi: riftað.
6. Við 5. gr. Fyrir »áður« komi: áður en.
7. Við 8. gr. Fyrir »utan Danaveldis« komi: annars staðar en á Íslandi.
8. Við 8. gr. Fyrir »þess fjelags« komi: fjelags.
9. Við 8. gr. Fyrir »í Danaveldi« komi: á Íslandi.
10. Við 13. gr. Á eftir »meta« komi: kaupverð fossa og endurgjald fyrir starfsafl, sem um er rætt í 2. gr., svo og

Neðri deild alþingis, 30. ágúst, 1907.

Guðl. Guðmundsson form. og framsm.	Ólafur Briem skrifari.	Stefán Stefánsson, Eyf.
Jóhannes Ólafsson.		Magnús Andrjesson.

Nd. **461. Breytingartillaga**
við breytingartillögu á þingskj. 443.
Flutningsmenn: M. J. Kristjánsson, Stefán Stefánsson Eyf.

Við 1. Fyrir: »skal« komi: má.

Ed. **462. Frumvarp**
til laga um vitagjald af skipum.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Fyrir hvert skip, að undanskildum herskipum og skemtiskútum, er legst á höfn einhversstaðar á Íslandi, skal greiða í vitagjald 20 aura fyrir hverja smálest (tonn) af rúmmáli skipsins.

Gjaldið skal greitt á þeirri höfn, sem skipið kemur fyrst á.

Skip, sem að eins eru höfð til innanlands siglinga, greiða vitagjald að eins einu sinni á ári; önnur skip greiða vitagjald í hvert skifti, sem þau koma í höfn á Íslandi frá útlöndum.

Íslensk fiskiskip eru undanþegin vitagjaldi; þó skulu þau greiða gjaldið, ef þau koma frá útlöndum.

Ráðherra Íslands hefur heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip þau, er þaðan eru gjörð út til fiskiveiða hjer við land.

2. gr.

Vitagjaldið rennur í landssjóð og skal lögreglustjóri eða sá maður (hreppstjóri eða umboðsmaður sýslumanns), sem hefur á hendi afgreiðslu útlendra skipa á staðnum, innheimta það gegn löglegri kvittun. Af fiskiskipum ber innheimtumanni 20% af gjaldi þessu.

Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni dagbók skipsins.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða skipstjóra 10—200 kr. sektum til landssjóðs að svo miklu leyti sem atferli skipstjóra á ekki að sæta þyngri hegningu.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1909, og frá sama tíma eru lög um vitagjald af skipum frá 10. okt. 1879 úr gildi numin.

Nd. **463. Nefndarálit**

um frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874, með áorðnum breytingum samkv. stjórn.skipunarl. 3. okt. 1903 og lögum nr. 41, 20. okt. 1905.

Nefnd sú, er háttvirt deild hefir falið frv. þetta til íhugunar, hefur eigi getað orðið á eitt mál sátt.

Meiri hluti nefndarinnar telur eigi heppilegt, því síður nauðsynlegt, að *þetta* þing afgreiði frá sjer lög um breyting á hinni gildandi stjórnarskrá.

Svo sem kunnugt er, hefur verið sett nefnd manna af hálfu bæði alþingis og hins danska ríkisþings, og eiga nefndir þessar að semja og bera upp fyrir konungi tillögur í lagafrumvarps formum um stöðu Íslands í Danaveldi, eða um samband Íslands og Danmerkur. — Að vísu er eigi hægt að spá neinu um það *með vissu*, hver árangur verði af þessu nefndarstarfi, en þess munu allir Íslendingar vænta, að árangurinn verði sá, bæði að fleiri mál verði lögð undir forráð alþingis, og að löggjöf og stjórn landsins verði trygt fullkomið sjálfstæði í öllu því, er landið varðar sjerstaklega. — Þessa vænta menn, og telja má sennilegar líkur til, að þessar vonir rætist.

En fari svo, þá má telja það víst, að fyrirkomulagið á hinni æðstu stjórn Íslands og aðstaða hennar gagnvart bæði konungi og stjórn sambandslandsins geti, eða jafnvel hljóti, að verða fyrir breytingum. Eins og mál þetta nú horfir við, er því mjög sennilegt, að jafnhliða því er frumvarp sambandsnefndarinnar verður til meðferðar á alþingi, væntanlega 1909, hljóti að verða því samferða frumvarp um breyting á stjórnarskránni ef til vill gagngjörð endurskoðun hennar.

Ef frumvarp það, er fyrir liggur, eða eitthvert frumvarp um breyting á stjórnarskránni, næði samþykki *þessa* þings, væri skyldugt, að leysa upp þingið *þegar í stað* (61. gr. stjórnarskrárinnar) og mundi þá stjórnin, samkvæmt fastri venju og ákvæðum 8. gr. í stjórnarskr., telja sjer skylt, að boða til kosninga í júní 1908 og kveðja til aukaþings í lok júlí eða byrjun ágústmán. 1908.

Hið reglulega alþingi kemur saman 15. febrúar 1909 — rúmum 5 mánuðum eftir lok aukaþingsins, væri til þess hvatt — og til þess er ætlast, að alþing 1909 fái tillögur eða frv. sambandsnefndarinnar til meðferðar.

Svo framarlega, sem tillögur sambandsnefndarinnar leiða til þess, að endurskoða þurfi stjórnarskrána 1909 — sem, eins og áður er fram tekið, má telja því nær alveg víst eða mjög sennilegt, — þá er öllum kostnaði og fyrirhöfn þjóðarinnar við kosningar í júní 1908, og öllum kostnaði við aukaþingið 1908 fullkomlega á glæ kastað og til alls engra nota, hvorki fyrir þjóðina nje stjórnarskrármálið sjálft. — Þetta mundi því vera næsta óráðlegt. —

Svo er og annað atriði, engu þýðingarminna, er vel verður að athuga.

Til þess er ætlast, að tillögur og frumvarp sambandsnefndarinnar verði kunnugt þjóðinni á næsta ári, svo snemma, að þjóðin geti haft hliðsjón af þessum tillögum við almennar kosningar á næsta hausti. Á það hefur verið lögð rík áhersla, að þjóðinni yrði með almennum kosningum gefinn sem bestur kostur á, að láta í ljósi sinn vilja um sambandsmálið, og meiri hluti nefndarinnar álítur nauðsynlegt, að alt verði gjört, sem hægt er, til þess að þjóðinni verði það mál svo vel kunnugt, sem föng eru á, fyrir hinar næstu almennu kosningar til alþingis, 1908.

Það mál, hið þýðingarmesta mál, sem um langan aldur hefur verið til meðferðar, á mestu að ráða við hinar næstu almennu kosningar.

Yrði nú stjórnarskrárbreyting samþykt *á þessu þingi* og kosningar færu fram í júní 1908, þá er þessum grundvelli kosninganna alveg raskað. Þá væri alls ómögulegt, að þjóðin gæti haft nokkra hliðsjón af sambandsmálinu við kosningarnar, því gjörðir nefndarinnar verða eigi kunnar fyrir þann tíma. En af því mundi aftur leiða það, að þingið 1909, sem fyrst ætti að fjalla um sambandsmálið, væri kosið með alt annað fyrir auga og hefði því ekki nægilega traust umboð þjóðarinnar í því máli, þar sem mest ríður á því. — Þetta mundi og leiða til þess, að rýra áhrif þjóðarinnar á og atkvæði hennar um sambandsmálið. Nú er til þess ætlast, að þjóðin geti haft það mál sjerstaklega fyrir auga við *tvennar* kosningar: hinar almennu kosningar 1908 og við kosningar til aukaþings 1910, þar sem gjörðir þingsins 1909 í því máli koma til fullnaðar-úrslita.

Færi nú kosningar fram í júní 1908, áður en tillögur sambandsnefndarinnar eru þjóðinni kunnar, gæti hún að eins *í eitt skifti* — við kosningar til aukaþings 1910 — látið uppi sinn vilja um það mál *við kosningar* og þá ekki fyrri en eftir það, er þing 1909, kosið á öðrum grundvelli, væri búið að fjalla um málið.

Auk þessa gæti og af þessu leitt, að bæði sambandsmálið og endurskoðun stjórnarskrárinnar kæmist á fullkomna ringulreið, sem yrði til að spilla öllum árangri þess fyrir aukið frelsi lands og þjóðar. Það er hætt við, að þingið 1909 þættist standa þar höllum fæti gagnvart kjósendum landsins, umboðslaust af þeirra hálfu í máli, jafn stórvægilegu fyrir alda og óborna. — Ástæður þær, er nú eru taldar, virðast nægar til þess að rjettlæta þá skoðun meiri hlutans, að óráðlegt sje og óheppilegt, að samþykkja *á þessu* þingi breyting á stjórnarskránni.

Það verður heldur eigi álitið, að nokkur brýn nauðsyn sje til þess einmitt *á þessu* þingi, að breyta stjórnarskránni, þegar telja má nær því alveg víst, að hana verði hvort sem er að endurskoða eftir $1^1/_2$ ár, og hvað sjerstaklega snertir það ákvæðið, orðin »í ríkisráðinu«, er flm. frumvarpsins munu leggja hvað mesta áherslu á, þá virðist frv. um breyting á því atriði einnig geta beðið þingsins 1909. — Brottnám þeirra orða úr stjórnarskránni, svo sem farið er fram á í frv., nægir ekki, eitt út af fyrir sig, til þess að tryggja, frekar en nú er, yfirráð Íslendinga með konungi einum, yfir landsins málum, en um það efni verða væntanlega tvímælalaus ákvæði tekin upp í frv. það, er þingið 1909 fær til meðferðar. — Einnig er það hugsanlegt, að eitthvert annað fyrirkomulag á hinni æðstu stjórn (t. d. landsstjóri) verði lögleitt þá, svo að öll sú deila, er verið hefur um þetta atriði, falli burt af sjálfu sjer. —

Samkvæmt þessu vill meiri hluti nefndarinnar því leggja það til, að hið fyrirliggjandi frv. verði eigi frekar meðhöndlað af þinginu að þessu sinni, og mun meiri hluti nefndarinnar bera upp tillögu þar að lútandi við frh. 1. umr.

Neðri deild alþingis, 29. ágúst 1907.

Guðl. Guðmundsson form. og frmsm. Hannes Þorsteinsson. G. Björnsson.

Jón Jónsson. Pjetur Jónsson.

Nd. **464. Tillaga**

til þingsályktunar um námsskeið fyrir Íslendinga á varðskipinu.

Flutningsm.: Guðl. Guðmundsson, Jón Jónsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórn landsins, að gjöra ráðstafanir til þess, að Íslendingar, er þess kynni að óska, geti átt kost á, að fá verklega kenslu um 4—6 mánuði á ári í sjómensku á varðskipinu.

Nd. **465. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um öryrkjastyrk.

Flutningsm.: Skúli Thoroddsen.

Við 1. gr. Eftir orðin »Sjóðir þessir skulu«, komi: »Í átta fyrstu árin eftir það er þau öðlast gildi«.

— 1. gr. Í stað »50 aurum« komi: 30 aurum.

— 1. gr. Aftan við greinina bætist: Eftir það lækkar árlegt tillag landssjóðsins um helming.

— 1. gr. Varatillaga (ef deildin aðhyllist eigi ofangreindar tillögur):
Í stað orðanna: »1 krónu fyrir hvern gjaldskyldan karlmann og 50 aurum fyrir hvern gjaldskyldan kvennmann« komi: 50 aurum fyrir hvern gjaldskyldan mann til sjóðsins.

— 2. gr. Á eftir orðunum »sæta hegningarvinnu« komi:
c, Enn fremur fjelausir menn, sem fyrir ómaga, eða ómögum, hafa að sjá, sem og þeir, sem fyrir heilsubrest, eða af öðrum ástæðum, eigi geta unnið fyrir kaupi.

— 11. gr. Eftir orðin: »úr landssjóði á árinu« bætist inn í frumvarpsgreinina: — nema fyrstu átta árin frá því, er lög þessi öðlast gildi, að eins einum fjórða hluta —.

— 13. gr. Orðin: »og hvort hann hefur verið reglusamur og vandaður maður« falli burt.

Nd. **466. Frumvarp**

til laga um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Þá er tollskyldar vörur flytjast til fastaverslunar, getur kaupmaður sá, er tolli á að svara, fengið frest á tollgreiðslu, ef hann leggur til hús eða herbergi það, er lögreglustjóra þykir fulltryggilega útbúið, og flytur þar inn hinar tollskyldu vörur, er frestað er að greiða toll af, og skal lögreglustjóri innsigla dyr hússins eða herbergisins svo og glugga, ef þess gjörist þörf.

Ef vörugeymsluhús fyrir tollskyldar vörur er reist í Reykjavík til almenn-

ings afnota, getur stjórnarráðið leyft, að kaupmenn í Reykjavík sendi kaupmönnum á öðrum höfnum innanlands, svo og til útlanda, tollskyldar vörur, er þar hafa verið geymdar, án þess að svara tollinum. Tollvöruskrá frá lögreglustjóra í Reykjavík skal fylgja skipsskjölunum þangað, sem tollvaran á að fara í land hjer á landi og ber skipstjóra, að viðlagðri 10—200 kr. sekt, að afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans tollvöruskrána um leið og varan er afhent frá skipi.

Lögreglustjóri innheimtir svo toll af slíkum vörum, á sama hátt og þær kæmu frá útlöndum.

Lögreglustjóri skal ransaka hve miklar tollvörur eru látnar í geymslu, og ber eiganda að greiða tollinn af þeim að fullu, þótt svo reynist, að rýrnun hafi átt sjer síðar stað, eða vörurnar farist á annan hátt.

2. gr.

Það er á ábyrgð kaupmanns að innsiglum sje ekki raskað nje í húsið eða herbergið farið á neinn hátt án þess lögreglustjóri sje þar við, eða umboðsmaður hans, eða leyfi hans komi til (sbr. 3. gr.).

Nú er innsiglum raskað eða í húsið farið eða herbergið án leyfis lögreglustjóra, og er það kaupmanni sjálfrátt eða vangeymslu hans um að kenna, þá fellur þegar í gjalddaga tollur af hinum geymdu vörum, og greiði kaupmaður tvöfalt tollgjald við það, er ella hefði verið.

En sje innsiglum raskað eða í húsið farið án vitundar kaupmanns eða vilja, svo sem með innbroti eða á annan þann hátt, er kaupmanni verður ekki gefin sök á, enda tilkynni hann þetta lögreglustjóra tafarlaust, þá fellur þegar í gjalddaga tollur af þeim vörum öllum, er þar voru geymdar inni, en kaupmaður sje vítalaus að öðru leyti.

3. gr.

Nú vill kaupmaður fá lögreglustjóra til að rjúfa innsigli, svo að út verði teknar tollskyldar vörur, og innsigla húsið eða herbergið á ný, og skal kaupmaður greiða lögreglustjóra borgun fyrir ómak hans og ferðakostnað að auki, ef hann á sjer stað. Svo er og um borgun fyrir innsiglun samkvæmt 1. gr. Þyki kaupmanni sá reikningur of hár, verður hann að greiða hann engu að síður, en skjóta má hann honum til úrskurðar stjórnarráðs Íslands, og er það fullnaðar úrskurður.

Nú vill kaupmaður taka út allar þær vörur, er hann á í tollgeymslu, og er þá rjett að lögreglustjóri leyfi honum að rjúfa sjálfur innsiglin, en greiða skal kaupmaður áður fyrir fram að fullu tollinn af þeim vörum öllum, sem þá eru í geymslu þar, og ber þá lögreglustjóra engin borgun fyrir leyfið.

4. gr.

Lögreglustjóri getur, ef hann vill, látið löggiltan umboðsmann sinn framkvæma þau störf, er honum eru falin með lögum þessum.

5. gr.

Tolli skal að fullu lokið innan árs frá því er tollvaran var flutt inn í landið eða úr tollvörugeymslu í Reykjavík, til annara hafna á Íslandi.

6. gr.

Lögreglustjóri heldur sjerstaka bók yfir allar þær vörur, sem í tollgeymslu eru látnar, og skal bókin bera með sjer:

1. Hvenær varan er innflutt.
2. Hvenær sett í tollgeymslu.
3. Hvað mikið er af hverri vörutegund.
4. Hvenær vörurnar eru teknar út og hvert þær fara.
5. Hvenær tollurinn er greiddur.

7. gr.

Lög um tollgreiðslu 22. maí 1890 eru úr lögum numin.

Ed. **467. Nefndarálit**

í málinu: Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1904 og 1905.

Fjárlaganefnd efri deildar hefur á fundi athugað frumv. þetta og eigi fundið neitt sjerstakt við það að athuga. Ræður hún því h. h. deild til þess að samþykkja frumv. óbreytt.

Efri deild alþingis, 30. ágúst, 1907.

Eiríkur Briem, formaður. Jón Jakobsson, skrif. og framsögum. Jóh. Jóhannesson.

Guðjón Guðlaugsson. Sigurður Jensson.

Nd. **468. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þgskj. 450.

Flutningsm. Þórh. Bjarnarson.

Við 1. Orðin »Heimilt er að reka búskap á landssjóðs kostnað á skólajörðinni« falli burt.

Ed. **469. Frumvarp**

til laga um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Við Fiskiveiðasjóð Íslands, sem stofnaður er með lögum 10. nóvbr. 1905, skal setja á fót lánsdeild, til að veita aðgang að lánum gegn veði í fiskiskipum, bátum og öðrum eignum, er heyra til þess, að reka fiskiveiðar.

2. gr.

Sem tryggingarfje fyrir lánsdeild Fiskiveiðasjóðsins skulu vera 100,000 krónur af sjálfum Fiskiveiðasjóðnum. Landssjóðurinn ábyrgist, að þótt Fiskiveiðasjóðurinn fyrir einhver óhöpp kynni að verða minni en 100,000 krónur, þá skuli þó tryggingarfje þetta nema þeirri upphæð. Tryggingarfjeð, ásamt skuldabrjefum þeim, sem lánsdeildin fær frá lántakendum sínum, með þeirri samstaklegu (sólídarisku) ábyrgð, sem síðar getur um, svo og allar aðrar eignir hennar, eru því til tryggingar, að lánsdeildin fullnægi skuldbindingum sínum.

3. gr.

Lánsdeild Fiskiveiðasjóðsins getur gefið út vaxtabrjef, er hljóða upp á handhafa, en geta orðið skrásett upp á nafn. Upphæð þeirra samtals má eigi fara fram úr fimmfaldri upphæð tryggingarfjárins og varasjóðsins til samans. Eigi heldur má nokkru sinni vera í umferð manna á milli stærri upphæð af vaxtabrjefum þessum, en upphæð skuldabrjefa þeirra, sem lánsdeildin á.

4. gr.

Fje lánsdeildarinnar skal lána út gegn veði í íslenskum skipum, bátum, fasteignum og öðrum eignum hjer á landi, sem notuð eru til fiskiveiða eða til að gjöra aflann að verðmætri vöru. Til frekari tryggingar má einnig heimta, þegar þörf þykir á, persónulega ábyrgð, sjerstaklega fyrir því, að veðin sjeu fyrir hendi.

Ekki má lán út á nokkurt einstakt veð nema meiru en 40,000 kr., og eigi meiru en helmingi af upphæð þeirri, sem veðið er vátrygt fyrir í vátryggingarfjelagi, er stjórnarráðið tekur gilt. Veðsetja skal einnig vátryggingarupphæðina. Lána má gegn öðrum veðrjetti, þótt veðið sje veðsett með fyrsta veðrjetti opinberum sjóði, þó svo að lánsupphæðirnar samtals fari ekki fram úr hálfvirði veðsins.

Stjórn lánsdeildarinnar skal nákvæmlega gæta þess, að taka ekki sem gilt veð þær eignir, sem búast má við að missi söluverð sitt, áður en lánið er að fullu endurborgað.

5. gr.

Lántakendur ábyrgjast, auk þeirrar upphæðar, er þeir á hverjum tíma skulda, jafnframt samstaklega (in solidum) aðrar skuldbindingar lánsdeildarinnar, þó eigi með meiri upphæð en 10% af því, sem lán þeirra var upphaflega. Nú hrekkur varasjóður lánsdeildarinnar ekki til að borga skaða, er hún hefur orðið fyrir, og skal þá, áður en gripið er til tryggingarfjárins, jafna niður á lántakendur aukagjaldi til varasjóðsins, svo sem þörf er á til að bæta skaðann.

Niðurjöfnunin skal vera í hlutfalli við hinar upphaflegu upphæðir lánanna, og má ekki nema meiru samtals en 10% af þeim. Eftir ákvörðun stjórnar lánsdeildarinnar má skifta henni niður á fleiri eða færri ár.

Þegar lán er borgað að fullu, má eigi veita viðurkenningu fyrir því, nema með þeim fyrirvara, að lánsdeildin hafi rjett til að grípa til hinnar samstaklegu (sólídarisku) ábyrgðar; en ekki síðar en reikningsskilum fyrir næsta ár er lokið, skal stjórn lánsdeildarinnar skýra frá, hvort og að hve miklu leyti taka þurfi

til ábyrgðar þessarar. Veðskuldabrjefið má þó afmá, þegar lánið er endurborgað, ef önnur trygging er sett fyrir hinni samstaklegu (sólidarisku) ábyrgð.

Verði þörf á því, að grípa til tryggingarfjárins til að fullnægja skuldbindingum lánsdeildarinnar, skal endurborga það jafnskjótt og hagur lánsdeildarinnar leyfir það.

6. gr.

Þeir, sem fengið hafa, eða ætla að fá, lán úr lánsdeildinni, hafa rjett til að fá að sjá, hverjir hafa fengið lán hjá lánsdeildinni og hverja tryggingu þeir hafa sett fyrir lánum sínum.

7. gr.

Lán þau, sem lánsdeildin veitir, hefur hún heimild til að borga út í vaxtabrjefum eftir ákvæðisverði þeirra, en stjórn lánsdeildarinnar er skyld til, ef lántakandi óskar þess, að koma vaxtabrjefunum í peninga, án þess að hann þurfi að borga annað en beinan kostnað.

8. gr.

Lántakandi skal greiða árlega fyrir fram, sem tillag til kostnaðar og varasjóðs, $^1/_2$ % af hinni upphaflegu upphæð lánsins, þangað til því er að fullu lokið. Annað gjald til kostnaðar og varasjóðs borga lántakendur ekki, sbr. þó 5. gr.

9. gr.

Í reglugjörð fyrir lánsdeildina, er stjórnarráðið semur, skal gjöra frekari ákvæði að því er snertir lánsdeildina, þar á meðal tryggilegar reglur um eftirlit með því, hvernig veðunum er haldið við. Leggja má fyrir sýslumenn og sveitarstjórnir, að veita stjórn lánsdeildarinnar aðstoð, er hún kynni að óska eftir, í tilliti til skoðunar og virðingar á eignum þeim, er menn ætla að setja að veði fyrir láni úr lánsdeildinni. Enn fremur eru stjórnir innlendra vátryggingarfjelaga skyldar að gefa skýrslur og yfirlýsingar að því er veðin snertir.

Í reglugjörðinni fyrir lánsdeildina skal setja reglur um, að lánin falli til útborgunar, ef tryggingin fyrir þeim minkar, um, að lánin skuli vera óuppsegjanleg og um árlegar afborganir. Hvert lán skal vera borgað að fullu innan 15 ára frá því það var tekið. Frest má veita einstök ár á afborgunum, ef stjórn lánsdeildarinnar þykir ástæða til, þó svo, að lánið sje að fullu endurborgað á þeim tíma, sem upphaflega var ákveðinn, þó má, ef sjerstaklega stendur á, lengja afborgunartíma frá því, sem upphaflega hefur verið ákveðið, — alt að 15 árum alls. Allar afborganir til lánsdeildarinnar hafa lántakendur rjett til að greiða með vaxtabrjefum lánsdeildarinnar eftir ákvæðisverði.

10. gr.

Öllum afborgunum af lánum skal varið til að innleysa vaxtabrjef þau, er lánsdeildin hefur gefið út. Vaxtabrjef má innleysa annaðhvort með því, að

kaupa vaxtabrjef, eða með útdrætti, sem notarius publicus sjer um. Númer þeirra vaxtabrjefa, sem þannig kynnu að verða dregin út, skal auglýsa með 9 mánaða fyrirvara.

Nú glatast vaxtabrjef lánsdeildarinnar, sem nafnskráð er í bókum hennar, og getur þá stjórn lánsdeildarinnar innkallað handhafa brjefsins með 12 mánaða fyrirvara með auglýsingu, er birt sje þrisvar sinnum samfleytt í því blaði á Íslandi, er flytur opinberar auglýsingar, og í Ríkistíðindunum í Kaupmannahöfn. Ef enginn gefur sig fram með brjefið í tæka tíð, getur stjórn lánsdeildarinnar útgefið handa hinum skráða eiganda þess nýtt vaxtabrjef með sömu upphæð sem það, er glataðist, án þess að nokkur annar, er vaxtabrjefið kann að hafa verið afsalað, geti þar fyrir gjört kröfu á hendur lánsdeildinni.

Um ógilding annara vaxtabrjefa lánsdeildarinnar fer eftir almennum lögum.

11. gr.

Þegar lánið er komið í gjalddaga, hefur lánsdeildin rjett til þess, ef veðið er fasteign, að láta selja veðið við opinbert uppboð án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, eftir reglum þeim, sem settar eru í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, dags. 18. febr. 1847, 10. gr., eða, ef þörf er á, að láta leggja lánsdeildinni það út til eignar. Veðsettum fiskiskipum og öðru veðsettu lausafje getur lánsdeildin gengið að og látið gjöra fjárnám í, hvar sem veðið er, eins og sátt hefði verið gjörð um skuldina. Lánsdeildin þarf ekki að láta neinn mæta fyrir sína hönd við uppboðið eða fjárnámið, og mótmæli skuldunauts verða þar ekki tekin til greina, nema þau sjeu auðsjáanlega á fullum rökum bygð, og eigi verður heldur uppboðinu eða fjárnáminu frestað með neinni áfrýjun. Aftur á móti ber lánsdeildin ábyrgð á því, að krafa hennar sje rjett og að hún sje komin í gjalddaga, og skuldunautur getur, ef hann vill, höfðað mál á móti henni til að fá endurgoldið alt það tjón, sem hann kann að hafa beðið við uppboðið eða fjárnámið, sem og málskostnað skaðlaust.

Rjett er, að lánsdeildin semji svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðum megi halda á skrifstofu uppboðshaldara.

Ákvæði greinar þessarar gildir einnig um lán úr Fiskiveiðasjóði Íslands.

12. gr.

Verja má fje ómyndugra og opinberra stofnana, þar á meðal viðlagasjóðs landssjóðsins, til að kaupa vaxtabrjef lándsdeildarinnar, en þó eigi fyrir hærra verð, en ákvæðisverð eða gangverð, ef það nær ekki ákvæðisverði.

13. gr.

Stjórn sjóðsins skulu 2 menn hafa á hendi, er stjórnarráðið skipar, og skal að minsta kosti annar þeirra hafa fengist við að reka fiskiveiðar. Verksvið þeirra skal nánar ákveða í reglugjörðinni.

Landsbankinn skal hafa á hendi reikningsstörf og gjaldkerastörf lánsdeildarinnar.

Til borgunar fyrir störf við lánsdeildina má verja alt að 1500 kr. á ári, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugjörðinni.

14. gr.

Fiskiveiðasjóður Íslands skal greiða tillag til lánsdeildarinnar 2000 kr. á ári í næstu 5 ár.

15. gr.

Reikninga lánsdeildarinnar skal auglýsa í Stjórnartíðindunum. Að öðru leyti fer um reikning lánsdeildarinnar á sama hátt, sem um reikning Fiskiveiðasjóðsins.

16. gr.

Eigi síðar en 1913 skal landsstjórnin leggja fyrir alþingi frumvarp til laga viðvíkjandi framhaldi á útlánsstarfi því, er um ræðir í lögum þessum, ásamt skýrslu um reynslu þá, er þá er fengin um það. Eftir árslok 1913 má eigi veita nein ný lán úr lánsdeild Fiskiveiðasjóðsins, nema það hafi verið heimilað með nýjum lögum.

Nd. **470. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 66, frá 10. nóv. 1905, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

Flutningsmaður: Tryggvi Gunnarsson.

Aftan við 1. gr. bætist:

Noti bankinn heimildina, greiði hann 15% af árlegum arði sínum í landssjóð, eins og arður bankans verður, eftir að hluthafar hafa fengið sínar lögmætu 4% samkv. 11. gr. laga nr. 11, frá 7. júní 1902.

Nd. **471. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um breytingar og viðauka við lög um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson, Eyf.

Við 1. gr.

Fimta kjördæmi:

Orðin: »og Svarfaðardals« falli burt.

Ed. **472. Frumvarp**

til laga um bygging vita.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Vita skal reisa við Dalatanga. Til þess að koma upp vitanum og bústað handa vitaverði má verja 20,000 kr. úr landssjóði.

2. gr.

Nýjan vita skal reisa á Reykjanesi, og má til þess verja 84,000 kr. úr landssjóði.

3. gr.

Vita má reisa á Siglunesi fyrir árslok 1909. Til þess að koma upp vitanum má verja 10,000 kr. úr landssjóði.

4. gr.

Veitt skal á fjárlögunum það fje, sem árlega þarf til starfrækslu fyrnefndra vita.

Nd. **473. Breytingar- og viðaukatillögur**

við frumvarp til laga um öryrkjastyrk.

Flutningsmaður: Jóhannes Ólafsson.

1. Við 1. grein. Önnur málsgrein hljóði þannig:
»Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr landssjóði og hlutaðeigandi sveitarsjóði, er nemi fyrir hvern gjaldskyldan mann úr landssjóði 1 krónu fyrir karlmann, og 50 aurum fyrir kvennmann; úr sveitarsjóði 50 aurum fyrir karlmann og 25 aurum fyrir kvennmann«.
2. Við 2. grein. Í stað orðanna: »Karlmaður greiðir 2 kr. í sjóðinn á ári, en kvennmaður 50 aura« komi: karlmaður greiðir 1 kr. og 50 aura í sjóðinn á ári, en kvennmaður 50 aura.
3. Við 11. grein. Í stað orðsins: »skal« í fyrstu línu, komi: má.
4. Við 13. grein. Í stað orðsins: »skal«, komi: má.
5. — — — Orðin í annari málsgrein: »og hvort hann hefur verið reglusamur og vandaður maður«, falli burt.

Nd. **474. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað, 8. október 1883.

Flutningsmaður: Jón Magnússon.

Við 1. gr.

Í stað orðanna í enda greinarinnar: »af mannvirkjum — höfninni og skipakvínni« komi: af hafnarvirkjum og öðrum mannvirkjum við höfnina.

Við 2. gr.

1. Orðin: »og um lýsing með rafmagni eða gasljósum« falli burtu.
2. Í stað: »eitthvert« komi: annaðhvort.

Við 3. gr.

Á eftir orðunum: »eður skipakvína« komi: eða þurfi að taka óbygða lóð eða lóðarafnot.

Nd. **475. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breytingar og viðauka við lög um kosningar til alþingis frá 3. okt. 1903.

Flutningsm.: Pjetur Jónsson og Jón Jónsson.

Við 2. gr. Í stað orðanna: »og sýslunefnd Gullbringu — — — — hvor« komi: tvo menn og sýslunefndir Gullbringu- og Kjósarsýslu einn mann hvor.

Ed. **476. Nefndarálit**

um frumv. til laga um kennaraskóla í Reykjavík.

Aðalágreiningurinn á síðasta þingi í þessu máli var ekki um það, hvort nauðsyn bæri til að setja á stofn kennaraskóla — um það virtust allir vera á einu máli — heldur um hitt, hvar hann ætti að vera. Ed., að einum þingmanni undanskildum, og talsverður minni hluti í Nd. var á því, að hann væri best settur í Hafnarfirði, og helst í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg. Meiri hluti Nd. vill aftur á móti setja skólann í Reykjavík. Málið hraktist milli deilda og endaði í Sþ. á því, að 25 atkvæði af 38 greiddu atkvæði með því, að hafa skólann í Hafnarfirði, og var málið þar með fallið, er það fjekk ekki $^2/_3$ atkvæða í Sþ.

Á þessu þingi kom málið fyrst til umr. í Nd. Nefndin þar leggur eindregið til, að skólinn sje settur í Reykjavík og reynir að sanna með almennum ástæðum, að þar, í höfuðstað landsins, sje hentugri staður en í Hafnarfirði. Vjer getum fært fram margar almennar ástæður móti þessu áliti háttv. nefndar, sem að vorri hyggju sýna, að Hafnarfjörður er miklu hentugra skólasetur fyrir kennaraskóla en Reykjavík, og leyfum oss í því efni að vísa til nefndarálits vors frá síðasta þingi í Alþ.tíð. 1905 A. 530. bls. En vjer játum, að slíkar almennar ástæður, með eða móti, eru lítt sannfærandi fyrir þá, sem hafa myndað sjer einhverja ákveðna skoðun um, hvar skólinn eigi heldur að vera, hvorum staðnum, sem þeir nú eru fylgjandi.

Meiri áherslu leggjum vjer á ástæður sjerstaklegs eðlis, ástæður, sem allir geta þreifað á og öllum hljóta að vera ljósar.

Í nefndaráliti voru 1905 bentum vjer á, að heppilegt mundi vera, að sameina hinn fyrirhugaða kennaraskóla við gagnfræðaskólann í Flensborg.

Eins og almenningi er kunnugt, er Flensborgarskólinn ein af hinum blómlegustu skólastofnunum þessa lands. Þar hefur nú verið gagnfræðaskóli í 25 ár og síðan árið 1891, eða í 16 ár, kennarafræðsla, að vísu í smáum stíl, en þó álitlegur vísir til kennaraskóla, sem hefur gjört mjög mikið gagn. Skólinn hefur jafnan haft á sjer hið besta orð fyrir góða stjórn, og samkomulag og samvinna milli kennara og nemenda verið í besta lagi. Hvert traust almenningur hefur borið og ber til þessa skóla, lýsir sjer best í hinni miklu aðsókn að honum. — Sumarið 1905 sóttu 100 manns um inntöku í skólann, og gat skólinn ekki tekið fleiri en 79 af þeim, þar af 17 í kennaradeild, og þó að eins með því móti, að leigja húsrúm utan skólahússins handa einni kensludeild. Næsta sumar (1906) var aðsóknin engu minni, og tók þá stjórnarnefnd skólans það ráð að taka lán til að byggja nýtt skólahús til að mæta aðsókninni. Er það 30×15 álnir að stærð með 3 kenslustofum, 10×10 álnir, vandað, úr góðu efni, bindingur allur feldur með plönkum, og húsið þannig lagað, að ofan á það má bæta, hve nær sem er, einni hæð, án þess að gjöra á því nokkurt rask eða skemdir. Jafnframt var hinu gamla íbúðarhúsi, sem fylgir skólanum, breytt öllu niðri og lagað svo, að þar er nú rúm fyrir 28 heimavistir. En uppi er íbúð skólastjóra, eins og að undanförnu. Á síðasta skólaári var nemendatalan 81, þar af 13 í kennaradeild, og 28 af nemendum nutu heimavistar. Nú, 29. ág., hafa þegar, að sögn stjórnarnefndar skólans, 64 nýsveinar sótt um inntöku í gagnfræðaskólann auk 33, sem þar eru fyrir í efri gagnfræðadeild, og 14 hafa óskað inntöku í kennaradeildina.

Vjer göngum að því vísu, að engum komi til hugar það glapræði, að leggja niður svo blómlega skólastofnun með því að neita henni um þann styrk, sem hún þarf að fá úr landssjóði, til þess að hún geti haldið áfram í líku horfi og verið hefur. Í brjefi til mentamálanefnda alþingis, dags. 10. júlí þ. á., sýnir stjórnarnefnd skólans ljós rök fyrir því, hvernig árleg útgjöld hans hafi óumflýjanlega aukist við lántöku til húsabóta og við aukinn nemandafjölda, og gjörir ljósa grein fyrir því í sundurliðaðri áætlun, að skólinn muni ekki geta komist af með minna en 9,980 kr. til árlegra útgjalda, ef hann á að geta haldið áfram *sem sjerstök stofnun* með líku fyrirkomulagi og nú er. Ef sjerstakur kennaraskóli verður settur á stofn, má ganga að því vísu, að kennarafræðslan við Flensborgarskólann leggist niður, og munu þá eftir sundurliðaðri áætlun stjórnarnefndar skólans c. 7,600 kr. ganga til árlegra útgjalda í næstu 10 ár, meðan verið er að afborga lán, er skólinn hefur tekið, en að þeim liðnum c. 6,000 kr.

Hins vegar er á það að líta, hvað sjerstakur kennaraskóli, stofnsettur í Reykjavík, muni kosta.

Í stjórnarfrumv. var ákveðið, að í hinu fyrirhugaða skólahúsi væri auk þess rúms, sem ætlað er til þarfa kenslunnar, bústaður fyrir skólastjóra og heimavistir fyrir 20 nemendur, og að verja mætti til húss og muna 40,000 kr. úr landssjóði. Þennan stofnkostnað færði nefnd sú, er skipuð var í Nd., niður í 30,000 með tilliti til þess, að hún, af fjárhagslegum ástæðum, lagði til, að heimavistunum væri slept, og gengu tillögur nefndarinnar fram í Nd. Munnlega hefur nefndin skýrt oss frá því, að af þessum 30,000 kr. hefði hún ætlað 25,000 kr. til skólahússins með íbúð fyrir skólastjóra og 5,000 kr. til áhalda, og að upphæðin til hússins sje ekki bygð á teikningu eða tilboði, heldur á áætlun nefndarinnar, sem hún telur ríflega. Vjer teljum það misráðið, að fella burtu heimavistaákvæði stjórn-

arfrumvarpsins, og sje því haldið, má ekki gjöra stofnkostnaðinn minni enn í stjórnarfrumv., eða 40,000 kr. En þar við verður að bæta kostnaði til leikfimishúss, er vjer álítum, að kennaraskóli geti ekki án verið, og mun í þeim notum ekki veita af að hækka upphæð stofnkostnaðarins upp í 43,500 kr.

Árleg útgjöld til sjerstaks kennaraskóla hjer í Reykjavík með 3 kensludeildum, má ætla, að verði nálægt því sem nú skal greina:

Eftir frumv. því, er fyrir liggur, verða árslaun kennara	6,600 kr.
Önnur útgjöld metum vjer:	
Til tímakenslu	600 —
Námsstyrkur	2,000 —
Viðhald húss og brunabótagjald	500 —
Til áhaldakaupa	400 —
Til eldiviðar og ljósa	500 —
Ymisleg útgjöld	500 —
Samtals	11,100 kr.

Höfum vjer við þessa áætlun haft hliðsjón af gjöldum stýrimannaskólans, nema að því, er námsstyrkinn snertir, en hann höfum vjer í rauninni áætlað helst til lágt, til þess að hann geti haft tilætluð áhrif í þá átt, að laða kennaraefni úr sveitum að skólanum, því að ef styrkurinn, 2,000 kr., skiftist milli 20 nemenda, kemur að eins 100 kr. á hvern.

Eftir þessu verður þá árlegur kostnaður við báða skólana, ef þeir eru reknir hvor í sínu lagi sem tvær sjerstakar stofnanir, Flensborgarskólinn með 2 gagnfræðadeildum, án kennarafræðslu, og kennaraskólinn í 3 deildum, samtals ..... c. 17,100 kr.
og er þá ekki tekið tillit til árlegra afborgana og vaxta af skuld Flensborgarskólans. —

Þar við bætist stofnunarkostnaður kennaraskólans 43,500 kr., sem að framan er greint.

Þá kemur næst til álita, hversu hár stofnunarkostnaður kennaraskólans muni verða, ef hann er settur í samband við gagnfræðaskólann í Flensborg, og hver muni verða hinn árlegi kostnaður við báða skólana, ef þeim er steypt saman í einn skóla og reknir í einu lagi.

Að því er fyrra atriðið snertir, þá ber þess að geta, að í Flensborg er til húsrúm fyrir alt að 28 heimavistir, sem kennaraefnin geta fengið forgangsrjett að, ef kennaraskólinn er settur þar, og enn fremur íbúð fyrir forstöðumann hins sameinaða skóla. Eins og í fyrra göngum vjer út frá því, að kennaraefnin geti í hinni neðri gagnfræðadeild Flensborgarskólans fengið þann undirbúning, sem þeir þurfa, til að geta notið kennarafræðslunnar, alt eins fullkominn undirbúning og þeir mundu fá í neðstu deild kennaraskóla, er væri í 3 deildum. Þarf þá kennaraskólinn — ef hann er settur í samband við gagnfræðaskólann í Flensborg — ekki að vera nema í 2 deildum. Til þess að fá nægilegt húsrúm fyrir þessar 2 deildir, auk kennarastofu og áhaldaherbergis, þarf ekki annað en að byggja eina hæð ofan á hið nýja skólahús. Fyrir nefndinni liggur skriflegt tilboð frá Augúst kaupmanni Flygenring um að taka þetta að sjer fyrir 6000 kr. og skal efni og allur frágangur vera jafn vandaður eins og á skólahúsinu. Sami maður býðst og til, að reisa nýtt leikfimishús, 12 × 16 ál. á stærð, handa skólanum, fyrir 3,500 kr. Með því að Flensborgarskólinn á talsvert af kensluáhöldum, þarf ekki að ætla kenn-

araskólanum til stofnunarkostnaðar, ef hann er settur þar, meira en 1000 kr. að áliti Jóns skólastjóra Þórarinssonar.

Stofnunarkostnaðurinn verður þá:

Til húsabóta og kensluáhalda	7,000 kr.
Til leikfimishúss	3,500 —
Samtals	10,500 kr.

Ýmsum mun ef til vill þykja það óaðgengilegt, að landið byggi skólahús í samlögum við Flensborgarskólann. En þá er innan handar fyrir landssjóð að taka að sjer að greiða það lán, sem Flensborgarskólinn hefur tekið til húsabóta, að upphæð 9500 kr,, og gera það að skilyrði, að alt hið nýja skólahús, þegar búið er að byggja ofan á það, verði eign landssjóðs, ásamt hæfilegri lóð. Virðist þá ekki ósanngjarnt, að telja einnig þessa upphæð — 9500 kr. — til stofnunarkostnaðar kennaraskólans, þó að hún öllu fremur snerti gagnfræðaskólann. Að henni meðtaldri verður *allur stofnunarkostnaður* ... 20,000 kr. og er þar í fólgið skólahús, íbúð handa skólastjóra, rúm fyrir alt að 28 heimavistir og leikfimishús.

Áður höfum vjer sýnt, að stofnunarkostnaður fyrir kennaraskóla í Reykjavík í 3 deildum með íbúð fyrir skólastjóra, 20 heimavistum og leikfimishúsi verður 43,500 kr. — Mismunur Flensborg í vil: 23,500 kr.

Árlegur kostnaður við rekstur hins sameinaða kennaraskóla og gagnfræðaskóla í Flensborg mundi verða á þessa leið:

Laun handa 4 kennurum (2,400 + 2,200 + 2,000 + 1,600 kr.)	kr.	8200
Tímakensla	—	600
Námsstyrkur handa kennaraefnum	—	1500
Til áhaldakaupa	—	400
Til eldiviðar og ljósa	—	500
Viðhald húsa og brunabótagjald	—	800
Ýmisleg útgjöld	—	500
Samtals:	Kr.	12,500

Námsstyrkurinn er hjer settur lítið eitt lægri, en vjer höfum áætlað hjer að framan fyrir sjerstakan kennaraskóla í Reykjavík, af því að vjer álítum, að skólavistin verði mun dýrari í Reykjavík en í Flensborg.

En eftir áður gjörðum áætlunum var:

Árskostnaður gagnfræðaskólans í Flensborg (þegar ekki er tekið tillit til afborgana og vaxta af skuld hans og kennaradeildin gengur frá)	kr.	6000
Árskostnaður kennaraskólans í Reykjavík	—	11100
Samtals:	Kr.	17100

Sjest á þessu, að sparnaðurinn við að hafa skólana saman, móts við það, að hafa þá hvorn í sínu lagi, verður á hverju ári c. 4600 kr.

Móti því, að setja kennaraskólann í samband við gagnfræðaskólann í Flensborg, hafa einkum verið færðar fram tvær ástæður. Önnur sú, að landið mundi með því ekki hafa full umráð yfir hinum sameinaða skóla, þar sem annar hluti hans væri *privatskóli*. Við því liggur það svar, að samkvæmt gjafabrjefi stofnanda Flensborgarskólans er skólinn »undir stjórn landshöfðingja, er semur *stofnunarskrá* og *reglugjörð* fyrir skólann, skipar kennara skólans, og, ef honum svo sýnist, nefnd manna til að stjórna fje hans«. Eftir þessum orðum er landstjórninni í sjálfsvald sett, að semja *nýja stofnunarskrá* fyrir skólann og að *breyta reglugjörð hans* eftir vild, og hún hefur yfir höfuð að tala öll hin fylstu umráð yfir skólanum, alveg eins og hann væri eign landsins. Til frekari tryggingar höf-

um vjer þó lagt til hjer að framan, að landssjóður taki að sjer skuld skólans gegn því, að fá hið nýja skólahús með hæfilegri lóð sjer afhent til fullrar eignar og umráða, sem er innan handar.

Hin ástæðan er kenslufræðislegs eðlis. Því hefur verið haldið fram, að gagnfræðaskóli með því fyrirkomulagi, sem er í Flensborg, geti ekki veitt kennaraefnum undirbúning undir kennarafræðsluna og þar með sparað eina kensludeild fyrir kennaraskólann, af því að markmið gagnfræðaskólans og kennaraskólans sje ólíkt; gagnfræðaskólinn stefni að því, að veita mönnum nokkra þekking í almennum fræðum, án tillits til sjerstaks lífsstarfs eða stöðu, kennaraskólinn aftur á móti hafi fyrir augum, að undirbúa nemendur sína undir sjerstakt lífsstarf, kennarastarfið. Við þetta er það að athuga, að nemendur kennaraskólans geta ekki fært sjer í nyt kennarafræðsluna, lært að kenna öðrum, fyr en þeir hafa sjálfir aflað sjer undirstöðuþekkingar í þeim fræðum, sem þeir eiga að læra að kenna. Og þar sem engin slík undirstöðuþekking er gjörð að skilyrði fyrir inntöku í hinn þríbekkjaða kennaraskóla eftir frv. því, er fyrir liggur, má ganga að því vísu, að hið fyrsta kensluár (í neðsta bekk) skólans muni ganga eingöngu til þess, að veita nemendunum þessa nauðsynlegu undirstöðufræðslu, sem alt eins vel má veita þeim í neðri deild gagnfræðaskólans í Flensborg. Til þess þarf ekki nema lítilfjörlega breyting á reglugjörð skólans, þá, að enska sje feld burt í neðri deild hans. Ef það er gjört, þá eru kenslugreinarnar allar hinar sömu og í kennaraskólanum, að undantekinni uppeldis- og kenslufræði og kensluæfingum, sem hvort sem er geta ekki byrjað, fyr en undirstöðufræðslan er fengin. Vjer höfum borið þetta atriði undir skólastjóra Jón Þórarinsson, sem hefur mikla reynslu í þessu efni, og álítur hann, að frá kenslufræðilegu sjónarmiði verði ekki neitt sett út á fyrirkomulag það, sem vjer stingum upp á. Á sama máli er kennari við Flensborgarskólann sjer Magnús Helgason í fróðlegri grein, sem hann hefur ritað í Skólablaðið 1907, 8. og 9. tölubl. Hann segir þar meðal annars: »Víða er fyrsta árinu í slíkum skólum (kennaraskólum) varið til náms almennra fræðigreina, en hin sjerstaka kennarafræðsla og kensluæfingar bíða síðari áranna. Mundi það nú giöra svo mikinn mun, hvort kennaraefnin fengju þessa fræðslu einir sjer eða ásamt fleirum mönnum á sama reki að aldri og uppfræðslu, hjá sömu kennurunum?«.

Kennaraskólanum er nauðsynlegur æfingabekkur, helst í sjálfu skólahúsinu. Fyrir hann verður rúm í einu af þeim fimm stóru herbergjum, sem verða í skólahúsinu, þegar búið er að byggja ofan á það. Hreppsnefnd Garðahrepps stendur, að því er sýslumaður Páll Einarsson hefur skýrt oss frá, enn við það tilboð sitt, að heimila 1—2 bekki barnaskólans þar (í Hafnarfirði) til æfinga fyrir nemendur kennaraskólans og að borga fyrir kensluna, ef hún reynist eins notadrjúg og önnur kensla við skólann.

Vjer skulum að endingu taka fram, að vjer sjáum ekki, að hinum fyrirhugaða kennaraskóla sje annarstaðar betur borgið en í Flensborg, þar sem hefur verið nú um 16 ár vagga kennarafræðslunnar, þar sem eru fyrir kennarar, sem hafa fengið talsverða reynslu og góða þekkingu í öllu því, er lýtur að kennarafræðslu. Vjer vonum, að hann þar taki í arf þann góða anda, sem drotnað hefur við Flensborgarskólann, og hafi þar betri undirstöðu að standa á, en hjer á mölinni í Reykjavík.

Vjer leyfum oss því að koma fram með þá *aðaltillögu* fyrir hina háttv. deild, að frv. verði samþykt með eftirfarandi *breytingartillögum*, er vjer munum gjöra nánar grein fyrir við framsöguna:

1. Við 1. gr. Orðist þannig:

Kennaraskóla skal setja á stofn í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg, og má verja til húsa og áhalda alt að 20,000 kr. úr landssjóði.

2. Við 2. gr. Orðist þannig:

Kennaraskólinn er jafnt fyrir konur sem karla. Kenslan veitist ókeypis. Við hinn sameinaða skóla skulu vera alt að 28 heimavistir og hafa nemendur kennaraskólans forgangsrjett að þeim.

3. Við 3. gr. Orðist þannig:

Tvær ársdeildir eru í kennaraskólanum.

Stjórnarráð Íslands semur reglugjörð fyrir hinn sameinaða skóla og skal henni hagað svo, að neðri deild gagnfræðaskólans geti veitt kennaraefnum þá undirstöðufræðslu, sem þeim er nauðsynleg til inntöku í kennaraskólann. Utanskólasveinum má veita inntöku í neðri deild kennaraskólans, ef þeir ganga undir inntökupróf, er sýni, að þeir hafi fengið eigi minni undirstöðufræðslu en neðri deild gagnfræðaskólans veitir í þeim námsgreinum, sem þar eru kendar.

Skólaár kennaraskólans er frá 1. október til 31. mars.

4. Við 4. gr. Í stað »skólans« komi: kennaraskólans.
5. Við 5. gr. Í stað »skóla þenna« komi: hinn sameinaða skóla — og í stað »3« komi: 4.
6. Við sömu gr. Niðurlag fyrra liðar frá »og þriðji« orðist þannig: þriðji kennari 2000 og fjórði kennari 1600.
7. Við 6. gr. Í stað »lýðskólanna« komi: fræðslumála.
8. Við 7. gr. Í stað niðurlagsorðanna »skólans—hans« komi: hins sameinaða skóla.
9. Við 8. gr. Orðist þannig.

Kostnaður við rekstur hins sameinaða skóla greiðist úr landssjóði, þó, að því er gagnfræðaskólann snertir, einungis að því leyti, sem tekjur þessarar sjerstöku stofnunar ekki hrökkva til.

10. Við fyrirsögn frv. Í stað orðanna »í Reykjavík« komi: í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg.

Til vara — ef framanskráðar breytingar verða ekki samþyktar — leggur meiri hluti nefndarinnar það til, að samþykt verði svo hljóðandi *rökstudd dagskrá:*

Í því trausti, að stjórnin leggi fyrir næsta þing frumvarp um að setja á stofn kennaraskóla á hentugum stað í sveit, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskránni.

Alþingi, 30. ágúst 1907.

Sigurður Stefánsson, formaður — Björn M. Ólsen, skrifari og framsögumaður — Jón Jakobsson,
Þórarinn Jónsson — Sigurður Jensson, með fyrirvara.

Nd. **477. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.

Ekki svo fá nýmæli eru í frumvarpi þessu, sem nánar má gjöra grein fyrir

við framsögu málsins, og erum vjer sammála kirkjumálanefndinni í háttv. efri deild um það, að allar þær breytingar eru til bóta, og stefna í frjálslega átt.

Verulegasta breytingin sem efri deild gjörði á stjórnarfrumvarpinu var sú, að fella burtu ákvæðið um það að sóknarnefndir hafi á hendi innheimtu sóknartekna, og var það gjört í samræmi við breytingar deildarinnar á frumv. stjórnarinnar um laun sóknarpresta. Nú munum vjer í tillögum vorum um það frumv. aftur nálgast uppástungur stjórnarinnar um innheimtuna, og teljum því rjett, að greinin, sem að því laut komi aftur inn á sitt sæti.

Vjer ráðum því háttv. neðri deild að samþykkja frumvarpið óbreytt með þeirri einni

VIÐAUKATILLÖGU

að inn komi ný grein, svo hljóðandi er verður

13. gr.

Sóknarnefndin hefur á hendi innheimtu sóknartekna samkvæmt lögum um laun presta.

Greinatalan á eftir breytist, 13. gr. verði 14. gr. o. s. frv.

Neðri deild alþingis, 30. ágúst, 1907.

Lárus H. Bjarnason formaður. Þórh. Bjarnarson skrifari og framsögum.

Árni Jónsson. Magnús Andrjesson. Pjetur Jónsson.

Ólafur Briem. Jón Jónsson.

Nd. **478. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu kirkjujarða.

Frumvarpið er í öllu verulegu tekið eftir heimildarlögum um sölu þjóðjarða, og erum vjer samdóma háttv. efri deild, að það sje til samræmis og hagræðis, að um sölu kirkjujarða fari, að öllu leyti, sem um sölu þjóðjarða.

Það var við því að búast, að prestssetrin sjálf væru undanþegin söluheimildinni, og teljum vjer enn eigi timabært, að fara fram á lagasetning um það, að heimila sölu þeirra eigi síður en sölu annara kirkjujarða, og þá auðvitað, að geymdum öllum rjetti presta, sem í embætti eru. En það viljum vjer taka fram, að þar sem nú fara stöðugt vaxandi umkvartanir presta, að þeir geti eigi annað búskapnum á prestsetrunum, og bíði enda efnatjón af honum, en í annan stað er aukinn verkahringur þeirra með brauðasamsteypunni; þá hlýtur að draga að því, að mörg prestssetrin ganga úr ábúð presta. Staðirnir eru víðast mestu og bestu jarðirnar, sem hvað helst þurfa að komast í ábúð manns, sem hefur sjerþekking, að nytja jörðina og getur persónulega beitt atorku sinni við rekstur hennar, og gefið sig allan að því. Um sinn mun þó rjett, að fara eigi lengra í almennu heimildinni en nú er gjört.

Vjer ráðum því hinni háttv. neðri deild, að samþykkja frumvarpið,

með þeirri einni breytingu, sem stendur í sambandi við væntanlegar tillögur vorar um prestslaunamálið, að

í 16. gr. komi fyrir »landssjóð« orðið: prestlaunasjóð.

Neðri deild alþingis 30. ágúst 1907.

L. H. Bjarnason, formaður. Þórh. Bjarnarson, skrifari og framsögum. Jón Jónsson,
Magnús Andrjesson, Árni Jónsson, með fyrirvara. Ólafur Briem.
Pjetur Jónsson.

Nd. **479. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins, m. m.

Frumvarp þetta er til vor komið að öllu óbreytt frá milliþinganefndinni í kirkjumálum, eftir að hafa gengið í gegn um hinn þrefalda hreinsunareld, fyrst hjá biskupi, þá hjá stjórnarráði og loks í efri deild.

Vjer teljum og þetta laganýmæli einkar þarft og gott, og nægir að vitna í ástæður milliþinganefndarinnar fyrir frumvarpinu og meðfylgjandi uppdrætti og kostnaðaráætlun.

Þær raddir höfum vjer heyrt, að 3000 kr lán muni tæplega nægja, þar sem reisa þarf hús til að reka mikinn búskap á stórum prestssetrum. Vjer getum kannast við, að þeir menn, sem svo mæla, hafi nokkuð til síns máls, ef um jafnstóran búskap verður að ræða hjá prestum framvegis, en vjer búumst vart við honum, eins og að er vikið í áliti voru um sölu kirkjujarða.

Vjer verðum í sambandi við þetta að leggja áherslu á það, að »prestssetrin« verði nú valin með tilliti til hinnar nýju brauðaskipunar, og hugsum vjer oss, að allvíða kunni prestum að verða þægilegra að hafa hæfilega stórt land alræktað við hús sitt til nytja, en stórar jarðir, sem nánar má skýra við framsöguna.

Vjer ráðum háttv. neðri deild að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Neðri deild alþingis 30. ágúst 1907.

Lárus H. Bjarnason formaður. Þórh. Bjarnarson skrif., frams.m.
Magnús Andrjesson. Jón Jónsson. Pjetur Jónsson.
Ólafur Briem. Árni Jónsson.

Nd. **480. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um umsjón og fjárhald kirkna.

Stefna frumvarpsins er að stuðla að því, að kirkjurnar komist sem fyrst í umsjón safnaðanna og gjöra það greiðara en verið hefur, sjerstaklega með því nýmæli, að áskilja að eins meiri hluta atkvæðisbærra safnaðarmanna um viðtöku kirkna, og erum vjer því fylgjandi. Milliþinganefndin í kirkjumálum hafði gjört söfnuðunum að skyldu, að taka að sjer allar ljenskirkjur, sem eigi eru þegar komnar í umsjón þeirra, eigi síðar, en við næstu prestaskifti, en samkvæmt bendingu frá biskupi þótti stjórnarráðinu eigi fært, að halda því fram, heldur stæði ákvæði gildandi laga um það, að samþykki safnaða þurfi jafnan til, er söfnuður tekur að sjer kirkju, og því hefur háttv. Efri deild orðið samþykk. Verulegt nýmæli var það aftur hjá E. d., að heimila sóknarnefnd að jafna niður aukagjaldi til kirkjunnar á gjaldskylda sóknarmenn, til að bæta úr þeim miklu vandkvæðum, er árstekjur kirkju hrökkva eigi fyrir árlegum útgjöldum, er sumstaðar hefur komið mjög tilfinnanlega og ómaklega niður, er fátækar kirkjur hafa verið reistar í sæmilegum búningi, eða óhöpp hafa borið að. Annað nýmæli Ed. er og það, að sóknarnefnd megi jafna niður peningagjaldi í stað skyldu vinnu sóknarmanna við kirkjubygging.

Vjer ráðum háttv. Neðri deild, að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Neðri deild alþingis, 30. ágúst 1907,

L. H. Bjarnason, formaður. Þórh. Bjarnarson, skrifari og framsögum.

Árni Jónsson. Jón Jónsson. Pjetur Jónsson.

Ólafur Briem. Magnús Andrjesson, með fyrirvara.

Ed. **481. Frumvarp**

til laga um fræðslu barna.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

I. kafli.

Um fræðsluskyldu.

1. gr.

Fræðslu barna til fullnaðs 10 ára aldurs skulu heimilin annast sjálf og kosta, nema þar sem öðruvísi er ákveðið með skólareglugjörð (6. gr.). Skal hvert barn 10 ára að aldri vera orðið nokkurn veginn læst og skrifandi, ef það er til þess hæft. Komist skólanefnd eða fræðslunefnd að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi fræðslu í þessum greinum, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða mótþróa húsbænda, ber henni að gjöra ráðstöfun til, að börnunum verði komið fyrir annarsstaðar, þar sem þau fái nauðsynlega tilsögn.

Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, eru aðstandendur barnsins skyldir að greiða, en borga má hann fyrirfram úr sveitarsjóði. Kostnað þennan má taka lögtaki.

2. gr.

Hvert barn, sem er fullra 14 ára, á að hafa lært:

1. að lesa móðurmálið skýrt og áheyrilega og geta sagt munnlega frá því, er það les; það skal og geta gjört skriflega grein fyrir efni, sem það þekkir vel, nokkurn veginn ritvillulaust og mállýtalaust; það skal vita nokkuð um merkustu menn vora, einkum þá, er lifað hafa á síðustu öldum, og kunna utanbókar nokkur íslensk kvæði, helst ættjarðarljóð og söguleg kvæði, og geta skýrt rjett frá efni þeirra í óbundnu máli.
2. að skrifa læsilega og hreinlega snarhönd.
3. í kristnum fræðum það, sem heimtað er eða heimtað kann að verða, að börnin kunni í þeirri grein til fermingar.
4. fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og brotum og geta notað þær til þess að leysa úr auðveldum dæmum, sem koma fyrir í daglegu lífi, meðal annars til þess að reikna flatarmál og rúmmál einföldustu hluta; það skal og vera leikið í því, að reikna með lágum tölum í huganum.
5. að nota landabrjef; það skal og hafa nokkra þekking á náttúru Íslands og atvinnuvegum þjóðar vorrar, þekkja legu helstu landa í Norðurálfunni og vita hvernig álfur liggja á hnettinum.
6. nokkur einföld sönglög, einkum við íslensk ættjarðarljóð.

3. gr.

Auk þeirrar fræðslu, sem 2. gr. ræðir um, skulu þau börn, 10—14 ára að aldri, er sótt geta fasta skóla, öðlast þá fræðslu í landafræði, sögu Íslands, náttúrufræði og öðrum greinum, sem fyrirskipuð kann að verða með reglugjörðum skólanna.

II. kafli.

Um hjeraðaskifting sem undirstöðu barnafræðslu.

4. gr.

Hver kaupstaður er *skólahjerað* út af fyrir sig, sömuleiðis hvert það kauptún eða þorp, sem er hreppsfjelag út af fyrir sig eftir 4. gr. sveitarstjórnarlaganna 10. nóv. 1905, enn fremur hver sá hreppur, er setur á stofn hjá sjer fastan skóla, hvort heldur heimangönguskóla eða heimavistaskóla eða hvorttveggja í einu, þannig lagaðan, að hann veiti hverju barni í hreppnum, sem er á skólaaldri (10—14 ára), að minsta kosti 6 mánaða fræðslu á ári.

Stjórnarráð Íslands getur og veitt þorpi eða hverfi, sem er partur af hreppsfjelagi, leyfi til að stofna skólahjerað fyrir sig, ef þar er settur á stofn heimangönguskóli, er veiti hverju barni þorpsins eða hverfisins á skólaaldri

minst 6 mánaða fræðslu á ári. Þó skal leyfi þetta ávalt bundið því skilyrði, að þeim parti hreppsins, sem lendir utan skólahjeraðsins, sje heimilt að nota skólann gegn því, að taka tiltölulegan þátt í skólakostnaði, með því að koma börnum fyrir í grend við hann, svo að þau geti gengið þaðan daglega í skólann, eða með því að setja heimavistir í samband við hann, og að ef þetta leiði til þess, að öll börn hreppsfjelagsins á skólaaldri njóti fræðslu í skólanum minst 6 mánuði á ári, þá skuli allur hreppurinn vera eitt skólahjerað.

Skólanefnd hefur á hendi stjórn fræðslumála í skólahjeraði hverju undir umsjón og yfirstjórn stjórnarráðsins (sbr. VII. og VIII. kafla).

5. gr.

Hver sá hreppur, sem ekki er skólahjerað, er *fræðsluhjerað* út af fyrir sig.

Ef skólahjerað er sett á stofn innanhrepps (sbr. 4. gr.) er sá hluti hreppsins, sem lendir utan takmarka skólahjeraðsins, fræðsluhjerað út af fyrir sig,

Heimilt er fræðsluhjeruðum, tveimur eða fleiri, að ganga saman í eitt fræðsluhjerað með leyfi stjórnarráðsins.

Fræðslunefnd stjórnar fræðslumálum í hverju fræðsluhjeraði undir umsjón og yfirstjórn stjórnarráðsins (sbr. VII. og VIII) kafla).

III. kafli.
Um skólahald í skólahjeruðum.

6. gr.

Í hverju skólahjeraði skal vera fastur skóli, heimangönguskóli eða heimavistaskóli eða hvorttveggja saman. Reglugjörð um fyrirkomulag og hollustuhætti skólans skal samin af skólanefnd og liggur undir samþykki yfirstjórnar fræðslumála. Skulu foreldrar og þeir aðrir í skólahjeraðinu, er hafa börn á skólaaldri til framfærslu, skyldir til að senda börn sín í skólann og láta þau njóta þar kenslu hinn lögskipaða námstíma, nema skólanefnd hjeraðsins veiti undanþágu, en það gjörir hún því að eins, að hún álíti, að fræðsla sú, er barnið fær utan skólans, verði jafngild þeirri fræðslu, sem skólinn veitir. Umsóknir um slíkar undanþágur skulu vera komnar til skólanefndar á þeim tíma, er hún sjálf ákveður og auglýsir í lok skólaárs ár hvert.

Nú óhlýðnast foreldrar eða þeir aðrir, sem barn hafa til framfærslu, ákvæðum þessum án gildra ástæðna, og varðar það 1—25 kr. sekt eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð (bæjarsjóð).

Árlegur *námstími* skal vera að minsta kosti 6 mánuðir. Þó getur yfirstjórn fræðslumála veitt leyfi til að stytta þennan námstíma um einn mánuð, sje það gjört til þess að nota skólann til kenslu barna 8—10 ára að aldri, að minsta kosti 2 mánuði haust eða vor, samkvæmt reglugjörð, er yfirstjórnin samþykkir. Yfirstjórnin getur og veitt skólahjeruðum heimild til að skipa

fyrir um skólaskyldu fyrir börn, sem eru yngri en 10 ára, þó ekki yngri en 7 ára fullra.

7. gr.

Í þeim skólum, sem taldir eru í 6. gr., veitist kenslan ókeypis og greiðist skólakostnaður úr sveitarsjóði (bæjarsjóði). Í þeim skólahjeruðum, sem að eins ná yfir part af hreppi (sbr. 4. gr.), skal hreppsnefnd jafna skólakostnaði sjerstaklega niður á gjaldendur hjeraðsins og þá aðra gjaldendur, er hafa notað skólann (sbr. 4. gr.), í rjettri tiltölu við sveitarútsvar þeirra til annara þarfa hreppsins.

IV. kafli.

Um fyrirkomulag barnafræðslu í fræðsluhjeruðum og um fræðslusamþyktir.

8. gr.

Í fræðsluhjeruðum skal það fyrirkomulag barnafræðslunnar, sem nú er, haldast, nema því verði breytt með fræðslusamþyktum.

Hin sameiginlega barnafræðsla, eða eftirlit með heimafræðslu barna, sem veitt er eða veitt verður í fræðsluhjeruðum, veitist ókeypis, og greiðist hinn sameiginlegi kostnaður, svo sem til farskóla, eftirlits með heimafræðslu, sunnudagaskóla o. s. frv., úr sveitarsjóði. Í þeim fræðsluhjeruðum, sem að eins ná yfir part af hreppi (sbr. 5. gr.), skal hreppsnefnd jafna fræðslukostnaðinum sjerstaklega niður á gjaldendur fræðsluhjeraðsins í rjettri tiltölu við sveitarútsvar þeirra til annara þarfa hreppsins. Undanþegnir þessari aukaniðurjöfnun eru þó þeir gjaldendur fræðsluhjeraðsins, sem nota hinn fasta skóla skólahjeraðsins og gjalda til hans eftir 7. gr.

9. gr.

Fræðslunefnd er heimilt að gjöra fræðslusamþyktir fyrir það fræðsluhjerað, er hún er skipuð fyrir, á þann hátt, er segir í 10.—14. gr. þessara laga.

10. gr.

Þegar fræðslunefnd álítur hagfelt að gjöra fræðslusamþykt fyrir fræðsluhjeraðið, skal hún kveðja til fundar alla þá menn, er þar búa og atkvæðisrjett hafa í sveitamálum.

Fræðslunefnd kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, og skal formaður fræðslunefndar vera fundarstjóri, eða sá annar af fræðslunefndarmönnum, er fræðslunefnd kýs til þess. Þá er fundur lögmætur, er helmingur allra atkvæðisbærra manna á því svæði, sem samþyktin skal ná til, eru á fundi.

11. gr.

Fræðslunefnd leggur fyrir fundinn frumvarp til samþyktar þeirrar, er hún vill koma á, og ber það undir álit og atkvæði fundarins. Til þess að frumvarpið verði samþykt, þarf meiri hluta atkvæða þeirra, er á fundi eru. Breytingartillögur við frumvarp fræðslunefndar geta því að eins komið til atkvæða, að meiri hluti fræðslunefndar samþykki þær. Þegar frumvarpið er þannig samþykt, sendir fræðslunefnd það yfirstjórn fræðslumála til staðfestingar.

12. gr.

Nú virðist yfirstjórn fræðslumála, að fyrirmæli fræðslusamþyktar gangi of nærri frelsi manna, eða komi á einhvern hátt í bága við lög eða grundvallarreglur laga, og synjar hún þá um staðfesting, en skýra skal hún um leið fræðslunefnd frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir yfirstjórnin fræðslusamþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlast gildi, og er samþyktin upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, er samþyktin nær yfir.

13. gr.

Í fræðslusamþykt má ákveða um farskólahald, eftirlit með heimafræðslu, sunnudagaskólahald, ráðning kennara, laun þeirra, kenslutíma, nauðsynlegar kenslubækur og kensluáhöld, og yfir höfuð alt, sem að fræðslunni lýtur.

Í fræðslusamþykt má og setja ákvæði um, að öll börn á skólaaldri skuli skyld að taka þátt í þeirri sameiginlegri barnafræðslu, er fræðsluhjeraðið veitir. Þó skulu börn vera undanþegin þessari skyldu, ef heimilisfeður þeirra færa sönnur á, að þau njóti fullnægjandi heimafræðslu. Um undanþágur úrskurðar fræðslunefnd.

14. gr.

Brot mót löggiltri fræðslusamþykt varðar sektum frá 1—25 kr. eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til fræðslunefndar. Sektirnar renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

V. kafli.

Um próf.

15. gr.

Próf skal halda árlega um kunnáttu barna í hverju skólahjeraði og fræðsluhjeraði. Í skólahjeruðum heldur skólakennarinn (eða skólakennararnir) prófið, í fræðsluhjeruðum sá maður, sem þar er ráðinn til farkenslu eða til eftirlits með heimafræðslu, eða, ef sliks manns er ekki kostur, þá einhver hæfur maður, er fræðslunefnd ræður til þess. Við próf skal jafnan vera prófdómandi skipaður af yfirstjórn fræðslumála. Fær hann alt að 4 kr. í dagpeninga, er greiðast úr landssjóði. Börn þau, sem lokið hafa lögskipuðu námi,

geta fengið vottorð um kunnáttu sína og þroska undirritað af kennara eða þeim, sem prófið heldur. Að loknu prófi skal prófdómandi senda skólanefnd eða fræðslunefnd álit sitt skriflegt um það, hversu barnafræðslunni er háttað í hjeraðinu, en hún sendir það yfirstjórn fræðslumála.

Próf skal haldið að vorinu og ákveður prófdómandi stað og tíma í samráði við skólanefnd eða fræðslunefnd.

Til prófs skulu koma öll börn, sem eru 10 ára að aldri og alt að fullra 14 ára.

Nú kemur barn á þessum aldri ekki til prófs, án gildra forfalla, og sætir þá sá, er barnið hefur til framfærslu, sektum frá 2 til 20 kr., eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar eða fræðslunefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð.

16. gr.

Reynist barn, sem er yngra en 14 ára, svo vankunnandi, að sterkar líkur sjeu til, að það nái eigi lögskipaðri kunnáttu, áður en það er 14 ára fullra, ber skólanefnd eða fræðslunefnd að gjöra ráðstafanir til, að lögð sje við það meiri rækt en áður, og má hún, ef nauðsyn ber til, kaupa því sjerstaka kenslu á kostnað þess, er barnið hefur til framfærslu, samkvæmt því sem segir í 1. gr.

17. gr.

Barni, sem er fullra 14 ára og hefur eigi fengið hina lögskipuðu kunnáttu, ber skólanefnd eða fræðslunefnd að sjá fyrir nægilegri tilsögn á sama hátt og segir í 16. gr., og er því skylt að koma árlega til prófs, uns það stenst prófið eða er fullra 16 ára. Undanskilin fyrirmælum þessarar greinar og fyrirmælum næstu greinar á undan eru þau börn, er skólanefnd eða fræðslunefnd dæmir óhæf til hins lögboðna náms sakir gáfnaskorts eða vanheilsu.

18. gr.

Yfirstjórn fræðslumála setur reglur um tilhögun prófanna og um skýrslur þær og skírteini, er henni skal senda um prófin.

VI. kafli.

Um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnafræðslu.

19. gr.

Kaupstaðir fá engan styrk úr landssjóði til barnafræðslu. Hreppsfjelögum veitist landssjóðsstyrkur til eftirlits með heimafræðslu, til farskóla, til heimangönguskóla og heimavistaskóla, eftir þeim reglum, sem segir í eftirfarandi greinum.

20. gr.

Skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til eftirlits með heimafræðslu eru:

1. að eftirlitinu sje hagað eftir reglugjörð, er sje löguð eftir fyrirmynd, sem yfirstjórn fræðslumála hefur samið og sett.
2. að til eftirlitsins sje ráðinn með skriflegum samningi til ákveðins tíma kennari, einn eða fleiri, er starfi að minsta kosti 6 mánuði á ári og hafi, auk ókeypis fæðis, húsnæðis og þjónustu, að minsta kosti 6 kr. kaup fyrir hverja viku, er hann starfar að eftirlitinu.

Nú fullnægir hreppur þessum skilyrðum, og skal þá upphæð landssjóðsstyrksins ákveðin með tilliti til tölu þeirra barna á skólaaldri, er notið hafa eftirlitsins og lengdar eftirlitstímans.

21. gr.

Skilyrði fyrir landssjóðstyrk til farskóla eru:

1. að kenslunni sje hagað eftir reglugjörð, sem fræðslunefnd hreppsins semur og yfirstjórn fræðslumála hefur samþykt.
2. að kennarinn sje ráðinn af fræðslunefnd með skriflegum samningi og hafi, auk fæðis, húsnæðis og þjónustu, að minsta kosti 6 kr. kaup fyrir hverja viku, er hann kennir;
3. að fullnægt sje ákvörðun yfirstjórnarinnar um kensluáhöld.

Nú fullnægir hreppur kröfum þessum, og fær hann þá úr landssjóði styrk að tiltölu við tölu þeirra barna, 10—14 ára að aldri, er kenslunnar nutu, og lengd námstímans.

22. gr.

Skilyrði fyrir landssjóðstyrk til fasts heimangönguskóla eru:

1. að kenslu skólans sje hagað eftir reglugjörð, sem yfirstjórn fræðslumála hefur samþykt;
2. að fullnægt sje reglum þeim, er yfirstjórnin setur um hollustuhætti slíkra skóla og kröfum hennar um kensluáhöld;
3. að hver kennari skólans sje ráðinn af skólanefnd eða fræðslunefnd, — með hæfilegum uppsagnarfresti af beggja hálfu, — með skriflegum samningi, og hafi aðalkennarinn að minsta kosti 18 kr. laun fyrir hverja viku, er hann kennir, og aðstoðarkennari eigi minna en 12 kr. um vikuna, er þeir kenna 4—5 stundir á dag.

Nú fullnægir hreppur þessum kröfum, og fær hann þá úr landssjóði styrk að tiltölu við barnafjölda skólans og lengd námstímans.

23. gr.

Heimavistaskóla veitist styrkur úr landssjóði, ef hann fullnægir þessum skilyrðum:

1. að skólastaður og tilhögun skólahússins sje ákveðið með samþykki yfirstjórnar fræðslumála;
2. að kenslunni og skipulagi skólans verði hagað eftir reglugjörð, sem yfirstjórnin samþykkir;
3. að aðalkennari skólans hafi að minsta kosti 25 kr. laun fyrir hverja viku, er hann kennir, auk húsnæðis, ljóss og hita, ef ekki færri en 20 börn njóta kenslu í skólanum í senn, en að því skapi minni laun, sem nem-

endur eru færri, þó aldrei minni en 18 kr., og skal kennarinn ráðinn af skólanefnd eða fræðslunefnd — með hæfilegum uppsagnarfresti frá beggja hálfu — með skriflegum samningi og með samþykki yfirstjórnar fræðslumála.

Nú fullnægir skólinn þessum skilyrðum, og veitist honum þá styrkur úr landssjóði eftir sömu reglum og föstum heimangönguskólum.

24. gr.

Hverri beiðni um styrk til barnafræðslu, samkvæmt því, er nú hefur sagt verið, skulu fylgja skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn fræðslumála fyrirskipar.

VII. kafli.

Um skólanefndir og fræðslunefndir.

25. gr.

Í skólanefnd eiga sæti 5 menn, kosnir af bæjarstjórn eða hreppsnefnd, í fræðslunefnd 3 menn, kosnir af hreppsnefnd.

Þegar tvö eða fleiri fræðsluhjeruð ganga saman í eitt fræðsluhjerað (sbr. 5. gr.), skulu hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, halda fund með sjer og kjósa fræðslunefnd fyrir hjeraðið.

26. gr.

Kosning nefndarmanna gildir um 3 ár, og má endurkjósa þá að þeim tíma liðnum, en ekki eru þeir skyldir að taka við kosningu fyr en jafnlangur tími er liðinn og þeir sátu í nefndinni. Kosning til skólanefndar eða fræðslunefndar skal jafnan fram fara, er bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn hafa setið í bæjarstjórn eða hreppsnefnd þrjú ár eða sex. Þeir, sem kosnir verða í hina fyrstu skólanefnd eða fræðslunefnd hjeraðsins, skulu kosnir að eins til þeirra tímamóta. Deyi nefndarmaður eða fari úr nefndinni annara orsaka vegna, áður en þrjú ár eru liðin, frá því er hann var kosinn, skal sá, er kosinn er í hans stað, að eins vera í nefndinni þann tíma af þrem árum, sem enn er eftir.

27. gr.

Nefndin kýs úr sínum hóp til eins árs formann og skrifara. Skyldir eru embættismenn nefndarinnar að taka við endurkosningu tvö ár í röð.

Enginn nefndarmanna hefur atkvæðisrjett um þau mál, er snerta hann sjálfan sjerstaklega.

28. gr.

Formaður kallar nefndina saman til funda svo oft, sem þörf krefur.

Nefndin getur enga ályktun gjört, nema meiri hluti hennar sje viðstaddur. Atkvæðafjöldi ræður úrslitum. Ef jafnmörg eru atkvæði, skal atkvæði formanns ráða. Ályktanir nefndarinnar skulu ritaðar í gjörðabók.

29. gr.

Skólanefnd hefur umsjón og eftirlit með öllum barnafræðslumálum hjeraðs þess, er hún er skipuð fyrir, sjerstaklega með skóla hjeraðsins, ræður kennara við skólann — og skulu jafnaðarlega þeir, sem staðist hafa kennarapróf, látnir ganga fyrir öðrum — og hefur eftirlit með, að þeir gjöri skyldu sína, sjer um hið árlega próf, sem fyrirskipað er í lögum þessum, annast um, að börnin geti fengið nauðsynlegar bækur og áhöld. Hún hefur umsjón með húsum skólans og annast um, að herbergi þau, sem höfð eru til kenslu, sjeu svo, að heilsu barnanna sje ekki hætta búin. Hún sjer um útvegun nauðsynlegra kensluáhalda. Hún ráðstafar fje því, sem kaupstaðurinn eða hreppurinn veitir til barnafræðslu og afhendir bæjarstjórn eða hreppsnefnd í tæka tíð áætlun um kostnað við barnafræðsluna ár hvert. Hún býr út skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn fræðslumála heimtar, um hag barnafræðslunnar.

30. gr.

Fræðslunefnd hefur allar hinar sömu skyldur og skólanefnd með þeim breytingum, sem eru eðlileg afleiðing af mismunandi verkahring.

Fræðslunefnd sjer um framkvæmd á löggiltum fræðslusamþyktum og átelur, ef þær eru brotnar.

31. gr.

Yfirstjórn fræðslumála setur nánari ákvæði um skyldur og störf skólanefnda og fræðslunefnda.

VIII. kafli.

Um yfirstjórn fræðslumála og umsjón.

32. gr.

Yfirstjórn fræðslumála og umsjón hefur stjórnarráð Íslands. Sjer til aðstoðar hefur það skólafróðan mann, er ráðherra Íslands skipar. Gegnir hann aðallega umsjónarstarfinu fyrir hönd stjórnarráðsins og undirbýr ráðstafanir þær og reglugjörðir, er stjórnarráðið setur um fræðslumál. Umsjónarmaður hefur að launum 3000 kr. Kostnað við ferðir, sem leiða af starfi hans, fær hann greiddan eftir reikningi. Starfssvið hans ákveður stjórnarráðið nánar með reglugjörð.

IX. kafli.

Um það, hver lagaákvæði sjeu úr gildi numin með lögum þessum og hvenær lögin öðlast gildi.

33. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin: Konungsbrjef 2. júlí 1790 um uppfræðing barna, og lög 9. janúar 1880 um uppfræðing barna í skrift og reikningi.

34. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1908.

Nd. **482. Breytingartillaga**

við breytingartillögu á þingskjali 449.

Flutningsmaður: Lárus H. Bjarnason.

Við 1. Í stað »og kýs 7 alþingismenn« komi: og kýs 6 alþingismenn.
Í stað »og kýs 11 alþingismenn« komi: og kýs 12 alþingismenn.

Ed.

483. Frumvarp

til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1904 og 1905.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

I. Tekjur.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	86,000,00	88,603,95
2. Húsaskattur	16,000,00	21,219,75
3. Tekjuskattur	32,000,00	48,042,23
4. Aukatekjur	68,000,00	88,194,35
5. Erfðafjárskattur	6,000,00	9,525,46
6. Vitagjald	20,000,00	24,970,85
7. Gjöld fyrir leyfisbrjef	6,000,00	9,242,37
8. Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	140,000,00	226,343,65
9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	200,000,00	332,287,56
10. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	200,000,00	244,598,05
11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	480,000,00	579,127,74
12. Aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og brjóstsykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	16,000,00	22,812,52
13. Leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verslun og veiting áfengra drykkja	40,000.00	36,300,00
14. Tekjur af póstferðum	80,000,00	141,109,83
15. Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	1,200,00	1,107,31
16. Óvissar tekjur	10,000,00	65,418,57
17. Tekjur af fasteignum landssjóðs, að frádregnum umboðskostnaði, prestmötu m. m.	46,000,00	42,175,14
18. Tekjur af kirkjum	170,00	165,15
19. Tekjur af silfurbergsnámum í Helgustaðafjalli	4,000,00	3,148,37
20. Andvirði Klapparlóðar	» »	16,183,05
21. Tekjur af brennisteinsnámum	» »	454,52
22. Tekjur af Eldey	» »	1,000,00
23. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	73,000,00	90,894,54
Borgað upp í lán, fjárveiting: 92,644 kr. 05 a. reikningur: 151,518 kr. 21 a.		
24. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	15,000,00	29.264,56
25. Innborganir frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	4,000,00	7,865,21
26. Endurgjald skyndilána til embættismanna	1,200,00	2,128,11
27. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000,00	13,790,18
28. Tillag úr ríkissjóði	120,000,00	120,000,00
Samtals	1,668,570,00	2,265,973,02

	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
II. Gjöld.		
1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	28,000,00	1,333,33
2. Til alþingis og kostnaður við yfirskoðun landsreikninganna	39,600,00	54,083,32
3. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæslu og lögreglustjórn o. fl.		
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	53,966,67	16,438,86
B. Dómgæsla og lögreglustjórn	176,030,00	175,427,86
C. Ýmisleg útgjöld	30,460,00	32,776,05
4. Til útgjalda við læknaskipunina	235,640,74	254,995,05
5. Til samgöngumála:		
A. Til útgjalda við póststjórnina	141,900,00	147,674,70
B. Til vegabóta	271,200,00	300,096,41
C. Til gufuskipaferða	197,600,00	194,083,33
D. Til ritsíma	70,000,00	» »
E. Til vita	21,237,00	18,023,77
6. Til kirkju og kenslumála:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	65,870,00	65,864,77
B. Til kennslumála	232,446,00	218,222,88
7. Til vísinda, bókmenta og verklegra fyrirtækja:		
A. Til vísinda, bókmenta og lista	78,870,00	75,420,91
Til verklegra fyrirtækja	332,700,00	378,789,81
8. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	5,200,00	21,585,92
9. Eftirlaun og styrktarfje	86,000,00	101,202,03
10. Til óvissra útgjalda	3,000,00	21,169,86
11. Útborganir samkvæmt fjáraukalögum og nýjum lögum	» »	187,904,96
12. Tekjuafgangur fjárhagstímabilsins	» »	530,40
Samtals	2,069,720,41	2,265,624,22

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desbr. 1905	kr.	1,172,028,28
Tekjueftirstöðvar landssjóðs s. d.	—	59,412,72
Peningaforði landssjóðs s. d.	—	590,506,52
þar af:		
í Landsbankanum á hlaupareikningi s. d.	kr.	370,000,00
í Íslandsbanka - —— - -	—	140,000,00

Nd. **484. Nefndarálit**

um frumv. til laga um heimild til að leggja sporbraut milli Skerjafjarðar og Reykjavíkur og til að setja reglugjörð um notkun hafnar í Skerjafirði.

Nefndin hefur ekki getað orðið ásátt um, að ráða hinni háttv. deild til að samþykkja þetta frumv. Meiri hlutinn lítur svo á, að ekki sje lengur við það unandi að höfuðstaður landsins sje hafnlaus, án þess reynt sje úr því að bæta á einhvern hátt. Höfn í Skerjafirði og járnbraut þaðan inn í miðjan höfuðstaðinn og alt til sjávar, hlyti, að voru áliti, stórum að bæta úr vandkvæðum þeim hinum miklu, sem nú eru á öllum fólks- og vöruflutningum að og frá bænum á sjó, til stórhagræðis og hagnaðar fyrir allan almenning. Móti þessu verður ekki mælt með rökum. Auk þess mundi járnbrautin greiða mjög fyrir flutningi inn í bæinn á grjóti og öðrum innlendum byggingarefnum, svo sem möl, sandi, leir og fl., sem nú er bæði dýr og örðugur. Ef auðveldara yrði að afla sjer þessara byggingarefna, mundu þau verða meira notuð og væri það eigi lítil, bæði bein og óbein, framför fyrir þennan bæ.

Eina mótbáran frá Reykjavíkur hálfu gegn fyrirtæki þessu, sem hefur við nokkur veruleg rök að styðjast, er sú, að hafnarstæðið og land það, sem að því liggur, er ekki í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins. Úr þessu viljum við bæta með því, að bæta nýrri grein inn í frumv. um það, að land það, sem hjer er um að ræða, verði lagt undir Reykjavík um leið og járnbrautin kemst á. Landspilda þessi er öll óræktuð og óbygð og því mjög lítils virði fyrir sveitarfjelag það, sem hjer á hlut að máli, og getur það því tæplega haft neitt á móti þessari ráðstöfun, enda teldum við eðlilegast að alt Skildinganesland, sem er eins og fleygur inn í bæjarlandið, væri lagt undir Reykjavík og jafnvel alt Seltjarnarnesið ásamt Engey og Viðey.

Við leggjum því til að bætt verði inn í frumv. á eftir 2. gr. nýrri grein, sem verður 3. gr. svo hljóðandi:

Land það af jörðinni Skildinganesi, sem fjelagið »Höfn« hefur eignast, skal lagt undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur kaupstaðar, þegar járnbraut er lögð milli Skerjafjarðar og kaupstaðarins.

Með þessari breytingu leggjum við til að frumv. verði samþykt og þykjumst þess fullvissir, að það yrði til stórhagsmuna eigi að eins fyrir höfuðstaðinn heldur landið í heild sinni.

Neðri deild alþingis, 29. ágúst, 1907.

Jón Jónsson, form.	Stefán Stefánsson, Skagf., skrif. og framsögum.

Álit minni hlutans.

Jeg hefi ekki getað orðið samnefndarmönnum mínum samdóma um þetta mál.

Málið horfir þannig við.

Hafnarvirki mundu verða talsvert ódýrari við Skerjafjörð en að norðanverðu, við bæinn, þar sem höfnin er nú.

Alt annað mælir í móti höfn við Skerjafjörð. Þar er innsiglingin miklu

þrengri, skerjóttari, hættumeiri, en að norðanverðu; og þó að ljósker væru sett til leiðbeiningar, mundu *engin* skip voga sjer inn þangað í dimmviðri; og seglskip yrði jafnan að draga þangað inn, þá er vindur stendur út fjörðinn. Þá eru og ísalög miklu meiri á Skerjafirði en hjer á höfninni í stillum á vetrardag, sem stafa mun af því, að straumar eru þar minni. Þá er enn þess að gæta, að þessi fyrirhugaða höfn er góðan spöl frá Reykjavík; það rýrir gildi hafnarinnar að stórum mun, því að það mundi kosta stórfje á ári hverju, að flytja allan varning frá Skerjafirði til Reykjavíkur, þó flutt væri á járnbraut.

Af þessu er augljóst, að Reykjavíkurbæ og öllu landinu er miklu happasælla og notadrýgra bæði í nútíð og framtíð, að hafa höfnina að norðanverðu, þar sem hún er nú.

Og það er engum efa bundið, að höfn hjer verður ekki einasta notadrýgri, heldur einnig arðmeiri, *þó* að hafnarvirkin hjer kosti miklu meir en við Skerjafjörð.

Þetta er álit þeirra manna, sem best þekkja til; það er álit bæjarstjórnar Reykjavíkur; og það er álit meginþorra bæjarbúa.

Þess vegna hefur bæjarstjórn Reykjavíkur hafnað tilboði frá eigendum Skildinganess um kaup á landi þar, í því skyni, að gjöra þar höfn handa bænum.

Og þess vegna hefur bæjarstjórnin hins vegar varið miklu fje til þess að ransaka hafnarstæðið hjer, *við* bæinn, og semja kostnaðaráætlanir.

Síðasta ransókn í þá átt var hafin í fyrra; þá fjekk bæjarstjórnin merkasta hafnameistara Norðmanna til að skoða hafnarstæði hjer. Þessi maður komst að þeirri niðurstöðu, að höfnin ætti ótvírætt að vera að norðanverðu, þar sem hún er nú, en alls ekki við Skerjafjörð. Ransókn á höfninni, botninum, varð ekki lokið í fyrra sumar, en sú ransókn hefur verið gjörð í sumar, og í haust eða vetur er von á nákvæmum kostnaðaráætlunum frá þessum norska manni. Svo mikið er víst nú þegar, að góða höfn má gjöra hjer fyrir miklu minna fje, en áður var ætlað; mun kostnaðurinn ekki fara fram úr 2 miljónum, getur ef til vill orðið talsvert minni, enda ekki nauðsynlegt að vinna alt verkið í einu; því að það er talið víst, að þá er $^1/_3$ eða $^1/_2$ verksins er lokið, verði höfnin alt önnur, miklu betri, en hún er nú. Þar við bætist að bænum myndi áskotnast mjög stórt og afardýrmætt byggingarsvæði, við það, að fyltar verða grynningarnar næst landi, og má telja víst, að söluverð þessara nýju hússtæða höggvi stórt skarð í hafnarkostnaðinn.

Með höfnina fyrir augum hefur bæjarstjórn haldið auðu svæði, breiðri ræmu, sem víðast fram með sjónum, í því skyni, að þar gæti komið strandvegur með sporbrautum þegar góð höfn væri fengin.

Það er því ekki furða þó að bæjarstjórn mótmælti því, að einstökum mönnum sje veitt heimild til að taka lögnámi land undir sporbraut, hvar sem er í bænum.

Hagur fjelagsins »Höfn» og hagur Reykjavíkurbæjar fer ekki saman í þessu máli, og það virðist auðsætt hvort meira beri að meta. Það virðist og auðsætt að bæjarbúar, að þjóðin í heild sinni, getur ekki og á ekki að una því, að höfuðstaður landsins sætti sig við höfn, sem auk annara ókosta, er eign einstakra manna og ekki áföst við bæinn.

Af framangreindum ástæðum er það eindregin tillaga mín, að þetta frumvarp sje felt.

G. Björnsson.

Ed. **485. Frumvarp**
til laga um gjald af innlendri vindlagjörð og tilbúningi á bitter.
(Eins og það var samþykt við 2. umr í Ed.).

1. gr.

Enginn má reka vindlagjörð nje tilbúning á bitterum, hverrar tegundar sem er, til sölu, nema tekið hafi leyfisbrjef hjá lögreglustjóra, þar sem framleiðslan fer fram. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 100 kr. til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs.

Ákvæði þetta gildir einnig um þá, sem nú reka vindlagjörð eða bittergjörð, þar á meðal lyfsala, sem búa til og selja bitter án læknisforskriftar.

2. gr.

Fyrir hvert pund af tóbaksvindlum eða vindlingum, sem eru búnir til hjer á landi, skal greiða í landssjóð gjald, er nemi helmingi aðflutningsgjalds af vindlum eða vindlingum eftir tolllögum þeim, er í hvert sinn gilda. — Fyrir hvern pela af bittervökva (bitteressens, elixír o. þvl.) eða pott af bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar, skal greiða í landssjóð gjald, er samsvari tveim þriðju af aðflutningsgjaldi því, sem greiða ber af vöruteg-undum þessum samkvæmt tolllögunum.

3. gr.

Framleiðandi skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi lögreglustjóra áður varan er látin burt frá honum, seld eða send til umboðssölu. Af birgðum þeim, er fyrir liggja af innlendum vindlum og bitterum, þegar lög þessi öðlast gildi, skal gjaldið einnig greitt, og skal hver sá, er slíkan varning hefur til sölu, senda lögreglustjóra sínum, innan viku, drengskaparvottorð um það, hve miklar birgðir hann hefur, og greiði jafnframt gjaldið.

4. gr.

Vörugjörðarmenn mega ekki selja minna í einu af vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum, en nemi 25 kr. virði.

Að öðru leyti setur stjórnarráðið reglugjörð um vörugjörðina og afhendingu og sölu varanna, að svo miklu leyti, sem þurfa þykir, til að tryggja gjaldheimtu af þeim.

5. gr.

Brot gegn fyrirmælum 1., 3. og 4. greinar, eða reglum þeim, er stjórnarráðið setur samkvæmt 4. gr., varða sektum, alt að 500 krónum. Stjórnarráðinu er heimilt, auk hegningarsekta, að leggja dagsektir við brotum á reglugjörðinni.

Nú verður vörugjörðarmaður uppvís að því, af hafa sagt rangt til um vörugjörð sína eða birgðir, eða selt er af birgðum, án þess að gjaldið sje

greitt, og varðar það þann, sem brotið hefur, sektum frá 100—1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjalds þess, er hann hefur reynt að draga undan. Heimta má gjaldheimtumaður æru- og samviskuvottorð vörugjörðarmanns um framtal vöru.

6. gr.

Vörur þær, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum, skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum.

Sjeu rjett skil ekki gjörð, getur lögreglustjóri selt þær birgðir, sem fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gjöra á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til þeirrar vöru. er gjaldið átti af að greiða, og má þá án undanfarandi birtingar gjöra lögtak fyrir gjaldi og sektum í öðrum eignum gjaldanda.

7. gr.

Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Hegningarsektir allar renna í landssjóð. Þó skal sá fá helming sektar, sem veldur því með frásögn sinni, að uppvís verður undandráttur á gjaldi.

8. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum, skal lögreglustjóri gjöra reikning samkvæmt þeim reglum, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil. Af upphæð gjaldanna fær lögreglustjóri 2 af hundraði í innheimtulaun.

Sþ. **486. Tillögur**

yfirskoðunarmanna við landsreikningana 1904 og 1905.

(Eins og þær voru samþyktar við eina umr. í Ed.).

Alþingi ályktar:

1. Að ávísanir á verslunarhús í Kaupmannahöfn verði því að eins teknar sem gild borgun upp í tekjur landssjóðs, að þær sjeu borgaðar við sýningu.
2. Að landsstjórnin gæti þess, svo sem unt er, að landssjóður eða Fiskiveiðasjóður Íslands verði ekki fyrir skakkaföllum af lánum, sem veitt eru gegn veði í skipum eða veiðarfærum.
3. Að embættismönnum og sýslunarmönnum, sem taka laun úr landssjóði, sjeu eigi greiddir dagpeningar á ferðalögum í landsins þarfir, nema sjerstök lagaheimild sje fyrir þeirri greiðslu.
4. Að landsstjórnin fari ekki út fyrir heimildina í 3. gr. fjárlaganna, að því er snertir styrkveitingar til húsabóta á þjóðjörðum.

Nd. **487. Viðaukatillaga**
við frumvarp til laga um öryrkjastyrk.

Flutningsmaður: Ólafur Briem.

Á eftir 15. gr. komi ný grein svo látandi:

Ef engin umsókn um styrk úr öryrkjasjóði berst til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eða aðrar gildar ástæður valda því, að eigi þykir rjett að úthluta öllu því fje, sem um er rætt í 11. gr., skal það, sem afgangs verður, lagt við innstæðu sjóðsins.

Ed. **488. Nefndarálit.**
í málinu frv. til laga um skipun læknishjeraða o. fl.

Vjer, sem háttvirt Efri deild alþ. kaus í nefnd til þess, að íhuga frumv. þetta, höfum nú rætt það og athugað á nokkrum fundum, og leyfum oss hjer með að skýra frá áliti voru á því í stuttu máli.

Eins og athugas. stjórnarinnar við frumv. bera með sjer, hefur það fengið allrækilegan undirbúning, áður en það var lagt fyrir þingið. Auk þess hefur nefnd sú, er háttvirt Nd. skipaði í málið, gefið um það all ítarlegt álit, og Neðri deild samþykt það með þeim einum breytingum á frumv. stjórnarinnar, sem vjer teljum til bóta.

Eins og líka tekið er fram í nefndaráliti Nd. greinist mál þetta í tvö meginatriði: skipun læknishjeraða og laun lækna.

Hvað hinu fyrtalda atriði við víkur, þá teljum vjer, að nauðsyn hafi verið til að taka nú þegar alla læknishjeraðaskipun landsins til endurskoðunar, og með einu lagaboði breyta henni á þann hátt, sem reynslan hefur bent til, að best ætti við, eftir staðháttum, og það því frekar, sem með því einu móti er mögulegt að koma í veg fyrir, þó ekki væri nema um nokkurt árabil, þær tíðu óskir landsmanna um breytingar á skipun læknishjeraðanna og stofnun nýrra læknishjeraða, sem þing eftir þing hafa meira og minna eytt hinum stutta starfstíma þingsins, venjulega árangurslaust.

Viðvíkjandi skipun þeirri á læknishjeruðum landsins, sem frumv. fer fram á, skal það tekið fram, að sumir nefndarmenn ljetu í ljósi, sem persónulegt álit, að heppilegra hefði verið að skifta læknishjeruðunum á stöku stöðum nokkuð öðruvísi en gjört er, en þar sem breytingar þær, sem þeir hefðu viljað gjöra þessu viðvíkjandi, voru fremur óverulegar, þá fjellu þeir frá þeim, með sjerstöku tilliti til ákvæða þeirra, er sett eru í næst síðustu málsgrein 1. gr. frumvarpsins, þar sem ráðherra er gefin heimild til, að gjöra breytingu á takmörkunum milli hinna einstöku læknishjeraða eftir tillögum hlutaðeigandi sýslunefnda.

Þessu ákvæði er bætt inn í frumvarpið í háttvirtri Nd., og teljum vjer það til mikilla bóta.

Um hið annað meginatriði frumv.: laun lækna, getum vjer verið því fáorðari, sem vjer teljum þær breytingar, frá eldri lögum, sem hjer er farið

fram á, nauðsynlegar, og sanngjarna rjettarbót, enda hefur háttv. Nd. samþ. frumv. stjórnarinnar, að þessu leyti, óbreytt.

Breytingar þær, sem háttv. Nd. hefur gjört á frumv. stjórnarinnar, viðvíkjandi aukatekjum lækna, teljum vjer vera mjög til bóta og erum þeim samþykkir.

Að svo mæltu leyfum vjer oss, að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarp þetta óbreytt, eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 30. ágúst 1907.

Þorgr. Þórðarson, formaður. Guttormur Vigfússon, skrifari og framsögum.

Þórarinn Jónsson.

Nd. **489. Frumvarp**

til laga um útflutning hrossa.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Á erlendan markað má ekki flytja mögur hross og illa útlítandi, glaseygð, glámótt, meidd, hölt, eða með öðrum verulegum lýtum og göllum.

Enn fremur er bannað að flytja til sölu á útlendum markaði yngri hross en 4 vetra og eldri en 10 vetra. Hross 3 vetra má þó flytja út, ef þau eru stór og falleg útlits.

Öll hross, sem útflutt eru, skulu vera tamin eða að minsta kosti bandvön. —

Heimilt er ráðherra að veita undanþágu frá þessum ákvæðum eftir tillögu Búnaðarfjelags Íslands, ef sjerstakar ástæður mæla með því.

2. gr.

Öll skip, er flytja hross frá Íslandi til útlanda, skulu vera hagkvæmlega útbúin í því skyni. Hross má eigi flytja á þilfari frá Íslandi til annara landa á öðrum tíma árs en frá miðjum júní til ágústmánaðar loka. Hrossin skal hafa í stíum hæfilega stórum og traustgjörðum, og sje þeim ætlað nægilegt rúm. Á stíugólf og gangrúm, sem hross eru leidd um, skal strá hálmi eða sandi, eða gjöra ósleip á annan hátt. Sjá skal fyrir góðri loftræsting, þar sem hross eru höfð, og birtu, eftir því sem ástæður frekast leyfa.

Á hverju skipi, er flytur hross til útlanda, skal skipstjóri sanna, að hann hafi nægilegan mannafla til að gæta hrossanna á leiðinni, og skal vera hentugur útbúnaður við fóðrun hrossanna og vötnun. Hrossunum skal ætla nægilegt fóður og vatn á leiðinni, og má fóður ekki vera minna en 10 pd. af góðu heyi á dag fyrir hvern hest, miðað við áætlun skipsins, eða sem því svarar í öðru fóðri.

3. gr.

Í þeim kauptúnum landsins, sem hross eru flutt frá til sölu á erlendum markaði, skal ráðherra Íslands skipa mann, er hefur á hendi umsjón og eftirlit með útflutningi hrossa. Þeir, sem slík hross vilja senda til útlanda, tilkynna það umsjónarmanni með nægum fyrirvara. Umsjónarmaður skoðar hrossin nákvæmlega áður en þau eru flutt á skip, og kyrsetur þau hross, sem að hans áliti eru eigi hæf til útflutnings. Útflytjandi er skyldur, að láta umsjónarmanni í tje næga aðstoð við skoðunina. Umsjónarmaður hefur eftirlit með útskipun hrossanna, og sjer um að útbúnaður skipsins og fóðurbirgðir fullnægi fyrirmælum laganna, og má lögreglustjóri ekki afgreiða skipið, fyr en umsjónarmaður hefur ritað á skipsskjölin vottorð um það.

Umsjónarmenn skulu senda stjórnarráðinu við lok hvers árs, skýrslu um tölu útfluttra hrossa, og hvenær og með hvaða skipi þau hafi verið flutt.

Fyrir starfa sinn fá umsjónarmenn hæfilega þóknun úr landssjóði, og skal fje til þess veitt á fjárlögum.

4. gr.

Ráðherra Íslands semur nánari reglur um útflutning hrossa, sjerstaklega um meðferð þeirra á leið milli landa, og gefur út erindisbrjef handa umsjónarmönnum.

5. gr.

Brot móti lögum þessum og reglum þeim, er ræðir um í 4. gr., varða sektum frá 10 til 1000 kr., er renna í landssjóð. Mál út af slíkum brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1909.

Nd. **490. Framhalds-nefndarálit**

um frumvarp til laga um útflutning hrossa.

Breytingar þær, sem orðið hafa á frumvarpinu í háttvirtri Efri deild, eru þessar:

Fyrirsögn frumvarpsins er kend við »hross« í staðinn fyrir »hesta«.

Í 2. gr. er bætt við ákvæði um, að skipstjóri skuli sanna, að hann hafi nægilegan mannafla til að gæta hrossanna á leið milli landa.

Fyrri breytingin er meinlaus og hin síðari til bóta.

Því er það tillaga nefndarinnar, að háttvirt Neðri deild samþykki frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 31. ágúst 1907.

Pjetur Jónsson,	Ólafur Briem,
formaður.	skrifari og framsögum.

Hermann Jónasson.

Nd.

491. Nefndarálit

um frumv. til laga um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn.

Frumv. þetta er, eins og kunnugt er, upphaflega stjórnarfrumvarp, borið upp í Efri deild, sett þar í nefnd og breytt lítilsháttar um uppruna frumv. Vísast til nefndarálitsins í Efri deild (þskj. 108), svo og athugas. stjórnarinnar.

Breytingar þær, er Efri deild gjörði á frumv., teljum vjer til bóta og þó einkum þá, að þurrabúðarlóðir sjeu ákveðnar stærri en áður.

Vjer álítum, að margt mæli með því, að leysa vistarbandið að fullu, meðal annars það, hve litla þýðingu það hefur í reyndinni nú orðið. En þó höfum vjer eigi viljað koma með breytingartill. um þetta, því þar um mundu verða mjög skiftar skoðanir og alt of áliðið þings til þess að varpa fram slíku deilumáli. Hins vegar virðist oss rjett, að láta fara saman rjett til þess að ráða sig í vist, og rjettinn til þess, að leysa sig undan vistarskyldunni með lausamenskugjaldi, þannig, að hvorttveggja fáist með 16 ára aldri. Vistarbandið hefur eigi hin síðari ár reynst nein hömlun á því, að menn, 16—25 ára, væru lausir, og hefur öll sú ólöglega lausamenska verið liðin nálega alveg þegjandi.

Ákvæði 6. gr. um það, að sá, er fyrirgjört hefur lausamenskurjetti, fái hann eigi endurnýjaðan fyr en eftir 5 ár, virðast oss óheppileg og líkleg til að leiða af sjer ólöglega lausamensku og viljum því stytta endurnýjunarfrestinn.

Í 15. gr. viljum vjer bæta inn í ákvæði um, að í leigu eftir þurrabúðir megi eigi ákveða vinnukvaðir aðrar en þær, sem eru til umbóta þurrabúðarlóðinni sjálfri, svo sem róðrarkvöð, slættir o. s. frv.

Eftir 16. gr. virðist svo, að nýmæli frumv. um útmælingu þurrabúðarlóða sje ætlað að ná til baka til eldri þurrabúðarlóða. Það álítum vjer eigi heppilegt, og ráðum til, að því sje breytt.

Vjer leggjum því til, að frumvarpið verði samþykt með eftirfylgjandi breytingum, sem nánar verður gjörð grein fyrir í framsögunni:

1. Við 2. gr. fyrir: »21 árs« komi: 16 ára
2. Við 6. gr. Fyrir orðin í enda greinarinnar: »og má honum« o. s. frv. komi: En veita má honnm leyfisbrjef að nýju eftir eitt ár.
3. Við 12. gr. Fyrir: »ná til« komi: ná og til
4. — 13. — Fyrir: »leigja« í byrjun greinarinnar komi: selja á leigu.
5. — 14. — Aftan við greinina bætist: af lóðinni.
6. — 15. — Á eftir orðunum: »skyldur þurrabúðarmanns« komi: Eigi má tiltaka leigumálann í vinnukvöðum, nema þær sjeu ætlaðar til umbóta þurrabúðarlóðinni eða húsum á henni.
7. — 16. — Orðin: »útmælingu lóðar« og »þó má hreppsnefnd í« o. s. frv. til enda greinarinnar falli burt.
8. — 18. — Fyrir orðin í enda greinarinnar: »helminginn — — — hreppstjórar« komi: helmingurinn renni í styrktarsjóð handa alþýðufólki í hreppnum.

Alþingi, 31. ág. 1907.

Skúli Thoroddsen, formaður.

Jóhannes Ólafsson.
Pjetur Jónsson, skrifari og framsm.

Nd. **492. Breytingartillögur**

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874 með áorðnum breytingum samkvæmt sjórnarskipunarlögum 3. oktbr. 1903 og lögum nr. 41, 20. oktbr. 1905.

Flutningsmaður: Ólafur Briem.

1. Í stað 4. gr. og 5. gr. frumvarpsins komi svo hljóðandi grein:

15. gr. laganna skal falla burt.

16. gr. laganna skal falla burt.

Í 21. gr. laganna skal í stað orðanna »Hvor alþingisdeildin um sig« og »hvor þingdeildin fyrir sig« koma: Alþingi — þingið.

Í 22. gr. laganna skal í stað orðanna »Hvor þingdeildin fyrir sig« og »Þingdeildin« koma: Alþingi — Þingið«.

Þriðji liður 25. gr. laganna falli burt.

Upphaf 26. gr. laganna orðist svo:

Alþingi kýs tvo yfirskoðunarmenn o. s. frv.

28. gr. laganna skal falla burt.

Í 32. gr. laganna skal í stað orðanna »þeirrar deildar, er hann situr í« og »þingdeildin sem í hlut á« koma: þingsins — þingið.

Upphaf 35. gr. laganna »Hvor þingdeildin um sig og eins hið sameinaða« falli burt.

Upphaf 36. gr. laganna orðist svo:

Alþingi má ekki o. s. frv.

Í 37. gr. laganna skulu orðin »í þeirri þingdeildinni, sem hann á sæti í« falla burt, og fyrir »ef hún leyfir það« komi: ef þingið leyfir.

Í 38. gr. laganna skal í stað orðanna »Hvorug þingdeildin má« og »þingdeildarmanna« koma: Alþingi má ekki — þingmanna.

Í 39. gr. laganna skal fyrir »þingdeildinni« og »hún« koma: alþingi — það.

Í 40. gr. laganna skulu orðin »beggja þingdeildanna og hins sameinaða« falla burt. og fyrir »þing það er hlut á að máli« komi: alþingi.

41. gr. laganna orðist þannig:

Þingsköp handa alþingi skulu sett með lögum.

Í 61. gr. laganna skal í stað »beggja þingdeildanna« koma: þingsins.

2. Á eftir 7. gr. frumvarpsins komi svo hljóðandi grein:

Á eftir 22. gr. laganna komi ný grein:

Alþingi á rjett á að tilnefna menn í nefndir, er landsstjórnin skipar, til að íhuga löggjafarmálefni milli þinga.

3. Á eftir 9. gr. frumvarpsins komi svo hljóðandi grein:

27. gr. laganna skal hljóða þannig:

Ekkert lagafrumvarp má alþingi samþykkja til fullnaðar fyr en eftir fjórar umræður. Á undan 2. umræðu skal hvert löggjafarmál undirbúið í nefnd, sem kosin er á þinginu. Við 2. og 3. umræðu lagafrumvarps má bera upp breytingar á því. Við 4. umræðu skal greiða atkvæði um frumvarpið óbreytt.

Ef þriðjungur allra þingmanna krefst þess við 3. umræðu lagafrumvarps, að málinu sje frestað til næsta þings eftir nýjar kosningar, þá skal svo gjört. En þá má ekki fresta því frekara, nema gjörð sje breyting á frumvarpinu.

4. Þar á eftir komi svo hljóðandi grein:
Á eftir 27. gr. laganna komi ný grein:
Afl atkvæða ræður úrslitum mála á alþingi. Þó þarf $^2/_3$ atkvæða til þess, að ályktun verði gjörð:
a. um nýjar eða auknar álögur á almenning, og um afnám eða linun lögboðinna skatta og gjalda til landssjóðs.
b. um sölu á fasteignum landsins, og um kaup á fasteignum, um fram gildandi lagaheimild.
c. um lántöku fyrir hönd landssjóðs eða skuldbinding til fjárframlags um lengri tíma en eitt fjárhagstímabil.
d. um að landssjóður takist á hendur ábyrgð á lánum eða öðrum skuldbindingum fyrir stofnanir, er standa eigi undir umráðum landsstjórnarinnar.
e. um eftirgjöf á lánum úr landssjóði eða öðrum sjóðum, er sæta eftirliti af hálfu yfirskoðunarmanna landsreikninganna, svo og um eftirgjöf á hverjum þeim tekjum eða rjettindum, er landssjóður á lögmætt tilkall til.
f. um nýjar fjárveitingar úr landssjóði eða hækkun á eldri fjárveitingum.

Nd. **493. Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest.

Frá skattamálanefndinni.

Við 1. gr. aðra málsgrein. Fyrir orðin: »Ef vörugeymsluhús — svara tollinum«, komi:

Ef vörugeymsluhús fyrir tollskyldar vörur verða reist í kaupstöðum landsins til almennings afnota og stjórnarráðið telur þau fulltryggileg, getur það leyft, að kaupmenn á þeim stöðum sendi kaupmönnum á öðrum höfnum innanlands, svo og til útlanda, tollskyldar vörur, er þar hafa verið geymdar, án þess að svara tollinum.

Nd. **494. Breytingartillögur**
við frv. til laga um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest.
Flm.: Guðl. Guðmundsson. M. J. Kristjánsson. Jón Jónsson.

Við 1. gr.
1. Í stað orðanna: »er reist í Reykjavík« í 1. línu 2. málsgr. komi: »verður reist í einhverjum af kaupstöðum landsins, Reykjavík, Akureyri, Ísafirði eða Seyðisfirði.«
2. Í stað orðanna: »í Reykjavík« í 2. línu komi: »í kaupstaðnum.«
3. Fyrir »í Reykjavík« í 4.—5. línu komi: »í hlutaðeigandi kaupstað.«
Við 5. gr.
4. Fyrir »í Reykjavík« komi: »í kaupstað.«

Nd. **495. Nefndarálit**

um frumv. til laga um veiting prestakalla.

Frumvarp þetta eykur verulega rjett safnaðanna, þar sem þeim framvegis er ætlað, að velja um alla umsækjendur, er fullnægja hinum almennu skilyrðum fyrir prestsembætti í þjóðkirkjunni. Auk þeirrar aðal-breytingar eru þau nýmæli í frumvarpinu, að ekki er sett neitt lágmark tölu fundarmanna, nema óviðráðanleg atvik hamli ferðum manna, að kosningarrjettur er eigi lengur bundinn því skilyrði, að sóknarmaður gjaldi til prests og kirkju, og loks er fyrirskipuð leynileg kosning á líkan hátt og við kosningar til alþingis.

Vjer erum samdóma þeim, sem um frumvarpið hafa fjallað á undan oss, að hjer er um góða rjettarbót að ræða, geymum vjer umræðunni frekari athugasemdir, og leggjum til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt.

Neðri deild alþingis, 31. ágúst 1907.

L. H. Bjarnason, formaður. Þórh. Bjarnarson, skrifari og framsögum.

Magnús Andrjesson. Jón Jónsson. Ólafur Briem.

Pjetur Jónsson, Árni Jónsson.

Nd. **496. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um ellistyrk presta og eftirlaun.

Frumvarp þetta er til vor komið í þeirri mynd, sem milliþinganefnd í kirkjumálum gekk frá því.

Eftirlaun presta verða nú hækkuð í 15 kr. fyrir hvert þjónustuár, og greiðast öll af landssjóði, og auk þess verða prestar nú skyldaðir til, að safna sjer ellistyrk og verja til þess 2% árlega af byrjunarlaunum sínum.

Vjer ráðum deildinni að samþykkja frumvarpið með nokkrum innskotsorðum í 11. gr., sem gjörð verður grein fyrir í framsögunni.

VIÐAUKATILLAGA

nefndarinnar er við 11. gr., að á eftir orðunum »sem eftirlaunum eiga að svara«, komi: eða á annan hátt komast undir ákvæði hinna nýju launalaga.

Neðri deild alþingis, 31. ágúst 1907.

Lárus H. Bjarnason formaður. Þórh. Bjarnarson skrif. framsm. Árni Jónsson. Magnús Andrjesson.

Jón Jónsson. Pjetur Jónsson. Ólafur Briem.

Nd. **497. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri.

Um frumvarp þetta er líkt að segja og frumvarpið um eftirlaun presta,

Þetta frumvarp er og með öllu óbreytt frá því, er milliþinganefndin gekk frá því.

Vjer teljum rjett, að frumvarp þetta verði að lögum með þessum breytingum:

1. Við 4. gr.
   Í staðinn fyrir »landssjóðs« komi: prestalaunasjóðs.
2. Við 8. gr.
   Á eftir »jafnóðum og hin eftirlaunaskyldu prestaköll losna« komi: eða á annan hátt komast undir ákvæði hinna nýju launalaga.

Neðri deild alþingis, 31. ágúst 1907.

Lárus H. Bjarnason	Þórh. Bjarnarson		Árni Jónsson
formaður.	skrif. og framsögum.		
Magnús Andrjesson,	Ólafur Briem,	Jón Jónsson,	Pjetur Jónsson.

Ed.

498. Tillaga til þingsályktunar.

Flutningsmaður: Þórarinn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina, að selja þjóðjarðir þær, sem umkvörtun hefur komið yfir til þingsins, frá kaupsbeiðendum, að þeir ekki vildu kaupa með því verði, er stjórnarráðið hefur sett, fyrir eftirfylgjandi verð:

Sveinsstaði í Húnavatnssýslu	fyrir kr.	2,700
Kornsá í sömu sýslu	— —	4,500
Brúsastaði í sömu sýslu	— —	2,200

Nd.

499. Tillaga

til þingsályktunar um gagnskifti á dönskum og íslenskum bókum.

(Eftir eina umr. í Ed.)

Alþingi skorar á stjórnina að leita samninga við stjórn Dana um, að hún hlutist til um, að Landsbókasafninu verði látið ókeypis í tje 1 eintak af helstu bókum og tímaritum, sem prentaðar eru árlega í Danmörku til uppbótar fyrir þau 3 eintök af öllum íslenskum bókum og blöðum, sem íslenskar prentsmiðjur eru skyldar til að láta af hendi handa hinni konunglegu bókhlöðu og háskólabókasafninu í Kaupmannahöfn.

Nd.

500. Frumvarp

til laga um breyting á 2. gr. laga 7. nóvember 1879 um breytingar á eldri lögum um siglingar og verslun á Íslandi.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Gjald fyrir verslunarborgarabrjef skal vera 200 kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Nd. **501. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um öryrkjastyrk.

Frá ráðherra.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum »handa öryrkjum« í fyrstu málsgrein, komi: en öryrkjar teljast í lögum þessum menn, sem eru frá verki sakir ellilasleika eða langvinnrar heilsubilunar.
2. — 2. — Aftan við b. bætist nýr liður:
   c, Fjelausir menn, sem fyrir ómaga eða ómögum eiga að sjá, og ekki greiða neitt útsvar.
3. — 11. — Aftan við orðin »á ári hverju« bætist: að jafnaði, ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram.
4. — 13. — Í stað orðanna í 1. málsgrein »úthluta skal« komi: úthlutað er.
5. — sömu málsgrein: Aftan við orðin »bæjarstjórnir og hreppsnefndir« bætist: með ráði hlutaðeigandi sóknarprests og hjeraðslæknis.
6. — sömu málsgrein: Aftan við orðin »sveitarstyrk árið áður« bætist: standa ekki í sveitarskuld.
7. — 13. gr. 2. málsgrein. Í stað orðanna: »hefur verið« komi: er.

Ed. **502. Frumvarp**

til laga um viðauka við lög um bæjarstjórn í Akureyrarkaupstað 8. okt. 1883.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Með hafnarreglugjörð fyrir Akureyrarkaupstað, er stjórnarráðið gefur út eftir tillögu bæjarstjórnar Akureyrar, má setja ákvæði um lögreglu á höfninni og leggja sektir við brotum gegn ákvæðum reglugjörðarinnar. — Fyrirmæli þessi ná einnig til afnota af hafnarvirkjum og öðrum mannvirkjum við höfnina.

2. gr.

Með reglugjörð, er stjórnarráðið staðfestir, getur bæjarstjórnin stofnsett og komið skipalagi á almenna vatnsveitu fyrir kaupstaðinn, og fráræslu.

Þegar þessi fyrirtæki, eða annaðhvort þeirra, er komið til framkvæmdar, má eftir gjaldskrá, er stjórnarráðið staðfestir, leggja alment gjald til bæjarsjóðsins á notendur fyrir afnot þess. Gjald þetta má taka lögtaki eftir lögum 16. des. 1885.

3. gr.

Nú reynist nauðsynlegt að taka eignarnámi lóðareignir einstakra manna eða önnur rjettindi til almennings nota við höfnina eður skipakvína, eða þurfi að taka

óbygða lóð eða lóðarafnot, til þess að koma í framkvæmd fyrirtækjum þeim, er nefnd eru í 2. gr., og skulu þá eigendur skyldir að láta þær eignir eða rjettindi af hendi við bæjarstjórnina, en greiða skal eigendum fult endurgjald úr sjóði kaupstaðarins.

4. gr.

Rísi ágreiningur milli bæjarstjórnar og eiganda út af eignarnámi, skal skorið úr ágreiningnum á þann hátt, er fyrir er mælt í lögum nr. 57, 10. nóv. 1905, um skyldu eigenda til að láta af hendi við bæjarstjórn Akureyrar eignarrjett og önnur rjettindi yfir Glerá og landi með fram henni.

Tilnefning matsmanna skal fara fram á þann hátt, er ákveðið er í nefndum lögum.

Ed. **503. Nefndarálit**

um frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Sakir tímaskorts verður eigi unt að gjöra nákvæmlega grein fyrir öllum þeim breytingum, er nefndin hefur gjört við fjárlagafrumvarpið að þessu sinni, og látum vjer oss því nægja, að drepa á hinar helstu breytingar, er vjer leggjum til, að gjörðar verði, en geymum framsögunni og umræðunum um málið margt það, er vjer að öðrum kosti mundum fram hafa tekið í nefndarálitinu.

Þrátt fyrir hina miklu tekjuhækkun, 379,752 kr. frá tekjuáætlun stjórnarinnar, er mestmegnis stafar af framlenging tollaukalaganna 29. júlí 1905 og hækkun á útflutningsgjaldi af síld, hefur þó sú raun á orðið, að frumvarpið sýnir tekjuhalla að upphæð kr. 32,077,67. Þetta er að vísu eigi há upphæð, en þegar þess er gætt:

Að tekjuáætlunin er bæði í eðli sínu óviss og auk þess í djarfasta lagi (sbr. br.-till. vora við 4. gr. 3).

Að handbært fje landssjóðs í árslok 1905 var eigi nema rúmar 590 þús. kr.

Að þungar álögur og enn ógreiddar skuldir, um fram fjárhagsáætlun, hvíla á landssjóði á yfirstandandi fjárhagstímabili (t. d. safnabygging, áætluð 160 þús. kr., en verður 40—50 þús. kr. dýrari með húsbúnaði o. fl., breyting alþingishússins, er tæplega mun kosta minna en 70—80 þúsundir, að ógleymdum heimboðskostnaðinum, sem ætla má að ekki verði minni en 150 þús. kr.).

Að háttv. neðri deild hefur láðst að reikna til útgjalda landssjóði við 10. grein kostnað við 2 milliþinganefndir, er tæplega verður minni en 14 þús. kr.

Að 7. gr. frumvarpsins krefst 500 þús. króna lántöku fyrir landssjóð til að standast útgjöldin.

Að fjáraukalögin fyrir 1906 og 1907 hækka útgjöld landssjóðs á yfirstandandi fjárhagstímabili um 144 þús. kr., auk ýmsra laga t. d. vitalaganna, er hafa stórfeldan kostnað í för með sjer — þá verður þessi tiltölulega litla upphæð há og iskyggileg.

Að ráða bót á þessu fjárhagsböli, eða rjettara sagt, rýra það til muna, telur nefndin nauðsynlegt, og kemur þá fyrst til athugunar sá nýr útgjaldaliður, er þyngstur er á landssjóði, en það eru hinir nýju símar og talsímar.

Um hina miklu nytsemi ritsíma og talsíma efast nefndin eigi, en hins vegar telur hún ógjörlegt og landssjóði ómögulegt, að verða við ósk *allra í einu*. Hjer er því úr vöndu að ráða, þar sem kjósa skal annars vegar en hafna hins vegar. Þó hefur nefndin, eftir allrækilega athugan, því nær einhuga ráðið til, að fella burt úr frumvarpinu liðina 3, 8, 10, en lækka landssjóðstillagið við 12. lið um 3,000 kr. og á þann hátt lækka útgjöld landssjóðs um 76,767 krónur. Ástæður fyrir þessu vali voru munum vjer færa í framsögunni.

Þá skal í fám orðum minnast á þann útgjaldalið, er einn er stærstur þeirra, er vjer ráðum til að fella úr frumvarpinu, en það er brú á Ytri Rangá (13. gr. B. 3. b.), kostnaðaráætlun 29,000 kr., á Ægissíðufossi. Verði þessi brú nú þegar ákveðin, þá er óvíst, hvort hún eigi verður á óheppilegum stað. Að vísu kostar brú á Ægissíðuhöfða, samkvæmt áætlun verkfræðingsins, 26 þúsund krónum meira en á Ægissíðufossi, en talsvert skarð í þann mismun heggur lykkja sú á leiðinni, sem brúarstæði á Ægissíðuhöfða veldur almenningi, auk þess sem krókur sá kostar landssjóð í vegalagning 11 þúsund krónur og hjeraðið meiri viðhaldskostnað á lengri vegi, þegar fram í sækir. Þrátt fyrir 15 þús. króna reikningslega rjettan mismun á dýrleika brúarstæðanna, treystist nefndin þó eigi til að mæla fram með þessum lið og kýs heldur að afgjört verði um þetta mál á næsta þingi, þegar hjeraðsbúar hafa ótvírætt látið í ljósi vilja sinn, í von um að þeir kjósi heldur að fá brúna 2 árum seinna, heldur en nú þegar, þar sem þeir mundu síður óska.

Þá ráðum vjer til að fella styrkinn til skólabyggingar á Grund í Eyjafirði, að upphæð 7,500 kr. Að vísu er það höfðinglegt boð og drengilegt, að bjóða fram að gjöf 15000 krónur til opinberra þarfa gegn þriðjungs tillagi frá landssjóði, en landssjóður þarf í mörg horn að líta, og *brýna* nauðsyn sjáum vjer eigi til, að setja á stofn skóla í nánd við Akureyrarskólann, er fer í sömu eða líka átt sem hann og mundi hafa mikinn reksturskostnað í för með sjer.

Að síðustu viljum vjer geta þess, að vjer neyðumst til að ráða háttv. deild til að fella flestallar þær lánveitingar úr viðlagasjóði, er um getur í 21. grein, af þeirri mjög svo einföldu ástæðu, að vjer eygjum ekkert fje í landssjóði til lúkningar þeim gjaldabálki, að upphæð frekar 380 þús. krónur.

Að svo mæltu leyfum vjer oss að ráða h. háttv. deild til að samþykkja þær breytingartillögur, er vjer höfum giört við frumvarpið og prentaðar eru á sjerstöku skjali.

Skrá yfir þær nýjar fjárbeiðnir, er borist hafa nefndinni, mun verða prentuð innan skamms og lögð fyrir deildina.

Efri deild alþingis, 1. d. sept. 1907.

Eiríkur Briem	Jón Jakobsson	Guðjón Guðlaugsson.
formaður.	skrifari og framsögum.	
Jóh. Jóhannesson.		Sigurður Jensson.

Ed.

504. Breytingartillögur

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 3. gr. 1. Athugasemdin falli burt.
2. — 4. — 3. Fyrir »10,000—10,000—20,000« komi: 10,000—5,000—15,000.
3. — 7. — Í stað orðsins »skal« komi: má, og í stað orðanna »Lánið—að telja« komi: þannig, að lánið afborgist á alt að 15 árum frá 1. jan. 1910 að telja.
4. — 10. — Í stað: »1600 kr. alls 51,600 kr.«, komi: 1600 kr. og til millibinganefnda alt að 14,000 kr., alls 65,600 kr.
5. — 12. — 9. Í stað »a. Styrkur til sjúkrahúsa — 400 kr.« komi:
   a. Styrkur til sjúkrahússins á Akureyri 400 kr.
   b. Styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði 400 kr.
   c. Styrkur til sjúkrahússins á Seyðisfirði 400 kr.
   d. Styrkur til sjúkrahússins á Patreksfirði 300 kr.
6. — 12. — 9. b.—e. Liðirnir b., c., d., e., verða: e., f., g., h.
7. — 12. — 9. Á eftir »e.«, sem verður »h.«, komi 2 nýir liðir:
   i. Styrkur til sjúkrahúsa til að halda lærðar hjúkrunarkonur, alt að 200 kr. til hvers . . . . . 600 kr.
   j. Styrkur til reksturs sjúkraskýla alt að 100 kr. til hvers . . . . . 500 kr.
8. — 12. — 9. f. (sem verður k.): Orðin »alt að þriðjungi byggingarkostnaðar« falli burt.
   Í stað »1,000 kr.« komi: 500 kr., og í stað »4,000« komi: 2,000.
9. — 12. — 9. g. (sem verður l.). Orðin: »þó ekki — hverjum« falli burt. Fyrir »1,200« komi 600.
10. — 13. — A. 4. a. Á eftir »póstmeistara« komi: eftir reikningi alt að.
11. — 13. — A. 4. f. Í stað »1,400« komi: 1,600.
12. — 13. — A. 4. g. Í stað »600« komi: 400.
13. — 13. — B. I. 1. a. Í stað »3,500—3,500« (innanstryks) og »10,000—9,000« (utanstryks) komi: 3,000—3,000 (innanstryks) og 9,500—8,500 (utanstryks). Athugasemdin falli burt.
14. — 13. — B. III. b. Liðurinn falli burt.
15. — — — B. III. Fyrir »7000 kr.« (í síðari athugasemdinni) komi: 5000 kr.
16. — — — B. VIII. Fyrir »16,000« komi: 16,500.
17. — — — C. 2. a. Aftan við athugasemdina bætist: »og 250 kr. hvort árið til að halda uppi reglubundnum mótorbátsferðum á milli Reykjavíkur, Kjalarness, Laxvogs og Hvalfjarðarstrandar.
18. — — — C. 2. b. Í stað »6,000« komi: 8,000. Aftan við liðinn bætist þessi athugasemd: Styrk þessum má, ef hlutaðeigandi sýslunefndir óska þess, verja til tveggja mótorbáta, er gangi, annar aðallega um norðurhluta Breiðafjarðar, en hinn um suðurhlutann, og skiftist styrkurinn jafnt milli bátanna.
19. — — — C. 2. c. Fyrir »alt að 5,000« komi: til sumar- og vetrarferða alt að 6,000.
20. — — — C. 2. Fyrir »geti gengið« (í 2. athugasemd) komi: gangi.

21. Við 13. gr. C. 3. Fyrir »gufu- og mótorbátsferða« komi: gufu- eða mótorbátsferða.
22. — — — D. I. »... kr. 13,000 ... 22,000« (innanstryks) falli burt.
23. — — — D. II. 2. Í stað »25,000 — 63,500« komi: 20,000 — 68,500.
24. — — — D. II. 3. Liðurinn falli burt.
25. — — — D. II. 8. Liðurinn falli burt.
26. — — — D. II. 10. Liðurinn falli burt.
27. — — — D. II. 12. Fyrir »6,000« komi: 9,000 og fyrir »12,000« komi: 9,000.
28. — 14. — A. b. 5. Liðurinn orðist: Uppbót til Bjarna Mathiesens fyrir að flytja hús sitt burt úr kirkjugarði Reykjavíkur, f. á. 2,000.
29. — — — A. b. 6. Liðurinn falli burt.
30. — — — B. II. 6. Í stað »400« komi: 200.
31. — — — B. VII. b. 3. Fyrir »8,000« (síðara árið) komi: 6,000.
32. Á eftir 14. gr. B. VII. b. 3 komi nýr liður: »Byggingarstyrkur til skólans á Heydalsá . . 500 kr. (fyrra árið).
33. Við 14. gr. B. VII. o. Liðurinn falli burt.
34. — 14. gr. B. VIII. komi nýr liður (IX.): Styrkur til Ingibjargar Guðbrandsdóttur til að kenna sveitastúlkum leikfimi 500—500—1000. Liðatalan breytist samkvæmt því.
35. — 14. gr. B. X. b. Liðurinn falli burt.
36. — 14. gr. B. X. c. Liðurinn falli burt.
37. — 14. gr. B. X. d. Liðurinn falli burt.
38. — 14. gr. B. X. e. Liðurinn falli burt.
39. — 15. gr. 1. c. Í stað: »450—900« komi: »500—1,000«. Samtalan breytist eftir því.
40. — 15. gr. 2. c. Fyrir: »Stykkishólmi« komi: »Vesturamtinu«.
41. — 15. gr. 2. athugasemdin. Fyrir: »hlutaðeigandi bæjarfjelög og sýslunefnd« komi: bæjar- og sýslufjelög.
42. — 15. gr. 21. Fyrir: »2,000—2,000« komi: 1,600—1,600.
43. — 15. gr. 25. Liðurinn falli burt.
44. — 15. gr. Á eftir 26. lið komi nýr liður: »Styrkur til Jóns ritstjóra Ólafssonar til að semja og búa undir prentun íslenska orðabók með íslenskum þýðingum 60 kr. fyrir hverja prentaða örk alt að 2,100—2,100.
45. — 16. gr. 10. Í stað »16,000 — 14,000« komi: 15,000 — 13,000.
46. — 16. gr. 11. a. og b. 3,000 — 500 — 3,500 (síðara árið) falli burt.
47. — 16. gr. 21. athugasemd.
Í stað »sjá um — hleðsluskjöl þeirra« komi: rita vottorð um það á hleðsluskjölin, hvort yfirmatsmaðurinn hafi metið gæði vörunnar eða eigi.
48. — 16. gr. 26. Liðurinn falli burt.
49. — 18. gr. Á eftir »til Hannesar pósts 200 kr.« komi: til Gísla pósts Eiríkssonar 200 kr.; til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.
50. — 18. gr. Í stað »800 kr.« komi: 700 kr.
51. — 18. gr. Orðin »Til Tómasar Davíðssonar 200 kr.« falli burt.
52. — 18. gr. Á eftir »Enn fremur til« (í enda greinarinnar) komi: séra Arnórs Þorlákssonar á Hesti 1000 kr. til.

53. — 18. gr. Í stað »400 kr. fyrra árið« komi: 400 kr. og til ekkjunnar Gíslínu Friðriksdóttur 400 kr., fyrra árið til hvers þeirra.
54. — 21. gr. 3. málsgrein: Fyrir »30,000 kr.« komi: 10,000 kr.
55. — 21. gr. 4. málsgrein: Fyrir »15,000 kr.« komi: 5000 kr.
56. — 21. gr. 5.—11. málsgrein: Málsgreinarnar falli burt.
57. — 21. gr. Á undan næst-síðustu (12.) málsgrein komi ný málsgrein: »Klæðaverksmiðjunni »Iðunni« veitist gjaldfrestur um næstu 5 ár af láni því, er hún hefur úr viðlagasjóði.

Nd. **505. Breytingartillaga**

við breytingartillögur við frumvarp til laga um húsmæðraskóla á þingskjali 450.

Flutningsmaður: Lárus H. Bjarnason.

Við 1. lið.

Í stað: »skal vera skóli« komi: má stofna skóla.

Nd. **506. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um verndun fornmenja,

Nefndin, er efri deild skipaði í máli þessu, hefur lagt all-mikla alúð við það, og fengið samþyktar mjög verulegar breytingar á hinu upphaflega stjórnarfrumvarpi, svo að málið, eins og það nú er afgreitt frá hinni háttv. efri deild, er orðið miklu umfangsmeira og viðtækara en áður. Vjer, sem hin háttv. neðri deild hefur kosið til að íhuga frumv. þetta, teljum breytingar þessar og viðauka til bóta og frumvarpið góða og nauðsynlega rjettarbót í þeirri mynd, er það nú liggur fyrir. Með því að nú er einnig orðið svo áliðið þingtímans, að nýjar breytingar á frumvarpinu gætu orðið til þess, að það dagaði uppi í þetta sinn, og þess viljum vjer ekki verða valdandi, þá ráðum vjer hinni háttv. deild til, að samþykkja það óbreytt.

Neðri deild alþingis, 2. september 1907.

Pjetur Jónsson, formaður.	Guðl. Guðmundsson.	Hannes Þorsteinsson, skrifari og framsögum.

Nd. **507. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um lóðarlögnám vegna vatnsveitu Reykjavíkur, um vatnsskatt o. fl. (þingskj. 231).

Frá ráðherra.

1. 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

Bæjarstjórn Reykjavíkur veitist einkaleyfi til þess að leggja vatnsveitu

í pípum neðanjarðar til Reykjavíkur og um kaupstaðinn. Landeigendur á því svæði, þar sem bæjarstjórnin ákveður að vatnsveitan skuli vera, skulu skyldir til að láta í tje nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og brunnum í landareign þeirra, þó svo, að þeir sjeu eigi með því sviftir nægilegu vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa. Svo skal þeim og skylt, að láta af hendi lóð og landsafnot til hverskyns mannvirkja, sem með þarf til þess að safna vatninu og veita því, þar með talið grjóttak, malartekja og rista, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sjer, alt gegn því að fult endurgjald komi fyrir. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því að eins greiddar, að álitið verði, að landeigandi bíði skaða við það.

Verði ekki samkomulag milli bæjarstjórnar annarsvegar og landeiganda eða lóðareiganda hinsvegar um endurgjaldið eða framkvæmd einhvers atriðis, þess er að framan greinir, skal eignarnám fram fara. Utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur skal það framkvæmt af þriggja manna nefnd, er sker úr því, hvað taka skuli, og ákveður endurgjaldið. Í nefndina nefnir bæjarstjórnin einn mann, landeigandi annan og stjórnarráðið hinn þriðja. Tilnefni landeigandi engan, skal dómkveðja mann við varnarþing hans. Innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur skal eignarnámið framkvæmt af tveim dómkvöddum, óvilhöllum mönnum, sem ekki eiga sæti í bæjarstjórn. Bæjarsjóður Reykjavíkur greiðir allan matskostnað.

2. Við 2. gr. Í stað orðsins »fullgjört« komi: komið á.

3. Í stað 3. greinar komi ný grein, svo hljóðandi:

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal bæjarstjórninni heimilt að heimta vatnsskatt af öllum húseignum í lögsagnarumdæminu (sbr. 4. gr.). Upphæð skattgjaldsins alls ákveður bæjarstjórnin, en hún má eigi fara fram úr 5‰ (fimm af þúsundi) af brunabótavirðingu húseigna, er skatti þessum eiga að svara. Skatturinn skal lagður á hinar einstöku húseignir eftir gjaldskrá, með flokkun eftir hæð virðingarverðs og tölu íbúða í húsunum, og má eigi nema meiru en 6‰ af brunabótavirðingu á neinni húseign. Húseigandi greiðir gjaldið.

Sjerstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur fyrirtæki, er vatn nota til annars, en venjulegra heimilisþarfa, svo og á þá, er hafa vatnshana utanhúss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna. Þessi gjöld skulu og ákveðin í gjaldskránni. Bæjarstjórn semur hana, en stjórnarráðið staðfestir og veitir staðfestingin gjöldunum lögtaksrjett sem öðrum bæjargjöldum.

4. Við 7. gr. Aftan við orðið »sektum« bætist: ef verkið er ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við eftir hinum almennu hegningarlögum.

5. Fyrirsögn frumv. verði:

Frumvarp til laga um vatnsveitu fyrir Reykjavík.

Ed.

508. Nefndarálit

um frumvarp til laga um vegi.

Vjer, sem háttvirt Efri deild hefur falið að athuga frumvarp þetta, erum sammála um, að í því felist mjög þýðingarmiklar og hagkvæmar umbætur á vegamálalöggjöf landsins. Vjer teljum það þýðingarmikið, að við undirbúning frumvarpsins hefur verið gjörð nokkurn veginn ákveðin áætlun um hinar nauðsynlegustu vegagjörðir, og má væntanlega treysta því, að landsstjórn og þing leggist á eitt með að koma þeim í framkvæmd sem fyrst.

Helsta nýjungarákvæði frumvarpsins er það, að sýslufjelögin skuli eftirleiðis kosta viðhald akbrauta og akfærra þjóðvega, enda markar það algjörða stefnubreyting á vegamálum vorum. Föllumst vjer á, að þessi breyting sje rjettmæt og hyggjum, að hún muni annars vegar auka framkvæmdir í vegagjörðum, en hins vegar tryggja það nokkurn veginn, að hinar nauðsynlegustu vegagjörðir verði fyrst framkvæmdar.

Frumvarpið hefur verið rækilega undirbúið af hálfu stjórnarinnar og nákvæmlega athugað í háttv. Neðri deild, ráðum vjer því háttv. deild til að samþykkja það að mestu leyti óbreytt.

Þá viljum vjer leggja það til, að sú breyting verði gjörð á 3. gr. frumv., að vegurinn frá Hafnarfirði til Keflavíkur, verði ekki tekinn í þjóðvegatölu. Vjer viðurkennum, að vegur þessi sje gagnlegur og jafnvel nauðsynlegur fyrir hjeraðið, En þar sem alþingi hefur lofað að leggja fje til hans úr landssjóði til móts við Gullbringusýslu, hyggjum vjer að sæmileg trygging sje fengin fyrir því, að vegagjörðin verði framkvæmd. Hins vegar er vegur þessi, samkvæmt staðháttum, að eins sýsluvegur.

Þá leggjum vjer til, að tillag landssjóðs til viðhalds akbrautarinnar um Fagradal verði hækkað úr $^1/_4$ upp í $^1/_3$. Akbraut þessi liggur um fjallveg og óbygðir því nær alla leið, og verður auk þess til gagns að eins fyrir lítinn hluta af Múlasýslunum, svo viðhaldið kemur hart niður á sýslusjóðina, er auðvitað hafa margar og þungar vegakvaðir aðrar.

Samkvæmt því, sem þannig er sagt, ráðum vjer hv. deild til að samþykkja þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 3. gr. 11. lið. Liðurinn falli burt.
2. Við 8. gr. a. fyrsta lið. Í stað orðanna »að einum fjórða« komi: að einum þriðja.

Alþingi, 2. sept. 1907.

Jóh. Jóhannesson, formaður — Steingrímur Jónsson, skrifari og framsögumaður — Guttormur Vigfússon,

Þorgr. Þórðarson — Þórarinn Jónsson.

Ed. **509. Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908—1909.
frá ráðherra.

1. Við 2. gr. 7. Liðurinn falli burt.
Samlagningar breytast eftir því.

Nd. **510. Breytingartillögur**
við frumvarp til laga um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins m. m.
Flutningsmaður: Guðm. Björnsson.

1. Við 1. gr. Fyrir »15000 kr.« komi: 10000 kr.
2. — 2. — Fyrir »4%« komi: 4½%.
3. — 2. — Fyrir »½%« komi: 1%.
4. — 13. — Greinin falli burtu.
5. — 14. — Greinin falli burtu.
6. — 15. — Greinin falli burtu.
7. — 16, — Greinin falli burtu.
8. — 17. — Greinin falli burtu.
9. — 18. — Greinin falli burtu.

Ed. **511. Frumvarp**
til laga um tollvörugeymslu og tollgreiðslufrest.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Þá er tollskyldar vörur flytjast til fastaverslunar, getur kaupmaður sá, er tolli á að svara, fengið frest á tollgreiðslu, ef hann leggur til hús eða herbergi það, er lögreglustjóra þykir fulltryggilega útbúið, og flytur þar inn hinar tollskyldu vörur, er frestað er að greiða toll af, og skal lögreglustjóri innsigla dyr hússins eða herbergisins svo og glugga, ef þess gjörist þörf.

Ef vörugeymsluhús fyrir tollskyldar vörur verða reist í kaupstöðum landsins til almennings afnota, og stjórnarráðið telur þau fulltryggileg, getur það leyft, að kaupmenn á þeim stöðum sendi kaupmönnum á öðrum höfnum innanlands, svo og til útlanda, tollskyldar vörur, er þar hafa verið geymdar, án þess að svara tollinum. Tollvöruskrá frá lögreglustjóra í hlutaðeigandi kaupstað skal fylgja skipsskjölunum þangað, sem tollvaran á að fara í land hjer á landi og ber skipstjóra, að viðlagðri 10—200 kr. sekt, að afhenda lögreglustjóra eða umboðsmanni hans tollvöruskrána um leið og varan er afhent frá skipi.

Lögreglustjóri innheimtir svo toll af slíkum vörum, á sama hátt og þær kæmu frá útlöndum.

Lögreglustjóri skal ransaka hve miklar tollvörur eru látnar í geymslu, og ber eiganda að greiða tollinn af þeim að fullu, þótt svo reynist, að rýrnun hafi átt sjer síðar stað, eða vörurnar farist á annan hátt.

2. gr.

Það er á ábyrgð kaupmanns að innsiglum sje ekki raskað nje í húsið eða herbergið farið á neinn hátt, án þess lögreglustjóri sje þar við, eða umboðsmaður hans, eða leyfi hans komi til (sbr. 3. gr.).

Nú er innsiglum raskað eða í húsið farið eða herbergið án leyfis lögreglustjóra, og er það kaupmanni sjálfrátt, eða vangeymslu, hans um að kenna, þá fellur þegar í gjalddaga tollur af hinum geymdu vörum, og greiði kaupmaður tvöfalt tollgjald við það, er ella hefði verið.

En sje innsiglum raskað eða í húsið farið án vitundar kaupmanns eða vilja, svo sem með innbroti eða á annan þann hátt, er kaupmanni verður ekki gefin sök á, enda tilkynni hann þetta lögreglustjóra tafarlaust, þá fellur þegar í gjalddaga tollur af þeim vörum öllum, er þar voru geymdar inni, en kaupmaður sje vítalaus að öðru leyti.

3. gr.

Nú vill kaupmaður fá lögreglustjóra til að rjúfa innsigli, svo að út verði teknar tollskyldar vörur, og innsigla húsið eða herbergið á ný, og skal kaupmaður greiða lögreglustjóra borgun fyrir ómak hans og ferðakostnað að auki, ef hann á sjer stað. Svo er og um borgun fyrir innsiglun samkvæmt 1. gr. Þyki kaupmanni sá reikningur of hár, verður hann að greiða hann engu að síður, en skjóta má hann honum til úrskurðar stjórnarráðs Íslands, og er það fullnaðar úrskurður.

Nú vill kaupmaður taka út allar þær vörur, er hann á í tollgeymslu, og er þá rjett að lögreglustjóri leyfi honum að rjúfa sjálfur innsiglin, en greiða skal kaupmaður áður fyrir fram að fullu tollinn af þeim vörum öllum, sem þá eru í geymslu þar, og ber þá lögreglustjóra engin borgun fyrir leyfið.

4. gr.

Lögreglustjóri getur, ef hann vill, látið löggiltan umboðsmann sinn framkvæma þau störf, er honum eru falin með lögum þessum.

5. gr.

Tolli skal að fullu lokið innan árs frá því er tollvaran var flutt inn í landið eða úr tollvörugeymslu í kaupstað, til annara hafna á Íslandi.

6. gr.

Lögreglustjóri heldur sjerstaka bók yfir allar þær vörur, sem í tollgeymslu eru látnar, og skal bókin bera með sjer:

1. Hvenær varan er innflutt.
2. Hvenær sett í tollgeymslu.

3. Hvað mikið er af hverri vörutegund.
4. Hvenær vörurnar eru teknar út og hvert þær fara.
5. Hvenær tollurinn er greiddur.

7. gr.

Lög um tollgreiðslu 22. maí 1890 eru úr lögum numin.

Ed.

512. Frumvarp

til laga um stofnun húsmæðraskóla.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á Norðurlandi má stofna skóla, er nefnist húsmæðraskóli, með því markmiði, að veita konum þá kunnáttu, bóklega og verklega, sem nauðsynleg er hverri húsmóður í búanda stöðu og gjörir hana færa um köllun sína. Skólinn skal vera í sveit, þar settur, sem hagkvæmast þykir til aðsóknar af Norður- og Austurlandi, og hafa jörð til nauðsynlegra afnota. Stjórnarráðið ákveður að öðru leyti hvar skólinn er settur.

2. gr.

Stjórnarráð Íslands hefur yfirumsjón skólans. Það skipar forstöðukonu fyrir skólann, og hefur hún á hendi daglega stjórn skólans og skólaheimilisins. Að öðru leyti eru forráð skólans falin 3 manna nefnd, og er forstöðukonan sjálfkjörin í hana. Meðstjórnendur hennar eru kosnir til 4 ára hvor, þannig, að sýslunefndin í hjeraðinu, þar sem skólinn á heima, kýs annan, en stjórn Búnaðarfjelags Íslands hinn. Gengur annar þeirra úr nefndinni eftir hlutkesti þá er 2 ár eru liðin frá því stjórn var sett, og síðan á víxl, þá er kjörtími hvors um sig er liðinn.

3. gr.

Forstöðukona hefur á hendi kenslu við skólann, og skal hún hafa leyst af hendi próf, er sýni, að hún sje fær um kenslu í hinum helstu námsgreinum hans. Hún hefur að launum 1200 kr. á ári auk leigulauss bústaðar í skólanum.

Skólanefnd ræður þá kennara aðra, er nauðsyn krefur, með samþykki stjórnarráðs.

4. gr.

Skólinn hefur á hendi bæði bóklega og verklega kenslu.

Bóklega kenslan skal aðallega fara fram með fyrirlestrum í fræðigreinum þeim, er að húsmóðurstörfum lúta. Auk þeirrar kenslu skal sjerstök á-

hersla lögð á, að nemendur læri að tala og rita móðurmálið vel og skipulega, enn fremur sögu og landafræði Íslands og í sambandi við söguna sje sjerstaklega skýrð þýðing konunnar fyrir heimili og þjóðfjelag. Þá skal og kenna reikning og reikningsfærslu.

Verklega kenslan fer fram með munnlegri tilsögn og verklegri æfing í nauðsynlegum heimilisstörfum kvenna, og skal þar einkum kappkosta að innræta nemendum hagsýni, þrifnað, áhuga í verkum, reglusama vinnustjórn og heimilisforstöðu.

Kenna skal enn fremur dráttlist, söng og leikfimi, svo sem tími og kenslukraftar leyfa.

5. gr.

Aðalnámsskeið sje alt að 7 mánuðum (frá október til maí) ár hvert. En auk þessa skulu vera tvö námsskeið stutt á skólanum; annað að vori, þar sem nemendur fá tilsögn og æfing í garðrækt og fleiri vorstörfum; hitt að hausti og fá þá nemendur á sama hátt kenslu í notkun og geymslu garðávaxta (matjurta) svo og geymslu matvæla og fleiru, er að hauststörfum lýtur. Heimilt er konum utanskóla, að sækja kensluskeið þessi, eins og rúm leyfir á skólanum. En þó skulu hinir föstu nemendur sitja þar í fyrirrúmi

6. gr.

Skólinn á að geta tekið á móti 30 nemendum, er jafnframt hafi heimavistir í skólanum. Skal skólastjórnin sjá um, að nemendur geti komið á sameiginlegu mötuneyti.

7. gr.

Stjórnarráðið setur reglugjörð fyrir skólann, með samráði við skólanefndina. Sje þar, meðal annars, kveðið á um einstöku skilyrði, fyrirkomulag kenslunnar og vitnisburði.

8. gr.

Kostnaður við að gjöra skólann úr garði greiðist úr landssjóði, að öðru leyti en því, sem hjeruðin styrkja til þess. Kennaralaun og annar árlegur kostnaður greiðist og úr landssjóði. —

9. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda þá fyrst, er hjeruðin, er að skólanum lúta, hafa skuldbundið sig til að ábyrgjast 15,000 króna framlög til stofnunar skólans.

Ed. **513. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 66, frá 10. nóvbr. 1905, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Íslandsbanka er heimilað að hækka hlutafje sitt úr 3 miljónum króna upp í 5 miljónir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Ed. **514. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir Landsbankann í Reykjavík til að gefa út bankaskuldabrjef.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsbankanum í Reykjavík veitist heimild til að gefa út og selja bankaskuldabrjef, og má öll upphæð þeirra samanlögð nema alt að 2 milljónum króna; skulu greiðast af þeim $4^1/_2$ af hundraði í ársvexti.

2. gr.

Trygging fyrir bankaskuldabrjefunum er eign bankans og ábyrgð landssjóðsins, og skal tryggingin vera jafnt fyrir vöxtum sem höfuðstól skuldabrjefanna.

3. gr.

Upphæð skuldabrjefanna skal vera 100 kr., 1000 kr. og 10,000 kr., og skulu þau undirskrifuð af ráðherra Íslands og stjórn Landsbankans.

4. gr.

Þá er liðin eru 5 ár frá því er auglýst hefur verið, að bankinn sje farinn að gefa út áminnst skuldabrjef, skal bankinn taka að innleysa þau aptur eptir hlutkesti. Skal innleysa $^1/_{20}$ bankaskuldabrjefanna á ári, þannig, að bankinn hafi leyst þau öll til sín á næstu 20 árum þar á eptir. —

5. gr.

Útgáfa og innlausn bankaskuldabrjefanna liggur undir eptirliti landsstjórnarinnar og endurskoðunarmanna landsbankans. —

6. gr.

Með reglugjörð, er stjórnarráð Íslands gefur út samkvæmt tillögum bankastjórnarinnar, skal setja hin nánari fyrirmæli, er nauðsynleg eru, um útgáfu og innlausn bankaskuldabrjefanna, form þeirra og fyrirkomulag, um eptirlit landsstjórnarinnar með þessu starfi bankans, og önnur atriði, er hjer að lúta.

Nd. **515. Frumvarp**

til laga um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í hverri kirkjusókn landsins skal vera sóknarnefnd og í prófastsdæmi hverju hjeraðsnefnd til að annast þau kirkjuleg málefni, sem sóknina og prófastsdæmið varða.

2. gr.

Sóknarnefndin skal halda að minsta kosti einn almennan safnaðarfund ár hvert, til að ræða um kirkjuleg málefni safnaðarins.

Aukafundi skal halda, þegar meiri hluti sóknarnefndar fer fram á það.

Sóknarnefndin kýs sjer oddvita úr sínum hóp. Oddviti stýrir fundum nefndarinnar, en að öðru leyti skifta nefndarmenn störfum með sjer.

Sóknarnefndin skal gefa presti kost á, að sækja fundi sína.

3. gr.

Safnaðarfund skal boða með hálfs mánaðar fyrirvara, á kirkjufundi eða á annan hátt, sem tíðkanlegur er í sókninni.

Hamli veður, ófærð, umgangsveiki eða önnur ósjálfráð atvik ferðum manna, skal sóknarnefnd boða fund að nýju, ef meiri hluti atkvæðisbærra manna í söfnuðinum sækir ekki fundinn. Hamli ósjálfráð atvik aftur á móti ekki, skal halda fundinn, þó að meiri hluti kjósenda sje ekki mættur.

Um mál þau, er að lögum liggja undir samþykki safnaðarfundar, skal sóknarnefndin auglýsa tillögur sínar um leið og fundurinn er boðaður. Sóknarnefndin ber síðan tillögurnar fram til samþyktar á fundinum, og má þá þær einar breytingar á þeim gjöra, er sóknarnefndin aðhyllist.

Afl atkvæða ræður málsúrslitum á safnaðarfundum.

4. gr.

Aðalsafnaðarfund skal ætið halda í maímánuði, eða fyrri hluta júnímánaðar.

Á fyrstu aðalfundum eftir að lög þessi öðlast gildi, skal kjósa menn í allar sóknarnefndir á landinu. Þar sem 1000 manns eða fleiri eru í sókninni, skal kjósa 5, en þar sem færri eru, 3.

5. gr.

Hver sóknarmaður, karl eða kona, sem telst til þjóðkirkjunnar, er fullveðja og hefur óflekkað mannorð, hefur atkvæðisrjett á safnaðarfundi og kosningarrjett og kjörgengi til sóknarnefndar, kjörgengi þó því að eins, að löglega eigi með sig sjálfur.

6. gr.

Kosningin gildir fyrir 6 ár. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skifti, skulu, að þrem árum liðnum, 2 eða 3 ganga úr nefndinni, eftir því hvort tala nefndarmanna er 3 eða 5.

Geti nefndarmenn ekki komið sjer saman um, hverjir úr skuli ganga, ræður hlutkesti, en hinn hlutinn skal fara frá að 6 árum liðnum. Samkvæmt þessu fara síðan ávalt hinar tvær deildir nefndarmanna frá 3. hvert ár á víxl. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá sjerlegra orsaka vegna, áður en þau 6 ár eru liðin, er hann var kosinn fyrir, skal sá, er kosinn verður í hans stað, að eins sitja í nefndinni þann tíma af þeim 6 árum, sem eftir er. Þann, sem gengur úr nefndinni, má kjósa á ný; en hafi hann verið í nefndinni 3 ár eða lengur, er hann ekki skyldur að taka aftur við kosningu, fyr en liðinn er jafnlangur tími, og hann hafði verið í nefndinni.

Eins skal sá, sem orðinn er sextugur, mega skorast undan kosningu.

7. gr.

Sóknarnefndin skal, auk starfa þeirra, sem henni eru eða verða fengin með sjerstökum lögum, stuðla til þess, að guðsþjónusta safnaðarins fari sómasamlega fram, vera prestinum til aðstoðar í því, að viðhalda og efla góða reglu og siðsemi í söfnuðinum, styðja með honum uppfræðingu ungmenna og vera honum samhent um, að halda uppi samlyndi og friðsemi á heimilunum og meðal allra í söfnuðinum.

8. gr.

Sóknarnefndin annast kirkjusöng og hljóðfæraslátt samkvæmt lögum nr. 21, frá 22. maí 1890, og útvegar meðhjálpara við guðsþjónustuna.

9. gr.

Sóknarnefndin annast um kirkjugarða, samkvæmt lögum nr. 39, frá 8. nóv. 1901.

10. gr.

Nú hefir söfnuður umsjón og fjárhald kirkju, og skal þá sóknarnefnd hafa á hendi skyldur þær, er af því leiða.

11. gr.

Skylduvinnu þeirri, er sóknarmenn eiga til að leggja, þá er kirkja er

bygð, skal sóknarnefndin jafna niður. Hafa skal nefndin og umsjón með því, hvernig verkinu er hagað.

12. gr.

Nú hefir sóknarnefnd tekið að sjer innheimtu kirkjutekna, samkvæmt lögum nr. 20, frá 22. maí 1890, og fer um þá innheimtu eins og segir í nefndum lögum.

13. gr.

Sóknarnefndin hefur á hendi innheimtu sóknartekna samkvæmt lögum um laun presta.

14. gr.

Sóknarnefndin býr til kjörskrá til prestskosninga og tekur að öðru leyti þann þátt í undirbúningi undir kosningu presta, sem mælt er fyrir um í lögum um það efni.

15. gr.

Á aðalsafnaðarfundi skal kjósa einn safnaðarfulltrúa fyrir sóknina til 6 ára í senn, enda sjeu safnaðarfulltrúar kosnir um land alt á fyrstu aðalfundum eftir að lög þessi öðlast gildi. Um kosningu hans og kjörgengi gilda hinar sömu reglur, sem settar eru um kosningu sóknarnefndarmanna í 5. gr.

Safnaðarfulltrúar hafa 3 kr. fyrir dag hvern, sem þeir eru utan heimilis vegna hjeraðsfunda, og jafnar sóknarnefndin þeim kostnaði niður á alla atkvæðisbæra sóknarmenn.

16. gr.

Hjeraðsprófastur skal á ári hverju, í júní eða september, halda hjeraðsfund og kveðja til fundarins alla presta og safnaðarfulltrúa hjeraðsins, til að ræða og útkljá þau kirkjuleg málefni, er hjeraðið varða.

Prófastur stýrir fundinum.

17. gr.

Þá er hjeraðsfundur lögmætur, er meira en helmingur presta og safnaðarfulltrúa í því hjeraði eru á fundi. Það mál er samþykkt á hjeraðsfundi, sem hlotið hefur meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru.

18. gr.

Prófastur leitar álita fundarins um, hvernig prestar og sóknarnefndir gegni köllun sinni, einkum að því er lýtur að mentun og uppfræðing ungmenna. Á fundinum leggur prófastur fram endurskoðaða reikninga kirkna í hjeraðinu fyrir síðastliðið reikningsár, til umræðu og úrskurðar.

19. gr.

Hverjum fundarmanni er rjett, að bera upp á hjeraðsfundi tillögur sínar um sjerhvert það atriði, er lýtur að kirkjulegum málum og skipun þeirra,

svo sem uppfræðslu barna, reglu og siðsemi í söfnuðinum, eignum kirkna og meðferð á þeim, upptöku, niðurlagning og færslu kirkna, breyting á sóknum og prestaköllum.

Allar samþyktir hjeraðsfundar sendir prófastur biskupi. Ef fundarmenn úr sóknum þeim, sem hlut eiga að máli, greinir á við meiri hluta fundarmanna, þá er þeim heimilt, að fá bókaðan ágreining sinn við fundarsamþyktina, og er prófasti skylt, að senda biskupi ágreiningsálit þeirra með fundarsamþyktinni.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908 og eru lög nr. 5, frá 27. febrúar 1880, lög nr. 11, frá 12. maí 1882, að því er snertir byggingu kirkna, og lög nr. 18, frá 16. sept. 1893 jafnframt úr gildi numin.

Nd.

516. Frumvarp

til laga um sölu kirkjujarða.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúendum, er á kirkjujörð sitja, ábýli þeirra, með þeim takmörkunum og á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Heimild þessi nær eigi til kirkjujarða þeirra, sem prestar sitja á, eða að áliti sýslunefndar, þar sem jörðin liggur, eru hentugar til embættisseturs, fyrir skóla, sjúkrahæli eða til annara almennings nota.

Nú er kauptún, þorp eða verksmiðjuiðnaður fyrir á kirkjujörð, eða sýslunefnd telur líklegt, að slíkt komi þar upp innan skams, eða sýslunefnd hyggur jörðina sjerstaklega fallna til sundurskiftingar á milli margra grasbýla, og má þá eigi selja jörðina án sjerstakrar lagaheimildar í hvert skifti.

Ef óskað er kaups á fasteign, sem er í umráðum prests, er embættið hefur fengið, áður en lög þessi koma í gildi, og nýtur launa eftir núgildandi ákvæðum, þá má hann einskis í missa við söluna.

3. gr.

Þegar kirkjujörð er seld, samkvæmt lögum þessum, skal ávalt undanskilja náma, sem vera kynnu í jörðu eða finnast þar síðar, svo og rjett til að nota þá, en ábúanda bera fullar bætur, eftir óvilhallra manna mati, fyrir átroðning og jarðarusla, er af því leiðir, að þeir eru notaðir.

4. gr.

Nú er fleirbýli á kirkjujörð, og má þá selja einum þeirra, er á jörðinni búa, alla jörðina, ef hinir aðrir leiguliðar á henni samþykkja.

5. gr.

Nú er kirkjujörð í eyði, og má þá selja jörðina þeim, sem tekur jörðina til eigin nytja, þótt eigi taki hann þar aðsetur.

6. gr.

Sá er leita vill kaups á kirkjujörð, semur um það beiðni, stýlaða til landsstjórnarinnar, og sendir hana til oddvita sýslunefndar.

Ef beiðandi fullnægir skilyrðunum fyrir, því að geta fengið jörðina keypta eftir lögum þessum, leggur oddviti beiðni hans fyrir sýslunefnd á næsta fundi hennar, og skal hún láta uppi álit sitt um, hvort hún telji jörðina til þeirra kirkjujarða, sem getur um í 2. gr. 1. og 2. lið. Enn fremur skal sýslunefnd segja álit sitt um, hvort undan sölunni ætti að skilja skóglendi, fossa eða önnur jarðargögn, önnur en náma.

7. gr.

Nú telur sýslunefnd, að jörðin falli ekki undir ákvæðin í 2. gr. 1. og 2. lið, og dómkveður þá sýslumaður tvo óvilhalla menn, til þess að gjöra lýsingu á jörðinni ásamt öllu því, er henni fylgir og fylgja ber, og til þess að meta jörðina til peningaverðs. Verðið skal að öllum jafnaði miðað við það, að verðhæðin með 4% í ársvöxtu veiti sömu vaxtaupphæð og jarðargjöld og jarðabótakvöð nema í peningum til jafnaðar um síðastliðin 10 ár, ef leigumáli, að dómi matsmanna, hefur verið nægilega hár og honum hefur á því tímabili ekki verið breytt við ábúandaskifti, ella miða matsmenn við afgjald það, sem þeir telja hæfilegt, eftir leigumála jarða í því bygðarlagi. Jarðabótakvöð skulu matsmenn reikna til dagsverka, eins og tíðkast hefur við styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfjelaga, og telst hvert dagsverk jafngilda 1 kr. 25 aur. í öðru eftirgjaldi.

Nú hefur sýslunefnd látið í ljósi það álit, samkvæmt 6. gr., að undan sölu kirkjujarða ætti að skilja skóglendi, fossa eða annað, og skal þá meta jörðina að gæðum þessum meðtöldum og án þeirra.

8. gr.

Nú hefur ábúandi á næstu 10 árum áður en mat fer fram og án nokkurs styrks frá umráðamanni jarðar, gjört jarðabætur eða jarðarhúsabætur á kirkjujörð um fram það, er byggingarbrjef áskildi, og skulu þá matsmenn meta jörðina, eins og engar slíkar bætur hefðu verið gjörðar, þegar ábúandi sá, er þær gjörði, ekkja hans eða niðjar eru kaupendur.

9. gr.

Jafnframt því, er sýslumaður kveður matsmenn samkvæmt 7. gr., skal

hann útvega frá umráðamanni jarðarinnar skýrslur þær viðvíkjandi jörðinni, sem matsmenn þurfa, samkvæmt 7. og 8. gr., við mat sitt og lýsing á jörðinni, lætur sýslumaður skýrslur þessar fylgja útnefningarbrjefum til matsmanna. Umráðamanni jarðar er skylt, að láta skýrslur þessar í tje innan hæfilegs tíma, er sýslumaður tiltekur.

10. gr.

Lýsingu og matsgjörð sína á jörðu senda matsmenn, ásamt öllum tilheyrandi skjölum, til sýslumanns, er síðan lætur matsmennina staðfesta gjörðina fyrir rjetti, að til kvöddum kaupbeiðanda og umráðamanni jarðarinnar.

Beiðnina um kaupin, lýsingar og matsgjörðina, ásamt öllum öðrum málsskjölum, sendir sýslumaður að því búnu umráðamanni jarðarinnar, en hann afgreiðir málið áleiðis til landsstjórnarinnar, ásamt áliti sínu um það, svo fljótt, sem því verður við komið.

11. gr.

Nú vill eigandi jarðar, sem kirkjujörð á ítak í, leita kaups á ítakinu, og má þá selja honum það, ef samkomulag næst við umráðamann kirkjujarðar og önnur atvik eru því eigi til fyrirstöðu. Fer þá um beiðni, mat og afgreiðslu málsins á sama hátt og um kirkjujarðir eftir 6.—10. gr.

12. gr.

Landsstjórnin getur, þyki henni sjerstakar ástæður til, skipað fyrir um yfirmat á jörðum þeim og ítökum, sem til kaups eru föluð. Yfirmatsmenn skulu vera þrír og fer um kvaðning þeirra, sem segir í 7. gr.

Nú vill stjórnin ekki hlýta yfirmati og þarf þá sjerstakrar lagaheimildar til þess, að jörðin sje seld.

Borgun fyrir útnefningu matsmanna, matsgjörðina og staðfesting hennar, greiðir kaupbeiðandi sjálfur.

13. gr.

Nú kaupir ábúandi kirkjujörð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá greiða að minsta kosti tíunda hluta kaupverðsins um leið og kaupin eru gjörð. En um eftirstöðvarnar fer þannig, að ábúandinn gefur út skuldabrjef fyrir þeim með fyrsta veðrjetti í jörðinni, og greiðir þær síðan ásamt 4% í ársvöxtu með jöfnum árgreiðslum á eigi lengri tíma en 28 árum.

Kaupandi skal með hverri afborgun senda vottorð hlutaðeigandi hreppsstjóra um, að jörðin sje í sjálfsábúð.

Nú gengur jörð, sem seld hefur verið ábúanda samkvæmt lögum þessum, úr sjálfsábúð, áður en kaupverðið er að fullu greitt, og falla þá eftirstöðvar jarðarverðsins jafnskjótt í gjalddaga.

14. gr.

Nú er kirkjujörð eða ítak selt eftir lögum þessum, og ákveður ráð-

herrann söluverðið, sem þó aldrei má vera minna en verð það, sem metið hefur verið samkvæmt 7.—12. gr., og gefur út afsalsbrjef fyrir hinu selda. Öll skjöl, er snerta söluna, skulu lögð fyrir næsta alþingi til athugunar.

Um selda kirkjujörð fer, að því er skatt og gjaldheimtu snertir, sem um bændajörð.

15. gr.

Andvirði seldra kirkjujarða og ítaka skal leggja í sjerstakan sjóð, er nefnist kirkjujarðasjóður, og stendur beint undir landsstjórninni. Í þennan sjóð skal enn fremur leggja peningaeign prestakalla.

16. gr.

Eign kirkjujarðasjóðsins skal ávaxta sem óskerðanlegan höfuðstól, og skal árlega leggja við innstæðuna 5% af árstekjunum, en að öðru leyti ganga vextirnir í prestlaunasjóð, til að launa sóknarpresta þjóðirkjunnar.

17. gr.

Höfuðstól kirkjujarðasjóðsins skal ávaxta sem tryggilegast.

Skal það gjört annaðhvort með því, að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildar landsbanka Íslands eða önnur jafntrygg verðbrjef, eða þá með útlánum eftir sömu reglum og gilda um lán af ómyndugra fje.

Sjeu verðbrjef keypt handa sjóðnum eða veðskuldabrjef tekin fyrir útlánum, skal geta þess á brjefunum, að þau tilheyri kirkjujarðasjóðnum og að eigi megi afhenda þau án leyfis landsstjórnarinnar.

18. gr.

Landsstjórnin semur í byrjun hvers almanaksárs reikning sjóðsins fyrir hið umliðna ár. Reikninginn skal auglýsa í B-deild Stjórnartíðindanna og síðan leggja fyrir hvert reglulegt alþingi til athugunar reikninga tveggja síðastliðinna ára með fylgiskjölum.

Nd. **517. Frumvarp**
til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1904 og 1905.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

I. Tekjur.	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða og á lausafje	86,000,00	88,603,95
2. Húsaskattur	16,000,00	21,219,75
3. Tekjuskattur	32,000,00	48,042,23
4. Aukatekjur	68,000,00	88,194,35
5. Erfðafjárskattur	6,000,00	9,525,46
6. Vitagjald	20,000,00	24,970,85
7. Gjöld fyrir leyfisbrjef	6,000,00	9,242,37
8. Útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun	140,000,00	226,343,65
9. Aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum 2% í innheimtulaun	200,000,00	332,287,56
10. Aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum 2% í innheimtulaun	200,000,00	244,598,05
11. Aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	480,000,00	579,127,74
12. Aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og brjóstsykri, að frádregnum 2% í innheimtulaun	16,000,00	22,812,52
13. Leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verslun og veiting áfengra drykkja	40,000.00	36,300,00
14. Tekjur af póstferðum	80,000,00	141,109,83
15. Arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	1,200,00	1,107,31
16. Óvissar tekjur	10,000,00	65,418,57
17. Tekjur af fasteignum landssjóðs, að frádregnum umboðskostnaði, prestmötu m. m.	46,000,00	42,175,14
18. Tekjur af kirkjum	170,00	165,15
19. Tekjur af silfurbergsnámum í Helgustaðafjalli	4,000,00	3,148,37
20. Andvirði Klapparlóðar	» »	16,183,05
21. Tekjur af brennisteinsnámum	» »	454,52
22. Tekjur af Eldey	» »	1,000,00
23. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðs	73,000,00	90,894,54
Borgað upp í lán, fjárveiting: 92,644 kr. 05 a. reikningur: 151,518 kr. 21 a.		
24. Leigur af láni landssjóðs til landsbankans	15,000,00	29.264,56
25. Innborganir frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880	4,000,00	7,865,21
26. Endurgjald skyndilána til embættismanna	1,200,00	2,128,11
27. Endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	4,000,00	13,790,18
28. Tillag úr ríkissjóði	120,000,00	120,000,00
Samtals	1,668,570,00	2,265,973,02

	Fjárveiting. kr. a.	Reikningur. kr. a.
II. Gjöld.		
1. Til hinnar æðstu stjórnar innanlands og fulltrúa stjórnarinnar á alþingi	28,000,00	1,333,33
2. Til alþingis og kostnaður við yfirskoðun landsreikninganna	39,600,00	54,083,32
3. Til útgjalda við umboðsstjórnina, gjaldheimtur og reikningsmál, svo og við dómgæslu og lögreglustjórn o. fl.		
A. Umboðsstjórn, gjaldheimtur og reikningsmál	53,966,67	16,438,86
B. Dómgæsla og lögreglustjórn	176,030,00	175,427,86
C. Ýmisleg útgjöld	30,460,00	32,776,05
4. Til útgjalda við læknaskipunina	235,640,74	254,995,05
5. Til samgöngumála:		
A. Til útgjalda við póststjórnina	141,900,00	147,674,70
B. Til vegabóta	271,200,00	300,096,41
C. Til gufuskipaferða	197,600,00	194,083,33
D. Til ritsíma	70,000,00	» »
E. Til vita	21,237,00	18,023,77
6. Til kirkju og kenslumála:		
A. Í þarfir andlegu stjettarinnar	65,870,00	65,864,77
B. Til kennslumála	232,446,00	218,222,88
7. Til vísinda, bókmenta og verklegra fyrirtækja:		
A. Til vísinda, bókmenta og lista	78,870,00	75,420,91
Til verklegra fyrirtækja	332,700,00	378,789,81
8. Til skyndilána handa embættismönnum og lögboðinna fyrirframgreiðslna	5,200,00	21,585,92
9. Eftirlaun og styrktarfje	86,000,00	101,202,03
10. Til óvissra útgjalda	3,000,00	21,518,66
11. Útborganir samkvæmt fjáraukalögum og nýjum lögum	» »	187,904,96
12. Tekjuafgangur fjárhagstímabilsins	» »	530,40
Samtals	2,069,720,41	2,265,973,02

Eignir viðlagasjóðs voru 31. desbr. 1905 . . . . . kr. 1,172,028,28
Tekjueftirstöðvar landssjóðs s. d. . . . . — 59,412,72
Peningaforði landssjóðs s. d. . . . . — 590,506,52
þar af:
í Landsbankanum á hlaupareikningi s. d. . . . kr. 370,000,00
í Íslandsbanka - —— - - . . — 140,000,00

Nd. **518. Breytingartillaga**

við breytingartillögur á þingskjali 501.

Flutningsmaður: Ólafur Briem.

Við 1. Fyrir orðin »sem eru frá verki sakir ellilasleika eða langvinnrar heilsubilunar« komi: sem geta ekki unnið fyrir sjer og skylduliði sínu.

Nd. **519. Frumvarp**

til laga um gjald af innlendri vindlagjörð og tilbúningi á bitter.

(Eins og það var samþykt við 3. umr í Ed.).

1. gr.

Enginn má reka vindlagjörð nje tilbúning á bitterum, hverrar tegundar sem er, til sölu, nema tekið hafi leyfisbrjef hjá lögreglustjóra, þar sem framleiðslan fer fram. Fyrir leyfisbrjefið skal gjalda 100 kr. til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs.

Ákvæði þetta gildir einnig um þá, sem nú reka vindlagjörð eða bittergjörð, þar á meðal lyfsala, sem búa til og selja bitter án læknisforskriftar.

2. gr.

Fyrir hvert pund af tóbaksvindlum eða vindlingum, sem eru búnir til hjer á landi, skal greiða í landssjóð gjald, er nemi helmingi aðflutningsgjalds af vindlum eða vindlingum eftir tolllögum þeim, er í hvert sinn gilda. — Fyrir hvern pela af bittervökva (bitteressens, elixír o. þvl.) eða pott af bittersamsetningum, sem ætlaðar eru óblandaðar til drykkjar, skal greiða í landssjóð gjald, er samsvari tveim þriðju af aðflutningsgjaldi því, sem greiða ber af vöruteg-undum þessum samkvæmt tolllögunum.

3. gr.

Framleiðandi skal greiða gjaldið til hlutaðeigandi lögreglustjóra áður varan er látin burt frá honum, seld eða send til umboðssölu. Af birgðum þeim, er fyrir liggja af innlendum vindlum og bitterum, þegar lög þessi öðlast gildi, skal gjaldið einnig greitt, og skal hver sá, er slíkan varning hefur til sölu, senda lögreglustjóra sínum, innan viku, drengskaparvottorð um það, hve miklar birgðir hann hefur, og greiði jafnframt gjaldið.

4. gr.

Vörugjörðarmenn mega ekki selja minna í einu af vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum, en nemi 25 kr. virði.

Að öðru leyti setur stjórnarráðið reglugjörð um vörugjörðina og afhendingu og sölu varanna, að svo miklu leyti, sem þurfa þykir, til að tryggja gjaldheimtu af þeim.

5. gr.

Brot gegn fyrirmælum 1., 3. og 4. greinar, eða reglum þeim, er stjórnarráðið setur samkvæmt 4. gr., varða sektum, alt að 500 krónum. Stjórnarráðinu er heimilt, auk hegningarsekta, að leggja dagsektir við brotum á reglugjörðinni.

Nú verður vörugjörðarmaður uppvís að því, af hafa sagt rangt til um vörugjörð sína eða birgðir, eða selt er af birgðum, án þess að gjaldið sje greitt, og varðar það þann, sem brotið hefur, sektum frá 100—1000 krónum, og gjaldi auk þess þrefalda upphæð gjalds þess, er hann hefur reynt að draga undan. Heimta má gjaldheimtumaður æru- og samviskuvottorð vörugjörðarmanns um framtal vöru.

6. gr.

Vörur þær, sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum þessum, skulu vera að veði fyrir gjaldinu og sektum.

Sjeu rjett skil ekki gjörð, getur lögreglustjóri selt þær birgðir, sem fyrir finnast, án undangengins lögtaks eða fjárnáms, til lúkningar gjaldi og sektum. Það skal gjöra á uppboði, er boðað sje með viku fyrirvara, og má lögreglustjóri krefjast borgunar við hamarshögg. Nú næst eigi til þeirrar vöru, er gjaldið átti af að greiða, og má þá án undanfarandi birtingar gjöra lögtak fyrir gjaldi og sektum í öðrum eignum gjaldanda.

7. gr.

Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Hegningarsektir allar renna í landssjóð. Þó skal sá fá helming sektar, sem veldur því með frásögn sinni, að uppvís verður undandráttur á gjaldi.

8. gr.

Fyrir gjaldheimtum og sektum eftir lögum þessum, skal lögreglustjóri gjöra reikning samkvæmt þeim reglum, sem settar eru eða settar verða um opinber reikningsskil. Af upphæð gjaldanna fær lögreglustjóri 2 af hundraði í innheimtulaun.

Nd. **520. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um laun prófasta.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykt með þeirri einni breytingu að í

1. gr. komi í staðinn fyrir »úr landssjóði«: úr prestlaunasjóði.

Neðri deild alþingis, 3. sept. 1907.

Lárus H. Bjarnason formaður.	Þórh. Bjarnarson skrifari og framsm.	Árni Jónsson.
Magnús Andrjesson.	Pjetur Jónsson.	Jón Jónsson.	Ólafur Briem.

Nd. **521. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um skipun prestakalla.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta svo rækilega, sem kostur var á tímans vegna, og leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið sje samþykt óbreytt í þeirri mynd, sem það er til vor komið frá háttv. Ed.

Neðri deild alþingis, 3. sept, 1907.

Lárus H. Bjarnason formaður. Þórh. Bjarnarson skrifari.

Árni Jónsson. Magnús Andrjesson. Ólafur Briem framsögumaður.

Við teljum rjett, að fækka prestaköllum nokkuð meira en frv. gjörir ráð fyrir, og munum koma fram með tillögur í þá átt.

Jón Jónsson. Pjetur Jónsson.

Ed. **522. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um lánsdeild við Fiskiveiðasjóð Íslands.

Nefnd sú, er frumvarp þetta hefur verið falið til athugunar, hefur borið það, eins og það nú kemur frá háttv. Nd., saman við frumvarp stjórnarinnar og eins og það var samþ. hjer í deildinni við 3. umræðu.

Við þennan samanburð kemur það í ljós, að ýmsar breytingar hafa verið gjörðar á frumvarpinu, og eru þær að voru áliti fæstar eða engar til bóta. Varhugaverða verðum vjer að telja breytingartillöguna við 8. gr., þar sem svo var ákveðið, að þegar lán væri veitt, skyldi halda eftir af upphæð þess sem tillagi til kostnaðar og varasjóðs, $^1/_2$ % af hinni upphaflegu upphæð lánsins fyrir hvert ár, en þessu ákvæði er nú breytt þannig, að greiða skal $^1/_2$ %-gjaldið árlega, en ekki alt í einu fyrir öll árin í senn. Þessi breyting telur nefndin, að gjöri meiri kröfur til hinnar samstaklegu ábyrgð lántakenda; gjöri þá af þeim, er eiga annara úrkosta varfærnari að nota lánsdeildina, en það geti aftur kastað rýrð á vaxtabrjef veðdeildarinnar og kynni að geta gjört þau torseldari.

Aftur á móti er í sambandi við þetta tillagið aukið úr Fiskiveiðasjóðnum um 4000 kr.

Eigi að síður verður nefndin eindregið að leggja það til, að frumvarpið verði samþykt óbreytt eins og það nú liggur fyrir, og það af þeim ástæðum, að svo mjög er liðið þingtímans, að málinu væri teflt í voða, ef gjörðar væru breytingar á því nú. Frumvarpið er svo gott og þarflegt, að það má ekki falla eða daga uppi á þessu þingi, og því leggjum vjer til, að það verði samþykt, þó ákvæði 8. gr. sjeu oss miður geðfeld, eins og áður er á vikið. Annars munum vjer skýra nánar frá breytingum þeim, er orðið hafa á frumv. í Nd., við umræðurnar.

Alþingi, 3. september 1907.

Eiríkur Briem formaður. Valtýr Guðmundsson. Ág. Flygenring skrifari og framsögum.

Nd. **523. Breytingartillögur**
við frumv. til laga um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands.
Frá ráðherra.

Í stað orðanna: »Hann skal hafa int af hendi próf, er standi jafnfætis fullu skógræktarprófi í Danmörku. Hann nefnist skógræktarstjóri og hefur að launum 5000 kr. á ári« komi:

Hann skal hafa stundað skógrækt á Norðurlöndum, og int af hendi próf, er stjórnarráðið tekur gilt. Hann nefnist skógræktarstjóri, og hefur að launum 3000 kr. á ári.

Nd. **524. Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.
Flutningsmaður: Jóhannes Ólafsson.

Við 4. gr. Fyrri málsliður greinarinnar hljóði þannig: Aðalsafnaðarfund skal halda í maímánuði eða fyrri hluta júnímánaðar, þó getur hjeraðsfundur, þar sem sjerstakar ástæður mæla með, ákveðið, að hann sje haldinn fyrri hluta septembermánaðar.

Ed. **525. Frumvarp**
til námulaga.
(Eftir 2. umr. í Ed.).

I. kafli.

Um málmleit.

1. gr.

Sjerhverjum skal heimilt, samkvæmt ákvæðum þeim, sem hjer fara á eftir, að leita málma og málmblendinga í landareignum landssjóðs og kirkjujarða, svo og í almenningum, öræfum og afrjettum, sem eigi liggja undir jarðeignir einstakra manna eða sveitarfjelaga, sem metnar eru til dýrleika. Sama gildir og um landssjóðs og kirkjujarðir, sem seldar verða eftir að lög þessi ganga í gildi og um jarðir, sem áður eru seldar samkvæmt lögum nr. 31, 20. október 1905 um sölu þjóðjarða.

2. gr.

Sá, er vill málmleit gjöra, skal hafa málmleitarbrjef og sýna það jarðeiganda áður en hann byrjar málmleit, eða þeim, sem landið hefur til nytja.

Áður en hann tekur til málmleitar, skal hann setja þá trygging, er berjfið tiltekur, fyrir skaða þeim, er kann að hljótast af málmleitinni.

Málmleitarbrjef gefur lögreglustjóri og veitir það þeim mönnum einum, sem honum eru persónulega kunnir eða sanna það með vottorði tveggja skilríkra manna, hverir þeir sjeu. Málmleitarbrjef gildir um 2 ár frá dagsetningardegi, og að eins í lögsagnarumdæmi útgefanda. Leyfisbrjef til málmleitar í almenningum og öðrum landsvæðum, sem eigi eru metin til dýrleika, veitir stjórnarráð Íslands, og skal leitarsvæðið þar tiltekið.

Fyrir málmleitarbrjef skal greiða 2 kr. til landssjóðs.

3. gr.

Málmleit má eigi fram fara án leyfis jarðeiganda eða þess, sem jörð hefur til nytja, á túni eða öðru ræktuðu landi, eða á stöðum, er liggja nær íbúðarhúsum, útihúsum eða öðrum mannvirkjum, svo sem brúm, en 130 metra. Á alfaravegum, kirkjugörðum eða grafreitum má málmleit ekki eiga sjer stað.

Ef málmleit fer fram í minni fjarlægð en 200 metra frá íbúðarhúsi annars manns eða alfaravegi, skal málmleitarmaður skyldur til, að viðlagðri 30 kr. sekt, að gjöra íbúum hússins aðvart, þegar hann ætlar að sprengja grjót, og setja verði á veginn til að aðvara vegfarendur. Nú vanrækir hann þetta, og skal hann þá auk sektanna bæta þann skaða, er af vanrækslu þessari kann að hljótast.

4. gr.

Nú er gjör gryfja til að leita að málmi, og skal þá sá, er gjörði, hvort sem er í eigin landi eða annara, halda uppi gripheldri girðing um hana, svo framarlega sem hún er orðin svo djúp, að alidýr geti farið sjer þar að voða. Ef hætt er grefti, skal sá, er gjörði, annaðhvort fylla gryfjuna eða girða hana með tryggilegum grjótgarði. Vanræki hann þetta, sæti hann 50 kr. sekt og bæti skaða þann, er af kann að hljótast.

5. gr.

Málmleitarmaður er skyldur til að bæta allan þann skaða, sem jarðeigandi eða sá, er landið hefur til nytja, biður af málmleit hans.

6. gr.

Sá er hindrar nokkurn í lögmætri málmleit sæti sektum frá 5—50 kr. og bæti þar að auki málmleitarmanni allan þann skaða, er hann sannar, að hann hafi beðið við það.

7. gr.

Nú finnur málmleitarmaður vott þess, að fyrir sje málmur, og skal hann þá, svo framarlega, sem hann vill njóta fundar síns framar öðrum, senda skriflega tilkynning í tveim eintökum um fund sinn til lögreglustjóra eða stjórnarráðsins, eftir því hvar málmur hefur fundist (sbr. 2. gr. 2. málslið). — Í tilkynningunni skal fundarstaðurinn nákvæmlega tilgreindur, og tilnefndir 2 vottar, sem á hann

geti vísað. Móttakandi ritar á tilkynningarnar ár, dag og klukkustund, er þær bárust honum, og hafi annar maður síðustu 12 mánuði þar á undan sent og auglýst á lögmætan hátt tilkynning um málmfund á sama svæði, ritar móttakandi athugasemd um það á tilkynningarnar. Annað eintakið af tilkynningunni afhendist þegar tilkynnanda, gegn 1 kr. gjaldi til landssjóðs. — Finnandi skal því næst annast um, að landeiganda sje birt, að viðstöddum tveim vottum, að tilkynningin hafi fram farið, svo og að tilkynningin, ásamt áritun, sje innan 8 vikna birt í blaði því, sem flytur stjórnarvalda auglýsingar á Íslandi.

2. kafli.

Um málmgraftarbrjef.

8. gr.

Heimill er málmgröftur til allra málma og málmblendinga, nema rauða, á landssvæðum þeim, er getur um í 1. gr.

9. gr.

Nú vill sá, er fundið hefur vott um, að málmur sje fyrir, grafa þar til málms, og skal hann þá innan 18 mánaða frá tilkynningu um fundinn (sbr. 7. gr.) senda skriflega beiðni um graftarleyfi til lögreglustjóra eða stjórnarráðs Íslands (sbr. 2. gr.). Í umsókninni skal tilgreint, til hvaða málms eða málma umsækjandi ætli að grafa. Frá þeim tíma, er tilkynningin um fundinn fór fram samkvæmt 7. gr., og til loka þessara 18 mánaða getur síðari málmfundur eigi svift fyrri finnanda rjetti til útmælingar þeirrar, sem 4. kafli laga þessara heimilar honum. Sje aftur á móti vanrækt að senda nefnda umsókn innan hins ákveðna tíma, er öllum heimilt að notfæra sjer málmfundinn, sem finnandi væri.

Nefnd stjórnarvöld rita þegar á málmgraftarbeiðnina dag og klukkustund, er hún barst þeim, og gefa síðan út málmgraftarbrjef, og skal þar tilgreint nafn, heimili og staða málmgraftarmannsins, og hvaða málm eða málma hann ætli að vinna, og í hvers landareign eða hvar málmfundarstaðurinn sje. Eigi má neita neinum um málmgraftarbrjef, en fari svo, að fleiri en eitt brjef verði veitt fyrir sama málmfundarstað, skal fyrsti finnandi hafa forgöngurjett, hafi hann gætt ákvæða laga þessara.

Málmgraftarbrjef skal innfæra orðrjett í námubrjefabók.

10. gr.

Nú vill einhver taka upp vinnu á málmleitarstöðum eða í námugryfjum, sem öllum er orðinn heimill finnandarjettur að, eða gjöra tilraun til að vinna málm úr uppgrefti eða öðru úrkasti úr og við námur, sem hætt hefur verið við, og skal þá tilkynning um það fram fara á sama hátt og fyrirskipað er um tilkynningar um nýja málmfundi. Innan 6 mánaða frá auglýsing tilkynningar-

innar skal tilkynnandi, að viðlögðum rjettarmissi, sækja um málmgraftarbrjef hjá stjórnarráðinu eða lögreglustjóra.

11. gr.

Auglýsing málmgraftarbrjefa til sveita skal fara fram innan 4 mánaða frá dagsetningu þeirra við kirkju eftir messu í kirkjusókn þeirri, er málmfundarstaður liggur í. Ef staðurinn liggur í kaupstaðarlandi, skulu málmgraftarbrjef birt á þann hátt, sem venja er í kaupstaðnum, og ef staðurinn liggur á öðrum landsvæðum en þeim, sem nefnd eru, skulu brjefin auglýst í blaði því, sem löggilt er til að flytja stjórnarvalda-auglýsingar. Ef auglýsing dregst fram yfir nefndan frest, skal svo litið á, sem málmgraftarbrjefs fyrst hafi verið beiðst þann dag, er það var auglýst.

12. gr.

Fyrir málgraftarbrjef skal greiða 25 kr. til landssjóðs.

3. kafli.

Um námueigandahlut og rjettindi námurekanda og landeiganda hvors gagnvart öðrum.

13. gr.

Þegar vottur finst þess að málmar sjeu fyrir, sem heimilt er að heimta málmgraftarbrjef til, samkvæmt 8. gr., hefur námueigandi rjett til að taka þátt í rekstrinum með finnanda að einum fimta hluta. Í afrjettum, almenningum og öræfum, sem ekki eru metin til dýrleika, telst landssjóður námueigandi. Nefnd ákvæði gilda og um leitargryfjur og námur, er öllum er orðinn heimill finnandarjettur að, svo og um uppgröft og annað úrkast úr og við námur, sem hætt hefur verið við.

14. gr.

Nú tjáir námueigandi sig vilja neyta rjettar þess til eins fimta hluta í rekstrinum, er 13. gr. heimilar honum, og hefur hann þá rjett til samtímis að krefjast þess, að einn fimti hluti þess, er úr málmfundarstaðnum hefur unnið verið, skuli vera þar kyrt, þangað til samningar eru komnir á við hann eða þann, sem hann hefur afsalað rjetti sínum.

15. gr.

Námueigandi skal, að viðlögðum missi rjettar síns til hluttöku í rekstrinum, innan 6 mánaða frá því að málmgraftarbrjefið var tilkynt honum, segja til, hvort hann að sínum hluta vilji taka þátt í rekstrinum, og skal þá, ef hann kveður sig fúsan til þess, gjöra skriflegan samning um skilmálana fyrir hluttökunni. Nú vill námueigandi ekki taka þátt í rekstrinum, eða getur eigi innan 3 mánaða þar frá orðið á eitt sáttur við málmnema um skilmálana, eða vill ekki ganga að skilmálum þeim, er lögreglustjóri setur þeirra í milli, og hefur eigi heldur orðið ásáttur við málmnema eða aðra um afsal á rjetti sínum, og skal honum þá enn

veittur 3 mánaða frestur til að selja hlut sinn við opinbert uppboð, og skal þá í uppboðsskilmálunum sett ákvæði um, að kaupandi, svo framarlega sem hann eigi innan eins mánaðar frá hamarshöggi sje orðinn ásáttur við málmnema og hafi gjört um það skriflegan samning, skuli skyldur að hlíta skilmálum þeim, er lögreglustjóri setur þeirra á milli. Nú hefur námueigandi eigi ráðstafað hlutdeildarrjetti sínum á þann hátt, er sagt var, og fellur rjettur hans þá til málmnema.

Fyrir frumvarp til samnings ber lögreglustjóra 8 kr., og sje þess krafist, að hann takist ferð á hendur til málmfundarstaðarins, greiðast honum dagpeningar og ferðakostnaður samkvæmt lögum nr. 2, 2. febr. 1894, 4. og 6. gr.

16. gr.

Námueigandi eða sá, sem fengið hefur samkvæmt 15. gr. afsal á rjetti hans, skal skyldur að taka tiltölulega þátt í kostnaðinum við reksturinn, frá því er hann byrjar, enda á hann hlut í eftirtekjunni frá sama tíma.

17. gr.

Sá, sem fengið hefur málmgraftarbrjef fyrir málmfundarstað, hefur rjett til að krefjast þess, að landeigandi eða landeigendur láti af hendi við sig, gegn fullu endurgjaldi, nægilegt land undir brautir, vegi og stíga, bæði við námuna og til burtflutnings frá henni og undir uppgröft og byggingar við námuna, svo og til fyrirhleðslu og burtleiðslu vatns, undir námuvjelar og þess konar. Enn fremur leyfi landeigandi málmnema vatnsnot til reksturs vjelanna, svo framarlega sem það er ekki notað til reksturs annars iðnaðar, eða af því verður sjeð að skaðlausu fyrir þann iðnrekstur.

18. gr.

Landeigandi fær aftur eignar- og umráðarjett á landi því og vatnsnot, sem hann hefur látið af hendi samkvæmt 17. gr., þegar það er ekki notað lengur við námugröft. Námurekandi heldur þó rjetti sínum eftir 39. gr.

19. gr.

Nú semur landeiganda og námurekanda ekki um endurgjaldið nje um stærð lands þess, sem 17. gr. heimilar, eða um vatnsnotin, og skulu þá óvilhallir dómkvaddir menn gjöra um það. Kostnaðinn við mat þetta greiðir sá, er afhendingar krefst, nema landeigandi hafi krafist yfirmats og það gengur honum á móti, þá greiðir hann kostnaðinn. Landeigandi getur krafist þess, að endurgjald verði greitt honum alt í einu eða með árlegu gjaldi.

4. kafli.

Um útmæling undir námu.

20. gr.

Hver sá, sem fengið hefur málmgraftarbrjef fyrir málmfundarstað (9. gr.),

á heimting á, að fá útmælt námusvæði. Sá, sem fengið hefur útmælt land, samkvæmt ákvæðum þessa kafla, hefur einn rjett til málmnáms á því.

21. gr.

Útmælingar skal beiðast af lögreglustjóra ef svæðið liggur í landi jarðar, sem metin er til dýrleika, en hjá stjórnarráðinu ef það liggur á öðrum landsvæðum. Lögreglustjóri framkvæmir útmælingar á hinum fyr nefndu svæðum og færir gjörðina í námubrjefabókina og afhendir beiðanda útskrift úr henni. Stjórnarráðið setur reglur um útmælingar á hinum síðarnefndu svæðum.

22. gr.

Útmælingin skal vera rjetthyrndur ferhyrningur alt að 10,000 ferhyrningsmetrar að flatarmáli. Takmörk útmælingarinnar skulu talin lóðrjett í jörð niður.

23. gr.

Málmfundarstaðurinn skal vera innan takmarka útmælingarinnar, en útmæla má í hverja þá stefnu, er sá, er útmælingar beiðist, óskar, svo framarlega sem það kemur ekki í bága við rjettindi annara námurekanda eða 3. gr.

24. gr.

Innan eins árs í síðasta lagi frá því útmælingar hefur krafist verið, skal hlutaðeigandi stjórnarvald láta hana fram fara.

25. gr.

Stjórnarvald það, er framkvæmir eða lætur framkvæma útmæling, ákveður hvenær hún skuli fara fram, en sá, er hennar hefur krafist, skal annast um, að þeim, sem umráðarjett hafa yfir landinu eða eiga þar rjett til náma eða málmleitarstaða, er útmælingin gæti komið í bág við, sje stefnt til að vera við útmælinguna með sama fresti og í einkamálum.

26. gr.

Fyrir útmæling greiðist 15 kr. þeim, er hana gjörði, og þar að auki dagpeningar og ferðakostnaður samkvæmt lögum nr. 2, 2. febr. 1894, 4. og 6. gr.

5. kafli.

Um fresti.

27. gr.

Nú er vinnu ekki haldið áfram á málmleitarstað eða í námu, er

málmgraftarbrjef er veitt fyrir, og er þá hverjum og einum heimill finnandarjettur á staðnum eða námunni, nema því að eins, að um frest hafi verið sótt innan tveggja mánaða frá því að vinnu var hætt. Þó þarf ekki frestbrjef fyrsta árið eftir að málmleitarbrjef hefur verið gefið, og eigi heldur, þótt vinnu sje hætt um vetrartímann fyrstu 3 árin eftir að rekstur hefur hafist.

28. gr.

Frestbrjef, eða leyfi til þess að láta málmleitar- eða málmgraftarstað standa ónunninn tiltekinn tíma, skal stjórnarráðið eða lögreglustjóri veita (sbr. 2. gr.). — Beiðandi skal færa sönnur á það, að fyrir rekstrinum sjeu í svipinn verulegar tálmanir, sem beiðanda verða eigi gefnar að sök og stafi annaðhvort af sjerstökum og eigi viðvarandi ástæðum, að því er sjálfa námuna snertir eða rekstur hennar, eða þá frekari notkun eða vinslu málmsins eða málmblendingsins. Brjef þetta gildir 14 mánuði frá dagsetning þess.

29. gr.

Frest má endurnýja svo lengi sem lögmætar ástæður eru fyrir honum.

30. gr.

Úrskurði lögreglustjóra um að veita eða neita um frest getur námurekandi og hver annar, sem málið varðar, skotið undir endilegan úrskurð stjórnarráðsins. Meðan á áfrýjun stendur heldur námurekandi rjetti sínum. Nú er frestur veittur með úrskurði stjórnarráðsins og telst hann þá frá dagsetningu úrskurðarins.

31. gr.

Þegar frestur, sem veittur hefur verið á rekstri málmleitarstaðar eða námu, er útrunninn, skal rekstur þegar hafinn, en hafi verið sótt um frest og honum neitað, skal rekstur hafinn innan 8 vikna, að öðrum kosti skal öllum heimill finnandarjettur.

32. gr.

Nú skemmist náma, án þess námrekanda verði gefið að sök, af vatni úr annari námu, sem rekstursfrestur er á, og er þeim námurekanda þá skylt að ausa námu sína, en gjöri hann það eigi, er öllum heimill finnandarjettur að henni.

33. gr.

Frest má eigi veita á rekstri námu, er valdið hefur vatnsrensli í nágrannanámu, nema námurekandi samþykki.

34. gr.

Nú vill námurekandi um sinn hætta að vinna málm úr uppgreftinum, og fer þá um frestleyfi til þess sem að framan er sagt.

35. gr.

Frestbrjef skulu innfærð orðrjett í námubrjefabókina. Fyrir frestbrjef greiðast 10 kr. í landssjóð.

36. gr.

Um auglýsing frestbrjefa fer sem um auglýsing málmgraftarbrjefa samkvæmt 11. gr.

6. kafli.
Um rekstur náma og eftirlit.

37. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til, að setja reglugjörð um rekstur náma; skal þar meðal annars sett ákvæði, er miða að því, að vernda líf og heilsu verkafólks í námunum, að námur sjeu tryggilega grafnar, að þær sjeu reknar svo að málmauður þeirra verði að fullum notum; svo skulu og vera ákvæði um eftirlit með þeim af hendi stjórnarvalda. Í reglugjörðunum má og setja ákvæði um reikningsfærslu við námureksturinn og um viðskifti námurekanda og vinnumanna við námuna.

Fyrir brot á móti reglugjörð má ákveða sektir alt að 1000 kr.

38. gr.

Við hverja námu skal vera bók, og skal í hana rita yfirlit yfir námureksturinn um hvern mánuð. Þar skal og rita skýrslu um það, sem við hefur borið eða tekið hefur verið eftir og snertir námuna eða málmæðarnar, og sjerstaklegt þykir eða athugavert. Skal útdráttur úr bók þessari um hvert ár sendur lögreglustjóra áleiðis til stjórnarráðsins eða beint til stjórnarráðsins (sbr. 2. gr.).

Nefndum stjórnarvöldum skal heimilt að krefjast þess, að námurekandi láti gjöra nákvæman uppdrátt af námu sinni, ef dýpri er en 10 metrar, og síða verði bætt við á uppdráttinn, er náman stækkar.

7. kafli.

Um niðurlagning náma.

39. gr.

Þegar náma er lögð niður, skal námurekanda heimilt að nota uppgröftinn úr henni þótt annar byrji að reka námuna.

40. gr.

Nú ætlar námurekandi að hætta við námu sína, og skal hann þá, að viðlagðri 30 kr. sekt tilkynna það lögreglustjóra eða stjórnarráðinu (sbr. 2. gr.) 2 mánuðum áður, og jafnframt senda uppdrátt þann, sem gjörður hefur verið af námunni.

41. gr.

Nú er námurekstri hætt eða rjetturinn til að halda honum áfram er fallinn burt, og má þá fráfarandi ekki spilla neinu af því eða flytja burt neitt af því, sem gjört hefur verið eða sett upp til að halda námunni og göngum hennar tryggum. Byggingar og áhöld við námuna má fráfarandi því að eins flytja burt, að hann geti eigi orðið ásáttur við viðtakanda um afnot þeirra eða sölu.

8. kafli.

Almenn ákvæði.

42. gr.

Stjórnarráðið löggildir námubrjefabækur lögreglustjóra.

43. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugjörðum þeim, er getur um í 37. gr., skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir renna í landssjóð.

Nd. **526. Breytingartillögur**
við frv. til laga um skipun prestakalla.

Flutningsm. Jón Jónsson, Pjetur Jónsson.

Við 1. grein:

1. Við a. Tölul. 22. orðist svo:
Breiðabólsstaður í Fljótshlíð: Breiðabólsstaðar, Hlíðarenda, Stórólfshvols og Oddasóknir.

b. — 24. falli burt,

c. — 25. orðist svo:
Landaprestakall: Skarðs, Haga, Marteinstungu og Keldnasóknir.

2. Við a. Tölul. 33. falli burtu.
b. — 34. orðist svo:
Stokkseyri: Stokkseyrar, Eyrarbakka, Gaulverjabæjar og Villingaholtssóknir.
c. — 35. orðist svo:
Arnarbæli: Arnarbælis, Hjalla, Reykja, Strandar, Laugardæla og Hraungerðissóknir.
3. — a. — 40. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells, Brautarholts, Viðeyjar. Saurbæjar og Reynivallasóknir.
b. — 41. falli burtu.
4. — a. — 42. falli burtu.
b. — 43. orðist svo:
Garðar á Akranesi: Skipaskaga, Innrahólms, Leirár- og Saurbæjarsóknir.
5. — a, — 45. Orðist svo:
Reykholt: Reykholts, Stóra-Áss, Gilsbakka og Síðumúlasóknir.
b. — 46. falli burtu.
c. — 47. orðist svo:
Stafholt: Stafholts, Hjarðarholts, Norðtungu og Hvammssóknir.
6. — a. — 49. orðist svo:
Staðarhraun: Staðarhrauns, Akra- og Kolbeinsstaðasóknir.
b. — 50. falli burtu.
c. — 51. orðist svo:
Staðastaður: Staðastaðar, Búða, Rauðamels og Miklaholtssóknir.
7. — a. — 80. orðist svo:
Breiðabólsstaður í Vesturhópi: Breiðabólsstaðar, Víðidalstungu, Undirfells og Þingeyrasóknir.
b. — 81. Falli burtu.
— c. — 82. orðist svo:
Auðkúla: Auðkúlu, Svínavatns og Blönduóss-sóknir.
8. — a. — 86. orðist svo:
Reynistaðarklaustur: Reynistaðar, Sauðárkróks, Rípur og Glaumbæjarsóknir.
b. — 87. falli burtu.
c. — 88. orðist svo:
Mælifell: Mælifells, Reykja, Víðimýrar, Goðdala og Ábæjarsóknir.

Til vara ef 8. brtill. fellur.
Tölul. 86. orðist svo:
Reynistaðaklaustur: Reynistaðar, Sauðárkróks og Rípursóknir.

9. — a. — 90. orðist svo:
Viðvík: Viðvíkur, Hofsstaða, Hóla og Hofssóknir.
b. — 91. falli burtu.

9. Við c. Tölul. 92. orðist svo:
Barð í Fljótum: Barðs, Holts, Knappsstaða og Fellssóknir.
10. — a. — 94. orðist svo:
Hvanneyri: Hvanneyrar og Kvíabekkjarsóknir.
b. — 95. falli burtu.
11. — a. — 96. orðist svo:
Tjörn í Svarfaðardal: Tjarnar, Urða, Upsa, Valla og Stærra-Árskógssóknir.
b. — 97. falli burtu.
c. — 98. orðist svo:
Bægisá: Bægisár, Bakka, Myrkár og Möðruvallasóknir.
12. — a. — 103. falli burtu:
b. — 104. orðist svo:
Skútustaðir: Skútustaða, Reykjahlíðar, Lundarbrekku og Þverársóknir.
c. — 105. orðist svo:
Helgastaðir: Grenjaðarstaðar, Einarstaða, Þóroddsstaðar og Ljósavatnssóknir.
d. — 106, orðist svo:
Húsavík: Húsavíkur og Ness-sóknir.

Nd. **527. Frumvarp**
til laga um fræðslu barna.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

I. kafli.

Um fræðsluskyldu.

1. gr.

Fræðslu barna til fullnaðs 10 ára aldurs skulu heimilin annast sjálf og kosta, nema þar sem öðruvísi er ákveðið með skólareglugjörð (6. gr.). Skal hvert barn 10 ára að aldri vera orðið nokkurn veginn læst og skrifandi, ef það er til þess hæft. Komist skólanefnd eða fræðslunefnd að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi fræðslu í þessum greinum, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða mótþróa húsbænda, ber henni að gjöra ráðstöfun til, að börnunum verði komið fyrir annarsstaðar, þar sem þau fái nauðsynlega tilsögn. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, eru aðstandendur barnsins skyldir að greiða, en borga má hann fyrirfram úr sveitarsjóði. Kostnað þennan má taka lögtaki.

2. gr.

Hvert barn, sem er fullra 14 ára, á að hafa lært:
1. að lesa móðurmálið skýrt og áheyrilega og geta sagt munnlega frá því,

er það les; það skal og geta gjört skriflega grein fyrir efni, sem það þekkir vel, nokkurn veginn ritvillulaust og mállýtalaust; það skal vita nokkuð um merkustu menn vora, einkum þá, er lifað hafa á síðustu öldum, og kunna utanbókar nokkur íslensk kvæði, helst ættjarðarljóð og söguleg kvæði, og geta skýrt rjett frá efni þeirra í óbundnu máli.
2. að skrifa læsilega og hreinlega snarhönd.
3. í kristnum fræðum það, sem heimtað er eða heimtað kann að verða, að börnin kunni í þeirri grein til fermingar.
4. fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og brotum og geta notað þær til þess að leysa úr auðveldum dæmum, sem koma fyrir í daglegu lífi, meðal annars til þess að reikna flatarmál og rúmmál einföldustu hluta; það skal og vera leikið í því, að reikna með lágum tölum í huganum.
5. að nota landabrjef; það skal og hafa nokkra þekking á náttúru Íslands og atvinnuvegum þjóðar vorrar, þekkja legu helstu landa í Norðurálfunni og vita hvernig álfur liggja á hnettinum.
6. nokkur einföld sönglög, einkum við íslensk ættjarðarljóð.

3. gr.

Auk þeirrar fræðslu, sem 2. gr. ræðir um, skulu þau börn, 10—14 ára að aldri, er sótt geta fasta skóla, öðlast þá fræðslu í landafræði, sögu Íslands, náttúrufræði og öðrum greinum, sem fyrirskipuð kann að verða með reglugjörðum skólanna.

II. kafli.

Um hjeraðaskifting sem undirstöðu barnafræðslu.

4. gr.

Hver kaupstaður er *skólahjerað* út af fyrir sig, sömuleiðis hvert það kauptún eða þorp, sem er hreppsfjelag út af fyrir sig eftir 4. gr. sveitarstjórnarlaganna 10. nóv. 1905, enn fremur hver sá hreppur, er setur á stofn hjá sjer fastan skóla, hvort heldur heimangönguskóla eða heimavistaskóla eða hvorttveggja í einu, þannig lagaðan, að hann veiti hverju barni í hreppnum, sem er á skólaaldri (10—14 ára), að minsta kosti 6 mánaða fræðslu á ári.

Stjórnarráð Íslands getur og veitt þorpi eða hverfi, sem er partur af hreppsfjelagi, leyfi til að stofna skólahjerað fyrir sig, ef þar er settur á stofn heimangönguskóli, er veiti hverju barni þorpsins eða hverfisins á skólaaldri minst 6 mánaða fræðslu á ári. Þó skal leyfi þetta ávalt bundið því skilyrði, að þeim parti hreppsins, sem lendir utan skólahjeraðsins, sje heimilt að nota skólann gegn því, að taka tiltölulegan þátt í skólakostnaði, með því að koma börnum fyrir í grend við hann, svo að þau geti gengið þaðan daglega í skólann, eða með því að setja heimavistir í samband við hann, og að ef þetta leiðir til þess, að öll börn hreppsfjelagsins á skólaaldri njóti fræðslu í skólanum minst 6 mánuði á ári, þá skuli allur hreppurinn vera eitt skólahjerað.

Skólanefnd hefur á hendi stjórn fræðslumála í skólahjeraði hverju undir umsjón og yfirstjórn stjórnarráðsins (sbr. VII. og VIII. kafla).

5. gr.

Hver sá hreppur, sem ekki er skólahjerað, er *fræðsluhjerað* út af fyrir sig.

Ef skólahjerað er sett á stofn innanhrepps (sbr. 4. gr.) er sá hluti hreppsins, sem lendir utan takmarka skólahjeraðsins, fræðsluhjerað út af fyrir sig,

Heimilt er fræðsluhjeruðum, tveimur eða fleiri, að ganga saman í eitt fræðsluhjerað með leyfi stjórnarráðsins.

Fræðslunefnd stjórnar fræðslumálum í hverju fræðsluhjeraði undir umsjón og yfirstjórn stjórnarráðsins (sbr. VII. og VIII) kafla).

III. kafli.
Um skólahald í skólahjeruðum.

6. gr.

Í hverju skólahjeraði skal vera fastur skóli, heimangönguskóli eða heimavistaskóli eða hvorttveggja saman. Reglugjörð um fyrirkomulag og hollustuhætti skólans skal samin af skólanefnd og liggur undir samþykki yfirstjórnar fræðslumála. Skulu foreldrar og þeir aðrir í skólahjeraðinu, er hafa börn á skólaaldri til framfærslu, skyldir til að senda börn sín í skólann og láta þau njóta þar kenslu hinn lögskipaða námstíma, nema skólanefnd hjeraðsins veiti undanþágu, en það gjörir hún því að eins, að hún álíti, að fræðsla sú, er barnið fær utan skólans, verði jafngild þeirri fræðslu, sem skólinn veitir. Umsóknir um slíkar undanþágur skulu vera komnar til skólanefndar á þeim tíma, er hún sjálf ákveður og auglýsir í lok skólaárs ár hvert.

Nú óhlýðnast foreldrar eða þeir aðrir, sem barn hafa til framfærslu, ákvæðum þessum án gildra ástæðna, og varðar það 1—25 kr. sekt eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð (bæjarsjóð).

Árlegur námstími skal vera að minsta kosti 6 mánuðir. Þó getur yfirstjórn fræðslumála veitt leyfi til að stytta þennan námstíma um einn mánuð, sje það gjört til þess að nota skólann til kenslu barna 8—10 ára að aldri, að minsta kosti 2 mánuði haust eða vor, samkvæmt reglugjörð, er yfirstjórnin samþykkir. Yfirstjórnin getur og veitt skólahjeruðum heimild til að skipa fyrir um skólaskyldu fyrir börn, sem eru yngri en 10 ára, þó ekki yngri en 7 ára fullra.

7. gr.

Í þeim skólum, sem taldir eru í 6. gr., veitist kenslan ókeypis og greiðist skólakostnaður úr sveitarsjóði (bæjarsjóði). Í þeim skólahjeruðum, sem að

eins ná yfir part af hreppi (sbr. 4. gr.), skal hreppsnefnd jafna skólakostnaði sjerstaklega niður á gjaldendur hjeraðsins og þá aðra gjaldendur, er hafa notað skólann (sbr. 4. gr.), í rjettri tiltölu við sveitarútsvar þeirra til annara þarfa hreppsins.

IV. kafli.

Um fyrirkomulag barnafræðslu í fræðsluhjeruðum og um fræðslusamþyktir.

8. gr.

Í fræðsluhjeruðum skal það fyrirkomulag barnafræðslunnar, sem nú er, haldast, nema því verði breytt með fræðslusamþyktum.

Hin sameiginlega barnafræðsla, eða eftirlit með heimafræðslu barna, sem veitt er eða veitt verður í fræðsluhjeruðum, veitist ókeypis, og greiðist hinn sameiginlegi kostnaður, svo sem til farskóla, eftirlits með heimafræðslu, sunnudagaskóla o. s. frv., úr sveitarsjóði. Í þeim fræðsluhjeruðum, sem að eins ná yfir part af hreppi (sbr. 5. gr.), skal hreppsnefnd jafna fræðslukostnaðinum sjerstaklega niður á gjaldendur fræðsluhjeraðsins í rjettri tiltölu við sveitarútsvar þeirra til annara þarfa hreppsins. Undanþegnir þessari aukaniðurjöfnun eru þó þeir gjaldendur fræðsluhjeraðsins, sem nota hinn fasta skóla skólahjeraðsins og gjalda til hans eftir 7. gr.

9. gr.

Fræðslunefnd er heimilt að gjöra fræðslusamþyktir fyrir það fræðsluhjerað, er hún er skipuð fyrir, á þann hátt, er segir í 10.—14. gr. þessara laga.

10. gr.

Þegar fræðslunefnd álítur hagfelt að gjöra fræðslusamþykt fyrir fræðsluhjeraðið, skal hún kveðja til fundar alla þá menn, er þar búa og atkvæðisrjett hafa í sveitamálum.

Fræðslunefnd kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, og skal formaður fræðslunefndar vera fundarstjóri, eða sá annar af fræðslunefndarmönnum, er fræðslunefnd kýs til þess. Þá er fundur lögmætur, er helmingur allra atkvæðisbærra manna á því svæði, sem samþyktin skal ná til, eru á fundi.

11. gr.

Fræðslunefnd leggur fyrir fundinn frumvarp til samþyktar þeirrar, er hún vill koma á, og ber það undir álit og atkvæði fundarins. Til þess að frumvarpið verði samþykt, þarf meiri hluta atkvæða þeirra, er á fundi eru. Breytingartillögur við frumvarp fræðslunefndar geta því að eins komið til atkvæða, að meiri hluti fræðslunefndar samþykki þær. Þegar frumvarpið er þannig samþykt, sendir fræðslunefnd það yfirstjórn fræðslumála til staðfestingar.

12. gr.

Nú virðist yfirstjórn fræðslumála, að fyrirmæli fræðslusamþyktar gangi of nærri frelsi manna, eða komi á einhvern hátt í bága við lög eða grundvallarreglur laga, og synjar hún þá um staðfesting, en skýra skal hún um leið fræðslunefnd frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir yfirstjórnin fræðslusamþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlast gildi, og er samþyktin upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, er samþyktin nær yfir.

13. gr.

Í fræðslusamþykt má ákveða um farskólahald, eftirlit með heimafræðslu, sunnudagaskólahald, ráðning kennara, laun þeirra, kenslutíma, nauðsynlegar kenslubækur og kensluáhöld, og yfir höfuð alt, sem að fræðslunni lýtur.

Í fræðslusamþykt má og setja ákvæði um, að öll börn á skólaaldri skuli skyld að taka þátt í þeirri sameiginlegri barnafræðslu, er fræðsluhjeraðið veitir. Þó skulu börn vera undanþegin þessari skyldu, ef heimilisfeður þeirra færa sönnur á, að þau njóti fullnægjandi heimafræðslu. Um undanþágur úrskurðar fræðslunefnd.

14. gr.

Brot mót löggiltri fræðslusamþykt varðar sektum frá 1—25 kr. eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til fræðslunefndar. Sektirnar renna í sveitarsjóð þar sem brotið er framið.

V. kafli.

Um próf.

15. gr.

Próf skal halda árlega um kunnáttu barna í hverju skólahjeraði og fræðsluhjeraði. Í skólahjeruðum heldur skólakennarinn (eða skólakennararnir) prófið, í fræðsluhjeruðum sá maður, sem þar er ráðinn til farkenslu eða til eftirlits með heimafræðslu, eða, ef sliks manns er ekki kostur, þá einhver hæfur maður, er fræðslunefnd ræður til þess. Við próf skal jafnan vera prófdómandi skipaður af yfirstjórn fræðslumála. Fær hann alt að 4 kr. í dagpeninga, er greiðast úr landssjóði. Börn þau, sem lokið hafa lögskipuðu námi, geta fengið vottorð um kunnáttu sína og þroska undirritað af kennara eða þeim, sem prófið heldur. Að loknu prófi skal prófdómandi senda skólanefnd eða fræðslunefnd álit sitt skriflegt um það, hversu barnafræðslunni er háttað í hjeraðinu, en hún sendir það yfirstjórn fræðslumála.

Próf skal haldið að vorinu og ákveður prófdómandi stað og tíma í samráði við skólanefnd eða fræðslunefnd.

Til prófs skulu koma öll börn, sem eru 10 ára að aldri og alt að fullra 14 ára.

Nú kemur barn á þessum aldri ekki til prófs, án gildra forfalla, og sætir þá sá, er barnið hefur til framfærslu, sektum frá 2 til 20 kr., eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar eða fræðslunefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð.

16. gr.

Reynist barn, sem er yngra en 14 ára, svo vankunnandi, að sterkar líkur sjeu til, að það nái eigi lögskipaðri kunnáttu, áður en það er 14 ára fullra, ber skólanefnd eða fræðslunefnd að gjöra ráðstafanir til, að lögð sje við það meiri rækt en áður, og má hún, ef nauðsyn ber til, kaupa því sjerstaka kenslu á kostnað þess, er barnið hefur til framfærslu, samkvæmt því sem segir í 1. gr.

17. gr.

Barni, sem er fullra 14 ára og hefur eigi fengið hina lögskipuðu kunnáttu, ber skólanefnd eða fræðslunefnd að sjá fyrir nægilegri tilsögn á sama hátt og segir í 16. gr., og er því skylt að koma árlega til prófs, uns það stenst prófið eða er fullra 16 ára. Undanskilin fyrirmælum þessarar greinar og fyrirmælum næstu greinar á undan eru þau börn, er skólanefnd eða fræðslunefnd dæmir óhæf til hins lögboðna náms sakir gáfnaskorts eða vanheilsu.

18. gr.

Yfirstjórn fræðslumála setur reglur um tilhögun prófanna og um skýrslur þær og skírteini, er henni skal senda um prófin.

VI. kafli.

Um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnafræðslu.

19. gr.

Kaupstaðir fá engan styrk úr landssjóði til barnafræðslu. Hreppsfjelögum veitist landssjóðsstyrkur til eftirlits með heimafræðslu, til farskóla, til heimangönguskóla og heimavistaskóla, eftir þeim reglum, sem segir í eftirfarandi greinum.

20. gr.

Skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til eftirlits með heimafræðslu eru:

1. að eftirlitinu sje hagað eftir reglugjörð, er sje löguð eftir fyrirmynd, sem yfirstjórn fræðslumála hefur samið og sett.
2. að til eftirlitsins sje ráðinn með skriflegum samningi til ákveðins tíma kennari, einn eða fleiri, er starfi að minsta kosti 6 mánuði á ári og hafi, auk ókeypis fæðis, húsnæðis og þjónustu, að minsta kosti 6 kr. kaup fyrir hverja viku, er hann starfar að eftirlitinu.

Nú fullnægir hreppur þessum skilyrðum, og skal þá upphæð landssjóðsstyrksins ákveðin með tilliti til tölu þeirra barna á skólaaldri, er notið hafa eftirlitsins, og lengdar eftirlitstímans.

21. gr.

Skilyrði fyrir landssjóðstyrk til farskóla eru:

1. að kenslunni sje hagað eftir reglugjörð, sem fræðslunefnd hreppsins semur og yfirstjórn fræðslumála hefur samþykt.
2. að kennarinn sje ráðinn af fræðslunefnd með skriflegum samningi og hafi, auk fæðis, húsnæðis og þjónustu, að minsta kosti 6 kr. kaup fyrir hverja viku, er hann kennir;
3. að fullnægt sje ákvörðun yfirstjórnarinnar um kensluáhöld.

Nú fullnægir hreppur kröfum þessum, og fær hann þá úr landssjóði styrk að tiltölu við tölu þeirra barna, 10—14 ára að aldri, er kenslunnar nutu, og lengd námstímans.

22. gr.

Skilyrði fyrir landssjóðstyrk til fasts heimangönguskóla eru:

1. að kenslu skólans sje hagað eftir reglugjörð, sem yfirstjórn fræðslumála hefur samþykt;
2. að fullnægt sje reglum þeim, er yfirstjórnin setur um hollustuhætti slíkra skóla og kröfum hennar um kensluáhöld;
3. að hver kennari skólans sje ráðinn af skólanefnd eða fræðslunefnd, — með hæfilegum uppsagnarfresti af beggja hálfu, — með skriflegum samningi, og hafi aðalkennarinn að minsta kosti 18 kr. laun fyrir hverja viku, er hann kennir, og aðstoðarkennari eigi minna en 12 kr. um vikuna, er þeir kenna 4—5 stundir á dag.

Nú fullnægir hreppur þessum kröfum, og fær hann þá úr landssjóði styrk að tiltölu við barnafjölda skólans og lengd námstímans.

23. gr.

Heimavistaskóla veitist styrkur úr landssjóði, ef hann fullnægir þessum skilyrðum:

1. að skólastaður og tilhögun skólahússins sje ákveðið með samþykki yfirstjórnar fræðslumála;
2. að kenslunni og skipulagi skólans verði hagað eftir reglugjörð, sem yfirstjórnin samþykkir;
3. að aðalkennari skólans hafi að minsta kosti 25 kr. laun fyrir hverja viku, er hann kennir, auk húsnæðis, ljóss og hita, ef ekki færri en 20 börn njóta kenslu í skólanum í senn, en að því skapi minni laun, sem nemendur eru færri, þó aldrei minni en 18 kr., og skal kennarinn ráðinn af skólanefnd eða fræðslunefnd — með hæfilegum uppsagnarfresti frá beggja hálfu — með skriflegum samningi og með samþykki yfirstjórnar fræðslumála.

Nú fullnægir skólinn þessum skilyrðum, og veitist honum þá styrkur úr landssjóði eftir sömu reglum og föstum heimangönguskólum.

24. gr.

Hverri beiðni um styrk til barnafræðslu, samkvæmt því, er nú hefur sagt verið, skulu fylgja skýrslur þær og skirteini, sem yfirstjórn fræðslumála fyrirskipar.

VII. kafli.

Um skólanefndir og fræðslunefndir.

25. gr.

Í skólanefnd eiga sæti 5 menn, kosnir af bæjarstjórn eða hreppsnefnd, í fræðslunefnd 3 menn, kosnir af hreppsnefnd.

Þegar tvö eða fleiri fræðsluhjeruð ganga saman í eitt fræðsluhjerað (sbr. 5. gr.), skulu hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, halda fund með sjer og kjósa fræðslunefnd fyrir hjeraðið.

26. gr.

Kosning nefndarmanna gildir um 3 ár, og má endurkjósa þá að þeim tíma liðnum, en ekki eru þeir skyldir að taka við kosningu fyr en jafnlangur tími er liðinn og þeir sátu í nefndinni. Kosning til skólanefndar eða fræðslunefndar skal jafnan fram fara, er bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn hafa setið í bæjarstjórn eða hreppsnefnd þrjú ár eða sex. Þeir, sem kosnir verða í hina fyrstu skólanefnd eða fræðslunefnd hjeraðsins, skulu kosnir að eins til þeirra tímamóta. Deyi nefndarmaður eða fari úr nefndinni annara orsaka vegna, áður en þrjú ár eru liðin, frá því er hann var kosinn, skal sá, er kosinn er í hans stað, að eins vera í nefndinni þann tíma af þrem árum, sem enn er eftir.

27. gr.

Nefndin kýs úr sínum hóp til eins árs formann og skrifara. Skyldir eru embættismenn nefndarinnar að taka við endurkosningu tvö ár í röð.

Enginn nefndarmanna hefur atkvæðisrjett um þau mál, er snerta hann sjálfan sjerstaklega.

28. gr.

Formaður kallar nefndina saman til funda svo oft, sem þörf krefur. Nefndin getur enga ályktun gjört, nema meiri hluti hennar sje viðstaddur. Atkvæðafjöldi ræður úrslitum. Ef jafnmörg eru atkvæði, skal atkvæði formanns ráða. Ályktanir nefndarinnar skulu ritaðar í gjörðabók.

29. gr.

Skólanefnd hefur umsjón og eftirlit með öllum barnafræðslumálum

hjeraðs þess, er hún er skipuð fyrir, sjerstaklega með skóla hjeraðsins, ræður kennara við skólann — og skulu jafnaðarlega þeir, sem staðist hafa kennarapróf, látnir ganga fyrir öðrum — og hefur eftirlit með, að þeir gjöri skyldu sína, sjer um hið árlega próf, sem fyrirskipað er í lögum þessum, annast um, að börnin geti fengið nauðsynlegar bækur og áhöld. Hún hefur umsjón með húsum skólans og annast um, að herbergi þau, sem höfð eru til kenslu, sjeu svo, að heilsu barnanna sje ekki hætta búin. Hún sjer um útvegun nauðsynlegra kensluáhalda. Hún ráðstafar fje því, sem kaupstaðurinn eða hreppurinn veitir til barnafræðslu og afhendir bæjarstjórn eða hreppsnefnd í tæka tíð áætlun um kostnað við barnafræðsluna ár hvert. Hún býr út skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn fræðslumála heimtar, um hag barnafræðslunnar.

30. gr.

Fræðslunefnd hefur allar hinar sömu skyldur og skólanefnd með þeim breytingum, sem eru eðlileg afleiðing af mismunandi verkahring.

Fræðslunefnd sjer um framkvæmd á löggiltum fræðslusamþyktum og átelur, ef þær eru brotnar.

31. gr.

Yfirstjórn fræðslumála setur nánari ákvæði um skyldur og störf skólanefnda og fræðslunefnda.

VIII. kafli.

Um yfirstjórn fræðslumála og umsjón.

32. gr.

Yfirstjórn fræðslumála og umsjón hefur stjórnarráð Íslands. Sjer til aðstoðar hefur það skólafróðan mann, er ráðherra Íslands skipar. Gegnir hann aðallega umsjónarstarfinu fyrir hönd stjórnarráðsins og undirbýr ráðstafanir þær og reglugjörðir, er stjórnarráðið setur um fræðslumál. Umsjónarmaður hefur að launum 3000 kr. Kostnað við ferðir, sem leiða af starfi hans, fær hann greiddan eftir reikningi. Starfssvið hans ákveður stjórnarráðið nánar með reglugjörð.

IX. kafli.

Um það, hver lagaákvæði sjeu úr gildi numin með lögum þessum og hvenær lögin öðlast gildi.

33. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin: Konungsbrjef 2. júlí 1790 um uppfræðing barna, og lög 9. janúar 1880 um uppfræðing barna í skrift og reikningi.

34. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1908.

Ed. **528. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Flutningsmaður: Steingrímur Jónsson.

Við 21. gr. 4. lið 2. málsgr. Í stað orðanna: »eftir tillögum hreppsnefnda« komi: eða hreppsfjelaga.

Ed. **529. Breytingatillaga**
við breytingartillögur fjárlaganefndar á þingskjali 504.
Flutningsmaður: Steingr. Jónsson.

Við lið 56. Í stað »5—11« komi: 5—10.

Ed. **530. Breytingartillögur**
við frumvarp til fjárlaga árin 1908 og 1909.
Frá Sigurði Stefánssyni.

Við 13. gr. B. VIII. Liðurinn falli burtu.
Við 13. gr. D. II. 4. Liðurinn falli burtu.
Við 13. gr. D. II. 5. a—b Liðirnir falli burtu.
Við 13. gr. D. II. 9. Liðurinn falli burtu.
Við 13. gr. D. II. 12. Liðurinn falli hurtu.
Við 14. gr. B. VII. 3. Á eftir þessum tölul. komi nýr liður: Byggingarstyrkur til unglingaskólans á Ísafirði 600 kr. fyrra árið.
Við 15. gr. 2. c. Fyrir »400« komi: 200.
Við 15. gr. 2. Á eftir staflið c. komi nýr stafliður d. svo hljóðandi: til bókasafns á Ísafirði 300 kr.

Nd. **531. Nefndarálit**
um frumvarp til laga um laun sóknarpresta.

Hinn afarnaumi tími leyfir nefndinni eigi að færa ástæður fyrir breytingum sínum hjer í nefndarálitinu, og verður það að bíða framsögunnar og meðferðar málsins í deildinni.

Eins og breytingartillögurnar bera með sjer, hefur nefndin í aðalatriðunum aftur horfið að frumvarpi stjórnarinnar. Nokkru er þó haldið af ákvæðum Ed. og beint nýmæli er það hjá oss, að heimila söfnuðum, að breyta sóknartekjum í niðurjöfnunargjald, sem vjer teljum frumvarpinu til mikilla bóta.

Neðri deild alþingis, 3. sept. 1907.

Lárus H. Bjarnason formaður.		Þórh. Bjarnarson skrifari.	Pjetur Jónsson framsögum.
Árni Jónsson.	Ólafur Briem.	Jón Jónsson.	Magnús Andrjesson.

Nd. **532. Breytingartillögur**
við frumvarp til laga um laun sóknarpresta.
Frá kirkjumálanefndinni.

Við 1. gr.
Orðin: »Launin greiðast úr landssjóði« o. s. frv. út greinina falli burt.

Við 2. gr. 13. tölulið.
Fyrir »200,00« komi: 300,00.

Á eftir 3. gr. kom svohljóðandi 4. gr.:
Þar sem presturinn hefur hingað til haft ákveðið prestssetur, heldur hann ábúðarrjetti á því framvegis.
Greinatalan á eftir breytist því samkvæmt.

Við 5. gr. (sem verður 6. gr.).
Fyrir »hvaða tekjugreinar« komi: hverju tekjugreinar.
Við 6. gr. (sem verður 7. gr.).
Talan 8. í fyrstu línu breytist í 6. og
talan 4. í fjórðu línu breytist í 5.
Aftan við greinina bætist: og auk þess senda hverjum presti og hverri sóknarnefnd sjerprentun af skýrslunum.

Við 7. gr.
Greinin falli burt.
8. gr. orðist svo:
Hreppstjóri hefur umsjón yfir öllum þeim kirkjueignum, er liggja í hreppi hans, að undanskildum prestssetrum og lóðargjöldum á prestssetrunum, sem og itökum þeim er presturinn notar sjálfur. Hann innheimtir eftirgjöld jarðanna og skilar sýslumanni þeim innan þriggja mánaða frá gjalddaga, en sýslumaður greiðir þau eftir ráðstöfun stjórnarráðsins. Í umboðslaun fá hreppstjórar 6% af eftirgjöldunum.

Við 9. gr.
Á eftir orðunum »umráð yfir« komi: samkvæmt reglum er stjórnarráðið setur.
Á eftir »50 ár« komi: nema um byggingarlóðir sje að ræða.

11. gr. frumvarpsins falli burt og í hennar sæti komi ný grein, svohljóðandi, er verður 11. gr.:
Jafnóðum og launaákvæði laga þessara koma til framkvæmda í hverju prestakalli fyrir sig, skal fram fara skoðun á öllum þeim kirkjueignum, er hreppstjóri á við að taka eftir 8. gr., og fer skoðun sú fram eftir reglum er stjórnarráðið setur.

Þá komi inn 14 nýjar greinar, gr. 12—25, svo hljóðandi:

12. gr.
Tíundir, offur, lausamannsgjald, lambsfóður og dagsverk, er hingað til

hefur átt að gjalda sóknarpresti, skal sóknarnefndin innheimta í hverri sókn, og ber því sóknarmönnum að greiða gjöld þessi til hennar. Presti og hreppsjórum, og í kaupstöðum bæjarfógeta, er skylt að láta sóknarnefnd í tje þær skýslur, er hún þarf að halda á vegna innheimtunnar.

13. gr.

Gjalddagi á preststíundum, offri og lausamannsgjaldi er 31. desember ár hvert. Sami gjalddagi er og á lambsfóðri og dagsverki, sje það eigi int af hendi í skileyri.

14. gr.

Heimilt er safnaðarmönnum að ákveða það á lögmætum safnaðarfundi fyrir eitt ár í senn, að koma skuli niðurjöfnunargjald í stað hinna lögmæltu sóknartekna. Sóknarnefndin jafnar gjaldinu niður í október eftir reglum, er samþyktar eru á lögmætum safnaðarfundi og staðfestar af prófasti. Presti og hreppstjóra eða bæjarfógeta í kaupstöðum er skylt, að láta sóknarnefnd í tje skýrslur þær, er hún þarf að nota í því skyni.

Eindagi gjalds þessa er 31. desbr. Heimilisráðandi hver leggur gjaldið fram fyrir heimilismenn sína, en á rjett til endurgjalds hjá öðrum en þeim, sem hann á fram að færa að lögum.

Gjaldi þessu fylgir lögtaksrjettur.

15. gr.

Fyrir innheimtu á preststíundum, offrum og lausamannsgjaldi fær sóknarnefndin 6% af upphæðinni, en fyrir innheimtu á lambsfóðrum og dagsverkum fær hún 10%. Enda gjöri hún full skil fyrir öllum sóknartekjunum, að frádregnum innheimtulaunum, með því verði, sem ákveðið er í verðlagsskrá.

Innheimtulaun af niðurjöfnunargjaldi er 6%.

16. gr.

Sóknarnefnd skal fyrir lok októbermánaðar senda prófasti sundurliðaða skýrslu um sóknartekjurnar eða niðurjöfnunargjaldið fyrir yfirstandandi fardagaár og skal skýrslunni fylgja eftirrit af tíundarskýrslu hreppstjórans.

17. gr.

Sóknarnefnd skal gera ársreikning, eftir ákveðinni fyrirmynd, er stjórnarráðið semur með ráði biskups, yfir tekjur þær, er henni ber að innheimta. Reikninginn með fylgiskjölum skal oddviti sóknarnefndar síðan senda prófasti fyrir lok aprílmánaðar. Ásamt reikningnum skal hann einnig senda í peningum upphæð þá, sem borið hefur að innheimta, eða kvittun sóknarprestsins fyrir því fje, er sóknarnefndin hefur greitt honum samkvæmt ávísun prófasts.

Prófastur getur haldið sóknarnefnd, með alt að 1 kr. dagsektum fyrir hvern nefndarmann, til að gera skil á tilteknum tíma.

18. gr.

Sóknarnefndarmenn bera allir ábyrgð á því, að reikningurinn sje rjettur, og að full skil sjeu gjörð fyrir fje því, er sóknarnefndinni ber að innheimta.

19. gr.

Prófastur yfirskoðar reikninga sóknarnefndanna og gjörir við þá athugasemdir, sem honum þykir ástæða til. Athugasemdir þessar sendir hann sóknarnefndinni og ber henni að svara þeim tafarlaust. Prófastur úrskurðar síðan reikninginn, en vilji sóknarnefnd eigi hlíta þeim úrskurði, getur hún skotið honum til landsstjórnarinnar, er fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Svo getur og landsstjórnin af eigin hvötum breytt úrskurði prófasts.

Sóknartekjureikningarnir í hverju prófastsdæmi skulu sendast til landsstjórnarinnar.

20. gr.

Prófastur hefur umsjón með því, að prestar í prófastsdæmi hans fái laun sín greidd samkvæmt lögum þessum.

21. gr.

Þar sem tekjur þær, sem prestur tekur undir sjálfum sjer samkv. 5. gr. hrökkva eigi fyrir launum hans, ávísar prófastur honum af sóknartekjunum í prestakalli hans eða af niðurjöfnunargjaldi svo miklu sem með þarf. Hrökkvi sóknartekjurnar eða niðurjöfnunargjaldið eigi, fær prestur það, sem á vantar, úr prestlaunasjóði eftir ávísun landsstjórnar.

Nú nema tekjur þær, sem presturinn tekur undir sjálfum sjer, samkv. 5. gr. meiru en launum prestsins, og skilar hann þá fyrir fardaga því sem umfram er til prófasts.

22. gr.

Prófastur sendir landsstjórninni árlega skýrslu um tekjur þær, er prestar í prófastsdæminu taka undir sjálfum sjer, og um sóknartekjurnar eða niðurjöfnunargjaldið það árið, fyrir lok nóvembermánaðar, og ávísar landsstjórnin þá prófasti fyrir árslok úr prestlaunasjóði þeirri fjárupphæð, sem samkvæmt skýrslunni vantar til þess að prestarnir fái laun sín að fullu greidd fyrir það fardagaár.

23. gr.

Prófastur skal gjöra ársreikning fyrir hvert fardagaár yfir tekjur þær og útgjöld, sem hann hefur haft á hendi fyrir prestlaunasjóðinn, og sendir síðan reikninginn ásamt fylgiskjölum til stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninginn.

24. gr.

Tekjur prestlaunasjóðs eru þessar:

1. Eftirgjald af fasteignum, er tilheyra prestaköllum landsins, arður af ítökum og prestsmata.
2. Sóknartekjur, þ. e.: preststíundir, offur, lausamannsgjald, lambsfóður og dagsverk eða niðurjöfnunargjald.
3. Vextir af innstæðufje eða peningum, er tilheyra prestaköllunum.
4. Framlög úr landssjóði, enda leggi landssjóður fram fje það, sem vanta kann til þess, að prestar og prófastar fái greidd laun sín af hinum öðrum tekjum sjóðsins.
5. Sektir samkvæmt lögum.

25. gr.

Landsjórnin stjórnar prestlaunasjóðnum, gjörir árlega reikning um tekjur og gjöld sjóðsins og birtir síðan reikninginn í Stjórnartíðindunum.

Við 12. grein, sem verður 26. grein.

Tvær síðustu málsgreinarnar falli burt, en í þeirra stað komi tvær svo hljóðandi málsgreinar:

Þar sem prestur heldur áfram að taka laun eftir eldri ákvæðum, en óskar þó að verða leystur frá innheimtu á sóknartekjunum, er sóknarnefndum skylt að taka þessa innheimtu að sjer eftir 12.—19. gr. laga þessara.

Þegar lög þessi eru komin til framkvæmda, eru öll lagaákvæði, er koma kynnu í bága við þau, úr gildi numin.

Ed. **533. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Frá Þórarni Jónssyni.

1. Við 16. gr. Á eftir 24. lið komi nýr liður svo hljóðandi:
   Til þess að lengja og fullkomna bátabryggju á Blönduósi 7000 kr. fyrra árið.
2. — — — Á eftir 28. lið komi nýr liður:
   Styrkur til Hjálmars Lárussonar til þess að fullkomna sig í teikniskurði . . . . . 600 kr. fyrra árið.

Ed. **534. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Frá Aug. Flygenring og Valtý Guðmundssyni.

1. Við 14. gr. B. VII., d.
   Fyrir 2500—2500 komi: 3500—3500.
2. Á eftir 14. gr. B. VII. g. komi 2 nýir liðir svo hljóðandi:
   h. til afborgunar og vaxta af byggingarláni 1475—1425.
   i. til brunabótagjalds og viðhalds á húsinu m. m. 900—900.

Stafliðatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslunni.

Ed. **535. Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Flutningsmaður: Þorgr. Þórðarson.

Við 12. gr. 3. Á eftir þessum lið komi nýr liður, er verður 4. liður, svo hljóðandi:
4. Styrkur til Öræfinga til að vitja læknis 150—150.
Styrkurinn útborgist hreppsnefnd Hofshrepps.

Ed. **536. Viðaukatillaga**
við þingsályktunartillögu á þingskjali 498.

Frá Þórarni Jónssyni.
Á eftir Brúsastöðum í sömu sýslu — 2,200 komi:
Árbakka í sömu sýslu — 2,200.

Nd. **537. Frumvarp**
til laga um stjórn landsbókasafnsins.
(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Stjórnarráðið hefur á hendi yfirstjórn landsbókasafnsins, skipar starfsmenn þess, sjer um hinn fasta sjóð þess, og auglýsir árlega reikning hans í Stjórnartíðindunum.

2. gr.

Skipa skal landsbókavörð með 3000 kr. árslaunum. Hann hefur á hendi daglega stjórn bókasafnsins og gegnir þeim störfum, sem stjórnarnefnd bókasafnsins hefur haft til þessa.

3. gr.

Skipa skal til aðstoðar tvo bókaverði; hinn fyrri hefur að árslaunum 1500 kr., en hinn síðari 1000 kr.

4. gr.

Skipa skal 5 manna nefnd landsbókaverði til ráðaneytis við kaup bóka og handrita, og sitja í þeirri nefnd kjörnir menn af kennurum embættaskólanna og hins almenna mentaskóla, einn maður frá hverjum skóla, og landsskjalavörður hinn fimti.

5. gr.

Ákvæðin um stjórn safnsins í stofnskrá 15. nóv. 1826 eru úr gildi feld.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Ed. **538. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Flutningsmaður G. Vigfússon.

Við 13. gr. B. Eftir IX. lið bætist nýr liður svo hljóðandi:

Styrkur til brúargjörðar á Tinnudalsá í Breiðdalshreppi fyrra árið 400 kr.

Ed. **539. Viðaukatillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Flutningsm.: Guttormur Vigfússon.

Við 16. gr. Á eftir 28. tölulið bætist inn nýr liður, sem verði 29. tölul.:

Til Indriða Helgasonar til þess að stunda rafmagnsfræði, við »Statens Forsögsmölle« í Askov, sumarið 1908, kr. 300 fyrra árið.

Nd. **540. Breytingartillaga**

við frv. til laga um laun sóknarpresta.

Flutningsmaður: Jón Jónsson.

Við 1. gr. Fyrir »1250» komi: 1300.
— »1450« komi: 1500.
— »1650« komi: 1700.

— 2. — Eftir 4. tölulið komi 2 nýir liðir:

a. Breiðabólsstaður í Fljótshlíð	200	kr.
b. Landprestakall	150	—

— 5. — komi 8 nýir liðir:

a. Stokkseyri	100	—
b. Arnarbæli	200	—
c. Mosfell í Mosfellssveit	300	—
d. Garðar á Akranesi	200	—
e. Reykholt	150	—
f. Stafholt	200	—
g. Staðarhraun	150	—
h. Staðastaður	200	—

— 9. — komi 9 nýir liðir:

a. Breiðabólsstaður í Vesturhópi	250	—
b. Auðkúla	150	—
c. Reynistaðaklaustur	200	—
d. Mælifell	300	—
e. Viðvík	100	—
f. Barð í Fljótum	100	—
g. Hvanneyri	300	—

Eftir 9. tölulið		h. Tjörn í Svarfaðardal	200 kr.
		i. Bægisá	100 —
12.	—	Fyrir »200« komi: 300.	
— 12.	—	komi 2 nýir liðir:	
		a. Helgastaðir	200 —
		b. Húsavík	150 —
13.	—	Fyrir »200« komi: 300.	

541. Skrá

yfir erindi til alþingis 1907 (lögð fram á lestrarsal þingsins frá 22. júlí til 3. september).

Framhald af þingskjali nr. 124.

I. Fjárbænir o. fl.

105. Beiðni frá Gísla Eiríkssyni pósti á Vestdalseyri um 200 kr. ellistyrk á ári (með 4 fskj.).
106. Beiðni frá Jóni lækni Jónssyni á Blönduósi um 6000 kr. lán úr viðlagasjóði til hússbyggingar (með 1 fskj.).
107. Brjef frá Jóni lækni Jónssyni á Blönduósi viðvíkjandi sjúkraskýlisbyggingu (með 1 fskj.).
108. Beiðni frá Saurbæjarhreppi um styrk til uppmælingar á Gilsfirði.
109. Beiðni frá Karli Finnbogasyni og Bergi Helgasyni um 80,000 kr. lán úr landssjóði til að stofna lýðháskóla með fyrirmyndarbúi á Suðurlandsundirlendi (með 1 fskj.).
110. Beiðni frá Pjetri Pjeturssyni, bónda í Hafnardal í Norður-Ísafjarðarsýslu, um 200—300 kr. árlegan ellistyrk.
111. Beiðni frá sjera Lárusi Halldórssyni á Breiðabólsstað á Skógarströnd um 189 kr. uppbót úr landssjóði fyrir álagsmissi á prestakallið (með 3 fskj.).
112. Beiðni frá Tómasi Davíðssyni kennara í Bændagerði um ellistyrk (með 1 fskj.).
113. Beiðni frá sjera Hjörleifi Einarssyni um 300—400 kr. viðbót við eftirlaun hans.
114. 3 erindi úr Borgarfjarðarsýslu, snertandi viðhald flutningabrautarinnar upp Mýrasýslu
115. Beiðni frá bæjarfógetanum á Ísafirði fyrir hönd bæjarstjórnarinnar um minst 2000 kr. styrk til unglingaskóla á Ísafirði hvort árið.
116. Beiðni frá kjósendum í Geiradalshreppi í Barðastrandarsýslu um, að alþingi veiti fje til að mæla sjóleiðina inn á Salthólmavík og Króksfjörð.
117. Beiðni frá Jónasi bónda Bjarnasyni í Bakkaseli í Öxnadal um styrk úr landssjóði til að bæta húsakynni sín, svo að hann geti hýst ferðamenn (með 2 fskj.).
118. Beiðni frá Karli Finnbogasyni um 600 kr. styrk til að ganga á kennaraskóla í Kaupmannahöfn.
119. Beiðni frá Ragnhildi Björnsdóttir, ekkju Páls Ólafssonar, um, að hún verði aðnjótandi sama styrks úr landssjóði og maður hennar hafði síðustu æfiár sín.
120. Tilboð frá Þórarni Bjarnarsyni um að halda úti gufubát á Faxaflóa.
121. Beiðni frá Hjálmari Lárussyni frá Forsæludal í Húnavatnssýslu um 600 kr. styrk hvort árið til þess að fara utan og afla sjer frekari þekkingar í dráttlist og útskurði (með 2 fskj.).
122. Beiðni frá sjera Eiríki Stefánssyni á Torfastöðum um, að mega verja kirkjujörðinni Torfastaðakoti til að kaupa bæjarhús á prestsetrinu, sem er eign formanns hans.

123. Beiðni frá Jóni Ólafssyni um 2,400 kr. árlegan styrk næstu 2 ár til þess að semja og búa undir prentun íslenska orðabók með íslenskum þýðingum.
124. Beiðni frá Guðmundi Hávarðssyni um 2,500 kr. uppbót á kaupi hans fyrir flutning á ritsímastaurum í Borgarfjörð í fyrra, (með 10 fskj).
125. Beiðni frá sjera Einari Jónssyni á Kirkjubæ í Hróastungu um ívilnun, að því er snertir afborgun af láni Kirkjubæjarprestakalls.
126. Beiðni frá Jóhanni Jónssyni pósti um 200 kr. árlegan ellistyrk.
127. Beiðni um 1,500 kr. styrk úr landssjóði til ofaniburðar á Fjallabaksvegi (með 1 fskj.).
128. Brjef frá þingm. Barðstrendinga til veganefndarinnar viðvíkjandi vegum í Barðastrandasýslu.
129. Brjef til veganefndarinnar frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu viðvíkjandi akvegi frá Hafnarfirði til Keflavíkur.
130. Brjef frá þingmanni Norður-Þingeyinga til veganefndarinnar viðvikjandi vegum í Þingeyjarsýslu.
131. Erindi frá sjera Magnúsi Helgasyni kennara í Hafnarfirði um 800 kr. ferðastyrk til þess að kynna sjer fyrirkomulag og starfsháttu kennaraskóla erlendis.
132. Beiðni frá skólastjóra J. A. Hjaltalín um aðgjörð á leikfimishúsi Akureyrarskólans (með 3 fskj.).
133. Erindi frá verslunarstjórunum Elís Jónssyni og Olgeiri Friðgeirssyni og Jóni Jónssyni hjeraðslækni á Vopnafirði um, að greiddur verði úr landssjóði allur kostnaður við símalínuna frá Hofi til Vopnafjarðarkauptúns (með 3 fskj.).
134. Kostnaður við flutning á ritsímastaurum frá Guðmundi Hávarðssyni.
135. Brjef frá þingmanni Borgfirðinga ásamt tveim erindum um vitabyggingu á Akranesi.
136. Beiðni frá yfirstjórn holdsveikraspítalans um, að veittar verði 900 kr. á fjáraukalögum fyrir 1906—07 til nauðsynlegrar aðgjörðar á spítalanum.
137. Erindi frá Þórði bónda Sigurðssyni í Grænumýrartungu í Strandasýslu um fjárstyrk til umbóta á húsakynnum sínum (með 1 fskj.).

II. Ýms erindi.

138. Útdráttur úr gjörðabók fulltrúaþings Bárufjelagsins.
139. Erindi frá búendum í Hvalfjarðarstrandarhreppi um löggilding verslunarstaðar að Kalmansárósi.
140. Útdráttur úr gjörðabók sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu, áhrærandi skifting sýslunnar í tvö sýslufjelög.
141. Útskrift úr gjörðabók amtsráðsins í Vesturamtinu 1906—07 um afhending amtsbókasafnsins í Stykkishólmi í hendur sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.
142. Fyrirspurn frá stúkunum »Verðandi« og »Einingin« um það, hvort alþingi hyggi sig hafa lengur rjett til lóðar við Vonarstræti, frekari en þann, er forsetar alþingis notuðu sjer, þá er lóð alþingishússins var mæld út og girðingar um hana reistar.
143. Beiðni frá Hannesi bónda Magnússyni á Árbakka í Vindhælishreppi um, að hann fái keypta ábýlisjörð sína.
144. Erindi frá þingmanni Borgfirðinga viðvíkjandi notkun flutningabrautarinnar frá Borgarnesi upp Mýrasýslu.
145. Fáeinar athugasemdir við nokkrar af tillögum milliþinganefndarinnar í kirkjumálum frá prófastinum í Barðastrandarprófastsdæmi.

146. Yfirlýsing frá bæjarstjórn Reykjavíkur til fræðslunefndarinnar um, að tilboð bæjarstjórnarinnar um ókeypis lóð handa kennaraskóla í Reykjavík, alt að 600 ferfaðmar, standi enn óbreytt (með 1 fskj.).
147. Áskorun frá Akranesingum um, að stjórn og alþingi verði samtaka um, að fá landhelgislínuna færða út að mun.
148. Símskeyti frá útgjörðarmönnum á Akureyri viðvíkjandi lögum um breytingar á lögum nr. 10, 13. apríl 1894 um útflutningsgjald.
149. Útdráttur úr fundargjörð norðlenskra presta á Sauðárkróki 3. og 4. júlí þ. á.
150. Aukahjeraðsfundur Skagafjarðarprófastsdæmis 1. júlí 1907.
151. Erindi frá bæjarstjórninni á Ísafirði um breyting á lögum nr. 26, 3. okt. 1903 um hafnsöguskyldu í Ísafjarðarkaupstað.
152. Hjeraðsfundargjörðir úr Húnavatns-, Dala-, Skagafjarðar- og Eyjafjarðar-prófastsdæmum, snertandi kirkjumál.
153. Símskeyti til alþingis frá »Lagtinget« á Færeyjum.
154. 3 áskoranir frá Stórstúku Íslands.
155. Áskorun frá útvegsbændum í Garði um frekari strandvarnir gegn yfirgangi botnvörpunga.
156. Símskeyti til alþingis frá ríkisþingsmönnunum dönsku (Seyðisf. 15. ág.).
157. Símskeyti frá Hans Hátign konunginum til alþingis (Seyðisf. 15. ág.).
158. Beiðni frá Eggert bónda Guðmundssyni á Hólmi um, að alþingi setji og samþykki lög um, að hann fái ábýli sitt keypt fyrir matsverð, 2350 kr. (með 4 fskj.).
159. Beiðni frá sjera Jóni Jónssyni á Stafafelli fyrir hönd Lónsmanna um löggilding verslunarstaðar að Hvalneskróki í Lóni.
160. Útskrift úr gjörðabók bæjarstjórnarinnar í Reykjavík viðvíkjandi lóðarnámi undir sporbraut frá Skerjafirði til Reykjavíkur.
161. Fylgibrjef frá grískа aðalkonsúlnum í Kaupmannahöfn til stjórnarráðsins með tveim flöggum (flagg Kríteyjar og flagg yfirsjóliðsforingjans grísка; bæði flöggin til sýnis í alþingishúsinu).
162. Erindi frá kaupmönnum í Reykjavík um, að Íslandsbanka sje gefinn kostur á að auka starfsfje sitt á þann hátt, sem hann hefur sótt um.
163. Brjef frá þingmanni Norður-Ísfirðinga með tveim brjefum til Sigurbjörns Guðleifssonar í Ólafsvík, öðru frá stjórnarráði Íslands, hinu frá dómsmálaráðaneytinu danska, þar sem honum er synjað um, að áfrýja landsyfirrjettardómi til hæstaréttar.
164. Áskorun frá kaupmönnum í Reykjavík til alþingis um, að efla Landsbankann svo, að honum verði sem best borgið í samkeppni á peningamarkaðinum.
165. Brjef stjórnarráðs Íslands með 135 skjölum, viðvíkjandi sölu þjóðjarða þeirra, sem stjórnarráðið þegar hefur selt, samkvæmt lögum 20. okt. 1905 um sölu þjóðjarða.
166. Áskorun frá 11,422 konum um aukin kvenrjettindi.

Ed. **542. Breytingartillögur**
við frumvarp til laga um skipun læknishjeraða.
Frá Sigurði Stefánssyni.

1. Við 1. gr. 14. tölul. Töluliðurinn orðist svo:
Ísafjarðarhjerað: Hólshreppur, Eyrarhreppur, Ísa-

fjarðarkaupstaður, Súðavíkurhreppur og Vigur í Ögurhreppi.

2. Við 1. gr. Á eftir 14. tölulið komi nýr töluliður, er verður 15. töluliður svo hljóðandi:
Nauteyrarhjerað: Ögurhreppur nema Vigur, Reykjarfjarðar, Nauteyrar- og Snæfjallahreppar.
Liðatalan breytist samkvæmt þessu.

Nd. **543. Breytingartillaga**
við frumv. til laga um sölu kirkjujarða.
Frá Stefáni Stefánssyni, Eyf.

Við 7. gr. Í stað orðanna: »nægilega hár« komi: hæfilegur.

Ed. **544. Frumvarp**
til laga um öryrkjastyrk.
(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í hverjum kaupstað og hreppi á landinu skal stofna styrktarsjóð handa öryrkjum, en öryrkjar teljast í lögum þessum menn, sem eru frá verki sakir ellilasleika eða langvinnar heilsubilunar. Í sjóð þennan rennur styrktarsjóður handa alþýðufólki, sem til er í kaupstaðnum eða hreppnum.

Sjóðir þessir skulu styrktir með árlegu tillagi úr landssjóði, er nemur 1 krónu fyrir hvern gjaldskyldan karlmann og 50 aurum fyrir hvern gjaldskyldan kvenmann.

2. gr.

Gjaldskyldir til öryrkjasjóðsins eru allir, karlar og konur, sem eru fullra 18 ára og ekki yfir 60 ára, nema þeir, er nú skal greina:

a. Þeir, er njóta sveitarstyrks og aðrir, sem ekki geta unnið fyrir sjer vegna veiklunar á sál eða líkama.
b. Þeir, sem sæta hegningarvinnu.
c. Ennfremur fjelausir menn, sem fyrir ómaga, eða ómögum, hafa að sjá, sem og þeir, sem fyrir heilsubrest, eða af öðrum ástæðum, eigi geta unnið fyrir kaupi.

Karlmaðurinn greiðir 2 kr. í sjóðinn á ári, en kvenmaðurinn 1 kr.

3. gr.

Í öryrkjasjóð rennur gjald fyrir leyfisbrjef til lausamensku samkv. 1. gr.

í lögum nr. 3, 2. febr. 1894 um breyting á tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. mai 1863 og viðauka við hana.

4. gr.

Hreppsnefndir skulu fyrir lok janúarmánaðar ár hvert semja skrá um alla þá, er gjaldskyldir eru í hreppnum til sjóðsins. Í kaupstöðum semja 3 menn, er bæjarstjórn kýs úr sínum flokki, skýrslur þessar. Á skrána skulu þeir settir, er lögheimili hafa í kaupstaðnum eða hreppnum hinn 1. janúar; sje vafi um heimilisfang manns, skal hann settur á skrá í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem hann dvelur um áramótin. Á skrána skulu þeir settir, sem eru fullra 18 ára hinn 1. janúar, og sömuleiðis þeir, sem ekki eru fullra 60 ára hinn sama dag. Skráin skal rituð á prentuð eyðublöð, er stjórnarráðið útbýtir.

Lögreglustjórinn í Reykjavík og hver prestur, að því er prestakall hans snertir, er skyldur til að senda nefndum þessum skrá yfir hið gjaldskylda fólk, er dregin sje út úr manntalsskýrslunum í Reykjavík og sálnaregistrunum annarsstaðar.

5. gr.

Auk þess, sem gjaldendur eiga að greiða gjöld sín til öryrkjasjóðsins hver fyrir sig, þá eru menn og skyldir til að leggja fram gjöldin fyrir aðra svo sem nú segir:

a. Kvongaðir menn eiga að inna gjaldið af hendi fyrir konur sínar, meðan hjónabandinu er ekki slitið að lögum, enda sjeu þau til heimilis í sama hreppi.
b. Foreldrar og fósturforeldrar eiga að inna gjaldið af hendi fyrir börn sín og uppeldisbörn, sem vinna hjá þeim, eru á þeirra vegum eða þeir kosta til náms.
c. Húsbændur eiga að greiða gjaldið fyrir hjú sín og annað þjónustufólk sitt, sem er á framfæri með þeim.
d. Iðnaðarmenn eiga að greiða gjaldið fyrir starfsmenn (iðnnema og sveina) sína.
e. Kaupmenn, verslunarstjórar og aðrir verkveitendur eiga að greiða gjaldið fyrir þá, sem eru í fastri þjónustu hjá þeim.
f. Húsráðendur eiga að greiða gjaldið fyrir lausamenn og lausakonur, sem hjá þeim hafa lögheimili síðasta vistarár, svo og fyrir húsmenn, sem ekki hafa húsnæði út af fyrir sig.

Nú eru þessir menn öreigar að áliti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, og fellur þá niður skylda þeirra til að greiða gjöldin fyrir aðra. Þeir, sem greiða gjöldin fyrir aðra, hafa rjett til þess, að telja þau þeim til skuldar, sem gjaldskyldir eru, svo og til að halda gjaldinu eftir af kaupi þeirra eða launum.

6. gr.

Skrár þær, er gjörðar hafa verið um gjaldskyldu manna til öryrkjasjóðanna, skulu liggja almenningi til sýnis frá 1.—7. dags febrúarmánaðar ár hvert, á einhverjum hentugum stað í hreppnum eða kaupstaðnum, enda sje áður auglýst með viku fyrirvara, hvar skrárnar verði lagðar fram.

7. gr.

Nú álítur einhver, að maður sje ranglega talinn á skránni, eða einhverjum ranglega slept þar, og skal hann þá innan 15. dags febrúarmánaðar koma fram með mótbárur sínar eða kröfur í þessu efni til hlutaðeigandi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, er leggur úrskurð á þær innan hálfs mánaðar þar frá. Úrskurðinum má skjóta til sýslumanns innan 15. dags marsmánaðar.

Síðan skulu skýrslurnar sendar hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta innan 15. dags aprílmánaðar.

Nú hefur sami maður verið settur á skrá í tveimur sveitarfjelögum og hefur hann þá rjett til að fá gjaldið endurgoldið úr sjóðnum í því sveitarfjelagi, sem hann átti ekki lögheimili í 1. janúar, og ber honum að sanna þetta fyrir hlutaðeigandi sýslumanni eða bæjarfógeta innan ársloka.

8. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í sveitum sýslumenn, innheimta gjaldið á manntalsþingum og koma því á vöxtu í aðaldeild Söfnunarsjóðsins; innheimtumenn fá 2% fyrir gjaldheimtuna.

9. gr.

Í kaupstöðum skulu bæjarfógetar, en í hreppum sýslumenn, hafa á hendi reikningshald sjóðanna og geyma eignarskilríki þeirra. Reikningar sjóðanna fyrir hvert ár skulu fyrir lok janúarmánaðar sendir hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd og kýs bæjarstjórnin eða sýslunefndin 2 menn til að endurskoða þá, en bæjarstjórnin eða sýslunefndin úrskurðar reikningana. Í kaupstöðum sendir bæjarstjórnin stjórnarráðinu árlega skýrslu um hag sjóðanna; sams konar skýrslu sendir sýslunefndin stjórnarráðinu. Í Stjórnartíðindunum skal árlega birta skýrslu um hag sjóðanna í hverjum kaupstað og hverri sýslu.

10. gr.

Árgjöld til öryrkjasjóða má taka lögtaki samkvæmt lögum 16. desbr. 1885 um lögtak eða fjárnám án undanfarins dóms eða sátta, og hafa gjöld þessi sama forgangsrjett í dánar- eða þrotabúi gjaldenda eins og skattar og gjöldin til landssjóðs.

11. gr.

Í hverjum kaupstað og hreppi skal á ári hverju að jafnaði, ef verðugir umsækjendur hafa gefið sig fram, úthluta $^2/_3$ hlutum af gjaldi því, er það ár ber að greiða til öryrkjasjóðsins í kaupstaðnum eða hreppnum, og enn fremur hálfum styrk þeim, er lagður er til sjóðsins úr landssjóði á árinu, svo og hálfum vöxtunum af sjóðnum fyrir næsta ár á undan.

12. gr.

Sýslumaður skal fyrir lok júlímánaðar ár hvert skýra hreppsnefndun-

um frá því, hve mikil upphæð komi til úthlutunar á árinu úr öryrkjasjóðum hreppanna, og hin sama skylda hvílir á bæjarfógetanum gagnvart bæjarstjórn, en hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu síðan birta þetta í hreppnum eða kaupstaðnum á venjulegan hátt fyrir lok ágústmánaðar.

13. gr.

Styrk þann, er úthlutað er ár hvert, veita bæjarstjórnir og hreppsnefndir fátækum öryrkjum, þó þeim einum, sem eru fullra 18 ára að aldri eða þar yfir, eiga heima í kaupstaðnum eða hreppnum, hafa ekki þegið sveitarstyrk árið áður, standa ekki í sveitarskuld og eiga framfærslurjett hjer á landi.

Við úthlutun styrksins skal einkum hafa fyrir augum, hve mikil og brýn þörf öryrkja er, og hvort hann er reglusamur og vandaður maður.

Styrkur til lækninga, borgun fyrir meðul, sjúkrahúsvist, umbúðir og slíkt, telst eigi sveitarstyrkur, þá er um öryrkjastyrk er að ræða.

14. gr.

Þeir, er vilja fá styrk úr öryrkjasjóði, skulu fyrir lok september ár hvert senda skriflega umsókn um styrkinn til hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, og á umsóknarbrjefið að fela í sjer þær upplýsingar, sem með þarf, til þess að geta dæmt um verðleika umsækjanda.

Beiðninni skulu fylgja vottorð einhvers málsmetandi manns um það, að upplýsingar þær, er í beiðninni standa, sjeu sannar.

15. gr.

Styrkurinn veitist fyrir lok októbermánaðar. Hann veitist fyrir eitt ár í senn, og má ekki vera undir 20 krónum.

Landsstjórnin setur nánari reglur um úthlutun styrksins.

16. gr.

Ef engin umsókn um styrk úr öryrkjastjóði berst til bæjarstjórnar eða hreppsnefndar eða aðrar gildar ástæður valda því, að eigi þykir rjett að úthluta öllu því fje, sem um er rætt í 11. gr., skal það, sem afgangs verður, lagt við innstæðu stjóðsins.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1908, og ber að innheimta öryrkjasjóðsgjöld samkvæmt þeim í fyrsta skifti á manntalsþingum 1908.

18. gr.

Lög um styrktarsjóði handa alþýðufólki 11. júlí 1890 og lög um breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki 18. desbr. 1897 eru úr lögum numin.

Nd. **545. Breytingartillögur**

við frv. til laga um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (þingskj. 515).

Flutningsmaður: Eggert Pálsson.

1. Við 7. gr. Í staðinn fyrir: »uppfræðingu ungmenna« komi: kristindómsfræðsla ungmenna.
2. Við 18. gr. Orðin: »einkum að því—ungmenna« falli burt.
3. Við 19. gr. Í staðinn fyrir: »svo sem uppfræðslu barna« komi: svo sem uppeldi og kristindómsfræðslu barna.

Ed. **546. Breytingartillögur**

við frv. til laga um kennaraskóla í Reykjavík.

Frá nefndinni.

1. Við 5. gr.: Orðin »í skólahúsinu« í fyrra lið greinarinnar falli burt.
2. Við sömu gr.: Í stað »skólahúsinu« í síðara lið greinarinnar komi: húsum.

Nd. **547. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um skipun prestakalla.

Flutningsmaður: Ólafur Ólafsson.

Við 1. gr. 33. liður orðist þannig:
Hraungerði: Hraungerðis- og Laugardælasóknir.
34. liður orðist þannig:
Stokkseyri: Stokkseyrar- og Eyrarbakkasóknir.
A eftir 34. lið komi nýr liður, sem verður 35., og orðist þannig:
Gaulverjabær: Gaulverjabæjar- og Villingaholtssóknir.
Liðatalan breytist samkvæmt þessu.

Nd. **548. Breytingatillögur**

við frumvarp til laga um skipun prestakalla.

Flutningsmaður: Jóhannes Ólafsson.

Við 1. grein. XIII. liður hljóði þannig:
65. Sandar og Rafnseyri: Sanda, Hrauns, Rafnseyrar og Álftamýrarsóknir.
66. Holt og Mýraþing: Holts, Kirkjubóls, Mýra, Núps, og Sæbólssóknir.

Nd. **549. Frumvarp**
til laga um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands.
(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

Um forstjórn skógræktarmála m. fl.

1. gr.

Skógrækt skal hefja með því markmiði, að friða og bæta skóga þá og skógarleifar, sem enn eru hjer á landi, rækta nýjan skóg og leiðbeina landsmönnum í meðferð skógs og gróðursetning. Í sambandi við það skal stund leggja á varnir gegn uppblæstri lands og sandfoki, þar sem því verður við komið. Yfirstjórn skógræktarmála og sandfoksmála hefur stjórnarráðið.

2. gr.

Skipa skal forstjóra fyrir skógræktarmál landsins, og skal hann einnig hafa á hendi forstjórn opinberra ráðstafana, sem gjörðar verða til þess að varna sandfoki. Hann skal hafa stundað skógrækt á Norðurlöndum, og int af hendi próf, er stjórnarráðið tekur gilt. Hann nefnist skógræktarstjóri og hefur að launum 3000 kr. á ári.

3. gr.

Ráðherra skipar skógarverði eftir þörfum. Tala þeirra og laun skulu ákveðin á fjárlögum. Þeir skulu hafa aflað sjer sjerstakrar þekkingar á skógrækt, og staðist próf, sem stjórn skógræktarmálanna kveður nánar á um. Skógarverðir skulu settir yfir skógræktarjarðir og trjáræktunarsvæði landssjóðs, annast framkvæmd á skógræktarstörfum þar, hafa eftirlit með meðferð og rækt skóga, hver á því svæði, sem honum er skipað, og í hvívetna aðstoða skógræktarstjóra í starfi hans til eflingar skóggræðslu í landinu. Fela má og skógarvörðum athugun og skrásetning sandfokssvæða og eftirlit með framkvæmd sandfoksráðstafana, er gjörðar kunna að verða.

4. gr.

Störf og starfssvið skógræktarstjóra og skógarvarða skal ákveða með reglugjörð, sem stjórnarráðið setur.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Nd. **550. Breytingartillaga**
við frumv. til laga um laun sóknarpresta (þingskj. 309).
Flutningsmaður: Eggert Pálsson.

1. Við 1. gr. Í staðinn fyrir: »Þegar hann er orðinn eldri að embættisaldri en fullur þriðjungur sóknarpresta landsins« komi: Eftir 10 þjónustuár.
2. — 1. — Í staðinn fyrir: »þegar hann er orðinn eldri að embættisaldri, en fullir tveir þriðjungar sóknarpresta landsins« komi: eftir 20 þjónustuár.

Nd. **551. Frumvarp**
til laga um ellistyrk presta og eftirlaun.
(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Hver sá, er fengið hefur veiting fyrir prestsembætti hjer á landi, skal safna sjer ellistyrk eða kaupa sjer geymdan lífeyri, svo sem lög þessi ákveða, og skal prestur árlega verja 2% af föstum byrjunarlaunum sínum í því skyni.

2. gr.

Ellistyrkur sá, er safnast, skal geymast og ávaxtast í einhverjum þeim sjóði, er landsstjórnin tekur gildan, en trygging fyrir lífeyri skal kaupa í lífsábyrgðarstofnun ríkisins. Landsstjórnin geymir eignarskírteini fyrir ellistyrknum eða lífeyristryggingunni.

3. gr.

Landssjóður ábyrgist greiðslu árgjaldanna samkvæmt 1. gr., en hefur aftur lögtaksrjett samkvæmt lögum nr. 29, frá 16. des. 1885, gagnvart kaupanda ellistyrksins eða lífeyrisins.

4. gr.

Þegar prestur fær lausn frá embætti, getur hann farið að fá alla vexti af ellistyrknum, og farið að taka til lífeyrisins. Svo getur hann og keypt sjer æfilangan lífeyri fyrir ellistyrkinn allan eða hlut af honum. Sá ellistyrkur, sem prestur á þegar hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign.

5. gr.

Auk ellistyrks eða lífeyris samkvæmt 1.—4. gr., skal prestur hver, er veitt hefur verið prestsembætti, hafa rjett til árlegra eftirlauna, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsubrests, eða fyrir aðrar þær sakir, sem honum er ósjálfrátt um.

6. gr.

Eftirlaunin nema 15 kr. fyrir hvert þjónustuár, talið frá veitingu prestsembættis, og greiðast úr landssjóði. Sjötugur prestur á rjett á að fá lausn frá embætti með eftirlaunum eftir lögum þessum.

7. gr.

Sá prestur, sem að ósjálfráðu slasast þannig, eða tekur vanheilsu, er hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að sleppa prestsskap, fær 360 kr. að árlegum eftirlaunum, þótt hann hafi ekki þjónað prestsembætti svo lengi, að eftirlaun hans nemi því.

8. gr.

Prestur sá, er fyrirgjörir kjóli og kalli, missir rjett til eftirlauna. Nú er presti vikið frá kalli um sinn, en honum þó veitt embætti aftur, og hefur hann þá rjett til eftirlauna eftir 5. og 6. gr.

9. gr.

Nú hefur prestur fengið eftirlaun, og missir hann þau: 1, ef hann fær aftur embætti, er ekki fylgja lægri laun en eftirlaunin. 2, ef hann fyrir konungsleyfi fram gengur í þjónustu annara ríkja. 3, ef hann tekur sjer bústað í öðru ríki án samþykkis konungs. 4, ef hann verður sannur að, því að hafa kastað trú þjóðkirkjunnar. 5, ef hann verður sekur að lagadómi um eitthvert það afbrot, er svift mundi hafa hann embætti, hefði hann í því verið, hvort sem brotið hefur verið framið áður en hann fjekk lausn frá embætti eða eftir það.

10. gr.

Nú æskir uppgjafaprestur að fá einhverja lausa kirkjujörð í prestakallinu til ábúðar, og skal hann þá eiga forgangsrjett fyrir öðrum að öðru jöfnu.

11. gr.

Ákvæðin í 1.—4. gr. ná eigi til presta þeirra, sem nú sitja í embætti, meðan þeir halda sama embætti og launakjörum sínum annars óbreyttum, en að öðru leyti öðlast lögin gildi fyrsta fardag 1908, þannig að þeir prestar, sem fá lausn frá þeim tíma eða síðar, fá eftirlaun eftir lögum þessum. Þó halda þeir prestar, er kunna að eiga tilkall til hærri eftirlauna, eftir hingað til gildandi lögum, rjetti sínum óskertum, Eftirlaun uppgjafapresta þeirra, sem fengið hafa lausn áður en lög þessi ganga í gildi, og taka eftirlaun sín að nokkru eða öllu leyti af fyrverandi embættum sínum, greiðast úr landssjóði jafnóðum og prestaköll þau losna, sem eftirlaunamenn eiga að svara, eða á annan hátt komast undir ákvæði hinna nýju launalaga. Svo halda og uppgjafaprestar þeim eftirlaunum úr landssjóði, er þeir hingað til hafa notið.

Lög nr. 4, frá 27. febr. 1880, um eftirlaun presta, og önnur lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi, ganga úr gildi að sama skapi og lög þessi ganga fram.

Nd. **552. Frumvarp**

til laga um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri.

(Eins og það var samþ. við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hver prestur í þjóðkirkjunni, sem hefur rjett til eftirlauna og kvænst hefir innan 60 ára aldurs, er skyldur að tryggja ekkju sinni árlegan lífeyri, er ekki sje minni en 300 kr.

Kosti lífeyririnn prestinn meira en 65 kr. á ári, greiðist það, sem umfram er, úr landssjóði, eigi prestur í hlut, sem situr í embætti þegar lög þessi ganga í gildi.

2. gr.

Lífeyrinn skal kaupa hjá lífsábyrgðarstofnun ríkisins, enda geymir landstjórnin eignarskírteini fyrir lífeyrinum.

3. gr.

Landssjóður ábyrgist, að iðgjöldin eða sá hluti þeirra, sem presti ber að leggja fram samkvæmt 1. gr., verði greidd í gjalddaga, en hefur aftur lögtaksrjett, samkvæmt lögum nr. 29, frá 16. des. 1885, fyrir þeim framlögum sínum á hendur presti. Nú deyr prestur og landssjóður hefur ekki getað komið fram lögtaki fyrir iðgjaldi, og má þá landssjóður halda inni af lífeyri ekkjunnar því, er hann lagði fram fyrir prest, en ekki náði með lögtaki.

4. gr.

Ekki má gefa prest innan 60 ára aldurs saman í hjónaband, fyr en presturinn hefur sannað með vottorði prófasts síns, að hann hafi sent landstjórninni beiðni til lífsábyrgðarstofnunarinnar um að mega kaupa lífeyri handa ekkju sinni. Ef út af þessu er brugðið, varðar það 200 kr. sektum til prestlaunasjóðs.

5. gr.

Nú er hjónabandi prests slitið til fulls, og fellur þá jafnframt niður framfærsluskylda hans eftir lögum þessum.

6. gr.

Deyi prestur frá jólum til fardaga, á ekkjan heimting á ábúð hálfs prestssetursins fyrir sjálfa sig afgjaldslaust næsta fardagaár. Þó nær rjettur þessi ekki til hlunninda hálflendunnar, svo sem æðardúns, selveiði, fuglatekju og þess háttar.

7. gr.

Nú æskir ekkja eftir prest, er dó í embætti, að fá einhverja lausa kirkjujörð í prestakallinu til ábúðar, og skal hún þá eiga forgangsrjett fyrir öðrum að öðru jöfnu.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi fyrsta fardag 1908, þannig, að þeir, sem fá veitingu fyrir prestsembætti frá þeim tíma eða síðar, eru skyldir að sjá fyrir ekkjum sínum samkvæmt lögum þessum. Þær ekkjur, sem samkvæmt hingað til gildandi lögum hafa fengið eftirlaun sín að nokkru eða öllu leyti af embættum manna sinna, skulu, jafnóðum og hin eftirlaunaskyldu prestaköll losna, eða á annan hátt komast undir ákvæði hinna nýju launalaga, fá þau eftirlaun sín greidd úr landssjóði, svo sem þær ekkjur, er fengið hafa eftirlaun sín úr lands-

sjóði, að öllu eða nokkru leyti einnig halda eftirlaununum óbreyttum. Loks greiðist og úr landssjóði eftirlaun ekkna eftir þá presta, sem deyja í þeim embættum, er þeir höfðu, er lög þessi ganga í gildi.

Lög nr. 13, frá 3. oktbr. 1884 og lög nr. 36, frá 13. des. 1895 ganga úr gildi að sama skapi og lög þessi ná gildi.

Svo er og konungsbrjef 5. júní 1750 sbr. 5. gr. 4. málsgr. í tilsk. 15. des. 1865 og 4.—5. gr. í tilsk. 6. jan. 1847 um fardaga presta m. m. að sama skapi úr gildi numin.

Ed.

553. Frumvarp

til laga um vatnsveitu fyrir Reykjavík.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur veitist einkaleyfi til þess, að leggja vatnsveitu í pípum neðanjarðar til Reykjavíkur og um kaupstaðinn. Landeigendur á því svæði, þar sem bæjarstjórnin ákveður að vatnsveitan skuli vera, skulu skyldir til að láta í tje nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og brunnum í landareign þeirra, þó svo, að þeir sjeu eigi með því sviftir nægilegu vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa. Svo skal þeim og skylt, að láta af hendi lóð og landsafnot til hverskyns mannvirkja, sem með þarf, til þess að safna vatninu og veita því, þar með talið grjóttak, malartekja og rista, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sjer, alt gegn því, að fult endurgjald komi fyrir. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því að eins greiddar, að álitið verði, að landeigandi bíði skaða við það.

Verði ekki samkomulag milli bæjarstjórnar annarsvegar og landeiganda eða lóðareiganda hinsvegar um endurgjaldið eða framkvæmd einhvers atriðis, þess er að framan greinir, skal eignarnám fram fara. Utan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur skal það framkvæmt af þriggja manna nefnd, er sker úr því, hvað taka skuli, og ákveður endurgjaldið. Í nefndina nefnir bæjarstjórnin einn mann, landeigandi annan og stjórnarráðið hinn þriðja. Tilnefni landeigandi engan, skal dómkveðja mann við varnarþing hans. Innan lögsagnarumdæmis Reykjavíkur skal eignarnámið framkvæmt af tveim dómkvöddum, óvilhöllum mönnum, sem ekki eiga sæti í bæjarstjórn. Bæjarsjóður Reykjavíkur greiðir allan matskostnað.

2. gr.

Þá er bæjarstjórnin hefur komið á vatnsveitu til bæjarins og um bæinn, skal hún hafa einkarjett til að selja neytsluvatn í lögsagnarumdæminu.

3. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal bæjarstjórninni heimilt, að heimta vatnsskatt af öllum húseignum í lögsagnarum-

dæminu (sbr. 4. gr.). Upphæð skattgjaldsins alls ákveður bæjarstjórnin, en hún má eigi fara fram úr 5‰ (fimm af þúsundi) af brunabótavirðingu húseigna, er skatti þessum eiga að svara. Skatturinn skal lagður á hinar einstöku húseignir eftir gjaldskrá, með flokkun eftir hæð virðingarverðs og tölu íbúða í húsunum, og má eigi nema meiru en 6‰ af brunabótavirðingu á neinni húseign. Húseigandi greiðir gjaldið.

Sjerstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur fyrirtæki, er vatn nota til annars, en venjulegra heimilisþarfa, svo og á þá, er hafa vatnshana utanhúss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna. Þessi gjöld skulu og ákveðin í gjaldskránni. Bæjarstjórn semur hana, en stjórnarráðið staðfestir og veitir staðfestingin gjöldunum lögtaksrjett sem öðrum bæjargjöldum.

4. gr.

Bæjarstjórnin leggur vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra í götu eða vegi eða á opnu svæði, er liggur að lóð hans, og verður enginn krafinn um vatnsskatt, fyr en svo er. Frá vatnsæðum þeim, er bæjarstjórnin leggur í götur og vegi og opin svæði, leggur hver húseigandi vatnsæðar inn í hús sitt á eigin kostnað. Þó má bæjarstjórnin gjöra samning við húseigendur um innlagning á vatnsæðum í hús þeirra með öðru, er þar að lýtur, gegn því, að kostnaðurinn endurgjaldist bænum á 10 árum með jöfnum afborgunum auk vaxta, og skal hann tryggður með veðrjetti í húseigninni, er hafi forgangsrjett fyrir öllum veðskuldum eftir samningi.

5. gr.

Bæjarstjórnin hefur rjett til að löggilda menn, er hún telur hæfa, og svo marga, er henni þykir þurfa, til þess að leggja vatnsæðar þær, er einstakir menn eiga að kosta, og setja þær í samband við vatnsæðar bæjarins, og sjeu þeir skyldir, að hlíta vinnukauptaxta, sem bæjarstjórnin kann að setja, og að öðru leyti fara eftir reglum þeim, er bæjarstjórnin fyrir skipar.

Engir aðrir en þeir, er þannig hafa fengið löggildingu, mega leggja vatnsæðar frá bæjarvatnsveitunni inn í hús í bænum.

6. gr.

Bæjarstjórninni skal heimilt, að loka vatnsæðum bæjarins fyrir þeim, er vanrækja að gjöra við leka á pípum eða hönum, eða eyða vatni að óþörfu, eða fara óhreinlega með það.

7. gr.

Hver, sem af ásettu ráði skemmir vatnsæðar bæjarins eða önnur mannvirki, sem heyra til vatnsveitunni, skal, auk þess að greiða skaðabætur að fullu, sæta fangelsisrefsingu eða sektum, ef verkið er ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við, eftir hinum almennu hegningarlögum. Sjeu skemdirnar gáleysisverk, skal hlutaðeigandi sæta sektum, og að auk bæta skaðann að fullu.

8. gr.

Bæjarstjórnin getur sett reglugjörð um notkun vatnsins, meðferð á vatnsæðum og önnur atriði, sem nauðsynleg kunna að þykja. Í reglugjörðinni má ákveða sektir fyrir brot á henni. Stjórnarráðið staðfestir reglugjörðina.

9. gr.

Með mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum eða reglugjörðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, skal fara sem almenn lögreglumál.

Nd.

554. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um skipun prestakalla.

Frá kirkjumálanefndinni.

1. a. Töluliður 39 orðist þannig:
   Reykjavík: Reykjavíkur, Lágafells og Viðeyjarsóknir.
   b. Töluliður 40. falli burtu.
   c. Töluliður 41. orðist þannig:
   Reynivellir: Reynivalla, Saurbæjar og Brautarholtssóknir.
2. a. Töluliður 92 orðist þannig:
   Barð í Fljótum: Barðs, Holts, Hnappstaða og Kvíabekkjarsóknir.
   b. Töluliður 95. falli burtu.

Nd.

555. Frumvarp

til námulaga.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

I. kafli.

Um málmleit.

1. gr.

Sjerhverjum skal heimilt, samkvæmt ákvæðum þeim, sem hjer fara á eftir, að leita málma og málmblendinga í landareignum landssjóðs og kirkjujarða, svo og í almenningum, öræfum og afrjettum, sem eigi liggja undir jarðeignir einstakra manna eða sveitarfjelaga, sem metnar eru til dýrleika. Sama gildir og um landssjóðs og kirkjujarðir, sem seldar verða eftir að lög þessi ganga í gildi og um jarðir, sem áður eru seldar samkvæmt lögum nr. 31, 20. október 1905 um sölu þjóðjarða.

2. gr.

Sá, er vill málmleit gjöra, skal hafa málmleitarbrjef og sýna það jarð-

eiganda áður en hann byrjar málmleit, eða þeim, sem landið hefur til nytja. Áður en hann tekur til málmleitar, skal hann setja þá trygging, er berjfið tiltekur, fyrir skaða þeim, er kann að hljótast af málmleitinni.

Málmleitarbrjef gefur lögreglustjóri og veitir það þeim mönnum einum, sem honum eru persónulega kunnir eða sanna það með vottorði tveggja skilríkra manna, hverir þeir sjeu. Málmleitarbrjef gildir um 2 ár frá dagsetningardegi, og að eins í lögsagnarumdæmi útgefanda. Leyfisbrjef til málmleitar í almenningum og öðrum landsvæðum, sem eigi eru metin til dýrleika, veitir stjórnarráð Íslands, og skal leitarsvæðið þar tiltekið.

Fyrir málmleitarbrjef skal greiða 2 kr. til landssjóðs.

3. gr.

Málmleit má eigi fram fara án leyfis jarðeiganda eða þess, sem jörð hefur til nytja, á túni eða öðru ræktuðu landi, eða á stöðum, er liggja nær íbúðarhúsum, útihúsum eða öðrum mannvirkjum, svo sem brúm, en 130 metra. Á alfaravegum, kirkjugörðum eða grafreitum má málmleit ekki eiga sjer stað.

Ef málmleit fer fram í minni fjarlægð en 200 metra frá íbúðarhúsi annars manns eða alfaravegi, skal málmleitarmaður skyldur til, að viðlagðri 30 kr. sekt, að gjöra íbúum hússins aðvart, þegar hann ætlar að sprengja grjót, og setja verði á veginn til að aðvara vegfarendur. Nú vanrækir hann þetta, og skal hann þá auk sektanna bæta þann skaða, er af vanrækslu þessari kann að hljótast.

4. gr.

Nú er gjör gryfja til að leita að málmi, og skal þá sá, er gjörði, hvort sem er í eigin landi eða annara, halda uppi gripheldri girðing um hana, svo framarlega sem hún er orðin svo djúp, að alidýr geti farið sjer þar að voða. Ef hæt er grefti, skal sá, er gjörði, annaðhvort fylla gryfjuna eða girða hana með tryggilegum grjótgarði. Vanræki hann þetta, sæti hann 50 kr. sekt og bæti skaða þann, er af kann að hljótast.

5. gr.

Málmleitarmaður er skyldur til að bæta allan þann skaða, sem jarðeigandi eða sá, er landið hefur til nytja, bíður af málmleit hans.

6. gr.

Sá er hindrar nokkurn í lögmætri málmleit sæti sektum frá 5—50 kr. og bæti þar að auki málmleitarmanni allan þann skaða, er hann sannar, að hann hafi beðið við það.

7. gr.

Nú finnur málmleitarmaður vott þess, að fyrir sje málmur, og skal hann þá, svo framarlega, sem hann vill njóta fundar síns framar öðrum, senda skriflega tilkynning í tveim eintökum um fund sinn til lögreglustjóra eða stjórnarráðsins, eftir því hvar málmur hefur fundist (sbr. 2. gr. 2. málslið). — Í tilkynningunni

skal fundarstaðurinn nákvæmlega tilgreindur, og tilnefndir 2 vottar, sem á hann geti vísað. Móttakandi ritar á tilkynningarnar ár, dag og klukkustund, er þær bárust honum, og hafi annar maður síðustu 12 mánuði þar á undan sent og auglýst á lögmætan hátt tilkynning um málmfund á sama svæði, ritar móttakandi athugasemd um það á tilkynningarnar. Annað eintakið af tilkynningunni afhendist þegar tilkynnanda, gegn 1 kr. gjaldi til landssjóðs. — Finnandi skal því næst annast um, að landeiganda sje birt, að viðstöddum tveim vottum, að tilkynningin hafi fram farið, svo og að tilkynningin, ásamt áritun, sje innan 8 vikna birt í blaði því, sem flytur stjórnarvalda auglýsingar á Íslandi.

2. kafli.

Um málmgraftarbrjef.

8. gr.

Heimill er málmgröftur til allra málma og málmblendinga, nema rauða, á landssvæðum þeim, er getur um í 1. gr.

9. gr.

Nú vill sá, er fundið hefur vott um, að málmur sje fyrir, grafa þar til málms, og skal hann þá innan 18 mánaða frá tilkynningu um fundinn (sbr. 7. gr.) senda skriflega beiðni um graftarleyfi til lögreglustjóra eða stjórnarráðs Íslands (sbr. 2. gr.). Í umsókninni skal tilgreint, til hvaða málms eða málma umsækjandi ætli að grafa. Frá þeim tíma, er tilkynningin um fundinn fór fram samkvæmt 7. gr., og til loka þessara 18 mánaða getur síðari málmfundur eigi svift fyrri finnanda rjetti til útmælingar þeirrar, sem 4. kafli laga þessara heimilar honum. Sje aftur á móti vanrækt að senda nefnda umsókn innan hins ákveðna tíma, er öllum heimilt að notfæra sjer málmfundinn, sem finnandi væri.

Nefnd stjórnarvöld rita þegar á málmgraftarbeiðnina dag og klukkustund, er hún barst þeim, og gefa síðan út málmgraftarbrjef, og skal þar tilgreint nafn, heimili og staða málmgraftarmannsins, og hvaða málm eða málma hann ætli að vinna, og í hvers landareign eða hvar málmfundarstaðurinn sje. Eigi má neita neinum um málmgraftarbrjef, en fari svo, að fleiri en eitt brjef verði veitt fyrir sama málmfundarstað, skal fyrsti finnandi hafa forgöngurjett, hafi hann gætt ákvæða laga þessara.

Málmgraftarbrjef skal innfæra orðrjett í námubrjefabók.

10. gr.

Nú vill einhver taka upp vinnu á málmleitarstöðum eða í námugryfjum, sem öllum er orðinn heimill finnandarjettur að, eða gjöra tilraun til að vinna málm úr uppgrefti eða öðru úrkasti úr og við námur, sem hætt hefur verið við, og skal þá tilkynning um það fram fara á sama hátt og fyrirskipað er um tilkynningar um nýja málmfundi. Innan 6 mánaða frá auglýsing tilkynningar-

innar skal tilkynnandi, að viðlögðum rjettarmissi, sækja um málmgraftarbrjef hjá stjórnarráðinu eða lögreglustjóra.

11. gr.

Auglýsing málmgraftarbrjefa til sveita skal fara fram innan 4 mánaða frá dagsetningu þeirra við kirkju eftir messu í kirkjusókn þeirri, er málmfundarstaður liggur í. Ef staðurinn liggur í kaupstaðarlandi, skulu málmgraftarbrjef birt á þann hátt, sem venja er í kaupstaðnum, og ef staðurinn liggur á öðrum landsvæðum en þeim, sem nefnd eru, skulu brjefin auglýst í blaði því, sem löggilt er til að flytja stjórnarvalda-auglýsingar. Ef auglýsing dregst fram yfir nefndan frest, skal svo litið á, sem málmgraftarbrjefs fyrst hafi verið beiðst þann dag, er það var auglýst.

12. gr.

Fyrir málgraftarbrjef skal greiða 25 kr. til landssjóðs.

3. kafli.

Um námueigandahlut og rjettindi námurekanda og landeiganda hvors gagnvart öðrum.

13. gr.

Þegar vottur finst þess að málmar sjeu fyrir, sem heimilt er að heimta málmgraftarbrjef til, samkvæmt 8. gr., hefur námueigandi rjett til að taka þátt í rekstrinum með finnanda að einum fimta hluta. Í afrjettum, almenningum og öræfum, sem ekki eru metin til dýrleika, telst landssjóður námueigandi. Nefnd ákvæði gilda og um leitargryfjur og námur, er öllum er orðinn heimill finnandarjettur að, svo og um uppgröft og annað úrkast úr og við námur, sem hætt hefur verið við.

14. gr.

Nú tjáir námueigandi sig vilja neyta rjettar þess til eins fimta hluta í rekstrinum, er 13. gr. heimilar honum, og hefur hann þá rjett til samtímis að krefjast þess, að einn fimti hluti þess, er úr málmfundarstaðnum hefur unnið verið, skuli vera þar kyrt, þangað til samningar eru komnir á við hann eða þann, sem hann hefur afsalað rjetti sínum.

15. gr.

Námueigandi skal, að viðlögðum missi rjettar síns til hluttöku í rekstrinum, innan 6 mánaða frá því að málmgraftarbrjefið var tilkynt honum, segja til, hvort hann að sínum hluta vilji taka þátt í rekstrinum, og skal þá, ef hann kveður sig fúsan til þess, gjöra skriflegan samning um skilmálana fyrir hluttökunni. Nú vill námueigandi ekki taka þátt í rekstrinum, eða getur eigi innan 3 mánaða þar frá orðið á eitt sáttur við málmnema um skilmálana, eða vill ekki ganga að skilmálum þeim, er lögreglustjóri setur þeirra í milli, og hefur eigi heldur orðið ásáttur við málmnema eða aðra um afsal á rjetti sínum, og skal honum þá enn

veittur 3 mánaða frestur til að selja hlut sinn við opinbert uppboð, og skal þá í uppboðsskilmálunum sett ákvæði um, að kaupandi, svo framarlega sem hann eigi innan eins mánaðar frá hamarshöggi sje orðinn ásáttur við málmnema og hafi gjört um það skriflegan samning, skuli skyldur að hlíta skilmálum þeim, er lögreglustjóri setur þeirra á milli. Nú hefur námueigandi eigi ráðstafað hlutdeildarrjetti sínum á þann hátt, er sagt var, og fellur rjettur hans þá til málmnema.

Fyrir frumvarp til samnings ber lögreglustjóra 8 kr., og sje þess krafist, að hann takist ferð á hendur til málmfundarstaðarins, greiðast honum dagpeningar og ferðakostnaður samkvæmt lögum nr. 2, 2. febr. 1894, 4. og 6. gr.

16. gr.

Námueigandi eða sá, sem fengið hefur samkvæmt 15. gr. afsal á rjetti hans, skal skyldur að taka tiltölulega þátt í kostnaðinum við reksturinn, frá því er hann byrjar, enda á hann hlut í eftirtekjunni frá sama tíma.

17. gr.

Sá, sem fengið hefur málmgraftarbrjef fyrir málmfundarstað, hefur rjett til að krefjast þess, að landeigandi eða landeigendur láti af hendi við sig, gegn fullu endurgjaldi, nægilegt land undir brautir, vegi og stíga, bæði við námuna og til burtflutnings frá henni og undir uppgröft og byggingar við námuna, svo og til fyrirhleðslu og burtleiðslu vatns, undir námuvjelar og þess konar. Enn fremur leyfi landeigandi málmnema vatnsnot til reksturs vjelanna, svo framarlega sem það er ekki notað til reksturs annars iðnaðar, eða af því verður sjeð að skaðlausu fyrir þann iðnrekstur.

18. gr.

Landeigandi fær aftur eignar- og umráðarjett á landi því og vatnsnot, sem hann hefur látið af hendi samkvæmt 17. gr., þegar það er ekki notað lengur við námugröft. Námurekandi heldur þó rjetti sínum eftir 39. gr.

19. gr.

Nú semur landeiganda og námurekanda ekki um endurgjaldið nje um stærð lands þess, sem 17. gr. heimilar, eða um vatnsnotin, og skulu þá óvilhallir dómkvaddir menn gjöra um það. Kostnaðinn við mat þetta greiðir sá, er afhendingar krefst, nema landeigandi hafi krafist yfirmats og það gengur honum á móti, þá greiðir hann kostnaðinn. Landeigandi getur krafist þess, að endurgjald verði greitt honum alt í einu eða með árlegu gjaldi.

4. kafli.

Um útmæling undir námu.

20. gr.

Hver sá, sem fengið hefur málmgraftarbrjef fyrir málmfundarstað (9. gr.),

á heimting á, að fá útmælt námusvæði. Sá, sem fengið hefur útmælt land, samkvæmt ákvæðum þessa kafla, hefur einn rjett til málmnáms á því.

21. gr.

Útmælingar skal beiðast af lögreglustjóra ef svæðið liggur í landi jarðar, sem metin er til dýrleika, en hjá stjórnarráðinu ef það liggur á öðrum landsvæðum. Lögreglustjóri framkvæmir útmælingar á hinum fyr nefndu svæðum og færir gjörðina í námubrjefabókina og afhendir beiðanda útskrift úr henni. Stjórnarráðið setur reglur um útmælingar á hinum síðarnefndu svæðum.

22. gr.

Útmælingin skal vera rjetthyrndur ferhyrningur alt að 10,000 ferhyrningsmetrar að flatarmáli. Takmörk útmælingarinnar skulu talin lóðrjett í jörð niður.

23. gr.

Málmfundarstaðurinn skal vera innan takmarka útmælingarinnar, en útmæla má í hverja þá stefnu, er sá, er útmælingar beiðist, óskar, svo framarlega sem það kemur ekki í bága við rjettindi annara námurekanda eða 3. gr.

24. gr.

Innan eins árs í síðasta lagi frá því útmælingar hefur krafist verið, skal hlutaðeigandi stjórnarvald láta hana fram fara.

25. gr.

Stjórnarvald það, er framkvæmir eða lætur framkvæma útmæling, ákveður hvenær hún skuli fara fram, en sá, er hennar hefur krafist, skal annast um, að þeim, sem umráðarjett hafa yfir landinu eða eiga þar rjett til náma eða málmleitarstaða, er útmælingin gæti komið í bág við, sje stefnt til að vera við útmælinguna með sama fresti og í einkamálum.

26. gr.

Fyrir útmæling greiðist 15 kr. þeim, er hana gjörði, og þar að auki dagpeningar og ferðakostnaður samkvæmt lögum nr. 2, 2. febr. 1894, 4. og 6. gr.

5. kafli.

Um fresti.

27. gr.

Nú er vinnu ekki haldið áfram á málmleitarstað eða í námu, er

málmgraftarbrjef er veitt fyrir, og er þá hverjum og einum heimill finnandarjettur á staðnum eða námunni, nema því að eins, að um frest hafi verið sótt innan tveggja mánaða frá því að vinnu var hætt. Þó þarf ekki frestbrjef fyrsta árið eftir að málmleitarbrjef hefur verið gefið, og eigi heldur, þótt vinnu sje hætt um vetrartímann fyrstu 3 árin eftir að rekstur hefur hafist.

28. gr.

Frestbrjef, eða leyfi til þess að láta málmleitar- eða málmgraftarstað standa óunninn tiltekinn tíma, skal stjórnarráðið eða lögreglustjóri veita (sbr. 2. gr.). — Beiðandi skal færa sönnur á það, að fyrir rekstrinum sjeu í svipinn verulegar tálmanir, sem beiðanda verða eigi gefnar að sök og stafi annaðhvort af sjerstökum og eigi viðvarandi ástæðum, að því er sjálfa námuna snertir eða rekstur hennar, eða þá frekari notkun eða vinslu málmsins eða málmblendingsins. Brjef þetta gildir 14 mánuði frá dagsetning þess.

29. gr.

Frest má endurnýja svo lengi sem lögmætar ástæður eru fyrir honum.

30. gr.

Úrskurði lögreglustjóra um að veita eða neita um frest getur námurekandi og hver annar, sem málið varðar, skotið undir endilegan úrskurð stjórnarráðsins.

Meðan á áfrýjun stendur heldur námurekandi rjetti sínum. Nú er frestur veittur með úrskurði stjórnarráðsins og telst hann þá frá dagsetningu úrskurðarins.

31. gr.

Þegar frestur, sem veittur hefur verið á rekstri málmleitarstaðar eða námu, er útrunninn, skal rekstur þegar hafinn, en hafi verið sótt um frest og honum neitað, skal rekstur hafinn innan 8 vikna, að öðrum kosti skal öllum heimill finnandarjettur.

32. gr.

Nú skemmist náma, án þess námurekanda verði gefið að sök, af vatni úr annari námu, sem rekstursfrestur er á, og er þeim námurekanda þá skylt að ausa námu sína, en gjöri hann það eigi, er öllum heimill finnandarjettur að henni.

33. gr.

Frest má eigi veita á rekstri námu, er valdið hefur vatnsrensli í nágrannanámu, nema námurekandi samþykki.

34. gr.

Nú vill námurekandi um sinn hætta að vinna málm úr uppgreftinum, og fer þá um frestleyfi til þess sem að framan er sagt.

35. gr.

Frestbrjef skulu innfærð orðrjett í námubrjefabókina. Fyrir frestbrjef greiðast 10 kr. í landssjóð.

36. gr.

Um auglýsing frestbrjefa fer sem um auglýsing málmgraftarbrjefa samkvæmt 11. gr.

6. kafli.
Um rekstur náma og eftirlit.

37. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til, að setja reglugjörð um rekstur náma; skal þar meðal annars sett ákvæði, er miða að því, að vernda líf og heilsu verkafólks í námunum, að námur sjeu tryggilega grafnar, að þær sjeu reknar svo að málmauður þeirra verði að fullum notum; svo skulu og vera ákvæði um eftirlit með þeim af hendi stjórnarvalda. Í reglugjörðunum má og setja ákvæði um reikningsfærslu við námureksturinn og um viðskifti námurekanda og vinnumanna við námuna.

Fyrir brot á móti reglugjörð má ákveða sektir alt að 1000 kr.

38. gr.

Við hverja námu skal vera bók, og skal í hana rita yfirlit yfir námureksturinn um hvern mánuð. Þar skal og rita skýrslu um það, sem við hefur borið eða tekið hefur verið eftir og snertir námuna eða málmæðarnar, og sjerstaklegt þykir eða athugavert. Skal útdráttur úr bók þessari um hvert ár sendur lögreglustjóra áleiðis til stjórnarráðsins eða beint til stjórnarráðsins (sbr. 2. gr.).

Nefndum stjórnarvöldum skal heimilt að krefjast þess, að námurekandi láti gjöra nákvæman uppdrátt af námu sinni, ef dýpri er en 10 metrar, og síðar verði bætt við á uppdráttinn, er náman stækkar.

7. kafli.

Um niðurlagning náma.

39. gr.

Þegar náma er lögð niður, skal námurekanda heimilt að nota uppgröftinn úr henni þótt annar byrji að reka námuna.

40. gr.

Nú ætlar námurekandi að hætta við námu sína, og skal hann þá, að viðlagðri 30 kr. sekt tilkynna það lögreglustjóra eða stjórnarráðinu (sbr. 2. gr.) 2 mánuðum áður, og jafnframt senda uppdrátt þann, sem gjörður hefur verið af námunni.

41. gr.

Nú er námurekstri hætt eða rjetturinn til að halda honum áfram er fallinn burt, og má þá fráfarandi ekki spilla neinu af því eða flytja burt neitt af því, sem gjört hefur verið eða sett upp til að halda námunni og göngum hennar tryggum. Byggingar og áhöld við námuna má fráfarandi því að eins flytja burt, að hann geti eigi orðið ásáttur við viðtakanda um afnot þeirra eða sölu.

8. kafli.

Almenn ákvæði.

42. gr.

Stjórnarráðið löggildir námubrjefabækur lögreglustjóra.

43. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugjörðum þeim, er getur um í 37. gr., skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir renna í landssjóð.

Nd. **556. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda (á þingskjali 515).

Frá nefndinni.

1. Við 4. gr. Á eptir orðinu: júnímánaðar í 1. málslið bætist: Til hins fyrsta aðalfundar eftir að lög þessi koma í gildi kveður í hverri sókn sóknarnefnd sú, er þar var seinast kosin, og stjórnar hún honum og stendur fyrir kosningu nýrrar sóknarnefndar.
2. Við 6. gr. Á eftir niðurlagi 2. málsliðar (»verið í nefndinni«) bætist: þessi ákvörðun á einnig við um gömlu sóknarnefndirnar, við fyrstu sóknarnefndarkosningar eftir lögum þessum (sbr. 4. gr.).
3. Á eftir 14. gr. komi ný grein svo hljóðandi: Sóknarnefnd hver heldur þessar bækur:
   1. Gjörðabók, er rita skal í nákvæma skýrslu um það, er gjörist á fundum nefndarinnar og á safnaðarfundum, svo og brjef, er hún ritar, og
   2. Sjóðbók (kassabók), er rita skal í skýrslur um peninga, er nefndin tekur móti og greiðir út, og alla reikninga.

   Bækur þessar löggildir prófastur, en andvirði þeirra jafnar sóknarnefndin niður á alla atkvæðisbæra sóknarmenn.

Nd. **557. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um gjald af innlendri vindlagjörð og tilbúningi á bitter.

Skattamálanefndin hefur íhugað frumvarp þetta, eins og það var samþykt við 3. umr. í Efri deild.

Nefndin álítur að vísu, að flestar þær breytingar, sem Efri deild hefur gjört á frumvarpinu, sjeu til spillis, en vill þó ráða til, að það sje samþykt óbreytt, vegna þess, að breytingar, ef þær ætti að gjöra á ný, yrðu að vera yfirgripsmiklar og gætu hæglega orðið til þess, að frumvarpið dagaði uppi, en það vill nefndin ekki.

Neðri deild alþingis, 5. sept. 1907.

L. H. Bjarnason formaður, G. Björnsson, skifari og framsögum., Björn Kristjánsson,
Pjetur Jónsson, Ólafur Briem, Hermann Jónasson,
Ólafur Ólafsson.

Ed. **558. Nefndarálit**

í málinu: Frumvarp til laga um almennan kosningarjett til alþingis.

Vjer, sem háttv. Efri deild kaus, í nefnd til þess að athuga frumv. þetta, höfum nú gjört það, en ekki getað orðið á eitt sáttir um efni þess. Meiri hlutinn álítur, að þó að útsvarsskyldan ekki verði talin sem rjettur mælikvarði fyrir kosningarréttinum, þá eigi ekki við, að svo stöddu, að afnema hana sem skilyrði, þar sem með því öðlist ekki kosningarjettinn nema lausamenn og þurrabúðarmenn þeir, sem lítið eða ekkert gjaldþol hafa, en að eins stjett manna, vinnumennirnir, verði áfram útilokaðir frá þessum rjetti, sem við verðum þó að telja að hafi frekari, eða að minsta kosti eins sjálfsagðan rjett til þess að taka þátt í skipun fjármála og annara mála landsins, þar sem þeir eru yfirleitt talsvert hærri gjaldendur til landssjóðs.

Við viljum þó taka það fram, að þetta álit okkar byggist alls ekki á því, að við í raun og veru sjeum á móti rýmkun kosningarrjettarins, heldur viljum við láta hann ganga sanngjarnlega og rjett yfir meðlimi þjóðfjelagsins. Í sambandi við það, viljum við benda á, að skilyrði fyrir kosningarrjetti, að standa ekki í sveitarskuld, er að okkar áliti mjög athugunarvert, og getur einatt og oftar krenkt meira þennan rjett, heldur en útsvarsskyldan. — En þar sem ekki getur verið að tala um rjettlætingu í þessa átt nema með stjórnarskrárbreytingu, eins og líka hvað snertir vinnumannastjett landsins, þá verðum við að halda því fram, að ekki sje rjett að láta þessar stjettir manna, sem frumvarpið veitir rjettinn, ganga á undan, þar sem það myndi líka koma talsverðu losi á vinnumannastjettina.

Af þessum ástæðum ráðum við hinni háttv. deild til þess að fella frumvarpið.

Þórarinn Jónsson (skrifari og framsögum.), Guðjón Guðlaugsson.

Röksemdaleiðsla háttv. meðnefndarmanna minna hjer að framan hefur síður en svo sannfært mig um, að rjett sje, að fara að tillögum þeirra og fella frumv. þetta, að jeg þvert á móti verð að telja það mikla rjettarbót, það sem það nær og ráða hinni háttv. deild eindregið til þess, að samþykkja það eins og háttv. Neðri deild hefur gjört.

Stjórnin, sem háttv. meðnefndarmenn mínir hafa oft reynst of fylgispakir við, hefur í ástæðum sínum fyrir frumv., leitt full rök að því, að ranglátt sje, að binda kosningarrjettinn við census, þ. e. vissa fjáreign eða gjaldhæð, og meiri hluti nefndarinnar í þessu máli kannast við að svo sje, en ræður þó til, að fella frumv. af því, að það rýmki eigi nóg um kosningarrjettinn og nái eigi til vinnumanna.

En hjer er þess að gæta, að stjórnarskráin heimilar ekki meiri rýmkun í þessu efni, en felst í frumv., og öll sanngirni virðist mæla með því, að um kosningarrjettinn sje rýmkað svo fljótt, sem verða má við alla þá, sem unt er, einkum þar sem almennar kosningar til alþingis eiga að fara fram á næsta ári.

Ef alþingi vildi ekki rýmka um kosningarrjett húsmanna, þurrabúðarmanna og lausamanna af þeirri ástæðu einni, að það getur eigi jafn snemma veitt vinnumönnum þennan rjett, virðist mjer því myndi fara líkt og lækni þeim, er vitjað væri af tveimur sjúklingum og gæti hann bætt öðrum þeirra straks, en hinum ekki fyrri, en að nokkrum árum liðnum, en læknirinn neitaði að líkna þeim, er lækna mætti og fulla heilsu gæti fengið strax, fyrri en hann gæti hjálpað hinum líka. Slíkt myndi eigi mælast vel fyrir og eins mun fara, ef hin háttv. deild fer að tillögum meiri hluta nefndarinnar og fellir frumv. þetta.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Ed. **559. Breytingartillögur**
við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 66, frá 10. nóv. 1905, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi.

Frá Birni M. Ólsen.

1. Á eftir 1. grein bætist inn 3 nýjar greinar, sem verða 2., 3., og 4. grein, svo hljóðandi:

2. gr.

Noti bankinn heimild þá, er veitt er í 1. gr., er landsstjórninni heimilað að gefa út seðla fyrir landssjóðs hönd fyrir alt að fjórðungi miljónar króna í viðbót við núverandi seðlafúlgu Landsbankans.

3. gr.

Jafnframt greiði Íslandsbanki, ef hann notar heimildina, landssjóði 20% af árlegum arði sínum, eins og ársarður bankans verður, þegar hluthafar hafa fengið lögmælta 4% af hlutafje sínu.

4. gr.

Fulltrúar alþingis í bankaráði Íslands skulu njóta 600 kr. ársþóknunar hver úr landssjóði, enda taki þeir hvorki laun nje ábatahluta af hendi Íslandsbanka.

2. 2. gr. frv. verður 5. gr.
3. Fyrirsögn frv. orðist þannig:
Frumvarp til laga um aukning á hlutafje Íslandsbanka.

Ed, **560. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um frestun á framkvæmd laga 19. des. 1903 um túngirðingar o. fl.

Frá nefndinni.

1. Fyrri málsgrein meginmálsins orðist þannig:
Framkvæmd 1. greinar í lögum 19. desember 1903 skal frestað til ársloka 1908.
2. Í stað orðsins »laga« í fyrirsögn frumvarpsins, komi: á 1. gr. í lögum.

Nd. **561. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um skipun prestakalla.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Við 1. gr. XIV.
Í stað orðanna: »Hóll í Bolungarvík: Hóls og Staðarsókn í Súgandafirði« komi: »Staður í Súgandafirði: Staðarsókn í Súgandafirði«.

Við 1. gr. XIV.
Aftan við »Ísafjarðarsókn« bætist: og Hólssókn í Bolungarvík«.

Við 1. gr. XIV.
Í stað orðanna: »Vatnsfjörður: »Vatnsfjarðar, Nauteyrar og Unaðsdalssóknir«, komi: Vatnsfjörður: Vatnsfjarðarsókn.

Við 1. gr. XIV.
Á eftir síðastgreindum lið komi nýr liður svo hljóðandi:
Kirkjubólsþing: Nauteyrar og Unaðsdalssóknir.

Varatillögur (ef tvær hinar síðastgreindu breytingartillögur verða ekki samþyktar):

Við 1. gr. XIV.
Liðurinn: »Ögurþing«: Ögur og Eyrarsóknir« orðist svo:
Vatnsfjörður: Vatnsfjarðar- Ögur- og Eyrarsóknir.

Við 1. gr. XIV.
Liðurinn: »Vatnsfjörður: Vatnsfjarðar, Nauteyrar og Unaðsdalssóknir« orðist svo: Kirkjubólsþing: Nauteyrar og Unaðsdalssóknir.

Nd. **562. Breytingartillaga**
við frumvarp til laga um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands.
Frá nefndinni.

Orðin »Um forstjórn skógræktarmála m. fl.« sem standa yfir 1. gr., falli burt.

Ed. **563. Nefndarálit**
um frumvarp til laga um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Í júnímánuði í sumar samþykti bæjarstjórnin frv., er aðallega fór því fram, að stjórn bæjarmála yrði greind frá bæjarfógetaembættinu og falin sjerstökum borgarstjóra, er hefði laun úr bæjarsjóði. Jafnframt ætlaðist bæjarstjórnin til, að landssjóður legði fram fje til löggæslu í bænum og ljetti þannig nokkrum gjöldum af bæjarsjóði, og var í frv. sjerstök grein þessa efnis. Þetta frv. sendi bæjarfógeti síðan þingmönnum bæjarins til flutnings á alþingi, en, hvernig sem á því stendur, vantaði þá í það ákvæði það um framlag úr landssjóði til löggæslunnar, sem bæjarstjórnin hafði samþykt og um það leyti vildi gjöra að skilyrði fyrir því, að bærinn tæki að sjer þau aukin gjöld, sem leiddi af stofnun borgarstjóraembættisins. Síðar, þegar nefnd hafði verið sett í málið í Nd., tilkynti bæjarfógeti nefndinni, eftir því sem segir í áliti hennar, að »bæjarstjórnin hefði jafnframt farið þess á leit, að landssjóður tæki að sjer að greiða kostnaðinn við lögregluþjónustu í Reykjavík«. Þessu sinti nefndin í Nd. ekki, en lagði fyrir þingið sjerstakt frv. um að skipa aðstoðarmann handa bæjarfógeta við löggregluna. Það frumvarp var felt í Nd., en aðalfrv., það sem hjer liggur fyrir, gekk fram, þó með nokkrum breytingum, sem aðallega fóru í þá átt að rýmka kosningarrjettinn, þannig að hann nái til allra, karla og kvenna, án tillits til þess, hvort þeir eru öðrum háðir sem hjú, eða hvort þeir gjalda nokkuð eða ekki neitt til bæjarsjóðs.

Þegar hjer var komið sögunni, samþykti bæjarstjórnin fyrst tillögu, er fór í þá átt að óska þess, að frumvarpið gengi ekki fram á þinginu, nema því að eins, að skilyrði það, sem hún hafði sett um framlag úr landssjóði til lögæslunnar, yrði tekin til greina. En skömmu síðar, 30. ágúst, breytti hún þessari ályktun sinni í þá átt, að hún »hjeldi fast við frv. það um borgarstjórn í Reykjavík, sem hún hefði látið leggja fyrir alþingi«, og var oss send útskrift úr gjörðarbók bæjarstjórnarinnar þar að lútandi. Þessi orð þóttu oss eigi nógu skýr, einkum þar sem bæjarfulltrúum þeim, sem vjer leituðum skýringa hjá, bar ekki saman um, hvernig ætti að skilja fundarályktunina. Þá barst oss yfirlýsing, undirskrifuð af 7 bæjarfulltrúum, eða meiri hluta þeirra, sem fór í þá átt, að þeir við atkvæðagreiðsluna 30. ágúst hefðu haft fyrir augum frv. það, sem *bæjarstjórnin hefði samþykt* í júnímánuði — en í því var ákvæðið um landssjóðsframlag til löggæslunnar — en ekki frumvarp það, *sem lagt var fyrir þingið*, og að þeir mundu allir hafa greitt atkvæði *á móti* fundarályktuninni, ef hún hefði miðað við frv. það, er ákvæðið um löggæslukostnaðinn vantaði inn í. Með því að oss gat eigi komið til hugar að þröngva frv. því, er fyrir liggur, upp á bæjarstjórnina móti

yfirlýstum vilja meiri hluta bæjarfulltrúanna, sömdum vjer, að þessari yfirlýsingu fenginni, nefndarálit, er fór í þá átt að ráða til að fella frv. En þegar það var fullsamið, bárust oss aftur tvö ný skjöl, yfirlýsingar frá tveim af bæjarfulltrúum þeim, er höfðu undirskrifað 7 manna yfirlýsinguna, þess efnis, að þeir hefðu verið flekaðir til að undirskrifa þessa síðastnefndu yfirlýsing, og að þeir vildu, að málið gengi fram, hvort sem nokkur styrkur fengist til löggæslunnar eða ekki.

Árangurinn af öllu þessu hringli fram og aftur virðist þá vera sá, að meiri hluti bæjarfulltrúanna, 8 af 13, vilji hafa frv. fram í því formi, sem það var lagt fyrir þingið, eða sem næst því.

Vjer hikum því ekki við að ráða háttv. deild til að samþykkja frv. í aðalefni þess, en þó með breytingu, sem fer í þá átt, að færa frv. aftur nær því horfi, sem það var í, þegar það var lagt fyrir þingið, að því er snertir ákvæðin um kosningarrjettinn, og koma því í samræmi við það frv., sem samþykt var hjer í deildinni fyrir nokkru, um bæjarstjórn í Hafnarfirði. Að setja ákvæði um framlag úr landssjóði til löggæslunnar inn í *þetta* frv. virðist oss ekki geta komið til mála. Það á þar ekki heima. Og að bera upp sjerstakt frv. um það efni, er nú orðið of seint.

Sú *breytingartillaga*, sem vjer leggjum til að samþykt verði, er:

Við 3. grein frv. (5. gr. tilskipunarinnar):

Greinin orðist þannig:

Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, karlar og konur, sem eru 25 ára að aldri þegar kosningin fer fram, hafa átt lögheimili í bænum 1 ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, eru ekki öðrum háðir sem hjú og standa eigi í skuld fyrir sveitarstyrk — ef þeir greiða skattgjald til bæjarsjóðs. Konur kjósenda hafa kosningarrjett, þó þær sjeu eigi fjár síns ráðandi vegna hjónabandsins og þótt þær eigi greiði sjerstaklega gjald í bæjarsjóð, ef þær að öðru leyti uppfylla áður greind skilyrði fyrir kosningarrjetti.

Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefur. Þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, heldur eigi foreldrar og börn, nje móðurforeldrar, eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Heimilt er og konum jafnan að skorast undan kosningu.

Alþingi, 6. sept. 1907.

Jóh. Jóhannesson.	Björn M. Ólsen
formaður.	skrifari og framsögumaður
	með fyrirvara.

Ág. Flygenring.

Nd. **564. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um ellistyrk presta og eftirlaun.

Flutningsm.: Lárus H. Bjarnason.

1. Við 6. gr.

Í stað »landssjóði« komi: prestlaunasjóði.

2. Við 11. gr.
Í stað »landssjóði« komi: prestlaunasjóði.
3. Við sömu grein.
Í stað »Svo halda og uppgjafaprestar — hafa notið«, komi: Uppgjafaprestar halda þeim eftirlaunum úr landssjóði, er þeir hingað til hafa notið.

Nd. **565. Tillaga**
til þingsályktunar um efling Landsbankans.
Flutningsmaður: Lárus H. Bjarnason.

Neðri deild alþingis skorar á landsstjórnina að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um efling Landsbankans.

Ed. **566. Tillaga**
til þingsályktunar um efling Landsbankans.
Flutningsmaður: Björn M. Ólsen.

Efri deild alþingis skorar á landsstjórnina að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um efling Landsbankans.

Nd. **567. Tillaga**
til þingsályktunar um metorðaskatt.
Flutningsmaður: Hannes Þorsteinsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina, að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp til laga um metorðaskatt.

Ed. **568. Frumvarp**
til laga um sölu kirkjujarða.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.
Ráðherra Íslands veitist heimild til að selja ábúendum, er á kirkjujörð sitja, ábýli þeirra, með þeim takmörkunum og á þann hátt, sem lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Heimild þessi nær eigi til kirkjujarða þeirra, sem prestar sitja á, eða að áliti sýslunefndar, þar sem jörðin liggur, eru hentugar til embættisseturs, fyrir skóla, sjúkrahæli eða til annara almennings nota.

Nú er kauptún, þorp eða verksmiðjuiðnaður fyrir á kirkjujörð, eða sýslunefnd telur líklegt, að slíkt komi þar upp innan skams, eða sýslunefnd hyggur jörðina sjerstaklega fallna til sundurskiftingar á milli margra grasbýla, og má þá eigi selja jörðina án sjerstakrar lagaheimildar í hvert skifti.

Ef óskað er kaups á fasteign, sem er í umráðum prests, er embættið hefur fengið, áður en lög þessi koma í gildi, og nýtur launa eftir núgildandi ákvæðum, þá má hann einskis í missa við söluna.

3. gr.

Þegar kirkjujörð er seld, samkvæmt lögum þessum, skal ávalt undanskilja náma, sem vera kynnu í jörðu eða finnast þar síðar, svo og rjett til að nota þá, en ábúanda bera fullar bætur, eftir óvilhallra manna mati, fyrir átroðning og jarðarusla, er af því leiðir, að þeir eru notaðir.

4. gr.

Nú er fleirbýli á kirkjujörð, og má þá selja einum þeirra, er á jörðinni búa, alla jörðina, ef hinir aðrir leiguliðar á henni samþykkja.

5. gr.

Nú er kirkjujörð í eyði, og má þá selja jörðina þeim, sem tekur jörðina til eigin nytja, þótt eigi taki hann þar aðsetur.

6. gr.

Sá er leita vill kaups á kirkjujörð, semur um það beiðni, stýlaða til landsstjórnarinnar, og sendir hana til oddvita sýslunefndar.

Ef beiðandi fullnægir skilyrðunum fyrir því, að geta fengið jörðina keypta eftir lögum þessum, leggur oddviti beiðni hans fyrir sýslunefnd á næsta fundi hennar, og skal hún láta uppi álit sitt um, hvort hún telji jörðina til þeirra kirkjujarða, sem getur um í 2. gr. 1. og 2. lið. Enn fremur skal sýslunefnd segja álit sitt um, hvort undan sölunni ætti að skilja skóglendi, fossa eða önnur jarðargögn, önnur en náma.

7. gr.

Nú telur sýslunefnd, að jörðin falli ekki undir ákvæðin í 2. gr. 1. og 2. lið, og dómkveður þá sýslumaður tvo óvilhalla menn, til þess að gjöra lýsingu á jörðinni ásamt öllu því, er henni fylgir og fylgja ber, og til þess að meta jörðina til peningaverðs. Verðið skal að öllum jafnaði miðað við það, að verðhæðin með 4% í ársvöxtu veiti sömu vaxtaupphæð og jarðargjöld og jarðabótakvöð nema í peningum til jafnaðar um síðastliðin 10 ár, ef leigu-

máli, að dómi matsmanna, hefur verið hæfilegur og honum hefur á því tímabili ekki verið breytt við ábúandaskifti, ella miða matsmenn við afgjald það, sem þeir telja hæfilegt, eftir leigumála jarða í því bygðarlagi. Jarðabótakvöð skulu matsmenn reikna til dagsverka, eins og tíðkast hefur við styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarfjelaga, og telst hvert dagsverk jafngilda 1 kr. 25 aur. í öðru eftirgjaldi.

Nú hefur sýslunefnd látið í ljósi það álit, samkvæmt 6. gr., að undan sölu kirkjujarða ætti að skilja skóglendi, fossa eða annað, og skal þá meta jörðina að gæðum þessum meðtöldum og án þeirra.

8. gr.

Nú hefur ábúandi á næstu 10 árum áður en mat fer fram og án nokkurs styrks frá umráðamanni jarðar, gjört jarðabætur eða jarðarhúsabætur á kirkjujörð um fram það, er byggingarbrjef áskildi, og skulu þá matsmenn meta jörðina, eins og engar slíkar bætur hefðu verið gjörðar, þegar ábúandi sá, er þær gjörði, ekkja hans eða niðjar eru kaupendur.

9. gr.

Jafnframt því, er sýslumaður kveður matsmenn samkvæmt 7. gr., skal hann útvega frá umráðamanni jarðarinnar skýrslur þær viðvíkjandi jörðinni, sem matsmenn þurfa, samkvæmt 7. og 8. gr., við mat sitt og lýsing á jörðinni, lætur sýslumaður skýrslur þessar fylgja útnefningarbrjefum til matsmanna. Umráðamanni jarðar er skylt, að láta skýrslur þessar í tje innan hæfilegs tíma, er sýslumaður tiltekur.

10. gr.

Lýsingu og matsgjörð sína á jörðu senda matsmenn, ásamt öllum tilheyrandi skjölum, til sýslumanns, er síðan lætur matsmennina staðfesta gjörðina fyrir rjetti, að til kvöddum kaupbeiðanda og umráðamanni jarðarinnar.

Beiðnina um kaupin, lýsingar og matsgjörðina, ásamt öllum öðrum málsskjölum, sendir sýslumaður að því búnu umráðamanni jarðarinnar, en hann afgreiðir málið áleiðis til landsstjórnarinnar, ásamt áliti sínu um það, svo fljótt, sem því verður við komið.

11. gr.

Nú vill eigandi jarðar, sem kirkjujörð á ítak í, leita kaups á ítakinu, og má þá selja honum það, ef samkomulag næst við umráðamann kirkjujarðar og önnur atvik eru því eigi til fyrirstöðu. Fer þá um beiðni, mat og afgreiðslu málsins á sama hátt og um kirkjujarðir eftir 6.—10. gr.

12. gr.

Landsstjórnin getur, þyki henni sjerstakar ástæður til, skipað fyrir um yfirmat á jörðum þeim og ítökum, sem til kaups eru föluð. Yfirmatsmenn skulu vera þrír og fer um kvaðning þeirra, sem segir í 7. gr.

Nú vill stjórnin ekki hlýta yfirmati og þarf þá sjerstakrar lagaheimildar til þess, að jörðin sje seld.

Borgun fyrir útnefningu matsmanna, matsgjörðina og staðfesting hennar, greiðir kaupbeiðandi sjálfur.

13. gr.

Nú kaupir ábúandi kirkjujörð samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá greiða að minsta kosti tíunda hluta kaupverðsins um leið og kaupin eru gjörð. En um eftirstöðvarnar fer þannig, að ábúandinn gefur út skuldabrjef fyrir þeim með fyrsta veðrjetti í jörðinni, og greiðir þær síðan ásamt 4% í ársvöxtu með jöfnum árgreiðslum á eigi lengri tíma en 28 árum.

Kaupandi skal með hverri afborgun senda vottorð hlutaðeigandi hreppsstjóra um, að jörðin sje í sjálfsábúð.

Nú gengur jörð, sem seld hefur verið ábúanda samkvæmt lögum þessum, úr sjálfsábúð, áður en kaupverðið er að fullu greitt, og falla þá eftirstöðvar jarðarverðsins jafnskjótt í gjalddaga.

14. gr.

Nú er kirkjujörð eða ítak selt eftir lögum þessum, og ákveður ráðherrann söluverðið, sem þó aldrei má vera minna en verð það, sem metið hefur verið samkvæmt 7.—12. gr., og gefur út afsalsbrjef fyrir hinu selda. Öll skjöl, er snerta söluna, skulu lögð fyrir næsta alþingi til athugunar.

Um selda kirkjujörð fer, að því er skatt og gjaldheimtu snertir, sem um bændajörð.

15. gr.

Andvirði seldra kirkjujarða og ítaka skal leggja í sjerstakan sjóð, er nefnist kirkjujarðasjóður, og stendur beint undir landsstjórninni. Í þennan sjóð skal enn fremur leggja peningaeign prestakalla.

16. gr.

Eign kirkjujarðasjóðsins skal ávaxta sem óskerðanlegan höfuðstól, og skal árlega leggja við innstæðuna 5% af árstekjunum, en að öðru leyti ganga vextirnir í prestlaunasjóð, til að launa sóknarpresta þjóðirkjunnar.

17. gr.

Höfuðstól kirkjujarðasjóðsins skal ávaxta sem tryggilegast.

Skal það gjört annaðhvort með því, að kaupa bankavaxtabrjef veðdeildar Landsbanka Íslands eða önnur jafntrygg verðbrjef, eða þá með útlánum eftir sömu reglum og gilda um lán af ómyndugra fje.

Sjeu verðbrjef keypt handa sjóðnum eða veðskuldabrjef tekin fyrir útlánum, skal geta þess á brjefunum, að þau tilheyri kirkjujarðasjóðnum og að eigi megi afhenda þau án leyfis landsstjórnarinnar.

18. gr.

Landsstjórnin semur í byrjun hvers almanaksárs reikning sjóðsins fyrir hið umliðna ár. Reikninginn skal auglýsa í B-deild Stjórnartíðindanna og síðan leggja fyrir hvert reglulegt alþingi til athugunar reikninga tveggja síðastliðinna ára með fylgiskjölum.

Ed. **569. Frumvarp**

til laga um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í hverri kirkjusókn landsins skal vera sóknarnefnd og í prófastsdæmi hverju hjeraðsnefnd til að annast þau kirkjuleg málefni, sem sóknina og prófastsdæmið varða.

2. gr.

Sóknarnefndin skal halda að minsta kosti einn almennan safnaðarfund ár hvert, til að ræða um kirkjuleg málefni safnaðarins.

Aukafundi skal halda, þegar meiri hluti sóknarnefndar fer fram á það.

Sóknarnefndin kýs sjer oddvita úr sínum hóp. Oddviti stýrir fundum nefndarinnar, en að öðru leyti skifta nefndarmenn störfum með sjer.

Sóknarnefndin skal gefa presti kost á, að sækja fundi sína.

3. gr.

Safnaðarfund skal boða með hálfs mánaðar fyrirvara, á kirkjufundi eða á annan hátt, sem tíðkanlegur er í sókninni.

Hamli veður, ófærð, umgangsveiki eða önnur ósjálfráð atvik ferðum manna, skal sóknarnefnd boða fund að nýju, ef meiri hluti atkvæðisbærra manna í söfnuðinum sækir ekki fundinn. Hamli ósjálfráð atvik aftur á móti ekki, skal halda fundinn, þó að meiri hluti kjósenda sje ekki mættur.

Um mál þau, er að lögum liggja undir samþykki safnaðarfundar, skal sóknarnefndin auglýsa tillögur sínar um leið og fundurinn er boðaður. Sóknarnefndin ber síðan tillögurnar fram til samþyktar á fundinum, og má þá þær einar breytingar á þeim gjöra, er sóknarnefndin aðhyllist.

Afl atkvæða ræður málsúrslitum á safnaðarfundum.

4. gr.

Aðalsafnaðarfund skal ætíð halda í maímánuði, eða fyrri hluta júnímánaðar. Til hins fyrsta aðalfundar eftir að lög þessi koma í gildi kveður í hverri sókn sóknarnefnd sú, er þar var seinast kosin, og stjórnar hún honum og stendur fyrir kosningu nýrrar sóknarnefndar.

Á fyrstu aðalfundum eftir að lög þessi öðlast gildi, skal kjósa menn í all-

ar sóknarnefndir á landinu. Þar sem 1000 manns eða fleiri eru í sókninni, skal kjósa 5, en þar sem færri eru, 3.

5. gr.

Hver sóknarmaður, karl eða kona, sem telst til þjóðkirkjunnar, er fullveðja og hefur óflekkað mannorð, hefur atkvæðisrjett á safnaðarfundi og kosningarrjett og kjörgengi til sóknarnefndar, kjörgengi þó því að eins, að löglega eigi með sig sjálfur.

6. gr.

Kosningin gildir fyrir 6 ár. Af þeim, sem kosnir eru í fyrsta skifti, skulu, að þrem árum liðnum, 2 eða 3 ganga úr nefndinni, eftir því hvort tala nefndarmanna er 3 eða 5.

Geti nefndarmenn ekki komið sjer saman um, hverjir úr skuli ganga, ræður hlutkesti, en hinn hlutinn skal fara frá að 6 árum liðnum. Samkvæmt þessu fara síðan ávalt hinar tvær deildir nefndarmanna frá 3. hvert ár á víxl. Ef nefndarmaður deyr eða fer frá sjerlegra orsaka vegna, áður en þau 6 ár eru liðin, er hann var kosinn fyrir, skal sá, er kosinn verður í hans stað, að eins sitja í nefndinni þann tíma af þeim 6 árum, sem eftir er. Þann, sem gengur úr nefndinni, má kjósa á ný; en hafi hann verið í nefndinni 3 ár eða lengur, er hann ekki skyldur að taka aftur við kosningu, fyr en liðinn er jafnlangur tími, og hann hafði verið í nefndinni. Þessi ákvörðun á einnig við um gömlu sóknarnefndirnar, við fyrstu sóknarnefndarkosningar eftir lögum þessum (sbr. 4. gr.).

Eins skal sá, sem orðinn er sextugur, mega skorast undan kosningu.

7. gr.

Sóknarnefndin skal, auk starfa þeirra, sem henni eru eða verða fengin með sjerstökum lögum, stuðla til þess, að guðsþjónusta safnaðarins fari sómasamlega fram, vera prestinum til aðstoðar í því, að viðhalda og efla góða reglu og siðsemi í söfnuðinum, styðja með honum kristindómsfræðslu ungmenna og vera honum samhent um, að halda uppi samlyndi og friðsemi á heimilunum og meðal allra í söfnuðinum.

8. gr.

Sóknarnefndin annast kirkjusöng og hljóðfæraslátt samkvæmt lögum nr. 21, frá 22. maí 1890, og útvegar meðhjálpara við guðsþjónustuna.

9. gr.

Sóknarnefndin annast um kirkjugarða, samkvæmt lögum nr. 39, frá 8. nóv. 1901.

10. gr.

Nú hefir söfnuður umsjón og fjárhald kirkju, og skal þá sóknarnefnd hafa á hendi skyldur þær, er af því leiða.

11. gr.

Skylduvinnu þeirri, er sóknarmenn eiga til að leggja, þá er kirkja er bygð, skal sóknarnefndin jafna niður. Hafa skal nefndin og umsjón með því, hvernig verkinu er hagað.

12. gr.

Nú hefir sóknarnefnd tekið að sjer innheimtu kirkjutekna, samkvæmt lögum nr. 20, frá 22. maí 1890, og fer um þá innheimtu eins og segir í nefndum lögum.

13. gr.

Sóknarnefndin hefur á hendi innheimtu sóknartekna samkvæmt lögum um laun presta.

14. gr.

Sóknarnefndin býr til kjörskrá til prestskosninga og tekur að öðru leyti þann þátt í undirbúningi undir kosningu presta, sem mælt er fyrir um í lögum um það efni.

15. gr.

Sóknarnefnd hver heldur:

1. Gjörðabók, er rita skal í nákvæma skýrslu um það, er gjörist á fundum nefndarinnar og á safnaðarfundum, svo og brjef, er hún ritar, og
2. Sjóðbók (kassabók), er rita skal í skýrslur um peninga, er nefndin tekur móti og greiðir út, og alla reikninga.

Bækur þessar löggildir prófastur, en andvirði þeirra jafnar sóknarnefndin niður á alla atkvæðisbæra sóknarmenn.

16. gr.

Á aðalsafnaðarfundi skal kjósa einn safnaðarfulltrúa fyrir sóknina til 6 ára í senn, enda sjeu safnaðarfulltrúar kosnir um land alt á fyrstu aðalfundum eftir að lög þessi öðlast gildi. Um kosningu hans og kjörgengi gilda hinar sömu reglur, sem settar eru um kosningu sóknarnefndarmanna í 5. gr.

Safnaðarfulltrúar hafa 3 kr. fyrir dag hvern, sem þeir eru utan heimilis vegna hjeraðsfunda, og jafnar sóknarnefndin þeim kostnaði niður á alla atkvæðisbæra sóknarmenn.

17. gr.

Hjeraðsprófastur skal á ári hverju, í júní eða september, halda hjeraðsfund og kveðja til fundarins alla presta og safnaðarfulltrúa hjeraðsins, til að ræða og útkljá þau kirkjuleg málefni, er hjeraðið varða.

Prófastur stýrir fundinum.

18. gr.

Þá er hjeraðsfundur lögmætur, er meira en helmingur presta og safn-

aðarfulltrúa í því hjeraði eru á fundi. Það mál er samþykkt á hjeraðsfundi, sem hlotið hefur meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru.

19. gr.

Prófastur leitar álita fundarins um, hvernig prestar og sóknarnefndir gegni köllun sinni. Á fundinum leggur prófastur fram endurskoðaða reikninga kirkna í hjeraðinu fyrir síðastliðið reikningsár, til umræðu og úrskurðar.

20. gr.

Hverjum fundarmanni er rjett, að bera upp á hjeraðsfundi tillögur sínar um sjerhvert það atriði, er lýtur að kirkjulegum málum og skipun þeirra, svo sem uppeldi og kristindómsfræðslu barna, reglu og siðsemi í söfnuðinum, eignum kirkna og meðferð á þeim, upptöku, niðurlagning og færslu kirkna, breyting á sóknum og prestaköllum.

Allar samþyktir hjeraðsfundar sendir prófastur biskupi. Ef fundarmenn úr sóknum þeim, sem hlut eiga að máli, greinir á við meiri hluta fundarmanna, þá er þeim heimilt, að fá bókaðan ágreining sinn við fundarsamþyktina, og er prófasti skylt, að senda biskupi ágreiningsálit þeirra með fundarsamþyktinni.

21. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908 og eru lög nr. 5, frá 27. febrúar 1880, lög nr. 11, frá 12. maí 1882, að því er snertir byggingu kirkna, og lög nr. 18, frá 16. sept. 1893 jafnframt úr gildi numin.

Ed. **570. Nefndarálit**

um frv. til laga um brunamál.

Vjer, sem háttv. Ed. hefur falið frv. þetta til athugunar, höfum íhugað það eftir föngum á fundum vorum og teljum það vel fallið til að verða að lögum, enda mjög svo nauðsynlegt í sambandi við stofnun innlendra brunabótafjelaga, til þess að reyna að draga úr þeirri miklu brunahættu, sem stafað getur af þeirri tilhögun í húsum og híbýlum, sem nú á sjer stað. Nokkrar breytingar ráðum vjer þó til að gjörðar sjeu á frv., sem gjörðar eru eftir samkomulagi við nefndina í háttv. Nd., og mun frekari grein verða gjörð fyrir bæði breytingartillögum vorum og málinu í heild sinni við framsögu málsins í deildinni.

Alþingi 6. septbr. 1907.

Eiríkur Briem form. | Aug. Flygenring. | Valtýr Guðmundsson skrifari og framsögumaður.

Sigurður Stefánsson. | Steingrímur Jónsson.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frv. til laga um brunamál.

Frá nefndinni.

1. Við 6. gr. Á eftir »ef þau eru úr trje« komi: eða klædd með járnþynnum á listum.
2. — 7. gr. Á eftir »kölkuðum« komi: eða klæddum með járnþynnum á listum.
3. — 8. gr síðustu málsgr. Á eftir »reyrlagt og kalkað« komi: eða klætt járnþynnum á listum.
4. — 9. gr. Fyrir: »skal — $8^1/_2$ þml.« komi: skal hann vera járnklæddur hringinn í kring sem og þar sem hann gengur í gegnum þakið, og vera skal að minsta kosti $6^1/_2$ þml.
5. — 15. gr. 2. málsgr. Fyrir »4« komi: 2.
6. — 19. gr. Á eftir »smíðahúsum ofanjarðar« komi: Í íbúðarhúsum má geyma til heimilisþarfa alt að 200 pottum af steinolíu í trjeílátum og annað eins í járnílátum og flöskum.
7. — 30. gr. Á eftir »lögreglustjórnarinnar« komi: eða slökkviliðsstjóra.
8. — 36. gr. Aftan við greinina bætist: Rjettarprófi má þó sleppa, ef bruninn er lítill og stjórn Brunabótafjelags Íslands leyfir það.
9. — 39. gr. Fyrir »þá staði — lögum« komi: staði og húseignir, sem eigi falla undir lög.

Ed. **571. Nefndarálit**

um frv. til laga um stofnun Brunabótafjelags Íslands.

Vjer, sem háttv. Ed. hefir kosið til að íhuga frv. þetta, höfum athugað það rækilega á fundum vorum, og álítum vjer málið svo mikið nauðsynjamál, að ekki megi fyrirfarast, að það nái fram að ganga nú þegar á þessu þingi. Vjer álítum og ákvæði frumvarpsins yfirleitt hagfeld og góð, en leyfum oss þó að koma fram með nokkrar breytingartillögur við það, sem að vísu eru ekki neitt verulegar flestar hverjar, en þó að voru áliti til talsverðra bóta. Höfum vjer þegar borið þær undir nefndina í háttv. Nd. og þannig trygt oss, að það ekki þurfi að hindra framgang málsins, þó þær verði samþyktar. Fyrir þessum breytingartillögum, sem og málinu í heild sinni, mun frekari grein gjörð í framsögu málsins í deildinni.

Alþingi 6. sept. 1907.

Eiríkur Briem, formaður. Aug. Flygenring. Valtýr Guðmundsson, skrifari og framsögum.

Sigurður Stefánsson. Steingrímur Jónsson.

BREYTINGARTILLÖGUR
við frv. til laga um stofnun Brunabótafjelags Íslands.
Frá nefndinni.

1. Við 2. gr. Á eftir: 300 íbúum komi: »eða fleirum«
2. — 16. — Fyrir: 50 kr. komi »30 kr.«
3. — 16. — Orðin: »Við tryggingar — frá 40 kr.« falli burt.
4. — 18. — 1. málsgr.
   Orðin: »Bætur fyrir — nýjan húsbúnað« falli burt.
5. — 18. — 2. málsgr.
   Orðin: »en er um húsgögn — eða ekki« falli burt.
6. — 26. — 1. málsgr.
   Fyrir: er hingað til — á eignum landssjóðs komi: »er hann mundi eiga að greiða í Brunabótafjelagi Íslands«.

Nd. **572. Frumvarp**
til laga um skipun prestakalla.
(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Á Íslandi skulu vera þau prestaköll, sem nú skal greina:

I. Norður-Múlaprófastsdæmi.

1. Skeggjastaðir: Skeggjastaðasókn.
2. Hof í Vopnafirði: Hofs og Vopnafjarðarsóknir.
3. Hofteigur: Hofteigs, Brúar og Möðrudalssóknir.
4. Kirkjubær í Hróarstungu: Kirkjubæjar, Hjaltastaðar og Eiðasóknir.
5. Valþjófsstaður: Valþjófsstaðar og Áss-sóknir.
6. Desjarmýri: Desjarmýrar, Njarðvíkur og Húsavíkursóknir.

II. Suður-Múlaprófastsdæmi.

7. Dvergasteinn: Vestdalseyrar og Klippsstaðarsóknir.
8. Mjóifjörður: Brekkusókn.
9. Vallanes: Vallaness og Þingmúlasóknir.
10. Norðfjörður: Nessókn.
11. Hólmar í Reyðarfirði: Hólma og Eskifjarðarsóknir.
12. Kolfreyjustaður: Kolfreyjustaðarsókn.
13. Eydalir: Eydala og Stöðvarsóknir.
14. Hof í Álftafirði: Hofs og Djúpavogs, Berufjarðar og Berunessóknir.

III. Austur-Skaftafellsprófastsdæmi.

15. Bjarnanes: Bjarnaness og Stafafellssóknir.
16. Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðar og Einholtssóknir.
17. Sandfell: Sandfells og Hofssóknir.

IV. Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi.

18. Kirkjubæjarklaustur: Prestsbakka og Kálfafellssóknir.
19. Þykkvabæjarklaustur: Þykkvabæjar, Langholts og Grafarsóknir.
20. Mýrdalsþing: Hötðabrekku, Reynis og Skeiðflatarsóknir.

V. Rangárvallaprófastsdæmi.

21. Holt undir Eyjafjöllum: Eyvindarhóla, Ásólfsskála og Stóradalssóknir.
22. Breiðabólsstaður í Fljótshlíð: Breiðabólsstaðar og Hlíðarendasóknir.
23. Landeyjaþing: Kross, Voðmúlastaða og Sigluvíkursóknir.
24. Oddi: Odda, Stórólfshvols og Keldnasóknir.
25. Landprestakall: Skarðs, Haga og Marteinstungusóknir.
26. Kálfholt: Kálfholts, Áss, Háfs og Árbæjarsóknir.
27. Vestmannaeyjar: Ofanleitissókn.

VI. Árnesprófastsdæmi.

28. Stórinúpur: Stóranúps, Hrepphóla og Ólafsvallasóknir
29. Hruni: Hruna og Tungufellssóknir.
30. Torfastaðir: Torfastaða, Haukadals, Bræðratungu, Úthlíðar og Skálholtssóknir.
31. Mosfell í Grímsnesi: Mosfells, Miðdals, Klausturhóla og Búrfellssóknir.
32. Þingvellir: Þingvalla og Úlfljótsvatnssóknir.
33. Hraungerði: Hraungerðis, Laugardæla og Villingaholtssóknir.
34. Stokkseyri: Stokkseyrar, Eyrarbakka og Gaulverjabæjarsóknir.
35. Arnarbæli: Arnarbælis, Hjalla, Reykja og Strandarsóknir.

VII. Kjalarnessprófastsdæmi.

36. Staður í Grindavík: Staðar, Krísuvíkur og Kirkjuvogssóknir.
37. Útskálar: Útskála, Hvalsness og Njarðvíkursóknir.
38. Garðar á Álftanesi: Garða og Bessastaða og Kálfatjarnarsóknir.
39. Reykjavík: Reykjavíkur, Lágafells og Viðeyjarsóknir
40. Reynivellir: Reynivalla, Saurbæjar og Brautarholtssóknir.

VIII. Borgarfjarðarprófastsdæmi.

41. Saurbær á Hvalfjarðarströnd: Saurbæjar og Leirársóknir.
42. Garðar á Akranesi: Skipaskaga og Innrahólmssóknir.
43. Hestþing: Hvanneyrar, Bæjar, Lundar og Fitjasóknir.
44. Reykholt: Reykholts, Stóra-Áss, Gilsbakka og Síðumúlasóknir.

IX. Mýraprófastsdæmi.

45. Stafholt: Stafholts, Hjarðarholts, Hvamms og Norðtungusóknir.
46. Borg: Borgar, Álftaness og Álftártungusóknir.
47. Staðarhraun: Staðarhrauns, Akra og Kolbeinsstaðasóknir.

X. Snæfellsnessprófastsdæmi.

48. Staðastaður: Staðastaðar, Búða, Miklaholts og Rauðamelssóknir.

49. Nesþing: Ólafsvíkur, Ingjaldshóls og Hellnasóknir.
50. Setberg: Setbergssókn.
51. Helgafell: Stykkishólms, Helgafells og Bjarnarhafnarsóknir.
52. Breiðabólsstaður á Skógarströnd: Breiðabólsstaðar og Narfeyrarsóknir.

XI. Dalaprófastsdæmi.

53. Suðurdalaþing: Sauðafells, Snóksdals, Stóravatnshorns og Hjarðarholtssóknir.
54. Hvammur í Hvammssveit: Hvamms, Staðarfells og Dagverðarnessóknir.
55. Staðarhóll: Staðarhóls og Skarðs og Garpsdalssóknir.

XII. Barðastrandarprófastsdæmi.

56. Flatey: Flateyjar og Múlasóknir.
57. Staður á Reykjanesi: Staðar, Reykhóla og Gufudalssóknir.
58. Brjánslækur: Brjánslækjar og Hagasóknir.
59. Sauðlauksdalur: Sauðlauksdals, Breiðuvíkur og Saurbæjarsóknir.
60. Eyrar: Eyra og Stóra-Laugardalssóknir.
61. Bíldudalur: Bíldudals og Selárdalssóknir.

XIII. Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi.

62. Rafnseyri: Rafnseyrar og Álftamýrarsóknir.
63. Dýrafjörður: Sanda, Hrauns, Mýra og Núpssóknir.
64. Holt í Önundarfirði: Holts, Kirkjubóls og Sæbólssóknir.

XIV. Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.

65. Hóll í Bolungarvík: Hóls og Staðarsókn í Súgandafirði.
66. Ísafjörður: Ísafjarðarsókn.
67. Ögurþing: Ögur og Eyrarsóknir.
68. Vatnsfjörður: Vatnsfjarðar, Nauteyrar og Unaðsdalssóknir.
69. Staður í Grunnavík: Staðarsókn.
70. Staður í Aðalvík: Staðarsókn.

XV. Strandaprófastsdæmi.

71. Árnes: Árnessókn.
72. Staður í Steingrímsfirði: Staðar og Kaldrananessóknir.
73. Tröllatunga: Tröllatungu, Fells og Óspakseyrarsóknir.
74. Prestsbakki: Prestsbakka og Staðarsókn í Hrútafirði.

XVI. Húnavatnsprófastsdæmi.

75. Melstaður: Melstaðar, Kirkjuhvamms, Staðarbakka og Núpssóknir.
76. Tjörn á Vatnsnesi: Tjarnar og Vesturhópshólasóknir.
77. Breiðabólsstaður í Vesturhópi: Breiðabólsstaðar og Víðidalstungusóknir.
78. Þingeyraklaustur: Þingeyra, Undirfells og Blönduóssóknir.
79. Auðkúla: Auðkúlu og Svínavatnssóknir.
80. Bergstaðir: Bergstaða, Bólstaðahlíðar og Holtastaðasóknir.
81. Höskuldsstaðir: Höskuldsstaða, Hofs og Spákonufellssóknir.

XVII. Skagafjarðarprófastsdæmi.

82. Hvammur í Laxárdal: Hvamms og Ketusóknir.
83. Reynistaðarklaustur: Reynistaðar og Sauðárkrókssóknir.
84. Glaumbær: Glaumbæjar og Víðimýrarsóknir.
85. Mælifell: Mælifells, Reykja, Goðdala og Ábæjarsóknir.
86. Miklibær: Miklabæjar, Silfrastaða og Flugumýrarsóknir.
87. Viðvík: Viðvíkur, Hóla, Hofstaða- og Rípursóknir.
88. Fell í Sljettuhlíð: Fells og Hofssóknir.
89. Barð í Fljótum: Barðs, Holts og Knappsstaðasóknir.

XVIII. Eyjafjarðarprófastsdæmi.

90. Grímsey: Miðgarðasókn.
91. Hvanneyri: Hvanneyrarsókn.
92. Kvíabekkur: Kvíabekkjarsókn.
93. Tjörn í Svarfaðardal: Tjarnar, Urða, Upsa, Valla og Stærra-Arskógssóknir.
94. Bægisá: Bægisár, Bakka, Myrkár og Möðruvallasóknir.
95. Akureyri: Akureyrar, Lögmannshlíðar og Glæsibæjarsóknir.
96. Grundarþing: Grundar, Munkaþverár, Kaupangs, Saurbæjar, Möðruvalla, Miklagarðs og Hólasóknir.

XIX. Suður-Þingeyjarprófastsdæmi.

97. Laufás: Laufáss, Svalbarðs, Grenivíkur og Þönglabakkasóknir.
98. Háls í Fnjóskadal: Háls, Illugastaða, Draflastaða og Brettingsstaðasóknir.
99. Þóroddsstaður: Þóroddsstaðar og Ljósavatnssóknir.
100. Skútustaðir: Skútustaða, Reykjahlíðar og Lundarbrekkusóknir.
101. Grenjaðarstaður: Grenjaðarstaðar, Ness, Einarstaða og Þverársóknir.
102. Húsavík: Húsavíkursókn.

XX. Norður-Þingeyjarprófastsdæmi.

103. Skinnastaðir: Skinnastaða, Garðs, Presthóla og Víðihólssóknir.
104. Svalbarð í Þistilfirði: Svalbarðs og Ásmundarstaðasóknir.
105. Sauðanes: Sauðanessókn.

2. gr.

Í Reykjavíkurprestakalli skulu vera tveir þjóðkirkjuprestar, dómkirkjuprestur og annar prestur honum jafnhliða. Landsstjórnin, í samráði við biskup, skipar fyrir um aðstöðu þeirra hvors til annars, samband sín á milli og verkaskiftingu í söfnuðinum.

3. gr.

Landsstjórnin hlutast til um, að þær breytingar á skipun prestakalla, sem að ofan eru ákveðnar, komist á, eftir því sem prestaköllin losna, svo fljótt sem því verður við komið.

4. gr.

Nú vilja menn breyta skipun sókna eða takmörkum prestakalla eða

leggja niður kirkju, færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, og skal þá mál það koma fyrir safnaðarfund eða safnaðafundi, ef fleiri en einn söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin við kemur að eins einum söfnuði, ræður meiri hluti atkvæða á lögmætum safnaðarfundi. Sjeu söfnuðirnir tveir, ræður meiri hluti atkvæða á báðum fundum. Sjeu söfnuðirnir fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðafunda. Samþykki hjeraðsfundur tillögu safnaðarfundar (eða safnaðafunda) er rjett, að landsstjórnin, í samráði við biskup, veiti leyfi til að breyting sú, sem um ræðir, fái fram að ganga.

5. gr.

Þegar ljenskirkja er lögð niður, fellur sjóður hennar til þeirrar kirkju, eða þeirra kirkna, sem sóknin er lögð til. Svo er og um skrautgripi (ornamenta) kirkjunnar og áhöld (instrumenta), og andvirði fyrir kirkjuna sjálfa.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1908. Frá sama tíma eru úr gildi numin:

Lög um skipun prestakalla frá 27. febr. 1880.

Lög frá 4. nóv. 1881 um breytingu á 1. gr. í lögum frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla.

Lög frá 12. jan. 1884, um breytingu á nokkrum brauðum í Eyjafjarðar og Vestur-Skaftafellsprófastsdæmum.

Lög frá 2. nóv. 1885, um breytingu á 1. gr. í lögunum frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla.

Lög frá 22. mars 1890, um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala og Barðastrandarprófastsdæmum.

Lög frá 22. mars 1890, um breytingu á 1. gr. í lögum frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla.

Lög frá 24. nóvbr. 1893, um breytingu á 1. gr. laga frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla.

Lög frá 13. desbr. 1895, um breytingu á 1. gr. laga frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla.

Lög frá 5. desbr. 1899, um breytingu á lögum frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla

svo og öll önnur lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

Nd.

573. Frumvarp

til laga um laun prófasta,

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Auk þeirra launa, sem prófastar hafa hingað til haft fyrir starfa sinn samkvæmt gildandi lögum, skulu þeim veitt úr prestlaunasjóði ákveðin árslaun svo sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Árslaun þau, sem gjört er ráð fyrir í 1. gr., ákveðast þannig: Prófastarnir í Norður-Múlaprófastsdæmi, Suður-Múlaprófastsdæmi, Rangárvallaprófastsdæmi, Árnesprófastsdæmi, Kjalarnessprófastsdæmi, Snæfellsnessprófastsdæmi, Barðastrandarprófastsdæmi, Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, Húnavatnsprófastsdæmi, Skagafjarðarprófastsdæmi, Eyjafjarðarprófastsdæmi og Suður-Þingeyjarprófastsdæmi fá að launum 200 kr. hver. Prófastarnir í Austur-Skaftafellsprófastsdæmi, Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi, Borgarfjarðarprófastsdæmi, Mýraprófastsdæmi, Dalaprófastsdæmi, Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi, Strandaprófastsdæmi og Norður-Þingeyjarprófastsdæmi fá að launum 100 kr. hver.

3. gr.

Prestar tilnefna prófastsefni á sama hátt og nú, en landsstjórnin skipar prófasta með ráði biskups.

Ed. **574. Viðaukatillaga**

við tillögu til þingsályktunar á þgskj. 498.

Frá Valtý Guðmundssyni.

Aftan við tillöguna bætist:
Hólm í Kjósarsýslu fyrir kr. 2,350.

Nd. **575. Tillaga**

til þingsályktunar.

Flutningsmaður: Hannes Þorsteinsson.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á stjórnina, að gjöra ráðstafanir til þess, að skilað verði aftur landinu öllum þeim skjölum og handritum, sem fyrrum hafa verið ljeð Árna Magnússyni og eru úr skjalasöfnum biskupa, kirkna, klaustra eða annara embætta eða stofnana hjer á landi, en hefur ekki verið skilað til þessa.

Nd. **576. Framhalds-nefndarálit**

um frumvarp til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir árin 1904 og 1905.

Háttvirt Efri deild hefir breytt frumvarpi þessu svo sem hjer segir:

1. hækkað óviss útgjöld landssjóðs um kr. 348,80 og þar með samþykt, að heimsendingárkostnaður norskra sjómanna 1905, er nam tjeðri upphæð, sje greiddur úr landssjóði.
2. lækkað tekjueftirstöðvar landssjóðs 31. desember 1905 um kr. 116,00 og

þar með samþykt, að nafnbótaskattur verði ekki innheimtur fyrir fjárhagstímabilið.

Um fyrri breytinguna má geta þess, að landsreikninganefndin lítur svo á, að samþykt þeirrar greiðslu, er þar ræðir um, sje að skoða sem fjárveiting eftir atvikum í eitt skifti, án þess að þar í sje fólgin viðurkenning þess, að á landssjóði hvíli skylda til að bera sams konar kostnað í líkum tilfellum, og með þeim fyrirvara vill nefndin ráða háttvirtri Neðri deild til að láta við svo búið standa.

Að því er snertir síðari breytinguna, skal þess getið, að með atkvæðagreiðslu um 7. tekjulið fjárlagafrumvarpsins fyrir 1908 og 1909 hefur Efri deild aðhylst þann skilning á gildandi ákvæðum um nafnbótaskatt, er landsreikninganefndin hefir haldið fram og Neðri deild hefur samþykt, svo að þar með er fengin ályktun þingsins um, að tjeðan skatt beri að innheimta eftirleiðis.

Með því að mál þetta er þannig komið á rjettan rekspöl, vill nefndin ekki gjöra það að kappsmáli, að talinn verði til ábyrgðar vanheimtur nafnbótaskattur á fjárhagstímabilinu 1904 og 1905.

Samkvæmt þessu er það tillaga nefndarinnar að frv. verði sþ. óbreytt.

Alþingi, 6. septbr. 1907.

Guðl. Guðmundsson,	Ólafur Briem,
formaður.	skrifari og framsögumaður.

M. J. Kristjánsson.

Nd. **577. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um skipun prestakalla.

Frá nefndinni.

Við XVIII. 93. liður orðist svo:

Vellir í Svarfaðardal: Valla, Tjarnar, Urða, Upsa og Stærra-Árskógssóknir.

94. liður orðist svo:

Möðruvallaklaustur: Möðruvalla, Bægisár, Bakka og Myrkársóknir.

Ed. **578. Breytingartillögur**

við frumv. til laga um skipun læknishjeraða o. fl. (þingskj. 226).

Frá Sigurði Jenssyni og Sigurði Stefánssyni.

1. Við 4. gr. Orðið: »yfirleitt« falli burtu.
2. Við 5. gr. Á eftir orðunum: »á öðrum tíma sólarhringsins« komi: sem hann er á ferð eða að læknisstarfi, þó aldrei meira en 4 kr. fyrir sólarhring.

Ed. **579. Breytingartillaga**

við frv. til laga um frestun á framkvæmd laga 19. desbr. 1903 um túngirðingar o. fl.

Frá nefndinni.

Fyrri málsgrein meginmálsins orðist þannig:

Lán úr landssjóði samkvæmt lögum nr. 64, 19. des. 1903, um túngirðingar, verða eigi veitt á árinu 1908, og er jafnframt frestað það ár framkvæmd á öðrum ákvæðum nefndra laga, er snerta lánveitingarnar.

Ed. **580. Frumvarp**
til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
(Eins og það var samþykt við 2. umr í Ed.).

I. kafli.

Tekjur:

1. gr.

Á árunum 1908 og 1909 telst svo til, að tekjur Íslands verði 2,823,082 kr. og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr., ásamt lántöku samkvæmt 7. gr.

2. gr.

Af eftirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 2,039,552 kr.

	1908	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a. á ábúð og afnotum jarða...	17,000	17,000	34,000
b. á lausafje...	26,000	26,000	52,000
2. húsaskattur	10,000	10,000	20,000
3. tekjuskattur	18,000	18,000	36,000
4. aukatekjur...	45,000	45,000	90,000
5. erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. vitagjald	13,000	13,000	26,000
7. Nafnbótaskattur...	276	276	552
8. gjöld fyrir leyfisbrjef...	4,000	4,000	8,000
9. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun...	100,000	100,000	200,000
10. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum innheimtulaunum	165,000	165,000	330,000
11. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum innheimtulaunum	140,000	140,000	280,000
12. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum innheimtulaunum	330,000	330,000	660,000
13. aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og öllum brjóstsykur- og konfekttegundum, að frádregnum innheimtulaunum	11,500	11,500	23,000
14. leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verslun og veiting áfengra drykkja...	14,000	14,000	28,000
15. tekjur af póstferðum	60,000	60,000	120,000
16. tekjur af símum landsins	43,000	57,000	100,000
17. arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík...	400	400	800
18. sektarfje fyrir ólöglegar fiskiveiðar... ...	10,000	10,000	20,000
19. Tekjur af efnarannsóknastofu	600	600	1,200
20. óvissar tekjur	2,000	2,000	4,000
Samtals ...	1,012,776	1,026,776	2,039,552

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 45,330 kr.

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 35,000 kr. að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu, húsabótastyrk o. fl., alls ... ... 14,000 —	21,000	21,000	42,000
2. tekjur af kirkjum	65	65	130
3. tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	1,600	1,600	3,200
Samtals ...	22,665	22,665	45.330

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 109,000 kr.:

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins... ...	40,000	39,000	79,000
Upp í lán verður borgað: á árinu 1908 27,467 kr. 52 a. - — 1909 28,453 — 42 - 55,920 kr. 94 a.			
Austuramtinu veitist uppgjöf frá 24. september 1907 á eftirstöðvum á fjárkláðaláninu frá 24. septbr. 1898, og frá 31. ágúst 1907 á eftirstöðvum á fjárkláðaláninu frá 31. ágúst 1900, samtals kr. 2,200			
Flutt ...	40,000	39,000	79,000

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	40,000	39,000	79,000
Núverandi presti í Kirkjubæjarprestakalli veitist eftirgjöf á 200 krónum hvort árið af afborgun og vöxtum af láni því, er honum var leyft að taka upp á prestakallið með brjefi landshöfðingja dags. 19/2 1898.			
2. leigur af láni landssjóðs til landsbankans...	7,500	7,500	15,000
3. leiga af innstæðufje í bönkum og af bankavaxtabrjefum	10,000	5,000	15,000
Samtals ...	57,500	51,500	109,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880.. ... ... Heimilt er prestinum í Staðastaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 300 kr. hvort árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins, eftir nánari ákvæðum stjórnarinnar.	2,000	2,000	4,000
2. endurgjald skyndilána til embættismanna...	600	600	1,200
3. endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
Samtals ...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Úr ríkissjóði greiðist	60,000	60,000	120,000

7. gr.

Bráðabirgðarlán má taka samkvæmt lögum nr. 66, um heimild til lántöku fyrir landssjóð dags. 19. desbr. 1903, að upphæð 500,000 kr., þannig, að lánið afborgist á alt að 15 árum frá 1. jan. 1910 að telja.

2. kafli.

Útgjöld:

8. gr.

Á árunum 1908 og 1909 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 9.—19. gr. kr. 2,764,242,67.

9. gr.

Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins veitast 100,000 kr.

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Til ráðherrans:			
a. laun ... ... 8,000 kr.			
b. til risnu ... ... 2,000 —			
c. uppbót fyrir embættisbústað 2,000 —			
	12,000	12,000	24,000
2. Til utanferða ráðherrans	2,000	2,000	4,000
3. Laun landritara	6,000	6,000	12,000
4. laun þriggja skrifstofustjóra	10,500	10,500	21,000
5. til aðstoðar og skrifstofukostnaðar	16,000	16,000	32,000
6. til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum	2,500	2,500	5,000
7. til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu	1,000	1,000	2,000
Samtals ...	50,000	50,000	100,000

10. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 50,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., og til milliþinganefnda alt að 14,000 kr., alls 65,600 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 203,030 kr.

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
A.			
Dómgæsla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna	68,800	68,800	
b. til hreppsstjóra	8,000	8,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík ...	1,400	1,400	
3. til hegningarhússins í Reykjavík:			
a. laun fangavarðarins ... ... 1908. 1,000 kr. 1909. 1,000 kr.			
flyt ... 1,000 kr. 1,000 kr.	78,200	78,200	

	1908.	1909.	1908.	1909.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
			78,200	78,200	
fluttar ...	1,000 kr.	1,000 kr.			
b 3 skamtar af miðdegismat handa fangaverði 21 e....	230 —	230 —			
c. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag.	1,225 —	1,225 —			
d. til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —			
e. þvottur...	30 —	30 —			
f. til þess að útvega verkefni...	500 —	500 —			
g. útgjöld við húsið sjálft og áhöld.....	400 —	400 —			
h. þóknun handa dómkirkjuprestinum....	100 —	100 —			
i. þóknun handa lækni	60 —	60 —			
j. ýmisleg útgjöld.....	150 —	150 —			
			4,215	4,215	
4. kostnaður við viðhald fangelsanna.....			1,900	300	
5. önnur útgjöld:					
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn		1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn		50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum...		50 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.		50 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál.		300 —			
g. útgjöld við sáttamál		50 —			
			5,100	5,100	
			89,415	87,815	
					177,230
flyt ...			.....	.....	177,230

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar ...	.....	.....	177,230
B.			
Ymisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl... ... ... 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna (50 arkir), alt að 32 kr. örkin ... ... 1,600 —			
c. til pappírs, prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur ... ... 2,400 —			
d. til kostnaðar við sending með póstum ... ... 450 —			
	4,900	4,900	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef svo og embættissímskeyti og samtöl	5,000	5,000	
3. brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar	1,000	1,000	
4. til embættiseftirlitsferða	1,000	1,000	
5. þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	500	500	
7. útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar...	200	200	
	12,900	12,900	25,800
Samtals ...	... .	.....	203,030

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 266,101 kr. 20 a.:

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	73,150	73,150	146,300
2. styrkur til aðstoðarlæknis á Akureyri.. ...	800	800	1,600
3. styrkur til aðstoðarlæknis, er sje búsettur í Hafnarfirði... ... ... Stjórnarráðið skipar aðstoðarlækna þessa.	800	800	1,600
4. Styrkur til Öræfinga til að vitja læknis ... Styrkurinn útborgist hreppsnefnd Hofshrepps.	150	150	300
Flyt ...	74,900	74,900	149,800

	1908	1909	Alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar ...	74,900	74,900	149,800
4. a. styrkur til augnlæknis Björns Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði.	2,000	2,000	
b. styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kring um landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustað, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi hvort árið allt að 300 kr.	300	300	4,600
5. styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði	1,000	1,000	2,000
6. útgjöld við holdsveikraspítalann:			
	1908. kr. a.	1909. kr. a.	
a. laun til starfsmanna	5,690	5,690	
b. viðurværi handa 78 manns, 48 aurar á dag	13665, 60	13665, 60	
c. klæðnaður sjúklinga	800.	800.	
d. meðul og sáraumbúnaður...	1,400.	1,400.	
e. eldsneyti	2,915.	2,915.	
f. ljósmeti	650.	650.	
g. viðhald á húsum...	1,200.	1,200.	
h. húsbúnaður og áhöld	1000.	1000.	
i. þvottur og ræsting	800.	800.	
k. greftrunarkostnaður	275.	275.	
l. flutningskostnaður...	30.	30.	
m. til að skemta sjúklingum	200.	200.	
n. hesta- og hænsafóður..	125.	125.	
o. skattar og brunaábyrgðargjald	800.	800.	
p. ýmisleg útgjöld... .	700.	700.	30,250,60	30,250,60	60,501,20
Flyt ...			108,450,60	108,450,60	216,901,20

		1908.	1909.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar ...	108,450,60	108,450,60	216,901,20
7.	Tillag til geðveikrahælisins á Kleppi	11,000	11,000	22,000
8.	útgjöld við bólusetningar	1,000	1,000	2,000
9.	önnur útgjöld:			
	a. styrkur til sjúkrahússins á Akureyri ... ... 400 kr.			
	b. styrkur til sjúkrahússins á Ísafirði ... ... 400 —			
	c. styrkur til sjúkrahússins á Seyðisfirði ... ... 400 —			
	d. styrkur til sjúkrahússins á Patreksfirði ... ... 300 —			
	e. til náms yfirsetukvenna... ... 2,000 —			
	f. til verkfæra handa yfirsetukonum ... ... 400 —			
	g. gjöld samkv. 13. gr. í lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma... ... ... 4,000 —			
	h. gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ... ... 1,000 —			
	i. Styrkur til sjúkrahúsa til að halda lærðar hjúkrunarkonur, alt að 200 kr. til hvers... ... 600 —			
	j. Styrkur til reksturs sjúkraskýla, alt að 100 kr. til hvers 500 —			
	k. styrkur til þess að byggja sjúkraskýli á föstum læknasetrum, þó aldrei meira en nemi 500 kr. á hverja			
	Flyt ... 10,000 —	120,450,60	120,450,60	240,901,20

		1908.	1909.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	10,000 kr.	120,450,60	120,450,60	240,901,20
þúsund hjeraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu, eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og reksturs...	2,000 —			
l. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sjer nýrrar læknisþekkingar. Stjórnarráðið veitir þennan styrk eftir tillögum landlæknis og má ekki verða meira en 120 kr. fyrir hverja mánaðardvöl utanlands	600 —			
Á eftir fyrsta málslið komi: Sama er og, þótt presturinn gangi ekki að breytingunni, ef hann er orðinn 60 ára að aldri.

Ed. **585. Frumvarp**

til laga um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Skógrækt skal hefja með því markmiði, að friða og bæta skóga þá og skógarleifar, sem enn eru hjer á landi, rækta nýjan skóg og leiðbeina landsmönnum í meðferð skógs og gróðursetning. Í sambandi við það skal stund leggja á varnir gegn uppblæstri lands og sandfoki, þar sem því verður við komið. Yfirstjórn skógræktarmála og sandfoksmála hefur stjórnarráðið.

2. gr,

Skipa skal forstjóra fyrir skógræktarmál landsins, og skal hann einnig hafa á hendi forstjórn opinberra ráðstafana, sem gjörðar verða til þess að varna sandfoki. Hann skal hafa stundað skógrækt á Norðurlöndum, og int af hendi próf, er stjórnarráðið tekur gilt. Hann nefnist skógræktarstjóri og hefur að launum 3000 kr. á ári.

3. gr.

Ráðherra skipar skógarverði eftir þörfum. Tala þeirra og laun skulu ákveðin á fjárlögum. Þeir skulu hafa aflað sjer sjerstakrar þekkingar á skógrækt, og staðist próf, sem stjórn skógræktarmálanna kveður nánar á um. Skógarverðir skulu settir yfir skógræktarjarðir og trjáræktunarsvæði landssjóðs, annast framkvæmd á skógræktarstörfum þar, hafa eftirlit með meðferð og rækt skóga, hver á því svæði, sem honum er skipað, og í hvívetna aðstoða skógræktarstjóra í starfi hans til eflingar skóggræðslu í landinu. Fela má og skógarvörðum athugun og skrásetning sandfokssvæða og eftirlit með framkvæmd sandfoksráðstafana, er gjörðar kunna að verða.

4. gr.

Störf og starfssvið skógræktarstjóra og skógarvarða skal ákveða með reglugjörð, sem stjórnarráðið setur.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Ed. **586. Frumvarp**

til laga um ellistyrk presta og eftirlaun.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Hver sá, er fengið hefur veiting fyrir prestsembætti hjer á landi, skal safna sjer ellistyrk eða kaupa sjer geymdan lífeyri, svo sem lög þessi ákveða, og skal prestur árlega verja 2% af föstum byrjunarlaunum sínum í því skyni.

2. gr.

Ellistyrkur sá, er safnast, skal geymast og ávaxtast í einhverjum þeim sjóði, er landsstjórnin tekur gildan, en trygging fyrir lífeyri skal kaupa í lífsábyrgðarstofnun ríkisins. Landsstjórnin geymir eignarskírteini fyrir ellistyrknum eða lífeyristryggingunni.

3. gr.

Landssjóður ábyrgist greiðslu árgjaldanna samkvæmt 1. gr., en hefur aftur lögtaksrjett samkvæmt lögum nr. 29, frá 16. des. 1885, gagnvart kaupanda ellistyrksins eða lífeyrisins.

4. gr.

Þegar prestur fær lausn frá embætti, getur hann farið að fá alla vexti af ellistyrknum, og farið að taka til lífeyrisins. Svo getur hann og keypt sjer æfilangan lífeyri fyrir ellistyrkinn allan eða hlut af honum. Sá ellistyrkur, sem prestur á þegar hann deyr, gengur til dánarbús hans sem önnur eign.

5. gr.

Auk ellistyrks eða lífeyris samkvæmt 1.—4. gr., skal prestur hver, er veitt hefur verið prestsembætti, hafa rjett til árlegra eftirlauna, þegar honum er veitt lausn frá embætti fyrir aldurs sakir eða heilsubrests, eða fyrir aðrar þær sakir, sem honum er ósjálfrátt um.

6. gr.

Eftirlaunin nema 15 kr. fyrir hvert þjónustuár, talið frá veitingu prestsembættis, og greiðast úr prestlaunasjóði. Sjötugur prestur á rjett á að fá lausn frá embætti með eftirlaunum eftir lögum þessum.

7. gr.

Sá prestur, sem að ósjálfráðu slasast þannig, eða tekur vanheilsu, er hann er að gegna embætti sínu, að hann verður að sleppa prestsskap, fær 360 kr. að árlegum eftirlaunum, þótt hann hafi ekki þjónað prestsembætti svo lengi, að eftirlaun hans nemi því.

8. gr.

Prestur sá, er fyrirgjörir kjóli og kalli, missir rjett til eftirlauna. Nú er presti vikið frá kalli um sinn, en honum þó veitt embætti aftur, og hefur hann þá rjett til eftirlauna eftir 5. og 6. gr.

9. gr.

Nú hefur prestur fengið eftirlaun, og missir hann þau: 1, ef hann fær aftur embætti, er ekki fylgja lægri laun en eftirlaunin. 2, ef hann fyrir konungsleyfi fram gengur í þjónustu annara ríkja. 3, ef hann tekur sjer bústað í öðru ríki án samþykkis konungs. 4, ef hann verður sannur að, því að hafa kastað trú þjóðkirkjunnar. 5, ef hann verður sekur að lagadómi um eitthvert það afbrot, er svift mundi hafa hann embætti, hefði hann í því verið, hvort sem brotið hefur verið framið áður en hann fjekk lausn frá embætti eða eftir það.

10. gr.

Nú æskir uppgjafaprestur að fá einhverja lausa kirkjujörð í prestakallinu til ábúðar, og skal hann þá eiga forgangsrjett fyrir öðrum að öðru jöfnu.

11. gr.

Ákvæðin í 1.—4. gr. ná eigi til presta þeirra, sem nú sitja í embætti, meðan þeir halda sama embætti og launakjörum sínum annars óbreyttum, en að öðru leyti öðlast lögin gildi fyrsta fardag 1908, þannig að þeir prestar, sem fá lausn frá þeim tíma eða síðar, fá eftirlaun eftir lögum þessum. Þó halda þeir prestar, er kunna að eiga tilkall til hærri eftirlauna, eftir hingað til gildandi lögum, rjetti sínum óskertum. Eftirlaun uppgjafapresta þeirra, sem fengið hafa lausn áður en lög þessi ganga í gildi, og taka eftirlaun sín að nokkru eða öllu leyti af fyrverandi embættum sínum, greiðast úr prestlaunasjóði jafnóðum og prestaköll þau losna, sem eftirlaununum eiga að svara, eða á annan hátt komast undir ákvæði hinna nýju launalaga. Uppgjafaprestar halda þeim eftirlaunum úr landssjóði, er þeir hingað til hafa notið.

Lög nr. 4, frá 27. febr. 1880, um eftirlaun presta, og önnur lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi, ganga úr gildi að sama skapi og lög þessi ganga fram.

Ed. **587. Frumvarp**

til laga um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri.

(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hver prestur í þjóðkirkjunni, sem hefur rjett til eftirlauna og kvænst hefir innan 60 ára aldurs, er skyldur að tryggja ekkju sinni árlegan lífeyri, er ekki sje minni en 300 kr.

Kosti lífeyririnn prestinn meira en 65 kr. á ári, greiðist það, sem umfram er, úr landssjóði, eigi prestur í hlut, sem situr í embætti þegar lög þessi ganga í gildi.

2. gr.

Lífeyrinn skal kaupa hjá lífsábyrgðarstofnun ríkisins, enda geymir landstjórnin eignarskírteini fyrir lífeyrinum.

3. gr.

Landssjóður ábyrgist, að iðgjöldin eða sá hluti þeirra, sem presti ber að leggja fram samkvæmt 1. gr., verði greidd í gjalddaga, en hefur aftur lögtaksrjett, samkvæmt lögum nr. 29, frá 16. des. 1885, fyrir þeim framlögum sínum á hendur presti. Nú deyr prestur og landssjóður hefur ekki getað komið fram lögtaki fyrir iðgjaldi, og má þá landssjóður halda inni af lífeyri ekkjunnar því, er hann lagði fram fyrir prest, en ekki náði með lögtaki.

4. gr.

Ekki má gefa prest innan 60 ára aldurs saman í hjónaband, fyr en presturinn hefur sannað með vottorði prófasts síns, að hann hafi sent land-

stjórninni beiðni til lífsábyrgðarstofnunarinnar um að mega kaupa lífeyri handa ekkju sinni. Ef út af þessu er brugðið, varðar það 200 kr. sektum til prestlaunasjóðs.

5. gr.

Nú er hjónabandi prests slitið til fulls, og fellur þá jafnframt niður framfærsluskylda hans eftir lögum þessum.

6. gr.

Deyi prestur frá jólum til fardaga, á ekkjan heimting á ábúð hálfs prestssetursins fyrir sjálfa sig afgjaldslaust næsta fardagaár. Þó nær rjettur þessi ekki til hlunninda hálflendunnar, svo sem æðardúns, selveiði, fuglatekju og þess háttar.

7. gr.

Nú æskir ekkja eftir prest, er dó í embætti, að fá einhverja lausa kirkjujörð í prestakallinu til ábúðar, og skal hún þá eiga forgangsrjett fyrir öðrum að öðru jöfnu.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi fyrsta fardag 1908, þannig, að þeir, sem fá veitingu fyrir prestsembætti frá þeim tíma eða síðar, eru skyldir að sjá fyrir ekkjum sínum samkvæmt lögum þessum. Þær ekkjur, sem samkvæmt hingað til gildandi lögum hafa fengið eftirlaun sín að nokkru eða öllu leyti af embættum manna sinna, skulu, jafnóðum og hin eftirlaunaskyldu prestaköll losna, eða á annan hátt komast undir ákvæði hinna nýju launalaga, fá þau eftirlaun sín greidd úr landssjóði, svo sem þær ekkjur, er fengið hafa eftirlaun sín úr landssjóði, að öllu eða nokkru leyti einnig halda eftirlaununum óbreyttum. Loks greiðist og úr landssjóði eftirlaun ekkna eftir þá presta, sem deyja í þeim embættum, er þeir höfðu, er lög þessi ganga í gildi.

Lög nr. 13, frá 3. oktbr. 1884 og lög nr. 36, frá 13. des. 1895 ganga úr gildi að sama skapi og lög þessi ná gildi.

Svo er og konungsbrjef 5. júní 1750 sbr. 5. gr. 4. málsgr. í tilsk. 15. des. 1865 og 4.—5. gr. í tilsk. 6. jan. 1847 um fardaga presta m. m. að sama skapi úr gildi numin.

Nd. **588. Frumvarp**

til laga um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Nd.).

I. kafli.

Um lausamenn.

1. gr.

Þeir menn eru eigi skyldir til að vera í vist, er hafa 200 kr. eða meira í árságóða af fasteignum eða öðru fje.

2. gr.

Hverjum þeim manni, sem er 21 árs að aldri, eða að fullu fjár síns ráðandi, þótt yngri sje, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni með því að taka leyfisbrjef hjá lögreglustjóra.

Fyrir leyfisbrjef skal karlmaður gjalda 15 kr., en kvenmaður 5 krónur. Rennur það fje í styrktarsjóð handa alþýðufólki í þeim hreppi eða bæjarfjelagi, er hann var síðast vistfastur í.

Sá, sem er fullra 30 ára að aldri, fær leyfisbrjefið, án þess, að greiða gjald þetta.

Sá, er leyfisbrjefið vill fá, skal taka það í síðasta lagi 1. dag maímánaðar það ár, er hann gengur úr fastri vist.

3. gr.

Auk gjalds þess, er ræðir um í 2. gr., skal greiða í landssjóð 2 kr fyrir útgáfu leyfisbrjefs hvers.

4. gr.

Skylt er hverjum manni, er þannig verður laus, að hafa fast ársheimili, og skal hann tilkynna hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarfógeta á vori hverju, eigi síðar en 20. júní, hjá hverjum húsráðanda heimili hans er, og sanna það með skírteini frá húsráðandanum, ef hreppstjóri eða bæjarfógeti krefst þess. Verði ella sekur um 4—20 kr., og renni þær sektir í fátækrasjóð.

5. gr.

Rjett er, að lausamaður greiði þar lögboðin gjöld, sem ársheimili hans er. Nú greiðir hann eigi gjöld þessi á rjettum gjalddaga, og er þá húsráðandi sá, er lausamaður á heimili hjá, skyldur að greiða gjöldin fyrir hann, nema hann geti vísað á eignir, er lausamaður á, og teknar verði lögtaki til lúkningar gjöldunum.

6. gr.

Láti nokkur, sem fengið hefur leyfisbrjef til að komast hjá vist, undanfalla 2 ár í bili að greiða lögboðin gjöld eður skylduverk, eða þurfi fjárnámi að beita 2 ár hvort eftir annað, til að ná þeim gjöldum, þá hefur hann fyrirgjört þeim rjetti sínum, er leyfisbrjefið veitir honum, en veita má honum leyfisbrjef að nýju eftir eitt ár.

7. gr.

Lögreglustjórnin skal hafa vakandi auga á því, að enginn sá, sem er skyldur að vera í vist, komi sjer hjá skyldu þeirri, og skulu lögreglustjórar á hverju manntalsþingi grenslast eftir, hvort brotið hafi verið á móti lögum þessum.

Lögreglustjórnin skal vaka yfir því, að þeir, sem leyst hafa leyfisbrjef, hafi fast heimili og sjeu ekki á flakki; en verði þeir sekir í flakki, sektast þeir 4—40 kr., og skal lögreglustjórnin útvega þeim samastað, ef þeir engan hafa,

8. gr.

Hver sá, sem skyldur er að fara í vist, en hefur eigi gjört það, nje heldur keypt leyfisbrjef það, sem um er rætt í 2. gr., verður um það sekur 10—50 kr., og greiði að auki jafnmikið og lúka á fyrir leyfisbrjef eftir 2. gr. Þyngja skal jafnan sektina, ef brotið er ítrekað eða beitt er röngum fyrirburði um vistaráð, eða ef maður gjörir sig sekan í flakki.

9. gr.

Hver sá, er hjálpar öðrum til að koma sjer undan skyldu sinni að fara í vist, skal eftir málavöxtum sektast um helming eða alt að tveim þriðjungum þeirra sekta, sem ákveðnar eru í næstu grein á undan.

II. kafli.

Um húsmenn og þurrabúðarmenn.

10. gr.

Nú vill maður setjast að í húsmensku eða þurrabúð og skal hann þá skýra lögreglustjóra í kaupstöðum og hreppstjóra annarstaðar frá því, að minsta kosti 4 vikum áður en hann ætlar að setjast að þannig í kaupstöðum eða sveitinni, og um leið skal hann sanna fyrir lögreglustjóra eða hreppstjóra, að hann eigi vísan samastað þar um 1 ár að minsta kosti.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri gefur manni þeim, er húsmaður eða þurrabúðarmaður vill gjörast, vottorð um tilkynninguna, og er vottorð þetta að skoða sem bygðarleyfi.

11. gr.

Nú sest maður að í húsmensku eða þurrabúð án þess að fullnægja áður skilyrðum þeim, er ræðir um í 10. gr., og er hann þá sekur um 10—50 krónur.

Sömu sekt sætir húsráðandi, er húsmann eða þurrabúðarmann tekur, er eigi hefur bygðarleyfi samkvæmt 10. gr.

12. gr.

Ákvæði 10. og 11. gr. ná og til þeirra manna, er til afnota hafa jarðarpart, er eigi er stærri en 1 hundrað.

13. gr.

Enginn má selja á leigu þurrabúðir utan kaupstaðar eða verslunarstaðar, hvort sem henni fylgja sjerstök hús eða landsdrottinn leigir af eigin húsum sínum, nema með þessum skilyrðum:

a. að þurrabúðinni fylgi lóð með ákveðnum merkjum, er að minsta kosti

sje 900 ferh.faðmar að stærð. Fjara skal eigi talin með, þar sem hún fylgir þurrabúðinni;

b. að þurrabúðin hafi nægileg húsakynni fyrir þann, er við tekur, og að þau sjeu viðunanlega loftgóð og hlý, eftir dómi skilríkra manna;

c. að þurrabúðin sje afhent viðtakanda með löglegri úttekt.

14. gr.

Þurrabúðarmaður sá, er tekur við þurrabúð með óræktaðri lóð, skal hafa ræktað hana og girt innan 7 ára; vera skal hann undanþeginn eftirgjaldi þessi ár af lóðinni.

15. gr.

Þurrabúð með óræktaðri lóð skal ávalt bygð að minsta kosti 8 ár. — Landsdrottinn skal gefa þurrabúðarmanni byggingarbrjef, þar sem skýrt er tekið fram um ábúðartíma, rjettindi og skyldur þurrabúðarmannsins. Eigi má tiltaka leigumálann í vinnukvöðum, nema þær sjeu ætlaðar til umbóta þurrabúðarlóðinni eða húsum á henni. Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbrjef, og skal þurrabúðin þá álítast bygð þurrabúðarmanni og ekkju hans æfilangt og með þeim leigumála, er þurrabúðarmaður viðurkennir, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið.

16. gr.

Þegar ábúendaskifti verða á þeim þurrabúðum, sem þegar eru til, skal í öllu fara sem segir í lögum þessum um húsakynni, ræktun, úttekt og bygging.

17. gr.

Sýslunefndir geta eftir tillögum hreppsnefnda gjört undantekning frá fyrirmælum 13. greinar, að því er snertir stærð þurrabúðarlóða í einstökum bygðarlögum, þar sem landshættir mæla með því. Þó má sýslunefnd aldrei ákveða stærð þurrabúðarlóða minni en 300 ferh. faðma og ekki stærri en 1800 ferh. faðma.

18. gr.

Nema öðru vísi sje ákveðið í einstökum greinum, varða brot gegn lögum þessum 2—100 kr. sekt.

Fyrir lok hvers árs skulu hreppstjórar gefa sýslumönnum skýrslur um þurrabúðarmenn í hreppum þeirra og jafnframt upplýsingar um, hvort fyrirmælum 13.—15. greinar í lögum þessum sje fylgt. Skulu skýrslur þessar gjörðar eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur.

Sektir eftir lögum þessum renna að helmingi í hlutaðeigandi fátækrasjóð, en hinn helmingurinn renni í styrktarsjóð handa alþýðufólki í hreppnum.

19. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863, lög um þurrabúðarmenn 12. jan. 1888 og lög 2. febrúar 1894 um breyting á 2., 4. og 15. gr. í tilsk. um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana.

Ed. **589. Breytingatillaga**

við frumvarp til laga um vegi.

Flutningsmaður: Guðjón Guðlaugsson.

1. Við 9. gr. Eptir orðið »flutningabrauta« komi: og þjóðvega.
2. Við 9. gr. Aptan við greinina bætist:
   Þó hefur stjórnarráðið heimild til þess að ákveða, að því fje, er sýslufjelögum sparast á þennan hátt, verði varið til vegabóta í hjeruðunum á öðrum vegum en þeim, er landssjóður kostar.

Nd. **590. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um laun sóknarpresta.

Frá nefndinni.

Aftan við 12. gr. bætist svo hljóðandi málsgrein:

Um borgun fyrir bráðabirgðaþjónustu prestakalla fer eftir hinum almennu reglum um laun settra embættismanna, miðað við byrjunarlaun.

Nd. **591. Breytingartillaga**

við frv. til laga um skipun prestakalla.

Flm. Stefán Stefánsson, Eyf.

Við 1. gr. XVIII. 93. Fyrir: »Valla- og Stærra-Árskógssóknir«, komi: og Vallasóknir.

— 1. gr. —— 94. Fyrir: »Myrkár- og Möðruvallasóknir« komi: og Myrkársóknir.

Nýr liður komi sem verður 94. liður, þannig:

Möðruvellir: Möðruvalla- og Stærra-Árskógssóknir.

Liðatalan breytist samkvæmt því.

Nd. **592. Breytingartillaga**
við tillögu til þingsályktunar um háskóla á Íslandi.
Flutningsmaður: L. H. Bjarnason.

Eftir: »núgildandi lögum« komi: lagaskóla.

Nd. **593. Breytingartillögur**
við frv. til laga um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn.
Frá nefndinni.

1. Við 2. gr. Fyrir: 21 árs komi: »18 ára«
2. — 13. gr. Aftan við greinina bætist:
Nú byggir þurrabúðamaður sjálfur hús þurrabúðar með heimild umráðamanns jarðar, og gilda þá sömu reglur um úthlutun lóðar, enda fullnægi húsin þeim skilyrðum sem mælt er fyrir í þessari grein.
3. — 14. gr. Fyrir: »þessi ár af lóðinni« komi: af lóðinni þessi ár.

Nd. **594. Breytingartillögur**
við frumv. til laga um laun sóknarpresta.
Flutningsmaður: Stefán Stefánsson, Eyf.

Við 2. gr.: 14. og 15. liður falli burt.
Liðatalan breytist samkvæmt því.

Nd. **595. Framhalds-nefndarálit**
um frumvarp til laga um fræðslu barna.

Frumvarp þetta kemur aftur töluvert breytt frá háttv. Ed. Breytingarnar eru í samræmi við stefnu deildarinnar í fræðslumálinu á síðasta þingi, en í verulegum atriðum hefur háttv. Ed. þó nú sveigt til samkomulags við stefnu Nd., svo að vænta má á þessu þingi árangurs og niðurstöðu í þessu þýðingarmikla máli.

Með það fyrir augum höfum vjer flutt þær einar breytingartillögur við frumvarpið, er vjer höfum ástæðu til að ætla að Ed. gangi að. Oss dylst eigi að eftir þessu frv. verða fræðslulögin eigi jafn skýr og ákveðin eins og þau hefðu orðið samkvæmt frv. Nd.; en engu að síður viljum vjer þó ráða hinni hv. deild til að samþykkja frumv. það, sem hjer liggur fyrir, með breytingum þeim, sem vjer leggjum til að gjörðar verði á því.

Vjer sleppum því viljandi að deila við fræðslunefnd hv. Ed. eða mótmæla ýmsum miður rjettum ummælum í áliti hv. nefndar Ed. í vorn garð; málið græðir ekkert á slíkum deilum, síður en svo.

Við framsögu málsins munum vjer gjöra grein fyrir hinum einstöku breytingartillögum vorum.

Neðri deild Alþingis, 7. sept. 1907.

Þórh. Bjarnarson, form.	Stefán Stefánsson, Skagf., skrif. og framsögum.	Eggert Pálsson.
Jón Magnússon.	G. Björnsson, með fyrirvara.	Magnús Andrjesson. Árni Jónsson.

BREYTINGARTILLÖGUR

við frv. til laga um fræðslu barna.

Frá nefndinni.

1. Aftan við 3. gr. bætist nýr málsliður:
   Sleppa má kristindómsfræðslu í farskólum og föstum skólum, ef fræðslunefnd eða skólanefnd telur það heppilegt.
2. Við 4. gr. Fyrir: heimangönguskóli í 3. línu 2. málsgreinar komi: »fastur skóli«
3. — 8. — Fyrsti málsliður falli burt.
4. — 8. — Orðið: »sunnudagaskóla« falli burt.
5. — 9. — Upphafið orðist svo: Fræðslunefnd stofnar til fræðslusamþyktar fyrir
6. — 10. — Uppphafið orðist svo: Þegar fræðslunefnd hefur komið sjer saman um frumvarp til fræðslusamþyktar fyrir
7. — 13. — Orðið: »sunnudagaskólahald« falli burt.
8. Á eftir 14. gr. komi ný grein, er verður 15. gr. svo hljóðandi:
   Fræðslusamþyktir skulu samdar og samþyktar í hverju fræðsluhjeraði eigi síðar en svo, að þær geti legið fyrir yfirstjórn fræðslumála til staðfestingar 1. jan. 1910, ella er hjeraðið frá byrjun næsta skólaárs skylt til, *annaðhvort* að halda uppi farskóla þannig löguðum, að hvert barn á skólaaldri geti fengið að minsta kosti 2 mánaða fræðslu á ári, *eða*, ef fræðslunefnd kýs það heldur, að ráða kennara, einn eða fleiri eftir þörfum, til eftirlits með heimafræðslu. Ef fræðslunefnd kýs heldur að halda uppi farskóla, skulu foreldrar og þeir aðrir, er hafa börn á skólaaldri til framfærslu, skyldir til að láta þau njóta farkenslunnar, og gilda um undanþágur frá farskólaskyldunni og brot gegn henni, sömu reglur og settar eru, að því er skólahjeruð snertir, í 6. gr., um samskonar efni, með þeirri einni breytingu, að fræðslunefnd kemur í stað skólanefndar.
   Greinatalan breytist þessu samkvæmt.
9. Við 15. gr. (sem verður 16.).
   Á eftir orðunum: »sem prófið heldur« komi: »og prófdómanda«.
10. — 17. — (sem verður 18. gr.). Í stað: í 16. gr., komi: »í 17. gr.«
11. — 25. — Í stað: »kosnir af hreppsnefnd« komi: »er einn þeirra kosinn af hreppsnefnd, en hinir 2 eru kosnir á hreppaskilaþingi, af þeim, sem atkvæðisrjett eiga í sveitamálum«.

12. — 25. — Fyrir orðin í enda greinarinnar: »halda fund — hjeraðið«, komi: »á sameiginlegum fundi kjósa einn mann í fræðslunefnd fyrir hjeraðið, en hjeraðsbúar kjósa í sameiningu hina 2 nefndarmennina«.

13. — 29. — Á eftir orðunum: »nauðsynlegar bækur og áhöld« komi: »eftir því sem yfirstjórn fræðslumálanna ákveður«.

Nd. **596. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um takmörkun á eignar- og umráðarjetti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o. fl.

Frá nefndinni.

Við 8. gr. Síðari hluti greinarinnar orðist þannig: svo og ef fjelag, er eftir þann tíma hefur öðlast eignar- eða notkunarrjett á fossi, hættir að hafa heimilisfang á Íslandi eða ef meiri hluti fjelagsstjórnar er þar eigi lengur heimilisfastur.

Nd. **597. Breytingartillögur**

við frúmvarp til laga um fræðslu barna.

Flutningsmenn:

G. Björnsson. Jón Jónsson. M. J. Kristjánsson. Björn Kristjánsson.

1. við 19. gr. Greinin orðist þannig:
»Styrkur úr landssjóði veitist til eftirlits með heimafræðslu, til farskóla, til heimangönguskóla og heimavistaskóla eftir þeim reglum, sem segir í eftirfarandi greinum«.

2. við 22. gr. Á eftir »hreppur« í síðustu málsgrein komi: (»kaupstaður«).

Ed. **598. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Frá Birni M. Ólsen.

Við 15. gr.: Á eftir 24. tölulið komi inn nýr töluliður, sem verður 25. tölulið-ur, svo hljóðandi:

Verðlaun til frú Stefaníu Guðmundsdóttur 600 kr. (fyrra árið).

Ed. **599. Breytingartillögur**
við frv. til fjárlaga 1908 og 1909.
Flutningsmenn: Aug. Flygenring og Valtýr Guðmundsson.

1. Við 14. gr. VII. d. Fyrir 2500—2500 komi: 3500—3500.
2. Aftan við liðinn VII. g. komi nýr liður svo hljóðandi: Til viðhalds á húsunum, brunabótagjald o. fl. 900—900.

Nd. **600. Frumvarp**
til laga um takmörkun á eignar- og umráðarjetti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o. fl.
(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. kafli.

Um eignar- og umráðarjett á fossum.

1. gr.

Engir aðrir en þeir menn, sem heimilisfastir eru á Íslandi, eða fjelög, er hafa þar heimilisfang, enda sje meiri hluti fjelagsstjórnar skipaður mönnum, sem þar eru heimilisfastir, mega hjeðan af, án sjerstaks leyfis, ná að eignast fossa á Íslandi, hvorki eina nje með löndum þeim, sem þeir eru í, eða notkunarrjett á fossum, hvort sem er fyrir frjálsa afhending, eða nauðungarráðstöfun að manni lifanda, eða með hjónabandi, eða að erfðum. Talinn er notkunarrjettur í lögum þessum hvers konar rjettur til að nota fossa.

Konungur veitir leyfið, þar sem þess er þörf, hjeðan af, eða sá, er hann fær umboð til þess; leyfið skal veita um ákveðinn tíma og skilyrði skal setja um notkun vatnsaflsins.

2. gr.

Leyfi til að eignast fossa eða notkunarrjett á fossum, samkvæmt 1. gr., skal bundið þeim skilyrðum, er hjer segir:

a. að leyfið gildi að eins um tiltekið tímabil, í lengsta lagi 100 ár. Að þeim tíma liðnum skal fossinn og aflstöðin verða eign landssjóðs án endurgjalds.
b. að landssjóður eigi rjett á að kaupa fossinn og aflstöðina, ásamt landi því og rjettindum, er henni fylgir, eftir 50 ár frá því, er leyfið var veitt, þó svo, að sagt sje til kaupanna með 5 ára fyrirvara. Kaupverð skal miða við, hvað leyfishafi hefur borgað fyrir fossinn og hvers virði aflstöðin er.
c. að leyfishafi sje skyldur, ef landsstjórnin krefst þess, að láta af hendi alt að 10% af starfsaflinu, 5% við landið og 5% við sveitina, hvorttveggja fyrir endurgjald, er sje miðað við framleiðslukostnað, að viðbættum 10% ágóða.
d. að byrjað sje að hagnýta fossinn innan ákveðins tíma, og að fyrirgjört

sje rjetti þeim, er leyfið veitir, ef starfinu er hætt eða það minkað úr því, er leyfisbrjef tiltekur minst.

3. gr.

Eigi verður krafist fullnaðargjörðar á neinni ráðstöfun til afhendingar, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., nema leyfið sje áður fengið. Ef það fæst eigi, er ráðstöfunin ógild, og andvirði það, er kaupandi hefir af hendi greitt, getur hann þegar fengið endurgoldið.

4. gr.

Ef krafist er innritunar fyrir fram í afsals- og veðmálabækur eða þinglýsingar á skjali um afhending, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og eigi er um leið sannað fyrir valdsmanni, að leyfið sje þegar fengið, þá skal hann skrá athugasemd um þetta og því næst tafarlaust skýra stjórnarráðinu frá málavöxtum.

5. gr.

Þegar þinglesið hefur verið skjal eins og það, er getur í 4. gr., eða þegar kaupandi að eignar- eða notkunarrjetti á fossi, er fullnægir eigi skilyrðum laga þessara, er orðinn umráðandi fossins eða afnotahafandi, þá skal stjórnarráðið þegar, er það er orðið þessa vitanda, setja kaupanda frest til þess að koma málinu í löglegt horf með því að fá það, er vantar, eða ef það fæst eigi, með því að fá riftað kaupunum (3. gr.), eða þá, ef seljandi færist undan að láta kaupin ganga aftur, með því að afhenda fossinn eða notkunarrjettinn þeim manni öðrum, er fullnægi skilyrðunum fyrir að mega öðlast hann. Frestur þessi má eigi styttri vera en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár.

Ákvæði sínu um þetta lætur stjórnarráðið þinglýsa svo fljótt, sem unt er, á varnarþingi fasteignarinnar og skrá í dálk hennar í veðmálabókinni. Frestinn skal telja frá þinglýsingardegi.

6. gr.

Nú hefur kaupandi eigi áður en fresturinn er útrunninn fengið stjórnarráðinu fullnægjandi skilríki fyrir því, að málið sje komið í löglegt horf, og lætur þá stjórnarráðið selja fossinn eða notkunarrjettinn við nauðungaruppboð á kostnað kaupanda, og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er rjettindi eiga í fossinum. Um uppboðið fer eftir fyrirmælum 10. gr. í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febrúar 1847, eftir því sem þeim verður við komið. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum í stað skuldunauts birt kaupanda, og ef hann er eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægir, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og ef enginn er þar fyrir, þá næstu grönnum.

Kaupandi fær borgaðan þann hluta uppboðssöluverðsins, sem honum hefði borið, ef hann hefði verið kominn löglega að eign eða afnotum.

7. gr.

Nú er kona eigandi foss eða afnota hans og giftist manni, er fullnægir ekki skilyrðum laga þessara fyrir því, að mega öðlast þess konar eignar- eða notkunarrjett, og verður hann þá eigi gjörður eign fjelagsbúsins fyrr en maður hennar fullnægir og þessum skilyrðum, en er þá stund sjereign konunnar.

8. gr.

Nú erfir maður eignar- eða notkunarrjett á fossi, sá er getur eigi orðið löglegur eigandi að honum, nema með sjerstöku leyfi, þá skal skiftaráðandi þegar gjöra stjórnarráðinu við vart, og fer síðan um þetta mál eins og segir í 5. og 6. gr. með afbrigðum eftir atvikum.

9. gr.

Hið sama er, ef sá maður verður heimilisfastur annarsstaðar en á Íslandi, er öðlast hefur eignar- eða notkunarrjett á fossi, eftir það er lög þessi öðlast gildi, svo og ef stjórn fjelags, er eftir þann tíma hefur öðlast eignar- eða notkunarrjett á fossi, hættir að hafa aðsetur á Íslandi, eða ef einhver í stjórn er þar eigi lengur heimilisfastur.

10. gr.

Hver sá maður heimilisfastur erlendis, er foss á á Íslandi eða notkunarrjett á fossi, er skyldur að hafa sjer umboðsmann heimilisfastan í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem fossinn er, til þess að andsvara af sinni hendi málum öllum og hvers konar ráðstöfunum, er eignina varða, svo að jafngilt sje sem sjálfur hefði hann það gjört.

Undirdómaranum í þeirri þinghá, þar sem fossinn er, skal skýrt frá nafni og heimili umboðsmanns og skal þinglesa það á varnarþingi jarðeignar þeirrar, sem fossinn er í, og skrá í dálk hennar. Ef eigi hefur verið skýrt frá þessu og það þinglesið, getur dómarinn eftir beiðni einhvers, er að máli stendur, skipað hinum umboðsmann, er hann sje bundinn við, og á kostnað hans látið þinglesa og skrá það umboð.

11. gr.

Ákvæðunum hjer á undan verður eigi beitt þar sem það kæmi í bága við samninga við aðrar þjóðir.

2. kafli.

Um eignarnám á fossum o. fl.

12. gr.

Hver maður er skyldur til, gegn fullum skaðabótum, að láta af hendi

fossa sína, ár eða læki, og jarðir þær, er þar að liggja, eða rjettindi, sem hann hefir yfir þeim, þegar almennings heill krefst þess til mannvirkja í þarfir landsins eða sveitarfjelaga.

13. gr.

Stjórnarráð Íslands ákveður í hvert skifti, hversu mikið skuli af hendi látið samkvæmt 12. gr., það er og á þess valdi að ákveða, að á eignir þær, er getur í 12. gr., skuli gegn endurgjaldi lagðar kvaðir.

14. gr.

Ef samningum verður ekki við komið, skulu 3 óvilhallir dómkvaddir menn meta kaupverð fossa og endurgjald fyrir starfsafl, sem um er rætt í 2. gr., svo og skaðabætur þær, er getur í 12. og 13. gr., og má skjóta gjörð þeirra til 5 manna matsnefndar, er hinn íslenski landsyfirrjettur kveður í hvert skifti.

Ed.

601. Frumvarp

til laga um skipun prestakalla.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Á Íslandi skulu vera þau prestaköll, sem nú skal greina:

I. Norður-Múlaprófastsdæmi.

1. Skeggjastaðir: Skeggjastaðasókn.
2. Hof í Vopnafirði: Hofs og Vopnafjarðarsóknir.
3. Hofteigur: Hofteigs, Brúar og Möðrudalssóknir.
4. Kirkjubær í Hróarstungu: Kirkjubæjar, Hjaltastaðar og Eiðasóknir.
5. Valþjófsstaður: Valþjófsstaðar og Áss-sóknir.
6. Desjarmýri: Desjarmýrar, Njarðvíkur og Húsavíkursóknir.

II. Suður-Múlaprófastsdæmi.

7. Dvergasteinn: Vestdalseyrar og Klippsstaðarsóknir.
8. Mjóifjörður: Brekkusókn.
9. Vallanes: Vallaness og Þingmúlasóknir.
10. Norðfjörður: Nessókn.
11. Hólmar í Reyðarfirði: Hólma og Eskifjarðarsóknir.
12. Kolfreyjustaður: Kolfreyjustaðarsókn.
13. Eydalir: Eydala og Stöðvarsóknir.
14. Hof í Álftafirði: Hofs og Djúpavogs, Berufjarðar og Berunessóknir.

III. Austur-Skaftafellsprófastsdæmi.

15. Bjarnanes: Bjarnaness og Stafafellssóknir.

16. Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðar og Einholtssóknir.
17. Sandfell: Sandfells og Hofssóknir.

IV. Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi.

18. Kirkjubæjarklaustur: Prestsbakka og Kálfafellssóknir.
19. Þykkvabæjarklaustur: Þykkvabæjar, Langholts og Grafarsóknir.
20. Mýrdalsþing: Höfðabrekku, Reynis og Skeiðflatarsóknir.

V. Rangárvallaprófastsdæmi.

21. Holt undir Eyjafjöllum: Eyvindarhóla, Ásólfsskála og Stóradalssóknir.
22. Breiðabólsstaður í Fljótshlíð: Breiðabólsstaðar og Hlíðarendasóknir.
23. Landeyjaþing: Kross, Voðmúlastaða og Sigluvíkursóknir.
24. Oddi: Odda, Stórólfshvols og Keldnasóknir.
25. Landprestakall: Skarðs, Haga og Marteinstungusóknir.
26. Kálfholt: Kálfholts, Áss, Háfs og Árbæjarsóknir.
27. Vestmannaeyjar: Ofanleitissókn.

VI. Árnesprófastsdæmi.

28. Stórinúpur: Stóranúps, Hrepphóla og Ólafsvallasóknir
29. Hruni: Hruna og Tungufellssóknir.
30. Torfastaðir: Torfastaða, Haukadals, Bræðratungu, Úthlíðar og Skálholtssóknir.
31. Mosfell í Grímsnesi: Mosfells, Miðdals, Klausturhóla og Búrfellssóknir.
32. Þingvellir: Þingvalla og Úlfljótsvatnssóknir.
33. Hraungerði: Hraungerðis, Laugardæla og Villingaholtssóknir.
34. Stokkseyri: Stokkseyrar, Eyrarbakka og Gaulverjabæjarsóknir.
35. Arnarbæli: Arnarbælis, Hjalla, Reykja og Strandarsóknir.

VII. Kjalarnessprófastsdæmi.

36. Staður í Grindavík: Staðar, Krísuvíkur og Kirkjuvogssóknir.
37. Útskálar: Útskála, Hvalsness og Njarðvíkursóknir.
38. Garðar á Álftanesi: Garða og Bessastaða og Kálfatjarnarsóknir.
39. Reykjavík: Reykjavíkur, Lágafells og Viðeyjarsóknir
40. Reynivellir: Reynivalla, Saurbæjar og Brautarholtssóknir.

VIII. Borgarfjarðarprófastsdæmi.

41. Saurbær á Hvalfjarðarströnd: Saurbæjar og Leirársóknir.
42. Garðar á Akranesi: Skipaskaga og Innrahólmssóknir.
43. Hestþing: Hvanneyrar, Bæjar, Lundar og Fitjasóknir.
44. Reykholt: Reykholts, Stóra-Áss, Gilsbakka og Síðumúlasóknir.

IX. Mýraprófastsdæmi.

45. Stafholt: Stafholts, Hjarðarholts, Hvamms og Norðtungusóknir.
46. Borg: Borgar, Álftaness og Álftártungusóknir.
47. Staðarhraun: Staðarhrauns, Akra og Kolbeinsstaðasóknir.

X. Snæfellsnessprófastsdæmi.

48. Staðastaður: Staðastaðar, Búða, Miklaholts og Rauðamelssóknir.
49. Nesþing: Ólafsvíkur, Ingjaldshóls og Hellnasóknir.
50. Setberg: Setbergssókn.
51. Helgafell: Stykkishólms, Helgafells og Bjarnarhafnarsóknir.
52. Breiðabólsstaður á Skógarströnd: Breiðabólsstaðar og Narfeyrarsóknir.

XI. Dalaprófastsdæmi.

53. Suðurdalaþing: Sauðafells, Snóksdals, Stóravatnshorns og Hjarðarholtssóknir.
54. Hvammur í Hvammssveit: Hvamms, Staðarfells og Dagverðarnessóknir.
55. Staðarhóll: Staðarhóls og Skarðs og Garpsdalssóknir.

XII. Barðastrandarprófastsdæmi.

56. Flatey: Flateyjar og Múlasóknir.
57. Staður á Reykjanesi: Staðar, Reykhóla og Gufudalssóknir.
58. Brjánslækur: Brjánslækjar og Hagasóknir.
59. Sauðlauksdalur: Sauðlauksdals, Breiðuvíkur og Saurbæjarsóknir.
60. Eyrar: Eyra og Stóra-Laugardalssóknir.
61. Bíldudalur: Bíldudals og Selárdalssóknir.

XIII. Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi.

62. Rafnseyri: Rafnseyrar og Álftamýrarsóknir.
63. Dýrafjörður: Sanda, Hrauns, Mýra og Núpssóknir.
64. Holt í Önundarfirði: Holts, Kirkjubóls og Sæbólssóknir.

XIV. Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.

65. Staður í Súgandafirði: Staðarsókn í Súgandafirði.
66. Ísafjörður: Ísafjarðarsókn og Hólssókn í Bolungarvík:
67. Ögurþing: Ögur og Eyrarsóknir.
68. Vatnsfjörður: Vatnsfjarðar, Nauteyrar og Unaðsdalssóknir.
69. Staður í Grunnavík: Staðarsókn.
70. Staður í Aðalvík: Staðarsókn.

XV. Strandaprófastsdæmi.

71. Árnes: Árnessókn.
72. Staður í Steingrímsfirði: Staðar og Kaldrananessóknir.
73. Tröllatunga: Tröllatungu, Fells og Óspakseyrarsóknir.
74. Prestsbakki: Prestsbakka og Staðarsókn í Hrútafirði.

XVI. Húnavatnsprófastsdæmi.

75. Melstaður: Melstaðar, Kirkjuhvamms, Staðarbakka og Núpssóknir.
76. Tjörn á Vatnsnesi: Tjarnar og Vesturhópshólasóknir.
77. Breiðabólsstaður í Vesturhópi: Breiðabólsstaðar og Víðidalstungusóknir.
78. Þingeyraklaustur: Þingeyra, Undirfells og Blönduóssóknir.
79. Auðkúla: Auðkúlu og Svínavatnssóknir.

80. Bergstaðir: Bergstaða, Bólstaðahlíðar og Holtastaðasóknir.
81. Höskuldsstaðir: Höskuldsstaða, Hofs og Spákonufellssóknir.

XVII. Skagafjarðarprófastsdæmi.

82. Hvammur í Laxárdal: Hvamms og Ketusóknir.
83. Reynistaðarklaustur: Reynistaðar og Sauðárkrókssóknir.
84. Glaumbær: Glaumbæjar og Víðimýrarsóknir.
85. Mælifell: Mælifells, Reykja, Goðdala og Ábæjarsóknir.
86. Miklibær: Miklabæjar, Silfrastaða og Flugumýrarsóknir.
87. Viðvík: Viðvíkur, Hóla, Hofstaða- og Rípursóknir.
88. Fell í Sljettuhlíð: Fells og Hofssóknir.
89. Barð í Fljótum: Barðs, Holts og Knappsstaðasóknir.

XVIII. Eyjafjarðarprófastsdæmi.

90. Grímsey: Miðgarðasókn.
91. Hvanneyri: Hvanneyrarsókn.
92. Kvíabekkur: Kvíabekkjarsókn.
93. Vellir í Svarfaðardal: Valla, Stærra-Árskógs, Tjarnar, Urða og Upsasóknir.
94. Möðruvallaklaustur: Möðruvalla, Bægisár, Bakka og Myrkársóknir.
95. Akureyri: Akureyrar, Lögmannshlíðar og Glæsibæjarsóknir.
96. Grundarþing: Grundar, Munkaþverár, Kaupangs, Saurbæjar, Möðruvalla, Miklagarðs og Hólasóknir.

XIX. Suður-Þingeyjarprófastsdæmi.

97. Laufás: Laufáss, Svalbarðs, Grenivíkur og Þönglabakkasóknir.
98. Háls í Fnjóskadal: Háls, Illugastaða, Draflastaða og Brettingsstaðasóknir.
99. Þóroddsstaður: Þóroddsstaðar og Ljósavatnssóknir.
100. Skútustaðir: Skútustaða, Reykjahlíðar og Lundarbrekkusóknir.
101. Grenjaðarstaður: Grenjaðarstaðar, Ness, Einarstaða og Þverársóknir.
102. Húsavík: Húsavíkursókn.

XX. Norður-Þingeyjarprófastsdæmi.

103. Skinnastaðir: Skinnastaða, Garðs, Presthóla og Víðihólssóknir.
104. Svalbarð í Þistilfirði: Svalbarðs og Ásmundarstaðasóknir.
105. Sauðanes: Sauðanessókn.

2. gr.

Í Reykjavíkurprestakalli skulu vera tveir þjóðkirkjuprestar, dómkirkjuprestur og annar prestur honum jafnhliða. Landsstjórnin, í samráði við biskup, skipar fyrir um aðstöðu þeirra hvors til annars, samband sín á milli og verkaskiftingu í söfnuðinum.

3. gr.

Landsstjórnin hlutast til um, að þær breytingar á skipun prestakalla, sem að ofan eru ákveðnar, komist á, eftir því sem prestaköllin losna, svo fljótt sem því verður við komið.

4. gr.

Nú vilja menn breyta skipun sókna eða takmörkum prestakalla eða leggja niður kirkju, færa úr stað eða taka upp nýja kirkju, og skal þá mál það koma fyrir safnaðarfund eða safnaðafundi, ef fleiri en einn söfnuður eiga í hlut. Ef breytingin við kemur að eins einum söfnuði, ræður meiri hluti atkvæða á lögmætum safnaðarfundi. Sjeu söfnuðirnir tveir, ræður meiri hluti atkvæða á báðum fundum. Sjeu söfnuðirnir fleiri en tveir, ræður meiri hluti safnaðafunda. Samþykki hjeraðsfundur tillögu safnaðarfundar (eða safnaðafunda) er rjett, að landsstjórnin, í samráði við biskup, veiti leyfi til að breyting sú, sem um ræðir, fái fram að ganga.

5. gr.

Þegar ljenskirkja er lögð niður, fellur sjóður hennar til þeirrar kirkju, eða þeirra kirkna, sem sóknin er lögð til. Svo er og um skrautgripi (ornamenta) kirkjunnar og áhöld (instrumenta), og andvirði fyrir kirkjuna sjálfa.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1908. Frá sama tíma eru úr gildi numin:

Lög um skipun prestakalla frá 27. febr. 1880.

Lög frá 4. nóv. 1881 um breytingu á 1. gr. í lögum frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla.

Lög frá 12. jan. 1884, um breytingu á nokkrum brauðum í Eyjafjarðar og Vestur-Skaftafellsprófastsdæmum.

Lög frá 2. nóv. 1885, um breytingu á 1. gr. í lögunum frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla.

Lög frá 22. mars 1890, um breyting á nokkrum prestaköllum í Dala og Barðastrandarprófastsdæmum.

Lög frá 22. mars 1890, um breytingu á 1. gr. í lögum frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla.

Lög frá 24. nóvbr. 1893, um breytingu á 1. gr. laga frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla.

Lög frá 13. desbr. 1895, um breytingu á 1. gr. laga frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla.

Lög frá 5. desbr. 1899, um breytingu á lögum frá 27. febr. 1880, um skipun prestakalla

svo og öll önnur lagaákvæði, er koma kynnu í bága við lög þessi.

Ed.

602. Frumvarp

til laga um laun sóknarpresta.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hver sóknarprestur fær að byrjunarlaunum 1300 kr. á ári. Þegar hann er orðinn eldri að embættisaldri en fullur þriðjungur sóknarpresta landsins,

fær hann í laun 1500 kr. á ári, og þegar hann er orðinn eldri að embættisaldri, en fullir tveir þriðjungar sóknarpresta landsins, fær hann í laun 1700 kr. á ári.

2. gr.

Auk launa þeirra, sem ákveðin eru í 1. grein, fær dómkirkjupresturinn í Reykjavík 1200 kr. á ári. Þá fá og sóknarprestarnir í eftirtöldum prestaköllum, fyrir erfiðleika sakir, árlega þá aukaþóknun, sem nefnd er hjer á eftir við hvert þeirra:

1.	Hof í Vopnafirði	150,00 kr.
2.	Kirkjubær í Hróarstungu	200,00 —
3.	Hof í Álftafirði	200,00 —
4.	Þykkvabæjarklaustur...	150,00 —
5.	Torfastaðir	200,00 —
6.	Reynivellir	100,00 —
7.	Reykholt	150,00 —
8.	Stafholt...	200,00 —
9.	Staðarhraun...	150,00 —
10.	Staðarstaður	200,00 —
11.	Staðarhólsþing	150,00 —
12.	Staður á Reykjanesi...	200,00 —
13.	Dýrafjörður...	200,00 —
14.	Vatnsfjörður	300,00 —
15.	Vellir í Svarfaðardal...	200,00 —
16.	Möðruvallaklaustur	150,00 —
17.	Laufás	200,00 —
18.	Háls í Fnjóskadal	300,00 —
19.	Skútustaðir	200,00 —
20.	Skinnastaðir...	300,00 —

Nú batnar eitthvert af nefndum prestaköllum að stórum mun að yfirferð, vegna aukinna vega, nýrra brúa, af því að bygð á útkjálkum legst niður, eða af öðrum ástæðum, og getur landsstjórnin þá, við næstu prestaskifti, flutt erfiðleikauppbótina, með ráði biskups, yfir á annað erfitt prestakall.

3. gr.

Auk launa þeirra, sem ákveðin eru í undanförnum greinum, ber hverjum presti borgun fyrir aukaverk eftir gildandi lögum, þó svo, að borgun fyrir aukaverk í þarfir þurfamanna greiðist úr sveitarsjóði. Presturinn innheimtir sjálfur borgun fyrir aukaverk.

4. gr.

Þar sem presturinn hefur hingað til haft ákveðið prestssetur, heldur hann ábúðarrjetti á því framvegis.

5. gr.

Afgjald eftir prestssetrið, lóðargjöld á landi þess, arð af ítökum, er prestur notar sjálfur, sem og prestsmötu, tekur hann, að svo miklu leyti

sem gjöld þessi fara ekki fram úr launum hans, samkvæmt 1. og 2. gr., undir sjálfum sjer, með því ákvæðisverði, sem sett er á gjöld þessi í matsgjörð, er fari fram 10. hvert ár.

6. gr.

Ákvæðisverð gjalda þessara um næstu 2 ár eftir að lög þessi öðlast gildi, fer eftir mati því, er fram fór 1899. En ákvæðisverð fyrir næsta 10 ára tímabil þar á eftir skal finna þannig: Jafnskjótt eftir að lög þessi öðlast gildi, skal prestur hver senda prófasti tvíritaða skýrslu um afgjald prestssetursins, að fráskildu íbúðarhúsi, með arði af lóðargjöldum á landi þess, ítökum og prestsmötu, eftir fyrirmynd, er biskup semur, sem og matsgjörð dómkvaddra manna. Skýrsla þessi skal einnig bera með sjer, hverju tekjugreinar þær, sem þar hafa taldar verið, hafi numið, hver um sig, næstu 5 ár á undan.

7. gr.

Þá er skýrslur þær, sem nefndar eru í 6. gr., eru komnar til prófasts, sendir hann landsstjórninni annað eintak þeirra. En stjórnin setur síðan í krónutali — samkvæmt skýrslum þessum — ákvæðisverð á tekjur þær, sem nefndar eru í 5. gr. Skal svo á sama hátt ávalt undirbúa ákvæðisverð í hönd farandi 10 ára tímabils.

Skýrslu um ákvæðisverð þetta í öllum prestaköllum landsins skal birta í Stjórnartíðindunum, þegar er það er ákveðið, og auk þess senda hverjum presti og hverri sóknarnefnd sjerprentun af skýrslunum.

8. gr.

Hreppstjóri hefur umsjón yfir öllum þeim kirkjueignum, er liggja í hreppi hans, að undanskildum prestssetrum og lóðargjöldum á prestssetrunum, sem og ítökum þeim er presturinn notar sjálfur. Hann innheimtir eftirgjöld jarðanna og skilar sýslumanni þeim innan þriggja mánaða frá gjalddaga, en sýslumaður greiðir þau eftir ráðstöfun stjórnarráðsins. Í umboðslaun fá hreppstjórar 6% af eftirgjöldunum.

9. gr.

Hreppstjórar hafa byggingarráð á kirkjueignum þeim, er þeir hafa umráð yfir samkvæmt reglum, er stjórnarráðið setur; þó skal bygging á jörðum því að eins fullgild, að sýslumaður hafi ritað samþykki sitt á byggingarbrjefið.

Þegar kirkjujarðir eru framvegis bygðar, skal eftirgjaldið ákveðið í peningum og gjalddagi 31. desbr. ár hvert. Ef lóðarblettur eða önnur jarðarnot eru leigð lengur en leiguliði getur sjálfur notað þau, þá skal ávalt ákveðinn leigutími til nefndur, eigi lengri en 50 ár, nema um byggingarlóðir sje að ræða og er slíkur leigusamningur eigi fullgildur, nema samþykki landstjórnarinnar komi til.

10. gr.

Hreppstjóranum ber að hafa eftirlit með því, að kirkjujarðirnar sjeu vel

setnar, og að ekkert gangi undan þeim af því, sem þeim fylgt hefur og fylgja ber. Hann má ekki líða neinum leiguliða að láta tún eða engi fara í órækt eða jörðina skemmast á annan hátt af hans völdum. Hann skal og gæta þess, að leiguliði láti eigi innstæðu-kúgildi falla eða hús hrörna um skör fram, og er það á hreppstjórans ábyrgð, ef hann vanrækir þetta. Eftirlit með prestssetrum úttekt og á þeim fer eftir sömu reglum og hingað til.

11. gr.

Jafnóðum og launaákvæði laga þessara koma til framkvæmda í hverju prestakalli fyrir sig, skal fram fara skoðun á öllum þeim kirkjueignum, er hreppstjóri á við að taka eftir 8. gr., og fer skoðun sú fram eftir reglum er stjórnarráðið setur.

12. gr.

Tíundir, offur, lausamannsgjald, lambsfóður og dagsverk, er hingað til hefur átt að gjalda sóknarpresti, skal sóknarnefndin innheimta í hverri sókn, og ber því sóknarmönnum að greiða gjöld þessi til hennar. Presti og hreppsjórum, og í kaupstöðum bæjarfógeta, er skylt að láta sóknarnefnd í tje þær skýrslur, er hún þarf að halda á vegna innheimtunnar.

13. gr.

Gjalddagi á preststíundum, offri og lausamannsgjaldi er 31. desember ár hvert. Sami gjalddagi er og á lambsfóðri og dagsverki, sje það eigi int af hendi í skileyri.

14. gr.

Heimilt er safnaðarmönnum að ákveða það á lögmætum safnaðarfundi fyrir eitt ár í senn, að koma skuli niðurjöfnunargjald í stað hinna lögmæltu sóknartekna. Sóknarnefndin jafnar gjaldinu niður í október eftir reglum, er samþyktar eru á lögmætum safnaðarfundi og staðfestar af prófasti. Presti og hreppstjóra eða bæjarfógeta í kaupstöðum er skylt, að láta sóknarnefnd í tje skýrslur þær, er hún þarf að nota í því skyni.

Eindagi gjalds þessa er 31. desbr. Heimilisráðandi hver leggur gjaldið fram fyrir heimilismenn sína, en á rjett til endurgjalds hjá öðrum en þeim, sem hann á fram að færa að lögum.

Gjaldi þessu fylgir lögtaksrjettur.

15. gr.

Fyrir innheimtu á preststíundum, offrum og lausamannsgjaldi fær sóknarnefndin 6% af upphæðinni, en fyrir innheimtu á lambsfóðrum og dagsverkum fær hún 10%. Enda gjöri hún full skil fyrir öllum sóknartekjunum, að frádregnum innheimtulaunum, með því verði, sem ákveðið er í verðlagsskrá.

Innheimtulaun af niðurjöfnunargjaldi er 6%.

16. gr.

Sóknarnefnd skal fyrir lok októbermánaðar senda prófasti sundurliðaða

skýrslu um sóknartekjurnar eða niðurjöfnunargjaldið fyrir yfirstandandi fardagaár og skal skýrslunni fylgja eftirrit af tíundarskýrslu hreppstjórans.

17. gr.

Sóknarnefnd skal gjöra ársreikning, eftir ákveðinni fyrirmynd, er stjórnarráðið semur með ráði biskups, yfir tekjur þær, er henni ber að innheimta. Reikninginn með fylgiskjölum skal oddviti sóknarnefndar síðan senda prófasti fyrir lok aprílmánaðar. Ásamt reikningnum skal hann einnig senda í peningum upphæð þá, sem borið hefur að innheimta, eða kvittun sóknarprestsins fyrir því fje, er sóknarnefndin hefur greitt honum samkvæmt ávísun prófasts.

Prófastur getur haldið sóknarnefnd, með alt að 1 kr. dagsektum fyrir hvern nefndarmann, til að gjöra skil á tilteknum tíma.

18. gr.

Sóknarnefndarmenn bera allir ábyrgð á því, að reikningurinn sje rjettur, og að full skil sjeu gjörð fyrir fje því, er sóknarnefndinni ber að innheimta.

19. gr.

Prófastur yfirskoðar reikninga sóknarnefndanna og gjörir við þá athugasemdir, sem honum þykir ástæða til. Athugasemdir þessar sendir hann sóknarnefndinni og ber henni að svara þeim tafarlaust. Prófastur úrskurðar síðan reikninginn, en vilji sóknarnefnd eigi hlíta þeim úrskurði, getur hún skotið honum til landsstjórnarinnar, er fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Svo getur og landsstjórnin af eigin hvötum breytt úrskurði prófasts.

Sóknartekjureikningarnir í hverju prófastsdæmi skulu sendast til landsstjórnarinnar.

20. gr.

Prófastur hefur umsjón með því, að prestar í prófastsdæmi hans fái laun sín greidd samkvæmt lögum þessum.

21. gr.

Þar sem tekjur þær, sem prestur tekur undir sjálfum sjer samkv. 5. gr. hrökkva eigi fyrir launum hans, ávísar prófastur honum af sóknartekjunum í prestakalli hans eða af niðurjöfnunargjaldi svo miklu sem með þarf. Hrökkvi sóknartekjurnar eða niðurjöfnunargjaldið eigi, greiðir prófastur presti það, sem á vantar, af fjárhæð þeirri, er hann fær úr prestlaunasjóði samkvæmt 22. gr.

Nú nema tekjur þær, sem presturinn tekur undir sjálfum sjer, samkv. 5. gr. meiru en launum prestsins, og skilar hann þá fyrir fardaga því, sem umfram er til prófasts.

22. gr.

Prófastur sendir landsstjórninni árlega skýrslu um tekjur þær, er prestar í prófastsdæminu taka undir sjálfum sjer, og um sóknartekjurnar eða niðurjöfnunargjaldið það árið, fyrir lok nóvembermánaðar, og greiðir landsstjórnin

þá prófasti fyrir árslok úr prestlaunasjóði þá fjárhæð, sem samkvæmt skýrslunni vantar til þess að prestarnir fái laun sín að fullu greidd fyrir það fardagaár.

23. gr.

Prófastur skal gjöra ársreikning fyrir hvert fardagaár yfir tekjur þær og útgjöld, sem hann hefur haft á hendi fyrir prestlaunasjóðinn, og sendir síðan reikninginn ásamt fylgiskjölum til stjórnarráðsins, er úrskurðar reikninginn.

24. gr.

Tekjur prestlaunasjóðs eru þessar:

1. Eftirgjald af fasteignum prestakallanna, arður af ítökum og prestsmata.
2. Sóknartekjur, þ. e.: preststíundir, offur, lausamannsgjald, lambsfóður og dagsverk eða niðurjöfnunargjald.
3. Vextir af innstæðufje eða peningum prestakallanna.
4. Framlög úr landssjóði, enda leggi landssjóður fram fje það, sem vanta kann til þess, að prestar og prófastar fái greidd laun sín og prestar eftirlaun sín af hinum öðrum tekjum sjóðsins.
5. Sektir samkvæmt lögum.

25. gr.

Landsjórnin stjórnar prestlaunasjóðnum, gjörir árlega reikning um tekjur og gjöld sjóðsins og birtir síðan reikninginn í Stjórnartíðindunum.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1908, þannig, að hver sem fær veitingu fyrir prestakalli frá þeim tíma eða síðar, fær laun eftir lögum þessum. Prestar í þeim prestaköllum, þar sem engar breytingar verða eftir prestakallaskipunarlögunum á sóknaskipun, mega kjósa um það, að fá launaupphæðina eftir eldri reglunum, eða eftir lögum þessum. Sama er um presta í þeim prestaköllum, þar sem kostur er að koma þegar á breytingum, sem fyrir er mælt um í lögum, og presturinn gengur að þeim breytingum. Sama er og þótt presturinn gangi ekki að breytingunni, ef hann er orðinn 60 ára að aldri.

Uppbætur sökum erfiðleika veitast að eins í þeim brauðum, þar sem sú skipun er komin á, sem hin nýju lög um skipun prestakalla mæla fyrir um, enda taki presturinn þar að öðru leyti laun sín eftir þessum lögum.

Þar sem prestur heldur áfram að taka laun eftir eldri ákvæðum, en óskar þó að verða leystur frá innheimtu á sóknartekjunum, er sóknarnefndum skylt að taka þessa innheimtu að sjer eftir 12.—19. gr. laga þessara.

Um borgun fyrir bráðabyrgðaþjónustu prestakalla fer eftir hinum almennu reglum um laun settra embættismanna, miðað við byrjunarlaun.

Þegar lög þessi eru komin til framkvæmda, eru öll lagaákvæði, er koma kynnu í bága við þau, úr gildi numin.

Nd. **603. Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907 (þingskj. 418).
Frá ráðherra.

Aftan við 6. gr. frumv. bætist ný 7. grein svo hljóðandi:

Í viðbót við útgjöld þau, sem um ræðir í 18. gr. fjárlaganna, má greiða kostnaðinn við ráðstafanir þær, sem stjórnin, ásamt móttökunefnd þeirri, sem kosin var af alþingismönnum á »Botnia« 1906, hefur gjört til þess að veita viðtökur konungi og ríkisdagsmönnum sumarið 1907. Stjórnin tekur ásamt nefndinni ákvörðun viðvíkjandi sölu húsa, er bygð hafa verið í þessu skyni, svo og sölu á timbri, vögnum, skrautmunum, borðbúnaði og hverskyns leifum, sem eftir eru af móttökuföngum. Andvirði seldra muna dregst frá kostnaðinum. Mismunurinn færist til útgjalda í landsreikningnum fyrir 1907. Reikningur yfir kostnað og skýrslur um sölu *muna* leggist fyrir alþingi 1909.

Ed. **604. Frumvarp**
til laga um stjórn landsbókasafnsins.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Stjórnarráðið hefur á hendi yfirstjórn landsbókasafnsins, skipar starfsmenn þess, sjer um hinn fasta sjóð þess, og auglýsir árlega reikning hans í Stjórnartíðindunum.

2. gr.

Skipa skal landsbókavörð með 3000 kr. árslaunum. Hann hefur á hendi daglega stjórn bókasafnsins og gegnir þeim störfum, sem stjórnarnefnd bókasafnsins hefur haft til þessa.

3. gr.

Skipa skal til aðstoðar tvo bókaverði; hinn fyrri hefur að árslaunum 1500 kr., en hinn síðari 1000 kr.

4. gr.

Skipa skal 5 manna nefnd landsbókaverði til ráðaneytis við kaup bóka og handrita, og sitja í þeirri nefnd kjörnir menn af kennurum embættaskólanna og hins almenna mentaskóla, einn maður frá hverjum skóla, og landsskjalavörður hinn fimti.

5. gr.

Ákvæðin um stjórn safnsins í stofnskrá 15. nóv. 1826 eru úr gildi feld.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1908.

Ed.

605. Frumvarp

til laga um vegi.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

FYRSTI KAFLI.

Um flokkun vega.

1. gr.

Vegir á Íslandi eru flutningabrautir, þjóðvegir, fjallvegir, sýsluvegir og hreppsvegir.

2. gr.

Flutningabrautir eru fyrst um sinn ákveðnar sem hjer segir:

1. Frá Reykjavík um Hellisheiði austur yfir Ytri-Rangá.
2. Frá vegamótum hjá Geithálsi til Þingvalla.
3. a. Frá Eyrarbakka að Selfossi.
   b. Frá Ingólfsfjalli um Grímsnes að Geysi.
4. Frá Borgarnesi um Stafholtstungur á þjóðveginn norðanvert við Kláffossbrú á Hvítá í Borgarfirði.
5. Frá Blönduósi vestur fyrir Víðidalsá hjá Steinsvaði.
6. Frá Sauðárkróki fram Skagafjörð á þjóðveginn fyrir neðan Víðimýri.
7. Frá Akureyri að Saurbæ í Eyjafirði.
8. Frá Húsavík að Einarsstöðum í Reykjadal.
9. Frá Búðareyri við Reyðarfjörð um Fagradal að Lagarfljóti hjá Egilsstöðum.

3. gr.

Þjóðvegir eru þessir:

1. Frá vegamótum hjá Ártúni við Elliðaár, um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, yfir Ferstikluháls, um Svínadal, yfir Geldingadraga, um Skorradal og Borgarfjörð og yfir Grjóthál til Norðurárdals.
2. Frá vegamótum hjá Gljúfurá í Borgarfirði, um Norðurárdal, Bröttubrekku, Sökkólfsdal, Miðdali, Hjarðarholt, Hvammssveit, Svínadal og Saurbæ, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Króksfjörð, Reykhólasveit, Þorskafjörð, Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri við Ísafjörð.
3. Frá vegamótum hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði, Hrútafjörð og Hrútafjarðarháls, yfir Miðfjörð og Miðfjarðarháls að Víðidalsá hjá Steinsvaði.
4. Frá Blönduósi um Langadal og Stóra-Vatnsskarð, yfir Skagafjörð, um Blönduhlíð, Norðurárdal, Öxnadalsheiði, Öxnadal, Þelamörk, og Kræklingahlíð til Akureyrar.
5. Frá ferjustaðnum hjá Gili í Eyjafirði um Kaupangssveit, Vaðlaheiði, Fnjóskadal, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal hjá Ein-

arsstöðum um Reykjahlíð og Mývatnsöræfi, um Grímsstaði, Möðrudal og Skjöldólfsstaði, um Jökuldal og Hróarstungu, hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.

6. Frá Eskifirði að Búðareyri við Reyðarfjörð.
7. Frá Egilsstöðum á Völlum um Skriðdal, Breiðdalsheiði, Berufjarðarskarð, Djúpavog, Geithellnahrepp, Lónsheiði, Lón og Almannaskarð, um Hóla og Bjarnanes í Nesjum, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi, Skeiðarársand, Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun, um Ása í Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Landeyjar og Rangárvöllu að Ytri-Rangá.
8. Frá vegamótum fyrir ofan Borgarnes um Mýrar, Hnappadalssýslu, Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
9. Frá Hrútafjarðará, um Borðeyri, út með Hrútafirði, um Stikuháls til Bitrufjarðar og þaðan að Gilsfjarðarbotni.
10. Frá Þingvöllum um Laugardal til Geysis.

4. gr.

Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem stjórnarráð Íslands ákveður, og eigi teljast til neins annars vegaflokks.

5. gr.

Sýsluvegir eru þeir vegir, er liggja sýslna í milli og um hverja sýslu þar sem mest er þjóðbraut, svo sem í kauptún og fiskiver, enda sjeu það eigi flutningabrautir eða þjóðvegir. Sýslunefndir ákveða, hvar þessir vegir skuli liggja, hver innan sinnar sýslu.

6. gr.

Hreppsvegir eru vegir um hreppa og hreppa í milli, sem hvorki eru flutningabrautir, þjóðvegir nje sýsluvegir. Sýslunefnd ákveður, eftir tillögum hreppsnefndar, hvar hreppsvegir skuli liggja.

ANNAR KAFLI.

Um vegagjörðir og viðhald vega og greiðslu kostnaðar við það.

7. gr.

Flutningabrautir skal fullgjöra á kostnað landssjóðs. Á flutningabrautum skal brúa öll vatnsföll, að svo miklu leyti sem það álíst kleift; brautirnar skulu vera svo gjörðar, að vel sjeu færar hlöðnum vögnum, en að öðru leyti ákveður stjórnraráðið með ráði verkfræðings þess, sem skipaður er til að stjórna vegagjörðum, gjörð þeirra í hverju einstöku tilfelli.

8. gr.

Viðhald flutningabrauta þeirra, sem lagðar hafa verið, eða verða lagðar samkvæmt lögum þessum, skulu sýslur þær kosta, er flutningabrautirnar liggja um eða verða lagðar um, hver innan sinna sýslumarka, þó með þessum undantekningum:

a. Landssjóður kostar viðhald flutningabrautanna frá Reykjavík að Reykjarjett í Ölfusi og frá vegamótum hjá Geithálsi til Þingvalla, og viðhald flutningabrautarinnar frá Búðareyri við Reyðarfjörð, að Lagarfljóti hjá Egilsstöðum að einum þriðja.

Landssjóði skal skylt, að bæta að fullu á sinn kostnað miklar skemdir, er brýr á flutningabrautum verða fyrir af ófyrirsjáanlegum atvikum, svo sem jarðskjálfta, ofviðri o. s. frv. Landssjóður kosti einnig endurbyggingu brúnna, er þörf krefur. Þó fellur þessi viðgjörðar- og endurbyggingarskylda landssjóðs burtu, þar sem hinn upphaflegi byggingarkostnaður brúnna hefur ekki farið fram úr 15,000 krónum.

b. Norðurmúlasýsla og Suðurmúlasýsla kosti að öðru leyti, hvor um sig, viðhald flutningabrautarinnar frá Búðareyri að Lagarfljóti að hálfu.

c. Borgarfjarðarsýsla kosti viðhald flutningabrautarinnar frá Borgarnesi á þjóðveginn fyrir norðan Kláffossbrú á Hvítá í Borgarfirði að tveimur níundu, en Mýrasýsla að sjö níundu.

d. Rangárvallasýsla kosti viðhald flutningabrautarinnar milli Þjórsárbrúar og Ölfusárbrúar að einum þriðja, en Árnessýsla að tveim þriðju.

Gæsla og viðhald Þjórsárbrúarinnar sje kostuð af sýslusjóði Rangárvallasýslu, en gæsla og viðhald Ölfusárbrúarinnar af sýslusjóði Árnessýslu.

Sýslunefndir skulu sjá um framkvæmd viðhaldsins, og kostnaðinn við það skal telja með þeim útgjöldum til vega, er sýslusjóður á að greiða.

9. gr.

Eftirstöðvar allra þeirra lána, er sýslufjelög hafa fengið úr viðlagasjóði til flutningabrauta að brúm meðtöldum og tekin eru fyrir 1. janúar 1907, falla niður frá 1. október 1909. Frá sama tíma tekur og landssjóður að sjer greiðslu á eftirstöðvum allra samskonar lána, er tekin hafa verið gegn ábyrgð sýslufjelaga annarsstaðar en í viðlagasjóði fyrir áðurgreindan tíma (1. jan. 1907).

10. gr.

Þá er flutningabraut er fullgjörð, eða nokkur hluti hennar, skal stjórnarráðið afhenda hana, eða þann hluta hennar, sem er fullgjörður, hlutaðeigandi sýslu eða sýslum til viðhalds. Þó má afhending aldrei fara fram fyrri en tveim árum eftir að lokið var að leggja þann kafla, sem afhentur er, enda hafi verið bættar á landssjóðs kostnað allar þær skemdir, sem á hafa orðið þessi tvö fyrstu ár, og eigi eru að kenna umferð eða eðlilegri rýrnun; skulu bæturnar, að svo miklu leyti sem unt er, vera svo fullkomnar, að eigi sje hætt við samskonar skemdum aftur.

Skýrsla eða vottorð landsverkfræðings þess, er stjórnar vegagjörðum landsins, skal gagnvart sýslu teljast full sönnun þess, hvort vegur eða vegarkafli er fullgjör, eða skemdir bættar svo sem hjer er fyrir mælt. Þó skal sýslunefnd heimilt að skjóta þessari umsögn landsverkfræðingsins til stjórnarráðsins til fullnaðarúrslita.

Þær flutningabrautir, sem eru gjörðar áður en lög þessi öðlast gildi, verða eigi afhentar fyrri en 1. október 1909, og þá að eins þeir kaflar þeirra, sem fullnægja ákvæðum þessara laga. Þeir kaflar, sem þá eru ófullgjörðir, afhendast eftir sömu reglum og þær flutningabrautir, sem verða gjörðar eftir að þessi lög öðlast gildi.

11. gr.

Stjórnarráðið hefur eftirlit með því, að hlutaðeigendur haldi flutningabrautunum svo við, ásamt með öllum þeim mannvirkjum, er þeim til heyra, og landssjóður hefur kostað í fyrstu, að ekki gangi úr sjer. Eftirlitinu skal haga svo, að verkfræðingur, eða annar hæfur maður, er stjórnarráðið útnefnir, skoði vegina að minsta kosti annaðhvort ár, og gefi nákvæma skýrslu um ástand þeirra og um það, sem ábótavant kann að vera um viðhaldið. Skal sýslumaður, eða sá annar, sem fyrir sýslunefndarinnar hönd hefur aðalumsjón með viðhaldinu, fá eftirrit af skoðunargjörðinni, og stjórnarráðið annað.

Eftirlitsmenn skulu á ferðum sínum láta sýslunefndum og þeim, sem annast viðhaldið af hendi sýslunefnda, í tje allar nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar um viðhald vega þeirra, er þeir líta eftir.

Allur kostnaður við eftirlitið greiðist úr landssjóði.

12. gr.

Nú vanrækir sýslunefnd þær aðgjörðir, er eftirlitsmaður hefur talið nauðsynlegar í skýrslu sinni, og getur stjórnarráðið þá fyrirskipað sýslunefndinni að framkvæma þær innan tiltekins tíma, og látið framkvæma þær á kostnað sýslunnar, ef hún hlýðir ekki fyrirskipuninni.

13. gr.

Sýslunefndir skulu semja reikning yfir viðhaldskostnað flutningabrautanna ár hvert, og senda hann stjórnarráðinu, ásamt með skýrslu um það, sem gjört hefur verið.

14. gr.

Á þjóðvegum skal svo bæta torfærur með vegaruðningi og brúagerð, að þeir sjeu greiðir yfirferðar.

15. gr.

Nú verður álitið nauðsynlegt eða gagnlegt að gjöra einhvern þjóðvegarkafla akfæran, og skal þá kostnaður við vegagjörðina greiðast úr landssjóði. Þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, má gjöra það að skilyrði, að sveitarfjelögin eða sýslufjelögin leggi fram tiltekinn hluta alls vegagjörðar-kostnað-

arins, eða að þau leggi á sinn kostnað akfærar álmur út frá hinum akfæra þjóðvegi. Á akfærum þjóðvegum skal brúa öll vatnsföll, að svo miklu leyti sem það álist kleift; þeir skulu vera svo gjörðir, að vel sjeu færir hlöðnum vögnum, en að öðru leyti ákveður stjórnarráðið, með ráði verkfræðings þess, sem skipaður er til að stjórna vegagjörðum, gjörð þeirra í hverju einstöku tilfelli.

16. gr.

Þar sem akfærir þjóðvegarkaflar hafa verið lagðir eða verða lagðir, samkvæmt lögum þessum, um bygð eða innan einnar sýslu, og ná til kauptúns eða flutningabrautar, svo að álíta má að þeir komi hjeraðinu að notum til flutninga, skulu hlutaðeigandi sýslufjelög kosta viðhald þeirra. Um afhending veganna, framkvæmd viðhaldsins og eftirlit með því fer þó eftir ákvæðunum í 10.—13. grein.

17. gr.

Þar sem akfærir þjóðvegir verða gjörðir milli landsfjórðunga eða yfir fjöll eða heiðar milli sýslna, skal landssjóður kosta viðhald þeirra.

Stjórnarráðið kveður nánar á um endamörk þeirra þjóðvegakafla, sem landssjóður eða einstakar sýslur eiga að halda við.

18. gr.

Hlutaðeigandi sýslufjelög skulu kosta viðhald þjóðvegarins frá Borgarnesi til Stykkishólms sem að undanförnu. Að öðru leyti kostar landssjóður viðhald þjóðvega, með undantekningum þeim, er getur um í 16. grein.

19. gr.

Rjett er, að fjallvegir sjeu reiðfærir gjörðir og varðaðir svo sem nauðsyn ber til. Greiðist kostnaður við þá úr landssjóði.

20. gr.

Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýslusjóði, en í hann greiðir hvert hreppsfjelag 1 kr. 25 a. fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum 20—60 ára í hverri stöðu sem er. Heimilt er sýslunefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að gjald þetta skuli vera hærra, alt að 3 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann. Hreppstjórar skulu á ári hverju fyrir lok marsmánaðar senda sýslumanni nafnaskrár yfir alla verkfæra menn, 20—60 ára, sem heimili hafa í hreppnum. Eftir skrám þessum ákveður sýslumaður sýsluvegagjald hvers hrepps. Gjaldið skal borgað úr sveitarsjóði og greiðast sýslumanni á manntalsþingi.

21. gr.

Sýsluvegir þeir, sem liggja út frá flutningabrautum eða akfærum þjóðvegum, eða eru framhald af þeim, skulu gjörast akfærir þar sem því verður við komið. Að öðru leyti ákveður sýslunefnd hvernig sýsluvegir skuli gjörðir.

22. gr.

Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda stjórnarráðinu skýrslu um þær vegabætur, er hafa verið framkvæmdar á kostnað sýslusjóðs, ásamt með reikningi yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins.

23. gr.

Nú vill sýslunefnd framkvæma á einu ári meiri vegabætur á sýsluvegum, en tekjur sýslusjóðs það árið leyfa, og getur hún þá tekið lán til þeirra, en áður sýslunefnd ákveður lántökuna skal liggja fyrir áætlun um kostnað við hina fyrirhuguðu vegagjörð eftir verkfróðan mann.

24. gr.

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr hreppsvegasjóði, er hreppsnefndin geymir og hefur ábyrgð á. Skal greiða til hans 1 kr. 25 au. á vorhreppaskilaþingi fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum, 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Gjald þetta greiðir hver húsbóndi fyrir heimilismenn sína, þar á meðal lausamenn, er teljast þar til heimilis. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli vera hærra, alt að 3 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann.

25. gr.

Nú er lítið að vinna að hreppsvegum í hreppi, og má sýslunefnd þá ákveða, að alt að helmingi hreppsvegagjalds greiðist í peningum í sýslusjóð. Sje aftur á móti hreppsvegavinna mikil í einhverjum hreppi, af því að þar eru engar flutningabrautir, þjóðvegir nje sýsluvegir, en vegir um hreppinn langir og torfærir, má sýslunefndin ákveða, að alt að jafnmikil upphæð og hreppsvegagjald hreppsins greiðist úr sýslusjóði.

26. gr.

Oddviti hreppsnefndar skal á ári hverju senda sýslunefnd reikning yfir tekjur og gjöld hreppsvegasjóðsins.

27. gr.

Nú telur hreppsnefnd æskilegt, að framkvæmd sje á kostnað hreppsins meiri vegagjörð en svo, að hreppsvegagjaldið hrökkvi fyrir henni, og má hún þá verja til vegagjörðarinnar fje úr sveitarsjóði, ef meiri hluti allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrjett hafa til hreppsnefndar, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, og sje með þeirri samþykt ákveðið, hve mikilli upphæð megi verja til vegagjörðarinnar úr sveitarsjóði.

Nú vill hreppsnefnd taka lán til vegagjörðar í hreppnum, og skuldbinda sveitarsjóð til greiðslu á láninu ásamt vöxtum af því, og er henni það heimilt ef meiri hluti allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrjett hafa til hreppsnefndar, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, enda samþykki sýslunefnd ályktun hreppsnefndarinnar um lántökuna.

ÞRIÐJI KAFLI.
Um stjórn vegamála.

28. gr.

Stjórnarráð Íslands hefur yfirstjórn allra þeirra vegagjörða og þess vegaviðhalds, sem er kostað af landssjóði að nokkru eða öllu leyti. Til þess að stjórna framkvæmdum í þessum málum skal skipa landsverkfræðing og fá honum fasta verkfróða aðstoðarmenn eftir þörfum.

Nú getur landsverkfræðingur eða fastir aðstoðarmenn hans eigi komið því við, að veita forstöðu einhverri þeirri vegagjörð eða brúargjörð, er útheimtir sjerstaka verklega þekkingu, og er stjórnarráðinu þá heimilt að ráða til þess hvern þann hæfan mann, er fæst. Kostnaður sá, sem af þessu leiðir, telst með öðrum kostnaði við verkið.

29. gr.

Sýslunefndir hafa umsjón og stjórn þeirra vegagjörða og þess viðhalds, sem er kostað af sýslusjóði; fela má sýslunefnd oddvita sínum umsjón með tilteknum vegagjörðum, eða sýslunefndarmanni eða hreppsnefndum umsjón með sýsluvegagjörð, hverjum í sínum hreppi, og ber þeim, sem umsjón er falin, að ráða til þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

Nú verður álitið nauðsynlegt að fá sjerstaklega verkfróðan mann til þess að undirbúa einhverja vegagjörð eða brúargjörð, eða til þess að sjá um framkvæmd vegagjörðar eða brúargjörðar,og er þá sýslunefnd, eða oddvita í umboði hennar, heimilt að ráða til hvern þann hæfan mann, er fæst. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, má telja með öðrum kostnaði við verkið.

30. gr.

Hreppsnefnd hefur umsjón með vinnu og aðgjörð á hreppsvegum, og skal hún ráða þann til verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

Nú verður álitið nauðsynlegt að fá sjerstaklega verkfróðan mann til þess að undirbúa vegagjörð eða brúargjörð, eða til þess að sjá um framkvæmd vegagjörðar eða brúargjörðar, og er þá hreppsnefnd heimilt að ráða til hvern þann hæfan mann, er fæst. Kostnað þann, er af þessu leiðir, má telja með öðrum kostnaði við verkið.

FJÓRÐI KAFLI.
Um gjörð veganna og um jarðrask, landnám, átroðning o. fl.

31. gr.

Allir vegir skulu vera svo breiðir, að nægi fyrir umferð þá, sem er eða vænta má að verði um þá.

32. gr.

Fram með öllum vegum skulu vera skurðir á báðar hendur, nema þar sem verkstjórinn kann að álíta það óþarft. Nú þarf að veita vatni frá vegi, og er þá hver landeigandi skyldur að leyfa, að því sje gjörð framrás yfir land hans, mót skaðabótum fyrir tjón það, sem hann kann að bíða af því; skaðabæturnar skulu ákveðnar með samkomulagi eða eftir mati samkvæmt 34. grein; þó getur enginn krafist skaðabóta samkvæmt þessum lögum fyrir vatnsrásir, sem eru til orðnar áður en lög þessi öðlast gildi.

Jarðefni það, er grefst upp úr skurðum og verður ekki notað til fyllingar í veginn, skal leggja á þann skurðbakkann, er veit frá veginum; skal álnar breið ræma af þeim skurðbakka teljast til vegarins, og má enginn gjöra girðingar eða önnur mannvirki á þeirri ræmu án leyfis stjórnarvalda þeirra, er veginum ráða; enginn má heldur reisa hús nær þeim skurðbakka, er veit frá vegi, en nemi 3 álnum.

33. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það, er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og leyfa að efni til vega sje tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því að eins greiddar, að þeirra sje krafist, og álitið verði, að landeigandi hafi beðið skaða við það.

34. gr.

Bætur fyrir landnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sjer, má ákveða eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns stjórnarvalda þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðinn við matið greiðir landeigandi, ef upphæð sú, sem honum er metin, er nær því, sem honum hefur verið boðið en því, sem hann hefur krafist; ella telst kostnaðurinn við matið með skaðabótakostnaðinum.

Nú vill annarhvor málsaðili eigi una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gjöra skal hann það innan mánaðar frá því matsgjörð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 4 dómkvöddum mönnum; kostnaðinn við yfirmat greiðir landeigandi, ef hann hefur krafist þess og það gengur honum eigi í vil, ella telst hann með öðrum skaðabótakostnaði.

35. gr.

Mat skal fram fara á vættvangi þá er jörð er snjólaus. Við matið skal hafa tillit til árlegs afraksturs af landi því, er um ræðir, svo og til þess, hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja og athuga vandlega alt það er getur haft áhrif á verðmæti þess, er meta skal; sjerstaklega skal hafa tillit til þess, ef ætla má, að land hækki í verði við vegagjörðina. Nú legst eldri vegur eða stígur niður við lagningu nýs vegar og fellur til landeiganda, og skal þá við matsgjörðina meta sjerstaklega hið gamla vegarstæði eða götutroðninga og draga

frá upphæð þeirri, er landeiganda er metin fyrir landnám undir hinn nýja veg eða jarðrask, leiðandi af lagning hans; bætur fyrir átroðning skal eigi meta í slíkum tilfellum, nema sannað verði, að meiri átroðningur stafi af hinum nýja vegi, en af hinum eldri vegi eða stíg.

36. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning, en sje jörð leigð öðrum, greiði landeigandi honum 4 af hundraði árlega af skaðabóta-upphæðinni, meðan leigusamningur sá er í gildi, sem var, þegar bæturnar voru ákveðnar. Ábúandi á þó bætur fyrir skemdir á mannvirkjum þeim, sem eru hans eign, og skal meta þær sjerstaklega.

37. gr.

Skaðabóta, er af vegagjörð eða vegaviðhaldi leiða, skal krefjast innan árs frá því, er verk það var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur rjettur til skaðabóta niður.

FIMTI KAFLI.

Um brýr, ferjur, sæluhús, girðingar, hlið o. fl.

38. gr.

Brýr skal gjöra á vegum þar sem álitið verður nauðsynlegt, og teljast þær til vega þeirra, er þær liggja á.

39. gr.

Lögferjuskylda skal vera hin sama og nú er.

Sýslunefndir hafa eftirlit með því, hver í sinni sýslu, að lögferjumenn haldi lögferjum í gildu standi og gæti skyldu sinnar að öðru leyti, eftir þeim nánari reglum, sem sýslunefnd setur á hverjum stað.

Eigi má sýslunefnd hækka lögferjugjöld nje afnema lögferju nema með samþykki stjórnarráðsins.

40. gr.

Nú er sett dragferja eða svifferja eða annar ferjuútbúnaður, sá er útheimtir ferjumann, í lögferju stað, og skal þá lögferjumaður skyldur að taka við hinni nýju ferju, gegna henni og hafa með henni umsjón alla; að því leyti sem viðhald hins nýja ferjuútbúnaðar álíst kostnaðarsamara en viðhald hinnar eldri ferju, skal sýslusjóður kosta það, en landssjóður ef ferjan er á þeim vegi, er landssjóði ber að halda við.

41. gr.

Nú vill sýslunefnd setja lögferju þar sem ekki var lögferja áður, og skulu þá taka við henni landeigandi og ábúandi, en geta krafist þess, að ferj-

an sje lögð þeim til í upphafi. Ferjugjöldin skulu, ef samkomulag næst ekki, ákveðin af óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

42. gr.

Nú verða ábúendaskifti á býli því, er lögferja fylgir, og má viðtakandi þá krefjast þess, að honum sje metið álag á ferjuna.

43. gr.

Sæluhús skal gjöra á fjallvegum og annarstaðar þar er þurfa þykir, og telst kostnaður við bygging þeirra með vegagjörðakostnaði, en kostnaður við viðhald þeirra og rekstur með vegaviðhaldskostnaði.

44. gr.

Girðingar má ekki setja nær alfaravegi en svo, að full 1 alin sje milli vegarjaðarsins og girðingarinnar. Gaddavírsgirðingar má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 9 álnir sjeu frá miðjum vegi til girðingar, og ekki nær en svo, að 6 álnir sjeu frá vegarjaðrinum til girðingarinnar.

Enginn má gjöra girðingu yfir veg, með hliði á fyrir veginum, nema með leyfi sýslunefndar, ef um sýsluveg eða hreppsveg er að ræða, en með leyfi stjórnarráðsins, ef um flutningabraut, þjóðveg eða fjallveg er að ræða.

Nú er leyft að gjöra girðingu yfir veg, með hliði á fyrir veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minsta kosti 4 álna breið, og svo gjörð, að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki.

45. gr.

Nú liggur vegur eða stígur eða götutroðningar yfir land manns, og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að gjöra girðingu yfir þann veg með hliði fyrir veginum, en eigi má hann loka hliðinu nje með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema hreppsnefnd leyfi.

46. gr.

Nú er vegur lagður gegnum land manns, og á hann þá rjett á að fá óhindraðan aðgang að veginum á einum stað frá landareign sinni. Skal í því skyni gjöra fláa út frá veginum, ef hann er upphleyptur eða niðurgrafinn, og sje hallinn á fláanum eigi meiri en 1:8, svo og brú á skurðinn, ef nokkur er, fram með veginum, að minsta kosti 3 álna breiða. Landeigandi skal birta verkstjóra kröfu sína í þessu efni áður vegurinn er fullgjörður á þeim stað, sem hann vill hafa aðgang að, og skal þá aðgangur gjörður þar eða svo nálægt, sem kostur er á; telst kostnaðurinn við það með vegagjörðarkostnaði.

Nú birtir landeigandi verkstjóra eigi kröfu sína um aðgang að veginum í tæka tíð, og skal hann þá gjöra aðganginn á sinn kostnað, svo og ef hann vill hafa aðgang frá fleirum stöðum í landi sínu, en þeim eina.

SJÖTTI KAFLI.

Um framkvæmd viðhaldsins og um vetrarviðhald og vetrarvegi.

47. gr.

Stjórnarvöld þau, sem eiga að sjá um viðhald vega samkvæmt lögum þessum, skulu fá til svo hæfa menn, sem kostur er á, til þess að hafa eftirlit með vegunum, og skal eigi ætla eftirlitsmanni lengri kafla en 15 kilómetra, nema staðhættir krefji.

48. gr.

Eftirlitsmenn skulu tafarlaust láta gjöra við allar skemdir á vegunum, þær er hætta getur stafað af, eða hindra umferð, eða hætt er við að ágjörist svo að meiri kostnaður hljótist af. Þeir skulu á vetrum halda skurðum og rennum opnum, svo að eigi renni yfir veginn í leysingum; að öðru leyti skulu þeir framkvæma viðhaldið eftir því, sem þeim verður fyrirskipað.

Eftirlitsmenn skulu og hafa gát á því, að vegfarendur hlýði ákvæðum þeim um umferð á vegum, sem sett eru í lögum þessum eða sett kunna að verða, svo og að vegurinn og þau mannvirki, sem honum fylgja, sjeu eigi skemd af mannavöldum. Skulu þeir tafarlaust kæra öll slík brot fyrir lögreglustjóra.

49. gr.

Nú þykir ástæða til að halda vegi akfærum með snjómokstri að vetrarlagi, og má þá hreppsnefnd ákveða að svo skuli gjört, hver innan síns hrepps. Nú liggur vegur um fleiri hreppa en einn, og má sýslunefnd þá ákveða, að honum skuli halda akfærum með snjómokstri, ef hreppsnefnd í einhverjum þeim hreppi, er vegurinn liggur um, fer fram á það.

50. gr.

Þá er löglega hefur verið ákveðið að halda vegi akfærum að vetrarlagi með snjómokstri, skal hver hreppsnefnd annast um framkvæmd þess innan síns hrepps. Kostnaðinn við það má greiða úr sveitarsjóði, en heimilt er hreppsnefnd og að ákveða, að verkið skuli int af hendi með skylduvinnu allra verkfærra karlmanna í hreppnum; heimilt skal þó hverjum manni að leysa sig undan skylduvinnu með því að greiða 2 kr. fyrir hvert dagsverk.

Hreppsnefnd kveður að öðru leyti á um hversu snjómokstri skuli hagað.

51. gr.

Heimilt er sýslunefndum og hreppsnefndum að verja fje úr sýslusjóðum og hreppsvegasjóðum til þess að gjöra sleðabrautir á vetrum utan almennra vega, þar sem þörf þykir.

SJÖUNDI KAFLI.

Sjerstök ákvæði um vegi í kaupstöðum og í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig.

52. gr.

Í kaupstöðum og í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir

sig, ákveður bæjarstjórn eða hreppsnefnd með ráði byggingarnefndar hvar vegir skuli liggja innan kaupstaðarins eða verslunarstaðarins, og hvernig þeir skuli gjörðir.

53. gr.

Kostnaður við vegagjörð og vegaviðhald í kaupstöðum greiðist úr bæjarsjóði, en í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelag út af fyrir sig, úr sveitarsjóði.

54. gr.

Með tekjum sveitarsjóðs skal í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, telja hreppsvegagjald, sem er 2 kr. 50 au. fyrir hvern verkfæran karlmann í verslunarstaðnum, 20—60 ára, og greiðist gjaldið á þann hátt, sem fyrir er mælt í 24. gr.

55. gr.

Verslunarstaðir, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, skulu lausir við að greiða þann þriðjung sýslusjóðsgjaldsins, sem þeim annars bæri að greiða eftir tölu verkfærra karlmanna þar, ef hreppsfjelagið ver árlega til vegagjörðar í verslunarstaðnum að minsta kosti jafnmiklu fje úr sveitarsjóði, auk hreppsvegagjaldsins, sem þessi þriðjungur sýslusjóðsgjaldsins mundi nema.

ÁTTUNDI KAFLI.

Um reglur fyrir umferð um vegi, skemdir o. fl., og um sektir fyrir brot gegn lögum þessum.

56. gr.

Vegfarendur, hvort heldur eru gangandi, ríðandi eða á vagni eða á hjólum, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sjer og gripum sínum a vinstri helmingi vegarins eingöngu.

57. gr.

Stjórnarvöld þau, er eiga að annast viðhald vega, geta — hreppsnefndir og sýslunefndir þó eigi nema með samþykki stjórnarráðsins — sett þær reglur fyrir umferð um vegi þá, er þau annast um viðhald á, sem nauðsynlegar eru til þess að fyrirbyggja skemdir á vegunum eða til þess að greiða fyrir umferð um vegina, svo sem bannað trjádrátt og umferð þungavagna með mjóum hjólgjörðum.

58. gr.

Enginn má skilja eftir á alfaravegi neitt það, er getur hindrað eða bagað umferð um veginn; enginn má heldur stýfla skurði fram með vegi, eða frá vegi eða ræsi gegnum veg, eða gjöra neitt það, er hindrað getur eðlilegt vatnsrensli gegnum veg eða frá vegi.

59. gr.

Hver sá, er notar sæluhús við alfaraveg, skal ganga þrifalega um það fara gætilega með eld, eldfæri og önnur þau tæki, er þar kunna að vera, ganga frá hverju á sínum stað og loka dyrum svo, að ekki nái að fenna inn. Skylt er hverjum, sem verður var við, að brotið hafi verið móti þessu, að tilkynna það tafarlaust umsjónarmanni sæluhússins eða lögreglustjóra.

60. gr.

Brot gegn lögum þessum og gegn þeim reglugjörðum og ákvörðunum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum frá 4—100 kr. Sömu sektum varðar það, að skemma af ásettu ráði vegi, brýr, ferjur, vörður eða sæluhús, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það, sem hann hefur unnið.

61. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

62. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Lög 24. nóv. 1893 um gæslu og viðhald á brúm yfir Ölfusá og Þjórsá.

Lög 13. apríl 1894 um vegi.

Lög 26. febr. 1898 um sjerstakt gjald til brúargjörða.

Lög 9. sept. 1899 um viðauka við lög um vegi 13. apríl 1894.

Lög 12. jan. 1900 um fjölgun og viðhald þjóðvega.

Lög 23. okt. 1903 um breyting á lögum nr. 8 um vegi frá 13. apríl 1894

Lög 10. nóv. 1905 um breyting á lögum 13. apríl 1894 um vegi og á lögum um breyting á þessum lögum 23. október 1903.

Ed. **606. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Frá Þórarni Jónssyni.

Við 16. gr. Á eftir 24. tölulið komi nýr töluliður svo hljóðandi:

Til þess að lengja og fullkomna bátabryggju á Blönduósi 5,500 kr. fyrra árið.

Ed. **607. Frumvarp**

til laga um kennaraskóla í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Kennaraskóla skal setja á stofn í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg, og má verja til húsa og áhalda alt að 20,000 kr. úr landssjóði.

2. gr.

Kennaraskólinn er jafnt fyrir konur sem karla. Kenslan veitist ókeypis. Við hinn sameinaða skóla skulu vera alt að 28 heimavistir og hafa nemendur kennaraskólans forgangsrjett að þeim.

3. gr.

Tvær ársdeildir eru í kennaraskólanum.

Stjórnarráð Íslands semur reglugjörð fyrir hinn sameinaða skóla og skal henni hagað svo, að neðri deild gagnfræðaskólans geti veitt kennaraefnum þá undirstöðufræðslu, sem þeim er nauðsynleg til inntöku í kennaraskólann. Utanskólasveinum má veita inntöku í neðri deild kennaraskólans, ef þeir ganga undir inntökupróf, er sýni, að þeir hafi fengið eigi minni undirstöðufræðslu en neðri deild gagnfræðaskólans veitir í þeim námsgreinum, sem þar eru kendar.

Skólaár kennaraskólans er frá 1. október til 31. mars.

4. gr.

Kenslugreinir kennaraskólans eru þessar: Íslenska, danska, saga, landafræði og náttúrufræði, og þó einkum það, er Ísland snertir, reikningur og rúmfræði, skrift, teikning, handavinna, leikfimi, söngur, kristin fræði, uppeldis- og kenslufræði, og kensluæfingar. Auk þess má taka upp kenslu í garðyrkju og matreiðslu.

5. gr.

Við hinn sameinaða skóla skipar ráðherrann 4 fasta kennara; er einn þeirra forstöðumaður og hefur 2400 kr. að árslaunum, auk ókeypis bústaðar, hita og ljóss; annar kennari hefur 2200 kr. í árslaun, þriðji kennari 2000 kr. og fjórði kennari 1600 kr.

Forstöðumaður hefur alla umsjón með húsum og áhöldum skólans.

6. gr.

Kennarar skólans eru skyldir til, að hafa á hendi ókeypis um tveggja mánaða tíma á ári, kenslu og æfingar við framhaldskensluskeið fyrir lýðskólakennara, eftir nánari reglum, er yfirstjórn fræðslumála setur.

7. gr.

Stjórnarráðið hefur á hendi yfirumsjón hins sameinaða skóla.

8. gr.

Kostnaður við rekstur hins sameinaða skóla greiðist úr landssjóði, þó, að því er gagnfræðaskólann snertir, einungis að því leyti, sem tekjur þessarar sjerstöku stofnunar ekki hrökkva til.

Nd. **608. Frumvarp**

til laga um frestun á framkvæmd laga 19. desember 1903 um túngirðingar o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Lán úr landssjóði samkvæmt lögum nr. 64, 19. des. 1903, um túngirðingar, verða eigi veitt á árinu 1908, og er jafnframt frestað það ár framkvæmd á öðrum ákvæðum nefndra laga, er snerta lánveitingarnar.

Á fjárhagstímabilinu 1908 og 1909 annast landsstjórnin útvegun á samskonar girðingarefni, sem nefnd lög hljóða um, fyrir sýslufjelög, sveitarfjelög, búnaðarfjelög og samvinnukaupfjelög, og birtir almenningi í tæka tíð verð á girðingarefni því, sem hún útvegar, og nánari fyrirmæli um það, hvers fjelögin verða að gæta, til þess að pöntunum þeirra verði sint.

Nd. **609. Viðaukatillaga**

við frv. til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907.

Frá fjárlaganefndinni.

Aftan við frv. komi ný grein:

7. grein.

Stjórninni veitist heimild til þess að kaupa hús og lóð ekkju Halldórs Friðrikssonar yfirkennara fyrir alt að 18,000 kr. og til þess að afsala rjetti alþingis til lóðar Goodtemplarfjelagsins, er kaup þessi eru fullgjörð.

Ed. **610. Frumvarp**

til laga um laun prófasta,

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Auk þeirra launa, sem prófastar hafa hingað til haft fyrir starfa sinn samkvæmt gildandi lögum, skulu þeim veitt úr prestlaunasjóði ákveðin árslaun svo sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Árslaun þau, sem gjört er ráð fyrir í 1. gr., ákveðast þannig: Prófastarnir í Norður-Múlaprófastsdæmi, Suður-Múlaprófastsdæmi, Rangárvallaprófastsdæmi, Árnesprófastsdæmi, Kjalarnessprófastsdæmi, Snæfellsnessprófastsdæmi, Barðastrandarprófastsdæmi, Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, Húnavatnsprófastsdæmi, Skagafjarðarprófastsdæmi, Eyjafjarðarprófastsdæmi og Suður-Þingeyjarprófastsdæmi fá að launum 200 kr. hver. Prófastarnir í Austur-Skaftafellsprófastsdæmi, Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi, Borgarfjarðarprófastsdæmi, Mýraprófastsdæmi, Dalaprófastsdæmi, Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi, Strandaprófastsdæmi og Norður-Þingeyjarprófastsdæmi fá að launum 100 kr. hver.

3. gr.

Prestar tilnefna prófastsefni á sama hátt og nú, en landsstjórnin skipar prófasta með ráði biskups.

Ed.

611. Breytingartillögur

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Frá nefndinni.

1. Við 5. gr. 1. Athugasemdin. Fyrir orðin »hvort árið« komi: fyrra árið.
2. — 10. gr. Orðin: »alt að« falli burt.
3. — 12. — 6. g. Í stað: »1200 (fyrra árið)« komi: 2400.
4. — 13. — A. 4. a. Í stað: »10 stundir« komi: 9 stundir.
   Og aftan við athugasemdina bætist: og 1 stund hvern helgan dag.
5. — 13. — B. III. Fyrir »15000« (fyrra árið) komi: 6000.
6. — 14. — B. VII. d. Í stað: »2500—2500« komi: 3500—3500.
7. — 15. — 2. a. Fyrir »á Akureyri« komi: í Norðuramtinu.
8. — 15. — 2. b. Fyrir »á Seyðisfirði« komi: í Austuramtinu.
9. — 15. — 12. Töluliðurinn orðist þannig:
   Til Brynjólfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár 400—400.
10. — 15. — Eftir tölulið 32 komi nýr töluliður:
    Til Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðisransókna 1200—1200.
11. — 16. — 2. b. komi: 300 (fyrra árið).
12. — 16. — 7. töluliður og athugasemd falli burt.
13. — 16. gr. 21. Aftan við athugasemdina bætist: »eða rita á þau vottorð sitt um það, að sendandi vörunnar hafi, þrátt fyrir áskorun, neitað að láta yfirmatsmanninn meta gæði hennar«.
14. — 16. gr. Á eftir 29. tölulið komi nýr töluliður: »Til Fiskiveiðasjóðs Íslands 6000—6000«.

Ed.

612. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Frá Þorgr. Þórðarsyni.

Við 13. gr. B. III. Í stað: »Í Austfirðingafjórðungi 7000 (síðara árið)« komi: 12000

Þar af 5000 kr. síðara árið ætlaðar til vegar frá Hólum að Bjarnanesi í Austur-Skaftafellssýslu.

Sþ. **613. Tillaga**
til þingsályktunar.

Flutningsm.: Guðl. Guðmundsson og Guðjón Guðlaugsson.

Út af nýframkomnum ómaklegum dylgjum og árásum á landsstjórnina við 2. umræðu fjárlaganna í Efri deild lýsir þingið yfir fullu trausti sínu til ráðherrans.

Ed. **614. Frumvarp**
til laga um takmörkun á eignar- og umráðarjetti á fossum á Íslandi, um eignarnám á fossum o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. kafli.

Um eignar- og umráðarjett á fossum.

1. gr.

Engir aðrir en þeir menn, sem heimilisfastir eru á Íslandi, eða fjelög, er hafa þar heimilisfang, enda sje meiri hluti fjelagsstjórnar skipaður mönnum, sem þar eru heimilisfastir, mega hjeðan af, án sjerstaks leyfis, ná að eignast fossa á Íslandi, hvorki eina nje með löndum þeim, sem þeir eru í, eða notkunarrjett á fossum, hvort sem er fyrir frjálsa afhending, eða nauðungarráðstöfun að manni lifanda, eða með hjónabandi, eða að erfðum. Talinn er notkunarrjettur í lögum þessum hvers konar rjettur til að nota fossa.

Konungur veitir leyfið, þar sem þess er þörf, hjeðan af, eða sá, er hann fær umboð til þess; leyfið skal veita um ákveðinn tíma og skilyrði skal setja um notkun vatnsaflsins.

2. gr.

Leyfi til að eignast fossa eða notkunarrjett á fossum, samkvæmt 1. gr., skal bundið þeim skilyrðum, er hjer segir:

a. að leyfið gildi að eins um tiltekið tímabil, í lengsta lagi 100 ár. Að þeim tíma liðnum skal fossinn og aflstöðin verða eign landssjóðs án endurgjalds.
b. að landssjóður eigi rjett á að kaupa fossinn og aflstöðina, ásamt landi því og rjettindum, er henni fylgir, eftir 50 ár frá því, er leyfið var veitt, þó svo, að sagt sje til kaupanna með 5 ára fyrirvara. Kaupverð skal miða við, hvað leyfishafi hefur borgað fyrir fossinn og hvers virði aflstöðin er.
c. að leyfishafi sje skyldur, ef landsstjórnin krefst þess, að láta af hendi alt að 10% af starfsaflinu, 5% við landið og 5% við sveitina, hvorttveggja fyrir endurgjald, er sje miðað við framleiðslukostnað, að viðbættum 10% ágóða.
d. að byrjað sje að hagnýta fossinn innan ákveðins tíma, og að fyrirgjört

sje rjetti þeim, er leyfið veitir, ef starfinu er hætt eða það minkað úr því, er leyfisbrjef tiltekur minst.

3. gr.

Eigi verður krafist fullnaðargjörðar á neinni ráðstöfun til afhendingar, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., nema leyfið sje áður fengið. Ef það fæst eigi, er ráðstöfunin ógild, og andvirði það, er kaupandi hefir af hendi greitt, getur hann þegar fengið endurgoldið.

4. gr.

Ef krafist er innritunar fyrir fram í afsals- og veðmálabækur eða þinglýsingar á skjali um afhending, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og eigi er um leið sannað fyrir valdsmanni, að leyfið sje þegar fengið, þá skal hann skrá athugasemd um þetta og því næst tafarlaust skýra stjórnarráðinu frá málavöxtum.

5. gr.

Þegar þinglesið hefur verið skjal eins og það, er getur í 4. gr., eða þegar kaupandi að eignar- eða notkunarrjetti á fossi, er fullnægir eigi skilyrðum laga þessara, er orðinn umráðandi fossins eða afnotahafandi, þá skal stjórnarráðið þegar, er það er orðið þessa vitanda, setja kaupanda frest til þess að koma málinu í löglegt horf með því að fá það, er vantar, eða ef það fæst eigi, með því að fá riftað kaupunum (3. gr.), eða þá, ef seljandi færist undan að láta kaupin ganga aftur, með því að afhenda fossinn eða notkunarrjettinn þeim manni öðrum, er fullnægi skilyrðunum fyrir að mega öðlast hann. Frestur þessi má eigi styttri vera en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár.

Ákvæði sínu um þetta lætur stjórnarráðið þinglýsa svo fljótt, sem unt er, á varnarþingi fasteignarinnar og skrá í dálk hennar í veðmálabókinni. Frestinn skal telja frá þinglýsingardegi.

6. gr.

Nú hefur kaupandi eigi áður en fresturinn er útrunninn fengið stjórnarráðinu fullnægjandi skilríki fyrir því, að málið sje komið í löglegt horf, og lætur þá stjórnarráðið selja fossinn eða notkunarrjettinn við nauðungaruppboð á kostnað kaupanda, og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er rjettindi eiga í fossinum. Um uppboðið fer eftir fyrirmælum 10. gr. í tilskipun um fjárforráð ómyndugra, 18. febrúar 1847, eftir því sem þeim verður við komið. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum í stað skuldunauts birt kaupanda, og ef hann er eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægir, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og ef enginn er þar fyrir, þá næstu grönnum.

Kaupandi fær borgaðan þann hluta uppboðssöluverðsins, sem honum hefði borið, ef hann hefði verið kominn löglega að eign eða afnotum.

7. gr.

Nú er kona eigandi foss eða afnota hans og giftist manni, er fullnægir ekki skilyrðum laga þessara fyrir því, að mega öðlast þess konar eignar- eða notkunarrjett, og verður hann þá eigi gjörður eign fjelagsbúsins fyrr en maður hennar fullnægir og þessum skilyrðum, en er þá stund sjereign konunnar.

8. gr.

Nú erfir maður eignar- eða notkunarrjett á fossi, sá er getur eigi orðið löglegur eigandi að honum, nema með sjerstöku leyfi, þá skal skiftaráðandi þegar gjöra stjórnarráðinu við vart, og fer síðan um þetta mál eins og segir í 5. og 6. gr. með afbrigðum eftir atvikum.

9. gr.

Hið sama er, ef sá maður verður heimilisfastur annarsstaðar en á Íslandi, er öðlast hefur eignar- eða notkunarrjett á fossi, eftir það er lög þessi öðlast gildi, svo og ef fjelag, er eftir þann tíma hefur öðlast eignar- eða notkunarrjett á fossi, hættir að hafa heimilisfang á Íslandi, eða ef meiri hluti fjelagsstjórnar er þar eigi lengur heimilisfastur.

10. gr.

Hver sá maður heimilisfastur erlendis, er foss á á Íslandi eða notkunarrjett á fossi, er skyldur að hafa sjer umboðsmann heimilisfastan í þeim kaupstað eða hreppi, þar sem fossinn er, til þess að andsvara af sinni hendi málum öllum og hvers konar ráðstöfunum, er eignina varða, svo að jafngilt sje sem sjálfur hefði hann það gjört.

Undirdómaranum í þeirri þinghá, þar sem fossinn er, skal skýrt frá nafni og heimili umboðsmanns og skal þinglesa það á varnarþingi jarðeignar þeirrar, sem fossinn er í, og skrá í dálk hennar. Ef eigi hefur verið skýrt frá þessu og það þinglesið, getur dómarinn eftir beiðni einhvers, er að máli stendur, skipað hinum umboðsmann, er hann sje bundinn við, og á kostnað hans látið þinglesa og skrá það umboð.

11. gr.

Ákvæðunum hjer á undan verður eigi beitt þar sem það kæmi í bága við samninga við aðrar þjóðir.

2. kafli.

Um eignarnám á fossum o. fl.

12. gr.

Hver maður er skyldur til, gegn fullum skaðabótum, að láta af hendi

fossa sína, ár eða læki, og jarðir þær, er þar að liggja, eða rjettindi, sem hann hefir yfir þeim, þegar almennings heill krefst þess til mannvirkja í þarfir landsins eða sveitarfjelaga.

13. gr.

Stjórnarráð Íslands ákveður í hvert skifti, hversu mikið skuli af hendi látið samkvæmt 12. gr., það er og á þess valdi að ákveða, að á eignir þær, er getur í 12. gr., skuli gegn endurgjaldi lagðar kvaðir.

14. gr.

Ef samningum verður ekki við komið, skulu 3 óvilhallir dómkvaddir menn meta kaupverð fossa og endurgjald fyrir starfsafl, sem um er rætt í 2. gr., svo og skaðabætur þær, er getur í 12. og 13. gr., og má skjóta gjörð þeirra til 5 manna matsnefndar, er hinn íslenski landsyfirrjettur kveður í hvert skifti.

615. Skrá

yfir þingmálafundargjörðir lagðar fram á lestrarsal alþingis 1907.

Þingmálafundargjörð úr **Austur-Skaftafellssýslu,** Bjarnanesi 19. júní.
Þingmálafundargjörð úr **Vestur-Skaftafellssýslu,** Vík í Mýrdal 17. júní.
Þingmálafundargjörð úr **Vestmanneyjum** 21. júní.
2 þingmálafundargjörðir úr **Rangárvallasýslu:**
1. Seljalandi 10. júní.
2. Reyðarvatni 17. júní.

2 þingmálafundargjörðir úr **Árnessýslu:**
1. Húsatóftum 21. júní.
2. Tryggvaskála (við Ölfusárbrú) 22. júní.

3 þingmálafundargjörðir úr **Gullbringu- og Kjósarsýslu:**
1. Kollafirði 24. júní.
2. Keflavík 26. júní.
3. Hafnarfirði 26. júní.

2 þingmálafundargjörðir úr **Borgarfjarðarsýslu:**
1. Akranesi 10. júní.
2. Grund í Skorradal 22. júní.

Þingmálafundargjörð úr **Mýrasýslu,** Galtarholti 26. júní.
Þingmálafundargjörð úr **Dalasýslu,** Ballará 21. júní.
3 þingmálafundargjörðir úr **Barðastrandarsýslu:**
1. Stað á Reykjanesi 19. júní.
2. Bíldudal 14. júní.
3. do. 13. —

Þingmálafundargjörð úr **Vestur-Ísafjarðarsýslu,** Þingeyri 22. júní.
Þingmálafundargjörð úr **Norður-Ísafjarðarsýslu,** Bolungarvík 21. júní.
Þingmálafundargjörð úr **Ísafjarðarkaupstað** 1. júní.
3 þingmálafundargjörðir úr **Strandasýslu:**
1. Bæ (í Hrútafirði) 13. júní.
2. Broddanesi 15. júní.
3. Hólmavík 22. júní.

3 þingmálafundargjörðir úr **Húnavatnssýslu:**
1. Bergi á Skagaströnd 18. maí.

2. Blönduósi 21. maí.
3. Hvammstanga 24. maí.

5 þingmálafundargjörðir úr **Skagafjarðarsýslu:**
1. Hólum í Hjaltadal 20. maí.
2. Viðvíkurhreppi 30. maí.
3. Hofsós 14. júní.
4. Við Reykjalaug 16. júní.
5. Sauðárkróki 18. júní.

Þingmálafundargjörð úr **Eyjafjarðarsýslu,** Akureyri 8. júní.

Þingmálafundargjörð úr **Akureyrarkaupstað** 29. maí.

2 þingmálafundargjörðir úr **Suður-Þingeyjarsýslu:**
1. Svalbarði 27. maí.
2. Breiðumýri 1. júní.

Þingmálafundargjörð úr **Norður-Þingeyjarsýslu,** Skinnastöðum 27. apríl.

11 þingmálafundir úr **Norður-Múlasýslu:**
1. Seyðisfjarðarkaupstað 14. maí.
2. Skeggjastöðum (á Langanesströnd) 27. maí.
3. Vopnafirði 30. maí.
4. Skjöldólfsstöðum 3. júní.
5. Sleðbrjót 4. júní.
6. Kirkjubæ 5. júní.
7. Kóreksstöðum 6. júní.
8. Valþjófsstað 8. júní.
9. Þórarinsstaðaeyri (Seyðisfirði) 14. júní.
10. Lagarfljótsbrú 30. júní.
11. Meðalnesi í Fellum 20. apríl.

6. þingmálafundargjörðir úr **Suður-Múlasýslu:**
1. Breiðdalsvík 31. maí.
2. Kirkjubóli 1. júní.
3. Búðum í Fáskrúðsfirði 2. júní.
4. Eskifirði 4. júní.
5. Ketilsstöðum á Völlum 16. júní.
6. Mjóafirði 22. júní.

Fundargjörð úr Ísafjarðarkaupstað, áhrærandi bókasafn Vesturamtsins, 15. desbr. 1906.
Landsmálafundargjörð frá fjelagi íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn 11. maí.
Skýrsla um þjóðfund þann, sem haldinn var á Þingvöllum við Öxará 29. júní þ. á.

Ed.
í kirkjumálunum.

616. Nefndarálit

Frá kirkjumálanefndinni.

Af kirkjumálafrumvörpunum 10, er afgreidd voru af hv. Efri deild til hv. Neðri deildar, hefur hún samþykt óbreytt þrjú: frumvarp til laga um veiting prestakalla, frumvarp til laga um umsjón og fjárhald kirkna og frumvarp til laga um lán til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum. Hinum sjö hefur hún breytt meira og minna; eru þau:

1. Frumvarp til laga um skipun sóknarnefnda og hjeraðsnefnda.
2. Frumvarp til laga um sölu kirkjujarða.
3. Frumvarp til laga um ellistyrk presta og eftirlaun.
4. Frumvarp til laga um skyldu presta til að kaupa ekkjum sínum lífeyri.
5. Frumvarp til laga um laun prófasta.
6. Frumvarp til laga um skipun prestakalla og
7. Frumvarp til laga um laun sóknarpresta.

Breytingar Neðri deildar á 5 fyrstnefndu frumvörpunum eru ýmist orðabreytingar eða breytingar, sem standa í sambandi við breytingar hennar á launafrumvarpinu, og getur nefndin vel fallist á þær. Líkt er að segja um breytingarnar á prestakallaskipunarfrumvarpinu. Hv. Neðri deild hefur að vísu farið enn lengra í sameiningum prestakallanna, þar sem hún leggur til, að prestaköllunum verði enn fækkað um fjögur frá frumvarpi Efri deildar; eru prestaköll þessi: Mosfell í Mosfellssveit, sem skift er upp milli Reykjavíkur og Reynivalla; Hvammur í Norðurárdal, milli Stafholts og Reykholts; Miklaholt milli Staðarhrauns og Staðarstaðar og Möðruvallaklaustur milli Tjarnar og Bægisár. Nefndin telur sameiningar þessar ekki öllu djarfari, en sumar aðrar í frumv. Efri deildar, og getur því, eftir atvikum, fallist á þær, með því að málinu er annars teflt í tvísýnu.

Þá er prestalaunafrumvarpið. Á því er gjörð sú aðalbreyting í h. Nd., að sóknartekjurnar, er Ed. vildi afnema, eru aftur teknar upp í frumvarpið og sóknarnefndum ætlað að innheimta þær, eins og ákveðið var í frumvarpi stjórnarinnar. Þetta er mikil breyting og fer fjarri því, að nefndin telji hana til bóta, þar sem enn á um óákveðinn tíma að halda þessum óvinsælu og miður rjettlátu gjöldum, að vísu er það allmikil bót fyrir prestana, að innheimtu þessara gjalda er þó ljett af þeim. Flestallar hinar breytingar Nd. á frv. eru afleiðing af þessari aðalbreyting, eða standa í sambandi við hana, beinlínis eða óbeinlínis.

Nú er svo liðið á þingtímann, að breytingum verður eigi komið að á frv. þessu, eigi það að geta orðið að lögum. Öll hin frumvörpin standa í svo nánu sambandi við það, að þau hljóta að standa og falla með því. Þótt nefndin því telji frumvarp þetta miklu óaðgengilegra með breytingum h. Nd., vill hún ekki ráða h. Ed. frá, að samþykkja það og ónýta með því alla þá fyrirhöfn og kostnað, sem varið hefur verið af þingi og stjórn til kirkjumálanna í heild sinni, og það því síður, sem frumvörp þessi yfirleitt fela í sjer margar og miklar rjettarbætur. Á hinn bóginn treystir nefndin því, að innan skamms verði ráðnar bætur á stærsta annmarkanum, sóknartekjuákvæðunum, og fleiri misfellum, sem tímans vegna ekki er auðið að bæta úr á þessu þingi.

Nefndin ræður því h. deild til að samþykkja öll þessi frv. óbreytt.

Alþingi, 9. sept. 1907.

Eiríkur Briem form.	Sigurður Stefánsson skrifari og framsögumaður.	Sigurður Jensson.
	Guttormur Vigfússon með fyrirvara.	Þórarinn Jónsson.

Ed. **617. Framhaldsnefndarálit**
um frumv. til laga stjórn landsbókasafnsins.

Á frumv. þessu hefur orðið sú ein breyting í háttv. Nd., að bætt er við grein þess efnis (4. gr. frv.), að skipa skuli 5 manna nefnd af kennurum embættaskólanna og hins almenna mentaskóla landsbókaverði til ráðaneytis við kaup bóka og handrita.

Þó að þessi breyting sje að vorum dómi ekki til bóta, teljum vjer ekki ástæðu til, að gjöra úr henni neinn ágreining, og leggjum til, að frumvarpið sje samþykt óbreytt.

Alþingi, 9. septbr. 1907.

Björn M. Ólsen, formaður og framsögumaður. Jón Jakobsson, skrifari.
Valtýr Guðmundsson.

Nd. **618. Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1908 og 1909.
Flutningsm.: L. H. Bjarnason.

Við 13. gr. D. 3. Eftir liðinn komi nýr, 4. liður svo hljóðandi:
Til talsíma frá Borgarnesi til Stykkishólms (seinna árið). 54,000 kr.
Þar af væntist annarsstaðar frá allt að 18,000 —
36,000 kr.

Nd. **619. Viðaukatillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir 1908 og 1909.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).
Flutningsmaður Hannes Þorsteinsson.

Við 13. gr. B. II. Aftan við stafl. 3 bætist nýr liður:
Til byrjunar á Grímsnessbrautinni frá Ingólfsfjalli hjá Alviðru upp á móts við Miðengisflatir 4000—4000, gegn 4000 kr. tillagi annarsstaðar frá.

Nd. **620. Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).
Flutningsmaður: Hannes Þorsteinsson.

Við 13. gr. D. II. 6. Í stað »12,000« komi: 8,000.

Ed.

621. Frumvarp

til laga um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

I. kafli.

Um lausamenn.

1. gr.

Þeir menn eru eigi skyldir til að vera í vist, er hafa 200 kr. eða meira í árságóða af fasteignum eða öðru fje.

2. gr.

Hverjum þeim manni, sem er 18 ára að aldri, eða að fullu fjár síns ráðandi, þótt yngri sje, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni með því að taka leyfisbrjef hjá lögreglustjóra.

Fyrir leyfisbrjef skal karlmaður gjalda 15 kr., en kvenmaður 5 krónur. Rennur það fje í styrktarsjóð handa alþýðufólki í þeim hreppi eða bæjarfjelagi, er hann var síðast vistfastur í.

Sá, sem er fullra 30 ára að aldri, fær leyfisbrjefið, án þess, að greiða gjald þetta.

Sá, er leyfisbrjefið vill fá, skal taka það í síðasta lagi 1. dag maímánaðar það ár, er hann gengur úr fastri vist.

3. gr.

Auk gjalds þess, er ræðir um í 2. gr., skal greiða í landssjóð 2 kr fyrir útgáfu leyfisbrjefs hvers.

4. gr.

Skylt er hverjum manni, er þannig verður laus, að hafa fast ársheimili, og skal hann tilkynna hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarfógeta á vori hverju, eigi síðar en 20. júní, hjá hverjum húsráðanda heimili hans er, og sanna það með skírteini frá húsráðandanum, ef hreppstjóri eða bæjarfógeti krefst þess. Verði ella sekur um 4—20 kr., og renni þær sektir í fátækrasjóð.

5. gr.

Rjett er, að lausamaður greiði þar lögboðin gjöld, sem ársheimili hans er. Nú greiðir hann eigi gjöld þessi á rjettum gjalddaga, og er þá húsráðandi sá, er lausamaður á heimili hjá, skyldur að greiða gjöldin fyrir hann, nema hann geti vísað á eignir, er lausamaður á, og teknar verði lögtaki til lúkningar gjöldunum.

6. gr.

Láti nokkur, sem fengið hefur leyfisbrjef til að komast hjá vist, undanfalla 2 ár í bili að greiða lögboðin gjöld eður skylduverk, eða þurfi fjárnámi

að beita 2 ár hvort eftir annað, til að ná þeim gjöldum, þá hefur hann fyrirgjört þeim rjetti sínum, er leyfisbrjefið veitir honum, en veita má honum leyfisbrjef að nýju eftir eitt ár.

7. gr.

Lögreglustjórnin skal hafa vakandi auga á því, að enginn sá, sem er skyldur að vera í vist, komi sjer hjá skyldu þeirri, og skulu lögreglustjórar á hverju manntalsþingi grenslast eftir, hvort brotið hafi verið á móti lögum þessum.

Lögreglustjórnin skal vaka yfir því, að þeir, sem leyst hafa leyfisbrjef, hafi fast heimili og sjeu ekki á flakki; en verði þeir sekir í flakki, sektast þeir 4—40 kr., og skal lögreglustjórnin útvega þeim samastað, ef þeir engan hafa.

8. gr.

Hver sá, sem skyldur er að fara í vist, en hefur eigi gjört það, nje heldur keypt leyfisbrjef það, sem um er rætt í 2. gr., verður um það sekur 10—50 kr., og greiði að auki jafnmikið og lúka á fyrir leyfisbrjef eftir 2. gr. Þyngja skal jafnan sektina, ef brotið er ítrekað eða beitt er röngum fyrirburði um vistarráð, eða ef maður gjörir sig sekan í flakki.

9. gr.

Hver sá, er hjálpar öðrum til að koma sjer undan skyldu sinni að fara í vist, skal eftir málavöxtum sektast um helming eða alt að tveim þriðjungum þeirra sekta, sem ákveðnar eru í næstu grein á undan.

II. kafli.

Um húsmenn og þurrabúðarmenn.

10. gr.

Nú vill maður setjast að í húsmensku eða þurrabúð og skal hann þá skýra lögreglustjóra í kaupstöðum og hreppstjóra annarstaðar frá því, að minsta kosti 4 vikum áður en hann ætlar að setjast að þannig í kaupstöðum eða sveitinni, og um leið skal hann sanna fyrir lögreglustjóra eða hreppstjóra, að hann eigi vísan samastað þar um 1 ár að minsta kosti.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri gefur manni þeim, er húsmaður eða þurrabúðarmaður vill gjörast, vottorð um tilkynninguna, og er vottorð þetta að skoða sem bygðarleyfi.

11. gr.

Nú sest maður að í húsmensku eða þurrabúð án þess að fullnægja áður skilyrðum þeim, er ræðir um í 10. gr., og er hann þá sekur um 10—50 krónur.

Sömu sekt sætir húsráðandi, er húsmann eða þurrabúðarmann tekur, er eigi hefur bygðarleyfi samkvæmt 10. gr.

12. gr.

Ákvæði 10. og 11. gr. ná og til þeirra manna, er til afnota hafa jarðarpart, er eigi er stærri en 1 hundrað.

13. gr.

Enginn má selja á leigu þurrabúðir utan kaupstaðar eða verslunarstaðar, hvort sem henni fylgja sjerstök hús eða landsdrottinn leigir af eigin húsum sínum, nema með þessum skilyrðum:

a. að þurrabúðinni fylgi lóð með ákveðnum merkjum, er að minsta kosti sje 900 ferh.faðmar að stærð. Fjara skal eigi talin með, þar sem hún fylgir þurrabúðinni;
b. að þurrabúðin hafi nægileg húsakynni fyrir þann, er við tekur, og að þau sjeu viðunanlega loftgóð og hlý, eftir dómi skilríkra manna;
c. að þurrabúðin sje afhent viðtakanda með löglegri úttekt.

Nú byggir þurrabúðarmaður sjálfur hús þurrabúðar með heimild umráðamanns jarðar, og gilda þá sömu reglur um úthlutun lóðar, enda fullnægi húsin þeim skilyrðum, sem mælt er fyrir í þessari grein.

14. gr.

Þurrabúðarmaður sá, er tekur við þurrabúð með óræktaðri lóð, skal hafa ræktað hana og girt innan 7 ára; vera skal hann undanþeginn eftirgjaldi af lóðinni þessi ár.

15. gr.

Þurrabúð með óræktaðri lóð skal ávalt bygð að minsta kosti 8 ár. — Landsdrottinn skal gefa þurrabúðarmanni byggingarbrjef, þar sem skýrt er tekið fram um ábúðartíma, rjettindi og skyldur þurrabúðarmannsins. Eigi má tiltaka leigumálann í vinnukvöðum, nema þær sjeu ætlaðar til umbóta þurrabúðarlóðinni eða húsum á henni. Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbrjef, og skal þurrabúðin þá álítast bygð þurrabúðarmanni og ekkju hans æfilangt og með þeim leigumála, er þurrabúðarmaður viðurkennir, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið.

16. gr.

Þegar ábúendaskifti verða á þeim þurrabúðum, sem þegar eru til, skal í öllu fara sem segir í lögum þessum um húsakynni, ræktun, úttekt og bygging.

17. gr.

Sýslunefndir geta eftir tillögum hreppsnefnda gjört undantekning frá

fyrirmælum 13. greinar, að því er snertir stærð þurrabúðarlóða í einstökum bygðarlögum, þar sem landshættir mæla með því. Þó má sýslunefnd aldrei ákveða stærð þurrabúðarlóða minni en 300 ferh. faðma og ekki stærri en 1800 ferh. faðma.

18. gr.

Nema öðru vísi sje ákveðið í einstökum greinum, varða brot gegn lögum þessum 2—100 kr. sekt.

Fyrir lok hvers árs skulu hreppstjórar gefa sýslumönnum skýrslur um þurrabúðarmenn í hreppum þeirra og jafnframt upplýsingar um, hvort fyrirmælum 13.—15. greinar í lögum þessum sje fylgt. Skulu skýrslur þessar gjörðar eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur.

Sektir eftir lögum þessum renna að helmingi í hlutaðeigandi fátækrasjóð, en hinn helmingurinn renni í styrktarsjóð handa alþýðufólki í hreppnum.

19. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863, lög um þurrabúðarmenn 12. jan. 1888 og lög 2. febrúar 1894 um breyting á 2., 4. og 15. gr. í tilsk. um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana.

Nd. **622. Viðaukatillögur**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Flutningsmenn: Björn Bjarnarson. Lárus H. Bjarnason. Jón Magnússon.

Við 13. gr, D. II.

1. Eftir 2. lið komi 2 nýir liðir, sem orðist þannig:

a) Til símalagningar frá Borðeyri til Búðardals (seinna árið) 21,000
Hjer af væntist frá Dalasýslu 7,000 14,000

og til vara við tillögu á þingskj. 618.

b) Til síma frá Búðardal til Stykkishólms (seinna árið) 47,350
Hjer af væntist annarstaðar frá 15,783 31,567

2. Eftir 6. lið komi nýr liður, er orðist þannig:

Til síma frá Eystri Garðsauka til Vestmannaeyja (seinna árið) 42,300
Hjer af væntist annarstaðar frá 1/3 . . . . 14,100 28,200

Ed. **623. Frumvarp**

til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907.

(Eins og það var samþykt við eina umr. í Nd.).

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1906 og 1907 og fjáraukalögum 20. okt. 1905, fyrir 1904 og 1905, veitast kr. 160,962,66 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—8. gr. hjer á eftir:

2. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 11. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitast:

Við 7. g. Viðhald á húsum síðara árið (endurveiting) ... ... kr. 700
— 7. h. Húsbúnaður og áhöld ... ... — 200
Tiltölulegur hluti tillags til geðveikrahælisins á Kleppi frá miðjum maí til ársloka 1907 ... ... — 7,000
kr. 7,900

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til samgöngumála, veitast:

Við B. 6. Til að byggja hús undir áhöld landssjóðs ... ... kr. 5500
Stjórnarráðinu veitist heimild til að færa landssjóði til útgjalda en byggingarsjóði til inntekta upphæð, er samsvari verði hæfilegrar lóðar undir húsið í Arnarhólstúni.

Við B. 13. Viðbótarstyrkur til brúargjörðar á Jökulsá á Jökuldal ... ... — 1300

Við D. Aftan við liðinn bætist þessir liðir:

1. Til aukalínu frá Hofi til Vopnafjarðarkauptúns — 2000
2. Til aukalínu frá Seyðisfirði til Mjóafjarðar ... ... — 2500
3. Til þess að festa upp sjerstakan ritsíma á línunni frá Sauðárkrók til Akureyrar með hliðarspottum til Dalvíkur og Hjalteyrar ... ... — 12975
4. Til sjerstaks ritsíma á línuna frá Akureyri til Seyðisfjarðar ... ... — 23600
5. Til kaupa á staurum ásamt flutningi hingað til lands í haust:
   a, 5500 staurar til línunnar frá Borðeyri til Ísafjarðar ... ... kr. 41250
   b, 2000 staurar frá Ísafirði til Vatneyrar ... ... — 15000
   c, 2000 staurar frá Reykjavík til Ægissíðu ... ... — 15000
   d, 900 varastaurar ... ... — 6750 — 78000

Flyt: kr. 78000

Fluttar: kr. 78000

6. Til þess að ransaka nýjar símaleiðir og setja á fót nýjar stöðvar ... ... — 4000

kr. 129875

4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til kirkju og kenslumála, veitast:

Við A, b: Til varnargarðs fyrir Höfðaá, til varnar engjum á prestssetrinu Höfða í Fells-prestakalli ... ... kr. 177

Við B. V. b. Til stýrimannaskólans, til þess að stækka og endurbæta kjallarann undir skólahúsinu alt að — 500

Við B, VII. Utanfararstyrkur til sjera Magnúsar Helgasonar til að kynna sjer kennaraskóla erlendis ... — 500

kr. 1,177

5. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 15. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja veitast:

Við 1. g. Styrkur til að stunda skóggræðslu ... ... kr. 500

Við 18. a. Til ransóknarstofu í Reykjavík, stofnkostnaður ... — 552,53

kr. 1,052,53

6. gr.

Sem viðbót við upphæð þá, sem veitt er í fjáraukalögum 20. okt. 1905 fyrir árin 1904 og 1905 í 3. gr. 2 til ransóknarferða og undirbúnings við ritsímalagningu, veitast 2958 kr. 13 aur.

7. gr.

Í viðbót við útgjöld þau, sem um ræðir í 18. gr. fjárlaganna, má greiða kostnaðinn við ráðstafanir þær, sem stjórnin, ásamt móttökunefnd þeirri, sem kosin var af alþingismönnum á »Botnía« 1906, hefur gjört til þess að veita viðtökur konungi og ríkisdagsmönnum sumarið 1907. Stjórnin tekur ásamt nefndinni ákvörðun viðvíkjandi sölu húsa, er bygð hafa verið í þessu skyni, svo og sölu á timbri, vögnum, skrautmunum, borðbúnaði og hverskyns leifum, sem eftir eru af móttökuföngum. Andvirði seldra muna dregst frá kostnaðinum. Mismunurinn færist til útgjalda í landsreikningnum fyrir 1907. Reikningur yfir kostnað og skýrslur um sölu *muna* leggist fyrir alþingi 1909.

8. gr.

Stjórninni veitist heimild til þess að kaupa hús og lóð ekkju Halldórs Friðrikssonar yfirkennara fyrir alt að 18,000 kr. og til þess að afsala rjetti alþingis til lóðar Goodtemplarfjelagsins, er kaup þessi eru fullgjörð.

Ed. **624. Frumvarp**

til laga um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

Í staðinn fyrir 1. gr., 4. gr., 5. gr., 6. gr., 12. gr. 1. málslið, 18. gr. 1. málslið, 20. gr., 23. gr. 1. málsgrein tilskipunar 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, komi svo hljóðandi greinar:

1. gr.

(1. gr. tilskipunarinnar).

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru kosnir bæjarfulltrúar auk borgarstjóra, sem er oddviti hennar.

Borgarstjóri skal kosinn af bæjarstjórn til 6 ára í senn og hefur hann að launum úr bæjarsjóði 4500 kr. á ári, auk 1500 kr. í skrifstofufje.

2. gr.

(4. gr. tilskipunarinnar).

Hinir kjörnu bæjarfulltrúar skulu vera 15 að tölu, og kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

3. gr.

(5. gr. tilskipunarinnar).

Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, karlar og konur, sem eru 25 ára að aldri þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í bænum 1 ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, eru ekki öðrum háðir sem hjú og standa eigi í skuld fyrir sveitarstyrk — ef þeir greiða skattgjald til bæjarsjóðs. Konur kjósanda hafa kosningarrjett, þó þær sjeu eigi fjár síns ráðandi vegna hjónabandsins og þótt þær eigi greiði sjerstaklega gjald í bæjarsjóð, ef þær að öðru leyti uppfylla áðurgreind skilyrði fyrir kosningarrjetti.

Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefur. Þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, heldur eigi foreldrar og börn, nje móðurforeldrar, eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Heimilt er og konum jafnan að skorast undan kosningu.

4. gr.

(6. gr. tilskipunarinnar).

Í janúarmánuði 1908 skal kjósa fulla tölu bæjarfulltrúa. Gömlu bæjarfulltrúarnir fara jafnframt frá, en þá má endurkjósa. Af þeim bæjarfulltrúum er þá verða kosnir, fer einn þriðjungur frá eftir hlutkesti eftir 2 ár, annar þriðjungur eftir 4 ár, sömuleiðis eftir hlutkesti, og hinn síðasti þriðjungurinn eftir 6 ár. Í stað þeirra fulltrúa, er úr bæjarstjórninni ganga í hvert skifti, skal þegar kjósa jafn marga í hana til 6 ára. Á þennan hátt fer svo jafnan síðan einn þriðjungur hinna kjörnu bæjarfulltrúa frá annaðhvort ár og nýir

bæjarfulltrúar kosnir í staðinn. Kosningar í bæjarstjórn fara jafnan fram í janúar.

5. gr.
(12. gr. 1. liður tilskipunarinnar).

Virðist borgarstjóra að ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald bæjarstjórnarinnar, eða að hún sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni með því að rita atkvæði sitt í gjörðabókina.

6. gr.
(18. gr. 1. málsgrein tilskipunarinnar).

Innan loka nóvembermánaðar ár hvert skal samin áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir hið næsta ár. Skal áætlun þessi rædd í bæjarstjórninni á tveimur fundum með hálfs mánaðar millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin ihuga áætlunina grein fyrir grein út af fyrir sig, og skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin þá samþykkir hana, vera regla, sem farið verður eftir, fyrir upphæð bæjargjalda og fjárstjórn næsta árs, án þess að æðra samþykkis þurfi við, nema í því tilfelli, sem getið er um í 19. gr. bæjarstjórnartilskipunarinnar. Áætlun þessa skal leggja til sýnis á bæjarþingsstofunni, eða öðrum hentugum stað, eigi skemur en fjórtán daga í desembermánuði ár hvert.

7. gr.
(20. gr. tilskipunarinnar).

Niðurjöfnunarnefnd skal jafna niður gjöldum eftir efnum og ástæðum. Í nefndinni skulu vera 11, 13 eða 15 menn, eftir því sem bæjarstjórnin ákveður. Nefndin skal kosin í nóvembermánuði. Kosningarrjett og kjörgengi til nefndarinnar hafa þeir bæjarbúar, sem kosningarrjett og kjörgengi hafa til bæjarstjórnarinnar, og skal kosningin fara fram og henni hagað á sama hátt og eftir sömu reglum eins og kosningu til bæjarstjórnar. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, fer minni hlutinn (5, 6 eða 7) frá eftir 3 ár og skal það ákveðið með hlutkesti, hverjir nefndarmenn skuli frá fara; en meiri hlutinn (6, 7 eða 8) fer frá eftir 6 ár, og þar á eftir fer minni og meiri hlutinn frá, til skiftis, á þriggja ára fresti

8. gr.
(23. gr. 1. málsgrein tilskipunarinnar).

Niðurjöfnunarnefndin skal jafna niður hinum árlegu gjöldum í febrúarmánuði ár hvert fyrir það ár, er þá stendur yfir. Skrá yfir niðurjöfnunina skal liggja til sýnis á bæjarþingsstofunni, eða öðrum hentugum stað, eigi skemur en 14 daga í marsmánuði ár hvert. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta septembermánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig til kaupstaðarins, eftir að aðalniðurjöfnunin fór fram, og skyldir eru til að greiða skatt. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í 14 daga, eins og að framan er sagt.

9. gr:

Heimilt er niðurjöfnunarnefnd að krefjast þess, að borgarar bæjarins sendi henni á þar til gjörðum eyðublöðum skýrslu um árstekjur sínar og aðrar upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Skylt er nefndinni, að halda þessum upplýsingum leyndum.

Hver borgari bæjarins getur heimtað, að hann sje tekinn upp á niðurjöfnunarskrá.

10. gr.

2., 3. og 4. gr. laga þessara koma í gildi 1. janúar 1908. Að öðru leyti fá þau gildi 1. júlí s. á.

Ed. **625. Frumvarp**
til laga um stofnun brunabótafjelags Íslands.
(Eftir 2. umr. í Ed.).

Verksvið fjelagsins.

1. gr.

Landsstjórnin gengst fyrir því, að á stofn sje sett brunabótafjelag með gagnkvæmri ábyrgð. Fjelagið nefnist brunabótafjelag Íslands. Það tekur að sjer brunabótatrygging á húseignum á Íslandi utan Reykjavíkur, sem eigi eru tryggingarskyldar í brunabótasjóði, stofnuðum eftir lögum nr. 26, 20. oktbr. 1905; ennfremur tryggir fjelagið lausafje á Íslandi gegn eldsvoða.

Stjórnarráðið semur reglugjörð fyrir fjelagið, ákveður flokkunarreglur, iðgjöld og tryggingarskilyrði, og setur yfir höfuð allar nánari reglur um starfrækslu fjelagsins, þó svo, að gætt sje ákvæða þeirra, er hjer fara á eftir.

2. gr.

Fjelagið er gagnkvæmilegt brunabótafjelag með ábyrgð landssjóðs fyrir alt að 600,000 kr., og tekur að sjer:

A. Trygging á $^5/_6$ hlutum verðs með hluttöku sveitarfjelaga í eldsvoðaábyrgðinni:
   1) á húseignum í kaupstöðum utan Reykjavíkur og í kauptúnum með 300 íbúum eða fleirum.
   2) á lausafje í kaupstöðum þeim og kauptúnum, er getið er í tölulið 1, og í Reykjavík.

B. Trygging á $^2/_3$ tjóns af eldsvoða á lausafje og á húseignum þeim utan Reykjavíkur, sem ekki verða trygðar eftir staflið A með hluttekning sveitarfjelags, og eigi eru heldur tryggingarskyldar í brunabótasjóði, er hreppur hefir stofnað.

3. gr.

Í kaupstöðum þeim og kauptúnum, sem um er rætt í 2. gr. A., skulu allar húseignir, hvort sem þær eru eign einstakra manna, fjelaga eða hins opinbera, að undanskildum húseignum landssjóðs, vátrygðar fyrir eldsvoða í brunabótafjelagi landsins.

4. gr.

Á þeim stöðum, er vátryggingarskylda á húseignum gildir samkvæmt 3. gr., hvort sem eru kaupstaðir eða kauptún, eiga menn rjett á að fá trygt í brunabótafjelaginu allskonar lausafje, þar með taldar verslunarvörur, og sömuleiðis skip og báta á landi eða í skipakví.

5. gr.

Eigendur húsa þeirra og lausafjár, sem fjelagið tryggir að $^5/_6$ hlutum samkvæmt 2. gr. A., skulu sjálfir bera ábyrgð á þeim $^1/_6$, sem fjelagið tekur ekki í ábyrgð, og er bannað, að vátryggja þann hluta fyrir eldsvoða í nokkurri stofnun innan lands eða utan.

6. gr.

Fjelaginu er skylt, að endurtryggja hjá öðrum brunabótafjelögum það sem einstakar vátryggingar, er fjelagið tekur að sjer, eru hærri en hjer segir:

A. með hluttöku sveitarfjelags í ábyrgðinni, trygging á húsi eða húsaþyrpingu í sameiginlegri brunahættu 10,000 kr. og lausafjártrygging 6,000 kr.

B. án hluttöku sveitarfjelags í ábyrgðinni, trygging á húseign 7,500 kr. og lausafjártrygging 4,500 kr.

Trygging með hluttöku sveitarfjelags í áhættunni.

7. gr.

Öll þau hús og alt lausafje, sem fjelagið tryggir, hvort er í Reykjavík eða í kaupstöðum þeim og verslunarstöðum, er um ræðir í 2. gr. A, skal hlutaðeigandi sveitarfjelag ábyrgjast að $^1/_5$ hluta ábyrgðarinnar ($^1/_6$ hluta verðs), þó skal það engan þátt taka í þeim hluta ábyrgðarinnar, sem endurtrygður er, og þannig aldrei í meira en 10000 kr. af hverri hústrygging og 6000 kr. af hverri lausafjártrygging.

Hverju sveitarfjelagi skal færður til tekna hluti af iðgjaldinu að rjettri tiltölu við áhættu þess. Þenna hluta iðgjaldanna, ásamt vöxtum, skal fjelagið geyma og fara með sem iðgjaldasjóð, er sveitarfjelagið á, og ekki má af taka, nema til greiðslu þess, er á sveitarfjelagið kann að koma af brunabótum.

8. gr.

Ef brennur, greiðir fjelagið allar brunabæturnar. Það sem sveitar-

fjelagið á að greiða, skal, svo sem til vinst, taka af inneign þess í iðgjaldasjóði, en hrökkvi inneignin ekki til, skal greiða það, er á vantar, af sveitarsjóði innan missiris.

9. gr.

Nú hafa brunabætur verið greiddar af sveitarsjóði samkvæmt 8. gr., og skal þá sveitarstjórn jafna þeim niður á sveitarbúa á alt að 15 árum, nema upphæðin sje svo lítil, að hana megi að áliti sveitarstjórnar greiða sem önnur gjöld sveitarsjóðs án endurgjalds.

Niðurjöfnuninni skal haga svo, að brunabótum fyrir hús sje jafnað niður á allar húseignir í kaupstaðnum eða verslunarstaðnum að undanskildum húseignum landssjóðs, eftir verði bygginga, en brunabótum fyrir lausafje skal jafnað niður á alla þá, sem gjaldskyldir eru til sveitar, sem aukaútsvari eftir efnum og ástæðum.

Um öll atriði, er snerta niðurjöfnunina, getur hver gjaldandi leitað úrskurðar sýslunefndar eða bæjarstjórnar, og er sá úrskurður fullnaðarúrslit.

Stjórnarráðið getur veitt samþykki sitt til þess, að brunabætur, er sveitarsjóður verður að greiða, endurgreiðist honum að öllu eða nokkru leyti af því fje, er annars ætti að greiða í iðgjaldasjóð sveitarfjelagsins.

Trygging án hluttöku sveitarfjelags í áhættunni.

10. gr.

Fjelagið getur tekið í brunabótaábyrgð hús og lausafje annarsstaðar en í kaupstöðum þeim og verslunarstöðum, sem eftir framanskráðum reglum taka þátt í áhættunni. Slíka ábyrgð tekur fjelagið þó ekki að sjer, nema með því einu skilyrði, að einungis $^2/_3$ af skaðanum endurgjaldist, og að sá $^1/_3$ hluti, sem ekki verður endurgoldinn, ekki sje trygður annarsstaðar.

11. gr.

Fjelagið má ekki, nema samþykki stjórnarráðsins komi til, taka í ábyrgð byggingar, er mundu vera tryggingarskyldar í brunabótasjóði eftir lögum 20. oktbr. 1905, ef stofnaður væri.

Almenn ákvæði.

12. gr.

Vátryggjendur í fjelaginu ábyrgjast, hver gagnvart öðrum, að fjelagið standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi að eins til eignar þeirrar, er vátrygð er í

fjelaginu. Ábyrgðin skal ákveðin í hlutfalli við þann hluta eignarinnar, sem vátrygður er.

Skaðabóta má að eins krefjast af vátryggjendum í fjelaginu á þann hátt, að heimt sjeu inn aukaiðgjöld, er eigi sjeu hærri neitt ár, en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í brunabótaskírteininu.

13. gr.

Landssjóður ábyrgist með alt að 600,000 kr., að fjelagið uppfylli skyldur sínar. Geti fjelagið eigi af eigin ramleik borgað skaðabætur, er skylt er að greiða, leggur landssjóður til það sem á vantar, þó aldrei meira, en áðurnefnda upphæð.

Ef fjelagið hefur orðið að leita aðstoðar landssjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá, er það hefur þegið af landssjóði, að viðbættum 4% í árlega vöxtu, endurgreiðast smátt og smátt, eftir því sem efni fjelagsins leyfa. Nú nemur fje það, er lagt hefur verið fram af landssjóði, að meðtöldum vöxtum meiru en 50,000 kr., og skal þá fjelagið gjöra tryggjendum, að greiða aukaiðgjöld, þannig, að það, sem fram yfir er 50,000 kr., endurgjaldist landssjóði á 10 árum í seinasta lagi ef hægt er, en ávalt skal gæta ákvæða 12. gr. um stærð aukaiðgjaldsins.

Af ábyrgðarupphæð landssjóðs má þegar afhenda fjelaginu alt að 20,000 kr. sem starfsfje, en greiða skal af því 4% árlega. Endurborga skal þetta fje af gróða fjelagsins, þá er varasjóður nemur 20,000 kr.

14. gr.

Að því er snertir lausafje, svo og húseignir aðrar en þær, sem vátryggingarskyldar eru samkvæmt 3. gr., má ganga úr fjelaginu við áramót að undan genginni uppsögn með 3 mánaða fresti, og gegn því, að vátryggjandi greiði iðgjald sitt til þess tíma, er hann fer úr fjelaginu, og sinn hluta af skaðabótum þeim, er á hafa fallið áður, ef þær nema meiru en sjóður brunabótafjelagsins.

Áður en nokkurt hús sje tekið úr trygging fjelagsins, verður sá, er trygginguna hefur fengið, að fá samþykki til þess frá öllum þeim, sem samkvæmt þinglesnu veðbrjefi, aðför eða kaupsamningi, eiga á einhvern hátt tillkall til hússins.

Enga byggingu má fella úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sje eigi greitt.

15. gr.

Fjelagið tekur eigi ábyrgð á tjóni, sem orsakast af jarðskjálfta eða ófriði, nje heldur á tjóni, sem af því leiðir, að vátryggjandi, kona hans eða nánustu erfingjar eru valdir að brunanum, af ásettu ráði eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi.

Fjelagið á auk þess rjett á, að draga alt að fjórðung af brunabótunum, er vátryggjandi hefur út af eldsvoðanum verið dæmdur í sekt fyrir brot gegn brunamálalögunum, eða hann hefur gengist undir það sjálfviljugur að greiða slíka sekt.

16. gr.

Tjón, sem eigi nemur meiru en 30 kr., verður eigi bætt, og sje það meira,

skal draga þá upphæð frá brunabótunum. Ef sjerstaklega stendur á, má fjelagsstjórnin þó gjöra undantekning frá þessum ákvæðum.

Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um tjón, er stafar af ráðstöfunum til þess, að hindra útbreiðslu eldsvoða, sem þegar er upp kominn.

17. gr.

Skaðabætur má eigi greiða af hendi fyr en haldin hefur verið rjettarransókn út af brunanum; þó má fjelagsstjórnin gjöra undantekning frá þessu, er tjónið eigi nemur meiru en 500 kr.

18. gr.

Bætur fyrir tjón á húsum má að eins greiða til þess að byggja upp á sama stað eða gjöra við hús það, er brunnið hefur, sbr. þó 19. gr.

Við húsábyrgðir er fjelaginu skylt að tryggja það, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sje varið rjettilega.

Fjelagsstjórnin, ásamt sveitarstjórn, ef sveit er hluttaki, má veita undanþágu frá fyrsta lið þessarar greinar, þó svo að 15—20% af brunabótaupphæðinni sje þá dregið frá, nema almannahagur heimti, að vikið sje frá þessum ákvæðum.

19. gr.

Þegar eignir þær, er trygðar eru hjá fjelaginu, eru veðsettar, nær veðrjetturinn einnig til brunabótafjárins. Glati veðsetjandi rjetti sínum til brunabótanna, á veðhafi engu að síður heimting á greiðslu þeirra, svo sem með þarf til þess að borga kröfuskuld hans með eins árs vöxtum, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

20. gr.

Tryggingariðgjaldið hvílir á húseignum þeim, er trygðar eru í fjelaginu, og gengur í 2 ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, er á þeim liggja, nema sköttum til landssjóðs.

Öll iðgjöld til fjelagsins og virðingargjöld má heimta með lögtaki.

Um það fje, sem sveitarstjórnir jafna niður samkvæmt 9. gr., fer sem um önnur sveitargjöld.

21. gr.

Eindagi á öllum iðgjöldum skal vera 15. október. Nú eru eignir vátrygðar á öðrum tíma, og skal þá ávalt fyrsta vátryggingartímabilið teljast til 15. október þess, er næstur kemur eftir að vátryggingin byrjar, nema vátryggt sje til skemri tíma.

22. gr.

Í reglugjörð fjelagsins skulu sett nánari ákvæði um virðingar á eignum þeim, er trygðar eru hjá fjelaginu, og á tjóni því, er á þeim kann að verða.

Skylda má sveitarstjórnir til og hreppstjóra, að veita fjelaginu aðstoð sína í því efni kauplaust.

Sveitarstjórnirnar í þeim sveitum, er þátt taka í áhættunni, eru yfirleitt skyldar til þess, að gæta hags fjelagsins kauplaust. Enn fremur ber þeim, að heimta inn iðgjöldin eftir nánari ákvæðum í reglugjörðinni.

Stjórn fjelagsins.

23. gr.

Fjelagið skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík, og stendur undir umsjón stjórnarráðsins. Fjelaginu stjórnar framkvæmdarstjóri, sem skipaður er af ráðherra Íslands. Fjelagið greiðir stjórnarkostnað, þar með talin laun framkvæmdarstjóra.

Þegar sameiginlegur brunabótasjóður er stofnaður eftir lögum 20. oktbr. 1905, skal hann hafa sömu stjórn sem brunabótafjelag Íslands og vera yfirleitt í samvinnu við það, þannig, að stjórnarkostnaðurinn skiftist milli þeirra eftir ákvæði stjórnarráðsins. Annars eru fjelagið og brunabótasjóðurinn reikningslega alveg óháð hvort öðru.

24. gr.

Áður en reglugjörð, flokkunarreglur, iðgjöld og tryggingarskilyrði eru sett, skal leita álits sveitarfjelaga þeirra, er hlut taka í ábyrgð. Þær sveitarstjórnir, er í hlut eiga, eiga rjett á að koma fram með tillögur um öll málefni fjelagsins, enda skal leita álits þeirra um öll málefni, er mjög eru mikilsverð, og þau atriði, er einkum koma þeim við.

25. gr.

Þegar fjelagið er orðið svo stórt, að ársiðgjöldin nema meiru en 75,000 kr., skal stjórnarráðið semja frumvarp til laga um breyting á stjórn þess í þá átt, að skipað sje fulltrúaráð til þess, að gæta hags sveitarfjelaganna og vátryggjenda. Þegar fengnar eru umsagnir hlutaðeigandi sveitarstjórna, skal frumvarpið lagt fyrir alþingi.

Um brunabótatrygging á eignum landssjóðs.

26. gr.

Á eignum landssjóðs — að undanteknum byggingum í Reykjavík — skal framvegis ekki fengin ábyrgð gegn eldsvoða. Í stað þess skal árlega leggja í tryggingarsjóð, er landssjóður á, svo mikið fje, að samsvari því, er hann mundi eiga að greiða í Brunabótafjelagi Íslands.

Stjórn brunabótasjóðs landssjóðs skal falin brunabótafjelagi Íslands; fyrir

það má veita fjelaginu þóknun, er stjórnarráðið ákveður. Að öðru leyti er enginn fjelagsskapur með brunabótafjelaginu og brunabótasjóði landssjóðs; ef síðastnefndur sjóður með vöxtum hrekkur eigi til þess að greiða tjón af eldsvoða á eignum landssjóðs, þá verður landssjóður að bera skaðann að öðru leyti.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um þetta atriði.

Reikningar, snertandi brunabótasjóð landssjóðs, skulu árlega fylgja landsreikningnum og skulu yfirskoðunarmenn landsreikninganna einnig yfirfara þá.

Um það, hvenær fjelagið taki til starfa.

27. gr.

Landsstjórnin sjer um, að lög þessi komi til framkvæmda og brunabótafjelag það, er ræðir um í lögunum, taki til starfa svo fljótt, sem verða má.

28. gr.

Brjóti vátryggjandi móti lögum þessum eða reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varðar það rjettarmissi til brunabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugjörð nánar til tekur.

Í reglugjörð má ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 5—500 kr., er renni í sjóð þann, sem brotið er við.

29. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Ed.

626. Frumvarp

til laga um brunamál.

(Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.).

I. kafli.

Um tilhögun húsa og eldstæða.

1. gr.

Þá er ný húseign er reist, hvort heldur er einstakt hús eða fleiri hús en eitt, sem ætluð eru til sameiginlegra afnota og standa á sömu lóð, skulu vera auð millibil milli hennar og annara húseigna, svo stór sem hjer segir:

a. 20 álnir, ef báðar húseignirnar eru úr timbri, ójárnvarðar.

b. 15 álnir, ef önnur húseignin er úr steini, torfi eða úr timbri járnvarin, en hin úr timbri ójárnvarin.
c. 10 álnir, ef báðar húseignir eru úr steini, torfi eða úr timbri járnvarðar.
d. 5 álnir, ef eldvarnarveggur er fyrir annari húseigninni, að minsta kosti 6 þumlungum hærri, en veggir þess húss, sem eldvarnarveggurinn stendur við, enda sje það hús með eldtraustu þaki, en eldtraust þök skulu talin járnþök og önnur málmþök, helluþök og tjörupappaþök einföld eða tvöföld, ef þykt pappans eða pappalaganna til samans er að minsta kosti $1^{8}/_{10}$ línu.
e. Loks mega húseignir vera samfastar, ef milli þeirra er sameiginlegur eldvarnarveggur, að minsta kosti 6 þuml. hærri en hærri húseignin.

Eldvarnarveggir skulu vera að minsta kosti 7 þuml. þykkir, hlaðnir úr steinlímdu grjóti eða úr steinsteypu, og mega eigi vera í þeim viðir eða neinskonar op.

Nú er húseign að nokkru leyti úr steini, torfi eða úr timbri járnvarin, en að nokkru leyti úr timbri ójárnvarin, og má þá enginn hluti hennar vera nær annari húseign, eða hluta af annari húseign, en svo, að hver einstakur hluti fullnægi þeim fjarlægðar-ákvæðum, er að framan eru sett um heila húseign af sömu gjörð.

2. gr.

Lýsisbræðsluhús, tígulofna og kalkofna má eigi byggja nær öðrum húseignum, en 50 álnir frá þeim.

3. gr.

Eigi má byggja hús til að geyma í skotelda, eða til þess að búa til í skotelda, nær öðrum húsum en 100 álnir frá þeim.

Hús til þess að geyma í púður eða önnur sprengiefni má eigi byggja, nema með sjerstöku leyfi lögreglustjóra.

4. gr.

Nú vill maður gjöra viðbót við húseign sína og skal þá fylgt framangreindum reglum um fjarlægð frá öðrum húseignum eftir gjörð viðbótarinnar, nema viðbótin komi eigi nær öðrum húseignum en hinn eldri hluti húseignarinnar og sje eigi miður eldtraust en hann.

5. gr.

Framangreind ákvæði um fjarlægð nýrra húseigna frá öðrum húseignum skulu einnig gilda, þá er húseignir eru endurreistar, eftir að þær hafa brunnið eða verið rifnar niður, ef hlutaðeigandi hefur nægilega stóra lóð til þess. Sje lóðin eigi nægileg til þessa, eða ef að eins nokkur hluti húseignarinnar hefur brunnið eða verið rifinn niður, má endurreisa hana á sama stað og með sömu gjörð og áður. Þessi undanþága nær þó eigi til slíkra bygginga, sem ræðir um í 2. og 3. gr.

6. gr.

Í smiðjum og trjesmíðavinnustofum, þar sem eldstæði er, eða farið er með eld, skulu veggir vera úr steini eða steinsteypu, eða reyrlagðir og kalkaðir eða með sementshúð innan, ef þeir eru úr trje; loftin skulu og vera reyrlögð og kölkuð, ef þau eru úr trje, eða klædd með járnþynnum á listum. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá þessu, ef smiðja eða trjesmíðavinnustofa er sjerstakt hús eða er í útihúsi, þar sem eigi er íbúð nje önnur eldstæði og eigi geymd eldfim efni, ef ekki verður álitið, að öðrum húsum stafi brunahætta af smiðjunni.

7. gr.

Herbergi, sem geyma á í hey, hálm eða önnur þess konar eldfim efni, skulu greind frá öðrum herbergjum þeim, er eldstæði eru í, með steinveggjum eða steyptum veggjum eða trjeveggjum reyrlögðum og kölkuðum eða klæddum með járnþynnum á listum eða með sementshúð þeim megin, er veit að herbergi því, sem eldstæði er í.

Dyr mega eigi vera að slíkum geymsluherbergjum frá eldhúsum með opnum eldstæðum eða frá smiðjum eða trjesmíðavinnustofum, slíkum er ræðir um í 6. gr.

8. gr.

Opin eldstæði (hlóð) má ekki hafa í þeim herbergjum, sem trjególf er í eða trjebitar í gólfi. Hlóð skulu jafnan svo hlaðin, að hvergi sje skemra en 24 þuml. frá eldstæðinu eða öskustónni að stoðum eða öðrum viðum.

Um ofna og eldavjelar, sem eftirleiðis verða sett upp, skulu þær reglur gilda, sem hjer segir:

1. Ofna og eldavjelar má eigi setja nær timburvegg en svo, að 8 þuml. sjeu í milli.
2. Pípur frá ofnum og eldavjelum mega eigi koma nær trje en svo, að 8 þuml. sjeu í milli: þær skulu liggja inn í reykháf og mega ekki liggja um herbergi, sem geymt er í hey eða ámóta eldfim efni.
3. Eldavjelar má setja á trjególf, ef $4^1/_4$ þuml. að minsta kosti er frá gólfi upp að botni eldavjelarinnar og gólfið undir eldavjelinni þakið með járnþynnu eða öðru eldtraustu efni.
4. Ofnar skulu standa á múruðum fæti eða á múrfyltum eða opnum járnfæti; sje rist í botni ofnsins, skal öskuskúffa vera í fætinum og skal þá vera undir skúffunni járnþynna, er fyllir út í holið, 2 þuml. frá gólfi að minsta kosti.
5. Þar sem ofnar eða eldavjelar standa á trjególfi, skal gólfið fram undan eldstæðinu þakið með einhverju efni, sem ekki er eldnæmt, t. d. með járnþynnu. Skal járnþynnan eða það, sem í hennar stað er notað, ná að minsta kosti 12 þuml. fram á gólfið fyrir framan ofninn eða eldavjelina og að minsta kosti 8 þuml. út fyrir ofninn eða eldavjelina til hliðanna og að aftanverðu.

Herbergi, sem ætluð eru gufukötlum eða vatnskötlum til miðstöðvarhitunar, skulu hafa veggi og gólf úr steini eða steinsteypu og loft af sömu gjörð,

þó má í þess stað koma trjeloft, reyrlagt og kalkað, eða klætt járnþynnum á listum, ef ketillinn kemur eigi nær loftinu, en 2 álnir frá því.

9. gr.

Reykháfar skulu hlaðnir upp rambyggilega úr tígulsteini eða grjóti, lögðu í steinlím, eða gjörðir úr steinsteypu, og skulu hliðar reykháfsins eigi vera þynnri en 4½ þuml. Þar sem reykháfur gengur gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, skal hann vera járnklæddur hringinn í kring sem og þar sem hann gengur í gegnum þakið, og vera skal að minsta kosti 6½ þml. bil milli þeirra hliða hans, sem snúa inn, og viðanna. Ekki má heldur þilja reykháfinn eða klæða hann borðum eða láta utan um hann veggfóður, sem límt er utan á lista. Reykháfur skal annaðhvort hlaðinn frá grundvelli eða liggja á hvelfingu milli tveggja steinveggja, en má eigi standa á bitum eða trjególfum. Reykháfar skulu eigi þrengri en 9 þml. á hvern veg að innanmáli, og ná að minsta kosti 1 alin upp fyrir mæni, ef þeir koma upp úr mæni húss, en að minsta kosti 1½ alin upp úr þekjunni utan mænis.

Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópgöt, jafnvíð reykháfnum, og traust járnhurð fyrir í járnumgjörð. Inn í 9 þml. víðan reykháf má eigi setja reykpípu frá fleiri eldstæðum en 8, og jafnan skal hafa járnkraga í reykháfnum utan um hverja pípu þannig gjörðan, að pípan geti eigi ýtst inn í reykháfinn.

Eigi má reykháfur vera í herbergi, þar sem geymt er hey eða ámóta eldfim efni, nema þiljað sje alt í kring um reykháfinn í því herbergi, að minsta kosti 1 alin frá honum á hvern veg, svo að engin eldfim efni nái að komast að reykháfnum.

10. gr.

Enginn má, án leyfis bæjarstjórnar í kaupstöðum eða hreppsnefndar og lögreglustjóra í verslunarstöðum, byggja verksmiðju, sem brunahætta stafar af, nema verksmiðjan standi að minsta kosti 50 álnir frá nágrannalóð. Úrskurði bæjarstjórna eða hreppsnefnda um þetta, má þó skjóta til stjórnarráðsins til úrslita. Sá, sem fær leyfi til að byggja slíka verksmiðju, nær nágrannalóð en 50 álnir frá henni, skal skyldur, að gjöra þær ráðstafanir gegn brunahættu, sem heimtaðar kunna að verða.

11. gr.

Stjórnarráðið getur, ef bæjarstjórn eða hreppsnefnd mælir með, veitt undanþágu frá ákvæðum þeim, er að framan eru sett, ef staðhættir krefja og eigi verður álitið, að brunahætta stafi af.

12. gr.

Brjóti nokkur gegn ákvæðum þeim, er að framan eru sett, skal hann sæta sektum frá 4 til 100 kr. Þar að auki má knýja hann með dagsektum til þess að bæta það, sem ábótavant er, svo að fullnægi framangreindum ákvæðum.

Hafi sá, er hús lætur gjöra, falið framkvæmdina smiðum, einum eða fleiri, bera þeir ábyrgðina, nema þeir hafi brotið framangreind ákvæði beinlínis eftir skipun þess, er hús lætur gjöra.

II. kafli.
Um meðferð á eldi, ljósum o. fl.

13. gr.

Allir eru skyldir að fara varlega með eld, ljós og annað, sem valdið getur eldsvoða eða stuðlað að því, að hann komi upp. Húsbændur og húsmæður skulu hafa eftirlit með, að börn þeirra, vinnuhjú eða annað heimilisfólk þeirra eða aðrir, sem í þeirra þjónustu fást við einhver störf í húsinu, hegði sjer svo í þessu efni, að eigi verði að fundið. Í leiguhúsi skal eigandi eða umráðamaður hans, hafa gætur á því, að leiguliðar þeirra, eða þeir, sem búa í húsum þeirra, vanræki það ekki, sem grein þessi skipar fyrir um, og skulu þeir, eftir því sem unt er, koma í veg fyrir það og hindra.

14. gr.

Það skal með öllu bannað: *að* leggja eldfima hluti, svo sem hamp, hey og annað því um líkt, við eldstór eða upp við reykháfa, sem ganga upp úr eldstóm; *að* reykja tóbak eða bera kerti eða lampa, sem kveikt hefur verið á og eigi er byrgður í öruggu ljóskeri, glæður eða annan eld, sem eigi er geymdur í lokuðum járnkassa, um fjós, fjárhús, hesthús, heyhlöður, loft eða um aðra staði, þar sem mikið er fyrirliggjandi af heyi, hefilspónum eða öðrum hlutum jafn eldfimum; *að* geyma í húsum ösku og annað, sem fellur frá eldstóm, annaðhvort óblandað eða blandað sorpi og öðru þvílíku, nema það sje í kössum úr málmi, steini eða leiri, eða að snara því út, fyr en helt hefur verið á það vatni eða með öðru móti komist hjá allri hættu fyrir því, að í því kvikni; *að* hleypa af skotvopnum nálægt húsum, heystökkum, móhlöðum eða öðru jafn eldfimu; *að* kveikja skotelda og tendra blys eða bikhringa, nema með leyfi lögreglustjóra, og er þá skylt, að fara eftir reglum þeim, er hann setur.

15. gr.

Sjerhver húseigandi hefur ábyrgð á því, að öllum eldstæðum, ofnum, reykháfum og reykpípum sje haldið í tilhlýðilegu standi. Leiguliði tekur þátt í þessari ábyrgð ásamt eigandanum, þegar hann eigi í tæka tíð hefur skýrt eigandanum frá einhverjum annmarka, sem honum er kunnugt um, eða byggingarnefnd eða hreppsnefnd, ef nauðsyn krefur.

Reykháfa skal hreinsa svo oft sem þörf gjörist, og eigi sjaldnar en 2 sinnum á ári, ef þeir eru notaðir að staðaldri. Húseigandi ber ábyrgð á því, að hreinsað sje, ef hann býr í húseigninni eða ef hann hefur leigt hana fleir-

um en einum leigjanda; sje húseign leigð einum manni eða á annan hátt leyfð honum einum til notkunar, ber hann ábyrgð á því, að reykháfar sjeu hreinsaðir, svo sem hjer er fyrir mælt.

Ekki má hreinsa reykháfa með því, að brenna sótið innan úr þeim. Ofna og eldavjelar, og pípur frá þeim til reykháfa, skal hreinsa svo oft sem þörf er á, og er það á ábyrgð þeirra, sem búa í þeim herbergjum, sem ofnarnir eða eldavjelarnar eru í.

16. gr.

Stjórnarráðið getur eftir tillögum hreppsnefnda ákveðið, að sótara skuli skipa í verslunarstöðum, sett þeim reglur fyrir hreinsuninni og um þær skyldur, er á þeim hvíla, og ákveðið gjöld fyrir hreinsanir.

Þá er ákveðið hefur verið að skipa sótara, skal hreppsnefnd útvega hæfan mann til starfans, og skulu húseigendur í verslunarstaðnum þá skyldir til að nota hann og má taka hreinsunargjöldin lögtaki. Ber sótari þá ábyrgð á framkvæmd hreinsunarinnar, en ábyrgð húseiganda eða leigjanda samkvæmt 15. gr. fellur niður, nema hann eða þeir aðhafist eitthvað það, er tálmað getur hreinsuninni eða hindrað hana.

Um hreinsun reykháfa í kaupstöðum fer eftir því, sem fyrir er mælt í lögum nr. 29, 13. sept. 1901.

17. gr.

Eigi má hafa birgðir af eldivið, steinkolum, mó eða öðru eldsneyti fast við hús að utan; birgðir af trjávið og borðum má eigi hafa utan húss nær húsum, en 10 álnir frá þeim.

18. gr.

Sjerhver sá, sem í húsi hefur forða af púðri, skal vera skyldur til að geyma það í lokuðu íláti úr pjátri eða eiri, og geyma það uppi undir þaki fyrir ofan efstu bita. Skoteldar skulu varðveittir á sama hátt. Samt skal það vera leyft, að hafa alt að 4 pundum af púðri í búð eða því herbergi, þar sem notað er púður við einhverja iðn, en þar skal það sömuleiðis varðveitt í lokuðum ílátum úr pjátri eða eiri. Lögreglustjóri eða hreppstjóri skal tvisvar á ári grenslast eftir því hjá þeim, sem versla með púður, hvort það sje geymt á þann hátt, sem hjer er fyrir mælt. Sjerhver sá, er flytur púður, dýnamít, nítroglyserín, skotbaðmull og þess konar sprengiefni til bæjar eða kauptúns, skal senda lögreglustjóra eða hreppstjóra eða umboðsmanni hans ritaða tilkynningu um það, og skal hann sjá um, að fylgt sje þeim varúðarreglum, sem þörf er á, þar til það er komið til geymslu á óhultan stað.

19. gr.

Eigi má hafa birgðir af steinolíu, terpentínu, bensíni eða þess háttar eldnæmum vökvum, nema þar sem lögreglustjóri eða hreppstjóri álítur, að eigi geti stafað af þeim sjerstök brunahætta. Þó má geyma alt að 20 tunnur (3500 potta) af steinolíu í kjöllurum undir húsum, sem engin íbúð er í, og þar að auki skulu kaupmenn og verksmiðjur hafa leyfi til að geyma alt að því 800 potta af fyrnefndum vökvum í trjeílátum eða í flöskum í sölubúðakjöllurum og

smiðjukjöllurum, en alt að því 200 potta af hinum sömu vökvum í sölubúðum eða smíðahúsum ofanjarðar. Í íbúðarhúsum má geyma til heimilisþarfa alt að 200 pottum af steinolíu í trjeílátum og annað eins í járnílátum og flöskum. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd í samráði við lögreglustjóra setur nánari varúðarreglur um geymslu og meðferð á steinolíubirgðum.

20. gr.

Allar verksmiðjur, þar með taldar vinnustofur trjesmiða og járnsmiða og bökunarhús, skulu háð sjerstöku eftirliti lögreglustjóra eða hreppstjóra, og skal öllum skylt að fylgja í þeim bæði hinum almennu varúðarreglum, og hinum sjerstöku reglum, sem bæjarstjórn eða hreppsnefnd álítur nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir brunahættu. Sjerstaklega skulu spænir úr trjesmíðahúsum fluttir burt á hverjum degi og látnir á óhultan og afvikinn stað, þar sem eigi er farið með eld eða ljós.

21 gr.

Hver sá, sem brýtur ákvæði 13.—20. greinar, skal sæta sektum frá 2—100 kr., jafnvel þótt ekkert tjón hafi af brotinu hlotist.

III. kafli.

Um slökkviáhöld, slökkvilið og eldsvoða.

22. gr.

Í öllum verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, svo og í öllum öðrum verslunarstöðum, sem 300 íbúar eru í eða fleiri, skal jafnan vera til að minsta kosti ein slökkvidæla að stærð og gjörð eftir því, sem stjórnarráðið tekur gilt, ásamt tilheyrandi nauðsynlegum slöngum og brunastútum. Hver hreppsnefnd skal útvega dæluna á kostnað sveitarsjóðs og halda henn við og geyma hana á þeim stað, er greiður gangur er að, hvenær sem eldsvoða ber að höndum.

23. gr.

Í öllum verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, svo og í öllum öðrum verslunarstöðum, sem 300 íbúar eru í eða fleiri, skal stofna slökkvilið. Skulu í því vera allir verkfærir karlmenn 20 til 60 ára að aldri, þeir, er búsettir eru í verslunarstaðnum. Skulu þeir vera skyldir að mæta við slökkviæfingar alt að 4 sinnum á ári, og auk þess skulu þeir mæta tafarlaust, hvenær sem eldsvoða ber að höndum.

Hreppsnefnd kýs slökkviliðsstjóra til 3 ára í senn, og skal hann vera búsettur í verslunarstaðnum. Sá, sem hefur verið slökkviliðsstjóri í 3 ár eða lengur, getur skorast undan starfinu um jafnlangan tíma og hann hefur haft það á hendi samfleytt.

Slökkviliðsstjóri kveður slökkvilið til æfinga og stýrir þeim, svo stjórn-

ar hann og slökkvitilraunum, þá er eldsvoða ber að höndum. Hann hefur og umsjón með slökkviáhöldum verslunarstaðarins eða hreppsins.

Hreppsnefnd getur, með samþykki stjórnarráðsins, sett nánari reglur um slökkvitól og slökkvilið, og má í slíkri reglugjörð ákveða sektir fyrir brot á henni.

24. gr.

Allir húseigendur eru skyldir til að útvega á eigin kostnað og eiga þessi slökkvitól: brunastiga, brunakrókstjaka og að minsta kosti 2 skjólur. Áhöldum þessum skal jafnan haldið í tilhlýðilegu standi. Þau skulu ávalt fylgja eigninni, og má eigi taka þau fjárnámi eða lögtaki út af fyrir sig, hvorki fyrir skatta nje aðra skuld.

25. gr.

Það er skylda allra, sem verða varir við, að eldsvoði sje að koma upp, að hefja viðvörunarkall og gjöra slökkviliðsstjóra við vart. Eigandi húss þess sem eldur kemur upp í, eða sje hann eigi viðstaddur, hlutaðeigandi leiguliðar eða heimilismenn, skulu hið fyrsta unt er annast um, að hreppstjóra eða lögreglustjóra, sje hann búsettur þar á staðnum, verði sagt til um brunann.

26. gr.

Hver og einn skal, þá er bruni kemur upp í húsi hans eða híbýlum, auk þess þegar í stað að gjöra þá, sem þar búa, vara við, reyna til með öllu móti, sem í hans valdi stendur, að slökkva eldinn þegar í stað, en samt má eigi fyrir þá sök láta hjá líða að segja til um brunann, eins og mælt er fyrir í næstu grein á undan.

27. gr.

Sjerhver er skyldur til, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð með slökkvivjelar og önnur áhöld, og láta sjer það lynda, að það verði gjört með því að brjóta niður og ryðja því burt, sem til fyrirstöðu er. Eigi getur heldur neinn bannað það, að bygging, sem hann á, verði rifin, ef lögreglustjóri eða slökkviliðsstjóri álítur það nauðsynlegt, til þess að stöðva útbreiðslu eldsins.

28. gr.

Þær skemdir, sem hljótast af ráðstöfunum þeim, sem getið er um í 27. gr., teljast brunaskemdir. Sá, sem vill krefjast skaðabóta fyrir slíkar skemdir, skal svo fljótt, sem auðið er, og í síðasta lagi innan 8 daga, frá því að bruninn varð, bera upp kröfur sínar fyrir lögreglustjóra, sem því næst sjer um, að upphæð skaðabótanna verði ákveðin, að svo miklu leyti sem unt er, í sambandi við virðingargjörðir þær, sem fram fara til þess að meta brunatjónið til endurgjalds frá hlutaðeigandi ábyrgðarfjelagi, og að öðrum kosti með því, að láta 2 menn, sem sjerstaklega þar til verða kvaddir, meta skaðann. Þeir menn, sem til þess eru kvaddir, fá í fæðispeninga 4 kr. hvor; standi gjörðin

lengur yfir en 8 klst., fá þeir fæðispeninga fyrir 2 daga. Borgunin greiðist, eins og aðrar brunaskemdir, af hlutaðeigandi ábyrgðarfjelagi. Sje húseign sú, er fyrir skemdum varð, óvátrygð, skal hlutaðeigandi sveitarfjelag bæta eiganda skaðann að tveim þriðju hlutum.

29. gr.

Það er skylda allra, þegar eldsvoða ber að höndum, að láta þá aðstoð í tje, til að slökkva eldinn, sem mögulegt er, hvort sem er með því að leggja sjálfur hönd á verkið eða með því að láta af hendi vatnsforða, slökkvitól, hesta, vagna eða aðra hluti.

30. gr.

Enginn má, þegar eldsvoða ber að höndum, undir nokkru yfirskyni ryðjast inn fyrir verði þá, sem settir eru til þess að bægja óviðriðnum mönnum frá þeim stað, þar sem bruninn er, eða skorast undan að hlýða fyrirmælum lögreglustjórnarinnar eða slökkviliðsstjóra um það, að víkja burtu frá svæði því, sem þannig er innibyrgt. Hvern þann, sem verður brotlegur í því, má þegar taka fastan.

31. gr.

Enginn má við eldsvoða kasta hlutum út úr húsum ofan á stræti, torg eða í húsgarða, þar sem menn eru fyrir við slökkvitilraunir.

32. gr.

Með húsum þeim, sem eru svo skamt frá brunanum, að hætt er við að eldurinn læsi sig í þau, eða neistaflug nái til, skal eigandinn eða sá, sem kemur í hans stað, vera skyldur að hafa nákvæmt eftirlit, og skal hann þar að auki gjöra alt, sem í hans valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir, að kvikni í húsunum, og sömuleiðis í tæka tíð skýra slökkviliðsstjóra, hreppstjóra eða lögreglustjóra frá, ef þess er kostur, að hætta vofi yfir.

33. gr.

Enginn getur meinað lögreglustjóra, hreppsnefnd eða bæjarstjórn eða þeim, sem eru útsendir af henni, inngöngu á lóð sína, eða í hús sitt, þegar þeir koma til þess að halda ransóknir, til þess að sjá um, að því verði fylgt, sem fyrirskipað er í lögum þessum, og er sjerhver húseigandi skyldur til, að sýna slökkvitól þau, sem eiga að fylgja eigninni, þegar þess verður krafist af bæjarstjórn, hreppsnefnd eða þeim, sem hún hefur út sent.

IV. kafli.

Ýms ákvæði.

34. gr.

Stórkaupmanni Thor E. Tulinius veitist fyrst um sinn gjaldfrestur á kr. 9,449, 09, sem hann skuldar landssjóði fyrir staura og annað efni til símaleiðslu

milli Eskifjarðar og Egilsstaða gegn tryggingu í línunni. Af láni þessu skal greiða 4% þ. á. og endurgjalda það á 15 árum.

Sýslufjelögum, sem leggja fram áskilið framlag til landsímalagningar á fjárhagstímabilinu, má veita lán úr viðlagasjóði í því skyni, er ávaxtist með 4% árlega, og endurborgist á 18 árum. Til lána þessara má verja alt að 60,000 kr.

Nd. **628. Breytingartillaga**
við frv. til fjárlaga 1908—1909.

Flm. Guðl. Guðmundsson.

Við 15. gr. 2 a. Liðurinn orðist:

Til amtsbókasafnsins á Akureyri alt að . . . . . 500 kr.

Ed. **629. Framhalds-nefndarálit**
í málinu: Frumv. til fjáraukalaga fyrir árin 1906 og 1907.

Nefndin hefur athugað breytingar þær, er orðið hafa á frumvarpinu við eina umræðu í Neðri deild, og ræður Efri deild til að samþykkja frumvarpið með þeirri viðbót, er um ræðir í 7. og 8. gr. Þar sem útgjöld þau, sem hjer er um að ræða, verða að teljast óhjákvæmileg. Að öðru leyti hefur engin breyting orðið á frv.

Efri deild alþingis, 10. d. sept. 1907.

Eiríkur Briem.	Jón Jakobsson.	Jóh. Jóhannesson.
formaður.	skrifari og framsögum.	
Sigurður Jensson.	Guðjón Guðlaugsson.	

Nd. **630. Viðaukatillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908—1909.

Frá skattamálanefndinni.

Aftan við 16. gr. 30 bætist þessi athugasemd:

»Ef stofnað verður útgjörðarmannafjelag, er nái til allra eða flestra innlendra síldarútvegsmanna, þá skal jafnan leita álits þessa fjelags um úthlutun á því fje í Fiskiveiðasjóði, sem ætlað er til eflingar síldarútvegi«.

G. Björnsson.	Lárus H. Bjarnason.	Ólafur Ólafsson.
Pjetur Jónsson.	Ólafur Briem.	Herm. Jónasson.

Nd. **631. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1908 og 1909.
Flutningsmaður: Jóhannes Ólafsson.

Við 13. grein D. II. 2.
Fyrir 20,000 komi: 18,000
Fyrir 68,500 komi: 70,500

Nd. **632. Viðaukatillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Frá Stefáni Stefánssyni, Eyf.

Við 14. gr. B. VII. Á eftir tölulið 5 komi nýr liður, sem þá verður 6. liður, þannig;
Til skólabyggingar á Grund í Eyjafirði alt að þriðjungi byggingarkostnaðar ..... kr. 7,500

Nd. **633. Breytingartillögur**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Flutningsmaður G. Björnsson.

1. Við 12. gr. 9. Fyrir stafliðina a., b., c., d., i. og j. komi;
a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla til að halda lærðar hjúkrunarkonur 2400 kr.
Styrkurinn veitist eftir tillögum landlæknis og má eigi veita hverju sjúkrahúsi eða sjúkraskýli meira en 400 kr.
2. — — — - k. Fyrir: »þó aldrei meira en nemi 500 kr.« komi: alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 1000 kr.
3. — — — - Fyrir »2000 kr.« komi: 3000 kr.

Ed. **634. Frumvarp**
til laga um fræðslu barna.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Nd.).

I. kafli.

Um fræðsluskyldu.

1. gr.

Fræðslu barna til fullnaðs 10 ára aldurs skulu heimilin annast sjálf og kosta, nema þar sem öðruvísi er ákveðið með skólareglugjörð (6. gr.). Skal hvert barn 10 ára að aldri vera orðið nokkurn veginn læst og skrifandi, ef það er til þess hæft. Komist skólanefnd eða fræðslunefnd að raun um, að börn á einhverju heimili njóti eigi fullnægjandi fræðslu í þessum greinum, annaðhvort fyrir hirðuleysi eða mótþróa húsbænda, ber henni að gjöra ráðstöfun til, að börnunum verði komið fyrir annarsstaðar, þar sem þau fái nauðsynlega tilsögn. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, eru aðstandendur barnsins skyldir að greiða, en borga má hann fyrirfram úr sveitarsjóði. Kostnað þennan má taka lögtaki.

2. gr.

Hvert barn, sem er fullra 14 ára, á að hafa lært:

1. að lesa móðurmálið skýrt og áheyrilega og geta sagt munnlega frá því, er það les; það skal og geta gjört skriflega grein fyrir efni, sem það þekkir vel, nokkurn veginn ritvillulaust og mállýtalaust; það skal vita nokkuð um merkustu menn vora, einkum þá, er lifað hafa á síðustu öldum, og kunna utanbókar nokkur íslensk kvæði, helst ættjarðarljóð og söguleg kvæði, og geta skýrt rjett frá efni þeirra í óbundnu máli.
2. að skrifa læsilega og hreinlega snarhönd.
3. í kristnum fræðum það, sem heimtað er eða heimtað kann að verða, að börnin kunni í þeirri grein til fermingar.
4. fjórar höfuðgreinar reiknings með heilum tölum og brotum og geta notað þær til þess að leysa úr auðveldum dæmum, sem koma fyrir í daglegu lífi, meðal annars til þess að reikna flatarmál og rúmmál einföldustu hluta; það skal og vera leikið í því, að reikna með lágum tölum í huganum.
5. að nota landabrjef; það skal og hafa nokkra þekking á náttúru Íslands og atvinnuvegum þjóðar vorrar, þekkja legu helstu landa í Norðurálfunni og vita hvernig álfur liggja á hnettinum.
6. nokkur einföld sönglög, einkum við íslensk ættjarðarljóð.

3. gr.

Auk þeirrar fræðslu, sem 2. gr. ræðir um, skulu þau börn, 10—14 ára að aldri, er sótt geta fasta skóla, öðlast þá fræðslu í landafræði, sögu Íslands,

náttúrufræði og öðrum greinum, sem fyrirskipuð kann að verða með reglugjörðum skólanna.

Sleppa má kristindómsfræðslu í farskólum og föstum skólum, ef fræðslunefnd eða skólanefnd telur það heppilegt.

II. kafli.

Um hjeraðaskifting sem undirstöðu barnafræðslu.

4. gr.

Hver kaupstaður er *skólahjerað* út af fyrir sig, sömuleiðis hvert það kauptún eða þorp, sem er hreppsfjelag út af fyrir sig eftir 4. gr. sveitarstjórnarlaganna 10. nóv. 1905, enn fremur hver sá hreppur, er setur á stofn hjá sjer fastan skóla, hvort heldur heimangönguskóla eða heimavistaskóla eða hvorttveggja í einu, þannig lagaðan, að hann veiti hverju barni í hreppnum, sem er á skólaaldri (10—14 ára), að minsta kosti 6 mánaða fræðslu á ári.

Stjórnarráð Íslands getur og veitt þorpi eða hverfi, sem er partur af hreppsfjelagi, leyfi til að stofna skólahjerað fyrir sig, ef þar er settur á stofn fastur skóli, er veiti hverju barni þorpsins eða hverfisins á skólaaldri minst 6 mánaða fræðslu á ári. Þó skal leyfi þetta ávalt bundið því skilyrði, að þeim parti hreppsins, sem lendir utan skólahjeraðsins, sje heimilt að nota skólann gegn því, að taka tiltölulegan þátt í skólakostnaði, með því að koma börnum fyrir í grend við hann, svo að þau geti gengið þaðan daglega í skólann, eða með því að setja heimavistir í samband við hann, og að ef þetta leiðir til þess, að öll börn hreppsfjelagsins á skólaaldri njóti fræðslu í skólanum minst 6 mánuði á ári, þá skuli allur hreppurinn vera eitt skólahjerað.

Skólanefnd hefur á hendi stjórn fræðslumála í skólahjeraði hverju undir umsjón og yfirstjórn stjórnarráðsins (sbr. VII. og VIII. kafla).

5. gr.

Hver sá hreppur, sem ekki er skólahjerað, er *fræðsluhjerað* út af fyrir sig.

Ef skólahjerað er sett á stofn innanhrepps (sbr. 4. gr.) er sá hluti hreppsins, sem lendir utan takmarka skólahjeraðsins, fræðsluhjerað út af fyrir sig,

Heimilt er fræðsluhjeruðum, tveimur eða fleiri, að ganga saman í eitt fræðsluhjerað með leyfi stjórnarráðsins.

Fræðslunefnd stjórnar fræðslumálum í hverju fræðsluhjeraði undir umsjón og yfirstjórn stjórnarráðsins (sbr. VII. og VIII) kafla).

III. kafli.
Um skólahald í skólahjeruðum.

6. gr.

Í hverju skólahjeraði skal vera fastur skóli, heimangönguskóli eða heimavistaskóli eða hvorttveggja saman. Reglugjörð um fyrirkomulag og hollustuhætti skólans skal samin af skólanefnd og liggur undir samþykki yfirstjórnar fræðslumála. Skulu foreldrar og þeir aðrir í skólahjeraðinu, er hafa börn á skólaaldri til framfærslu, skyldir til að senda börn sín í skólann og láta þau njóta þar kenslu hinn lögskipaða námstíma, nema skólanefnd hjeraðsins veiti undanþágu, en það gjörir hún því að eins, að hún áliti, að fræðsla sú, er barnið fær utan skólans, verði jafngild þeirri fræðslu, sem skólinn veitir. Umsóknir um slíkar undanþágur skulu vera komnar til skólanefndar á þeim tíma, er hún sjálf ákveður og auglýsir í lok skólaárs ár hvert.

Nú óhlýðnast foreldrar eða þeir aðrir, sem barn hafa til framfærslu, ákvæðum þessum án gildra ástæðna, og varðar það 1—25 kr. sekt eftir úrskurði lögreglustjóra í bríefi til skólanefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð (bæjarsjóð).

Árlegur námstími skal vera að minsta kosti 6 mánuðir. Þó getur yfirstjórn fræðslumála veitt leyfi til að stytta þennan námstíma um einn mánuð, sje það gjört til þess að nota skólann til kenslu barna 8—10 ára að aldri, að minsta kosti 2 mánuði haust eða vor, samkvæmt reglugjörð, er yfirstjórnin samþykkir. Yfirstjórnin getur og veitt skólahjeruðum heimild til að skipa fyrir um skólaskyldu fyrir börn, sem eru yngri en 10 ára, þó ekki yngri en 7 ára fullra.

7. gr.

Í þeim skólum, sem taldir eru í 6. gr., veitist kenslan ókeypis og greiðist skólakostnaður úr sveitarsjóði (bæjarsjóði). Í þeim skólahjeruðum, sem að eins ná yfir part af hreppi (sbr. 4. gr.), skal hreppsnefnd jafna skólakostnaði sjerstaklega niður á gjaldendur hjeraðsins og þá aðra gjaldendur, er hafa notað skólann (sbr. 4. gr.), í rjettri tiltölu við sveitarútsvar þeirra til annara þarfa hreppsins.

IV. kafli.
Um fyrirkomulag barnafræðslu í fræðsluhjeruðum og um fræðslusamþyktir.

8. gr.

Hin sameiginlega barnafræðsla, eða eftirlit með heimafræðslu barna, sem veitt er eða veitt verður í fræðsluhjeruðum, veitist ókeypis, og greiðist hinn sameiginlegi kostnaður, svo sem til farskóla, eftirlits með heimafræðslu o. s. frv., úr sveitarsjóði. Í þeim fræðsluhjeruðum, sem að eins ná

yfir part af hreppi (sbr. 5. gr.), skal hreppsnefnd jafna fræðslukostnaðinum sjerstaklega niður á gjaldendur fræðsluhjeraðsins í rjettri tiltölu við sveitarútsvar þeirra til annara þarfa hreppsins. Undanþegnir þessari aukaniðurjöfnun eru þó þeir gjaldendur fræðsluhjeraðsins, sem nota hinn fasta skóla skólahjeraðsins og gjalda til hans eftir 7. gr.

9. gr.

Fræðslunefnd stofnar til fræðslusamþyktar fyrir það fræðsluhjerað, er hún er skipuð fyrir, á þann hátt, er segir í 10.—14. gr. þessara laga.

10. gr.

Þegar fræðslunefnd hefur komið sjer saman um frumvarp til fræðslusamþyktar fyrir fræðsluhjeraðið, skal hún kveðja til fundar alla þá menn, er þar búa og atkvæðisrjett hafa í sveitamálum.

Fræðslunefnd kveður á um fundarstað og fundardag með nægum fyrirvara, og skal formaður fræðslunefndar vera fundarstjóri, eða sá annar af fræðslunefndarmönnum, er fræðslunefnd kýs til þess. Þá er fundur lögmætur, er helmingur allra atkvæðisbærra manna á því svæði, sem samþyktin skal ná til, eru á fundi.

11. gr.

Fræðslunefnd leggur fyrir fundinn frumvarp til samþyktar þeirrar, er hún vill koma á, og ber það undir álit og atkvæði fundarins. Til þess að frumvarpið verði samþykt, þarf meiri hluta atkvæða þeirra, er á fundi eru. Breytingartillögur við frumvarp fræðslunefndar geta því að eins komið til atkvæða, að meiri hluti fræðslunefndar samþykki þær. Þegar frumvarpið er þannig samþykt, sendir fræðslunefnd það yfirstjórn fræðslumála til staðfestingar.

12. gr.

Nú virðist yfirstjórn fræðslumála, að fyrirmæli fræðslusamþyktar gangi of nærri frelsi manna, eða komi á einhvern hátt í bága við lög eða grundvallarreglur laga, og synjar hún þá um staðfesting, en skýra skal hún um leið fræðslunefnd frá ástæðum fyrir neituninni. Að öðrum kosti staðfestir yfirstjórnin fræðslusamþyktina, skipar fyrir um birting hennar og ákveður, hvenær hún öðlast gildi, og er samþyktin upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, sem búa innan takmarka þess svæðis, er samþyktin nær yfir.

13. gr.

Í fræðslusamþykt má ákveða um farskólahald, eftirlit með heimafræðslu, ráðning kennara, laun þeirra, kenslutíma, nauðsynlegar kenslubækur og kensluáhöld, og yfir höfuð alt, sem að fræðslunni lýtur.

Í fræðslusamþykt má og setja ákvæði um, að öll börn á skólaaldri skuli skyld að taka þátt í þeirri sameiginlegri barnafræðslu, er fræðsluhjeraðið veitir. Þó skulu börn vera undanþegin þessari skyldu, ef heimilisfeður þeirra færa sönnur á, að þau njóti fullnægjandi heimafræðslu. Um undanþágur úrskurðar fræðslunefnd.

14. gr.

Brot mót löggiltri fræðslusamþykt varðar sektum frá 1—25 kr. eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til fræðslunefndar. Sektirnar renna í sveitarsjóð þar sem brotið er framið.

15. gr.

Fræðslusamþyktir skulu samdar og samþyktar í hverju fræðsluhjeraði eigi síðar en svo, að þær geti legið fyrir yfirstjórn fræðslumála til staðfestingar 1. jan. 1910, ella er hjeraðið frá byrjun næsta skólaárs skylt til *annaðhvort* að halda uppi farskóla þannig löguðum, að hvert barn á skólaaldri geti fengið að minsta kosti 2 mánaða fræðslu á ári, *eða*, ef fræðslunefnd kýs það heldur, að ráða kennara, einn eða fleiri eftir þörfum, til eftirlits með heimafræðslu. Ef fræðslunefnd kýs heldur að halda uppi farskóla, skulu foreldrar og þeir aðrir, er hafa börn á skólaaldri til framfærslu, skyldir til að láta þau njóta farkennslunnar, og gilda um undanþágur frá farskólaskyldunni og brot gegn henni, sömu reglur og settar eru, að því er skólahjeruð snertir, í 6. gr., um samskonar efni, með þeirri einni breytingu, að fræðslunefnd kemur í stað skólanefndar.

V. kafli.

Um próf.

16. gr.

Próf skal halda árlega um kunnáttu barna í hverju skólahjeraði og fræðsluhjeraði. Í skólahjeruðum heldur skólakennarinn (eða skólakennararnir) prófið, í fræðsluhjeruðum sá maður, sem þar er ráðinn til farkenslu eða til eftirlits með heimafræðslu, eða, ef slíks manns er ekki kostur, þá einhver hæfur maður, er fræðslunefnd ræður til þess. Við próf skal jafnan vera prófdómandi skipaður af yfirstjórn fræðslumála. Fær hann alt að 4 kr. í dagpeninga, er greiðast úr landssjóði. Börn þau, sem lokið hafa lögskipuðu námi, geta fengið vottorð um kunnáttu sína og þroska undirritað af kennara eða þeim, sem prófið heldur og prófdómenda. Að loknu prófi skal prófdómandi senda skólanefnd eða fræðslunefnd álit sitt skriflegt um það, hversu barnafræðslunni er háttað í hjeraðinu, en hún sendir það yfirstjórn fræðslumála.

Próf skal haldið að vorinu og ákveður prófdómandi stað og tíma í samráði við skólanefnd eða fræðslunefnd.

Til prófs skulu koma öll börn, sem eru 10 ára að aldri og alt að fullra 14 ára.

Nú kemur barn á þessum aldri ekki til prófs, án gildra forfalla, og sætir þá sá, er barnið hefur til framfærslu, sektum frá 2 til 20 kr., eftir úrskurði lögreglustjóra í brjefi til skólanefndar eða fræðslunefndar. Sektin rennur í sveitarsjóð.

17. gr.

Reynist barn, sem er yngra en 14 ára, svo vankunnandi, að sterkar líkur sjeu til, að það nái eigi lögskipaðri kunnáttu, áður en það er 14 ára

fullra, ber skólanefnd eða fræðslunefnd að gjöra ráðstafanir til, að lögð sje við það meiri rækt en áður, og má hún, ef nauðsyn ber til, kaupa því sjerstaka kenslu á kostnað þess, er barnið hefur til framfærslu, samkvæmt því sem segir í 1. gr.

18. gr.

Barni, sem er fullra 14 ára og hefur eigi fengið hina lögskipuðu kunnáttu, ber skólanefnd eða fræðslunefnd að sjá fyrir nægilegri tilsögn á sama hátt og segir í 17. gr., og er því skylt að koma árlega til prófs, uns það stenst prófið eða er fullra 16 ára. Undanskilin fyrirmælum þessarar greinar og fyrirmælum næstu greinar á undan eru þau börn, er skólanefnd eða fræðslunefnd dæmir óhæf til hins lögboðna náms sakir gáfnaskorts eða vanheilsu.

19. gr.

Yfirstjórn fræðslumála setur reglur um tilhögun prófanna og um skýrslur þær og skírteini, er henni skal senda um prófin.

VI. kafli

Um skilyrði fyrir styrkveitingu úr landssjóði til barnafræðslu.

20. gr.

Styrkur úr landssjóði veitist til eftirlits með heimafræðslu, til farskóla, til heimangönguskóla og heimavistaskóla, eftir þeim reglum, sem segir í eftirfarandi greinum.

21. gr.

Skilyrði fyrir landssjóðsstyrk til eftirlits með heimafræðslu eru:

1. að eftirlitinu sje hagað eftir reglugjörð, er sje löguð eftir fyrirmynd, sem yfirstjórn fræðslumála hefur samið og sett.
2. að til eftirlitsins sje ráðinn með skriflegum samningi til ákveðins tíma kennari, einn eða fleiri, er starfi að minsta kosti 6 mánuði á ári og hafi, auk ókeypis fæðis, húsnæðis og þjónustu, að minsta kosti 6 kr. kaup fyrir hverja viku, er hann starfar að eftirlitinu.

Nú fullnægir hreppur þessum skilyrðum, og skal þá upphæð landssjóðsstyrksins ákveðin með tilliti til tölu þeirra barna á skólaaldri, er notið hafa eftirlitsins, og lengdar eftirlitstímans.

22. gr.

Skilyrði fyrir landssjóðstyrk til farskóla eru:

1. að kenslunni sje hagað eftir reglugjörð, sem fræðslunefnd hreppsins semur og yfirstjórn fræðslumála hefur samþykt.

2. að kennarinn sje ráðinn af fræðslunefnd með skriflegum samningi og hafi, auk fæðis, húsnæðis og þjónustu, að minsta kosti 6 kr. kaup fyrir hverja viku, er hann kennir;
3. að fullnægt sje ákvörðun yfirstjórnarinnar um kensluáhöld.

Nú fullnægir hreppur kröfum þessum, og fær hann þá úr landssjóði styrk að tiltölu við tölu þeirra barna, 10—14 ára að aldri, er kenslunnar nutu, og lengd námstímans.

23. gr.

Skilyrði fyrir landssjóðstyrk til fasts heimangönguskóla eru:

1. að kenslu skólans sje hagað eftir reglugjörð, sem yfirstjórn fræðslumála hefur samþykt;
2. að fullnægt sje reglum þeim, er yfirstjórnin setur um hollustuhætti slíkra skóla og kröfum hennar um kensluáhöld;
3. að hver kennari skólans sje ráðinn af skólanefnd eða fræðslunefnd, — með hæfilegum uppsagnarfresti af beggja hálfu, — með skriflegum samningi, og hafi aðalkennarinn að minsta kosti 18 kr. laun fyrir hverja viku, er hann kennir, og aðstoðarkennari eigi minna en 12 kr. um vikuna, er þeir kenna 4—5 stundir á dag.

Nú fullnægir hreppur (kaupstaður) þessum kröfum, og fær hann þá úr landssjóði styrk að tiltölu við barnafjölda skólans og lengd námstímans.

24. gr.

Heimavistaskóla veitist styrkur úr landssjóði, ef hann fullnægir þessum skilyrðum:

1. að skólastaður og tilhögun skólahússins sje ákveðið með samþykki yfirstjórnar fræðslumála;
2. að kenslunni og skipulagi skólans verði hagað eftir reglugjörð, sem yfirstjórnin samþykkir;
3. að aðalkennari skólans hafi að minsta kosti 25 kr. laun fyrir hverja viku, er hann kennir, auk húsnæðis, ljóss og hita, ef ekki færri en 20 börn njóta kenslu í skólanum í senn, en að því skapi minni laun, sem nemendur eru færri, þó aldrei minni en 18 kr., og skal kennarinn ráðinn af skólanefnd eða fræðslunefnd — með hæfilegum uppsagnarfresti frá beggja hálfu — með skriflegum samningi og með samþykki yfirstjórnar fræðslumála.

Nú fullnægir skólinn þessum skilyrðum, og veitist honum þá styrkur úr landssjóði eftir sömu reglum og föstum heimangönguskólum.

25. gr.

Hverri beiðni um styrk til barnafræðslu, samkvæmt því, er nú hefur sagt verið, skulu fylgja skýrslur þær og skirteini, sem yfirstjórn fræðslumála fyrirskipar.

VII. kafli.

Um skólanefndir og fræðslunefndir.

26. gr.

Í skólanefnd eiga sæti 5 menn, kosnir af bæjarstjórn eða hreppsnefnd, í fræðslunefnd 3 menn; er einn þeirra kosinn af hreppsnefnd, en hinir 2 eru kosnir á hreppaskilaþingi, af þeim, sem atkvæðisrjett eiga í sveitamálum.

Þegar tvö eða fleiri fræðsluhjeruð ganga saman í eitt fræðsluhjerað (sbr. 5. gr.), skulu hreppsnefndir þær, er hlut eiga að máli, á sameiginlegum fundi kjósa einn mann í fræðslunefnd fyrir hjeraðið, en hjeraðsbúar kjósa í sameiningu hina 2 nefndarmennina.

27. gr.

Kosning nefndarmanna gildir um 3 ár, og má endurkjósa þá að þeim tíma liðnum, en ekki eru þeir skyldir að taka við kosningu fyr en jafnlangur tími er liðinn og þeir sátu í nefndinni. Kosning til skólanefndar eða fræðslunefndar skal jafnan fram fara, er bæjarfulltrúar eða hreppsnefndarmenn hafa setið í bæjarstjórn eða hreppsnefnd þrjú ár eða sex. Þeir, sem kosnir verða í hina fyrstu skólanefnd eða fræðslunefnd hjeraðsins, skulu kosnir að eins til þeirra tímamóta. Deyi nefndarmaður eða fari úr nefndinni annara orsaka vegna, áður en þrjú ár eru liðin, frá því er hann var kosinn, skal sá, er kosinn er í hans stað, að eins vera í nefndinni þann tíma af þrem árum, sem enn er eftir.

28. gr.

Nefndin kýs úr sínum hóp til eins árs formann og skrifara. Skyldir eru embættismenn nefndarinnar að taka við endurkosningu tvö ár í röð.

Enginn nefndarmanna hefur atkvæðisrjett um þau mál, er snerta hann sjálfan sjerstaklega.

29. gr.

Formaður kallar nefndina saman til funda svo oft, sem þörf krefur. Nefndin getur enga ályktun gjört, nema meiri hluti hennar sje viðstaddur. Atkvæðafjöldi ræður úrslitum. Ef jafnmörg eru atkvæði, skal atkvæði formanns ráða. Ályktanir nefndarinnar skulu ritaðar í gjörðabók.

30. gr.

Skólanefnd hefur umsjón og eftirlit með öllum barnafræðslumálum hjeraðs þess, er hún er skipuð fyrir, sjerstaklega með skóla hjeraðsins, ræður kennara við skólann — og skulu jafnaðarlega þeir, sem staðist hafa kennarapróf, látnir ganga fyrir öðrum — og hefur eftirlit með, að þeir gjöri skyldu sína, sjer um hið árlega próf, sem fyrirskipað er í lögum þessum, annast um, að börnin geti fengið nauðsynlegar bækur og áhöld eftir því, sem yfirstjórn fræðslumálanna ákveður. Hún hefur umsjón með húsum skólans og annast

um, að herbergi þau, sem höfð eru til kenslu, sjeu svo, að heilsu barnanna sje ekki hætta búin. Hún sjer um útvegun nauðsynlegra kensluáhalda. Hún ráðstafar fje því, sem kaupstaðurinn eða hreppurinn veitir til barnafræðslu og afhendir bæjarstjórn eða hreppsnefnd í tæka tíð á ætlun um kostnað við barnafræðsluna ár hvert. Hún býr út skýrslur þær og skírteini, sem yfirstjórn fræðslumála heimtar, um hag barnafræðslunnar.

31. gr.

Fræðslunefnd hefur allar hinar sömu skyldur og skólanefnd með þeim breytingum, sem eru eðlileg afleiðing af mismunandi verkahring.

Fræðslunefnd sjer um framkvæmd á löggiltum fræðslusamþyktum og átelur, ef þær eru brotnar.

32. gr.

Yfirstjórn fræðslumála setur nánari ákvæði um skyldur og störf skólanefnda og fræðslunefnda.

VIII. kafli.

Um yfirstjórn fræðslumála og umsjón.

33. gr.

Yfirstjórn fræðslumála og umsjón hefur stjórnarráð Íslands. Sjer til aðstoðar hefur það skólafróðan mann, er ráðherra Íslands skipar. Gegnir hann aðallega umsjónarstarfinu fyrir hönd stjórnarráðsins og undirbýr ráðstafanir þær og reglugjörðir, er stjórnarráðið setur um fræðslumál. Umsjónarmaður hefur að launum 3000 kr. Kostnað við ferðir, sem leiða af starfi hans, fær hann greiddan eftir reikningi. Starfssvið hans ákveður stjórnarráðið nánar með reglugjörð.

IX. kafli.

Um það, hver lagaákvæði sjeu úr gildi numin með lögum þessum og hvenær lögin öðlast gildi.

34. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin: Konungsbrjef 2. júlí 1790 um uppfræðing barna, og lög 9. janúar 1880 um uppfræðing barna í skrift og reikningi.

35. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1908.

Nd. **635. Viðaukatillaga**
við frv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Frá Stefáni Stefánssyni Eyf.

Við 18. gr. Á eftir »til fyrv. fangavarðar Sigurðar Jónssonar 800 kr.« komi: til barnakennara Tómasar Davíðssonar . . . . . 200 kr.

Nd, **636. Viðaukatillögur**
við frumv. til fjárl. 1908 og 1909.
Flutningsm.: Herm. Jónasson.

Við 13. gr. B. III. »Í Vestfirðingafjórðungi — Stórholt« orðist þannig:

Í Vestfirðingafjórðungi:

a. Vegir . . . . . 10,000—12,000
Af f. á. fjárveitingu eru alt að 5000 kr. ætlaðar til vegagjörðar í Helgafellssveit á Stykkishólms—Borgarnessveginum frá svo kölluðum Síkjum upp á svo kölluð Stórholt
b. Brú á Hrútafjarðará 12,000
c. — - Miklagil 7,000
d. — - Norðurá í Heiðarsporðinum . . . 8,000

Nd. **637. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1908 og 1909.
Flutningsmaður: Herm. Jónasson.

Við 16. gr. tölul. 26.
Fyrir »1,200—500« komi: 1,200 — 1,200.
Varatillaga:
Fyrir »1,200—500« komi: 1,700.

Nd. **638. Framhalds-nefndarálit**
um frumvarp til laga um brunamál.

Helstu efnisbreytingar, sem orðið hafa á frumvarpi þessu í háttvirtri Efri deild, eru:

a, að tekið sje gilt, að trjeveggir og loft í húsum, sem háð eru sjerstakri brunahættu, sjeu klædd innan járnþynnum, sbr. 6., 7. og 8. gr.
b, að heimtað sje, að reykháfar sjeu járnklæddir, þar sem þeir ganga gegnum loft eða þök, sbr. 9. gr.
c, að eigi sje fastákveðið, að reykháfar sjeu hreinsaðar oftar en tvisvar á ári, sbr. 15. gr.
d, að ákveðið sje, að í íbúðarhúsum megi geyma alt að 400 potta af steinolíu, þó að eins helming þess í trjeílátum, sbr. 19. gr.

Nefndin hefur aðhylst þessi nýju ákvæði, og ræður háttvirtri Neðri deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi, 10. september 1907.

M. J. Kristjánsson, formaður. Ólafur Briem, skrifari og framsögum. Jón Magnússon

Stefán Stefánsson, Eyf. Skúli Thoroddsen.

Stefán Stefánsson, Skagf. Jón Jónsson.

Nd. **639. Framhalds-nefndarálit**
um frumvarp til laga um stofnun Brunabótafjelags Íslands.

Háttvirt Efri deild hefur gjört þessar efnisbreytingar á frumvarpinu:

a. fært niður í 30 kr. upphæð þá, er samkvæmt 16. gr. skal draga frá brunabótum, áður en þær koma til útborgunar.
b. slept því ákvæði úr 18. gr., að brunabótum fyrir húsgögn skuli varið til til viðgjörðar þeirra eða til að útvega nýjan húsbúnað.
c. miðað tryggingarfje fyrir eignir landssjóðs, samkvæmt 26. gr., við iðgjaldagreiðslu í Brunabótafjelagi landsins í staðinn fyrir brunabótagjald það, sem hingað til hefur verið greitt.

Breytingar þessar hefur nefndin aðhylst, og leggur til að frumvarpið verði samþykt eins og það nú liggur fyrir.

Alþingi, 10. september 1907.

M. J. Kristjánsson (formaður). Ólafur Briem (skrifari og frmsm.) Jón Magnússon Skúli Thoroddsen.

Stefán Stefánsson Skagf. Stefán Stefánsson Eyf. Jón Jónsson.

Nd. **640. Frumvarp**
til laga um vegi.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

FYRSTI KAFLI.
Um flokkun vega.

1. gr.

Vegir á Íslandi eru flutningabrautir, þjóðvegir, fjallvegir, sýsluvegir og hreppsvegir.

2. gr.

Flutningabrautir eru fyrst um sinn ákveðnar sem hjer segir:
1. Frá Reykjavík um Hellisheiði austur yfir Ytri-Rangá.
2. Frá vegamótum hjá Geithálsi til Þingvalla.
3. a. Frá Eyrarbakka að Selfossi.
   b. Frá Ingólfsfjalli um Grímsnes að Geysi.
4. Frá Borgarnesi um Stafholtstungur á þjóðveginn norðanvert við Kláffossbrú á Hvítá í Borgarfirði.
5. Frá Blönduósi vestur fyrir Víðidalsá hjá Steinsvaði.
6. Frá Sauðárkróki fram Skagafjörð á þjóðveginn fyrir neðan Víðimýri.
7. Frá Akureyri að Saurbæ í Eyjafirði.
8. Frá Húsavík að Einarsstöðum í Reykjadal.
9. Frá Búðareyri við Reyðarfjörð um Fagradal að Lagarfljóti hjá Egilsstöðum.

3. gr.

Þjóðvegir eru þessir:
1. Frá vegamótum hjá Artúni við Elliðaár, um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, yfir Ferstikluháls, um Svínadal, yfir Geldingadraga, um Skorradal og Borgarfjörð og yfir Grjótháls til Norðurárdals.
2. Frá vegamótum hjá Gljúfurá í Borgarfirði, um Norðurárdal, Bröttubrekku, Sökkólfsdal, Miðdali, Hjarðarholt, Hvammssveit, Svínadal og Saurbæ, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Króksfjörð, Reykhólasveit, Þorskafjörð, Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri við Ísafjörð.
3. Frá vegamótum hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði, Hrútafjörð og Hrútafjarðarháls, yfir Miðfjörð og Miðfjarðarháls að Víðidalsá hjá Steinsvaði.
4. Frá Blönduósi um Langadal og Stóra-Vatnsskarð, yfir Skagafjörð, um Blönduhlíð, Norðurárdal, Öxnadalsheiði, Öxnadal, Þelamörk, og Kræklingahlíð til Akureyrar.
5. Frá ferjustaðnum hjá Gili í Eyjafirði um Kaupangssveit, Vaðlaheiði, Fnjóskadal, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Reykjadal hjá Ein-

arsstöðum um Reykjahlíð og Mývatnsöræfi, um Grímsstaði, Möðrudal og Skjöldólfsstaði, um Jökuldal og Hróarstungu, hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.

6. Frá Eskifirði að Búðareyri við Reyðarfjörð.
7. Frá Egilsstöðum á Völlum um Skriðdal, Breiðdalsheiði, Berufjarðarskarð, Djúpavog, Geithellnahrepp, Lónsheiði, Lón og Almannaskarð, um Hóla og Bjarnanes í Nesjum, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi, Skeiðarársand, Fljótshverfi og Síðu, yfir Eldhraun, um Ása í Skaftártungu, um Mýrdalssand, Mýrdal, Sólheimasand, Eyjafjöll, Landeyjar og Rangárvöllu að Ytri-Rangá.
8. Frá vegamótum fyrir ofan Borgarnes um Mýrar, Hnappadalssýslu, Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
9. Frá Hrútafjarðará, um Borðeyri, út með Hrútafirði, um Stikuháls til Bitrufjarðar og þaðan að Gilsfjarðarbotni.
10. Frá Þingvöllum um Laugardal til Geysis.

4. gr.

Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem stjórnarráð Íslands ákveður, og eigi teljast til neins annars vegaflokks.

5. gr.

Sýsluvegir eru þeir vegir, er liggja sýslna í milli og um hverja sýslu þar sem mest er þjóðbraut, svo sem í kauptún og fiskiver, enda sjeu það eigi flutningabrautir eða þjóðvegir. Sýslunefndir ákveða, hvar þessir vegir skuli liggja, hver innan sinnar sýslu.

6. gr.

Hreppsvegir eru vegir um hreppa og hreppa í milli, sem hvorki eru flutningabrautir, þjóðvegir nje sýsluvegir. Sýslunefnd ákveður, eftir tillögum hreppsnefndar, hvar hreppsvegir skuli liggja.

ANNAR KAFLI.

Um vegagjörðir og viðhald vega og greiðslu kostnaðar við það.

7. gr.

Flutningabrautir skal fullgjöra á kostnað landssjóðs. Á flutningabrautum skal brúa öll vatnsföll, að svo miklu leyti sem það álist kleift; brautirnar skulu vera svo gjörðar, að vel sjeu færar hlöðnum vögnum, en að öðru leyti ákveður stjórnraráðið með ráði verkfræðings þess, sem skipaður er til að stjórna vegagjörðum, gjörð þeirra í hverju einstöku tilfelli.

8. gr.

Viðhald flutningabrauta þeirra, sem lagðar hafa verið, eða verða lagðar samkvæmt lögum þessum, skulu sýslur þær kosta, er flutningabrautirnar liggja um eða verða lagðar um, hver innan sinna sýslumarka, þó með þessum undantekningum:

a. Landssjóður kostar viðhald flutningabrautanna frá Reykjavík að Reykjarjett í Ölfusi og frá vegamótum hjá Geithálsi til Þingvalla, og viðhald flutningabrautarinnar frá Búðareyri við Reyðarfjörð, að Lagarfljóti hjá Egilsstöðum að einum þriðja.

Landssjóði skal skylt, að bæta að fullu á sinn kostnað miklar skemdir, er brýr á flutningabrautum verða fyrir af ófyrirsjáanlegum atvikum, svo sem jarðskjálfta, ofviðri o. s. frv. Landssjóður kosti einnig endurbyggingu brúnna, er þörf krefur. Þó fellur þessi viðgjörðar- og endurbyggingarskylda landssjóðs burtu, þar sem hinn upphaflegi byggingarkostnaður brúnna hefur ekki farið fram úr 15,000 krónum.

b. Norðurmúlasýsla og Suðurmúlasýsla kosti að öðru leyti, hvor um sig, viðhald flutningabrautarinnar frá Búðareyri að Lagarfljóti að hálfu.

c. Borgarfjarðarsýsla kosti viðhald flutningabrautarinnar frá Borgarnesi á þjóðveginn fyrir norðan Kláffossbrú á Hvítá í Borgarfirði að tveimur níundu, en Mýrasýsla að sjö níundu.

d. Rangárvallasýsla kosti viðhald flutningabrautarinnar milli Þjórsárbrúar og Ölfusárbrúar að einum þriðja, en Árnessýsla að tveim þriðju.

Gæsla og viðhald Þjórsárbrúarinnar sje kostuð af sýslusjóði Rangárvallasýslu, en gæsla og viðhald Ölfusárbrúarinnar af sýslusjóði Árnessýslu.

Sýslunefndir skulu sjá um framkvæmd viðhaldsins, og kostnaðinn við það skal telja með þeim útgjöldum til vega, er sýslusjóður á að greiða.

9. gr.

Eftirstöðvar allra þeirra lána, er sýslufjelög hafa fengið úr viðlagasjóði til flutningabrauta að brúm meðtöldum og tekin eru fyrir 1. janúar 1907, falla niður frá 1. október 1909. Frá sama tíma tekur og landssjóður að sjer greiðslu á eftirstöðvum allra samskonar lána, er tekin hafa verið gegn ábyrgð sýslufjelaga annarsstaðar en í viðlagasjóði fyrir áðurgreindan tíma (1. jan. 1907). Þó hefur stjórnarráðið heimild til þess að ákveða, að því fje, er sýslufjelögum sparast á þennan hátt, verði varið til vegabóta í hjeruðunum á öðrum vegum en þeim, er landssjóður kostar.

10. gr.

Þá er flutningabraut er fullgjörð, eða nokkur hluti hennar, skal stjórnarráðið afhenda hana, eða þann hluta hennar, sem er fullgjörður, hlutaðeigandi sýslu eða sýslum til viðhalds. Þó má afhending aldrei fara fram fyrri en tveim árum eftir að lokið var að leggja þann kafla, sem afhentur er, enda hafi verið bættar á landssjóðs kostnað allar þær skemdir, sem á hafa orðið þessi tvö fyrstu ár, og eigi eru að kenna umferð eða eðlilegri rýrnun; skulu bæturnar, að svo miklu leyti sem unt er, vera svo fullkomnar, að eigi sje hætt við samskonar skemdum aftur.

Skýrsla eða vottorð landsverkfræðings þess, er stjórnar vegagjörðum landsins, skal gagnvart sýslu teljast full sönnun þess, hvort vegur eða vegarkafli er fullgjör, eða skemdir bættar svo sem hjer er fyrir mælt. Þó skal sýslunefnd heimilt að skjóta þessari umsögn landsverkfræðingsins til stjórnarráðsins til fullnaðarúrslita.

Þær flutningabrautir, sem eru gjörðar áður en lög þessi öðlast gildi, verða eigi afhentar fyrri en 1. október 1909, og þá að eins þeir kaflar þeirra, sem fullnægja ákvæðum þessara laga. Þeir kaflar, sem þá eru ófullgjörðir, afhendast eftir sömu reglum og þær flutningabrautir, sem verða gjörðar eftir að þessi lög öðlast gildi.

11. gr.

Stjórnarráðið hefur eftirlit með því, að hlutaðeigendur haldi flutningabrautunum svo við, ásamt með öllum þeim mannvirkjum, er þeim til heyra, og landssjóður hefur kostað í fyrstu, að ekki gangi úr sjer. Eftirlitinu skal haga svo, að verkfræðingur, eða annar hæfur maður, er stjórnarráðið útnefnir, skoði vegina að minsta kosti annaðhvort ár, og gefi nákvæma skýrslu um ástand þeirra og um það, sem ábótavant kann að vera um viðhaldið. Skal sýslumaður, eða sá annar, sem fyrir sýslunefndarinnar hönd hefur aðalumsjón með viðhaldinu, fá eftirrit af skoðunargjörðinni, og stjórnarráðið annað.

Eftirlitsmenn skulu á ferðum sínum láta sýslunefndum og þeim, sem annast viðhaldið af hendi sýslunefnda, í tje allar nauðsynlegar upplýsingar og leiðbeiningar um viðhald vega þeirra, er þeir líta eftir.

Allur kostnaður við eftirlitið greiðist úr landssjóði.

12. gr.

Nú vanrækir sýslunefnd þær aðgjörðir, er eftirlitsmaður hefur talið nauðsynlegar í skýrslu sinni, og getur stjórnarráðið þá fyrirskipað sýslunefndinni að framkvæma þær innan tiltekins tíma, og látið framkvæma þær á kostnað sýslunnar, ef hún hlýðir ekki fyrirskipuninni.

13. gr.

Sýslunefndir skulu semja reikning yfir viðhaldskostnað flutningabrautanna ár hvert, og senda hann stjórnarráðinu, ásamt með skýrslu um það, sem gjört hefur verið.

14. gr.

Á þjóðvegum skal svo bæta torfærur með vegaruðningi og brúagjörð, að þeir sjeu greiðir yfirferðar.

15. gr.

Nú verður álitið nauðsynlegt eða gagnlegt að gjöra einhvern þjóðvegarkafla akfæran, og skal þá kostnaður við vegagjörðina greiðast úr landssjóði. Þegar sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, má gjöra það að skilyrði, að sveitarfjelögin eða sýslufjelögin leggi fram tiltekinn hluta alls vegagjörðar-kostnað-

arins, eða að þau leggi á sinn kostnað akfærar álmur út frá hinum akfæra þjóðvegi. Á akfærum þjóðvegum skal brúa öll vatnsföll, að svo miklu leyti sem það álítst kleift; þeir skulu vera svo gjörðir, að vel sjeu færir hlöðnum vögnum, en að öðru leyti ákveður stjórnarráðið, með ráði verkfræðings þess, sem skipaður er til að stjórna vegagjörðum, gjörð þeirra í hverju einstöku tilfelli.

16. gr.

Þar sem akfærir þjóðvegarkaflar hafa verið lagðir eða verða lagðir, samkvæmt lögum þessum, um bygð eða innan einnar sýslu, og ná til kauptúns eða flutningabrautar, svo að álíta má að þeir komi hjeraðinu að notum til flutninga, skulu hlutaðeigandi sýslufjelög kosta viðhald þeirra. Um afhending veganna, framkvæmd viðhaldsins og eftirlit með því fer þó eftir ákvæðunum í 10.—13. grein.

17. gr.

Þar sem akfærir þjóðvegir verða gjörðir milli landsfjórðunga eða yfir fjöll eða heiðar milli sýslna, skal landssjóður kosta viðhald þeirra.

Stjórnarráðið kveður nánar á um endamörk þeirra þjóðvegakafla, sem landssjóður eða einstakar sýslur eiga að halda við.

18. gr.

Hlutaðeigandi sýslufjelög skulu kosta viðhald þjóðvegarins frá Borgarnesi til Stykkishólms sem að undanförnu. Að öðru leyti kostar landssjóður viðhald þjóðvega, með undantekningum þeim, er getur um í 16. grein.

19. gr.

Rjett er, að fjallvegir sjeu reiðfærir gjörðir og varðaðir svo sem nauðsyn ber til. Greiðist kostnaður við þá úr landssjóði.

20. gr.

Kostnaður við sýsluvegi greiðist úr sýslusjóði, en í hann greiðir hvert hreppsfjelag 1 kr. 25 a. fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum 20—60 ára í hverri stöðu sem er. Heimilt er sýslunefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að gjald þetta skuli vera hærra, alt að 3 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann. Hreppstjórar skulu á ári hverju fyrir lok marsmánaðar senda sýslumanni nafnaskrár yfir alla verkfæra menn, 20—60 ára, sem heimili hafa í hreppnum. Eftir skrám þessum ákveður sýslumaður sýsluvegagjald hvers hrepps. Gjaldið skal borgað úr sveitarsjóði og greiðast sýslumanni á manntalsþingi.

21. gr.

Sýsluvegir þeir, sem liggja út frá flutningabrautum eða akfærum þjóðvegum, eða eru framhald af þeim, skulu gjörast akfærir þar sem því verður við komið. Að öðru leyti ákveður sýslunefnd hvernig sýsluvegir skuli gjörðir.

22. gr.

Oddviti sýslunefndar skal ár hvert senda stjórnarráðinu skýrslu um þær vegabætur, er hafa verið framkvæmdar á kostnað sýslusjóðs, ásamt með reikningi yfir tekjur og gjöld sýslusjóðsins.

23. gr.

Nú vill sýslunefnd framkvæma á einu ári meiri vegabætur á sýsluvegum, en tekjur sýslusjóðs það árið leyfa, og getur hún þá tekið lán til þeirra, en áður sýslunefnd ákveður lántökuna skal liggja fyrir áætlun um kostnað við hina fyrirhuguðu vegagjörð eftir verkfróðan mann.

24. gr.

Kostnaður við hreppsvegi greiðist úr hreppsvegasjóði, er hreppsnefndin geymir og hefur ábyrgð á. Skal greiða til hans 1 kr. 25 au. á vorhreppaskilaþingi fyrir hvern verkfæran mann í hreppnum, 20—60 ára, í hverri stöðu sem er. Gjald þetta greiðir hver húsbóndi fyrir heimilismenn sína, þar á meðal lausamenn, er teljast þar til heimilis. Heimilt er hreppsnefnd að ákveða fyrir eitt ár í senn, að hreppsvegagjald skuli vera hærra, alt að 3 kr. fyrir hvern verkfæran karlmann.

25. gr.

Nú er lítið að vinna að hreppsvegum í hreppi, og má sýslunefnd þá ákveða, að alt að helmingi hreppsvegagjalds greiðist í peningum í sýslusjóð. Sje aftur á móti hreppsvegavinna mikil í einhverjum hreppi, af því að þar eru engar flutningabrautir, þjóðvegir nje sýsluvegir, en vegir um hreppinn langir og torfærir, má sýslunefndin ákveða, að alt að jafnmikil upphæð og hreppsvegagjald hreppsins, greiðist úr sýslusjóði.

26. gr.

Oddviti hreppsnefndar skal á ári hverju senda sýslunefnd reikning yfir tekjur og gjöld hreppsvegasjóðsins.

27. gr.

Nú telur hreppsnefnd æskilegt, að framkvæmd sje á kostnað hreppsins meiri vegagjörð en svo, að hreppsvegagjaldið hrökkvi fyrir henni, og má hún þá verja til vegagjörðarinnar fje úr sveitarsjóði, ef meiri hluti allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrjett hafa til hreppsnefndar, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, og sje með þeirri samþykt ákveðið, hve mikilli upphæð megi verja til vegagjörðarinnar úr sveitarsjóði.

Nú vill hreppsnefnd taka lán til vegagjörðar í hreppnum, og skuldbinda sveitarsjóð til greiðslu á láninu ásamt vöxtum af því, og er henni það heimilt ef meiri hluti allra gjaldenda í hreppnum, þeirra er kosningarrjett hafa til hreppsnefndar, samþykkir á lögmætum sveitarfundi, enda samþykki sýslunefnd ályktun hreppsnefndarinnar um lántökuna.

ÞRIÐJI KAFLI.
Um stjórn vegamála.

28. gr.

Stjórnarráð Íslands hefur yfirstjórn allra þeirra vegagjörða og þess vegaviðhalds, sem er kostað af landssjóði að nokkru eða öllu leyti. Til þess að stjórna framkvæmdum í þessum málum skal skipa landsverkfræðing og fá honum fasta verkfróða aðstoðarmenn eftir þörfum.

Nú getur landsverkfræðingur eða fastir aðstoðarmenn hans eigi komið því við, að veita forstöðu einhverri þeirri vegagjörð eða brúargjörð, er útheimtir sjerstaka verklega þekkingu, og er stjórnarráðinu þá heimilt að ráða til þess hvern þann hæfan mann, er fæst. Kostnaður sá, sem af þessu leiðir, telst með öðrum kostnaði við verkið.

29. gr.

Sýslunefndir hafa umsjón og stjórn þeirra vegagjörða og þess viðhalds, sem er kostað af sýslusjóði; fela má sýslunefnd oddvita sínum umsjón með tilteknum vegagjörðum, eða sýslunefndarmanni eða hreppsnefndum umsjón með sýsluvegagjörð, hverjum í sínum hreppi, og ber þeim, sem umsjón er falin, að ráða til þann verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

Nú verður álitið nauðsynlegt að fá sjerstaklega verkfróðan mann til þess að undirbúa einhverja vegagjörð eða brúargjörð, eða til þess að sjá um framkvæmd vegagjörðar eða brúargjörðar,og er þá sýslunefnd, eða oddvita í umboði hennar, heimilt að ráða til hvern þann hæfan mann, er fæst. Kostnað þann, sem af þessu leiðir, má telja með öðrum kostnaði við verkið.

30. gr.

Hreppsnefnd hefur umsjón með vinnu og aðgjörð á hreppsvegum, og skal hún ráða þann til verkstjóra, sem hæfur er til þess starfa.

Nú verður álitið nauðsynlegt að fá sjerstaklega verkfróðan mann til þess að undirbúa vegagjörð eða brúargjörð, eða til þess að sjá um framkvæmd vegagjörðar eða brúargjörðar, og er þá hreppsnefnd heimilt að ráða til hvern þann hæfan mann, er fæst. Kostnað þann, er af þessu leiðir, má telja með öðrum kostnaði við verkið.

FJÓRÐI KAFLI.
Um gjörð veganna og um jarðrask, landnám, átroðning o. fl.

31. gr.

Allir vegir skulu vera svo breiðir, að nægi fyrir umferð þá, sem er eða vænta má að verði um þá.

32. gr.

Fram með öllum vegum skulu vera skurðir á báðar hendur, nema þar sem verkstjórinn kann að álíta það óþarft. Nú þarf að veita vatni frá vegi, og er þá hver landeigandi skyldur að leyfa, að því sje gjörð framrás yfir land hans, mót skaðabótum fyrir tjón það, sem hann kann að bíða af því; skaðabæturnar skulu ákveðnar með samkomulagi eða eftir mati samkvæmt 34. grein; þó getur enginn krafist skaðabóta samkvæmt þessum lögum fyrir vatnsrásir, sem eru til orðnar áður en lög þessi öðlast gildi.

Jarðefni það, er grefst upp úr skurðum og verður ekki notað til fyllingar í veginn, skal leggja á þann skurðbakkann, er veit frá veginum; skal álnar breið ræma af þeim skurðbakka teljast til vegarins, og má enginn gjöra girðingar eða önnur mannvirki á þeirri ræmu án leyfis stjórnarvalda þeirra, er veginum ráða; enginn má heldur reisa hús nær þeim skurðbakka, er veit frá vegi, en nemi 3 álnum.

33. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það, er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og leyfa að efni til vega sje tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og landnám á óyrktu landi skulu því að eins greiddar, að þeirra sje krafist, og álitið verði, að landeigandi hafi beðið skaða við það.

34. gr.

Bætur fyrir landnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sjer, má ákveða eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns stjórnarvalda þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðinn við matið greiðir landeigandi, ef upphæð sú, sem honum er metin, er nær því, sem honum hefur verið boðið en því, sem hann hefur krafist; ella telst kostnaðurinn við matið með skaðabótakostnaðinum.

Nú vill annarhvor málsaðili eigi una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gjöra skal hann það innan mánaðar frá því matsgjörð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af 4 dómkvöddum mönnum; kostnaðinn við yfirmat greiðir landeigandi, ef hann hefur krafist þess og það gengur honum eigi í vil, ella telst hann með öðrum skaðabótakostnaði.

35. gr.

Mat skal fram fara á vettvangi þá er jörð er snjólaus. Við matið skal hafa tillit til árlegs afraksturs af landi því, er um ræðir, svo og til þess, hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja og athuga vandlega alt það er getur haft áhrif á verðmæti þess, er meta skal; sjerstaklega skal hafa tillit til þess, ef ætla má, að land hækki í verði við vegagjörðina. Nú legst eldri vegur eða stígur niður við lagningu nýs vegar og fellur til landeiganda, og skal þá við matsgjörðina meta sjerstaklega hið gamla vegarstæði eða götutroðninga og draga

frá upphæð þeirri, er landeiganda er metin fyrir landnám undir hinn nýja veg eða jarðrask, leiðandi af lagning hans; bætur fyrir átroðning skal eigi meta í slíkum tilfellum, nema sannað verði, að meiri átroðningur stafi af hinum nýja vegi, en af hinum eldri vegi eða stíg.

36. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átroðning, en sje jörð leigð öðrum, greiði landeigandi honum 4 af hundraði árlega af skaðabótaupphæðinni, meðan leigusamningur sá er í gildi, sem var, þegar bæturnar voru ákveðnar. Ábúandi á þó bætur fyrir skemdir á mannvirkjum þeim, sem eru hans eign, og skal meta þær sjerstaklega.

37. gr.

Skaðabóta, er af vegagjörð eða vegaviðhaldi leiða, skal krefjast innan árs frá því, er verk það var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur rjettur til skaðabóta niður.

FIMTI KAFLI.
Um brýr, ferjur, sæluhús, girðingar, hlið o. fl.

38. gr.

Brýr skal gjöra á vegum þar sem álitið verður nauðsynlegt, og teljast þær til vega þeirra, er þær liggja á.

39. gr.

Lögferjuskylda skal vera hin sama og nú er.

Sýslunefndir hafa eftirlit með því, hver í sinni sýslu, að lögferjumenn haldi lögferjum í gildu standi og gæti skyldu sinnar að öðru leyti, eftir þeim nánari reglum, sem sýslunefnd setur á hverjum stað.

Eigi má sýslunefnd hækka lögferjugjöld nje afnema lögferju nema með samþykki stjórnarráðsins.

40. gr.

Nú er sett dragferja eða svifferja eða annar ferjuútbúnaður, sá er útheimtir ferjumann, í lögferju stað, og skal þá lögferjumaður skyldur að taka við hinni nýju ferju, gegna henni og hafa með henni umsjón alla; að því leyti sem viðhald hins nýja ferjuútbúnaðar álíst kostnaðarsamara en viðhald hinnar eldri ferju, skal sýslusjóður kosta það, en landssjóður ef ferjan er á þeim vegi, er landssjóði ber að halda við.

41. gr.

Nú vill sýslunefnd setja lögferju þar sem ekki var lögferja áður, og skulu þá taka við henni landeigandi og ábúandi, en geta krafist þess, að ferj-

an sje lögð þeim til í upphafi. Ferjugjöldin skulu, ef samkomulag næst ekki, ákveðin af óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

42. gr.

Nú verða ábúendaskifti á býli því, er lögferja fylgir, og má viðtakandi þá krefjast þess, að honum sje metið álag á ferjuna.

43. gr.

Sæluhús skal gjöra á fjallvegum og annarstaðar þar er þurfa þykir, og telst kostnaður við bygging þeirra með vegagjörðakostnaði, en kostnaður við viðhald þeirra og rekstur með vegaviðhaldskostnaði.

44. gr.

Girðingar má ekki setja nær alfaravegi en svo, að full 1 alin sje milli vegarjaðarsins og girðingarinnar. Gaddavírsgirðingar má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 9 álnir sjeu frá miðjum vegi til girðingar, og ekki nær en svo, að 6 álnir sjeu frá vegarjaðrinum til girðingarinnar.

Enginn má gjöra girðingu yfir veg, með hliði á fyrir veginum, nema með leyfi sýslunefndar, ef um sýsluveg eða hreppsveg er að ræða, en með leyfi stjórnarráðsins, ef um flutningabraut, þjóðveg eða fjallveg er að ræða.

Nú er leyft að gjöra girðingu yfir veg, með hliði á fyrir veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minsta kosti 4 álna breið, og svo gjörð, að opna megi með því að taka til hendi af hestbaki.

45. gr.

Nú liggur vegur eða stígur eða götutroðningar yfir land manns, og telst eigi til neins vegaflokks, og er landeiganda þá heimilt að gjöra girðingu yfir þann veg með hliði fyrir veginum, en eigi má hann loka hliðinu nje með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema hreppsnefnd leyfi.

46. gr.

Nú er vegur lagður gegnum land manns, og á hann þá rjett á að fá óhindraðan aðgang að veginum á einum stað frá landareign sinni. Skal í því skyni gjöra fláa út frá veginum, ef hann er upphleyptur eða niðurgrafinn, og sje hallinn á fláanum eigi meiri en 1:8, svo og brú á skurðinn, ef nokkur er, fram með veginum, að minsta kosti 3 álna breiða. Landeigandi skal birta verkstjóra kröfu sína í þessu efni áður vegurinn er fullgjörður á þeim stað, sem hann vill hafa aðgang að, og skal þá aðgangur gjörður þar eða svo nálægt, sem kostur er á; telst kostnaðurinn við það með vegagjörðarkostnaði.

Nú birtir landeigandi verkstjóra eigi kröfu sína um aðgang að veginum í tæka tíð, og skal hann þá gjöra aðganginn á sinn kostnað, svo og ef hann vill hafa aðgang frá fleirum stöðum í landi sínu, en þeim eina.

SJÖTTI KAFLI.

Um framkvæmd viðhaldsins og um vetrarviðhald og vetrarvegi.

47. gr.

Stjórnarvöld þau, sem eiga að sjá um viðhald vega samkvæmt lögum þessum, skulu fá til svo hæfa menn, sem kostur er á, til þess að hafa eftirlit með vegunum, og skal eigi ætla eftirlitsmanni lengri kafla en 15 kilómetra, nema staðhættir krefji.

48. gr.

Eftirlitsmenn skulu tafarlaust láta gjöra við allar skemdir á vegunum, þær er hætta getur stafað af, eða hindra umferð, eða hætt er við að ágjörist svo að meiri kostnaður hljótist af. Þeir skulu á vetrum halda skurðum og rennum opnum, svo að eigi renni yfir veginn í leysingum; að öðru leyti skulu þeir framkvæma viðhaldið eftir því, sem þeim verður fyrirskipað.

Eftirlitsmenn skulu og hafa gát á því, að vegfarendur hlýði ákvæðum þeim um umferð á vegum, sem sett eru í lögum þessum eða sett kunna að verða, svo og að vegurinn og þau mannvirki, sem honum fylgja, sjeu eigi skemd af mannavöldum. Skulu þeir tafarlaust kæra öll slík brot fyrir lögreglustjóra.

49. gr.

Nú þykir ástæða til að halda vegi akfærum með snjómokstri að vetrarlagi, og má þá hreppsnefnd ákveða að svo skuli gjört, hver innan síns hrepps. Nú liggur vegur um fleiri hreppa en einn, og má sýslunefnd þá ákveða, að honum skuli halda akfærum með snjómokstri, ef hreppsnefnd í einhverjum þeim hreppi, er vegurinn liggur um, fer fram á það.

50. gr.

Þá er löglega hefur verið ákveðið að halda vegi akfærum að vetrarlagi með snjómokstri, skal hver hreppsnefnd annast um framkvæmd þess innan síns hrepps. Kostnaðinn við það má greiða úr sveitarsjóði, en heimilt er hreppsnefnd og að ákveða, að verkið skuli int af hendi með skylduvinnu allra verkfærra karlmanna í hreppnum; heimilt skal þó hverjum manni að leysa sig undan skylduvinnu með því að greiða 2 kr. fyrir hvert dagsverk.

Hreppsnefnd kveður að öðru leyti á um hversu snjómokstri skuli hagað.

51. gr.

Heimilt er sýslunefndum og hreppsnefndum að verja fje úr sýslusjóðum og hreppsvegasjóðum til þess að gjöra sleðabrautir á vetrum utan almennra vega, þar sem þörf þykir.

SJÖUNDI KAFLI.

Sjerstök ákvæði um vegi í kaupstöðum og í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig.

52. gr.

Í kaupstöðum og í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir

sig, ákveður bæjarstjórn eða hreppsnefnd með ráði byggingarnefndar hvar vegir skuli liggja innan kaupstaðarins eða verslunarstaðarins, og hvernig þeir skuli gjörðir.

53. gr.

Kostnaður við vegagjörð og vegaviðhald í kaupstöðum greiðist úr bæjarsjóði, en í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelag út af fyrir sig, úr sveitarsjóði.

54. gr.

Með tekjum sveitarsjóðs skal í verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, telja hreppsvegagjald, sem er 2 kr. 50 au. fyrir hvern verkfæran karlmann í verslunarstaðnum, 20—60 ára, og greiðist gjaldið á þann hátt, sem fyrir er mælt í 24. gr.

55. gr.

Verslunarstaðir, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, skulu lausir við að greiða þann þriðjung sýslusjóðsgjaldsins, sem þeim annars bæri að greiða eftir tölu verkfærra karlmanna þar, ef hreppsfjelagið ver árlega til vegagjörðar í verslunarstaðnum að minsta kosti jafnmiklu fje úr sveitarsjóði, auk hreppsvegagjaldsins, sem þessi þriðjungur sýslusjóðsgjaldsins mundi nema.

ÁTTUNDI KAFLI.

Um reglur fyrir umferð um vegi, skemdir o. fl., og um sektir fyrir brot gegn lögum þessum.

56. gr.

Vegfarendur, hvort heldur eru gangandi, ríðandi eða á vagni eða á hjólum, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sjer og gripum sínum á vinstri helmingi vegarins eingöngu.

57. gr.

Stjórnarvöld þau, er eiga að annast viðhald vega, geta — hreppsnefndir og sýslunefndir þó eigi nema með samþykki stjórnarráðsins — sett þær reglur fyrir umferð um vegi þá, er þau annast um viðhald á, sem nauðsynlegar eru til þess að fyrirbyggja skemdir á vegunum eða til þess að greiða fyrir umferð um vegina, svo sem bannað trjádrátt og umferð þungavagna með mjóum hjólgjörðum.

58. gr.

Enginn má skilja eftir á alfaravegi neitt það, er getur hindrað eða bagað umferð um veginn; enginn má heldur stýfla skurði fram með vegi, eða frá vegi eða ræsi gegnum veg, eða gjöra neitt það, er hindrað getur eðlilegt vatnsrensli gegnum veg eða frá vegi.

59. gr.

Hver sá, er notar sæluhús við alfaraveg, skal ganga þrifalega um það, fara gætilega með eld, eldfæri og önnur þau tæki, er þar kunna að vera, ganga frá hverju á sínum stað og loka dyrum svo, að ekki nái að fenna inn. Skylt er hverjum, sem verður var við, að brotið hafi verið móti þessu, að tilkynna það tafarlaust umsjónarmanni sæluhússins eða lögreglustjóra.

60. gr.

Brot gegn lögum þessum og gegn þeim reglugjörðum og ákvörðunum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum frá 4—100 kr. Sömu sektum varðar það, að skemma af ásettu ráði vegi, brýr, ferjur, vörður eða sæluhús, nema þyngri hegning liggi við að lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það, sem hann hefur unnið.

61. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

62. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Lög 24. nóv. 1893 um gæslu og viðhald á brúm yfir Ölfusá og Þjórsá.

Lög 13. apríl 1894 um vegi.

Lög 26. febr. 1898 um sjerstakt gjald til brúargjörða.

Lög 9. sept. 1899 um viðauka við lög um vegi 13. apríl 1894.

Lög 12. jan. 1900 um fjölgun og viðhald þjóðvega.

Lög 23. okt. 1903 um breyting á lögum nr. 8 um vegi frá 13. apríl 1894

Lög 10. nóv. 1905 um breyting á lögum 13. apríl 1894 um vegi og á lögum um breyting á þessum lögum 23. október 1903.

Ed. **641. Framhalds-nefndarálit**

um frumvarp til laga um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn.

Frumvarp þetta hefur fengið nokkrar breytingar í háttv. Neðri deild og þótt vjer teljum sumar þeirra til lítilla bóta, viljum vjer ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið eins og það nú liggur fyrir, að undanskildu aldurstakmarki því, er háttv. Neðri deild hefir sett í 2. gr., sem skilyrði fyrir því, að menn fái sig leysta undan vistarskyldu. Það aldurstakmark teljum vjer of lágt, og viljum alls ekki fara lægra en í 20 ár.

Samkvæmt þessu berum vjer fram þessa

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 2. gr. í stað: 18 ára komi: »20 ára«

Efri deild alþingis, 10. sept. 1907.

Steingrímur Jónsson, formaður.

Guðjón Guðlaugsson, skrifari og framsögum.

Sigurður Stefánsson.

Nd.

642. Frumvarp

til laga um kennaraskóla í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg.
(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Kennaraskóla skal setja á stofn í sambandi við gagnfræðaskólann í Flensborg, og má verja til húsa og áhalda alt að 20,000 kr. úr landssjóði.

2. gr.

Kennaraskólinn er jafnt fyrir konur sem karla. Kenslan veitist ókeypis. Við hinn sameinaða skóla skulu vera alt að 28 heimavistir og hafa nemendur kennaraskólans forgangsrjett að þeim.

3. gr.

Tvær ársdeildir eru í kennaraskólanum.

Stjórnarráð Íslands semur reglugjörð fyrir hinn sameinaða skóla og skal henni hagað svo, að neðri deild gagnfræðaskólans geti veitt kennaraefnum þá undirstöðufræðslu, sem þeim er nauðsynleg til inntöku í kennaraskólann. Utanskólasveinum má veita inntöku í neðri deild kennaraskólans, ef þeir ganga undir inntökupróf, er sýni, að þeir hafi fengið eigi minni undirstöðufræðslu en neðri deild gagnfræðaskólans veitir í þeim námsgreinum, sem þar eru kendar.

Skólaár kennaraskólans er frá 1. október til 31. mars.

4. gr.

Kenslugreinir kennaraskólans eru þessar: Íslenska, danska, saga, landafræði og náttúrufræði, og þó einkum það, er Ísland snertir, reikningur og rúmfræði, skrift, teikning, handavinna, leikfimi, söngur, kristin fræði, uppeldis- og kenslufræði, og kensluæfingar. Auk þess má taka upp kenslu í garðyrkju og matreiðslu.

5. gr.

Við hinn sameinaða skóla skipar ráðherrann 4 fasta kennara; er einn þeirra forstöðumaður og hefur 2400 kr. að árslaunum, auk ókeypis bústaðar, hita og ljóss; annar kennari hefur 2200 kr. í árslaun, þriðji kennari 2000 kr. og fjórði kennari 1600 kr.

Forstöðumaður hefur alla umsjón með húsum og áhöldum skólans.

6. gr.

Kennarar skólans eru skyldir til, að hafa á hendi ókeypis um tveggja mánaða tíma á ári, kenslu og æfingar við framhaldskensluskeið fyrir lýðskólakennara, eftir nánari reglum, er yfirstjórn fræðslumála setur.

7. gr.

Stjórnarráðið hefur á hendi yfirumsjón hins sameinaða skóla.

8. gr.

Kostnaður við rekstur hins sameinaða skóla greiðist úr landssjóði, þó, að því er gagnfræðaskólann snertir, einungis að því leyti, sem tekjur þessarar sjerstöku stofnunar ekki hrökkva til.

Nd. **643. Viðaukatillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Frá Stefáni Stefánssyni, Eyf.

Við 14. gr. Á eftir tölulið XI., komi nýr liður, er verður XII. liður, þannig:

Til Karls Finnbogasonar til að kynna sjer kenslu og fyrirkomulag á lýðháskólum erlendis . . . . . kr. 400 (fyrra árið).

Nd. **644. Viðaukatillaga**

við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Frá M. J. Kristjánssyni.

Við 14. gr. Aftan við greinina bætist nýr liður:

Styrkur til Þóru Matthíasdóttur og Margrjetar Jónsdóttur á Akureyri til að reka kvennaskóla (handavinnukenslu) á Akureyri kr. 500 — 500.

Nd. **645. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Flutningsm.: G. Björnsson. Björn Kristjánsson.

Við 14. gr. B. VII. b. 1. Fyrir: »til barnaskóla annarsstaðar en í kaupstöðum 12,000—15,000«

komi: til barnaskóla . . . . 18,000—21,000.

Þar af til barnaskóla í kaupstöðum 6,000 kr. hvort árið.

Nd. **646. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Flutningsmaður: Árni Jónsson.

Við 14. gr. Aftan við greinina bætist:

XII. Til Jónasar Jónssonar frá Hriflu til að stunda kennaranám erlendis 300—300 600

Nd. **647. Breytingartillögur**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909 (þingskjal 627).

Frá ráðherra.

1. Við 2. gr. 7. Töluliðurinn falli burt.
2. — 11. - B. 6. Í staðinn fyrir »500—500« komi 1500—1500.
3. — 13. - D. II. 6. Fyrir »kr. 12,000« komi: 10,000. Fyrir »48,433« komi: 50,433.
4. — 13. - D. II. 9. Fyrir 9000 innanstryks og 9000 utanstryks, komi: 6000 — — - 12000 — —
5. — 13. - D. II. 10. Í stað orðsins »landsímastöðvar í 3. línu í athugasemdinni komi: talsímastöðvar. Orðið »öllum« í 4. línu athugasemdarinnar falli burt.
6. — 14. - B. IV. c. 5. Í staðinn fyrir 1200—1200« komi: 2600—2600.
7. — 14. - B. VII. o. Í staðinn fyrir 300 kr. fyrra árið komi: 150—150.
8. — 15. - I. Aptan við l. bætist nýr liður:
   m. Til skápa og innanstokksmuna í hina nýju safnabyggingu 38,000 kr. (f. á.).
9. — 16. - 8. Athugasemdin falli burt.
10. — 16. - 10. Við bætist innan stryks: 1909.
    kr. 3,000
    — 500
11. — 16. - 20. b. Í staðinn fyrir »200—200« komi 400—400.

Nd. **648. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Flutningsm.: Guðl. Guðmundsson.

Við 21. gr. Við gr. bætist ný 6. málsgrein svo hljóðandi:

Úr viðlagasjóði má lána Bergi Helgasyni og Karli Finnbogasyni 60,000 krónur til stofnunar lýðháskóla með fyrirmyndarbúi á Suðurlandsundirlendinu. Lánið veitist gegn væntanlegri ábyrgð sýslufjelaga Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, ávaxtast með 4% árlega, sje afborgunarlaust fyrstu 5 árin, en endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á næstu 30 árum.

Nd. **649. Frumvarp**

til laga um stofnun brunabótafjelags Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

Verksvið fjelagsins.

1. gr.

Landsstjórnin gengst fyrir því, að á stofn sje sett brunabótafjelag með

gagnkvæmri ábyrgð. Fjelagið nefnist brunabótafjelag Íslands. Það tekur að sjer brunabótatrygging á húseignum á Íslandi utan Reykjavíkur, sem eigi eru tryggingarskyldar í brunabótasjóði, stofnuðum eftir lögum nr. 26, 20. oktbr. 1905; ennfremur tryggir fjelagið lausafje á Íslandi gegn eldsvoða.

Stjórnarráðið semur reglugjörð fyrir fjelagið, ákveður flokkunarreglur, iðgjöld og tryggingarskilyrði, og setur yfir höfuð allar nánari reglur um starfrækslu fjelagsins, þó svo, að gætt sje ákvæða þeirra, er hjer fara á eftir.

2. gr.

Fjelagið er gagnkvæmilegt brunabótafjelag með ábyrgð landssjóðs fyrir alt að 600,000 kr., og tekur að sjer:

A. Trygging á $^5/_6$ hlutum verðs með hluttöku sveitarfjelaga í eldsvoðaábyrgðinni:
   1) á húseignum í kaupstöðum utan Reykjavíkur og í kauptúnum með 300 íbúum eða fleirum.
   2) á lausafje í kaupstöðum þeim og kauptúnum, er getið er í tölulið 1, og í Reykjavík.

B. Trygging á $^2/_3$ tjóns af eldsvoða á lausafje og á húseignum þeim utan Reykjavíkur, sem ekki verða trygðar eftir staflið A með hluttekning sveitarfjelags, og eigi eru heldur tryggingarskyldar í brunabótasjóði, er hreppur hefir stofnað.

3. gr.

Í kaupstöðum þeim og kauptúnum, sem um er rætt í 2. gr. A., skulu allar húseignir, hvort sem þær eru eign einstakra manna, fjelaga eða hins opinbera, að undanskildum húseignum landssjóðs, vátrygðar fyrir eldsvoða í brunabótafjelagi landsins.

4. gr.

Á þeim stöðum, er vátryggingarskylda á húseignum gildir samkvæmt 3. gr., hvort sem eru kaupstaðir eða kauptún, eiga menn rjett á að fá trygt í brunabótafjelaginu allskonar lausafje, þar með taldar verslunarvörur, og sömuleiðis skip og báta á landi eða í skipakví.

5. gr.

Eigendur húsa þeirra og lausafjár, sem fjelagið tryggir að $^5/_6$ hlutum samkvæmt 2. gr. A., skulu sjálfir bera ábyrgð á þeim $^1/_6$, sem fjelagið tekur ekki í ábyrgð, og er bannað, að vátryggja þann hluta fyrir eldsvoða í nokkurri stofnun innan lands eða utan.

6. gr.

Fjelaginu er skylt, að endurtryggja hjá öðrum brunabótafjelögum það sem einstakar vátryggingar, er fjelagið tekur að sjer, eru hærri en hjer segir:

A. með hluttöku sveitarfjelags í ábyrgðinni, trygging á húsi eða húsaþyrpingu í sameiginlegri brunahættu 10,000 kr. og lausafjártrygging 6,000 kr.
B. án hluttöku sveitarfjelags í ábyrgðinni, trygging á húseign 7,500 kr. og lausafjártrygging 4,500 kr.

Trygging með hluttöku sveitarfjelags í áhættunni.

7. gr.

Öll þau hús og alt lausafje, sem fjelagið tryggir, hvort er í Reykjavík eða í kaupstöðum þeim og verslunarstöðum, er um ræðir í 2. gr. A, skal hlutaðeigandi sveitarfjelag ábyrgjast að $^1/_5$ hluta ábyrgðarinnar ($^1/_6$ hluta verðs), þó skal það engan þátt taka í þeim hluta ábyrgðarinnar, sem endurtrygður er, og þannig aldrei í meira en 10000 kr. af hverri hústrygging og 6000 kr. af hverri lausafjártrygging.

Hverju sveitarfjelagi skal færður til tekna hluti af iðgjaldinu að rjettri tiltölu við áhættu þess. Þenna hluta iðgjaldanna, ásamt vöxtum, skal fjelagið geyma og fara með sem iðgjaldasjóð, er sveitarfjelagið á, og ekki má af taka, nema til greiðslu þess, er á sveitarfjelagið kann að koma af brunabótum.

8. g r.

Ef brennur, greiðir fjelagið allra brunabæturnar. Það sem sveitarfjelagið á að greiða, skal, svo sem til vinst, taka af inneign þess í iðgjaldasjóði, en hrökkvi inneignin ekki til, skal greiða það, er á vantar, af sveitarsjóði innan missiris.

9. gr.

Nú hafa brunabætur verið greiddar af sveitarsjóði samkvæmt 8. gr., og skal þá sveitarstjórn jafna þeim niður á sveitarbúa á alt að 15 árum, nema upphæðin sje svo lítil, að hana megi að áliti sveitarstjórnar greiða sem önnur gjöld sveitarsjóðs án endurgjalds.

Niðurjöfnuninni skal haga svo, að brunabótum fyrir hús sje jafnað niður á allar húseignir í kaupstaðnum eða verslunarstaðnum að undanskildum húseignum landssjóðs, eftir verði bygginga, en brunabótum fyrir lausafje skal jafnað niður á alla þá, sem gjaldskyldir eru til sveitar, sem aukaútsvari eftir efnum og ástæðum.

Um öll atriði, er snerta niðurjöfnunina, getur hver gjaldandi leitað úrskurðar sýslunefndar eða bæjarstjórnar, og er sá úrskurður fullnaðarúrslit.

Stjórnarráðið getur veitt samþykki sitt til þess, að brunabætur, er sveitarsjóður verður að greiða, endurgreiðist honum að öllu eða nokkru leyti af því fje, er annars ætti að greiða í iðgjaldasjóð sveitarfjelagsins.

Trygging án hluttöku sveitarfjelags í áhættunni.

10. gr.

Fjelagið getur tekið í brunabótaábyrgð hús og lausafje annarsstaðar en í kaupstöðum þeim og verslunarstöðum, sem eftir framanskráðum reglum taka þátt í áhættunni. Slíka ábyrgð tekur fjelagið þó ekki að sjer, nema með því einu skilyrði, að einungis $^2/_3$ af skaðanum endurgjaldist, og að sá $^1/_3$ hluti, sem ekki verður endurgoldinn, ekki sje trygður annarsstaðar.

11. gr.

Fjelagið má ekki, nema samþykki stjórnarráðsins komi til, taka í ábyrgð byggingar, er mundu vera tryggingarskyldar í brunabótasjóði eftir lögum 20. oktbr. 1905, ef stofnaður væri.

Almenn ákvæði.

12. gr.

Vátryggjendur í fjelaginu ábyrgjast, hver gagnvart öðrum, að fjelagið standi í skilum. Þó nær skuldbinding þessi að eins til eignar þeirrar, er vátrygð er í fjelaginu. Ábyrgðin skal ákveðin í hlutfalli við þann hluta eignarinnar, sem vátrygður er.

Skaðabóta má að eins krefjast af vátryggjendum í fjelaginu á þann hátt, að heimt sjeu inn aukaiðgjöld, er eigi sjeu hærri neitt ár, en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í brunabótaskírteininu.

13. gr.

Landssjóður ábyrgist með alt að 600,000 kr., að fjelagið uppfylli skyldur sínar. Geti fjelagið eigi af eigin ramleik borgað skaðabætur, er skylt er að greiða, leggur landssjóður til það sem á vantar, þó aldrei meira, en áðurnefnda upphæð.

Ef fjelagið hefur orðið að leita aðstoðar landssjóðs til þess að greiða skaðabætur, skal styrkur sá, er það hefur þegið af landssjóði, að viðbættum 4% í árlega vöxtu, endurgreiðast smátt og smátt, eftir því sem efni fjelagsins leyfa. Nú nemur fje það, er lagt hefur verið fram af landssjóði, að meðtöldum vöxtum meiru en 50,000 kr., og skal þá fjelagið gjöra tryggjendum, að greiða aukaiðgjöld, þannig, að það, sem fram yfir er 50,000 kr., endurgjaldist landssjóði á 10 árum í seinasta lagi ef hægt er, en ávalt skal gæta ákvæða 12. gr. um stærð aukaiðgjaldsins.

Af ábyrgðarupphæð landssjóðs má þegar afhenda fjelaginu alt að 20,000 kr. sem starfsfje, en greiða skal af því 4% árlega. Endurborga skal þetta fje af gróða fjelagsins, þá er varasjóður nemur 20,000 kr.

14. gr.

Að því er snertir lausafje, svo og húseignir aðrar en þær, sem vátryggingarskyldar eru samkvæmt 3. gr., má ganga úr fjelaginu við áramót að undan genginni uppsögn með 3 mánaða fresti, og gegn því, að vátryggiandi greiði iðgjald sitt til þess tíma, er hann fer úr fjelaginu, og sinn hluta af skaðabótum þeim, er á hafa fallið áður, ef þær nema meiru en sjóður brunabótafjelagsins.

Áður en nokkurt hús sje tekið úr trygging fjelagsins, verður sá, er tryggginguna hefur fengið, að fá samþykki til þess frá öllum þeim, sem samkvæmt þinglesnu veðbrjefi, aðför eða kaupsamningi, eiga á einhvern hátt tillkall til hússins.

Enga byggingu má fella úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sje eigi greitt.

15. gr.

Fjelagið tekur eigi ábyrgð á tjóni, sem orsakast af jarðskjálfta eða ófriði, nje heldur á tjóni, sem af því leiðir, að vátryggjandi, kona hans eða nánustu erfingjar eru valdir að brunanum, af ásettu ráði eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi.

Fjelagið á auk þess rjett á, að draga alt að fjórðung af brunabótunum, er vátryggjandi hefur út af eldsvoðanum verið dæmdur í sekt fyrir brot gegn brunamálalögunum, eða hann hefur gengist undir það sjálfviljugur að greiða slíka sekt.

16. gr.

Tjón, sem eigi nemur meiru en 30 kr., verður eigi bætt, og sje það meira, skal draga þá upphæð frá brunabótunum. Ef sjerstaklega stendur á, má fjelagsstjórnin þó gjöra undantekning frá þessum ákvæðum.

Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um tjón, er stafar af ráðstöfunum til þess, að hindra útbreiðslu eldsvoða, sem þegar er upp kominn.

17. gr.

Skaðabætur má eigi greiða af hendi fyr en haldin hefur verið rjettarrannsókn út af brunanum; þó má fjelagsstjórnin gjöra undantekning frá þessu, er tjónið eigi nemur meiru en 500 kr.

18. gr.

Bætur fyrir tjón á húsum má að eins greiða til þess að byggja upp á sama stað eða gjöra við hús það, er brunnið hefur, sbr. þó 19. gr.

Við húsábyrgðir er fjelaginu skylt að tryggja það, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sje varið rjettilega.

Fjelagsstjórnin, ásamt sveitarstjórn, ef sveit er hluttaki, má veita undanþágu frá fyrsta lið þessarar greinar, þó svo að 15—20% af brunabótaupphæðinni sje þá dregið frá, nema almannahagur heimti, að vikið sje frá þessum ákvæðum.

19. gr.

Þegar eignir þær, er trygðar eru hjá fjelaginu, eru veðsettar, nær veðrjetturinn einnig til brunabótafjárins. Glati veðsetjandi rjetti sínum til brunabótanna, á veðhafi engu að síður heimting á greiðslu þeirra, svo sem með þarf til þess að

borga kröfuskuld hans með eins árs vöxtum, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa eigi hrokkið til.

20. gr.

Tryggingariðgjaldið hvílir á húseignum þeim, er trygðar eru í fjelaginu, og gengur í 2 ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, er á þeim liggja, nema sköttum til landssjóðs.

Öll iðgjöld til fjelagsins og virðingargjöld má heimta með lögtaki.

Um það fje, sem sveitarstjórnir jafna niður samkvæmt 9. gr., fer sem um önnur sveitargjöld.

21. gr.

Eindagi á öllum iðgjöldum skal vera 15. október. Nú eru eignir vátrygðar á öðrum tíma, og skal þá ávalt fyrsta vátryggingartímabilið teljast til 15. október þess, er næstur kemur eftir að vátryggingin byrjar, nema vátryggt sje til skemri tíma.

22. gr.

Í reglugjörð fjelagsins skulu sett nánari ákvæði um virðingar á eignum þeim, er trygðar eru hjá fjelaginu, og á tjóni því, er á þeim kann að verða. Skylda má sveitarstjórnir til og hreppstjóra, að veita fjelaginu aðstoð sína í því efni kauplaust.

Sveitarstjórnirnar í þeim sveitum, er þátt taka í áhættunni, eru yfirleitt skyldar til þess, að gæta hags fjelagsins kauplaust. Enn fremur ber þeim, að heimta inn iðgjöldin eftir nánari ákvæðum í reglugjörðinni.

Stjórn fjelagsins.

23. gr.

Fjelagið skal hafa heimili og varnarþing í Reykjavík, og stendur undir umsjón stjórnarráðsins. Fjelaginu stjórnar framkvæmdarstjóri, sem skipaður er af ráðherra Íslands. Fjelagið greiðir stjórnarkostnað, þar með talin laun framkvæmdarstjóra.

Þegar sameiginlegur brunabótasjóður er stofnaður eftir lögum 20. oktbr. 1905, skal hann hafa sömu stjórn sem brunabótafjelag Íslands og vera yfirleitt í samvinnu við það, þannig, að stjórnarkostnaðurinn skiftist milli þeirra eftir ákvæði stjórnarráðsins. Annars eru fjelagið og brunabótasjóðurinn reikningslega alveg óháð hvort öðru.

24. gr.

Áður en reglugjörð, flokkunarreglur, iðgjöld og tryggingarskilyrði eru sett, skal leita álits sveitarfjelaga þeirra, er hlut taka í ábyrgð. Þær sveitarstjórnir, er í hlut eiga, eiga rjett á að koma fram með tillögur um öll málefni fjelagsins, enda skal leita álits þeirra um öll málefni, er mjög eru mikilsverð, og þau atriði, er einkum koma þeim við.

25. gr.

Þegar fjelagið er orðið svo stórt, að ársiðgjöldin nema meiru en 75,000 kr., skal stjórnarráðið semja frumvarp til laga um breyting á stjórn þess í þá átt, að skipað sje fulltrúaráð til þess, að gæta hags sveitarfjelaganna og vátryggjenda. Þegar fengnar eru umsagnir hlutaðeigandi sveitarstjórna, skal frumvarpið lagt fyrir alþingi.

Um brunabótatrygging á eignum landssjóðs.

26. gr.

Á eignum landssjóðs — að undanteknum byggingum í Reykjavík — skal framvegis ekki fengin ábyrgð gegn eldsvoða. Í stað þess skal árlega leggja í tryggingarsjóð, er landssjóður á, svo mikið fje, að samsvari því, er hann mundi eiga að greiða í Brunabótafjelagi Íslands.

Stjórn brunabótasjóðs landssjóðs skal falin brunabótafjelagi Íslands; fyrir það má veita fjelaginu þóknun, er stjórnarráðið ákveður. Að öðru leyti er enginn fjelagsskapur með brunabótafjelaginu og brunabótasjóði landssjóðs; ef síðastnefndur sjóður með vöxtum hrekkur eigi til þess að greiða tjón af eldsvoða á eignum landssjóðs, þá verður landssjóður að bera skaðann að öðru leyti.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um þetta atriði.

Reikningar, snertandi brunabótasjóð landssjóðs, skulu árlega fylgja landsreikningnum og skulu yfirskoðunarmenn landsreikninganna einnig yfirfara þá.

Um það, hvenær fjelagið taki til starfa.

27. gr.

Landsstjórnin sjer um, að lög þessi komi til framkvæmda og brunabótafjelag það, er ræðir um í lögunum, taki til starfa svo fljótt, sem verða má.

28. gr.

Brjóti vátryggjandi móti lögum þessum eða reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varðar það rjettarmissi til brunabóta eftir málavöxtum, svo sem reglugjörð nánar til tekur.

Í reglugjörð má ákveða sektir fyrir brot á ákvæðum hennar, 5—500 kr., er renni í sjóð þann, sem brotið er við.

29. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Nd. **650. Frumvarp**
til laga um brunamál.
(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

I. kafli.

Um tilhögun húsa og eldstæða.

1. gr.

Þá er ný húseign er reist, hvort heldur er einstakt hús eða fleiri hús en eitt, sem ætluð eru til sameiginlegra afnota og standa á sömu lóð, skulu vera auð millibil milli hennar og annara húseigna, svo stór sem hjer segir:

a. 20 álnir, ef báðar húseignirnar eru úr timbri, ójárnvarðar.
b. 15 álnir, ef önnur húseignin er úr steini, torfi eða úr timbri járnvarin, en hin úr timbri ójárnvarin.
c. 10 álnir, ef báðar húseignir eru úr steini, torfi eða úr timbri járnvarðar.
d. 5 álnir, ef eldvarnarveggur er fyrir annari húseigninni, að minsta kosti 6 þumlungum hærri, en veggir þess húss, sem eldvarnarveggurinn stendur við, enda sje það hús með eldtraustu þaki, en eldtraust þök skulu talin járnþök og önnur málmþök, helluþök og tjörupappaþök einföld eða tvöföld, ef þykt pappans eða pappalaganna til samans er að minsta kosti $1^{8}/_{10}$ línu.
e. Loks mega húseignir vera samfastar, ef milli þeirra er sameiginlegur eldvarnarveggur, að minsta kosti 6 þuml. hærri en hærri húseignin.

Eldvarnarveggir skulu vera að minsta kosti 7 þuml. þykkir, hlaðnir úr steinlímdu grjóti eða úr steinsteypu, og mega eigi vera í þeim viðir eða neinskonar op.

Nú er húseign að nokkru leyti úr steini, torfi eða úr timbri járnvarin, en að nokkru leyti úr timbri ójárnvarin, og má þá enginn hluti hennar vera nær annari húseign, eða hluta af annari húseign, en svo, að hver einstakur hluti fullnægi þeim fjarlægðar-ákvæðum, er að framan eru sett um heila húseign af sömu gjörð.

2. gr.

Lýsisbræðsluhús, tígulofna og kalkofna má eigi byggja nær öðrum húseignum, en 50 álnir frá þeim.

3. gr.

Eigi má byggja hús til að geyma í skotelda, eða til þess að búa til í skotelda, nær öðrum húsum en 100 álnir frá þeim.

Hús til þess að geyma í púður eða önnur sprengiefni má eigi byggja, nema með sjerstöku leyfi lögreglustjóra.

4. gr.

Nú vill maður gjöra viðbót við húseign sína og skal þá fylgt framangreindum reglum um fjarlægð frá öðrum húseignum eftir gjörð viðbótarinnar, nema viðbótin komi eigi nær öðrum húseignum en hinn eldri hluti húseignarinnar og sje eigi miður eldtraust en hann.

5. gr.

Framangreind ákvæði um fjarlægð nýrra húseigna frá öðrum húseignum skulu einnig gilda, þá er húseignir eru endurreistar, eftir að þær hafa brunnið eða verið rifnar niður, ef hlutaðeigandi hefur nægilega stóra lóð til þess. Sje lóðin eigi nægileg til þessa, eða ef að eins nokkur hluti húseignarinnar hefur brunnið eða verið rifinn niður, má endurreisa hana á sama stað og með sömu gjörð og áður. Þessi undanþága nær þó eigi til slíkra bygginga, sem ræðir um í 2. og 3. gr.

6. gr.

Í smiðjum og trjesmíðavinnustofum, þar sem eldstæði er, eða farið er með eld, skulu veggir vera úr steini eða steinsteypu, eða reyrlagðir og kalkaðir eða með sementshúð innan, ef þeir eru úr trje; loftin skulu og vera reyrlögð og kölkuð, ef þau eru úr trje, eða klædd með járnþynnum á listum. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá þessu, ef smiðja eða trjesmíðavinnustofa er sjerstakt hús eða er í útihúsi, þar sem eigi er íbúð nje önnur eldstæði og eigi geymd eldfim efni, ef ekki verður álitið, að öðrum húsum stafi brunahætta af smiðjunni.

7. gr.

Herbergi, sem geyma á í hey, hálm eða önnur þess konar eldfim efni, skulu greind frá öðrum herbergjum þeim, er eldstæði eru í, með steinveggjum eða steyptum veggjum eða trjeveggjum reyrlögðum og kölkuðum eða klæddum með járnþynnum á listum eða með sementshúð þeim megin, er veit að herbergi því, sem eldstæði er í.

Dyr mega eigi vera að slíkum geymsluherbergjum frá eldhúsum með opnum eldstæðum eða frá smiðjum eða trjesmíðavinnustofum, slíkum er ræðir um í 6. gr.

8. gr.

Opin eldstæði (hlóð) má ekki hafa í þeim herbergjum, sem trjególf er í eða trjebitar í gólfi. Hlóð skulu jafnan svo hlaðin, að hvergi sje skemra en 24 þuml. frá eldstæðinu eða öskustónni að stoðum eða öðrum viðum.

Um ofna og eldavjelar, sem eftirleiðis verða sett upp, skulu þær reglur gilda, sem hjer segir:

1. Ofna og eldavjelar má eigi setja nær timburvegg en svo, að 8 þuml. sjeu í milli.
2. Pípur frá ofnum og eldavjelum mega eigi koma nær trje en svo, að 8

þuml. sjeu í milli: þær skulu liggja inn í reykháf og mega ekki liggja um herbergi, sem geymt er í hey eða ámóta eldfim efni.

3. Eldavjelar má setja á trjególf, ef 4¼ þuml. að minsta kosti er frá gólfi upp að botni eldavjelarinnar og gólfið undir eldavjelinni þakið með járnþynnu eða öðru eldtraustu efni.
4. Ofnar skulu standa á múruðum fæti eða á múrfyltum eða opnum járnfæti; sje rist í botni ofnsins, skal öskuskúffa vera í fætinum og skal þá vera undir skúffunni járnþynna, er tyllir út í holið, 2 þuml. frá gólfi að minsta kosti.
5. Þar sem ofnar eða eldavjelar standa á trjególfi, skal gólfið fram undan eldstæðinu þakið með einhverju efni, sem ekki er eldnæmt, t. d. með járnþynnu. Skal járnþynnan eða það, sem í hennar stað er notað, ná að minsta kosti 12 þuml. fram á gólfið fyrir framan ofninn eða eldavjelina og að minsta kosti 8 þuml. út fyrir ofninn eða eldavjelina til hliðanna og að aftanverðu.

Herbergi, sem ætluð eru gufukötlum eða vatnskötlum til miðstöðvarhitunar, skulu hafa veggi og gólf úr steini eða steinsteypu og loft af sömu gjörð, þó má í þess stað koma trjeloft, reyrlagt og kalkað, eða klætt járnþynnum á listum, ef ketillinn kemur eigi nær loftinu, en 2 álnir frá því.

9. gr.

Reykháfar skulu hlaðnir upp rambyggilega úr tígulsteini eða grjóti, lögðu í steinlím, eða gjörðir úr steinsteypu, og skulu hliðar reykháfsins eigi vera þynnri en 4½ þuml. Þar sem reykháfur gengur gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, skal hann vera járnklæddur hringinn í kring sem og þar sem hann gengur í gegnum þakið, og vera skal að minsta kosti 6½ þml. bil milli þeirra hliða hans, sem snúa inn, og viðanna. Ekki má heldur þilja reykháfinn eða klæða hann borðum eða láta utan um hann veggfóður, sem límt er utan á lista. Reykháfur skal annaðhvort hlaðinn frá grundvelli eða liggja á hvelfingu milli tveggja steinveggja, en má eigi standa á bitum eða trjególfum. Reykháfar skulu eigi þrengri en 9 þml. á hvern veg að innanmáli, og ná að minsta kosti 1 alin upp fyrir mæni, ef þeir koma upp úr mæni húss, en að minsta kosti 1½ alin upp úr þekjunni utan mænis.

Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópgöt, jafnvíð reykháfnum, og traust járnhurð fyrir í járnumgjörð. Inn í 9 þml. víðan reykháf má eigi setja reykpípu frá fleiri eldstæðum en 8, og jafnan skal hafa járnkraga í reykháfnum utan um hverja pípu þannig gjörðan, að pípan geti eigi ýtst inn í reykháfinn.

Eigi má reykháfur vera í herbergi, þar sem geymt er hey eða ámóta eldfim efni, nema þiljað sje alt í kring um reykháfinn í því herbergi, að minsta kosti 1 alin frá honum á hvern veg, svo að engin eldfim efni nái að komast að reykháfnum.

10. gr.

Enginn má, án leyfis bæjarstjórnar í kaupstöðum eða hreppsnefndar og lögreglustjóra í verslunarstöðum, byggja verksmiðju, sem brunahætta stafar

af, nema verksmiðjan standi að minsta kosti 50 álnir frá nágrannalóð. Urskurði bæjarstjórna eða hreppsnefnda um þetta, má þó skjóta til stjórnarráðsins til úrslita. Sá, sem fær leyfi til að byggja slíka verksmiðju, nær nágrannalóð en 50 álnir frá henni, skal skyldur, að gjöra þær ráðstafanir gegn brunahættu, sem heimtaðar kunna að verða.

11. gr.

Stjórnarráðið getur, ef bæjarstjórn eða hreppsnefnd mælir með, veitt undanþágu frá ákvæðum þeim, er að framan eru sett, ef staðhættir krefja og eigi verður álitið, að brunahætta stafi af.

12. gr.

Brjóti nokkur gegn ákvæðum þeim, er að framan eru sett, skal hann sæta sektum frá 4 til 100 kr. Þar að auki má knýja hann með dagsektum til þess að bæta það, sem ábótavant er, svo að fullnægi framangreindum ákvæðum.

Hafi sá, er hús lætur gjöra, falið framkvæmdina smiðum, einum eða fleiri, bera þeir ábyrgðina, nema þeir hafi brotið framangreind ákvæði beinlínis eftir skipun þess, er hús lætur gjöra.

II. kafli.
Um meðferð á eldi, ljósum o. fl.

13. gr.

Allir eru skyldir að fara varlega með eld, ljós og annað, sem valdið getur eldsvoða eða stuðlað að því, að hann komi upp. Húsbændur og húsmæður skulu hafa eftirlit með, að börn þeirra, vinnuhjú eða annað heimilisfólk þeirra eða aðrir, sem í þeirra þjónustu fást við einhver störf í húsinu, hegði sjer svo í þessu efni, að eigi verði að fundið. Í leiguhúsi skal eigandi eða umráðamaður hans, hafa gætur á því, að leiguliðar þeirra, eða þeir, sem búa í húsum þeirra, vanræki það ekki, sem grein þessi skipar fyrir um, og skulu þeir, eftir því sem unt er, koma í veg fyrir það og hindra.

14. gr.

Það skal með öllu bannað: *að* leggja eldfima hluti, svo sem hamp, hey og annað því um líkt, við eldstór eða upp við reykháfa, sem ganga upp úr eldstóm; *að* reykja tóbak eða bera kerti eða lampa, sem kveikt hefur verið á og eigi er byrgður í öruggu ljóskeri, glæður eða annan eld, sem eigi er geymdur í lokuðum járnkassa, um fjós, fjárhús, hesthús, heyhlöður, loft eða um aðra staði, þar sem mikið er fyrirliggjandi af heyi, hefilspónum eða öðrum hlutum jafn eldfimum; *að* geyma í húsum ösku og annað, sem

fellur frá eldstóm, annaðhvort óblandað eða blandað sorpi og öðru þvílíku, nema það sje í kössum úr málmi, steini eða leiri, eða að snara því út, fyr en helt hefur verið á það vatni eða með öðru móti komist hjá allri hættu fyrir því, að í því kvikni; *að* hleypa af skotvopnum nálægt húsum, heystökkum, móhlöðum eða öðru jafn eldfimu; *að* kveikja skotelda og tendra blys eða bikhringa, nema með leyfi lögreglustjóra, og er þá skylt, að fara eftir reglum þeim, er hann setur.

15. gr.

Sjerhver húseigandi hefur ábyrgð á því, að öllum eldstæðum, ofnum, reykháfum og reykpípum sje haldið í tilhlýðilegu standi. Leiguliði tekur þátt í þessari ábyrgð ásamt eigandanum, þegar hann eigi í tæka tíð hefur skýrt eigandanum frá einhverjum annmarka, sem honum er kunnugt um, eða byggingarnefnd eða hreppsnefnd, ef nauðsyn krefur.

Reykháfa skal hreinsa svo oft sem þörf gjörist, og eigi sjaldnar en 2 sinnum á ári, ef þeir eru notaðir að staðaldri. Húseigandi ber ábyrgð á því, að hreinsað sje, ef hann býr í húseigninni eða ef hann hefur leigt hana fleirum en einum leigjanda; sje húseign leigð einum manni eða á annan hátt leyfð honum einum til notkunar, ber hann ábyrgð á því, að reykháfar sjeu hreinsaðir, svo sem hjer er fyrir mælt.

Ekki má hreinsa reykháfa með því, að brenna sótið innan úr þeim. Ofna og eldavjelar, og pípur frá þeim til reykháfa, skal hreinsa svo oft sem þörf er á, og er það á ábyrgð þeirra, sem búa í þeim herbergjum, sem ofnarnir eða eldavjelarnar eru í.

16. gr.

Stjórnarráðið getur eftir tillögum hreppsnefnda ákveðið, að sótara skuli skipa í verslunarstöðum, sett þeim reglur fyrir hreinsuninni og um þær skyldur, er á þeim hvíla, og ákveðið gjöld fyrir hreinsanir.

Þá er ákveðið hefur verið að skipa sótara, skal hreppsnefnd útvega hæfan mann til starfans, og skulu húseigendur í verslunarstaðnum þá skyldir til að nota hann og má taka hreinsunargjöldin lögtaki. Ber sótari þá ábyrgð á framkvæmd hreinsunarinnar, en ábyrgð húseiganda eða leigjanda samkvæmt 15. gr. fellur niður, nema hann eða þeir aðhafist eitthvað það, er tálmað getur hreinsuninni eða hindrað hana.

Um hreinsun reykháfa í kaupstöðum fer eftir því, sem fyrir er mælt í lögum nr. 29, 13. sept. 1901.

17. gr.

Eigi má hafa birgðir af eldivið, steinkolum, mó eða öðru eldsneyti fast við hús að utan; birgðir af trjávið og borðum má eigi hafa utan húss nær húsum, en 10 álnir frá þeim.

18. gr.

Sjerhver sá, sem í húsi hefur forða af púðri, skal vera skyldur til að geyma það í lokuðu íláti úr pjátri eða eiri, og geyma það uppi undir þaki

fyrir ofan efstu bita. Skoteldar skulu varðveittir á sama hátt. Samt skal það vera leyft, að hafa alt að 4 pundum af púðri í búð eða því herbergi, þar sem notað er púður við einhverja iðn, en þar skal það sömuleiðis varðveitt í lokuðum ílátum úr pjátri eða eiri. Lögreglustjóri eða hreppstjóri skal tvisvar á ári grenslast eftir því hjá þeim, sem versla með púður, hvort það sje geymt á þann hátt, sem hjer er fyrir mælt. Sjerhver sá, er flytur púður, dýnamít, nitroglyserín, skotbaðmull og þess konar sprengiefni til bæjar eða kauptúns, skal senda lögreglustjóra eða hreppstjóra eða umboðsmanni hans ritaða tilkynningu um það, og skal hann sjá um, að fylgt sje þeim varúðarreglum, sem þörf er á, þar til það er komið til geymslu á óhultan stað.

19. gr.

Eigi má hafa birgðir af steinolíu, terpentínu, bensíni eða þess háttar eldnæmum vökvum, nema þar sem lögreglustjóri eða hreppstjóri álítur, að eigi geti stafað af þeim sjerstök brunahætta. Þó má geyma alt að 20 tunnur (3500 potta) af steinolíu í kjöllurum undir húsum, sem engin íbúð er í, og þar að auki skulu kaupmenn og verksmiðjur hafa leyfi til að geyma alt að því 800 potta af fyrnefndum vökvum í trjeílátum eða í flöskum í sölubúðakjöllurum og smiðjukjöllurum, en alt að því 200 potta af hinum sömu vökvum í sölubúðum eða smíðahúsum ofanjarðar. Í íbúðarhúsum má geyma til heimilisþarfa alt að 200 pottum af steinolíu í trjeílátum og annað eins í járnílátum og flöskum. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd í samráði við lögreglustjóra setur nánari varúðarreglur um geymslu og meðferð á steinolíubirgðum.

20. gr.

Allar verksmiðjur, þar með taldar vinnustofur trjesmiða og járnsmiða og bökunarhús, skulu háð sjerstöku eftirliti lögreglustjóra eða hreppstjóra, og skal öllum skylt að fylgja í þeim bæði hinum almennu varúðarreglum, og hinum sjerstöku reglum, sem bæjarstjórn eða hreppsnefnd álítur nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir brunahættu. Sjerstaklega skulu spænir úr trjesmíðahúsum fluttir burt á hverjum degi og látnir á óhultan og afvikinn stað, þar sem eigi er farið með eld eða ljós.

21 gr.

Hver sá, sem brýtur ákvæði 13.—20. greinar, skal sæta sektum frá 2—100 kr., jafnvel þótt ekkert tjón hafi af brotinu hlotist.

III. kafli.

Um slökkviáhöld, slökkvilið og eldsvoða.

22. gr.

Í öllum verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, svo og í

öllum öðrum verslunarstöðum, sem 300 íbúar eru í eða fleiri, skal jafnan vera til að minsta kosti ein slökkvidæla að stærð og gjörð eftir því, sem stjórnarráðið tekur gilt, ásamt tilheyrandi nauðsynlegum slöngum og brunastútum. Hver hreppsnefnd skal útvega dæluna á kostnað sveitarsjóðs og halda henni við og geyma hana á þeim stað, er greiður gangur er að, hvenær sem eldsvoða ber að höndum.

23. gr.

Í öllum verslunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, svo og í öllum öðrum verslunarstöðum, sem 300 íbúar eru í eða fleiri, skal stofna slökkvilið. Skulu í því vera allir verkfærir karlmenn 20 til 60 ára að aldri, þeir, er búsettir eru í verslunarstaðnum. Skulu þeir vera skyldir að mæta við slökkviæfingar alt að 4 sinnum á ári, og auk þess skulu þeir mæta tafarlaust, hvenær sem eldsvoða ber að höndum.

Hreppsnefnd kýs slökkviliðsstjóra til 3 ára í senn, og skal hann vera búsettur í verslunarstaðnum. Sá, sem hefur verið slökkviliðsstjóri í 3 ár eða lengur, getur skorast undan starfinu um jafnlangan tíma og hann hefur haft það á hendi samfleytt.

Slökkviliðsstjóri kveður slökkvilið til æfinga og stýrir þeim, svo stjórnar hann og slökkvitilraunum, þá er eldsvoða ber að höndum. Hann hefur og umsjón með slökkviáhöldum verslunarstaðarins eða hreppsins.

Hreppsnefnd getur, með samþykki stjórnarráðsins, sett nánari reglur um slökkvitól og slökkvilið, og má í slíkri reglugjörð ákveða sektir fyrir brot á henni.

24. gr.

Allir húseigendur eru skyldir til að útvega á eigin kostnað og eiga þessi slökkvitól: brunastiga, brunakrókstjaka og að minsta kosti 2 skjólur. Áhöldum þessum skal jafnan haldið í tilhlýðilegu standi. Þau skulu ávalt fylgja eigninni, og má eigi taka þau fjárnámi eða lögtaki út af fyrir sig, hvorki fyrir skatta nje aðra skuld.

25. gr.

Það er skylda allra, sem verða varir við, að eldsvoði sje að koma upp, að hefja viðvörunarkall og gjöra slökkviliðsstjóra við vart. Eigandi húss þess sem eldur kemur upp í, eða sje hann eigi viðstaddur, hlutaðeigandi leiguliðar eða heimilismenn, skulu hið fyrsta unt er annast um, að hreppstjóra eða lögreglustjóra, sje hann búsettur þar á staðnum, verði sagt til um brunann.

26. gr.

Hver og einn skal, þá er bruni kemur upp í húsi hans eða híbýlum, auk þess þegar í stað að gjöra þá, sem þar búa, vara við, reyna til með öllu móti, sem í hans valdi stendur, að slökkva eldinn þegar í stað, en samt má eigi fyrir þá sök láta hjá líða að segja til um brunann, eins og mælt er fyrir í næstu grein á undan.

27. gr.

Sjerhver er skyldur til, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð með slökkvivjelar og önnur áhöld, og láta sjer það lynda, að það verði gjört með því að brjóta niður og ryðja því burt, sem til fyrirstöðu er. Eigi getur heldur neinn bannað það, að bygging, sem hann á, verði rifin, ef lögreglustjóri eða slökkviliðsstjóri álítur það nauðsynlegt, til þess að stöðva útbreiðslu eldsins.

28. gr.

Þær skemdir, sem hljótast af ráðstöfunum þeim, sem getið er um í 27. gr., teljast brunaskemdir. Sá, sem vill krefjast skaðabóta fyrir slíkar skemdir, skal svo fljótt, sem auðið er, og í síðasta lagi innan 8 daga, frá því að bruninn varð, bera upp kröfur sínar fyrir lögreglustjóra, sem því næst sjer um, að upphæð skaðabótanna verði ákveðin, að svo miklu leyti sem unt er, í sambandi við virðingargjörðir þær, sem fram fara til þess að meta brunatjónið til endurgjalds frá hlutaðeigandi ábyrgðarfjelagi, og að öðrum kosti með því, að láta 2 menn, sem sjerstaklega þar til verða kvaddir, meta skaðann. Þeir menn, sem til þess eru kvaddir, fá í fæðispeninga 4 kr. hvor; standi gjörðin lengur yfir en 8 klst., fá þeir fæðispeninga fyrir 2 daga. Borgunin greiðist, eins og aðrar brunaskemdir, af hlutaðeigandi ábyrgðarfjelagi. Sje húseign sú, er fyrir skemdum varð, óvátrygð, skal hlutaðeigandi sveitarfjelag bæta eiganda skaðann að tveim þriðju hlutum.

29. gr.

Það er skylda allra, þegar eldsvoða ber að höndum, að láta þá aðstoð í tje, til að slökkva eldinn, sem mögulegt er, hvort sem er með því að leggja sjálfur hönd á verkið eða með því að láta af hendi vatnsfötur, slökkvitól, hesta, vagna eða aðra hluti.

30. gr.

Enginn má, þegar eldsvoða ber að höndum, undir nokkru yfirskyni ryðjast inn fyrir verði þá, sem settir eru til þess að bægja óviðriðnum mönnum frá þeim stað, þar sem bruninn er, eða skorast undan að hlýða fyrirmælum lögreglustjórnarinnar eða slökkviliðsstjóra um það, að víkja burtu frá svæði því, sem þannig er innibyrgt. Hvern þann, sem verður brotlegur í því, má þegar taka fastan.

31. gr.

Enginn má við eldsvoða kasta hlutum út úr húsum ofan á stræti, torg eða í húsgarða, þar sem menn eru fyrir við slökkvitilraunir.

32. gr.

Með húsum þeim, sem eru svo skamt frá brunanum, að hætt er við

að eldurinn læsi sig í þau, eða neistaflug nái til, skal eigandinn eða sá, sem kemur í hans stað, vera skyldur að hafa nákvæmt eftirlit, og skal hann þar að auki gjöra alt, sem í hans valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir, að kvikni í húsunum, og sömuleiðis í tæka tíð skýra slökkviliðsstjóra, hreppstjóra eða lögreglustjóra frá, ef þess er kostur, að hætta vofi yfir.

33. gr.

Enginn getur meinað lögreglustjóra, hreppsnefnd eða bæjarstiórn eða þeim, sem eru útsendir af henni, inngöngu á lóð sína, eða í hús sitt, þegar þeir koma til þess að halda ransóknir, til þess að sjá um, að því verði fylgt, sem fyrirskipað er í lögum þessum, og er sjerhver húseigandi skyldur til, að sýna slökkvitól þau, sem eiga að fylgja eigninni, þegar þess verður krafist af bæjarstjórn, hreppsnefnd eða þeim, sem hún hefur út sent.

IV. kafli.

Ýms ákvæði.

34. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu, hver innan síns sveitarfjelags, hafa eftirlit með, að lögum þessum sje hlýtt. Í kaupstöðunum og í verslunarstöðum með 300 íbúum eða meira skal slökkviliðsstjóri eða annar sá, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs til þess, einu sinni á ári hverju ransaka alla ofna, eldavjelar, reykháfa og pípur, hvort þetta fullnægi ákvörðun laga þessara um gjörð og hreinsun. Jafnframt skal hann og ransaka, hvort slökkviáhöld þau, er húsum eiga að fylgja, sjeu fyrir hendi og í gildu standi. Leiði skoðunargjörðin það í ljós, að einhverju sje ábótavant, skal skoðunarmaður heimta, að það sje lagfært, annaðhvort þegar í stað, ef bein brunahætta stafar af því, eða innan ákveðins tíma, og skal hann síðan ransaka, hvort skipuninni hafi verið fylgt. Hafi það eigi verið gjört, skal hann tafarlaust tilkynna það lögreglustjóra.

35. gr.

Hver sá, er óhlýðnast fyrirmælum skoðunarmanns um að lagfæra það, sem ábótavant er, skal sæta sektum frá 5—100 kr. Auk þess er hann skyldur, að viðlögðum dagsektum, að lagfæra það, sem ábótavant er.

36. gr.

Lögreglustjóri skal, svo fljótt sem unt er, eftir að eldsvoði er afstaðinn, halda rjettarpróf, til þess að komast fyrir orsök brunans, og skal rjettarprófið haldið á vættvangi eða svo nálægt vættvangi, sem kostur er. Rjettarprófi má þó sleppa, ef bruninn er lítill og stjórn Brunabótafjelags Íslands leyfir það.

37. gr.

Sektir eftir lögum þessum renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

38. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

39. gr.

Lög þessi gilda fyrir kaupstaði utan Reykjavíkur, verslunarstaði og aðra þá staði og húseignir, sem eigi falla undir lög 20. oktbr. 1905, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna.

Nd. **651. Frumvarp**

til laga um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

(Eins og það var samþykt við 3. umr. í Ed.).

Í staðinn fyrir 1. gr., 4. gr., 5. gr., 6. gr., 12. gr. 1. málslið, 18. gr. 1. málslið, 20. gr., 23. gr. 1. málsgrein tilskipunar 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík, komi svo hljóðandi greinar:

1. gr.

(1. gr. tilskipunarinnar).

Málefnum kaupstaðarins skal stjórnað af bæjarstjórn; í henni eru kosnir bæjarfulltrúar auk borgarstjóra, sem er oddviti hennar.

Borgarstjóri skal kosinn af bæjarstjórn til 6 ára í senn og hefur hann að launum úr bæjarsjóði 4500 kr. á ári, auk 1500 kr. í skrifstofufje.

2. gr.

(4. gr. tilskipunarinnar).

Hinir kjörnu bæjarfulltrúar skulu vera 15 að tölu, og kosnir af þeim bæjarbúum, sem kosningarrjett hafa eftir lögum þessum.

3. gr.

(5. gr. tilskipunarinnar).

Kosningarrjett hafa allir bæjarbúar, karlar og konur, sem eru 25 ára að aldri þegar kosning fer fram, hafa átt lögheimili í bænum 1 ár, hafa óflekkað mannorð, eru fjár síns ráðandi, eru ekki öðrum háðir sem hjú og standa eigi í skuld fyrir sveitarstyrk — ef þeir greiða skattgjald til bæjarsjóðs. Konur

kjósanda hafa kosningarrjett, þó þær sjeu eigi fjár síns ráðandi vegna hjónabandsins og þótt þær eigi greiði sjerstaklega gjald í bæjarsjóð, ef þær að öðru leyti uppfylla áðurgreind skilyrði fyrir kosningarrjetti.

Kjörgengur er hver sá, er kosningarrjett hefur. Þó mega hjón aldrei sitja samtímis í bæjarstjórn, heldur eigi foreldrar og börn, nje móðurforeldrar, eða föðurforeldrar og barnabörn þeirra. Heimilt er og konum jafnan að skorast undan kosningu.

4. gr.

(6. gr. tilskipunarinnar).

Í janúarmánuði 1908 skal kjósa fulla tölu bæjarfulltrúa. Gömlu bæjarfulltrúarnir fara jafnframt frá, en þá má endurkjósa. Af þeim bæjarfulltrúum er þá verða kosnir, fer einn þriðjungur frá eftir hlutkesti eftir 2 ár, annar þriðjungur eftir 4 ár, sömuleiðis eftir hlutkesti, og hinn síðasti þriðjungurinn eftir 6 ár. Í stað þeirra fulltrúa, er úr bæjarstjórninni ganga í hvert skifti, skal þegar kjósa jafn marga í hana til 6 ára. Á þennan hátt fer svo jafnan síðan einn þriðjungur hinna kjörnu bæjarfulltrúa frá annaðhvort ár og nýir bæjarfulltrúar kosnir í staðinn. Kosningar í bæjarstjórn fara jafnan fram í janúar.

5. gr.

(12. gr. 1. liður tilskipunarinnar).

Virðist borgarstjóra að ákvörðun bæjarstjórnarinnar gangi út fyrir vald bæjarstjórnarinnar, eða að hún sje gagnstæð lögum eða skaðleg fyrir kaupstaðinn, eða hún miði til að færast undan skyldum þeim, er á kaupstaðnum hvíla, má hann fella ályktunina úr gildi að sinni með því að rita atkvæði sitt í gjörðabókina.

6. gr.

(18. gr. 1. málsgrein tilskipunarinnar).

Innan loka nóvembermánaðar ár hvert skal samin áætlun yfir tekjur og gjöld kaupstaðarins fyrir hið næsta ár. Skal áætlun þessi rædd í bæjarstjórninni á tveimur fundum með hálfs mánaðar millibili. Við aðra umræðu skal bæjarstjórnin íhuga áætlunina grein fyrir grein út af fyrir sig, og skal áætlunin í þeirri mynd, sem bæjarstjórnin þá samþykkir hana, vera regla, sem farið verður eftir, fyrir upphæð bæjargjalda og fjárstjórn næsta árs, án þess að æðra samþykkis þurfi við, nema í því tilfelli, sem getið er um í 19. gr. bæjarstjórnartilskipunarinnar. Áætlun þessa skal leggja til sýnis á bæjarþingstofunni, eða öðrum hentugum stað, eigi skemur en fjórtán daga í desembermánuði ár hvert.

7. gr.

(20. gr. tilskipunarinnar).

Niðurjöfnunarnefnd skal jafna niður gjöldum eftir efnum og ástæðum. Í nefndinni skulu vera 11, 13 eða 15 menn, eftir því sem bæjarstjórnin ákveður. Nefndin skal kosin í nóvembermánuði. Kosningarrjett og kjörgengi til nefndarinnar hafa þeir bæjarbúar, sem kosningarrjett og kjörgengi hafa til

bæjarstjórnarinnar, og skal kosningin fara fram og henni hagað á sama hátt og eftir sömu reglum eins og kosningu til bæjarstjórnar. Nefndarmenn skulu kosnir til 6 ára, fer minni hlutinn (5, 6 eða 7) frá eftir 3 ár og skal það ákveðið með hlutkesti, hverjir nefndarmenn skuli frá fara; en meiri hlutinn (6, 7 eða 8) fer frá eftir 6 ár, og þar á eftir fer minni og meiri hlutinn frá, til skiftis, á þriggja ára fresti

8. gr.

(23. gr. 1. málsgrein tilskipunarinnar).

Niðurjöfnunarnefndin skal jafna niður hinum árlegu gjöldum í febrúarmánuði ár hvert fyrir það ár, er þá stendur yfir. Skrá yfir niðurjöfnunina skal liggja til sýnis á bæjarþingsstofunni, eða öðrum hentugum stað, eigi skemur en 14 daga í marsmánuði ár hvert. Bæjarstjórnin má ákveða, að aukaniðurjöfnun skuli fram fara í síðari hluta septembermánaðar ár hvert, og skulu skattar þá lagðir á þá, sem flutt hafa sig til kaupstaðarins, eftir að aðalniðurjöfnunin fór fram, og skyldir eru til að greiða skatt. Þessi aukaniðurjöfnun skal liggja öllum til sýnis í 14 daga, eins og að framan er sagt.

9. gr.

Heimilt er niðurjöfnunarnefnd að krefjast þess, að borgarar bæjarins sendi henni á þar til gjörðum eyðublöðum skýrslu um árstekjur sínar og aðrar upplýsingar um efni þeirra og ástæður. Skylt er nefndinni, að halda þessum upplýsingum leyndum.

Hver borgari bæjarins getur heimtað, að hann sje tekinn upp á niðurjöfnunarskrá.

10. gr.

2., 3. og 4. gr. laga þessara koma í gildi 1. janúar 1908. Að öðru leyti fá þau gildi 1. júlí s. á.

Nd. **652. Framhaldsnefndarálit**

um frv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Vjer höfum athugað frv. eftir föngum og þær mörgu breytingar, er á því hafa orðið í Ed. En sökum naumleika tímans getum vjer eigi útlistað þær hjer. Vjer viljum að eins taka þetta fram:

Ed. hefur felt burtu fjárveitinguna til brúargjörðar á Ytri Rangá og vegalagningar að henni, og vill nefndin eftir atvikum ekki gjöra ágreining um það. En leggur áherslu á, að stjórnin láti ransaka til hlítar brúarstæðið á Ægissíðuhöfða og gjöra endanlega, ábyggilega áætlun um kostnað brúargjörðar þar, og telur sjálfsagt, að á næstu fjárlögum verði veitt fje til þess að brúa ána þar, ef álíta má, að brúin sje þar örugg, og að kostnaðarmunur sje ekki því meiri.

Sömuleiðis hefur Ed. felt burtu fjárveitingar til þriggja af símalínum þeim, er samþyktar höfðu verið í Nd. Vjer leggjum til, að við svo búið sje

látið standa, en viljum um leið taka það fram, að vjer göngum að því vísu, að símalínur þær, sem hjer er um að ræða út í Vestmanneyjar og frá Borgarnesi eða Borðeyri til Stykkishólms, sitji fyrir öðrum línum, þannig, að til þeirra verði veitt fje tiltölulega á næsta fjárhagstímabili.

Fyrir breytingartill. þeim, er vjer komum fram með, verður gjörð grein í framsögunni.

Alþingi, 10. sept. 1907.

Tryggvi Gunnarsson formaður.	Jón Jónsson framsm.	Þórh. Bjarnarson.
		Árni Jónsson.
Skúli Thoroddsen.	Eggert Pálsson.	Stefán Stefánsson (Skagf.).

Nd. **653. Breytingartillögur**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Frá fjárlaganefndinni.

1. Við 13. gr. B. III. Í Austfirðingafjórðungi (vegir):
Fyrir: »12,000 kr.« síðara árið komi: 7,000 og athugasemdin falli burt.
2. — 14. — D. II. 9. Fyrir »9,000« á tveim stöðum innanstryks komi: 6,000—12,000 kr.
3. — 14, — B. VII. b. 1. Á undan þessum staflið komi:
1. Til barnaskóla í kaupstöðum (síðara árið) 4,000 kr.
4. — 14. — B. VII. h. Liðurinn falli burt.
5. — 14. — B. VII. i. Liðurinn falli burt.
6. — 14. — B. IX. Liðurinn falli burt.
7. — 15. — 27. tölul. Fyrir »2,100—2,100« komi: 1,500—1,500 kr.
8. — 15. — 33. — Orðin: »alt að« falli burt.
9. — 15. — 33. — Fyrir: »1,200—1,200 kr.« komi: 1,500—1,500 kr.
10. — 16. — 8. — Athugasemdin falli burt.
11. — 16. — 10. — a. Síðara árið bætist innanstryks 3,000 kr.
12. — 16, — 10. — b. — — — —— 500 kr.
13. — 16. — 23. — Á eftir honum komi nýr liður:
24. Styrkur til bryggjubyggingar á Skipaskaga að þriðjungi kostnaðar, alt að 2,000 kr.
14. Við 16. gr. 24. tölul. orðist þannig: Til þess að lengja og fullkomna bátabryggju á Blönduósi, alt að þriðjungi kostnaðar, þó ekki yfir 4,000 kr.
15. — — — 28. lið. Liðurinn falli burt.
16. — 21. — Eftir 4. málsgrein bætist inn í ný málsgrein þannig hljóðandi:
Til byggingar bryggju frá Torufnefi við Oddeyri, sem veitt geti þilskipum vetrarlegu í Oddeyrarbót, og verði síðar þáttur í skipakví þar, má veita lán úr viðlagasjóði alt að 40,000 kr. gegn ábyrgð Akureyrarkaupstaðar. Lánið ávaxtist með 4% árlega, sje afborgunarlaust fyrstu 5 árin, og endurborgist svo með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum.

17. Aftan við 21. gr. bætist:

Ráðherra veitist heimild til, að ábyrgjast fyrir landssjóðs hönd alt að 500,000 kr. lán, gegn $4^1/_2$% í vöxtu og afborgun á alt að 40 árum, það er bæjarstjórn Reykjavíkur hefur í hyggju að taka í því skyni sjerstaklega, að koma á vatnsveitu um bæinn.

Nd. **654. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir 1908 og 1909.

Flutningsm.: L. H. Bjarnason.

Við 15. gr. 2.

Gangi breytingartillagan á þgskj. 628 fram, komi í stað orðanna í lið b.: »í Austuramtinu«; á Seyðisfirði; og í stað orðanna í lið c.: »í Vesturamtinu«: í Stykkishólmi.

Nd. **655. Breytingartillaga**

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

Flutningsmaður: L. H. Bjarnason.

Í stað: »60,000 kr.« í seinustu málsgrein 21. gr., komi: 100,000.

Nd. **656. Viðaukatillaga**

við frumvarp til fjárlaga 1908 og 1909.

Flutningsmaður L. H. Bjarnason.

1. Við 16. gr. Eftir 23. lið komi nýr, 24. liður, svo hljóðandi:
Styrkur til stórskipabryggju í Stykkishólmi að fjórðungi kostnaðar, þó eigi yfir 5000 kr. seinna árið.
2. — 21. - Eftir síðustu málsgrein komi:

Til byggingar stórskipabryggju í Stykkishólmi má veita lán úr landssjóði alt að 10,000 kr. gegn ábyrgð hreppsnefndarinnar í Stykkishólmshreppi og »Framfarasjóðs Stykkishólms«. Lánið ávaxtast með 4% árlega, sje afborgunarlaust fyrstu 5 árin og afborgist svo með jöfnum afborgunum á 15 árum.

Nd. **657. Breytingartillögur**
við frumvarp til fjárlaga 1908 og 1909.
Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 14. gr. B. VII. h. Fyrir 900—900 komi 700—700.
— — — B. VII. i. Liðurinn orðist þannig:
Byggingarstyrkur til sama skóla 5000 kr. fyrra árið.

Nd. **658. Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 15. gr. 27.
Liðurinn falli burtu.

Nd. **659. Breytingartillaga.**
við frumv. til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
(Eins og þau voru samþykt við 3. umr. í Ed.).
Flutningsmaður: Ólafur Ólafsson.

Við 15. gr. 21. Fyrir »1,600—1,600« komi: 2,000—2,000.

Nd. **660. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir 1908 og 1909.
(Eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed.)
Flutningsmenn: Ólafur Ólafsson og Hannes Þorsteinsson.

Við 16. gr. 9. Fyrir: »15,000—13,000« komi: 16,000—14,000.

Nd. **661. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1908 og 1909.
Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 18. gr. Á eftir orðunum: »til Jóhanns pósts Jónssonar 200 kr.« komi: til Egils pósts Gunnlaugssonar 100 kr.

Nd. **662. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1908 og 1909.
Flutningsmenn: Jón Magnússon. Magnús Andrjesson.

Við 14. gr. VII.
Aftan við bætist nýr stafliður:
Til stúdentafjelagsins í Reykjavík til að halda uppi alþýðufyrirlestrum kr. 500—500.

Nd. **663. Framhaldsnefndarálit**
um frv. til laga um vegi.

Háttvirt Ed. hefur að eins gjört 3 breytingar á þessu frv., eins og það fór úr Nd. Við tvær þeirra hefur nefndin ekkert að athuga, en hin þriðja þeirra, er komst að við síðustu umr. í Ed., er að áliti nefndarinnar óþörf og óheppileg, og gæti orðið frv. til verulegs spillis, ef heimild sú, sem stjórninni er veitt með þessum viðauka (aftan við 9. gr.) yrði nokkurn tíma notuð. En í trausti til þess að svo verði ekki, og ákvæði þetta verði marklaus bókstafur, ræður nefndin deildinni til að fallast á frv. þetta óbreytt, enda er nú enginn tími orðinn til breytinga, ef frumvarpið á fram að ganga á þessu þingi.

Alþingi, 10. sept. 1907.

Jón Magnússon, formaður. Hannes Þorsteinsson, skrifari og framsögumaður.
Ólafur Ólafsson. Árni Jónsson. Jón Jónsson. Björn Kristjánsson.
Ólafur Thorlacius.

Nd. **664. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga 1908 og 1909.
Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

Við 13. gr. I. 2. og 3. Fyrir báða þessa liði komi einn nýr liður svo hljóðandi:
Til aðstoðar og skrifstofukostnaðar 1200—1200.

Ed. **665. Framhaldsnefndarálit**
um frumv. til laga um fræðslu barna.

Nefndin leggur til, að frumv. verði samþykt óbreytt.
Fyrir breytingum þeim, er það hefur orðið fyrir í Nd., mun verða gjörð grein við framsöguna.

Alþingi, 11. september 1907.

Sigurður Stefánsson, formaður. Björn M. Ólsen, skrifari.
Jón Jakobsson. Sigurður Jensson. Þórarinn Jónsson.

Nd. **666. Breytingartillaga**
við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.
Flutningsmaður: Einar Þórðarson.

Við 21. gr.: Á eftir 4. málsgrein komi svo hljóðandi málsgrein:
Úr viðlagasjóði má lána Ingvari E. Ísdal snikkara alt að 10,000 kr. gegn þeirri ábyrgð, er stjórnin tekur gilda, til þess að koma á fót trjeverksmiðju á Seyðisfirði. Af láninu greiðist 4% vextir árlega. Það sje afborgunarlaust 3 fyrstu árin og endurborgist síðan með jöfnum afborgunum á 10 árum.

Nd. **667. Breytingartillaga**
við frumv. til fjárlaga 1908 og 1909.
Frá ráðherra.

Við 11. gr. Á eftir B. 6 bætist við:
7. Til aðstoðar löggæzlu á Siglufirði um síldveiðatímann 1000—1000.

Nd. **668. Breytingartillaga**
við breytingartill. á þingskj. 645.
Frá fjárlaganefndinni.

1. Fyrir »18,000« komi: 12,000
2. Fyrir »hvort árið« komi: Síðara árið.

Nd. **669. Breytingartillaga**
við breytingartillögu á þingskjali 657.
Frá fjárlaganefnd.

Fyrir »5000 kr.« komi: 2,500.

Nd. **670. Framhaldsnefndarálit.**
um frumvarp til laga um breyting á tilsk. 20. apr. 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Nefndin ræður eftir atvikum til að samþykkja frumvarpið eins og hv. efri deild hefur gengið frá því.

Neðri deild alþingis, 11. sept. 1907.

Lárus H. Bjarnason form., framsm. Jón Magnússon skrifari, Guðl. Guðmundsson,
Magnús Andrjesson, Stefán Stefánsson þm. Skgf.

Nd. **671. Frumvarp**
til laga um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn.
(Eins og það var samþykt við eina umr. í Ed.).

I. kafli.

Um lausamenn.

1. gr.

Þeir menn eru eigi skyldir til að vera í vist, er hafa 200 kr. eða meira í árságóða af fasteignum eða öðru fje.

2. gr.

Hverjum þeim manni, sem er 20 ára að aldri, eða að fullu fjár síns ráðandi, þótt yngri sje, er heimilt að leysa sig undan vistarskyldunni með því að taka leyfisbrjef hjá lögreglustjóra.

Fyrir leyfisbrjef skal karlmaður gjalda 15 kr., en kvenmaður 5 krónur. Rennur það fje í styrktarsjóð handa alþýðufólki í þeim hreppi eða bæjarfjelagi, er hann var síðast vistfastur í.

Sá, sem er fullra 30 ára að aldri, fær leyfisbrjefið, án þess, að greiða gjald þetta.

Sá, er leyfisbrjefið vill fá, skal taka það í síðasta lagi 1. dag maímánaðar það ár, er hann gengur úr fastri vist.

3. gr.

Auk gjalds þess, er ræðir um í 2. gr., skal greiða í landssjóð 2 kr fyrir útgáfu leyfisbrjefs hvers.

4. gr.

Skylt er hverjum manni, er þannig verður laus, að hafa fast ársheimili, og skal hann tilkynna hlutaðeigandi hreppstjóra eða bæjarfógeta á vori hverju, eigi síðar en 20. júní, hjá hverjum húsráðanda heimili hans er, og sanna það með skírteini frá húsráðandanum, ef hreppstjóri eða bæjarfógeti krefst þess. Verði ella sekur um 4—20 kr., og renni þær sektir í fátækrasjóð.

5. gr.

Rjett er, að lausamaður greiði þar lögboðin gjöld, sem ársheimili hans er. Nú greiðir hann eigi gjöld þessi á rjettum gjalddaga, og er þá húsráðandi sá, er lausamaður á heimili hjá, skyldur að greiða gjöldin fyrir hann, nema hann geti vísað á eignir, er lausamaður á, og teknar verði lögtaki til lúkningar gjöldunum.

6. gr.

Láti nokkur, sem fengið hefur leyfisbrjef til að komast hjá vist, undanfalla 2 ár í bili að greiða lögboðin gjöld eður skylduverk, eða þurfi fjárnámi

að beita 2 ár hvort eftir annað, til að ná þeim gjöldum, þá hefur hann fyrirgjört þeim rjetti sínum, er leyfisbrjefið veitir honum, en veita má honum leyfisbrjef að nýju eftir eitt ár.

7. gr.

Lögreglustjórnin skal hafa vakandi auga á því, að enginn sá, sem er skyldur að vera í vist, komi sjer hjá skyldu þeirri, og skulu lögreglustjórar á hverju manntalsþingi grenslast eftir, hvort brotið hafi verið á móti lögum þessum.

Lögreglustjórnin skal vaka yfir því, að þeir, sem leyst hafa leyfisbrjef, hafi fast heimili og sjeu ekki á flakki; en verði þeir sekir í flakki, sektast þeir 4—40 kr., og skal lögreglustjórnin útvega þeim samastað, ef þeir engan hafa.

8. gr.

Hver sá, sem skyldur er að fara í vist, en hefur eigi gjört það, nje heldur keypt leyfisbrjef það, sem um er rætt í 2. gr., verður um það sekur 10—50 kr., og greiði að auki jafnmikið og lúka á fyrir leyfisbrjef eftir 2. gr. Þyngja skal jafnan sektina, ef brotið er ítrekað eða beitt er röngum fyrirburði um vistarráð, eða ef maður gjörir sig sekan í flakki.

9. gr.

Hver sá, er hjálpar öðrum til að koma sjer undan skyldu sinni að fara í vist, skal eftir málavöxtum sektast um helming eða alt að tveim þriðjungum þeirra sekta, sem ákveðnar eru í næstu grein á undan.

II. kafli.

Um húsmenn og þurrabúðarmenn.

10. gr.

Nú vill maður setjast að í húsmensku eða þurrabúð og skal hann þá skýra lögreglustjóra í kaupstöðum og hreppstjóra annarstaðar frá því, að minsta kosti 4 vikum áður en hann ætlar að setjast að þannig í kaupstöðum eða sveitinni, og um leið skal hann sanna fyrir lögreglustjóra eða hreppstjóra, að hann eigi vísan samastað þar um 1 ár að minsta kosti.

Lögreglustjóri eða hreppstjóri gefur manni þeim, er húsmaður eða þurrabúðarmaður vill gjörast, vottorð um tilkynninguna, og er vottorð þetta að skoða sem bygðarleyfi.

11. gr.

Nú sest maður að í húsmensku eða þurrabúð án þess að fullnægja áður skilyrðum þeim, er ræðir um í 10. gr., og er hann þá sekur um 10—50 krónur.

Sömu sekt sætir húsráðandi, er húsmann eða þurrabúðarmann tekur, er eigi hefur bygðarleyfi samkvæmt 10. gr.

12. gr.

Ákvæði 10. og 11. gr. ná og til þeirra manna, er til afnota hafa jarðarpart, er eigi er stærri en 1 hundrað.

13. gr.

Enginn má selja á leigu þurrabúðir utan kaupstaðar eða verslunarstaðar, hvort sem henni fylgja sjerstök hús eða landsdrottinn leigir af eigin húsum sínum, nema með þessum skilyrðum:

a. að þurrabúðinni fylgi lóð með ákveðnum merkjum, er að minsta kosti sje 900 ferh.faðmar að stærð. Fjara skal eigi talin með, þar sem hún fylgir þurrabúðinni;
b. að þurrabúðin hafi nægileg húsakynni fyrir þann, er við tekur, og að þau sjeu viðunanlega loftgóð og hlý, eftir dómi skilríkra manna;
c. að þurrabúðin sje afhent viðtakanda með löglegri úttekt.

Nú byggir þurrabúðarmaður sjálfur hús þurrabúðar með heimild umráðamanns jarðar, og gilda þá sömu reglur um úthlutun lóðar, enda fullnægi húsin þeim skilyrðum, sem mælt er fyrir í þessari grein.

14. gr.

Þurrabúðarmaður sá, er tekur við þurrabúð með óræktaðri lóð, skal hafa ræktað hana og girt innan 7 ára; vera skal hann undanþeginn eftirgjaldi af lóðinni þessi ár.

15. gr.

Þurrabúð með óræktaðri lóð skal ávalt bygð að minsta kosti 8 ár. — Landsdrottinn skal gefa þurrabúðarmanni byggingarbrjef, þar sem skýrt er tekið fram um ábúðartíma, rjettindi og skyldur þurrabúðarmannsins. Eigi má tiltaka leigumálann í vinnukvöðum, nema þær sjeu ætlaðar til umbóta þurrabúðarlóðinni eða húsum á henni. Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbrjef, og skal þurrabúðin þá álítast bygð þurrabúðarmanni og ekkju hans æfilangt og með þeim leigumála, er þurrabúðarmaður viðurkennir, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið.

16. gr.

Þegar ábúendaskifti verða á þeim þurrabúðum, sem þegar eru til, skal í öllu fara sem segir í lögum þessum um húsakynni, ræktun, úttekt og bygging.

17. gr.

Sýslunefndir geta eftir tillögum hreppsnefnda gjört undantekning frá

fyrirmælum 13. greinar, að því er snertir stærð þurrabúðarlóða í einstökum bygðarlögum, þar sem landshættir mæla með því. Þó má sýslunefnd aldrei ákveða stærð þurrabúðarlóða minni en 300 ferh. faðma og ekki stærri en 1800 ferh. faðma.

18. gr.

Nema öðru vísi sje ákveðið í einstökum greinum, varða brot gegn lögum þessum 2—100 kr. sekt.

Fyrir lok hvers árs skulu hreppstjórar gefa sýslumönnum skýrslur um þurrabúðarmenn í hreppum þeirra og jafnframt upplýsingar um, hvort fyrirmælum 13.—15. greinar í lögum þessum sje fylgt. Skulu skýrslur þessar gjörðar eftir fyrirmynd, er stjórnarráðið semur.

Sektir eftir lögum þessum renna að helmingi í hlutaðeigandi fátækrasjóð, en hinn helmingurinn renni í styrktarsjóð handa alþýðufólki í hreppnum.

19. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863, lög um þurrabúðarmenn 12. jan. 1888 og lög 2. febrúar 1894 um breyting á 2., 4. og 15. gr. í tilsk. um lausamenn og húsmenn á Íslandi 26. maí 1863 og viðauka við hana.

Nd. **672. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík.

Flutningsmenn: G. Björnsson, Tryggvi Gunnarsson.

Aftan við frumvarpið bætist:

»Ákvæði til bráðabyrgða.

Ráðherra veitist heimild til að ábyrgjast fyrir landssjóðs hönd 500,000 kr. lán, er bæjarstjórn Reykjavíkur hefur í hyggju að taka fyrir bæinn til vatnsveitu«.

Nd.

673. Framhaldsnefndarálit

um frumv. til laga um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn.

Við frv. þetta hefur Efri deild gjört þá eina breytingu, að færa aldurstakmark þeirra, er heimilt er að leysa sig undan vistarskyldunni sbr. 2. gr, upp í 20 ár. Þótt nefndin sje ekki þessu samþykk, leggur hún til að frumvarpið sje samþykt óbreytt, ella dagaði frumvarpið uppi.

Alþingi, 11. sept. 1907.

Skúli Thoroddsen formaður, Pjetur Jónsson, Jóhannes Ólafsson.

Ed. **674. Frumvarp**

til fjárlaga fyrir árin 1908 og 1909.

(Eins og það var samþykt við eina umr. í Nd.).

I. kafli.

Tekjur:

1. gr.

Á árunum 1908 og 1909 telst svo til, að tekjur Íslands verði 2,822,530 kr. og er það afrakstur af tekjugreinum þeim, sem getið er um í 2.—6. gr., ásamt lántöku samkvæmt 7. gr.

2. gr.

Af eftirfylgjandi sköttum og gjöldum eru tekjurnar taldar 2,039,000 kr.

	1908	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Skattur á ábúð og afnotum jarða, og á lausafje:			
a. á ábúð og afnotum jarða...	17,000	17,000	34,000
b. á lausafje...	26,000	26,000	52,000
2. húsaskattur	10,000	10,000	20,000
3. tekjuskattur	18,000	18,000	36,000
4. aukatekjur...	45,000	45,000	90,000
5. erfðafjárskattur	3,000	3,000	6,000
6. vitagjald	13,000	13,000	26,000
7. gjöld fyrir leyfisbrjef...	4,000	4,000	8,000
8. útflutningsgjald af fiski og lýsi m. m., að frádregnum 2% í innheimtulaun...	100,000	100,000	200,000
9. aðflutningsgjald af áfengum drykkjum, að frádregnum innheimtulaunum	165,000	165,000	330,000
10. aðflutningsgjald af tóbaki, að frádregnum innheimtulaunum	140,000	140,000	280,000
11. aðflutningsgjald af kaffi og sykri, að frádregnum innheimtulaunum	330,000	330,000	660,000
12. aðflutningsgjald af tegrasi, súkkulaði og öllum brjóstsykur- og konfekttegundum, að frádregnum innheimtulaunum	11,500	11,500	23,000
13. leyfisbrjefagjöld og árgjöld af verslun og veiting áfengra drykkja...	14,000	14,000	28,000
14. tekjur af póstferðum	60,000	60,000	120,000
15. tekjur af símum landsins	43,000	57,000	100,000
16. arður af verkum fanganna í hegningarhúsinu í Reykjavík	400	400	800
17. sektarfje fyrir ólöglegar fiskiveiðar... ...	10,000	10,000	20,000
18. Tekjur af efnarannsóknastofu	600	600	1,200
19. óvissar tekjur	2,000	2,000	4,000
Samtals ...	1,012,500	1,026,500	2,039,000

3. gr.

Tekjur af fasteignum landssjóðs o. fl. eru taldar 45,330 kr.

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Afgjald af jarðeignum landssjóðs, alls 35,000 kr.			
að frádregnum umboðslaunum, prestsmötu, húsabótastyrk o. fl., alls ... ... 14,000 —	21,000	21,000	42,000
2. tekjur af kirkjum	65	65	130
3. tekjur af silfurbergsnámunum í Helgustaðafjalli	1,600	1,600	3,200
Samtals ...	22,665	22,665	45.330

4. gr.

Tekjur, er snerta viðlagasjóðinn, eru áætlaðar 109,000 kr.:

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Leigur af innstæðufje viðlagasjóðsins... ...	40,000	39,000	79,000
Upp í lán verður borgað: á árinu 1908 27,467 kr. 52 a. - — 1909 28,453 — 42 - = 55,920 kr. 94 a.			
Austuramtinu veitist uppgjöf frá 24. september 1907 á eftirstöðvum á fjárkláðaláninu frá 24. septbr. 1898, og frá 31. ágúst 1907 á eftirstöðvum á fjárkláðaláninu frá 31. ágúst 1900, samtals kr. 2,200			
Flutt ...	40,000	39,000	79,000

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	40,000	39,000	79,000
Núverandi presti í Kirkjubæjarprestakalli veitist eftirgjöf á 200 krónum hvort árið af afborgun og vöxtum af láni því, er honum var leyft að taka upp á prestakallið með brjefi landshöfðingja dags. 19/2 1898.			
2. leigur af láni landssjóðs til landsbankans...	7,500	7,500	15,000
3. leiga af innstæðufje í bönkum og af bankavaxtabrjefum	10,000	5,000	15,000
Samtals ...	57,500	51,500	109,000

5. gr.

Ýmislegar innborganir og endurgjöld verða talin 9,200 kr.:

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Það, sem greitt er frá prestaköllum samkvæmt lögum 27. febr. 1880.. ... ... Heimilt er prestinum í Staðastaðarprestakalli að verja árgjaldinu af því, 300 kr. fyrra árið, til viðreisnar kirkjujörðum prestakallsins, eftir nánari ákvæðum stjórnarinnar.	2,000	2,000	4,000
2. endurgjald skyndilána til embættismanna...	600	600	1,200
3. endurborganir á öðrum fyrirframgreiðslum	2,000	2,000	4,000
Samtals ...	4,600	4,600	9,200

6. gr.

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Úr ríkissjóði greiðist	60,000	60,000	120,000

7. gr.

Bráðabirgðarlán má taka samkvæmt lögum nr. 66, um heimild til lántöku fyrir landssjóð dags. 19. desbr. 1903, að upphæð 500,000 kr., þannig, að lánið afborgist á alt að 15 árum frá 1. jan. 1910 að telja.

2. kafli.

Útgjöld:

8. gr.

Á árunum 1908 og 1909 veitast til útgjalda samkvæmt þeim gjaldagreinum, sem nákvæmar er skýrt frá í 9.—19. gr. kr. 2,845,142,67.

9. gr.

Til útgjalda við hina æðstu stjórn landsins veitast 100,000 kr.

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. Til ráðherrans:			
a. laun .. .. 8,000 kr.			
b. til risnu ... ... 2,000 —			
c. uppbót fyrir embættisbústað 2,000 —			
	12,000	12,000	24,000
2. Til utanferða ráðherrans	2,000	2,000	4,000
3. Laun landritara	6,000	6,000	12,000.
4. laun þriggja skrifstofustjóra...	10,500	10,500	21,000
5. til aðstoðar og skrifstofukostnaðar... ...	16,000	16,000	32,000
6. til Landsbankans fyrir að gegna landfógetastörfum	2,500	2,500	5,000
7. til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu	1,000	1,000	2,000
Samtals ...	50,000	50,000	100,000

10. gr.

Til kostnaðar við alþingi veitast 50,000 kr. Til kostnaðar við yfirskoðun landsreikninganna 1,600 kr., og til milliþinganefnda 14,000 kr., alls 65,600 kr.

11. gr.

Til útgjalda við dómgæsluna og lögreglustjórnina o. fl. veitast 207,030 kr.

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
A. Dómgæsla og lögreglustjórn:			
1. laun:			
a. til dómara og sýslumanna..	68,800	68,800	
b. til hreppsstjóra	8,000	8,000	
2. ritfje handa bæjarfógetanum í Reykjavík ...	1,400	1,400	
3. til hegningarhússins í Reykjavík:			
a. laun fangavarðarins ... ... 1908. 1,000 kr. 1909. 1,000 kr.			
flyt ... 1,000 kr. 1,000 kr.	78,200	78,200	

	1908.	1909.	1908.	1909.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
			78,200	78,200	
fluttar ...	1,000 kr.	1,000 kr.			
b. 3 skamtar af miðdegismat handa fangaverði 21 e....	230 —	230 —			
c. viðurværi handa föngum, 42 a. á dag.	1,225 —	1,225 —			
d. til eldiviðar og ljósa	520 —	520 —			
e. þvottur...	30 —	30 —			
f. til þess að útvega verkefni...	500 —	500 —			
g. útgiöld við húsið sjálft og áhöld.....	400 —	400 —			
h. þóknun handa dómkirkjuprestinum....	100 —	100 —			
i. þóknun handa lækni	60 —	60 —			
j. ýmisleg útgjöld.....	150 —	150 —			
			4,215	4,215	
4. kostnaður við viðhald fangelsanna.....			1,900	300	
5. önnur útgjöld:					
a. þóknun handa tveimur settum málaflutningsmönnum við yfirrjettinn		1,600 kr.			
b. laun sendiboðans við yfirrjettinn		50 —			
c. til eldiviðar í yfirrjettarstofunum...		50 —			
d. til viðhalds á yfirrjettarstofunum o. fl.		50 —			
e. kostnaður við sakamál og lögreglumál		3,000 —			
f. kostnaður við gjafsóknarmál.		300 —			
g. útgjöld við sáttamál		50 —			
			5,100	5,100	
			89,415	87,815	
					177,230
flyt ...			.....	.....	177,230

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
fluttar ...	.....	.....	177,230
B.			
Ymisleg útgjöld:			
1. til þess að gefa út stjórnartíðindi og landshagsskýrslur:			
a. þóknun fyrir útgáfu tíðindanna m. fl... ... ... 450 kr.			
b. til pappírs og prentunar stjórnartíðindanna (50 arkir), alt að 32 kr. örkin ... ... 1,600 —			
c. til pappírs, prentunar og aukavinnu við landshagsskýrslur ... ... 2,400 —			
d. til kostnaðar við sending með póstum ... ... 450 —			
	4,900	4,900	
2. endurgjald handa embættismönnum fyrir burðareyri undir embættisbrjef svo og embættissímskeyti og samtöl	5,000	5,000	
3. brunaábyrgðar- og sótaragjald fyrir nokkrar opinberar byggingar	1,000	1,000	
4. til embættiseftirlitsferða	1,000	1,000	
5. þóknun fyrir aðstoð verkfróðs manns við endurskoðun á skipamælingum	300	300	
6. til útgjalda við eftirlit úr landi með fiskiveiðum útlendinga	1,500	1,500	
7. til aðstoðar löggæslu á Siglufirði um síldveiðatímann	1,000	1,000	
8. útgjöld til yfirskattanefnda og fyrir húsaskattsvirðingar...	200	200	
	14,900	14,900	29,800
Samtals ...	... .	.....	207,030

12. gr.

Til útgjalda við læknaskipunina veitast 268,901 kr. 20 a.:

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. laun	73,150	73,150	146,300
2. styrkur til aðstoðarlæknis á Akureyri	800	800	1,600
3. styrkur til aðstoðarlæknis, er sje búsettur í Hafnarfirði... ... ... Stjórnarráðið skipar aðstoðarlækna þessa.	800	800	1,600
4. Styrkur til Öræfinga til að vitja læknis ... Styrkurinn útborgist hreppsnefnd Hofshrepps.	150	150	300
Flyt ...	74,900	74,900	149,800

				1908	1909	Alls.
				kr.	kr.	kr.
			fluttar ...	74,900	74,900	149,800
4.	a.	styrkur til augnlæknis Björns Ólafssonar í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í augnlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði.		2,000	2,000	
	b.	styrkur til hins sama manns til lækningaferðar kring um landið á helstu viðkomustaði strandskipa, með því skilyrði, að hann á hverri hringferð hafi að minsta kosti hálfsmánaðar dvöl á einum hinum fjölmennasta viðkomustað, eftir samráði við stjórnarráðið, eftir reikningi hvort árið allt að 300 kr.		300	300	4,600
5.	styrkur til tannlæknis í Reykjavík með skyldu til að veita stúdentum á læknaskólanum tilsögn í tannlækningum, svo og til að halda ókeypis »klinik« handa fátækum mönnum, að minsta kosti einu sinni á mánuði			1,000	1,000	2,000
6.	útgiöld við holdsveikraspítalann:					
				1908. kr. a.	1909. kr. a.	
	a.	laun til starfsmanna		5,690	5,690	
	b.	viðurværi handa 78 manns, 48 aurar á dag		13665, 60	13665, 60	
	c.	klæðnaður sjúklinga		800.	800.	
	d.	meðul og sáraumbúnaður...		1,400.	1,400.	
	e.	eldsneyti		2,915.	2,915.	
	f.	ljósmeti		650.	650.	
	g.	viðhald á húsum...		2,400.	1,200.	
	h.	húsbúnaður og áhöld		1,000.	1000.	
	i.	þvottur og ræsting		800.	800.	
	k.	greftrunarkostnaður		275.	275.	
	l.	flutningskostnaður...		30.	30.	
	m.	til að skemta sjúklingum		200.	200.	
	n.	hesta- og hænsafóður..		125.	125.	
	o.	skattar og brunaábyrgðargiald		800.	800.	
	p.	ýmisleg útgiöld.....		700.	700.	31,450,60	30,250,60	61,701,20
			Flyt ...			109,650,60	108,450,60	218,161,20

		1908.	1909.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar ...	109,650,60	108,450,60	218,101,20
7.	Tillag til geðveikrahælisins á Kleppi	11,000	11,000	22,000
8.	útgjöld við bólusetningar	1,000	1,000	2,000
9.	önnur útgjöld:			
	a. Styrkur til sjúkrahúsa og sjúkraskýla til að halda lærðar hjúkrunarkonur... ... ... 2,400 kr.			
	Styrkurinn veitist eftir tillögum landlæknis og má eigi veita hverju sjúkrahúsi eða sjúkraskýli meira en 400 kr.			
	b. til náms yfirsetukvenna... ... 2,000 —			
	c. til verkfæra handa yfirsetukonum ... ... 400 —			
	d. gjöld samkv. 13. gr. í lögum 31. janúar 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma... ... ... 4,000 —			
	e. gjöld samkv. 25. gr. í lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands ... ... 1,000 —			
	f. styrkur til þess að byggja sjúkraskýli á föstum læknasetrum, alt að þriðjungi byggingarkostnaðar, þó aldrei meira en nemi 1000 kr. á hverja			
	Flyt ... 9,800 —	121,650,60	120,450,60	242,101,20

		1908.	1909.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	9,800 kr.	121,650,60	120,450,60	242,101,20
þúsund hjeraðsbúa og með því skilyrði, að stjórnarráðið samþykki teikningu af húsinu, eftir að hafa fengið álit landlæknis, og að sýslufjelag það, er sjúkraskýlið heyrir til, taki það að sjer til eignar og reksturs...	3,000 —			
g. Styrkur til hjeraðslækna til utanferða í því skyni, að afla sjer nýrrar læknisþekkingar. Stjórnarráðið veitir þennan styrk eftir tillögum landlæknis og má ekki verða meira en 120 kr. fyrir hverja mánaðardvöl utanlands	600 —			
		13,400	13,400	26,800
Samtals ...		135,050,60	133,850,60	268,901,20

13. gr.

Til samgöngumála veitast kr. 1,208,301,47.

		1908.	1909.	Alls.
		kr.	kr.	kr.
A.				
Til útgjalda við póststjórnina:				
1. laun:				
a. handa póstmeistaranum ...	4,000 kr.			
b. 1. handa þrem póstafgreiðslumönnum í Reykjavík ...	4,400 —			
þar af 500 kr., sem launaviðbót handa núverandi fyrsta póstafgreiðslumanni.				
2. handa póstafgreiðslumönnum utan Reykjavíkur... ...	14,000 —			
c. handa brjefhirðingamönnum .	7,500 —			
Flyt ...		29,900	29,900	

	1908.	2909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	29,900	29,900	
2. póstflutningur	48,000	48,000	
Þar af alt að 8000 kr. hvort árið fyrir að flytja alls konar póstsendingar (þar með taldar böggulsendingar, peninga- og ábyrgðarbrjef) með skipum, sem ekki njóta fasts tillags, milli Íslands og útlanda og milli hafna á Íslandi, vátryggja þær og annast skil á þeim á höfnum, að því tilskildu, að skipin sigli með fastri ferðaáætlun, sem auglýst sje fyrir fram.			
3. til póstvagnaferða í viku hverri frá 1. júní til 15. okt. frá Reykjavík austur að Ægissíðu eða Odda, er flytji póst samkvæmt samningi við póststjórnina og taki að öðru leyti til flutnings menn og vörur, veitist alt að ...	600	600	
Ráðherrann samþykkir ferðaáætlun og flutningsgjald með vögnunum.			
4. önnur útgjöld:			
a. endurgjald fyrir skrifstofukostnað póstmeistara eftir reikningi alt að ... ... 5,000 kr.			
Pósthúsið sje opið 9 stundir hvern virkan dag, og 1 stund hvern helgan dag.			
b. fyrir ábyrgð á mistalningu 1 %, um ... ... 200 —			
c. fæðispeningar og ferðakostnaður póstmeistarans ... ... 200 —			
d. fyrir prentun á ýmsu ... ... 1,000 —			
e. til áhalda ... ... 1,500 —			
f. til brjefaburðar í Reykjavík ... 1,600 —			
g. til brjefaburðar í öðrum kaupstöðum .. .. 600 —			
h. óviss útgjöld ... ... 200 —			
i. til viðhalds húsi og áhöldum. 300 —			
k. til að útvega eldtrausta járnskápa f. á. ... ... 700 —			
l. til að kaupa póstboxin f. á. ... 1,386,47			
	12,686,47	10,600	
	91,186,47	89,100	180,286,47
Flyt ...	.....	.....	180,286,47

		1908	1909	Alls
		kr.	kr.	kr.
	Fluttar ...			180,286,47
	B.			
	Til vegabóta:			
I.	Til kostnaðar við stjórn og undirbúning vegagjörða:	1908	1909	
	1. Til verkfræðings landsins:	kr.	kr.	
	a. laun	3,000	3,000	
	b. ferðakostnaður og fæðispeningar	500	500	
	2. laun aðstoðarmanns ...	2,700	2,700	
	3. skrifstofukostnaður ...	1,800	800	
	4. til vegamælinga og verkfróðra aðstoðarmanna.	1,500	1,500	
			9,500	8,500
II.	til flutningabrauta:			
	1. á Fagradal	30,000	25,000	
	2. upp Borgarfjörð	10,000	20,000	
	3. frá Húsavík að Einarsstöðum	10,000	15,000	
	4. til viðhalds flutningabrauta	12,000	12,000	
			62,000	72,000
III.	til þjóðvega:			
	Í Sunnlendingafjórðungi:			
	vegir ... ... 5000 kr. síðara árið ætlaðar til vegar frá Hólmsá að Skaftá í Vestur-Skaftafellssýslu.	6,000	11,000	
	Í Vestfirðingafjórðungi(vegir)	10,000	12,000	
	Af f. á. fjárveitingu eru alt að 5000 kr. ætlaðar til vegagjörðar í Helgafellssveit á Stykkishólms- Borgarness-veginum, frá svokölluðum Síkjum upp á svo kölluð Stórholt.			
	Í Norðlendingafjórðungi:			
	a. vegir	12,000	3,000	
	b. brú á Fnjóská	33,000	»	
	ÍAustfirðingafjórðungi(vegir)	11,000	7,000	
			72,000	33,000
IV.	til fjallvega		5,000	5,000
V.	til áhalda...		2,000	2,000
VI.	til dragferjuhalds á Hjeraðsvötnum		300	300
VII.	til sýsluvegar frá Hafnarfirði að Vogastapa		7,500	7,500
	Flyt ...		158,300	128,300	180,286,47

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	158,300	128,300	180,286,47
Fjárveiting þessi veitist með því skilyrði, að jafn miklu fje sje að minsta kosti varið til vegarins annarsstaðar frá.			
VIII. Til þess að gjöra nákvæmar landmælingar, er lagðar geti orðið til grundvallar við ákvörðun járnbrautarstæðis frá Reykjavík til Þjórsár, fyrra árið	16,500		
IX. til uppmælingar á innsiglingarleið inn að Salthólmavík í Dalasýslu og Króksfjarðarnesi í Barðastrandarsýslu alt að	4,000		
Styrkur þessi er því skilyrði bundinn, að Dalasýsla og Barðastrandarsýsla leggi fram 1/4 til móts við landssjóðsstyrkinn.			
	178,800	128,300	
			307,100
C.			
1. Til gufuskipaferða alt að	40,000	40,000	
Stjórninni veitist heimild til að gjöra samninga um gufuskipaferðirnar, er gildi alt að 8 árum, að því tilskildu:			
Að strandferðir og millilandaferðir verði að minsta kosti jafn miklar og fult eins hagkvæmar hinum einstöku landshlutum eins og þær hafa bestar verið, svo sem strandferðir hins Sameinaða gufuskipafjelags 1904 og 1905, og millilandaferðir sama fjelags nú, að fráskildum utanferðum strandferðaskipanna.			
Að tvö af millilandaskipunum, að minnsta kosti, sjeu ný, fullnægi kröfum tímans sem farþegaskip, hafi stór kælirúm fyrir flutning á kjöti, fiski og smjöri, og sjeu að miklum mun stærri og auk þess hraðskreiðari en »Vesta« og »Laura«.			
Að til strandferðanna verði höfð eigi minni nje lakari skip en »Hólar« og »Skálholt«, en með stærra og hagfeldara farþegarúmi.			
Að viðkomur í Færeyjum sjeu ekki fleiri en í gildandi ferðaáætlun hins Sameinaða gufuskipafjelags.			
Að fargjöld og farmgjöld verði eigi hærri en nú eru, og			
Að alt að 25 stúdentum og alt að 50 efnalitlum iðnaðarmönnum og alþýðumönnum árlega veitist sú ívilnun með fargjald á milli Íslands og Kaupmannahafnar, að þeir geti ferð-			
Flyt ..	40,000	40,000	487,386,47

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	40,000	40,000	487,386,47
ast á öðru farrými báðar leiðir fyrir sama fargjald og venjulegt er fyrir aðra leið, enda sýni þeir vottorð frá forstjóra íslensku stjórnarráðsskrifstofunnar í Kaupmannahöfn eða frá sýslumanni eða bæjarfógeta í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað, og enn fremur að því tilskildu, að fluttir sjeu innflytjendur (immigrantar) til Íslands fyrir samsvarandi fargjald því, sem hið Sameinaða gufuskipafjelag hingað til hefur tekið fyrir útflytjendur (emigranta) frá Íslandi, milli Íslands og Skotlands.			
2. til gufubátaferða alt að	38,000	38,000	
Fjenu má verja þannig hvort árið:			
a. Til bátaferða á Faxaflóa, alt að 12,000 kr. Ef ekki þarf á allri þessari upphæð að halda til Faxaflóagufubátsins, má verja af henni hvort árið alt að 750 kr., til að halda uppi reglubundnum mótorbátsferðum frá Borgarnesi upp eftir Hvítá og 250 kr. hvort árið til að halda uppi reglubundnum mótorbátsferðum á milli Reykjavíkur, Kjalarness, Laxvogs og Hvalfjarðarstrandar.			
b. Til bátaferða á Breiðafirði alt að 8,000 — Styrk þessum má, ef hlutaðeigandi sýslunefndir óska þess, verja til tveggja mótorbáta, er gangi, annar aðallega um norðurhluta Breiðafjarðar, en hinn um suðurhlutann, og skiftist styrkurinn jafnt milli bátanna.			
c. Til bátaferða á Ísafirði og í Ísafjarðarsýslu til sumar og vetrarferða alt að ... 6,000 —			
d. — — - Eyjafirði alt að 6,000 —			
e. — — - Austfjörðum frá Langanesi til Hornafjarðar alt að ..... 6,000 —			
Áætlun um ferðirnar undir staflið a. og b., svo og samninga við útgjörðarmenn samþykkir ráðherra, eftir að hann hefur fengið tillögur bæjarstjórna og sýslunefnda, er hlut eiga að máli.			
Fjárveitingin undir staflið d. er því skilyrði bundin, að báturinn gangi vestur á Skagafjörð og austur á Axarfjörð.			
Sýslunefndir og bæjarstjórnir semji ferðaáætlanir bátanna á staflið c., d. og e.			
Flyt ...	78,000	78,000	487,386,47

			1908.	1909.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Fluttar ...		78,000	78,000	487,386,47
	Styrkveitingarnar greiðist með því skilyrði, að bátarnir flytji póstsendingar og vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum viðkomustaðanna án sjerstaks endurgjalds.				
3.	Styrkur til gufu- eða mótorbátsferða á milli Vestmanneyja og Rangársands		300	300	
	Sýslunefnd Rangárvallasýslu semur um ferðirnar og tekur á móti styrknum.				
			78,300	78,300	156,600
	D.				
	Til ritsíma og talsíma.				
I.	Til hins mikla norræna ritsímafjelags, umsamdar ársgreiðslur um 20 ár frá 25. ágúst 1906 að telja, fyrir að halda uppi ritsímasambandi milli Íslands og Hjaltlands svo og fyrir 300,000 króna tillag fjelagsins til landsímalagningar frá landtökustað sæsímans til Reykjavíkur			35,000	35,000	
II.	Til nýrra landsímalagninga o. fl.				
	1. Af kostnaði til ritsíma- og talsímaálmu frá Hrútafirði til Ísafjarðarkaupstaðar um Steingrímsfjörð, í sambandi við aðalsímann	kr. 142,200	kr.		
	2. Af kostnaði til talsímalagningar frá Ísafirði til Vatneyrar kr. 88,500 Hjeraf vænt- ist frá hlut- aðeigandi hjeruðum kr. — 20,000	68,500			
	3. Til talsímalagningar frá Grund eða Varmalæk til Borgarness (síðara árið) ... ... kr. 13,200 Hjer af vænt- ist frá hlutað- eigandi hjer- uðum alt að 1/2 ... ... — 4,400	8,800			
	Flyt ...	210,700	8,800	35,000	35,000	643,986,47

			1908.	1909.	Alls.
			kr.	kr.	kr.
	Fluttar ...	210,700 8,800	35,000	35,000	643,986,74
4. a.	Til talsímalagningar frá Hafnarfirði til Keflavíkur (fyrra árið) ... ... kr. 21,000 Hjer af vænt-ist frá hlutað-eigandi hjer-aði alt að 1/3 — 7,000	14,000			
b.	Til þess að koma álmu þessari til Reykjavíkur eða innleysa og endurbæta núverandi talsímalínu milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar	5,000			
5.	Til þess að strengja ritsímaþráð úr járni milli Borðeyrar og Sauðárkróks	10,600			
6.	Af kostnaði til talsíma frá Reykjavík að Eystri-Garðsauka í Rangárvallasýslu og með hliðarlínu til Eyrarbakka og Stokkseyrar, að því tilskildu, að Árnesingar leggi til ... kr. 12,000 og Rangvellingar ... ... — 8,000	48, 433			
7.	Kostnaður við talsíma frá Breiðumýri til Húsavíkur (síðara árið) ... ... kr. 21,000 Hjer af vænt-ist frá hlutað-eigandi hjer-aði 1/3..... — 7,000	14,000			
8.	Til þess að kaupa landssjóði til handa talsímakerfin á Akureyri				
	Flyt ...	288,733 22,800	35,000	35,000	643,986,47

	1908	1909	Alls:
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	60,820	60,420	212,810
g. til skólaiðnaðar-kenslu	500	500	
h. byggingarstyrkur til sama skóla	2,500		
i. til organleikarans við dómkirkjuna í Reykjavík	100	100	
j. til kennara í organslætti og sönglist í Reykjavík	400	400	
k. styrkur til þess að semja og gefa út alþýðukenslubækur	800	800	
l. til kenslu heyrnar- og málleysingja	5,000	6,500	
m. til kenslu blindra drengja, Erlends Páls og Jóns Jónssona í Danmörku	600	600	
n. styrkur til Þorkels Hreinssonar til að standast kostnað við dvöl vitfirtrar dóttur hans á vitfirringastofnuninni Karensminde	150	150	
o. til lýðháskólans á Hvítárbakka í Borgarfirði ... ... 1,000 kr. Til sama skóla: 30 kr. fyrir hvern nemanda, sem er á skólanum að minsta kosti 6 mánuði, alt að ... 600 —	1,600	1,600	
p. til stúdentafjelagsins í Reykjavík til að halda uppi alþýðufyrirlestrum	500	500	
	72,970	71,570	
			144,540
VIII. Til sundkenslu:			
a. í Reykjavík	300	300	
Styrkur þessi er bundinn því skilyrði, að kenslan fari fram að minsta kosti 2 mánuði að vorinu og 1 mánuð að haustinu, og að lærisveinar latínuskólans njóti kenslunnar ókeypis.			
b. til sundkenslu annarsstaðar	1,000	1,000	
Styrkurinn undir b. veitist bæjarstjórn og sýslunefndum með því skilyrði, að annarsstaðar frá sje lagt til sundkenslunnar eigi minna en landssjóðsstyrknum nemur.			
	1,300	1,300	2,600
Flyt ...	.....	.....	359,950

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	.....	.....	359,950
IX. Styrkur til Stefáns Eiríkssonar til að halda uppi kenslu í trjeskurði í Reykjavík	1,000	1,000	2,000
X. Til Jóns Þ. Björnssonar til að lúka námi við kennaraskólann í Jonstrup	500		500
XI. Til Jónasar Jónssonar frá Hriflu til að stunda kennaranám erlendis	300	300	600
XII. Til Karls Finnbogasonar til að kynna sjer kenslu og fyrirkomulag á lýðháskólum erlendis.....	400		400
Samtals ...	.....	.....	363,450

15. gr.

Til vísinda og bókmenta veitast kr. 157,740

	1908.	1909.	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1. Landsbókasafnið:					
a. laun bókavarðar.....	2,400	3,000			
b. — 1. aðstoðarmanns	1,200	1,500			
c. — 2. aðstoðarmanns	500	1,000			
d. til að kaupa bækur og handrit	5,000	5,000			
e. til bókbands.....	1,000	1,000			
f. til samningar spjaldskrár (eftir reikningi)	1,200	1,200			
g. fyrir afskriftir (eftir reikningi).....	800	800			
Flyt ...	12,100	13,500			

	1908.	1909.	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Flyt...	12,100	13,500			
h. til að prenta ritaukaskrá	200	200			
i. til eldiviðar og áhalda m. m.	500	1,000			
j. brunaábyrgðargjald fyrir safnið	360	360			
k. til flutnings á safninu	2,000				
l. til að kaupa bókbandsáhöld	2,000				
m. til skápa og innanstokksmuna í hina nýju safnabyggingu	38,000				
			55,160	15,060	
2. a. til amtsbókasafnsins á Akureyri alt að	500 kr.				
b. til amtsbókasafnsins á Seyðisfirði alt að	400 —				
c. til amtsbókasafnsins í Stykkishólmi alt að	400 —				
d. til bókasafns á Ísafirði	300 —				
			1,600	1,600	
Fje þetta veitist með því skilyrði, að bæjar- og sýslufjelög veiti að minsta kosti jafnmikla upphæð.					
3. til sýslubókasafna og lestrarsala í kaupstöðum alt að 150 kr. til hvers, gegn eigi minna tillagi úr sýslusjóði eða bæjarsjóði, alt að ...			1,500	1,500	
Landsstjórninni sje sendar skýrslur um fyrirkomulag, efnahag og bókakaup þessara stofnana.					
4. til Landsskjalasafnsins:					
a. laun skjalavarðar	1,500	1,800			
b. til að binda inn og búa um skjöl og til aðstoðar síðara árið o. fl...	900	1,000			
c. til að útvega og afrita merk skjöl og bækur handa skjalasafninu... ...	600	600			
d. til að gefa út skrá yfir skjalasafnið ., ...	250	250			
			3,250	3,650	
		Flyt ...	61,510	21,810	

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	61,510	21,810	
5. til deildar hins íslenska Bókmentafjelags í Reykjavík	2,000	2,000	
500 kr. af styrk þessum veitast með því skilyrði, að Bókmentafjelagið gefi út 24 arkir á ári af íslensku fornbrjefasafni, eða sem því svarar af registri.			
6. til Þjóðvinafjelagsins...	750	750	
7. til Forngripasafnsins:			
	1908. kr.	1909. kr.	
a. til að útvega forngripi og til áhalda	1,000	1,000	
b. til umsjónar	720	1,200	
Síðara árið sje safnið opið frá 15. júní til 15. sept. 2 tíma á dag, en hinn tíma ársins 1 tíma á dag.			
c. til húsnæðis og hita	1,000		
	2,720	2,200	
8. til Fornleifafjelagsins	400	400	
Útborgist því að eins, að árbók fornleifafjelagsins komi út hvort árið.			
9. til Náttúrufræðisfjelagsins...	1,600	800	
Þar af til umsjónar við náttúrugripasafnið 200 kr. á ári.			
Af fjárveitingunni fyrra árið gangi 800 kr. til að kaupa grasasafn Ólafs heitins Davíðssonar og koma skipulagi á það.			
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að náttúrugripasafnið sje eign landsins og til sýnis fyrir almenning á ákveðnum tíma, að minsta kosti einu sinni í viku.			
10. til að vinna að texta-útgáfu á íslensku fornbrjefasafni, með því skilyrði, að gefið verði út samskonar registur sem við fyrsta bindi við sjerhvert bindi, svo fljótt sem auðið er, eftir að það er komið út	800	800	
11. til cand. mag. Sigfúsar Blöndals til þess að vinna að íslensk-danskri orðabók	300	300	
12. til Brynjólfs Jónssonar til undirbúnings fornleifaskrár	400	400	
Flyt ...	70,480	29,460	

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar ...	70,480	29,460	
13. til Þorsteins Erlingssonar skálds	800	800	
14. til sjera Valdimars Briem's	800	800	
15. verðlaun til Einars Hjörleifssonar fyrir skáldrit hans	1,200		
16. verðlaun til Guðmundar Magnússonar fyrir skáldrit hans	1,200		
17. til Ásgríms málara Jónssonar, ferðastyrkur til Suðurlanda	2,000	1,000	
18. til Magnúsar Einarssonar til að halda uppi söngkenslu á Akureyri	300	300	
19. til Sigfúsar Einarssonar til eflingar og útbreiðslu sönglistar og söngþekkingar hjer á landi	1,200	1,200	
20. til »Bindindissameiningar Norðurlands« til útbreiðslu og eflingar bindindi	300	300	
21. til stórstúku Goodttemplara á Íslandi til eflingar bindindi	2,000	2,000	
Bæði þessi tvö síðastnefndu fjelög gjöri stjórninni reikning fyrir, hversu fjenu er varið.			
22. styrkur til Biblíufjelagsins til nýrrar þýðingar og útgáfu á ritum gamla testamentisins	1,000		
23. til að gefa út dómasafn landsyfirrjettarins, alt að 15 kr. fyrir hverja örk	150		
24. til Leikfjelags Reykjavíkur, alt að	1,000	150	
Styrkur þessi veitist með því skilyrði, að bæjarsjóður Reykjavíkur veiti fjelaginu að minsta kosti helming á móts við styrkinn úr landssjóði.		1,000	
25. Verðlaun til frú Stefaníu Guðmundsdóttur ..	600		
26. til cand. mag. Boga Melsteðs til að semja sögu Íslands	1,000	1,000	
Styrkurinn veitist með því skilyrði, að höfundurinn sanni, að hann hafi til framhald af Íslendingasögu í handriti fullbúnu undir prentun, er samsvari minst 8 örkum prentuðum á ári.			
27. Styrkur til Jóns ritstjóra Ólafssonar til að semja og búa undir prentun íslenska orðabók með íslenskum þýðingum, 60 kr. fyrir hverja prentaða örk, alt að	1,500	1,500	
28. styrkur til Jóns Jónssonar sagnfræðings til að ransaka og rita um sögu Íslands, og halda sögufræðilega fyrirlestra	1,200	1,200	
Flyt ...	86,730	40,710	

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	86,730	40,710	
29. til Einars Arnórssonar til að ransaka og rita um rjettarsögu Íslands	1,500		
30. til mag. art. Ágústs Bjarnasonar til þess að gefa út heimspekilega fyrirlestra, 50 kr. fyrir örkina, alt að	1,200		
31. til skólakennara Bjarna Sæmundssonar:			
	1908. kr.	1909. kr.	
a. til fiskiransókna	600	600	
b. til aðstoðar og áhalda eftir reikningi, alt að	1,700	1,300	
	2,300	1,900	
32. til landmælinga á Íslandi	5,000	5,000	
33. til dr. Helga Pjeturssonar til jarðfræðisransókna	1,500	1,500	
34. til Helga Jónssonar til mýra- og grasfræðiransókna	1,200	1,200	
35. til Sögufjelagsins, til að gefa út heimildarrit að sögu Íslands, 30 kr. fyrir hverja örk, alt að	600	600	
36. til jarðskjálftaransókna	800	300	
37. til að kaupa og setja upp hengilklukku til tímaákvarðana	900		
38. til veðursímskeyta innanlands	2,400	2,400	
	104,130	53,610	
			157,740
Samtals ...	.....	....	157,740

16. gr.

Til verklegra fyrirtækja veitast kr. 336,920.

	1908.	1909.	Alls.
	kr.	kr.	kr.
1. til bændaskólans á Hólum:			
a. laun	2,700	2,700	
b. til aðstoðarkennara	800	800	
c. önnur útgjöld:			
	1908. kr.	1909. kr.	
1. til verklegrar kenslu ...	1,000	1,000	
2. til kensluáhalda	1,000	300	
3. til eldiviðar og ljósa ...	400	400	
Flyt...	2,400	1,700	3,500	3,500	

	1908 kr.	1909 kr.	1908. kr.	1909. kr.	Alls. kr.
Fluttar	2,400	1,700	3,500	3,500	
4. til styrkveitinga nemendum	300	300			
5. ýmisleg útgjöld	600	600			
			3,300	2600	
2. til bændaskólans á Hvanneyri:					
a. laun			2,700	2,700	
b. til aðstoðarkennara			300	800	
c. önnur útgjöld:					
	1908. kr.	1909. kr.			
1. til verklegrar kenslu ...	1,000	1,000			
2. til kensluáhalda	1,000	300			
3. til eldiviðar og ljósa ...	400	400			
4. til styrkveitinga nemendum	300	300			
5. ýmisleg útgjöld	600	600			
			3,300	2,600	
3. til Torfa Bjarnasonar til verklegrar búnaðarkenslu			1,500	1,500	
4. til verklegrar búnaðarkenslu á Eiðum			1,500	1,500	
5. Til búnaðarfjelaga			23,000	22,000	
6. Til Búnaðarfjelags Íslands. Þaraf til kenslu í mjólkurmeðferð 3000 kr. hvort árið ...			51,000	51,000	
7. Til skóggræðslu			11,000	11,000	
8. Til sandgræðslu			4,000	4,000	
9. Styrkur til samvinnusmjörbúa. Styrkurinn veitist eftir þeim reglum, sem settar voru í lögum nr. 49, 10. nóv. 1905.			16,000	14,000	
10. til verkfræðings, er sje til aðstoðar landsstjórn og hjeraðsstjórnum					
	1908 kr.	1909 kr.			
a. laun	3,000	3,000			
b. ferðakostnaður eftir reikningi	500	500			
			3,500	3,500	
11. a. laun handa 2 dýralæknum			2,400	2,400	
b. launaviðbót handa núverandi dýralækni í Reykjavík			400	400	
12. styrkur til Hólmgeirs Jenssonar til að stunda dýralækningar í Vesturamtinu			300	300	
Flyt ...			127,700	123,800	

	1908.	1909.	Alls
	kr.	kr.	kr.
Fluttar...	127,700	123,800	
13. styrkur til manns til að nema dýralækningar	600	600	
14. til Iðnaðarmannafjelagsins í Reykjavík til þess undir yfirumsjón landsstjórnarinnar að reka tekniskan skóla í Reykjavík	5,000	5,000	
15. Til Iðnaðarmannafjelagsins á Akureyri til þess að reka iðnaðarmannaskóla þar ...	1,000	1,000	
16. til Iðnaðarmannafjelagsins á Ísafirði til kvöldskólahalds...	600	600	
17. til þess að styrkja efnilega iðnaðarmenn til náms erlendis	1,500	1,500	
